Alþingi 1957.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1957, fimmtudaginn 10. október, var sjötugasta og sjöunda Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta aðalþing í röðinni, en nítugasta og önnur samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Guðmundur Sveinsson, skólastjóri að Bifröst, steig í stólinn og lagði út af Matt. 20. kap. 25.—28.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
2. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
3. Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
7. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
8. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
9. Eggert Þorsteinsson, 4. þm. Reykv.
10. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
11. Emil Jónsson, 1. þm. Hafnf.
12. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
13. Finnbogi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.
14. Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.
15. Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.
16. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
17. Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.
18. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
20. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
21. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
22. Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.
23. Hermann Jónasson, þm. Str.
24. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
25. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
26. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
27. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
28. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
29. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
30. Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm.
31. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
32. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
33. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
34. Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm.
35. Ólafur Thors, þm. G-K.
36. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
37. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
38. Pétur Pétursson, 10. landsk. þm.
39. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
40. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
41. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
42. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
43. Sigurvin Einarsson, þm. Barð.
44. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
45. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
46. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Ókomnir til þings voru:

1. Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
4. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
5. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
6. Pétur Ottesen, þm. Borgf.

Forsætisráðherra setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér í sæti, gekk forsætisráðherra til ræðustóls.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Vegna fjarveru forseta Íslands hafa handhafar forsetavalds gefið út svo hljóðandi bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar, gera kunnugt:

Að vér veitum forsætisráðherra, Hermanni Jónassyni, umboð til þess í voru nafni að setja

Alþingi, 77. löggjafarþing, er koma á saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1957.

Gert í Reykjavík, 9. október 1957.

Hermann Jónasson. Emil Jónsson.
Jónatan Hallvarðsson.

Hermann Jónasson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um setningu Alþingis.“

Í ríkisráði 24. sept. s. l. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf, er kveður Alþingi til fundar:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 24. september 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

Hermann Jónasson.

Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1957.“

Samkvæmt umboði því, er ég hef lesið, og forsetabréfinu, er kveður Alþingi til fundar, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú 1027 ár, frá því er Alþingi var endurreist og kom saman að nýju fyrir 112 árum, er þetta 92. samkoma þess, en frá því er það fékk löggjafarvald fyrir 83 árum, er þetta þing 77. í röðinni, en 60. aðalþing.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast forseta Íslands og fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum. — Heill forseta vorum og fósturjörð.

Þingmenn risu úr sætum og tóku undir orð forsætisráðherra með ferföldu húrrahrópi.

Aldursforseti gekk því næst til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Barða Guðmundssonar.

Aldursforseti (Jóhann Jósefsson): Hæstvirtir handhafar forsetavalds. Háttvirtir alþingismenn. Frá því er síðasta þingi sleit, hefur látizt einn fyrrverandi alþingismaður, Barði Guðmundsson þjóðskjalavörður, sem andaðist að heimili sínu hér í bæ 11. ágúst s. l., 56 ára að aldri.

Barði Guðmundsson fæddist 12. október árið 1900 á Þúfnavöllum í Hörgárdal, sonur Guðmundar bónda þar Guðmundssonar og konu hans, Guðnýjar Loftsdóttir bónda í Baugaseli í Barkárdal Guðmundssonar. Hann brautskráðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1923, fór því næst utan til háskólanáms í sagnfræði, fyrst í Osló, en síðan í Kaupmannahöfn, og lauk þar meistaraprófi haustið 1929. Hann var kennari við menntaskólann í Reykjavík 1929—1936, stundakennari síðasta veturinn. 1930—1931 var hann settur prófessor í Íslandssögu við heimspekideild Háskóla Íslands. Á árinu 1935 var hann skipaður þjóðskjalavörður, og því embætti gegndi hann til æviloka. Jafnframt aðalstarfi sínu gegndi hann lengst af ýmsum öðrum trúnaðarstörfum. Hann átti sæti í menntamálaráði 1931—1953, var formaður þess 1931—1933, sat í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar 1931—1938, var í stjórn Þjóðvinafélagsins frá 1934 til dauðadags, varaforseti þess frá 1944, og í alþingissögunefnd 1943—1956. Hann var formaður í nefnd fræðimanna, sem vann af Íslands hálfu að endurskoðun norrænna sögukennslubóka. Á Alþingi átti hann sæti sem landskjörinn þingmaður 1942—1949, sat á 8 þingum alls. Forseti neðri deildar var hann 1945—1949.

Ótalinn er þó einn veigamesti þátturinn í ævistarfi Barða Guðmundssonar, sögurannsóknir hans og ritstörf. Snemma kom í ljós, hvert hugur hans stefndi til mennta. Innan tvítugs vakti hann á sér athygli með snjallri ritgerð um sagnfræðilegt efni. Tvo síðustu áratugi ævinnar birti hann margar greinar og greinaflokka um ýmsa þætti úr sögu Íslendinga og varpaði meðal annars nýju ljósi á goðorðaskipunina fornu. Viðamestar eru rannsóknir hans á ritun Njáls sögu og uppruna íslenzks þjóðernis. Í rannsóknum sínum fór hann ekki að jafnaði troðnar slóðir annarra fræðimanna og valdi sér einatt torleyst viðfangsefni úr myrkviði sögunnar. Hefur því sumt í ályktunum hans átt erfitt uppdráttar til almennrar viðurkenningar sem söguleg sannindi. Hitt orkar ekki tvímælis, að skoðanir hans og kenningar mótuðust af skarpri athyglisgáfu og ríkri hugkvæmni, voru studdar staðgóðum rökum og settar fram af skýrleik og ritsnilld.

Barði Guðmundsson var viðkvæmur í lund og tók sér nærri, ef gert var á hluta hans. Hann var enginn hávaðamaður á mannfundum, en mælskur vel og flutti mál sitt af slíkum tilfinningaþunga, að athygli vakti. Samstarfsmönnum sínum reyndist hann ljúfmenni, og þeir eru ótaldir, sem reyndu hann að hjálpfýsi og góðvild.

Ég vil biðja hv. þingmenn að rísa úr sætum og votta með því minningu Barða Guðmundssonar virðingu sína. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Kosning forseta.

Er kosning forseta skyldi hefjast, mælti

Ólafur Thors: Herra forseti. Það er ekki af því, að ég telji, að það skipti neinu aðalmáli, en forsrh. tjáði formanni þingflokks sjálfstæðismanna og mér í gær, að það yrði ekki forsetakjör í dag. Og þá bjóst ég við, að hann mundi óska eftir, að það yrði ekki.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er alveg rétt, sem hv. þm. G-K. tekur fram, að frekar var búizt við því, að kosning forseta yrði ekki í dag, og ef það skiptir einhverju máli fyrir hv. þingm. og kemur fram ósk um það frá honum sem formanni stjórnarandstöðunnar, að það sé beðið með kosninguna, þá er það alveg sjálfsagður hlutur. En ég heyrði það ekki þá á hv. þm., að þetta væri neitt atriði, en ef það er atriði, þá er það sjálfsagt að fresta kosningunni.

Ólafur Thors: Ég hef nú tekið fram, að það skiptir engu máli, öðru en því, að það, sem for-

srh. segir, er búizt við að standi, — ef það þykir skipta máli.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég sé ekki, að það skipti máli, hvort forseti er kosinn í dag eða á morgun, ef það er þannig, að það skiptir engu máli fyrir neinn þingmann. Það er alveg rétt, að það var sagt, að sennilega yrði það ekki fyrr en á morgun, og ef það er atriði, sem skiptir máli fyrir stjórnarandstöðuna, að því sé frestað, þá er sjálfsagt að gera það. En ef það skiptir ekki máli fyrir neinn, þá sé ég ekki annað en það sé eins hægt að ljúka því núna.

Aldursforseti (JJós): Eru þá engin eindregin tilmæli um það, að frestað verði kosningu forseta sameinaðs þings? — Það virðist ekki vera, og verður þá gengið til þeirrar kosningar eins og lög standa til.

Kosningu hlaut
Emil Jónsson, þm. Hafnf.,
með 28 atkv. — Jón Pálmason, þm. A-Húnv., hlaut 17 atkv. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., fékk 1 atkv.

Fundi frestað.

Föstudaginn 11. okt., var fundinum fram haldið.

Hinn nýkjörni forseti lét nú fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var
Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.,
með 27 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu
Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.,
með 27 atkv. — Áki Jakobsson, þm. Siglf., fékk 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista FÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., og
Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því hlutu kosningu:
Gísli Guðmundsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Áki Jakobsson (A),
Alfreð Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (B).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar. Voru á listunum hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Pétur Ottesen (B),
Karl Kristjánsson (A),
Karl Guðjónsson (A,
Magnús Jónsson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (A),
Jón Kjartansson (B),
Sveinbjörn Högnason (A).

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Steingrímur Steinþórsson (A),
Ólafur Thors (B),
Gísli Guðmundsson (A),
Emil Jónsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sveinbjörn Högnason (A).

Varamenn:
Páll Zóphóníasson (A),
Jóhann Jósefsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Björn Ólafsson (B),
Einar Olgeirsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (A).

3. Allsherjarnefnd.
Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Sigurðsson (B),
Ásgeir Bjarnason (A),
Benedikt Gröndal (A),
Björn Ólafsson (B),
Björn Jónsson (A),
Steingrímur Steinþórsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:
Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Pálmason (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Jóhanni Jósefssyni, þm. Vestm. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
4. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
5. Eggert Þorsteinsson, 4. þm. Reykv.
6. Finnbogi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.
7. Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.
8. Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
10. Hermann Jónasson, þm. Str.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
13. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
15. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
16. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
17. Sigurvin Einarsson, þm. Barð.

Alfreð Gíslason var ekki kominn til þings. Aðrir þdm. voru á fundi, nema Friðjón Skarphéðinsson, sem hafði boðað forföll.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 9 atkv. — Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., fékk 5 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.,

með 9 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.,

með 9 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SÓÓ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og
Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Forseti (BSt): Næst ber að hluta um sæti þingmanna í deildinni. — Ég skal aðeins benda á, að það hefur oft tíðkazt hér, að veitt hafa verið afbrigði frá þingsköpum um það, að menn hafa fengið að sitja eins og þeir hafa tekið sér sæti. Er nokkur till. um að leita afbrigða um það? (Gripið fram í.) Er það tillaga? En það þarf ¾ atkv., til þess að það verði samþykkt. — Fram er komin tillaga um, að þingmenn sitji eins og þeir hafa nú tekið sér sæti.

ATKVGR.

Afbrigði um sætaskipun leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bernharð Stefánsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Eggert Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurvin Einarsson (A),
Jón Kjartansson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Björgvin Jónsson (A),
Sigurður Bjarnason (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Páll Zóphóníasson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sigurvin Einarsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Björgvin Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B),
Björn Jónsson (A),

Eggert Þorsteinsson (A),
Sigurður Bjarnason (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Björgvin Jónsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Eggert Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Karl Kristjánsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Alfreð Gíslason (A),
Eggert Þorsteinsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Sigurvin Einarsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Páll Zóphóníasson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Alfreð Gíslason (A),
Jón Kjartansson (B).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jóni Sigurðssyni, 2. þm. Skagf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
8. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
9. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
10. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
13. Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.
14. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
15. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
16. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
17. Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
19. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
20. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
21. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
22. Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm.
23. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
24. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
25. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
26. Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm.
27. Ólafur Thors, þm. G-K.
28. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
29. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
30. Pétur Pétursson, 10. landsk. þm.
31. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
32. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
33. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
34. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
35. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.

Allir þdm., sem til þings voru komnir, voru á fundi, en ókomnir til þings voru Áki Jakobsson, Eiríkur Þorsteinsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Kjartan J. Jóhannsson og Pétur Ottesen.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.,

með 18 atkv. — Jón Sigurðsson fékk 10 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut.

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.,

með 18 atkv. — Áki Jakobsson fékk 1 atkv., en auðir seðlar voru 11.

Annar varaforseti var kosinn

Áki Jakobsson, þm. Siglf.,

með 19 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista MJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og
Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Forseti (EOl): Þá ber að hluta um sæti í deildinni, svo fremi sem þingflokkar hafa ekki komið sér saman um að skipa sætum eftir flokkum. Um það hafa engar tilkynningar borizt. **(Gripið fram í:** Á ekki bara að sitja eins og er? Með afbrigðum? Samþykkja það eins og í efri deild?) Það var nú forðum í efri deild, en ég held þeir séu meira að segja hættir því þar. Er uppástunga um það? **(Gripið fram í:** Já, það er uppástunga um það.) Vilja menn ræða hana, uppástungu um, að menn sitji eins og þeir hafa setið? — Ef menn ekki vilja ræða þessa till., þá verður það borið undir atkv. Annars er það nú svo, að það ber að hluta um sæti, nema menn komi sér saman um, þannig að ef einhverjir eru á móti, þá er það mjög erfitt. Það þarf afbrigði, ef á að sitja eins og verið hefur og bregða út af þeim þingsköpum, að hluta skuli, þannig að það þarf ¾ hluta atkvæða til þess að samþykkja það. Tillaga er um að veita afbrigði til þess, að ekki verði hlutað um þingsæti, þannig að menn sitji eins og þeir hafa setið.

ATKVGR.

Afbrigði um sætaskipun leyfð og samþ. með 19:4 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram tveir listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Skúli Guðmundsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Einar Olgeirsson (A),
Emil Jónsson (A),
Ólafur Björnsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Pálmason (B),
Karl Guðjónsson (A),
Páll Þorsteinsson (A),
Ingólfur Jónsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Sigurðsson (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Ágúst Þorvaldsson (A),
Jón Pálmason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Pétur Ottesen (B),
Áki Jakobsson (A),
Karl Guðjónsson (A),
Sigurður Ágústsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Ágúst Þorvaldsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Emil Jónsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Ingólfur Jónsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Steingrímur Steinþórsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Benedikt Gröndal (A),
Einar Olgeirsson (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Björn Ólafsson (B).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Símahappdrætti lamaðra og fatlaðra.

Á 10. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra [37. mál] (stjfrv., A. 55).

Á 11. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það munu vera, að því er ég bezt veit, þrjú fordæmi fyrir því, að vinningar í happdrættum hafi verið skattfrjálsir, þ. e. happdrætti háskólans, happdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga og happdrætti fyrir Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Ég man ekki eftir því, að önnur happdrætti hafi haft skattfrjálsa vinninga.

Nú undanfarið hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sótt mjög á að fá slíka undanþágu fyrir eitt happdrætti, og forráðamennirnir hafa tekið það fram, að ósk þeirra væri miðuð við eitt happdrætti. Hefur ríkisstj. að athuguðu máli með þessu frv. gert till. um, að þetta verði gert. En síðan þetta mál fór í prentun, hefur komið í ljós, að Krabbameinsfélagið er með hliðstætt happdrætti, sem ríkisstj. mun leggja til að verði látið njóta sömu hlunninda. Mundi þá þurfa að breyta frv. frá því, sem það er núna, ef menn vildu á það fallast. Nú er á hinn bóginn þannig ástatt, að þetta happdrætti, sem hér er um að ræða, er komið í gang, og liggur því mjög mikið á, að málið geti orðið afgreitt strax. Vildi ég því leyfa mér að biðja hæstv. forseta að greiða fyrir því, og mundi ég þá flytja skriflega brtt. við 2. umr. varðandi hitt happdrættið.

Ég geri ekki till. um, að málið fari til n., en að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því, að ef einhver óskar eftir því, muni forseti láta það verða. En æskilegast hefði verið, ef þetta mál hefði getað orðið afgreitt frá þessari hv. d. í dag, vegna þess, hvernig á stendur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Við nánari athugun kemur í ljós, að það er ekki tímabært að flytja brtt. um að bæta heimild í frv. til þess að undanþiggja vinninga í happdrætti Krabbameinsfélagsins. Kemur það til athugunar síðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þrjú happdrætti njóta þeirra hlunninda, að vinningar í þeim eru skattfrjálsir. Það eru happdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga, happdrætti fyrir Dvalarheimili aldraðra sjómanna og háskólahappdrættið. Nú hefur félag lamaðra og fatlaðra farið fram á, að sama mætti gilda um svokallað símahappdrætti þess í eitt skipti. Þetta happdrætti er þegar farið af stað, og það hefur dregizt að afgreiða þetta mál.

Ríkisstj. álítur rétt að leggja til, að hv. Alþ. veiti þessi hlunnindi félagi fatlaðra og lamaðra og flytur því þetta frv. Hefur það verið afgreitt í hv. Ed. En vegna þess að það liggur mjög mikið á, að þetta verði að lögum, vildi ég leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta og hv. d., að málið gæti orðið afgreitt nú strax og gert að lögum, ef enginn ágreiningur kemur fram, sem ekki varð í hv. Ed. Og vegna þess, hvernig stóð á, var hafður sá háttur á að afgreiða þetta mál, án þess að það færi til n. Ég mun þess vegna ekki gera till. um nefnd, en

komi fram uppástunga um n., mun ég ekki hafa á móti því. En það væru mikil þægindi fyrir félagið, ef þetta gæti orðið að lögum einmitt núna fyrir helgina.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 62).

---

2. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 1. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með þessu frv. er stungið upp á að framlengja ákvæði þau, sem enn eru í gildi varðandi innheimtu á söluskatti, og lagt til, að þessu verði hagað á sama hátt og í ár. — Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 77).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjfrv. Með því er lagt til, að framlengd verði fyrir næsta ár ákvæði þau, er nú gilda um söluskatt.

N. hefur athugað frv. og borið það saman við lög nr. 96 frá 1956 um sama efni, og er frv. nákvæmlega samhljóða þeim lögum, en þau gilda fyrir árið, sem nú er að líða. N. leggur til, að frv. verði samþ., en gerð á því leiðrétting, eins og segir í nál., því að við prentun hefur fallið niður eitt orð úr fyrirsögn frv.
Eins og fram kemur í nál., voru tveir af nm. fjarstaddir, þegar málið var afgreitt frá nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn, með leiðréttingu á þskj. 77, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 80).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með þessu frv. er lagt til að framlengja fyrir næsta ár innheimtu á þeim söluskatti, sem eftir var skilinn í lögum á s. l. vetri, þegar löggjöfinni um hann var breytt. — Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 102).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Með frv. þessu er aðeins farið fram á framlengingu á l., sem gilda nú fyrir yfirstandandi ár og gilt hafa undanfarin ár.
Fjhn. hefur haft málið til meðferðar og hefur borið það saman við núgildandi lög um þetta efni, sem ekki gilda þó nema til ársloka í ár, og er frv. samhljóða þeim l., að öðru leyti en því, að nú er þessu frv. ætlað að gilda fyrir árið 1958, en seinasta framlenging gilti fyrir yfirstandandi ár. N. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. án breytinga, a. m. k. við þessa umr. Þess skal þó geta, að einn af nefndarmönnum, hv. 6. þm. Reykv. (GTh), var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 122).

---

3. Gjaldaviðauki 1958.

Á 1. fundi í Ed., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er samhljóða lögum nr. 93 frá 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka. Efni frv. er það, að heimilt sé að innheimta þessi sömu gjöld með viðauka árið 1958.
Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. nánar en gert er með því að vísa til gildandi laga og legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 30).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Fjhn. hefur gengið úr skugga um, að það er algerlega samhljóða því frv., sem samþ. var á síðasta þingi, og frumvörpum, sem samþ. hafa verið árlega mörg síðustu ár.
Það kynni að virðast um þetta frv. og reyndar ýmis önnur, sem svipað er ástatt um, gjaldaheimildir, sem eru framlengdar frá ári til árs, að það væri að ýmsu leyti verklegra að endurskoða þau með tilliti til þeirrar verðmætisrýrnunar, sem orðið hefur á þessum gjöldum vegna rýrnandi gildis peninga, og er mér ekki fyllilega kunnugt um, hvaða ástæður eru fyrir því, að sú aðferð er viðhöfð að framlengja þetta aðeins frá ári til árs.
Í sambandi við þetta er þó rétt að geta þess, að á síðasta þingi var flutt stjórnarfrv. um breyt. á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum, sem hefur inni að halda nákvæmlega sömu ákvæði og þarna eru ákveðin í d-lið 1. gr. þessa frv. En það frv. varð ekki útrætt, og því er þessi liður hafður óbreyttur frá því, sem hefur verið á undanförnum árum.
Það má minna á, þó að það hafi verið gert oft áður, að þau gjöld, sem hér ræðir um, eru yfirleitt lögð á miðað við ákveðna krónutölu, en ekki sem hundraðshluti af verði eða verðmæti, og þó að álagið sé nokkuð mikið, eða frá 100 og upp í 740%, mun samt sem áður vera um raunverulega lækkun þessara gjalda að ræða frá því, sem áður var.
Fjhn. hefur verið algerlega sammála um það að mæla með samþykkt frv., þ. e. a. s. þeir nm., sem á fundi voru, en hv. þm. Vestm. var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að framlengja nokkra gjaldaviðauka, sem innheimtir eru á yfirstandandi ári. Þetta mál hefur ágreiningslaust farið í gegnum hv. Ed. Leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til fjhn. þessarar hv. deildar að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 118).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að framlengd verði fyrir árið 1958 lög um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Fjhn. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við lögin, sem nú gilda fyrir árið 1957. Er frv. alveg samhljóða þeim lögum, og mælir n. einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 139).

4. Fyrningarafskriftir.

Á 25. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir [62. mál] (stjfrv., A. 100).

Á 26. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): *Herra forseti.* Nú um nokkur ár hefur verið í gildi löggjöf, sem kveður svo á, að afskrifa megi með nokkuð sérstökum hætti skip og ýmsar tegundir framleiðslutækja. Þessi lagaákvæði gilda um þær eignir þessara tegunda, sem aflað er á tímabilinu til ársloka 1956. Nú hefur það komið í ljós, að þessi ákvæði hafa reynzt ákaflega þýðingarmikil fyrir uppbyggingu atvinnurekstrar í landinu og nokkuð örðugt að sjá, að hægt væri að komast af án þeirra, hætt við, að ekki tækist vel til um ýmsar nauðsynlegar nýjungar í þessum greinum atvinnurekstrarins, ef þetta ákvæði félli úr gildi. Á hinn bóginn er svo ástatt, eins og ég sagði, að ef ekki er sett um þetta ný löggjöf, gildir þetta ekki um þau skip eða þau tæki, sem aflað er eftir árslok 1956.
Nú hefur þetta mál verið skoðað í ríkisstj., og niðurstaðan er sú að leggja nú til með þessu frv., að þessi lagaákvæði verði framlengd, þ. e. a. s. það verði ákveðið nú, að þessi sérstöku fyrirmæli um fyrningarafskriftir taki til tækja, sem tekin eru í notkun á árinu 1957 og til ársloka 1959.
Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa lengri framsöguræðu fyrir þessu máli, þótt það sé í raun og veru mjög þýðingarmikið, en þetta er mönnum mjög vel kunnugt orðið af fyrri reynslu. Legg ég til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 103).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og segir í þskj. 103, sem er um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, og er nál. fjhn. í þessari hv. d., hefur nefndin athugað þetta mál og leggur til einróma, að það verði samþ. óbreytt. Hv. 6. þm. Reykv. (GTh) var ekki viðstaddur á þeim fundi, er mál þetta var afgreitt. Málið sjálft skýrir sig bezt í aths. þeim, sem eru við frv., en frv. heitir frv. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, og segir svo í aths.:
„Lög nr. 44 frá 1954, um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, taka aðeins til tækja, er tekin voru í notkun á árinu 1956 eða fyrr. Með þessu frv. er lagt til, að ákvæði áðurgreindra laga verði látin gilda fyrir árin 1957, 1958 og 1959."
Hljóðar 1. gr. frv. því svo, með leyfi hæstv. *forseta:*
„Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1957, 1958 og 1959. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1957—1959. Öll önnur ákvæði framangreindra laga gilda einnig um þessar eignir."
Ég tel mig ekki þurfa að fjölyrða meira um málið. Hv. fjhn. leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Nú um nokkur ár hafa verið í gildi þau lagaákvæði, að afskrifa mætti með sérstökum hætti tilteknar eignir, þ. á m. skip og frystihús. Þessi ákvæði hafa reynzt mjög þýðingarmikil við uppbyggingu atvinnulífsins. Þau hafa gilt tvö ár í senn. Nú stendur þannig, að ef ekki á að breyta til, verður að ákveða að nýju að framlengja þessi ákvæði.
Ríkisstj. þykir rétt að leggja til, að þessi ákvæði verði framlengd, og því er í þessu frv. gert ráð fyrir, að svo verði og að þau gildi þá áfram um þær eignir, sem koma til fyrstu notkunar á árunum 1957—1959.
Þetta mál var lagt fyrir hv. Ed., var afgreitt þar ágreiningslaust og fjallað um það í fjhn. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 119).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Um þetta mál þarf ekki mörgum orðum að fara. Það er komið frá Ed. og er framlenging á gildandi lögum um sérstakar fyrningarafskriftir, sem staðið hafa, eins og fram kemur í 1. gr., frá 1946. Fjhn. d. er sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 140).

---

5. Tollskrá o. fl. (stjfrv.).

Á 1. fundi í Ed., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 90/1954, um tollskrá o. fl. [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 31).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi hér á Alþ. og er aðeins um framlengingu á lögum, sem gilt hafa undanfarið, engin breyting á því önnur en þessu frv. er ætlað að gilda fyrir árið 1958, en núgildandi lög um þetta efni gilda fyrir yfirstandandi ár.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og mælir öll með, að það verði samþykkt. Þó hefur einn nm., hv. 6. þm. Reykv. (GTh), sérstöðu nokkra og gerir fyrirvara að því er snertir síðustu mgr. 1. gr., þar sem hann er ekki því samþykkur, að 1% af vörumagnstolli og verðtolli verði varið eins og þar segir. Þó hefur hann ekki borið fram neina brtt. viðvíkjandi þessu.

Ég verð að segja það, þó að ég geri það ekki fyrir n. hönd, heldur mína eigin, að ég er ekki heldur vel ánægður með alla 2. gr. frv., að undanþiggja allar þær vörur, sem þar eru, því að sumar af þeim vörum eru ekki beinlínis nauðsynjavörur, ekki lífsnauðsynjavörur a. m. k. En það er ekki til neins að vera að fást um það. Þetta hefur verið svo undanfarin ár, og yrði sjálfsagt ekki árangursmikið að fara að bera fram brtt. viðvíkjandi því. Fyrir hönd n. legg ég þá til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um framlengingu á viðaukum á nokkra tolla og nokkur gjöld, enn fremur um heimildir til þess að undanþiggja nokkrar vörur tilteknum gjöldum. Þessu er öllu hagað á sömu lund í frv. og á sér stað á yfirstandandi ári.

Þetta frv. hefur farið ágreiningslaust í gegnum Ed. Ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 136).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um bráðabirgðabreytingu á lögum um tollskrá, er nákvæmlega samhljóða lögum nr. 98 frá 1956, sem gilda fyrir það ár, sem nú er að líða. Er lagt til í þessu frv., að sömu ákvæði gildi einnig fyrir árið 1958.

Fjhn. leggur til, að frv. verði samþykkt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 136. Tveir af nm. hafa þó undirritað álitið með fyrirvara.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Við tveir nm. fjhn., hv. 5. þm. Reykv. og ég, höfum haft fyrirvara um þetta nál. Það ákvæði í þessu frv., sem okkur þótti dálitið hæpið, er ákvæði 1. gr. um það að heimila á árinu 1958 að greiða í

sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli í því skyni að verja þessu gjaldi til bygg*ingar tollbúða. Ég álít fyrir mitt leyti, að sú* regla sé dálítið hæpin, nema alveg sérstaklega standi þá á, að fara mikið inn á þá braut að ráðstafa ákveðnum tekjustofnum til ákveðinna hluta. Ég dreg það ekki í efa, að á því sé í sjálfu sér þörf að byggja tollbúðir. En það eðlilegasta væri að mínu áliti það, að veitt væri þá fé til þess á fjárl., eins og almennt gerist um slíkar framkvæmdir. Og að því leyti sem rétt þætti að verja vörumagnstollinum til þess, finnst mér hæpið að hækka vörumagnstollinn af þessum ástæðum. Eðlilegra væri þá, ef sú leið væri farin, að heimila að taka 1% af vörumagnstollinum, án þess að hann væri hækkaður. — Það var af þessu, sem okkar fyrirvari var sprottinn, og áskiljum við okkur rétt til þess að flytja brtt. um þetta atriði við 3. umr., en höfum ekki enn gengið frá henni eða tekið um það endanlega ákvörðun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og kom fram við 2. umr. þessa frv. í gær, höfum við hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) fyrirvara um frv., og gerði ég grein fyrir honum við 2. umr. Það er ákvæði niðurlags 1. gr. frv., sem við viljum breyta. Við höfum orðið nokkuð síðbúnir með brtt. við frv., þannig að ég verð að leggja hana fram skriflega, og vil ég leyfa mér að bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða um það, að brtt. okkar megi koma fyrir. En brtt. er á þann veg að breyta B-lið 1. gr., 2. mgr., þannig, að hann orðist svo:

„Á árinu 1958 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá“ o. s. frv.

Efnisbreytingin er fólgin í því, að í stað þess að innheimta 1% álag á verðtoll, vörumagnstoll o. s. frv., verði það 1% af núgildandi tollum, sem verður lagt í þennan sjóð.

Við teljum óheppilegt, að þannig sé verið að hækka tiltekna tekjustofna í ákveðnum tilgangi. Það torveldar almenningi yfirlit yfir skattamálin og fjármálin. Hins vegar drögum við ekki í efa, að nauðsynlegt sé að ráðstafa fé til þess að byggja nýjar tollbúðir, en teljum þá eðlilegt, að fjár til þess verði aflað með því móti að verja 1% af þeim tollum, sem nú eru innheimtir, eða tollum skv. gildandi töxtum í þessu skyni.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 156) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki of mikið sagt, að tollgæzla, t. d. hér í Reykjavík, er illframkvæmanleg, — ég segi: það er ekki of mikið sagt, að hún sé illframkvæmanleg við þann húsakost, sem hún hefur að búa. Ég fer ekki út í að lýsa, í hverju vandkvæðin eru fólgin, en það hefur stundum verið gert ýtarlega hér á hv. Alþ. En það er í stuttu máli þannig, að tollgæzlan hefur ekkert eigið húsnæði fyrir vörur og flytja þarf tollvörur stundum langar leiðir eftir götum bæjarins, áður en þær eru tollafgreiddar. Ástandið í þessum efnum er því mjög slæmt og alvarlegt.

Það hefur undanfarin ár oft komið til greina að veita fé til þess að byrja að eignast eitthvað til að bæta úr þessu, og loks varð samkomulag um það eftir margra ára þóf hér á hv. Alþ. að ætla 1% álag á þá tolla, sem greindir eru í þessu lagafrv., til þess að standa undir framkvæmdum í þessa átt. Ég held satt að segja, að enginn, sem kynnir sér þetta, geti dregið í efa, að endurbætur eru bráðnauðsynlegar, að ekki sé fastar kveðið að orði.

Nú leggur þessi hv. þm. til, að þetta verði fellt niður. Það mundi þá þýða, að annaðhvort yrði alveg hætt við að safna fé til þess að bæta úr þessu eða þá að bæta yrði tilsvarandi fjárhæð á fjárl. og glíma þá við það þar aftur, hvernig ætti að mæta því.

Ég vil alveg eindregið skora á hv. þdm. að fella þessa till. og halda sér við það, sem ákveðið hefur verið hér áður á hv. Alþ. og er tvímælalaust skynsamleg lausn á þessu máli, enda er mér kunnugt um, að sumar þjóðir, t. d. Svíar, hafa leyst einmitt þessi vandkvæði sín nákvæmlega á sama hátt og byrjað var á hér með lagasetningu þeirri, sem þessi hv. þm. vilja nú afnema. Ég vil því eindregið mæla í gegn till.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég skal ekki vefengja, að mikil þörf sé á því að byggja nýjar tollstöðvar í landinu og bæta aðstöðu tollgæzlunnar. En því fer fjarri, að tollgæzlan sé eina löggæzlan, sem býr við óviðunandi húsnæði. Það er ekki vafi á, að löggæzlan á einnig við mjög mikla erfiðleika að etja í þessum efnum.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. var hafin athugun á því, að hve miklu leyti hægt væri að samræma tollgæzlu og venjulega löggæzlu umfram það, sem verið hefur undanfarin ár. Augljóst mál er, að úti um land hlýtur slíkt að vera til stóraukins hagræðis. Þar er oft ekki við að gera fullkominn tollþjón á tilteknum stað og ekki lögregluþjón, er eingöngu sinni þeim störfum. Hins vegar mundi maður, er bæði störfin hefði með höndum, vinna fyrir sínu brauði fyllilega og koma íbúunum og ríkisvaldinu að miklu meira gagni. Ég tel því, að framtíðin hljóti að leiða til nánara samstarfs þessara tveggja aðila löggæzlunnar, fyrst og fremst úti um land, en einnig að verulegu leyti í Reykjavík.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og benti á það, meðan ég var í ríkisstj., að ýmsir þeir gallar, sem nú eru á tollgæzlunni, stafi af því, að sömu mennirnir hafa um of verið bundnir

við sams konar störf á sama stað. Þessu eru kostir fylgjandi, en einnig auðsæir gallar, sem ekki þarf að ræða um. Eins og til háttar í mannfæð hér á landi, er mjög erfitt að bæta úr þessu nema með því að sameina störfin annarri starfsgrein, þannig að hægt sé að víxla á mönnum meira en hægt er að gera í þeim þrönga starfsmannahóp, sem hingað til hefur tilheyrt tollgæzlunni, án þess að ég þar með segi, að þeir séu allt of fáir, sem því starfi hafa gegnt. Ég tel því, að til þess muni leiða fyrr eða síðar á einn eða annan veg, að nánari samvinna verði tekin upp einnig hér í Reykjavík og í þéttbýlinu milli löggæzlu og tollgæzlu en verið hefur nú um alllanga hríð. Þegar af þeirri ástæðu tel ég, að það sé hið mesta óráð að ráða til lykta og taka til ákvörðunar fyrirkomulag tollstöðvabygginga um allt land, án þess að íhugað sé samtímis, hvernig bættur verði húsakostur lögreglunnar og bætt úr þeim allsendis óviðunandi skilyrðum, sem löggæzlan á nú víðs vegar við að stríða.

Í Reykjavík er ástandið slíkt sem við vitum, að fyrir löngu hefur verið sýnt fram á, að húsakostur lögreglunnar, núverandi lögreglustöð, væri nánast óhæfilegur og sérstaklega aðbúð fanga þar með öllu ósæmileg. Á þessu hefur ekki tekizt að ráða bætur. Það er ekki vegna viljaskorts lögreglustjóra eða yfirmanns lögreglunnar né viljaskorts dómsmálastjórnarinnar, hvorki hæstv. dómsmrh. né fyrrverandi manna í þeirri stöðu, heldur vegna þess, að fjárveitingar hafa ekki fengizt til þess hér á Alþingi. Þar eiga hlut að allir þm., sem í mismunandi flokkum og flokkasamsteypum hafa aldrei fengizt til þess að veita nógsamlegt fé til þess að bæta úr þessu þrátt fyrir tilraunir af hálfu dómsmálastjórnarinnar. Það hefur komið í hlut hæstv. núv. fjmrh. að veita þar frekar andstöðu en flestra annarra. Ég segi ekki, að það sé af sérstökum skilningsskorti hans á þessum efnum, heldur vegna þess að hann hefur talið, að aðrar þarfir yrðu þar að ganga á undan. En þetta leiðir til þess og hefur leitt, að lögreglan á við óhæfilegan aðbúnað að búa hér í bæ, bæði varðandi sín eigin starfsskilyrði og varðandi möguleika til að geyma fanga.

Og þá komum við að því atriði, sem ekki má heldur gleyma í þessu sambandi, að fangelsakosturinn í landinu er allsendis ófullnægjandi. Um það bil sem núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, var verið að framkvæma allrækilegar umbætur á aðalfangelsi landsins fyrir austan fjall. Af þeim sökum var húsið í mjög lélegu ástandi. Tækifærið var notað til þess af skjólstæðingum núverandi hæstv. ríkisstj. að útbásúna sem allra mest hið lélega ástand, sem fangelsismálin væru í, og því mjög hampað, að læsingar og annar aðbúnaður væri þar ekki nógu góður. Það má segja, að allt, sem um þetta var sagt, var út af fyrir sig rétt. Húsakosturinn var ekki góður og leit enn þá verr út en ella vegna þess, að viðtæk aðgerð átti sér stað, einmitt þegar þessi furðulega úttekt átti sér stað, sem núverandi stjórnarblöð hömpuðu svo mjög á sínum tíma. En því meiri athygli hlaut það að vekja, að eftir að viðgerðunum var lokið, sem þegar voru ákveðnar, áður en hæstv. núv. ríkisstj. tók við, og þær viðbótarumbætur, sem gerðar voru að tilhlutan núv. hæstv. ríkisstj., þá var eitt það fyrsta, sem heyrðist frá fangelsinu, að fangar brutust þar út með ekki minni léttleik en þeir höfðu gert áður. Þeir sýndust þar geta gengið út og inn alveg eins og þá lysti þrátt fyrir þær kostnaðarsömu og mjög umtöluðu umbætur, sem hæstv. ríkisstj. vildi þakka sér, en að verulegu leyti hafði verið stofnað til fyrir hennar daga.

Það er mjög athyglisvert fyrir hæstv. alþm. og hæstv. ríkisstj. að íhuga þetta, vegna þess að það sýnir og sannar þá staðreynd, sem vitað hefur verið, að Litla-Hraun er ekki byggt sem fangelsi í upphafi, hefur ætíð verið af vanefnum, og ef menn hugsa sér algerlega mannhelt fangelsi, þannig að erfitt verði það að strjúka, þá er vitanlegt, að sú bygging mundi aldrei nægja. Hitt er svo annað mál, að á undanförnum áratugum hafa menn hallazt að því, að ekki gerði svo mikið til, þó að við hefðum ekki slíka algerlega mannhelda eða fangahelda geymslu. Við höfum hneigzt frekar að frjálsræði og því að ætla föngum að vinna og stunda venjuleg störf heldur en að hafa þá innilokaða í stórum fangelsum, eins og sérstaklega tíðkast í því landi, sem hæstv. forseti þessarar d. og félmrh. nýlega voru í heimsókn í, og öðrum slíkum stöðum. Við höfum minni trú á þeim tiltektum yfirleitt, landsmenn, heldur en þeir veizluveitendur, sem hæstv. forseti nýlega sat að borði með. En þó að við teljum, að slíkt allsherjar fangelsi sé ekki allra meina bót, verður að játa, að fangelsiskosturinn nú er ófullnægjandi, og það er vegna þess, að menn hafa ekki treyst sér til að verja nógu fé í þessu skyni. Einnig þar á hæstv. núv. fjmrh. sinn hlut. Hann hefur talið, sumpart af skiljanlegum ástæðum, að aðrar þarfir væru meir aðkallandi, og þess vegna hygg ég, að það væri mjög gott, að Alþ. ráðstafaði þessum málum án þess að þurfa að sækja undir högg hjá honum hverju sinni með því að ætla nokkurt fast fé til umbóta í þessum efnum.

Ég vil því leyfa mér að bera fram svo hljóðandi brtt. og mælast til þess, að veitt verði afbrigði fyrir henni, að inn í síðustu setningu síðustu málsgr. 1. gr. bætist á eftir orðunum „til byggingar tollstöðva“: lögreglustöðva og endurbóta á fangelsum, — þannig að því fé, sem þannig er ráðstafað, verði einnig varið í þessum mjög þarfa tilgangi, sem ég hef nú gert grein fyrir. Ef hæstv. fjmrh., sem ég veit að í hjarta sínu hefur skilning á þeirri nauðsyn, sem hér er um að ræða, telur, að sú prósenta, sem í lögunum er áskilin, sé ekki fullnægjandi, mundi ég fyrir mitt leyti geta verið því meðmæltur, að öðru prósenti væri bætt við til þess að bæta úr þessari þörf. En áður en ég ber fram till. um það, vildi ég heyra skoðun hæstv. ráðh. á þessu nauðsynjamáli og afhendi hæstv. forseta tillöguna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 157) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég kvaddi mér hljóðs til þess að óska þess, að menn felldu þá tillögu, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) ber fram. Ég álít, að það veiti sizt af því fé, sem þarna er gert ráð fyrir, til þess að byggja tollbúðir, og er því mótfallinn því, að þar sé hengt aftan í nokkuð annað.

Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að það hefði fallið meira í minn hlut en annarra að standa á móti fjárveitingu til hæfilegrar lögreglustöðvar og fangahúss. Hann sagði, að ástæðan til þess, að ekki hefði verið veitt meira fé til þessara bygginga á undanförnum árum en raun er á, væri sjálfsagt sú, að menn hefðu talið nauðsynlegt, að annað sæti fyrir. Ég veit ekki til þess, að fjárveitingavald hér á Alþingi hafi á undanförnum árum verið í mínum höndum. En eitt veit ég. Það er enginn hörgull á mönnum, sem vilja þakka sér það, sem samþykkt var af framförum og var þá látið sitja fyrir byggingu lögreglustöðva og fangahúsa. Það er enginn hörgull á mönnum, sem vilja þakka sér, að þetta eða hitt var samþykkt og þá látið sitja fyrir því að verja fé til fangahúsa og lögreglustöðva.

En ég vil sem sagt, þó að ég dragi það ekki í efa, að það sé mikil þörf á því að bæta húsakynni löggæzlunnar, ekki vera meðmæltur því, að því máli verði blandað inn í þetta mál.

Loks vil ég svo aðeins benda á, að dálitils ósamræmis gætir nú í þessu, því að sumpart er mælt með því að fella þessa prósentu niður, af því að það sé ekki eðlilegt að ætla hluta af ríkistekjunum í ákveðnu skyni, án þess að það komi inn á fjárlögin, en sumpart er því haldið fram og það kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að það væri gott, að Alþingi ráðstafaði með þessu móti nokkru fé einmitt á þennan hátt án þess að eiga undir högg hjá mér að sækja um það. Ég skil nú satt að segja ekki almennilega, hvað hv. 1. þm. Reykv. er að fara með þessu. Mér skilst, að fjárveitingavaldið sé hjá Alþingi, hvort sem ákvæðin eru í fjárlögum eða einstökum lagafrumvörpum. Og ef ég ætti að teljast einhver sérstakur þröskuldur fyrir slíkum málum, þá væri það kannske ekkert einkennilegt, þó að það kæmi fram allt að einu í sambandi við meðferð lagafrv. eins og fjárlaganna.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að við 9. landsk. (ÓB) og ég leggjum til, að niður falli tekjuöflun til þess að reisa tollbúðir, sem bent hefur verið á að mikil nauðsyn sé. Við leggjum aðeins til, að það sé gert með öðru móti en í þessu frv. felst. Þetta hefur nú verið gert, að ég hygg, um eitt ár með þessum hætti og er sannast að segja mjög óeðlilegur og ógeðfelldur máti á margan hátt að innheimta gjöld með til þess að standa undir byggingum eða öðrum framkvæmdum ríkisins, og það er vegna þess, að með þessu móti er í raun og veru verið að blekkja almenning um niðurstöður fjárlaga eða um það, hvað mikið er ætlazt til þess að hann leggi af mörkum til ríkisbúskaparins. Og þar sem þetta hefur nú verið að vísu í framkvæmd um takmarkaðan tíma og er lagt til að verði áfram, þá er ein hætta, sem er mjög áberandi, að hér verði skapað fordæmi, fordæmi fyrir því, að miklu lengra verði haldið á þessari braut, og hefur það reyndar komið fram strax nú undir meðferð málsins, sbr. till. 1. þm. Reykv. (BBen), að fleiri greinar séu teknar undir þennan lið, sem tilheyra framkvæmdum ríkisins, og þá fyrst og fremst í sambandi við löggæzluna, sem gætu leitt til þess, að hækkað yrði þetta gjald, ef menn vildu fallast á þetta sjónarmið, og eins mætti hugsa sér, að þetta kæmi fram á fjölmörgum öðrum sviðum. Og myndin gæti þá auðveldlega orðið sú, að fjárlög væru afgreidd frá þinginu með ákveðinni niðurstöðu. Við skulum segja, að einhver hæstv. fjmrh. vildi gjarnan láta afgreiða fjárlög svo, þegar hann tekur við þeim, að þau hækkuðu ekki mikið að niðurstöðum frá árinu áður t. d. frá fyrirrennara, og þá eru ósköp hæg heimatökin að taka bara niðurstöðutölurnar eins og þær eru og segja svo einhvers staðar sakleysislega, að ofan á þetta megi svo innheimta svo og svo margar prósentur til þess að gera eitt og annað, sem gera þarf í þjóðfélaginu. Hér er bara spurningin um það, hvort á að byggja þessar tollbúðir af þeim ríkistekjum, sem áætlaðar eru og fram koma í fjárlögum, eða hvort á að leggja þær á almenning á þann hátt, að almenningur geri sér ekki grein fyrir því, að verið er að leggja byrðarnar á hann. Það er að vísu alveg í samræmi við stefnu núverandi hæstv. ríkisstj. að leggja endalaust byrðar á almenning og helzt með þeim hætti, að almenningur geri sér ekki grein fyrir því, þegar byrðarnar eru á hann lagðar. Og jafnvel þó að augljóst sé, að þær muni lenda á almenningi, þá keppist stjórnarliðið við að lýsa því yfir í þinginu og fyrir alþjóð, að samt sem áður muni það ekki valda því, að neinar byrðar leggist á almenning, þó að innheimta eigi hundruð milljóna til ríkissjóðs, vörur muni ekki hækka í landinu og enginn muni finna fyrir þessu. Við munum sönginn hér í útvarpinu á s. l. vetri, þegar hver ráðh. kom fram á fætur öðrum til þess að fullvissa landslýðinn um það, að ekkert mundi hækka, bókstaflega engar vörur í landinu mundu hækka, enginn mundi finna fyrir þessum hundruðum milljóna króna, sem var lagt á í nýjum sköttum. Nú finnur landslýðurinn þetta sjálfur og veit, að þeir menn, sem þannig töluðu á sínum tíma, töluðu allir um hug sinn, voru beinlínis að segja þjóðinni ósatt og blekkja hana.

En þó að hér sé aðeins eitt lítið dæmi, sem bent er á, þá er því miður í miklu stærri stíl orðin sú bróun í fjármálum okkar Íslendinga, að fjárlögin eru engin spegilmynd af fjármálastefnunni í þjóðfélaginu eða efnahagslífinu. Og núverandi hæstv. fjmrh. hefur manna röggsamlegast gengið fram í því, enda verið um langan aldur fjármálaráðherra, að búa þannig um fjárlögin, að þau eru í margra augum í raun og veru eitt ómerkilegasta plaggið, sem þingið hefur til meðferðar, og það er vegna þess, eins og ég sagði, að þau gefa á engan hátt til kynna, hvað það er, sem hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir í fjármálum og efnahagsstarfsemi þjóðarinnar.

Þetta er allt annað en venja er í öðrum lýðræðisríkjum og nágrannalöndum okkar, þegar með mikilli eftirvæntingu er beðið eftir því, að

fjárlög séu fram lögð, vegna þess að menn geti þá úr þeim lesið heildarstefnuna í efnahagspólitík viðkomandi ríkisstj. í hverju landi fyrir sig. Hér eru lögð fram fjárlög og sagt, að ekki sé hægt að segja neitt um efnahagsráðstafanir eða ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum, af því að það hafi ekki verið hægt að tala við stjórnarflokkana. Svo situr Alþingi á þriðja mánuð, og stjórnarflokkarnir eru viðstaddir, en allir vita, að við þá er ekkert talað um ráðstafanir í efnahagsmálum. Og svo þegar menn eru farnir að átta sig á því, að jólahelgin fer að nálgast, þá er bara að afgreiða fjárlögin á einni viku eða svo og án þess þó, þegar þau eru tekin til 2. umr., að nokkuð liggi fyrir um það í till. eða boðskap frá ríkisstj., hvað í raun og veru eigi að vera undirstöðuatriðið í efnahagskerfinu á komandi ári, auk heldur sem við vitum ekki um það í dag, hvernig sjálf fjárlögin, eins og þau eru, sem eru ekki nema brot af þessum stóra málaþætti, efnahagsmálunum, verða endanlega til lykta leidd. Það stendur í stjórnarskránni, að það eigi að leggja fjárlög fram í upphafi þings. Mér finnst, að hæstv. núverandi stjórnarflokkar ættu að breyta þessu ákvæði og leggja til, að fjárlögin verði lögð fram í lok Alþingis. Það er miklu meira í samræmi við það, sem raunverulega er verið að gera. Menn eru athafnalitlir og athafnalausir vikum og mánuðum saman. Loksins kemur einhver kippur í lokin, og þá á að fara að afgreiða þessi veigamiklu mál, fjármálin.

Það er margt meira um þetta atriði, sem hægt er að ræða, en ég skal ekki hafa fleiri orð um það nú, af því að það mun gefast til þess sérstakt tilefni við 2. umr. fjárlaganna, sem nú á von bráðar að fara að hefjast. En ég legg áherzlu á það, að í till. okkar hv. 9. landsk. þm. felst ekki það að fella niður gjaldið til þess að sinna því verkefni að reisa tollbúðirnar, heldur aðeins að það eins og annað, sem til þessara hluta á að fara, sé tekið af þeim áætluðu ríkisgjöldum og að þessi álagning sé óeðlileg, skapi hættulegt fordæmi og eigi að hverfa úr löggjöfinni.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég er ekki á móti því, að byggð sé tollstöð hér í Reykjavík, því að á því er mikil nauðsyn, enda er tollafgreiðsla hér, svo að vægt sé til orða tekið, mjög óviðunandi, og afgreiðsla á tollpappírum gengur miklu seinna en vera ætti.

En það er svo annað mál, að gerð sé ráðstöfun til þess að byggja tollstöð, og hitt, hvernig fjár er aflað til þess að reisa hana. Hér færist sá ósiður stöðugt í vöxt, að tekna sé aflað í sérstöku skyni með því að mynda nýja liði í tollafgreiðslu innfluttra vara. Þetta er sú aðferð, sem hefur verið notuð nú aðallega síðustu tvö árin til þess að innheimta það fé í ríkissjóð, sem þurft hefur til þess að standa undir meðgjöfinni með útflutningsatvinnuvegunum. Þetta eru fylgifiskar verðbólgu í öllum löndum, og þetta er bezta lýsingin, sem hægt er að fá á sjúku fjármálaástandi.

Hérna eykst fjölbreytnin í innheimtu tolla frá ári til árs, og tollheimtan er í svo mörgum liðum og orðin svo flókin, að fáir menn skilja í henni. Það minnir mann á viturlega samlíkingu, sem einn hv. þm. gerði hér einu sinni. Hann sagði: það er spýta og svo kemur spýta og svo er spýta í kross. Þetta er nákvæm lýsing á tollakerfinu hjá okkur í dag. Þetta minnir dálítið á það ástand, sem var hjá Bretum í byrjun 19. aldarinnar eða í lok átjándu aldarinnar, þegar þeir áttu í stríði við Napóleon. Þá var orðið svo bágborið fjármálaástandið hjá þeim, að það er talið, að þeir hafi þá haft 68 mismunandi tollliði, og til dæmis hefur verið tekið, að átta mismunandi tollar hafi verið á vörum eins og hnetum. Þetta er ákaflega ljós lýsing á því, þegar fjármálakerfið er orðið sjúkt og komið út í öfgar. Það er það, sem er að gerast hér. Ef okkur vantar peninga til að greiða eitthvað sérstakt, þá er bætt nýjum lið í tollalögin.

Þetta getur náttúrlega ekki gengið til lengdar. Og það eina skynsamlega, sem hægt væri að gera og ætti að gera, er að vinda þegar í stað bug að því að gera allt þetta kerfi einfaldara og koma því á heilbrigðan grundvöll, en láta ekki landsmenn vera að dragast með þetta flókna og erfiða kerfi ár eftir ár með nýjum viðbótum á hverju ári.

Ég verð að segja það, að mér finnst, að vel megi taka tilllögu hv. 1. þm. Reykv. (BBen) inn í með þessari till., sem hér liggur fyrir, að þetta gjald renni líka til byggingar lögreglustöðva og fangahúsa, því að þó að mikil nauðsyn sé á því, að byggt sé yfir tollgæzluna hér í Reykjavík, þá er ekki minni nauðsyn á því að veita þessum framkvæmdaaðila í þjóðfélaginu viðunandi vinnuskilyrði.

Ef hæstv. fjmrh. fyndist of lítið, að 1% gengi til þess að greiða hvort tveggja, þá geri ég ekki ráð fyrir, að honum yrði neitt flökurt, þó að liðurinn yrði færður upp í 2%, og gæti þá hvor framkvæmdin um sig fengið 1% til þess að tryggja þessar nauðsynlegu byggingar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. taldi, að það gætti einhvers ósamræmis í tillöguflutningi af minni hálfu og hv. 9. landsk. þm. (ÓB) og 5. þm. Reykv. (JóhH). Því fer fjarri, að svo sé. Mín till. stenzt fyllilega, þó að þeirra till. sé samþ., og þeir hafa út af fyrir sig ekkert á móti því, að það sé lögboðið, að þessar byggingar skuli reisa, þó að þeir vilji ekki, að sérstakur skattur sé lagður á eða álag með þeim hætti, sem í þessu frv. og núverandi lögum er ákveðið. Þetta er allt í fullu samræmi, eins og einnig hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) fyllilega sýndi fram á, og ég get tekið undir hans orð.

Ég vil ítreka það, að ég get ákaflega vel fallizt á það, að sá hluti af ríkistekjunum, sem lögboðinn sé í þessum efnum, verði 2% í stað eins, ef hæstv. fjmrh. telur, að 1% sé of lítið til þessara þrenns konar þarfa, og ef sú prósenttala er hæstv. ráðh. andvíg eftir hækkunina, þá er það vegna þess einfaldlega, að hann er á móti því, að í þessar framkvæmdir verði ráðizt, enda er það svo, — og ég nefndi einmitt það, að hæstv. ráðh. væri einn af þeim, sem hefði mest mætt á um andstöðu í þessum efnum, — að hér er einmitt um að ræða nokkurt dæmi þeirrar

ágengni, sem hæstv. fjmrh. sagðist hafa orðið fyrir af okkur fyrrv. ráðh. Sjálfstfl. um fjárkröfur á hendur ríkissjóði. Það voru óskir til þess að ráða bót á neyðarástandi, þvíliku sem hér er um að ræða og öðru slíku, sem hæstv. ráðh. hældi sér á síðasta vori af, að hann hefði sýnt mikinn dug í að standa á móti, en ásakaði okkur fyrir óheyrilega frekju að fylgja slíkum kröfum eftir.

Ég vil og kemst ekki hjá að rifja þetta upp að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh. nú, þó að ég hafi síður en svo löngun til þess að ásaka hann. Ég veit, að hann á í vök að verjast, og ég hef ekki löngun til þess að gera hans ævi örðugri eða hans hlut minni en þegar er orðið. Hann hefur séð fyrir því að gera hann svo lítinn, að það eru ekki gustuk að leggjast þar á til að höggva út úr. En það verður hins vegar að koma fram, sem rétt er í þessum málum sem öðrum, að hæstv. ráðh. er því andvígur, að úr því neyðarástandi sé bætt, sem hann getur ekki vefengt að hér sé um að ræða.

Hins vegar sýndi það bæði mjög vel viðbrögð, vinnubrögð og viðhorf þessa hæstv. ráðh., að þó að hann væri mjög mótsnúinn því, að aðstaða til löggæzlu og fangageymslu væri viðunandi á Keflavíkurflugvelli, meðan yfirstjórn þeirra mála heyrði undir sjálfstæðismenn, þá gerbreyttist sú afstaða, eftir að þau mál komu undir framsóknarmann, þannig að þá var eina ráðið til þess að kría út fé til lögreglustöðvar í Reykjavík og umbóta í þeim málum hér að fallast á að verða við óheyrilegum kröfum þessara tveggja ráðh., framsóknarráðherra, um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem áttu að verða þeim svo til lofs og dýrðar. Ég veit ekki, hvað þeim framkvæmdum hefur miðað áfram eða hvort hæstv. ráðh. hefur misst allan áhuga fyrir umbótum suður frá, eftir að Framsfl. lét af yfirstjórn þeirra mála. Ef til vill er það, að blóðið renni til skyldunnar og bræðralagið í Hræðslubandalaginu hafi enzt til þess, að núverandi hæstv. utanrrh. hafi getað fengið eitthvað hliðstæðar fjárveitingar hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. utanrrh. og núverandi sendiherra í London fékk á sínum tíma. Því miður verður að segja þá sögu eins og er og óbjagaða, þó að hæstv. ráðh. vilji láta hana líta öðruvísi út, að viðhorf þessa hæstv. ráðh. til nauðsynja, er vinna þurfi á ríkisins vegum, fer allt eftir því, hverjum hann telur að hægt sé að þakka umbæturnar á eftir. Ef hann telur, að málefnin séu í þeirra höndum, framsóknarmanna, sem hann geti þakkað sér og sínum flokki, að þeir hafi verið forustumenn um umbætur, þá er oft ótrúlega lítil sparsemi á ríkisfé í þeim tilgangi. Ef aftur á móti alveg sama þörf eða enn þá brýnni er í ráðuneytum þeirra manna, sem hæstv. fjmrh. hverju sinni er andvígur, þá verður viðhorf hans gersamlega ólíkt. Þá vill hann halda í féð sem allra mest og sér allar aðrar þarfir brýnni. Ég veit, að þó að hæstv. fjmrh. hafi breytzt að mörgu leyti, frá því að við vorum saman í ríkisstj., þá eimir eftir af þessu enn, enda sé ég, að hæstv. sjútvmrh. kinkar kolli því til staðfestingar. Og ég veit líka eftir öruggum heimildum frá honum sjálfum, að hæstv. sjútvmrh. fór ekki leynt með það í sumar, að svo ill sem áður hefði verið úthlutun atvinnubótafjár, meðan sjálfstæðismenn komu þar að, þá hefði hún þó orðið miklu verri, eftir að hæstv. félmrh. fékk hana til ráðstöfunar, af því að hann hefði látið hæstv. fjmrh., sem að vísu var þá ekki kallaður þeim veglega titli, taka sig alveg í vasann og úthluta þessu öllu til framsóknarmanna. Ég sé því, að það hefur ekki orðið snögg breyting á eðli hæstv. fjmrh. að þessu leyti, enda er það svo, að það er ekki von, að eðliskostirnir breytist að öllu, þó að vissar myndbreytingar eigi sér stað.

Þetta er nauðsynlegt að dregið sé fram hér og skýrt, vegna þess að það sýnir, að það er engin tilviljun, að hæstv. fjmrh. er algerlega andvígur því, að nú sé bætt úr þeirri ríku þörf, sem hans málgagn öðru hvoru hefur haldið fram að væri til umbóta í fangelsismálum. Það er vegna þess, að nú er þessi till. borin fram af sjálfstæðismanni. Þá má alls ekki verða við henni. Hins vegar skyldi mig alls ekki furða á því, þó að hæstv. fjmrh. tæki utan fjárlaga kannske hundruð þúsunda eða milljón krónur og þakkaði síðan dugnaði hæstv. forsrh. og sjálfs sín, að úr þörfinni hefði verið bætt. Það má bara enginn andstæðingur vera kenndur við umbæturnar. En þó að þannig sé haldið á, að fjárlögin séu gerð að skrípamynd og afskipti Alþ. af fjárlögum séu efnislega úr sögunni, þá er hæstv. fjmrh. þar aðeins í essinu sínu, enda sjáum við, að nú brosir hann og færist ánægjusvipur yfir allt hans annars deyfðarlega andlit. Það er þegar honum er hugsað til þess, hvernig hann hefur haldið þm. hér núna hátt á annan mánuð iðjulausum utan við gang málefnanna og sendir svo síðast á sunnudaginn fjvn., ekki aðeins stjórnarandstæðingum, heldur stjórnarliðinu þar, tilkynningu um, að nú sé búið að ákveða, að nú verði þeir að láta hendur standa fram úr ermum og koma málinu hingað inn á Alþingi sem allra fyrst, til þess að þeir geti allir rétt upp hendurnar eftir því, sem hann og hans félagsbræður gefa bendingar til.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi ræða, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) flutti hér áðan, er í sjálfu sér ekki svaraverð. Hann var að rabba hér um daginn og veginn, svona hálfgert í gamantón, fram og aftur og segja ýmsar sögur um það, hvernig samstarfið hefði gengið við mig, á meðan við vorum saman í ríkisstj. En þær voru í höfuðatriðum á þá lund, að ef minir flokksmenn í ríkisstj. hefðu haft áhuga fyrir einhverju máli, þá hefði verið alveg sjálfsagt, að ég hefði stutt fjárveitingu til þess, en barizt á móti öllu því, sem ráðh. samstarfsflokkanna lögðu til. Þetta er auðvitað eins og hvert annað slúður hjá hv. 1. þm. Reykv. og áreiðanlega mælt gegn betri vitund, því að hann veit vel, að þetta er ekki rétt, enda hefur hann sjálfur óspart gortað af því, að hann hafi í þeirri ríkisstj., sem við áttum báðir sæti í, fengið hækkaðar fjárveitingar mjög svo til ýmissa þeirra málaflokka, sem hann hafði með höndum. Og ég veit ekki betur en það hafi verið með mínu samþykki.

Svo sagði þessi hv. þm., — og ég skal láta það verða endinn á þessum fáu orðum, sem ég segi

út af þessu, því að ræða hv. þm. var ekki svaraverð, — svo sem til sannindamerkis einu atriði og benti á hæstv. sjútvmrh.: Svo sjá menn það, að hæstv. sjútvmrh. kinkar kolli. — En það sáu bara allir, að hæstv. sjútvmrh. kinkaði ekki kolli. Þannig leyfir þessi hv. þm. sér að segja frá því, sem er fyrir allra manna augum. Og hvað halda menn svo, að það sé að marka, sem slíkur maður segir um það, sem enginn maður getur vitað, hvort það er satt eða ósatt?

Forseti (EOl): Mér hefur borizt viðbótartill. frá hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og 9. landsk. þm. (ÓB) við þeirra skriflegu brtt., sem áður kom fram. Þá mundi öll till. verða þannig:

„Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Á árinu 1958 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli skv. tollskrá og hækkunum skv. þessari grein svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu.“

En svo falli niður setningin:

„Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau.“

Það þarf afbrigði til þess, að þessi brtt., sem er skrifleg og of seint fram komin, megi og koma til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 156) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur nú þegar lýst þeirri viðbótarbrtt., sem við hv. 5. þm. Reykv. bárum fram, og tel ég, að í sjálfu sér þurfi hún ekki nánari skýringar. Okkur hafði upphaflega sézt yfir það, að ef setning sú, er við viljum fella niður, stendur áfram, þá stangast hún á við það, sem við upphaflega höfðum lagt til, nefnilega þá breytingu á fjáröflun til tollstöðvanna, að í stað þess að 1% sé lagt á tollana, þá sé það tekið af tollunum, innheimtum samkv. núgildandi skattstigum.

Sá misskilningur hæstv. fjmrh., að við værum að leggja til, að ekki yrði veitt fé til byggingar þessara tollstöðva, hefur þegar verið leiðréttur af öðrum hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, og hef ég engu við það að bæta. Það er fjáröflunarleiðin, sem við erum ósamþykkir, ekki því málefni, að fé sé varið í þessu skyni.

Ég skal að vísu taka það fram, að heppilegast af öllu hefði ég talið, að fé væri veitt til þessa almennt á fjárl. Ég tel þá leið í sjálfu sér óeðlilega, að það sé farið langt inn á þá braut að binda ákveðnar ríkistekjur við ákveðin útgjöld. Það geta verið sérstakar ástæður fyrir hendi, sem geri þetta eðlilegt, eins og t. d. þegar benzínskatti er varið til viðhalds vega o. s. frv. Ef um er að ræða ráðstafanir, sem telja má fremur í hag tilteknum þjóðfélagsborgurum heldur en öðrum, þá er það ekki óeðlilegt, að þeir taki sérstaklega þátt í kostnaði við slíkar ráðstafanir, þannig að þeir, sem nota vegina mest t. d., taki sérstaklega sinn þátt í kostnaðinum við viðhald þeirra. Séu ekki slíkar ástæður fyrir hendi, þá tel ég óeðlilegt að hnýta þannig saman ákveðin ríkisútgjöld og ákveðnar ríkistekjur. Svo langt höfum við hv. 5. þm. Reykv. samt ekki hugsað okkur að ganga að fella niður, að fjár til byggingar tollstöðva væri aflað af tollunum, en við teljum óeðlilegt, að það sé í þeirri mynd, sem nú er, og höfum báðir gert fyrir því grein, og ég hef engu við það að bæta.

Ég vil aðeins að lokum taka það fram og taka undir það með hv. 1. þm. Reykv. (BBen), að það er á fullkomnum misskilningi byggt, að það sé um að ræða árekstur á milli brtt. okkar hv. 5. þm. Reykv. og tillögu hans um, að þessu fé megi einnig verja til byggingar lögreglustöðva. Ég styð hans till. fyllilega. Flestir hv. þdm. munu hafa þann kunnugleika á aðbúð lögreglunnar, eins og hún er nú, og aðbúðinni að föngum, að þeim er ljóst, að þau mál eru í óviðunandi horfi og æskilegt að veita fé til þess að ráða á því bót. En það er síður en svo, að það stangist í nokkru á við þá tillögu, sem ég hef hér flutt ásamt hv. 5. þm. Reykv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég tek alveg undir það, sem hv. 9. landsk. (ÓB) sagði um till. okkar annars vegar og till. hv. 1. þm. Reykv. (BBen) hins vegar.

Inn í þetta mál hafa blandazt nokkuð umræður um meðferð fjárl. á Alþ., eins og að líkum lætur, og ég gerði minar aths. af því tilefni í minni fyrri ræðu. Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. hefur heyrt þær, því að hann er eins og fló á skinni hér í dag. En til viðbótar við það, sem ég vék að áðan, hefur nú blandazt eitt viðbótarmál að ósköp eðlilegum hætti inn í þetta, og það er sú heimild, sem er í fjárl. til þess að verja 15 millj. kr. til atvinnuaukningar og vikið var að hér áðan og engar reglur eru um, hvernig veita skuli eða lána.

Við sjálfstæðismenn gerðum um þetta aths. og fluttum brtt. á síðasta þingi, en þær voru allar felldar.

Því hefur verið haldið fram, að úthlutun þessa fjár á yfirstandandi ári hafi á margan hátt verið mjög athugaverð, en um það geta fæstir dæmt með sanni, vegna þess að það er ekki fyrr en nú nýlega, sem fjvn. Alþ. fær einhvern lista yfir það, hvernig fénu hefur verið varið, og er þó á engan hátt hægt af því að átta sig á öllum þeim misfellum, sem hér kann að hafa verið um að ræða. Það er bæði talað um meðal almennings mikið misrétti í meðferð málsins, og það er eiginlega furðulegt og næstum því ótrúlegt, að hæstv. ríkisstj. skuli vilja taka á sig þá ábyrgð, að tveir hæstv. ráðh. úthluti slíku fé á þann hátt, sem nú á sér stað.

Á þessu ári er hér um að ræða 15 millj. kr., og lagt er til í fjárl. fyrir 1958, að enn sé varið með sama hætti 15 millj. kr., og hafa þá tveir tilteknir ráðh., ef þeir halda áfram að gegna störfum sínum til ársloka 1958, úthlutað með þessum hætti um 30 millj. kr. og sækja sína heimild til þess í fjárl.

Framkvæmdabanki Íslands hefur verið settur á laggirnar með bankaráði, sem kosið er af þinginu, Sþ., og bankastjóra, hámenntuðum hagfræðingi og fyrrv. ráðunauti ríkisstj. í efnahagsmálum. Nú er það svo, að það munu ekki vera nema

liðugar 30 millj. kr., sem þessi banki hefur til þess að veita lán út af eigin fé á yfirstandandi ári og næstu árum — milli 30 og 40 millj. kr. á ári. Til þess að ráðstafa þessu ásamt öðrum verkefnum bankans þykir þurfa að hafa sérstaka löggjöf og sérstakan banka, sérstakt bankaráð og bankastjóra og allt, sem þar tilheyrir. En hér eru tveir gervibankastjórar í landinu, hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., sem á tveimur árum úthluta til atvinnuaukningar í landinu 30 millj. kr. Við eigum kannske eftir að fá einhverja grg. fyrir þessu máli á Alþ. enn þá, áður en því lýkur. Þó vita auðvitað fæstir um það, og enda þótt það séu lesnir upp einhverjir listar, þá vita menn heldur ekki af því, hvernig málsmeðferðin er.

Því er haldið fram, að það sé nú þegar farið að greiða mönnum úr ríkissjóði stórar fjárupphæðir, sem eigi að endurgreiðast sem atvinnuaukningarfé árið 1958. Er þetta rétt, og getur þetta verið? Það er nauðsynlegt að fá atriði eins og þessi upplýst og einmitt í sambandi við mál eins og hér er um að ræða, sem snertir það, hvernig meðferð fjármála ríkisins er farið. Að sjálfsögðu ber að leggja áherzlu á það að búa vel í einu og öllu um hnútana í svo veigamiklu máli. En það sígur allt og hefur sigið á undanförnum árum á ógæfuhliðina. Menn eiga erfiðara og erfiðara að átta sig á fjármálastefnunni og geta ekki gert það eftir fjárl. sjálfum, og auk þess eru svo svona opin sár í fjárl., að algerlega án þess að séu nokkur ákvæði eða reglur um það, þá er einstökum ráðh., sem eru auðvitað pólitískir embættismenn samkv. okkar stjórnskipun, falið að ákveða atvinnuaukningarfé, svo að millj. skiptir og milljónatugum, þegar nokkuð frá líður.

Ég hef hér gert að gefnu tilefni tvö atriði um meðferð fjármálanna að umræðuefni í sambandi við þetta frv. Hér er ekki um stórvægilegt atriði að ræða eitt. En ef lengra væri farið á þessum vettvangi, sem hér er lagt til, þá yrði það þó til þess að gera fjárl. enn þá meiri skrípamynd af fjármálastefnunni og fjármálastarfseminni í landinu heldur en nú er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði til þess að leiðrétta þann fráleita málflutning, sem hv. síðasti ræðumaður viðhafði varðandi meðferð atvinnutryggingafjárins.

Hann sagði, að því fé væri úthlutað þannig, að hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. úthlutuðu fénu. Það er eins og þessi maður sé nýkominn hér inn á Alþ. og hafi enga þekkingu á því, hvað fyrrv. ríkisstjórnir hafi aðhafzt. Væri rétt að marka það, sem þm. segir, þá ætti meðferð mála í síðustu ríkisstj. að hafa verið þannig, að því fé, sem þá var veitt á fjárl. til atvinnuaukningar, hafi verið úthlutað af hæstv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, og hæstv. félmrh., Steingrími Steinþórssyni. Trúir nokkur maður því, að hv. Sjálfstfl. hafi setið í ríkisstj. og látið þessa tvo menn, Eystein Jónsson og Steingrím Steinþórsson, úthluta upp á eigin spýtur öllu fé, sem veitt var til atvinnuaukningar?

Auðvitað er það þannig nú eins og var áður, að þessu fé er úthlutað af ríkisstj. Það mun hafa verið þannig áður og er þannig enn.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er rétt, að mínum ræðutíma er lokið, og verð ég því mjög að stytta mál mitt.

Ég verð að segja, að ég hef sjaldan heyrt öllu lélegri rökfærslur en hjá þeim hæstv. tveimur ráðh., sem hér hafa talað.

Hæstv. menntmrh. taldi það örugga sönnun fyrir því, að nú hlyti að vera farið að í núverandi stjórn á þann veg, að fleiri kæmu að úthlutun atvinnubótafjár en hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., að slíkt hefði alls ekki getað viðgengizt í síðustu ríkisstj. Er það þá virkilega svo, að núverandi hæstv. ríkisstj. taki sér fyrrv. ríkisstj. í einu og öllu til fyrirmyndar? Rökfærsla hæstv. ráðh. gæti því aðeins staðizt, að þetta væri rétt. En því miður er það svo, að því fer mjög fjarri, og verð ég að lýsa það sem alger meiðyrði um fyrrv. ríkisstj., að hún líkist á nokkurn veg þeirri, sem nú er, nema því einu, sem að vísu var ekki ánægjulegt fyrir fyrrv. ríkisstj., að hæstv. fjmrh. er í þeim báðum.

Rökfærsla hæstv. fjmrh. kom fram í því, að hann sagði, að allir þm. hefðu séð, að hæstv. sjútvmrh. hefði ekki kinkað kolli. Nú er hægt að athuga þá fullyrðingu aðeins með því einu að benda á, að hér um bil helmingur þm. á þess ekki kost eftir sætaskipun að sjá framan í hinn göfuga koll hæstv. sjútvmrh., svo að þeir gátu hvorki séð eitt né annað í þeim efnum, og fullyrðing um það, að allir þm. hefðu fylgzt með þessu, gæti því aðeins staðizt, ef allir þm. hefðu hlaupið til, jafnskjótt og þeir heyrðu, að var farið að tala um hæstv. fjmrh., og horft á sjútvmrh. og vitað, hvernig honum væri skemmt, ef félaga hans væri hallmælt, og biðu í ofvæni eftir að sjá svipbreytingar hans af því tilefni. Nei, þvílík rökfærsla fær auðvitað ekki staðizt. Þeir, sem horfðu á hæstv. sjútvmrh., sáu, að hann kinkaði kolli og var því mjög sammála, sem mælt var. Þeir, sem ekki horfðu á hann, sáu það vitanlega ekki. En vera kann, að hæstv. sjútvmrh. hafi gert sína höfuðhreyfingu óafvitandi, vegna þess að það hafi verið hans innri maður, sem brauzt þarna út, undirvitundin, án þess að hann ætlaði að láta hann koma fram í dagsljósið, en ég vil leiða hæstv. sjútvmrh. til vitnis um það. Er hann sammála úthlutun atvinnubótafjárins, eins og hún fór fram? Telur hann, að hún hafi á allan veg farið fram á þann veg, sem hann sjálfur kysi? Og enn fremur vildi ég spyrja hæstv. sjútvmrh.: Telur hann, að hæstv. fjmrh. hafi aldrei sýnt það í stjórnarstörfum sínum, að hann gerði upp á milli samstarfsmanna sinna, þannig að hann mæti tillögur sinna flokksmanna og sína flokkshagsmuni meira en flokkshagsmuni andstæðinganna, jafnvel þótt innan ríkisstj. sé? Ég mundi meta það töluvert, ef hæstv. sjútvmrh. fengist til þess að lýsa þessu yfir, að hæstv. fjmrh. hefði gert þvílíka breytingu á atferli sínu frá því, sem áður var. Þá kæmi sem sagt á daginn, að þó að hann hefði versnað að sumu, þá hefði hann batnað að öðru og væri þess vegna að því leyti ekki eins illa kominn og að sumu leyti mætti ætla.

Loks vil ég taka það fram út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði um samstarf okkar í ríkisstj., að ég hefði verið með einhvern söguburð um það. Ég var einmitt að gefa skýringu á því, sem hæstv. fjmrh. hefur haldið fram opinberlega, þegar hann sagði, að við sjálfstæðismenn hefðum með óhæfilegri ágengni sótzt eftir fjárveitingum til okkar rn. Það var til þess að bæta úr þvílíku neyðarástandi eins og er í þeim tveimur málum, sem ég nefndi áðan, sem hæstv. fjmrh. leyfði sér að ávíta okkur með þeim hætti, sem hann gerði í eyru alþjóðar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. átti ekki mikið erindi upp í ræðustólinn áðan, en þó er það eiginlega það eina, sem við höfum heyrt um það, hvernig úthlutað hafi verið atvinnubótafé, 15 millj. kr., — um það hefur þingið held ég ekkert annað heyrt en þetta: Dettur mönnum í hug, að fjmrh. og félmrh. geri það nú, þar sem allir sjá, að auðvitað munu ekki fjmrh. og félmrh. hafa gert það í fyrrv. stjórn? — Þetta er sá eini boðskapur, sem Alþ. hefur fengið um það, hvernig núverandi hæstv. ríkisstj. úthluti 15 millj. kr. í atvinnuaukningarfé. En auðvitað sjá menn, að þetta er ekki annað en barnalegt frumhlaup, sem hæstv. ráðh. finnur sjálfsagt eftir á að hefði verið betra að ekki hefði átt sér stað. En það er nú ekki hægt, finnst mér, að afgreiða mál eða láta við það sitja um jafnstórvægileg mál eins og úthlutun 15 millj. kr., að ýmist sé kinkað kolli eða ekki kinkað kolli eða að engu sé svarað um það, þegar beinlínis er spurt af þm. og tilteknir ráðherrar inntir svara.

Ég spurði áðan, og hæstv. fjmrh. mátti vita, hvert fyrirspurninni var beint, og ég beini henni þá til hans nú: Er það rétt, að ríkissjóður sé þegar farinn að greiða út verulega fjármuni, sem er greitt sem atvinnuaukningarfé ársins 1958? Þetta er í annað skipti, sem ég ber fram þessa fsp., og mér finnst, að þm. eigi rétt á því, þegar hæstv. ráðherrar eru viðstaddir, að slíkum spurningum eins og þessum sé svarað.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) spurði um, og því, sem hann sagði um atvinnuaukningarféð og úthlutun þess.

Þessu er þannig varið með atvinnuaukningarféð og hefur verið, frá því að það fyrst var lögleitt, að ráðherrar eða ríkisstj. hefur úthlutað atvinnuaukningarfénu, og það er eins nú. Þetta þótti auðvitað sjálfstæðismönnum ágætt, alveg prýðilegt, á meðan þeir voru í ríkisstj., enda áttu náttúrlega sinn þátt í að móta þessa stefnu. Þegar þeir eru farnir úr ríkisstj. og aðrir hafa tekið við, þá er þetta auðvitað óalandi og óferjandi brot á þingræðisvenjum og farið fram hjá Alþ. o. s. frv.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. spurði, hvort það væri farið að ráðstafa fyrir fram atvinnuaukningarfé næsta árs að einhverju leyti, vil ég taka fram: Það má vel vera, að það hafi að einhverju litlu leyti verið nú þegar gefin út loforð um atvinnuaukningarfé næsta árs. En ég vil segja þessum hv. þm., að það mun vera með minnsta móti. Það mun vera mun minna en við urðum stundum að gera, þegar við vorum saman í stjórn, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, því að þá var það algengt, að menn töldu sig til neydda að lofa atvinnuaukningarfé fyrir næsta ár fyrir fram. Og svona rétt til gamans, fyrst þessi hv. þm. vill vera að tala um þessi fyrirframloforð, vil ég taka það fram, að þegar ég tók við hafnarmálum af formanni Sjálfstfl., þá var hann búinn að lofa fyrir fram öllum hafnarbótasjóðnum, eins og hann gat mestur orðið 1957, og upp undir helmingnum af því, sem hann gat orðið 1958. Ég hef ekkert verið að flíka þessu, en fyrst hv. þm. er að gera sig breiðan og spyrja um, hvort þau ósköp hafi skeð, að eitthvert loforð hafi verið gefið fyrir fram út á atvinnuaukningarfé næsta árs, og telur það eitthvert skelfilegt afbrot, þá er rétt, að þetta komi fram.

Ég vil ekki vera að kýta við hv. 1. þm. Reykv., þó að hann gæfi að sumu leyti tilefni til þess í því, sem hann sagði hér áðan. Það sýnir bara, hvað hann er „forstokkaður", að hann sagði enn, að þeir, sem hefðu horft á hæstv. sjútvmrh., hefðu séð, að hann kinkaði kolli, þó að allir, sem hér eru inni og á hann horfðu, viti, að þetta er alger uppspuni.

Hv. þm. sagði, að ég hefði framkvæmt þá óhæfu að álasa þm. Sjálfstfl. fyrir, að þeir hefðu heimtað hækkuð ríkisútgjöld á mörgum sviðum. Ég held, að það sé engin óhæfa að upplýsa þetta og allra sízt þegar þessir hv. þm. hafa drýgt þá óhæfu að þykjast hvergi hafa komið nálægt þeirri hækkun á ríkisútgjöldum, sem orðið hefur á undanförnum árum, og deila, þegar þeim sýnist, á menn fyrir það, að útgjöldin hafi ekki orðið stórum hærri í mörgum greinum. Ég held, að það sé fullkomlega eðlilegt, að það sanna sé upplýst í þessu, og það er ekkert annað, sem ég hef gert.

Forseti (EOl): Ég vil út af þeim síðustu umræðum, sem nú hafa farið fram, minna hv. þdm. á, að til umræðu er frv. til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., og óska þess, að þeir reyni sem mest að halda sér við það mál.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað að blanda mér inn í þessar umræður hér um breytingu á lögum um tollskrá, en vegna þess að hæstv. fjmrh. fór hér algerlega með rangt mál áðan, tel ég ástæðu til — vegna kunnugleika á því máli ekki síður en hann — að mótmæla algerlega því, sem hann sagði hér áðan.

Hann sagði, hæstv. ráðh., að það væri sami háttur hafður nú á við úthlutun atvinnubótafjárins og var í tíð fyrrverandi ríkisstj. Fyrrverandi ríkisstj. hafði þann hátt á í sambandi við úthlutun atvinnubótafjárins að skipa nefnd, sem í voru ráðuneytisstjórarnir Sigtryggur Klemenzson, Gunnlaugur Briem og Hjálmar Vilhjálmsson, til þess að gera ýtarlegar till., hvernig þessu fé væri bezt ráðið. Veit ég, að till. þeirra byggðust á réttsýni og kunnugleika, en ekki á neinn hátt á pólitiskri hlutdrægni. Og ríkisstj. leit að lokum yfir þessar till. og fór

oftast algerlega eftir þeim. Þetta er allt annar háttur en nú hefur verið við hafður, því að það er kunnugt þrátt fyrir ummæli hæstv. menntmrh., að úthlutunin að þessu sinni er að mestu eða öllu leyti í höndum tveggja hæstv. ráðh., hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. Og hæstv. sjútvmrh. hefur ekki mælt á móti því, að það sé rétt, sem eftir honum hefur verið haft, að ágengni og rangsleitni hæstv. fjmrh. hafi verið slík við úthlutun fjárins, að við það sé illt að una. (Forseti: Ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til hv. ræðumanns, hvort hann eigi miklu ólokið af sínu máli, því að kl. 3 á að hefjast fundur í sameinuðu þingi. Ég mundi þá óska þess, að hann gerði hlé á sinni ræðu.) Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að halda hér ræðu, og ég geri ráð fyrir því, að ég þurfi ekki langan tíma til að ljúka máli mínu. (Forseti: En við verðum að hætta fyrir kl. 3.) Ég skal verða við ósk forseta og stytta mál mitt mjög.

Það, sem hér hefur einkennt umræðuna um þetta mál, er það, að þeir hæstv. ráðh., sem tekið hafa til máls, hafa kinnroðalaust komið hér upp og vitnað á móti betri vitund. Það kann að heita hégómamál, þegar hæstv. fjmrh. segir, að hæstv. sjútvmrh. hafi alls ekki kinkað kolli, en ég vil bara upplýsa það vegna þess, hvar ég sit í salnum, að hæstv. fjmrh. hefur alls ekki getað séð það, hvort hæstv. sjútvmrh. kinkaði kolli eða ekki, vegna þess að hæstv. menntmrh. sat á milli og skyggði á. (Forseti: Nú verð ég að biðja hv. ræðumann, ef hann á ólokið af sinni ræðu, að gera svo vel að gera hlé á sinni ræðu, því að nú verð ég að fresta fundi.) Herra forseti. Ég skal verða við óskinni um það, sérstaklega vegna þess, að ég á þá kost á að taka til máls síðar í þessu máli. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Eins og hv. þm. heyrðu áðan, gerði hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það, hvort farið væri að greiða úr ríkissjóði fé út á væntanlegt atvinnubótafé 1958. Hæstv. ráðh. svaraði þessu ógreinilega, talaði um, að það væri búið að lofa nokkru fé úr ríkissjóði út á væntanlegt atvinnubótafé, en það væri ekki meira en það, sem hefði gerzt í tíð fyrrv. ríkisstj.

Það má vel vera, að í tíð fyrrv. ríkisstj. hafi verið eitthvað gert að því að lofa fé fyrir fram, en það hefur áreiðanlega ekki verið greitt fyrir fram eða á árinu áður en fé var veitt til atvinnubóta.

Hæstv. ráðh. á eftir að svara því, hvort farið sé að greiða fé úr ríkissjóði út á væntanlegt atvinnubótafé 1958, og það er æskilegt, að hann vilji koma hér aftur upp í ræðustólinn og svara því greinilega: Hefur hann greitt úr ríkissjóði fé, sem síðar á árinu 1958 á að greiðast af því fé, sem varið verður til atvinnubóta? Og hvaða heimild hefur hæstv. ráðh. til þess að greiða á árinu 1957 úr ríkissjóði það, sem síðar kynni að verða greitt af atvinnubótafé á árinu 1958? Það er æskilegt, að þessu verði svarað greinilega, svo að hv. þm. viti um það, hvort þessi óvenjulega aðferð getur átt sér stað og hvort það er sannleikur, sem sumir halda fram um slíkar greiðslur. Það virðist vera, að hæstv. fjmrh. sé farinn að verða nokkuð uppivöðslusamur og taka sér einræðisvald, ef þetta er sannleikanum samkvæmt. Og ég segi: Það færi betur, að hann gæti borið slíkar sakir af sér, og hann má vera þakklátur fyrir, ef hér væri með rangt mál farið, að fá hér tækifæri til þess að hreinsa sig af þessu.

Það er ekki undarlegt, þótt að því sé fundið, að tveir hæstv. ráðh. úthluti atvinnubótafénu, þegar það er orðið jafnmikið og það var á s. l. ári og eins og ætlað er að það verði á næsta ári. Það er ekki undarlegt, sérstaklega vegna þess, að þegar byrjað var á því að veita á fjárl. fé til atvinnubóta í því skyni að bæta atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem það er verst, þá var ekki meiningin, að þetta væri þannig gert.

Við sjálfstæðismenn vildum hafa lýðræðislega aðferð í þessu efni. Frv. var lagt fyrir Alþingi að tilhlutan sjálfstæðismanna, frv., sem var samið af jafnvægisnefnd, hv. fyrrv. þm. Barð., Gísla Jónssyni, og hv. þm. N-Þ. (GíslG). Það var um svokallaðan jafnvægissjóð og um það, hvernig bezt og lýðræðislegast væri hægt að koma fyrir ráðstöfunum í því skyni að efla jafnvægi í byggð landsins, svo að það fé, sem veitt væri til þess hverju sinni, gæti komið að sem beztum notum. Í þessu frv. var gert ráð fyrir, að Alþingi kysi fimm manna nefnd, sem hefði með höndum úthlutun atvinnubótafjárins. Við sjálfstæðismenn vildum fylgja þessu frv. allir sem einn, en það var stöðvað í þinginu, vegna þess að hæstv. fjmrh. vildi ekki fá fulltrúa frá Sósfl. til þess að hafa hönd í bagga með úthlutun þessa fjár. Það þótti of lýðræðislegt. Þá þótti þessum hæstv. ráðh. sem Sósfl. væri gert of hátt undir höfði, að hann hefði ⅙ af því áhrifavaldi að úthluta þessu fé. En það virðist sem það hafi orðið nokkur skoðanamunur hjá þessum hæstv. ráðh., síðan hann settist í ríkisstj. með Sósfl., því enda þótt hæstv. fjmrh. ráði mestu í dag um úthlutun þessa fjár, þá kemst hann þó ekki hjá því að taka eitthvert tillit til þess, sem sósíalistar segja í þessu efni, eins og nú er málum komið.

Mér þykir rétt að upplýsa þetta hér, þar sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að við sjálfstæðismenn hefðum alltaf verið ánægðir með það, að atvinnubótafénu væri úthlutað eins og nú er gert. En eins og ég sagði áðan, var því ekki úthlutað eins og nú er gert, þótt þetta frv. næði ekki fram að ganga, vegna þess að þrír valinkunnir menn, ráðuneytisstjórarnir, gerðu sameiginlega till. um það, hvernig þessu fé skyldi verða úthlutað, og hjá þeim réð ekkert annað en réttsýni, þegar þeir lögðu sínar till. fram, enda sá ríkisstj. sjaldan eða aldrei ástæðu til að breyta út frá tillögum þeirra.

Hæstv. fjmrh. vill sýnilega sem minnst um þessi mál ræða. Hann væntir þess að hafa á næsta ári sömu aðstöðu til úthlutunar á atvinnubótafénu eins og hann hefur haft s. l. ár og hugsar þá sennilega gott til að nota féð eins og honum sýnist heppilegast.

Ég skal ekki fara meira út í þetta atriði. En ég vil benda á, að hæstv. ráðh. hefur öðrum þræði viljað láta í það skína, að hann væri aðeins gjaldkeri ríkissjóðsins, vegna þess að Al-

þingi hefði ráðstöfunarréttinn og fjárveitingavaldið hverju sinni. Og menn minnast þess, hversu oft hæstv. fjmrh. talaði um útgjaldaráðuneytin í fjárlagaræðu sinni við 1. umr. fjárl. nú í haust. Hann eyddi verulegum tíma í það að reyna að sanna alþjóð, að önnur ráðuneyti en fjmrh. væru hin svokölluðu útgjaldaráðuneyti og hann væri fyrst og fremst í ráðuneytinu til þess að skrifa upp á ávísanir frá þessum útgjaldaráðuneytum og annast greiðslur fyrir þeirra hönd.

Ég man það, að eftir þessar umr. talaði ég við mikilsmetinn framsóknarmann, og hann hafði það á orði, að eftir þessa ræðu hæstv. fjmrh., eftir þessa kenningu hæstv. fjmrh., þá verðum við að hætta því að kalla Eystein Jónsson fjmrh. fjármálamann. En Framsóknarfl. og Tíminn hafa gert ákaflega mikið að því á undanförnum árum að reyna að telja fólki trú um það, að hæstv. fjmrh. væri alveg sérstakur fjármálaspekingur. En sjálfur reyndi hann að sanna það fyrir alþjóð, að hans hlutverk í ráðuneytinu væri aðeins að annast greiðslur og samþykkja ávísanir, sem önnur ráðuneyti gæfu út.

Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um tollskrá, mætti ýmislegt segja. Það mætti segja, að það væri ekki eðlilegt að taka með sérstökum lögum prósentu af tekjum ríkisins til þess að byggja tollstöðvarbyggingar hér í Reykjavík og annars staðar um landið, og ég vil halda því fram, að það væri eðlilegra að taka sérstaka fjárveitingu á fjárl. hverju sinni í þessu skyni og láta það koma fram á fjárl., hverju varið er til þessara framkvæmda eins og annarra. Sama máli gegnir með lögreglustöðvarbyggingu og ýmsar fleiri nauðsynjaframkvæmdir, sem beðið er eftir. En till. um þetta er fram komin á þennan hátt vegna þess, að því er vantreyst, að fé fáist í þessu skyni með öðru móti. Fjárl. hafa hækkað stöðugt undanfarin ár, og fjmrh. og stuðningsflokkar núverandi hæstv. ríkisstj. eru ekki sérstaklega ánægðir yfir því, hversu fjárl. stiga nú ár frá ári og allra mest síðan núverandi hæstv. ríkisstj. var mynduð. Þess vegna er eðlilegt, að hæstv. fjmrh. og stuðningsflokkar ríkisstj. vilji reyna að kippa út úr fjárl. sem mestu til þess að fela nokkurn hluta þeirra fyrir alþjóð.

Við vitum, að í landinu eru nú í dag tvenns konar fjárl. Annars vegar eru fjárl. ríkisins, fjárl. hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, sem ætlað er að afgr. núna fyrir jólin. Hins vegar eru fjárlög útvegsins og útflutningsframleiðslunnar, fjárlög hæstv. sjútvmrh., Lúðvíks Jósefssonar, sem ætlað er að fresta afgreiðslu á fram yfir bæjarstjórnarkosningarnar, og má það vera vegna þess, að til þeirra fjárlaga þurfi ekki minna í beinum sköttum á landsmenn heldur en á fjárlög ríkisins.

Ég skal ekki fara að ræða fjárl. í sambandi við þetta, vegna þess að til þess gefst tækifæri á eftir. En það er áreiðanlegt, að menn eru almennt farnir að átta sig á því, bæði innan þings og utan, hvernig farið er með fjármál ríkisins í heild og að það verður að koma á stefnubreytingu í þessu efni. Almenningur í landinu gerir ekki feluleik sér að góðu öllu lengur, vegna þess að nú eru jafnvel betri tækifæri en fyrr að sjá nokkuð í gegnum það, sem á að hylja. Það kemur fram að lokum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er að koma inn í salinn, — og ég vona þá, að hann a. m. k. svari þeirri fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. alveg greinilega, hvort hann hefur nú þegar greitt úr ríkissjóði til fyrirtækja eða fyrirtækis, til sveitarfélags eða kaupstaðar fé, sem á að greiðast á næsta ári með væntanlegu framlagi til atvinnubóta.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er aðeins tvennt, sem ég vil taka fram út af því, sem síðasti ræðumaður kom inn á.

Ég vil upplýsa, að það hefur á undanförnum árum þráfaldlega komið fyrir, að fjmrn. hefur fallizt á að greiða fyrir fram nokkrar fjárhæðir út á væntanlegar fjárveitingar, og að slíkt hefur oft verið gert eftir sérstakri kröfu og ósk frá ráðherrum Sjálfstfl. Það er engin ný bóla. Það hefur verið reynt að gera eins lítið að þessu og unnt hefur verið, en það hefur þráfaldlega komið fyrir, að þetta hefur verið gert og þá oft eftir kröfu frá ráðherrum Sjálfstfl. Ég fullyrði, að slík fyrirframheit eða fyrirframgreiðslur eru nú með allra minnsta móti. En þetta hefur komið fyrir oft á undanförnum árum, þó að reynt hafi verið að gera eins lítið að því og unnt hefur verið. Það hefur þá staðið alveg sérstaklega illa á, og þá hefur verið gripið til þessa.

Hv. 1. þm. Rang. sagði hér áðan, að ég hefði farið með rangt mál í sambandi við það, sem ég upplýsti um úthlutun atvinnuaukningarfjárins. Ég kallaði fram í og sagði við hv. þm., að það mundi ekki borga sig fyrir hann að segja þetta. Hann er nokkuð hvatvís og fljótur að fullyrða, þessi hv. þm., eins og mönnum er kunnugt, og hefði stundum gott af því að hugsa sig betur um en hann gerir, áður en hann talar. En ég sagði, að atvinnuaukningarfénu hefði verið úthlutað af ríkisstj. og væri úthlutað af ríkisstj., og þetta er rétt, en ekki rangt. Um úthlutunina fjalla að vísu nokkuð sérstaklega þrír ráðh., en úthlutunin er gerð af ríkisstj., eins og var hjá fyrrv. stjórn, en þá fjölluðu þó raunar tveir ráðh. mest um úthlutunina. Þá voru það nokkrir embættismenn, sem undirbjuggu úthlutunina, og það er enn þá þannig, að það eru embættismenn, sem fjalla um málin fyrst og undirbúa þau í hendur ráðh. Allt það, sem hv. þm. sagði um þetta, er því á misskilningi byggt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hæstv. fjmrh. minnti mig á, að hann hefði sagt, að það mundi ekki borga sig fyrir mig að fullyrða, að það væri annar háttur hafður nú á með úthlutun atvinnubótafjárins heldur en var í fyrrv. stjórn. Mér er nú alveg rétt sama, hvort hæstv. ráðh. álítur það borga sig eða ekki að segja sannleikann. Það kannske borgar sig í bili að þegja yfir sannleikanum eða segja eitthvað annað en sannleikann. En hæstv. ráðh. veit það, að þegar hann kemur hér upp í ræðustólinn og segir, að það sé sami háttur hafður á nú með úthlutun þessa fjár eins og var í fyrrv. stjórn, þá veit hann, að hann er að skrökva, en það er það alvarlegasta.

Ég skal ekki segja meira um það. En ég býst við, að hv. alþm. hafi tekið eftir því, að svar hans við fsp. hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) var ekki vel greinilegt. Eða áttuðu menn sig á því, sem hæstv. ráðh. var að segja? Hann sagði: Það hefur oft komið fyrir áður, að það hafi verið greitt út á væntanlegar fjárveitingar. — Það má vel vera, að það hafi komið fyrir, að það hafi verið greitt fyrir fram út á væntanlega fjárveitingu, eftir að frv. til fjárl. hefur verið lagt fram, eftir að vitað var, að slík fjárveiting yrði veitt. En hér er að ræða um atvinnubótafé, sem ekki er sérstök fjárveiting fyrir á hvern stað, eða á að skilja það svo, að það sé nú þegar búið að úthluta því atvinnubótafé, sem á að koma til nota á árinu 1958? Ég er ekki kunnugur í stjórnarráðinu núna, en það veit ég, að því hefur ekki verið úthlutað. Það hefur ekki enn verið úthlutað því fé, sem á að veita til atvinnubóta fyrir næsta ár, nema þá í huga hæstv. fjmrh., að hann hugsar sér að láta það fara á vissan og ákveðinn stað. Hafi hæstv. fjmrh. nú þegar greitt úr ríkissjóði fyrir fram það, sem hann ætlar að láta á einhvern stað af atvinnubótafé næsta árs, þá er það eingöngu vegna þess, að hann treystir því, að hann hafi á næsta ári sama einræðisvaldið og hann hafði á s. l. ári til þess að ráða því, hvert atvinnubótaféð fer. Og þá er hér um hreinan skrípaleik að ræða, þegar talað er um, að valdið sé hjá Alþingi, að úthlutun fjárins sé hjá ríkisstj. allri, að úthlutun fjárins sé undirbúin af embættismönnum, samvizkusömum og kunnugum málefnunum, því að slík úthlutun hefur ekki enn átt sér stað á því atvinnubótafé, sem á að nota á næsta ári. En eftir orðum hæstv. fjmrh. áðan ber að skilja það svo, að hann hafi nú þegar greitt út úr ríkissjóði fé, sem hann, sami hæstv. ráðh., ætlar að endurgreiða aftur af því fé, sem verja á til atvinnubóta á næsta ári, en hv. Alþingi hefur ekki enn samþykkt og enn hefur ekki verið úthlutað nema í huga og kolli hæstvirts ráðherra.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal verða við því að gera aðeins örstutta athugasemd. — Fsp. minni um það, hvort greitt hefði verið fé úr ríkissjóði út á væntanlegt atvinnuaukningarfé, hefur verið svarað játandi og sagt, að það væri í samræmi við það, sem áður hefði verið gert. Það gefst betur tóm til þess að athuga, hvað áður hefur verið gert í þessu efni. En skyldi það þá ekki hafa verið undir þeim kringumstæðum, þegar greiðsluafgangur var hjá ríkissjóði? Það er sagt nú, að það vanti mikið á og mikill greiðsluhalli sé hjá ríkissjóði. Því leyfi ég mér að spyrja enn: Hvar var þá þetta fé fengið að láni? Úr ríkissjóði getur það ekki verið tekið, þar sem upplýst er, að það er mikill greiðsluhalli. Hefur verið gefin ávísun á seðlabankann kannske, eða hefur það annars staðar verið fengið að láni? Og hvernig mundi slík fjármálastarfsemi verka? Hún skyldi kannske ekki getað verkað til verðbólguaukningar í landinu og vera að því leyti í samræmi við aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj.? Ég spyr: Hvar var þetta fé fengið að láni?

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af þessu vil ég aðeins segja það svona í gamni, að þegar sjálfstæðismenn hafa verið að fara fram á að fá slíkar fyrirframgreiðslur, hefur ekki verið spurt um það, hvort það væri af yfirdrætti eða greiðsluafgangi.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. Rang. tók fram, vil ég aðeins segja þetta: Ég sagði, að ríkisstj. úthlutaði atvinnuaukningarfénu og úthlutunin væri undirbúin af embættismönnum. Þetta sagði hv. þm. að væri rangt, en þetta er rétt, og þessu getur hv. þm. vitanlega ekki mótmælt. En hann er að reyna að klóra sig út úr þessu núna með því að segja, að ég hafi sagt, að sami háttur væri hafður á núna og áður. En hann veit, að þetta er frábrugðið að einu leyti, og það er í því, að það eru ekki að öllu leyti sömu embættismennirnir, sem undirbúa málin núna eins og þá. Ég sagði ekkert um þetta. Ég sagði, að ríkisstj. úthlutaði atvinnuaukningarfénu og úthlutunin væri undirbúin af embættismönnum, og það er rétt. Þetta læt ég nægja um það.

ATKVGR.
Brtt. 156 felld með 13:8 atkv.
— 157 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JóhH, JPálm, KJJ, ÓB, ÓTh, RH, BBen.
nei: GÞG, HÁ, HS, HV, LJós, PÞ, PP, SkG, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, EOl.
12 þm. (JS, KGuðj, MJ, PO, SÁ, StgrSt, SvbH, ÁkJ, BÓ, EmJ, GÍG, GJóh) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PP, SkG, EOl.
nei: IngJ.
BBen, JóhH, JPálm, KJJ, ÓB, ÓTh, RH greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁkJ, BÓ, EmJ, GÍG, JS, MJ, PO, SÁ, StgrSt, SvbH) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 159).

6. Bifreiðaskattur o. fl.

Á 1. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl. [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. gerir ráð fyrir framlengingu ákvæða um sama efni sem nú eru í lögum nr. 95 frá 1956. Þetta er um viðbótargjald af benzíni og álag á bifreiðaskatt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir málinu en að vísa á þennan hátt til gildandi laga og leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 42).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 2, er flutt af hæstv. ríkisstj. Með því er lagt til, að innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskattur og innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar verði það sama á næsta ári, 1958, eins og nú er, á því ári, sem nú er að líða, samkv. ákvæðum laga nr. 95 frá 1956.
Fjhn. hefur athugað frv., borið það saman við gildandi lög og mælir með því, að það verði samþykkt.
Þess skal getið, eins og frá er skýrt í nál., að einn nm. var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál fjallar um framlengingu á ákvæðum, sem gilda á þessu ári varðandi álagningu viðbótargjalds á benzín, og enn fremur um viðauka á bifreiðaskatt. Þetta mál hefur gengið ágreiningslaust gegnum hv. Nd. Leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til fjhn. d. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 69).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Með þessu frv. er ætlazt til, að framlengd verði þau ákvæði um sama efni, sem gilt hafa fyrir þetta ár og undanfarin ár. Frv. er þó ekki alveg samhljóða þeim lögum, sem nú gilda, því að orðalagi hefur aðeins verið breytt á einum stað, og er það aðeins til að gera ákvæðin skýrari en þau eru í núgildandi lögum.
Fjhn. hafði málið til meðferðar og mælir einróma með, að það verði samþ. óbreytt, og vitanlega af þeirri ástæðu, að eins og ástatt er mun ríkissjóði sízt af öllu veita af því að halda þeim tekjum, sem hann hefur haft undanfarið, og má þakka fyrir, ef það nægir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 21. og 38. fundi í Ed., 14. nóv. og 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, FRV, FS, KK, BSt.
SB, SÓÓ, FÞ, JK greiddu ekki atkv.
3 þm. (GTh, HermJ, JJós) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 171).

---

7. Útsvör (stjfrv.).

Á 10. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1945, um útsvör [35. mál] (stjfrv., A. 50).

Á 11., 12. og 13. fundi í Nd., 29. og 31. okt., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl., sem sett voru á s. l. sumri.
Samkv. gildandi lögum er það svo, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd mega ekki breyta útsvari, sem kært hefur verið yfir, ef það reynist ekki of hátt eða of lágt að mati þessara aðila um 10%.
Nú hafa útsvör hækkað frá ári til árs, eins og kunnugt er, og útsvarsupphæðir nú velta í öllum sveitarfélögum á háum tölum. Er því þannig ástatt sökum þessa lagaákvæðis í útsvarslögunum, að maður, sem t. d. hefur 10 þús. kr. útsvar, sem engan veginn telst hátt útsvar, getur ekki fengið leiðréttingu, nema því aðeins að yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd telji, að honum beri 1000 kr. eða hærri upphæð til leiðréttingar á útsvarinu, annaðhvort til hækkunar eða lækkunar. Maður, sem hefði 20 þús. kr. útsvar,

gæti ekki fengið það leiðrétt, þó að þessir aðilar væru sammála um, að honum bæri að fá 1900 kr. leiðréttingu. Það yrði að nema 2000 kr. leiðréttingu, til þess að hann ætti rétt á breytingu hjá yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd.

Þannig er ljóst, að það er ástæða til að færa þetta 10% mark, sem er í lögunum, niður, og var það gert með þessum brbl. niður að 3%. Getur samt verið um að ræða upphæðir, sem fyllilega væru leiðréttingar verðar. En því lægra sem markið er sett, gætu þessi leiðréttingamál orðið fleiri, en þá er þó komið svo, að um minni upphæðir er að ræða. Hjá þjóðfélagi, sem enn þá lætur slá einseyringa og tveggjaeyringa vegna nákvæmni í viðskiptum manna á milli, verður að líta svo á, að þetta sé sjálfsagt, að hægt sé að fá leiðréttingu á útsvörum til hækkunar eða lækkunar hjá yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, ef leiðréttingarþörf er viðurkennd af réttum löglegum aðilum, svo að a. m. k. nemi 3%.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frv. meira. Það er alveg skýrt og þarf engra skýringa við. Breytingin er sú ein, að í staðinn fyrir ákvæðið 10% komi 3%. Ég legg til, að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Öllum hv. þdm. mun vera kunnur aðdragandi frv. þessa, sem hér er lagt fyrir, en það er deila sú, er undanfarna mánuði hefur verið háð um útsvarsálagninguna í Reykjavík. Sú hlið málsins var ekki rædd af hæstv. félmrh., þegar hann lagði málið fyrir, og mun ég því ekki gera hana að sérstöku umræðuefni hér, en vil vekja athygli á því, sem flestir munu hafa hugsað, þegar þessi brbl. voru sett, að einmitt 3%, sem talað hefur verið um, munu ákveðin með tilliti til þess, að hæstv. félmrh. og ýmis málgögn stjórnarflokkanna hafa fundið það út, að vísu með öllu ranglega, að það hafi verið lögð á Reykvíkinga 3.7% hærri upphæð en heimild hafi verið til samkv. lögum. Að vísu er þetta algerlega á röngum forsendum byggt, því að sú aðferð til niðurjöfnunar, sem um var deilt, getur ekki haft nein áhrif á útsvarsstigann, þannig að ef lækka ætti öll útsvör um 3.7%, mundi það í rauninni þýða, að útsvörin væru lækkuð á allt öðrum en þeim, sem niðurjöfnunaraðferð sú, sem um er deilt, kann að hafa bitnað á. Þó að það sé þannig á algerlega röngum forsendum byggt og rökvilla ein liggi því að baki, að bæjaryfirvöldin hafi tekið 3.7% hærri upphæð af bæjarbúum í útsvör en heimilt var, þá munu þó flestir hafa sett þetta tvennt í samband hvort við annað. Annars skal ég ekki, nema frekara tilefni gefist til þess, gera útsvarsmálin hér í Reykjavík að umræðuefni í sambandi við þetta mál.

En ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því við 1. umr. málsins, að hér er í rauninni um töluvert stærra mál að ræða en kannske í fljótu bragði virðist vera og í rauninni um svo stórt mál vegna breyttrar aðstöðu stjórna bæjarfélaga og sveitarfélaga, að útsvarsmálið hér í Reykjavík verður í rauninni smámál hjá því. Það virðist mér koma skýrt í ljós, ef maður les þær greinar núgildandi útsvarslaga, sem um kærur fjalla, að vald það, sem yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd er ætlað, er aðeins fólgið í því, að þeim er ætlað að leiðrétta innbyrðis útsvör einstakra gjaldenda. Hins vegar er yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd ekki ætlað og ekki heimilt í rauninni samkv. þessum lögum að breyta hinum almennu skattstigum. Þær verða að ganga út frá þeim sem gefnum, en hlutverk þeirra er einungis í samræmi við kærur, sem borizt hafa, að skapa leiðréttingu meðal gjaldþegnanna innbyrðis. Sé að öðru leyti vafi á um túlkun laganna í þessu efni, þá skera einmitt ákvæðin um það, að ekki megi breyta útsvari, nema það skakki a. m. k. 10%, alveg úr um þetta, því að ef tilgangurinn eða tilætlunin væri sú, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd mættu breyta hinum almennu skattstigum, þá væri aðvitað meiningarlaust með öllu að binda það við 10%. Eftir að búið væri að lækka þessi 10% ofan í 3%, yrði á þessu atriði mikill vafi.

Og einmitt með sérstöku tilliti til þess, hvernig þetta mál er til komið, að það er út af útsvarsmálinu hér í Reykjavík, virðist það einmitt fyrir vaka að gera nú þá breytingu, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd geti ákveðið sjálfa skattstigana. En hvað þýðir þetta í rauninni? Það þýðir það, að allt vald í fjárhagsmálum bæjar- og sveitarfélaga er í rauninni lagt í hendur þessara nefnda. Það verða þá ekki lengur nein takmörk fyrir því, hvað ríkisskattanefnd og yfirskattanefnd gætu lækkað útsvörin mikið, og þessi lækkun kemur einmitt fram, þegar útgjaldaárið er nær því liðið, þannig að þær hafa á valdi sínu að skapa algert öngþveiti í fjárhagsmálefnum bæjar- og sveitarfélaga.

Með tilliti til þess, hversu mikið vald er hér um að ræða, sem lagt er í hendur þessara nefnda, er rétt að athuga það lítils háttar, hvernig þessi dómstóll, sem fær þetta mikla vald, er skipaður. Að því er ég bezt veit, er það þannig með ríkisskattanefnd, sem verður æðsti dómstóll í þessu máli, að hún er skipuð af fjmrh., og hann hefur að mestu óbundið vald um það, hvernig hann velur menn í slíka nefnd. Þeir eru enn fremur skipaðir til takmarkaðs tíma.

Hvaða reglur gilda nú yfirleitt um val manna í slíkar nefndir, sem hafa mikil pólitísk völd, en þar sem ekki er krafizt neinna sérstakra hæfileika til þess að menn taki sæti í þeim nefndum? Ég vænti þess ekki, að neinn mótmæli því, að í þessar nefndir er skipað fyrst og fremst eftir pólitískum lit, og þeim, sem í nefndunum taka sæti, er fyrst og fremst ætlað að framfylgja hagsmunum þess flokks, sem þeir eru skipaðir fyrir. Og yfirleitt er það þannig með slíkar pólitískar nefndir, að þó að þær að nafninu hafi svo og svo mikið vald, eru allar meiri háttar ákvarðanir í þeim málum, sem þær fjalla um, teknar á hærri stöðum, eins og það er orðað.

Ég vil gjarnan bregða upp mynd af því, hvernig þessi vinnubrögð sennilega yrðu. Það mundi verða svo, að ráðh. sá, sem fer með yfirstjórn þessara málefna, mundi til þess ætlast, að nefndin beitti áhrifum sínum í stjórnmálalegum tilgangi. Ég hef hér ekki í huga þann ráðh., sem þessi nefnd heyrir undir, og því síður sérstak-

lega þann mann, sem nú gegnir því embætti, en lít á þetta almennt. Ef ráðherra fylgir einhverjum öðrum reglum en þeirri að beita sínu valdi í þágu þess flokks, sem hann er fyrir, þá munu flokksmennirnir taka í taumana og sjá fyrir því, að sá sé ekki lengi í ráðherrastóli.

Setjum nú sem svo, að deila verði um útsvör í einhverju bæjarfélagi. Ég er sannfærður um það, — og það er ekki annað en þau vinnubrögð, sem venjulega tíðkast í þessum nefndum, — að ráðherrann hringir í sína flokksmenn í þessari nefnd, og þar hefur hann af eðlilegum ástæðum tryggt sér meiri hluta, og segir: Ja, bæjarstjórnarmeirihlutinn í kaupstað A, eða hvað það nú er, er, eins og þú veizt, mjög andvígur okkar flokki. Það er ætlazt til þess af þér, að þú gerir þeim lífið eins leitt og unnt er og lækkir útsvörin vel á þessu hausti, þannig að fullkomið fjárhagsöngþveiti skapist á þessum stað. — Ef það nú kæmi fyrir, sem telja verður heldur ólíklegt, því að mennirnir eru einmitt valdir með tilliti til þess að þjóna hagsmunum þess flokks, sem þeir eru skipaðir fyrir, að maðurinn færi eitthvað að tafsa um það, að sér fyndist það ekki sanngjarnt o. s. frv., þá mundi ráðherrann segja: Hverra trúnaðarmaður ert þú í þessari nefnd? Þú veizt, til hvers af þér er ætlazt. Þú getur auðvitað farið þínu fram, en ef þú gerir það, þá máttu búast við því, að þegar næst verður skipað í nefndina, verði þessari virðingarstöðu og þeirri þóknun, sem fyrir hana er greidd, ráðstafað til einhvers annars, sem hefur meiri verðleika. — Þetta er ekki annað en algild regla, og þekkja það engir betur en við, sem hér erum staddir. Þannig eru starfshættir þessara nefnda. (Gripið fram í.) Ætli það eigi þá ekki við um aðra flokka líka? Það er yfirleitt ekki þannig, að Vilmundarnir séu eftirsóttir í slíkar nefndir, og komi það fyrir, að þeir slæðist þangað inn, þá verða þeir þar ekki langlífir. Þetta þýðir m. ö. o., að allt fjárhagsvald í málefnum bæjar- og sveitarfélaga er lagt í hendur pólitískra nefnda. Með þessu eru í rauninni skapaðir möguleikar á því, að það sé ekki hægt að stjórna þeim bæjarfélögunum, sem þessi ákvæði taka til, af öðrum en þeim, sem fylgja þeim ráðherra eða þeim flokkum, sem með þessi málefni fara. Þetta þýðir í rauninni gerbyltingu á sveitarstjórnarmálefnum frá því, sem nú er. Og þetta skyldu hv. þdm. hafa í huga, þegar afstaða er tekin til þessa máls.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég bjóst nú ekki við miklum umræðum um þetta mál, af því að það er eingöngu töluleg breyting á útsvarslöggjöfinni, um það, að leiðrétta megi útsvör, sem kært hefur verið yfir, ef skekkjan af réttum aðilum er metin 3% eða meira, í staðinn fyrir að nú er ákveðið í lögum, að þessu megi ekki hreyfa, nema skekkja nemi 10% eða meiru.

Hv. 9. landsk. skýrði frá því, að hann vildi ekki ræða útsvarsmál Reykjavíkur í sambandi við þetta mál, enda gaf ég ekkert tilefni til þess. Ég ræddi eingöngu þá breytingu á lögum, sem í þessu frv. felst, og gaf því ekkert tilefni til þess á þessu stigi málsins. Hins vegar er það sjálfsagt, ef menn óska, að ræða hið mikla útsvarsmál Reykjavíkurbæjar í sambandi við málið, og mundi þó gefast ærið tóm til þess kannske, eftir að þetta frv. hefði sætt meðferð í nefnd og kæmi til 2. umr.

Ég hygg, að málið liggi svo ljóst fyrir, að umræður til skýringar á málinu, áður en það færi til nefndar, séu nokkurn veginn óþarfar.

Viðvíkjandi nokkrum einstökum atriðum, sem hv. þm. vék að, vil ég segja nokkur orð.

Það er eins og kunnugt er, að þegar kært er yfir útsvari gjaldanda, þá á gjaldandinn þann rétt að kæra yfir útsvari sínu, ef hann telur það ranglega á sig lagt að einhverju leyti og þurfi leiðréttinga við, annaðhvort í samanburði við aðra gjaldendur eða hann telji, að ekki hafi verið lagt á hann eftir efnum hans og ástæðum eftir sömu reglum og á aðra viðvíkjandi tekjum. Fái hann ekki að hans eigin dómi viðhlítandi leiðréttingu vegna kæru sinnar hjá niðurjöfnunarnefnd, á hann rétt á að kæra áfram til yfirskattanefndar, og fái hann þar heldur ekki þá leiðréttingu, sem hann vill sætta sig við, getur hann kært áfram til ríkisskattanefndar. En þá kemur að því, af því að ákvæði útsvarslaga um yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd eru á þann hátt miðuð við miklu lægri tölur, miklu lægri útsvarsupphæðir en nú eru algengar, að hann á ekki kost á leiðréttingu, þó að viðurkennt sé, að leiðréttingar sé þörf, nema skekkjan nemi a. m. k. 10% af útsvarsupphæðinni, og þá getur verið, að viðkomandi maður verði að borga mun hærri upphæð en réttlátt er talið af þessum lögskipuðu aðilum, sökum þess að þeir hafa ekki lagalega heimild til að leiðrétta, nema lækka beri útsvarið um ⅒ hluta. Þetta er að mínum dómi full ástæða til þess að leiðrétta, færa prósentutöluna niður, af því að nú getur verið um umtalsverða upphæð að ræða, sem leiðrétta beri, þó að það sé ekki heimilt hjá yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, eins og lög hafa verið um það fram til þessa.

Um háskann, sem hv. þm. talaði um fyrir bæjarfélögin og sveitarfélögin í sambandi við, að yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd mætti leiðrétta útsvör, ef skekkja sannaðist, sem næmi 3%, þá er ég honum alveg ósammála um þetta. Það er engin tilfærsla á valdi með þessu frv. Það eina, sem hefur gerzt, er það, að þeir mega leiðrétta lægri upphæðir en áður.

Viðvíkjandi skipun ríkisskattanefndarinnar er það mála sannast, að í henni eiga að vera hagfræðingur, — og svo mun vera, — það á að vera í henni maður með þekkingu á landbúnaðarmálum, — og svo mun einnig vera, — og í þriðja lagi á að vera í henni lögfræðingur, — og það er einnig svo. Mér er ekki kunnugt um annað en þetta séu allt saman valinkunnir menn, og það hefur ekki verið rokkað fram og aftur með skipun þessarar nefndar. Ég held, að það muni vera rétt, að tveir af þessum þremur, sem í ríkisskattanefnd sitja nú, hafi verið í henni frá byrjun, frá því að ríkisskattanefnd var sett á stofn með lögum, þeir Páll Zóphóníasson og Gunnar Viðar. Ég held því, að það sé óhætt um það að segja, að þessu hefur ekki verið sveiflað til, eftir því sem hefur skipt um sæti ráðherra,

um flokkslega afstöðu ráðherra, enda væri slíkt ósvinna, ef svo væri. En ég er viss um það, að ef þau vinnubrögð hefðu tíðkazt, sem hv. þm. var hér að lýsa, að ráðherra, sem væri flokksbróðir einhvers manns í ríkisskattanefnd, hringdi til hans og gæfi honum fyrirmæli um að breyta útsvari eins eða annars gjaldanda, og ef flokksmaðurinn í ríkisskattanefnd ekki hlýddi, færi sínu fram, þá mætti hann búast við því að vera sviptur þeirri þóknun, sem hann hefði fyrir þetta starf, og kannske sviptur starfinu, — þetta er mikið hugarflug, finnst mér, og fáránlegar hugmyndir, að ætla það, að nokkur ráðherra leyfi sér að hringja til flokksmanns og skipa honum að gera þá hluti, sem hann veit að hann samkvæmt embættiseiði og lögum má ekki gera. Ég held, að það sé algerlega útilokað, að nokkur þjóðfélagshætta geti stafað af því, að flokksmaður í ráðherrastóli hagi sér á þennan hátt. Það væri þá áreiðanlega hætt fleiri löglegum „institusjónum“ í landinu um að fremja ranglæti eftir boði flokkspólitískra ráðherra, ef ríkisskattanefnd væri í slíkri hættu. En ég get ekki séð, að þetta frv. breyti á nokkurn hátt valdaaðstöðu ríkisskattanefndar eða auki eða minnki á nokkurn hátt þá hættu, sem gæti leitt af slíkri spillingu, ef hún ætti sér stað í þjóðfélaginu, því að þá væri þessi hætta yfir okkur vofandi, hvort sem ríkisskattanefnd mætti breyta útsvörum manna miðað við 10% skekkju eða 3% skekkju. En ég vona, að slík spilling sé ekki til í þjóðfélaginu og þetta séu aðeins hugarórar hv. þm. um, að slíkt geti átt sér stað. Og undarlegt þætti mér það, ef Gunnar Viðar hefði af því sögu að segja, að flokksbróðir hans í ráðherrastóli hafi nokkurn tíma leyft sér þá óskammfeilni gagnvart honum og að sýna honum þá lítilsvirðingu að hringja til hans eða gefa honum á annan hátt fyrirmæli um að breyta útsvörum manna, af því að það væri ósk flokksbróður hans í ráðherrastóli. Og ólíklegt þætti mér það, að Páll Zóphóníasson hefði þá sögu að segja eða Baldvin Jónsson lögfræðingur, sem þar er fulltrúi Alþfl.

Ég held, að svona umræður hafi enga þýðingu hér á Alþingi og að enginn sannfærist um, að það sé háskasamlegt að breyta þessum lögum út frá því, að það felist einhver hætta fyrir bæjarfélögin í þeim rétti ríkisskattanefndar að mega breyta útsvari, ef þeir álíta útsvar hans of hátt eða lágt, svo að nemi 3%. En allt hvað menn ræða um þetta mál út yfir það sjónarmið, er alveg tilefnislaust vegna frv., því að það fjallar eingöngu um þá breytingu, að ríkisskattanefnd og yfirskattanefnd megi breyta útsvörum, ef þær komast að þeirri niðurstöðu, að það sé of hátt eða of lágt, svo að nemi 3%, í staðinn fyrir að þeir hafa átt aðeins möguleika á því að leiðrétta útsvör, ef skekkjan væri að þeirra dómi 10% eða meiri.

Þetta vald, sem áfram er gert ráð fyrir að sé í höndum yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, hefur til þessarar stundar verið í höndum þessara aðila, og það er ekki verið að breyta réttargrundvelli þeirra að neinu öðru leyti en að þeir mega leiðrétta skekkjur, sem nú nema lægri upphæðum en lögin fram að þessu hafa heimilað.

Það er svo örgrannt um það, að það er engin valdatilfærsla, sem felst í þessu frv. viðvíkjandi útsvörum, á annan hátt en snertir upphæðina eina. Og hafi þessi spilling getað átt sér stað fram að þessu með 10% markinu, getur hún vitanlega átt sér stað jafnt með 3% markinu, sem nú er verið að lögfesta. En það er engin ástæða til þess að ætla, að þessi spilling skjóti rótum vegna þessarar breytingar. Það er eingöngu þarna verið að ræða um meiri rétt, betur tryggðan rétt hinna einstöku gjaldenda um að fá leiðréttingu á útsvörum sínum, ef sannanlegar skekkjur koma í ljós í álagningunni, og þá mega þeir, eins og ætlazt er til í löggjöfinni, leita fyrst til niðurjöfnunarnefndar og kæra og rökstyðja, í annan stað til yfirskattanefndar og í þriðja lagi til ríkisskattanefndar, — og þennan rétt til að æskja leiðréttingar hafa allir gjaldendur í dag.

Nei, það er áreiðanlega ekki ástæða fyrir okkur til þess að útmála neinn ótta, sem sé rökstuddur út frá þeirri lagabreytingu, sem felst í þessu frv. Menn verða þá að vera hræddir við að gefa íslenzkum gjaldendum kost á að leita til þriggja dómstiga um leiðréttingu á útsvörum sínum, og það get ég ekki meint að nokkur maður sé hræddur við. Það er jafnsjálfsagt eins og að menn megi áfrýja dómi undirréttar til hæstaréttar. Ég get heldur ekki ímyndað mér, að nokkur maður telji hættu í því fólgna, að hæstiréttur megi leiðrétta dóm undirréttar allnákvæmlega, — þurfi ekki að vera um einhverja stórsök að ræða, til þess að hæstiréttur megi leiðrétta. Hér er um það eitt að ræða, að markið vegna þeirra verðlagsbreytinga, sem hafa átt sér stað í landinu, það mark, sem hefur verið í gildi, leyfir ekki að leiðrétta allverulegar upphæðir, sem þó í öllum öðrum almennum viðskiptum manna á milli mundi vera talin ástæða til að leiðrétta. Út frá því hafði ég ekki látið mér detta í hug, að nokkur maður gæti út af fyrir sig verið andvígur þessu frv. En það fer líka svo, að menn fara að tala í raun og veru um aðra hluti en í frv. felast, og það má vel. Við gætum, hv. 9. landsk. og ég, fundið okkur ótal tilefni til þess að tala um önnur óskyld mál í sambandi við þetta frv., ef hæstv. forseti leyfir það. En um málið sjálft held ég að við hljótum að vera sammála, þetta, að það er ástæða til að gefa öllum gjaldendum landsins kost á því að leiðrétta sannanlegar skekkjur í útsvarsálagningu til hækkunar eða lækkunar með sem minnstum takmörkunum, þannig að hver geti fengið sitt útsvar eins rétt úrskurðað í gegnum þrjá löglega aðila og hægt er að komast nálægt með það. Það hefði kannske verið ástæða til þess að bara fella 10% markið niður og segja, að eins og niðurjöfnunarnefnd má leiðrétta útsvar, hversu lítil sem skekkjan er, sem hún kemst að niðurstöðu um, ætti sama að gilda um yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd, að þeir aðilar mættu leiðrétta útsvar, hversu lítil sem skekkjan væri, og fella 10% markið þannig niður. Það hefði ekki verið neitt fjarstætt, og væri einungis sá agnúi á því, að þá gætu kærur, sem gengju áfram til allra dómstiganna, orðið mun fleiri. En með þessu tel ég vera

búið að heimila mönnum þá leiðréttingarmöguleika, sem nokkrum verulegum upphæðum skipta.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. vildi halda því fram, að þetta frv., þó að samþykkt yrði, hefði í rauninni ekki neina teljandi breytingu í för með sér á valdaaðstöðu nefnda þeirra, sem hér er um að ræða. Ég vil þá aftur inna eftir því, sem ég tel mestu máli skipta í þessu sambandi, en það er þetta: Eins og ég minntist á og varla getur verið ágreiningur um, er valdssvið ríkisskattanefndar og yfirskattanefndar það eitt samkvæmt núgildandi lögum, að þeim er heimilt og ber, eftir því sem þær telja ástæðu til, að leiðrétta innbyrðis útsvör hinna einstöku borgara, ef þeir kæra. Hins vegar hafa þessar nefndir ekki heimild til þess að breyta þeim skattstigum eða þeim útsvarsstigum, sem útsvörin hafa verið lögð á eftir. Ef slíkt væri meiningin, þá væri það auðvitað meiningarlaust að miða við þessi 10%. Þess vegna vil ég aftur spyrja að því og vona, að ég fái við því alveg skýrt svar: Þýðir þetta, að 10% eru færð ofan í 3%, það, að eftir sem áður beri að líta þannig á, að þessar nefndir hafi ekki heimild til þess að breyta hinum almennu skattstigum, heldur aðeins að samræma útsvörin innbyrðis? Ef svo er, þá er ég hæstv. félmrh. í rauninni sammála um, að hér sé ekki um mikið stórmál að ræða. Sé hins vegar ætlunin sú að innleiða það með þessum lögum, að ríkisskattanefnd og yfirskattanefnd hafi heimild til þess að breyta sjálfum útsvarsstigunum, eigi t. d. að hafa heimild til þess að lækka öll útsvör í Reykjavík um 4% eða hvað það er, og þá samsvarandi heimildir gagnvart öðrum bæjarfélögum, þá er ekki vafi á því, að þá er vald þessara nefnda aukið mjög stórkostlega frá því, sem nú er. Það er aukið svo mikið, að í rauninni má segja, að úrslitavaldið í málefnum bæjar- og sveitarfélaga sé komið í hendur þessara nefnda. Þetta finnst mér aðalatriðið og í rauninni varla hægt að taka afstöðu til þessa máls, fyrr en það er vitað. Ég fellst fullkomlega á það með hæstv. félmrh., að þeir, sem nú eiga sæti í ríkisskattanefnd, séu góðir og gegnir menn. En hingað til hefur vald ríkisskattanefndar verið ákaflega takmarkað. Ríkisskattanefnd hefur í rauninni ekki haft neitt pólitískt vald. Það, sem henni er falið, er að leysa reikningsdæmi, og aðalatriði, að þar séu reikningsglöggir menn. Eigi það hins vegar að vera þannig í framtíðinni, að þessar nefndir eigi að geta ákveðið útsvarsstigana eða haft áhrif á þá í bæjarfélögunum, þá er þeim falið stórkostlegt pólitískt vald.

Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta, en vil aðeins segja það í sambandi við það, sem ég sagði um vinnubrögðin í hinum pólitísku nefndum, — og það stend ég fullkomlega við, — að mér kom það mjög ókunnuglega fyrir sjónir, þegar hæstv. félmrh. talaði um það sem sérstaka óhæfu, nokkuð sem væri alveg óheyrilegt, að ráðherra hringdi í flokksmenn sína í þessum pólitísku nefndum og leitaðist við að hafa áhrif á þeirra afstöðu. Ég er hins vegar sannfærður um, að þetta er ekki eingöngu undantekning, heldur það almenna. Ég hef aldrei notað orðið spillingu yfir þetta. Mönnum þeim, sem sæti eiga í þessum nefndum, er ætlað að gæta þar hagsmuna síns flokks, og það er vitað mál, að það er ekki alltaf af sjálfsdáðum sem ráðherrarnir taka þetta upp. Ef ráðherra hringir t. d. í sína menn í jeppaúthlutunarnefnd eða gjaldeyrisnefnd o. s. frv. og biður þá að útvega þessum manni jeppa, þessum gjaldeyri o. s. frv., þá ber að hafa það hugfast, að á bak við ráðherrana eru aðrir, sem segja: Þú veizt, hvað ég hef gert fyrir flokkinn. Ég ætlast til þess, að þú beitir þínum áhrifum við okkar menn í nefndinni, að þetta sé gert fyrir mig. Verði það ekki gert, þá er ekki víst, að ég gangi eins ótrauður erinda þinna og þíns flokks við næstu kosningar. — Svona röksemdir er hlustað á, og ég lái ráðherranum það ekki. Þetta er aðeins eðli stjórnmálanna. Það er ekki það, að stjórnmálamennirnir séu út af fyrir sig spilltir, sem er orsök þess, heldur er það haftakerfið, sem skapar jarðveg fyrir svona vinnubrögð, en það er önnur hlið á þessu máli, sem ég skal ekki gera frekar að umræðuefni hér.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 9. landsk. beindi þeirri fsp. til mín, hvort þetta frv. breytti ekki réttargrundvelli ríkisskattanefndar og yfirskattanefndar. Ég ráðlegg honum að lesa yfir þann kafla útsvarslaganna, sem fjallar um valdsvið yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar. Í þeim kafla laganna er engu breytt, engum stafkrók breytt, eins og þetta frv. ber með sér, nema því, að þar sem stendur að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd megi ekki breyta útsvari, sem kært er yfir, nema a. m. k. reynist 10% of hátt eða lágt, kemur nú í staðinn alveg nákvæmlega sama orðalag þessarar málsgreinar, nema í staðinn fyrir töluna 10 kemur 3, í staðinn fyrir 10% kemur 3%. Réttargrundvöllur nefndarinnar breytist því ekkert. Hann er sá að taka afstöðu til útsvarsupphæða þeirra einstaklinga, sem kæra til ríkisskattanefndar, en þeir hafa venjulega áður kært til niðurjöfnunarnefndar og yfirskattanefndar. Nákvæmlega sami grundvöllur helzt fyrir öllu þeirra starfi, nema þeir mega nú breyta útsvari, sem kært er yfir, til hækkunar eða lækkunar, nemi skekkjan, sem þeir komast að niðurstöðu um, 3%, í staðinn fyrir að þeir máttu aðeins breyta áður, ef útsvarið var tíunda hluta of hátt eða of lágt. Ég held því, að það sé alveg öruggt, að bæjarfélögin eru ekki í neinum auknum háska við þetta frv. Þetta er ekki nein leyniárás á bæjarfélögin, síður en svo, breytir engum réttargrundvelli að öðru en að einstaklingarnir eiga lagalegan rétt til að fá leiðréttingu hjá þessum æðri aðilum.

Ég skal svo að síðustu aðeins láta enn í ljós undrun mína yfir þeirri skoðun hv. þm., að þessi vinnubrögð tíðkist í flokkapólitíkinni gagnvart nefndum. Og ég er sérstaklega undrandi yfir því, að hv. þm. skuli geta látið sér detta það í hug, þegar um er að ræða eiðsvarna nefnd eins og ríkisskattanefnd. Niðurjöfnunarnefnd, yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd eru eiðsvarnir aðilar, og það er persónuleg móðgun við hvern þann mann, sem fengi fyrirmæli um

að gera þar annað en það, sem samvizka hans byði honum að gera.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 109).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í núgildandi útsvarslögum er svo ákveðið, að ríkisskattanefnd og yfirskattanefndir geti því aðeins breytt útsvörum samkvæmt kæru, að breytingin nemi 10% af útsvarsupphæðinni eða meiru. Eina efnisbreytingin, sem felst í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er sú, að þetta mark, 10%, verði lækkað niður í 3%.

Fjhn. deildarinnar hefur haft málið til meðferðar, og á fundi n. í gær varð ég ekki var við annað en allir nm. væru sammála um að mæla með frv. Í nál. því, sem útbýtt hefur verið, sé ég, að einn nm. skrifar undir með fyrirvara, en um þann fyrirvara er mér ókunnugt, og mun hann þá að eðlilegleikum gera sjálfur grein fyrir honum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef að vísu ekki skrifað undir álit það, sem hér liggur fyrir, með fyrirvara, en á þeim fundi hv. fjhn., þar sem þetta mál var tekið til afgreiðslu, lýsti ég því, að fylgi mitt við frv. væri bundið ákveðinni forsendu með tilliti til skilnings á lögunum, og fyrir því ætla ég nú að gera grein með örfáum orðum.

Lög þau, sem hér er verið að breyta, útsvarslögin, eru að ýmsu leyti orðin úrelt og ýmissa breytinga á þeim þörf. Það sjónarmið hefur og komið fram hjá einstökum hv. þm. í sambandi við önnur mál, er til umræðu hafa verið á þessu þingi, að heildarendurskoðun útsvarslaganna væri tímabær, og get ég fyllilega undir það tekið. Og meðal þeirra ákvæða laganna, sem ég tel að ýmsu leyti úrelt, þar eð þau eru frá tímum, er aðstæður voru ólíkar því, sem nú eru fyrir hendi, eru ákvæði laganna um eftirlit með útsvarsálagningu einstakra bæjar- og sveitarfélaga, en það er einmitt eitt þeirra ákvæða, sem frv. þetta gerir ráð fyrir að breytt sé.

Ákvæði útsvarslaganna um þetta efni eru tvenns konar: Í fyrsta lagi ákvæði 3. gr. útsvarslaganna um heimild félmrh. til handa til íhlutunar um útsvarsálagninguna. Þau kveða þannig á, að eigi megi hækka útsvör í neinu bæjarfélagi um meira en fimmtung eða 20% frá meðaltalsútsvarsálagningu þriggja undanfarinna ára. Tilgangurinn með þessu ákvæði er augsýnilega í fyrsta lagi sá að koma í veg fyrir það, að útsvör séu hækkuð óeðlilega mikið frá ári til árs, og auk þess að tryggja nokkurt samræmi í útsvarsálagningu hinna einstöku bæjarfélaga. Um það atriði býst ég ekki við að sé neinn ágreiningur, hver tilgangur þessa ákvæðis er. Þessi ákvæði eru mjög gömul. Samsvarandi ákvæði voru í tilskipun um bæjarmálefni Reykjavíkur frá 1872, með þeim mun, að landshöfðingja var þá að vísu falið það vald, sem félmrh. er falið nú. En fyrirmyndin að þessu ákvæði mun hafa verið þágildandi lög um málefni danskra kaupstaða.

Á þeim tímum, sem þessi mjög gömlu ákvæði voru sett, voru aðstæður vitanlega allólíkar því, sem nú er. Verðlag var þá yfirleitt stöðugt, þannig að þær miklu og öru verðlagsbreytingar, sem við þekkjum nú, voru hlutur, sem ekki var reiknað með. Og sama máli gegndi um þá miklu búferlaflutninga, sem átt hafa sér stað t. d. milli sveita og bæja nú á síðustu áratugum. Af þessu, að breytingar, sem verða á útsvörunum, stafa ekki eingöngu af því, að útsvarsstigum hafi verið breytt, heldur og e. t. v. öllu meira af verðlagsbreytingum og fólksflutningum á milli staða, leiðir það, að ákvæðin í þeirri mynd, sem nú er, þyrftu endurskoðunar við og ekki er trygging fyrir því, að þau nái tilgangi sínum. Ef við þannig t. d. hugsum okkur, að fólki í einhverju byggðarlagi fækki mjög verulega og tekjur lækki, þá mundi viðkomandi sveitarstjórn geta þyngt útsvarsbyrðina mjög verulega eða allmiklu meira en nemur þeim 20%, sem heimiluð eru, án þess að nokkur gæti nokkuð við því sagt. Ef hins vegar er um það að ræða, að fólki hafi fjölgað á einhverjum stað og tekjurnar hækkað, þurfa viðkomandi sveitarfélög að sækja um leyfi til hækkunar útsvara í samræmi við það, og það jafnvel þó að útsvarsstigar hafi verið lækkaðir, og einna nærtækasta dæmið um það er útsvarsmál Reykjavíkur á þessu ári, sem öllum hv. þdm. er kunnugt.

Annað meginákvæði núgildandi útsvarslaga um eftirlit með útsvarsálagningunni er ákvæðin um heimild einstökum útsvarsgreiðendum til handa til þess að áfrýja úrskurði niðurjöfnunarnefndar í útsvarsmáli þeirra til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar. Það virðist mér vera algerlega ljóst af útsvarslögunum, að sá hugsunarháttur liggur þeim til grundvallar, að heimildir þær, sem þessar nefndir hafa, eru fyrst og fremst fólgnar í því, að þeim er ætlað að samræma útsvör einstaklinga innbyrðis, gæta þess, að útsvar hvers einstaklings sé ákveðið í samræmi við hina gildandi útsvarsstiga. Hins vegar er ljóst, að þessum n. er ekki ætlað það vald að breyta sjálfum útsvarsstigunum, enda kæmi slíkur skilningur í bága við önnur ákvæði laganna, m. a. það, að þetta vald er falið félmrn., eins og áður hefur verið minnzt á. Skýrasta ákvæðið í þessu efni í núgildandi lögum er þó ábyggilega ákvæðið um 10%, sem nú á að breyta. Það ætti að vera ljóst, að bæri að skilja lögin þannig, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd hefðu heimild til þess að breyta útsvarsstigunum, þá væri það algerlega út í hött að hafa þetta ákvæði þannig, að heimilt sé að lækka öll útsvör um 10% eða meira, en ekki minna, enda mun það aldrei koma fyrir í raunveruleikanum, að deila um það, hvort útsvarsstigar séu hærri en vera eigi, eftir að útsvarsálagningin hefur gengið í gegnum sinn hreinsunareld í félmrn., snúist um upphæðir, sem nema meiru en 10% af álögðum útsvörum. Enda þótt sá skiln-

ingur á útsvarslögunum væri að vísu af öðrum ástæðum fráleitur, að þessar nefndir hefðu heimild til þess að breyta útsvarsstigunum, þá er þetta gleggsta ákvæðið, sem sker alveg úr um þetta atriði. En einmitt vegna þess að hér er um skýrasta beina ákvæðið að ræða, sem sker úr um það, að hlutverk þessara nefnda sé aðeins samræming útsvaranna innbyrðis, svo og vegna þess, að útsvarsmálið hér í Reykjavík hefur með réttu eða röngu blandazt nokkuð inn í umræður um þessi mál, beindi ég þeirri fsp. til hæstv. félmrh. í sambandi við 1. umr. málsins, hvaða skilning bæri að leggja í þetta atriði, hvort hér væri um það að ræða, að fela ætti þessum nefndum stóraukið vald frá því, sem áður hefði verið, eða hvort aðeins væri um það að ræða, að þær hefðu rýmri heimild en áður til lagfæringar á útsvörum einstakra manna. Þó að mér fyndist að vísu, að svör hæstv. félmrh. væru ekki svo ljós sem æskilegt hefði verið, skildi ég hann á þann veg, að hér væri aðeins um að ræða rýmkun á heimild til handa þessum nefndum til þess að leiðrétta útsvörin innbyrðis, en ég held, að það sé rétt með farið hjá mér, að hann taldi, að réttarstaða sveitarfélaganna væri að öðru leyti óbreytt.

Í framhaldi af þessu inntum við hv. 5. þm. Reykv. eftir því í n., hvaða skilning bæri að leggja í þetta, en allir meðnm. okkar töldu, að þann skilning einn bæri að leggja í breytinguna, að hér væri um að ræða rýmkun á heimild yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar til innbyrðis samræmingar á útsvörunum, en töldu, að hinn skilningurinn, að þær hefðu með þessu öðlazt heimild til þess að breyta útsvarsstigum almennt, kæmi ekki til mála. Með tilliti til þessa tel ég, að ekki sé ástæða til þess að spyrna á móti því, að þessi breyting sé gerð. Að vísu tel ég, að þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir nauðsyn þessa, séu vafasöm. Það hefur t. d. verið nefnt, að útsvarsupphæðirnar næmu nú hærri krónutölu en áður hefði verið. Það atriði tel ég að skipti ekki máli í þessu sambandi. Aðalatriðið er hitt, hve mikinn hluta af tekjum sínum mönnum beri að greiða í útsvar. Enn fremur má á það benda, að sú lagfæring, sem hér er um að ræða, kemur fyrst og fremst til góða hinum stærri gjaldendum, því að þegar um lágtekjufólk er að ræða, skiptir deila um útsvör innan þeirra takmarka, sem hér er um að ræða, það litlu máli, að kæra borgar sig ekki. En þar sem það er skoðun mín og okkar sjálfstæðismanna yfirleitt, að greiða beri fyrir því, að einstaklingar geti leitað réttar síns, ef þeir telja sig órétti beitta, hvort sem er í sambandi við útsvarsálagningu eða annað, og telja má, að þetta ákvæði laganna sé spor í þá átt, þó að lítilvægt sé, þá leggjum við til, að frv. verði samþykkt, með þeim skilningi, sem ég nú hef tekið fram.

Hv. 5. þm. Reykv. hafði skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Ég ætla, að hans fyrirvari sé sprottinn af því sama sem ég nú hef gert grein fyrir, en að öðru leyti mun hann gera frekari grein fyrir sínum fyrirvara, ef það hefur ekki komið nægilega fram í því, sem ég hef um þetta sagt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, ÁÞ, ÁB, EirÞ, EmJ, EystJ, GÍG, GJóh, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PÞ, PO, PP, SÁ, SkG, HÁ.
IngJ greiddi ekki atkv.
14 þm. (SvbH, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EOl, GíslG, GÞG, HS, HV, KGuðj, LJós, ÓTh, RH) fjarstaddir.
Frv. afgreitt til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 10. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er fram borið til staðfestingar á brbl., sem sett voru í sumar, og er breyting á ákvæðum 26. gr. gildandi útsvarslaga. Breytingin, sem í frv. felst, er sú ein, að yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd skuli nú heimilað að breyta útsvari, sem kært hefur verið yfir, ef útsvarið reynist a. m. k. að vera 3% of hátt eða of lágt. En skv. gildandi útsvarslögum er þessum aðilum, yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd, því aðeins heimilt að breyta útsvari, sem kæra hefur borizt um, ef þessir aðilar telja, að það sé of hátt eða lágt, svo að nemi 10% eða meira. Önnur breyting á útsvarslögunum felst ekki í frv.

Þetta frv. hefur nú verið til meðferðar í hv. Nd. og var við lok afgreiðslunnar þar afgreitt með shlj. atkv. til efri deildar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um frv. Það er augljóst, að það er einungis þetta eina efnisatriði útsvarslaganna, sem í þessu frv. felst. Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Í útsvarslögunum frá 1945 voru sett ákvæði um það í 26. gr., 2. málslið, að þegar kært er yfir útsvari, skuli ekki taka kæru til greina, nema í ljós komi, að breytingin nemi 10% til lækkunar eða hækkunar frá útsvarsálagningu. Þetta ákvæði hefur án efa verið sett til þess að koma í veg fyrir, að menn væru að gera sér leik að því að kæra útsvar sitt. Það yrði að liggja fyrir veruleg ástæða til þess, að kæran yrði tekin til greina. Þess vegna var 10% takmörkunin sett í lögin.

Það er vitað mál, að síðan útsvarslögin voru sett, hefur verðgildi krónunnar rýrnað mjög. Af þessu leiðir, að útsvör hvers gjaldanda hafa hækkað mjög í krónutali. Þetta út af fyrir sig getur réttlætt það, að sá hundraðshluti eða takmörkun sú, sem upphaflega var sett, 10%, sé lækkuð. En þegar svo er komið, eins og lagt er til í þessu frv., að takmörkunin er færð niður í 3%, þá sýnist mér þetta orðið svo hlægilega lítið, að ekki sé ástæða til þess að hafa nokkra takmörkun. Ég tel því réttara að afnema alla takmörkun og leyfa öllum að kæra, sem það vilja. Ég hef því með brtt. á þskj. 117 leyft mér að leggja til, að 2. málsliður 26. gr. útsvarslaganna verði felldur niður. Ég bið hv. n., sem þetta mál fær til athugunar, að íhuga, hvort hún getur ekki fallizt á þetta sjónarmið mitt, því að með 3% takmörkuninni er raunverulega fallið frá þeirri hugsun, sem lá að baki upphaflegu takmörkuninni. Þess vegna tel ég réttara að stíga sporið fullt út og afnema alla takmörkun.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Hv. þm. V-Sk. (JK) vill nú ganga lengra en lagt er til í þessu frv. Hann sagði, að ástæðan til þess, að miðað hefði verið áður í lögunum við 10%, hefði vafalaust verið sú að koma í veg fyrir, að menn gerðu sér leik að því að kæra út af útsvari sínu áfram til yfirskattanefndar eða ríkisskattanefndar, og fyrirbyggja þannig, að menn væru með slík kærumál, nema veruleg ástæða væri fyrir hendi.

Það má vel vera, að þetta hafi verið tilætlunin, og skal ég ekki fara nánar út í það. En útsvör eru nú orðið svo há að krónutölu, að það getur verið um allverulega upphæð að ræða, þó að ástæða sé til þess að breyta útsvari vegna minni skekkju en 10%.

Við skulum segja, að maður hafi 20 þús. kr. útsvar. Þá fær hann enga leiðréttingu á því máli, nema því aðeins að skekkjan nemi 2000 kr. eða meira. Og ég vil segja, að margur mundi telja ástæðu til þess að skrifa stutt kærubréf til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, þó að hann hefði ekki von um að fá lagfæringu, sem næmi upphæð, sem lægi í kringum 2000 kr. Það er góð borgun fyrir að skrifa eitt lítið bréf og sannarlega, þó að krónan sé ekki verðmikil, ástæða til þess að leiðrétta skekkju, sem væri upp að 2000 kr.

Maður, sem hefði 14 þús. kr. útsvar, gæti ekki átt þess von að fá leiðrétta skekkju, sem hann teldi vera í álagningu útsvars síns, nema því aðeins að hann ætti rétt á að fá 1400 kr. leiðréttingu. Mér þætti líka vera ástæða til þess að leiðrétta slíka skekkju, og það væri fyllilega ástæða, sem réttlætti það, að viðkomandi gjaldandi settist niður og skrifaði stutt kærubréf út af því til yfirskattanefndar eða ríkisskattanefndar.

Á þetta virðist mér líka vera fallizt af hv. þm. V-Sk., að það sé ástæða til að heimila yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd leiðréttingar niður fyrir það mark, sem nú er í lögum, 10%, og hygg ég því, að þetta sé ekkert deiluatriði okkar á milli. Ég hafði það meira að segja í huga, þegar ég samdi þetta frv., hvort ekki væri ástæða til þess að fella markið alveg niður. Þannig er það hjá niðurjöfnunarnefnd. Gjaldandinn getur kært, hversu lítið sem hann telur að hann eigi rétt á að fá útsvar sitt lækkað. Og það má vel vera, að það sé bezt í samræmi við það, að ekkert lágmark sé heldur hjá yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd. Mér finnst, að þetta komi því vel til athugunar hjá þeirri hv. n., sem fær frv. til meðferðar. En þeirri hugsun, sem var með 10% markinu, er haldið með 3% markinu nú, og má segja, að það sé ekki um háar upphæðir að ræða til leiðréttingar og kannske ekki ástæða til að ómaka yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd til þess að gera breytingu á útsvari, sem þá vafalaust hefur áður verið kært til niðurjöfnunarnefndar, ef þessir aðilar telja skekkjuna vera innan við 3%. Ég tel því mjög álitamál, hvort afgreiða beri frv. óbreytt eða taka til greina þá till., sem hv. þm. V-Sk. bar hér fram, því að það hvarflaði meira en að mér að hafa það eins og hjá niðurjöfnunarnefnd, að hafa ekkert lágmark. Og ég treysti fyllilega hv. n., sem frv. fær til meðferðar, að athuga það, og set mig þannig ekkert upp á móti þeirri hugsun nú að óathuguðu máli frekar og læt það í vald n. að athuga þá ábendingu, sem fram hefur komið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það var til þess að andmæla þeirri brtt., sem komin er fram frá hv. þm. V-Sk. (JK). Ég tel, að hún sé ekki rétt og að það eigi ekki að samþykkja hana.

Það er svo, að þetta mark, sem sett er í lögin, sem var 10% og nú er 3% eftir brbl., bremsar dálítið kærurnar, sem koma. Það var og er engin bremsun á, hvað kæmi til niðurjöfnunarnefndar af kærum. Það er heima í héraði, þar sem menn eru kunnugir og þar sem menn gjarnan mæta hjá niðurjöfnunarnefndinni, í hreppunum til dæmis, og það er eðlilegt, að það sé ekki höfð nein bremsa á, ekki sett neitt, sem takmarki, hvað margir kæra. En þegar kemur til yfirskattanefndanna, sem eru fyrir heilar sýslur, eða ríkisskattanefndar, sem er fyrir allt landið, þá er sjálfsagt að hafa einhverja bremsu, svo að menn séu ekki að leika sér að því að kæra fyrir sama sem ekki neitt. Það koma núna árlega til ríkisskattanefndar eitthvað rúmlega 3000 kærur af öllu landinu, og það er iðulega, sem maður verður að láta vera að breyta, eða hefur verið, vegna þess að yfirskattanefndirnar hafa ekkert gáð að þessu ákvæði og breytt minna en 10%, og verður þess vegna að fella þeirra úrskurð úr gildi og staðfesta útsvar óbreytt. Þannig man ég eftir bændum tveimur norður í landi, sem kærðu annar yfir 6000 og hinn yfir 5500 kr. útsvari, og hjá öðrum var lækkað af yfirskattanefnd um 300 og hinum um 400, og það var ekki hægt að láta þetta standa. Það var breytt minna en 10%. Og yfirskattanefndirnar höfðu ekki leyfi til að hreyfa það svo lítið.

Ég held þess vegna, að ef þessi 3% standa ekki, heldur eru tekin alveg burt, verði það til þess að kalla enn þá fleiri kærur fram og kær-

ur, sem þá venjulega eru ósköp ástæðulitlar og þá liggja þrátt fyrir alla skala á mörkunum um það, að menn, sem ekki eru nauðakunnugir á staðnum, eins og hvorki yfirskattanefndirnar né ríkisskattanefnd geta verið, geti þá skorið úr um það. Þess vegna held ég, að 3% ákvæðið eigi að standa.

Þetta frv. mun hafa verið í fjhn. Nd. og ætti þess vegna að fara þangað, en ekki, eins og hæstv. ráðh. talaði um, í félmn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir góðar undirtektir hans undir mína till. Hann taldi, að hún eigi fyllilega rétt á sér. — En í sambandi við það, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði, að hann vildi halda þessari takmörkun til þess að draga úr kærum, tel ég, að þegar takmörkin eru orðin svona lítil, þá segir það ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég hygg, að fyrirhöfn bæði yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar sé sú sama, eftir að takmörkin eru orðin svona lág. Ég hefði kosið, að hv. 1. þm. N-M., sem er í ríkisskattanefnd, vildi leiðbeina okkur, sem erum í yfirskattanefndum, betur en þeir háu herrar í ríkisskattanefnd hafa til þessa gert. Þeir setja aldrei forsendur fyrir sínum úrskurðum. Það veit enginn, á hverju þeir byggja sína úrskurði, aðeins breyta tölum, ýmist til lækkunar eða hækkunar. Þetta tel ég alveg óhæfu, að yfirskattanefndir geti ekki séð, hvað það er, sem ríkisskattanefnd finnur að. Þetta segi ég að gefnu tilefni, fyrst hv. þm. kom hér fram og hann á sjálfur sæti í ríkisskattanefnd. Þetta finnst mér ákaflega mikill galli hjá ríkisskattanefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 142, 117).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem sett voru í sept. s. l. Efni frv. er það eitt, að í stað þess að samkv. áður gildandi l. var yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd aðeins heimilt að leiðrétta útsvör, sem kært var yfir, ef álagningarskekkja hafði reynzt a. m. k. 10%, er þessum nefndum nú heimilt að leiðrétta útsvörin, þótt ekki skakki meiru en 3% á annan hvorn veginn. Þetta og ekkert annað er efni þessa frv., og þarfnast það ekki skýringar, svo einfalt sem það er.

Fjhn. hefur haft frv. til meðferðar, og var n. sammála um að mæla með samþykkt þess, en tveir nm. kváðu þó það skilyrði vera fyrir fylgi sínu við frv., að brtt. sú, sem hv. þm. V-Sk. (JK) hefur flutt, verði samþykkt. En efni þeirrar brtt. er það, að allar hömlur, sem þessi gr., 26. gr. útsvarslaganna, fjallar um, verði afnumdar og nefndunum sé heimilt að leiðrétta hvað litlar skekkjur sem þær kynnu að finna.

Meiri hl. n. taldi þetta hins vegar það mikið álitamál, að hann tók ekki afstöðu til þess á þeim fundi, sem fjallaði um þetta, og hefur meiri hl. þannig algerlega óbundnar hendur um atkvæði gagnvart þessari till. En ég get lýst yfir því, að mín skoðun er sú, að það sé mjög mikið álitamál, hvort ekki sé ástæða til að hafa þarna einhverjar hömlur til þess að koma í veg fyrir það, að mikill fjöldi af algerlega tilefnislausum eða tilefnislitlum kærum berist til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, sem kynni að leiða til þess, að þær yrðu mjög að færa út starfsemi sína, en útsvör hins vegar þess eðlis, a. m. k. þar sem þau eru ekki lögð á á algerlega vélrænan hátt, heldur eftir svokölluðum efnum og ástæðum, að álitamál sé, hvort kæra vegna svo lítillar skekkju sé réttmæt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál., lýstum við hv. þm. Vestm. (JJós) því yfir í n., að við fylgdum brtt. hv. þm. V-Sk. (JK) um að fella hámarkið alveg niður og því aðeins að sú brtt. yrði samþ., mundum við styðja frv.

Má að sjálfsögðu deila um það, hvort það eigi að hafa slíka takmörkun eins og nú er í lögum eða hefur verið í lögum, þessi 10%, eða ekki. Ef ætti að lækka það eitthvað, sýndist eðlilegra að færa það þá niður í t. d. 5% eða þá að fella það alveg niður. Sú tala, sem í frv. er nefnd, virðist vera nokkuð út í hött, og í rauninni má segja, að eðlilegast sé að hafa ekki takmörkun á þessu, heldur leyfa þeim mönnum, sem eru ekki ánægðir með sitt útsvar og vilja kæra það áfram, að gera það án tillits til þess, hvort þar muni skakka 10% eða 3%, eins og í frv. segir.

Það eru önnur ákvæði í útsvarslögunum, sem ég hefði talið miklu meiri þörf á að endurskoða og breyta heldur en þetta, en meiri hl. n. vildi ekki fallast á að taka önnur atriði til meðferðar eða afgreiðslu í sambandi við útsvarslögin nú, svo að það var sýnilegt, að það mundi ekki tjóa á þessu stigi að flytja aðrar brtt., þó að þar sé um nauðsynjamál ýmis að ræða, sem þyrfti að breyta og endurskoða.

Eins og málin því liggja fyrir, teljum við hv. þm. Vestm. rétt að fallast á frv., ef brtt. hv. þm. V-Sk. er samþ., en ella ekki, og teljum sem sagt þessa breytingu miðað við 3% nokkuð út í hött.

Ég skal ekki ræða efnislega það mál, sem ég hreyfði í n., þær breytingar, sem ég teldi æskilegar, en gefst þá væntanlega tækifæri til að flytja um það sérstakt frv.

ATKVGR.
Brtt. 117 (ný 1. gr.) samþ. með 7:6 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál hér í deildinni kom fram brtt. frá þm. V-Sk. (JK), sem ég þá mælti á móti. Ég tel, að sú brtt., sem hann var með, muni verða þess valdandi, að mörgum sinnum fleiri menn

kæra til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar sín útsvör heldur en ella, og það mun þess vegna út af fyrir sig auka starf nefndanna og tilkostnað við þær. Það er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að með því móti fá þeir menn, sem hafa löngun til endalausra smáyfinga, möguleika til að taka þær upp, og nefndirnar, sem eiga að dæma um þetta, eru ekkert staðkunnugar. Það eru yfirskattanefndir fyrir heila sýslu, sem eiga að dæma um það, hvort einhverjir tveir menn í Mýrdalnum rifast um 20 kr. á útsvarinu sínu eða ekki, eða menn í Vatnsdalnum, svo að ég nefni staði, þar sem kærur koma svipaðs eðlis eins og þessar til ríkisskattanefndar, þær sem ekki er litið á, — það gefur þeim tækifæri til þess endalaust og stöðugt að kæra og skapa öðrum mönnum og sjálfum sér erfiðleika og fyrirhöfn og óánægju út af því.

Nú leit ég að vísu svo á, að úr því að búið var að samþykkja þetta inn hér, mundi ekki vera hægt að taka greinina upp aftur í því formi, sem hún upprunalega var. En mér er bent á það af gömlum þm. og skrifstofustjóranum, að samkvæmt 32. gr. þingskapa má ekki bera brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, upp aftur á sama þingi í sömu deild, en með því að greinin í upprunalegu formi hefur í raun og veru aldrei verið felld, heldur samþykkt önnur, þá hefur þetta ákvæði í þingsköpunum ávallt verið skýrt svo, að það sé heimilt í þessu tilfelli að taka upp aftur till., sem óbeint hefur fallið við samþykkt annarrar till. Það hefur verið gert, og þess vegna leyfi ég mér að leggja fram hér þá brtt., að 1. gr. orðist svo, að í stað 10% í 2. málslið 26. gr. l. komi 3%.

Það orkar ekki tvímælis, að ef takmarkinu er sleppt alveg burt, verður það til stórkostlegs óhapps fyrir alla, því að það segir sig sjálft, að yfirskattanefndin, — ja, það kann að vera á einstaka stað, við skulum segja t. d. Ólafsfirði, að yfirskattanefndin þar hafi þau persónulegu kynni af högum manna, að hún geti gert greinarmun á því, hvort útsvar sé 5% eða 10% eða eitthvað ósköp lítið, nokkrum krónum hærra en það eigi að vera. En þegar komið er í heilar sýslur, eins og t. d. Norður-Múlasýslu eða í Reykjavíkurbæ, þá er bæði yfirskatta- og ríkisskattanefnd gersamlega ókunnugt um þær persónulegu aðstæður, sem geta verið til staðar til þess að niðurjöfnunarnefnd heima í hreppnum hafi haft eitt útsvarið 1% eða 2% yfir einhvern skala, sem hún hefur myndað sér, og annað ögn undir. Ríkisskattanefnd er alveg ókunnugt um það. Það eru ekki nema þeir staðkunnugu menn heima í sveitinni eða á viðkomandi stað, sem geta dæmt um það, og þess vegna er vitleysa — hrein og bein vitleysa — að ætla æðri nefndum, sem vantar staðarkunnugleika, að skera úr um það. Það er komið nógu langt niður með 3%, þó að það sé ekki farið að afnema það alveg.

Ég leyfi mér að afhenda forseta þessa brtt., og eftir því sem skrifstofustjóri Alþ. og fleiri segja mér, á hún að geta staðizt, enda þótt mér fyndist fyrst, að hún mundi ekki geta það. En við nánari athugun man ég að minnsta kosti eftir einu eða tveimur tilfellum, þar sem þingsköp hafa verið skýrð á þennan hátt og framkvæmd á þennan hátt í þinginu, t. d. af Gísla Jónssyni, er hann var þingmaður Barðstrendinga og forseti þessarar deildar.

Forseti (BSt): Mér hefur borist svo hljóðandi skrifl. brtt. við frv., sem fyrir liggur, frá Páli Zóphóníassyni, að 1. gr. orðist svo: „Í stað „10%“ í 2. málslið 26. gr. laganna komi: 3%.“ Ég býst við, að það sé rétt, sem hv. þm. sagði, að þingsköpin heimili að bera þessa till. upp, þar sem till. um þetta hefur aldrei verið felld, þótt sama greinarákvæði hafi verið tekið út úr frv. og annað sett í staðinn. En á hinn bóginn verð ég að segja það, að mér finnst það mjög óviðkunnanlegt að bera upp till. nákvæmlega sama efnis og það, sem deildin hefur samþ. áður að breyta. Ég náttúrlega leita afbrigða fyrir þessari till., en mér fyndist það væri þinglegra að hafa einhverja aðra tölu en nákvæmlega 3%. — Hv. þm. V-Sk. talar um þingsköp.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég held, að það sé óþarfi að vera með neinar bollaleggingar um þetta atriði, það er svo ótvírætt í þingsköpum. Í 32. gr. þingskapa segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og Sþ., ef tækifæri eru til þess.“ Þetta er svo ótvírætt, að mig undrar það, að hæstv. forseti skuli vera í vafa um, hvort slík till. komi til atkv. eða ekki; það er svo fráleitt. Ég krefst þess, að forseti úrskurði brtt. frá.

Forseti (BSt): Ég er hræddur um, að hv. þm. hafi misskilið þetta. Hann vitnaði hér rétt í þingskapagr., 32. gr.: „Brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, má ekki bera upp aftur í sömu deild á sama þingi.“ Þetta ákvæði hefur ekki verið fellt hér í deildinni, heldur hefur verið annað ákvæði samþ. í staðinn fyrir það. Hv. þm. Vestm. hafði kvatt sér hljóðs, var það um þingsköp? (**JJós:** Það var um þingsköp, já.) En ég óska þess, að flm. breyti tölunni. Hann getur haft það lítið. Ég kann ekki við þetta, ég tel það ekki ólöglegt, en ég kann ekki við það.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs rétt á eftir þm. V-Sk. og hef í rauninni ekki að segja annað en það sama sem hann sagði. Mér hafði líka komið í hug að krefjast úrskurðar hæstv. forseta á því, hvort sé samkv. þingsköpum og anda þingskapanna rétt eða leyfilegt að bera fram hér till., sem óbeint er búið að fella. Það veit maður, að hún var ekki formlega felld, en það var bara skipt um og annað samþ., sem leiddi af sér fall þeirrar upprunalegu 3% till. Maður hefur að vísu orðið var við það, að það eru ýmsir nýir siðir hér á ferðinni um meðferð mála, en ég held, að í þessu tilfelli sé það réttmæt ósk til hæstv. forseta, að hann felli forsetaúrskurð um það, hvort hér sé rétt að farið samkv. anda þingskapanna og hvort sams konar till. og búið er að víkja frá með því að samþ. aðra í hennar stað geti komið til greina aftur. Hv. flytjandi þeirrar nýju brtt.

vitnaði í ýmsa menn, sem hefðu sagt sér, að þetta mætti, og þar á meðal skrifstofustjóra Alþ. Ég vil veita forseta þessarar hv. deildar æðsta úrskurðarvald í þessu máli, eins og ég þóttist vita að hv. þm. V-Sk. líka vildi gera, og vil þess vegna taka undir ósk hv. þm. V-Sk. og biðja um forsetaúrskurð um þetta mál.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég var búinn að búa til till. með 3.5%, af því að mér fannst sjálfum, að það væri ekki viðkunnanlegt að koma aftur með 3%. En þegar skrifstofustjóri Alþ. segir mér, að það hafi alltaf verið svona og það hafi hvað eftir annað komið fyrir í Alþ., að svona till. hafi komið upp, alveg nákvæmlega sama eðlis og þessi, þá sá ég ekki ástæðu til að hafa það 3.5, heldur tók bara 3. Þess vegna er hér ekki neitt nýtt á ferðinni, og ef hv. þm. Vestm. er eitthvað að bila minni, þá hefur það a. m. k. komið tvisvar sinnum fyrir, meðan við höfum setið saman á þingi, að svona till. hafa komið upp aftur og verið teknar gildar og álitnar réttar, þannig að það er ekki neitt nýtt hér á ferðinni, heldur er það þingvenja, sem tiltölulega sjaldan er notuð, en hefur verið notuð þó. En ég skal gjarnan gera það forseta til geðs að taka upp till. eins og hún var upprunalega hjá mér með 3.5 í staðinn fyrir 3. Ef honum er það kærara, þá skal ég gjarnan gera það.

Forseti (BSt): Það hefur verið beðið um forsetaúrskurð um, hvort þessi till. fái staðizt samkvæmt þingsköpum og anda þeirra. Það er nú ekki á mínu færi beinlínis að kveða upp úrskurð um það, hvað sé andi laga, heldur hvað séu lög og þá sérstaklega hvað séu þingsköp.

Þessi ákvæði þingskapa, sem hér um ræðir, hafa tvisvar verið lesin, ég skal lesa þau enn: „Brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, má ekki bera upp aftur í sömu deild og á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni“ o. s. frv.

Hér er eingöngu bannað að bera upp till., sem búið er að fella í deild. Till. um þetta atriði, sem hér um ræðir, hefur ekki verið felld í deildinni. Þar af leiðandi er löglegt að bera þessa till. upp.

Hitt er annað mál, að ég kann illa við það að bera upp till. um að setja aftur inn í frv. það, sem hv. deild er nýbúin að breyta, og það því síður, sem á þeim fundi, þar sem þetta var gert, voru yfirleitt allir þdm. mættir, þeir sem hér á landi eru, kannske ekki við þessa atkvgr., en það hefur þá verið einhver tilviljun, því að það var samþ. frv. með 16 shlj. atkv. á þessum fundi, og það kom víðar fram. Það komu fram t. d. 10 atkv. gegn 6, þannig að 16 atkv. komu hvað eftir annað fram, þótt ekki væri um þessa tillögu.

Ég kveð upp þann úrskurð, að það er ekki ólöglegt að bera upp þessa till. og það er á valdi deildarinnar að veita afbrigði fyrir henni, ef deildinni sýnist, en ég vildi frekar óska þess, að hv. þm. breytti till. (**PZ:** Ég skal gjarnan verða við þeirri ósk og setja þar 3.5.)

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mig satt að segja undrar þessi skýring hæstv. forseta. Hann segir, að það sé ekki beinlínis búið að fella þessa till. hér í deildinni. Hver er munurinn á því að samþ. till., sem vísar einni till. frá, eða fella hana? Ég sé ekki nokkurn mun á þessu, og ég mótmæli þessu algerlega, tel þetta gersamlega ranga skýringu á þingsköpum, sem forseti hefur, ef hann heldur fast við þetta. Það er enginn munur á að fella till. eða koma með aðra, sem vísar hinni frá.

Forseti (BSt): Ég vil nú óska þess eða ég tel mig þurfa þá að fara á annan stað, ef ég á að fara að svara skætingi hér, t. d. eins og ég hafi sagt vitleysu. Hv. þm. V-Sk. er lögfræðingur, en ég ekki. En ég staðhæfði það, að till. um þetta efni hefði aldrei verið felld hér í deildinni. Hvaða munur sé á því að breyta ákvæði og setja annað í staðinn eða fella till., það veit hv. þm., þó að í þessu tilfelli sé ekki mikill efnismunur á því, enda hef ég tekið það fram, að ég kann illa við að bera þetta upp, og flm. hefur fallizt á að breyta till. En það er formlegur munur á því, og annað banna lögin, en hitt ekki. Þau banna að bera upp till., sem búið er að fella, en þau segja ekkert um það, að ekki megi setja aftur inn í frv. ákvæði, sem búið er að taka út úr frv. — Það gleður mig, að hv. þm. N-Ísf. (SB) kveður sér hljóðs um þingsköp, því að hann hefur verið forseti í hv. Nd. lengi. Það er fróðlegt að heyra, hvað hann segir um þetta.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Á það hefur verið lögð áherzla í þessu sambandi, að heimilt sé að bera þessa brtt. upp, vegna þess að hún fjalli ekki um atriði, sem hafi verið fellt. Það er rétt, svo langt sem það nær. Hins vegar er ekki hægt að ganga á snið við það, að ákvæðið hefur verið fellt niður úr greininni, svo að þarna er um að ræða bitamun, en ekki fjár. Í sjálfri brtt., sem samþ. var við síðustu umr. í hv. þingdeild í þessu máli, stendur: „2. málsliður 26. gr. l. fellur niður.“ Og hver er þá munurinn á því, að till. hafi verið felld eða hún hafi verið felld niður? Hitt er rétt hjá hæstv. forseta, að það hefur komið fyrir, að slíkar brtt., sem svipað hefur staðið á um, hafa verið bornar upp, og ég gæti ekki áfellst hæstv. forseta, a. m. k. ekki harðlega, fyrir að neita að taka til greina kröfu um, að brtt. skuli ekki borin upp. Hins vegar er það rétt, sem hv. þm. V-Sk. og hv. þm. Vestm. hafa bent á, að það er algerlega gegn anda þingskapalaganna, því að það sjá menn greinilegast á því, þegar menn bera saman bara þetta tvennt, muninn á því að fella brtt. um ákveðið atriði og að fella niður ákvæði, sem er í frv. Munurinn er svo að segja enginn. En annars er það auðvitað einfaldast fyrir hv. þingdeild að taka afstöðu til þessa hæpna atriðis í atkvgr. um afbrigði um till., hvort sem till. er borin fram eins og hv. þingmaður lýsti henni upprunalega eða hún er borin fram eins og hann er búinn að breyta henni.

Forseti (BSt): Nú hefur hv. þm. N-Ísf., sem hefur lengi gegnt forsetastörfum, látið í ljós sömu skoðun og ég, þegar ég kvað upp minn úrskurð, að það kemur ekki í bága við þingsköp að bera upp till. eins og hún er borin fram, ekki a. m. k. í bága við bókstaf þeirra. Á hinn bóginn lét ég það í ljós, að ég kynni illa við þetta, og hv. flm. till. hefur tekið það til greina, tekið till. aftur og borið fram aðra, og hún er þannig, er frá sama flm., Páli Zóphóníassyni:

„1. gr. orðist svo: Í stað „10%“ í 2. málsl. 26. gr. laganna komi: 3.5%.“

Verður sjálfsagt ekki ágreiningur um það, að þessi till. geti borizt upp. En hún er of seint fram komin og þar að auki skrifleg og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 169) felld með 7:5 atkv.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., 17. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 164, 169, 173).

Forseti (BSt): Við fyrri hl. þessarar umr. var krafizt úrskurðar forseta um brtt., sem er samhljóða brtt. á þskj. 173, þ. e. ef hún yrði samþ., yrði brtt. á þskj. 169 samhljóða þeirri brtt., sem krafizt var úrskurðar um, hvort mætti bera undir atkvæði. Ég kvað þá upp úrskurð um þetta, að tillagan mætti berast undir atkvæði, þar sem slík till. hefur ekki verið felld í hv. d. En til áréttingar þessu skal ég taka fram, vegna þess að úrskurðinn kvað ég upp án þess að hafa á nokkurn hátt búið mig undir það eða athugað málið sérstaklega, — mér virtist bara þingskapaákvæðið, sem vitnað var til, vera ótvírætt, — en ég skal bæta við, að árið 1917 féll úrskurður forseta í Nd., sem þá var Ólafur Briem, um svipað efni. Árið 1950 úrskurðaði forseti Nd. þáverandi, Sigurður Bjarnason, hv. þm. N-Ísf. um sama efni. Var þar að ræða um brtt. við frv. til jarðræktarlaga. Árið 1954 kvað forseti efri deildar, sem þá var Gísli Jónsson, upp úrskurð um þetta atriði. Var það varðandi brtt. við frv. til áfengislaga. Í öllum þessum tilfellum er niðurstaðan sú, að þótt frv. sé breytt í d., má bera fram brtt. í sömu d. um að færa frv. í fyrri búning.

Þessum úrskurðum hef ég fylgt og því fordæmi, sem þeir hafa gefið um 40 ár.

Í 32. gr. þingskapa stendur: „Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má ekki bera upp aftur í sömu deild á sama þingi.“ Hér er ekki þessu til að dreifa. Brtt. um þetta atriði hafa ekki áður verið felldar hér í hv. d. Það er sérstaklega greinilegt um úrskurð fyrrverandi forseta þessarar d., Gísla Jónssonar, að það er algerlega hliðstætt því, sem hér er um að ræða. Það var um, hvaða áfengismagn mætti vera í drykk. (**Gripið fram í:** Mun veigameiri atriði en hér er um að ræða.) Já, að vísu það. Það var gerð tilraun til þess að gera það að engu, sem við hv. þm. Seyðf. höfðum þá komið áleiðis, en tókst ekki, og var það ekki forseta að kenna, því að hann úrskurðaði, að till. mætti berast upp.

Málið liggur þá hér fyrir til framhalds 3. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég sé, að við meðferð málsins hér í hv. deild hefur verið gerð breyting á frv. í þá átt að fella niður þá lágmarkstölu, sem í frv. var upphaflega. Ég hef látið í ljós við 1. umr. í tilefni af framkominni slíkri till., að mér væri það ekkert mikið kappsmál, hvort lækkuð væri lágmarkstalan, sem í frv. var, eða jafnvel, eins og fram hefði komið, verði felld niður. En nú er komin fram till. um hækkun á þeirri lágmarkstölu, sem í frv. felst, og hún liggur nú fyrir í hv. deild, að lágmarkstalan verði ekki 3%, heldur 3½%. Mér er illa við, að lágmarkið sé hækkað, og er andvígur því, að slík breyting sé á frv. gerð. Auk þess er nú komið fast að því, að fundum þings verði frestað. Þess vegna er mér enn fremur illa við breytingu á frv. og legg því til, að lágmarkstalan verði ákveðin 3% eins og upphaflega var í þessu frv. og einróma var samþ. í hv. Nd. Yrði sú till. samþ., getur málið hlotið fullnaðarafgreiðslu frá þinginu með þessari umr. og þarf þá ekki að fara aftur til Nd. Ég legg því áherzlu á það, að úr því sem komið er, þegar till. hefur komið fram og verið hér samþ. um að fella lágmarkstöluna niður og síðan komin fram till. um að hækka lágmarkið, þá vil ég óska þess af hv. deild, að lágmarkstalan sú hin sama, 3%, sem í frv. var upphaflega, verði hér samþ. og frv. þannig afgreitt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. forseti kvað við 2. umr. upp úrskurð um það, að leyfilegt væri að bera upp aftur till. um 3% hækkun. Að vísu fór hann að gera tilraun til að bæta upp á þann úrskurð hér nú, bæta um forsendur. Ég sé ekkert við það að athuga. En rökstuðningurinn er sá sami, að vegna þess að upphaflega till. hefði ekki verið felld, þá megi bera hana upp aftur. Ég benti á, að við 2. umr. málsins var samþ. brtt. frá mér, sem vísaði þessari till. frá og var því sama sem að fella hana; hún var úr sögunni. Þar með var 3% fallið burt. Ég lít svo á enn, að úrskurður hæstv. forseta fái ekki staðizt samkv. 32. gr. þingskapa. En þetta verður að standa, við verðum að lúta þessum úrskurði. Ég hef því ekki aðra till. að gera nú en óska eftir því, að báðar þessar brtt. á þskj. 169 og 173 verði felldar. Það er það eina, sem ég teldi samboðið þessari deild, úr því sem komið er.

ATKVGR.

Brtt. 173 samþ. með 8:7 atkv.

— 169, svo breytt, samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnkalli, og sögðu

já: AG, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, KK, PZ, SE, BSt.

nei: FRV, FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

2 þm. (FS, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég kann að vísu illa við þessa afgreiðslu, en segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 179).

8. Happdrætti Flugfélags Íslands.

Á 40. fundi í Ed., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands [92. mál] (stjfrv., A. 167).

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Flugfélag Íslands réðst í það í fyrra að kaupa tvær Viscount-flugvélar, ágætar vélar, eins og mönnum er kunnugt. Þetta kostaði mikið fé. Hæstv. Alþ. hjálpaði til í þessu efni með því að heimila ríkisstj. að takast á hendur ábyrgð á verulegum hluta af kaupverðinu, en félagið lagði mjög mikið fé fram sjálft og tók á sig skuldbindingu um það að leggja fram enn meira á næstunni. Hugsunin var að selja mikinn hluta af flugvélastól félagsins til þess að mæta þessum greiðslum. M. a. var ákveðið að selja Gullfaxa og fyrirhugað að selja Sólfaxa og tvær Dakota-flugvélar til þess að greiða það fé, sem þurfti að leggja til umfram lán, sem fengist með ríkisábyrgð.

Nú hefur töluvert skipazt veður í lofti, síðan þetta var ákveðið. Erfiðleikar komu í ljós með að selja Gullfaxa, og vonbrigði urðu um verð á honum, þannig að hann er ekki enn þá seldur. Samt er ráðgert að selja flugvélina fljótlega, en búizt við lægra verði fyrir hann en í upphafi.

Við nánari íhugun hefur komið í ljós, að rekstur Flugfélagsins mundi lamast mjög við að selja Sólfaxa einnig og verða mikið tjón fyrir flugvélasamgöngurnar. Þess vegna vill félagið reyna að halda honum, ef þess væri kostur. Loks hefur einnig komið í ljós, að það mundi verða viðurhlutamikið að selja tvær Dakota-flugvélar, en önnur þeirra, sem í upphafi átti að selja, hefur þegar selst og mjög æskilegt, að félagið þyrfti ekki að selja hina.

Rétt er að taka fram, að samkvæmt því, sem forráðamenn Flugfélagsins upplýsa, hafa þeir ekki orðið fyrir vonbrigðum af hinum nýju flugvélum og vona, að þær muni skila því fé, sem fyrir þær fór.

Nú eru góð ráð dýr fyrir félagið, ef það á að geta komið þessum málum fyrir á æskilegan máta, eins og ég hef lauslega skýrt, og mun láta nærri, að félagið þurfi á að halda upp undir 15 millj. af nýju fjármagni, til þess að það gæti verið sæmilega öruggt og haldið flugvélum skv. framansögðu.

Forráðamenn félagsins hafa snúið sér til ríkisstj. í sambandi við þetta mál og stungið upp á því eða greint frá því, að þeir hafi hugsað sér að gera tilraun til þess að afla sér sjálfir peninga innanlands með því að bjóða út lán, en telja litlar líkur til þess, að þeim takist það nema með sérstökum hætti, sem vekti athygli. Og hafa þeir þá hugsað sér þetta happdrættislán.

Ríkisstj. hefur athugað þetta mál og hefur mikla samúð með þessari viðleitni félagsins til að ná sér í þetta, svo að unnt væri að komast hjá stórfelldum hnekki í rekstri félagsins, og hefur því orðið ásátt um að leggja til við hæstv. Alþingi, að Flugfélaginu verði heimilað að bjóða út þetta happdrættislán. Er það álit manna, að sérstaka löggjöf þurfi til þess að heimila þetta, ekki hægt að heimila það eins og hvert annað happdrætti. Það er ekki gert ráð fyrir neinni ríkisábyrgð í þessu sambandi, heldur aðeins að leyfa félaginu að bjóða út happdrættislán.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að minna þm. á, að við höfum átt því láni að fagna í þessu landi, að það hefur tekizt að halda uppi dágóðum flugsamgöngum, — að ekki sé meira sagt, — án þess að ríkissjóður eða hið opinbera hafi veitt nokkra styrki í því sambandi. Ég býst við, að þetta sé fágætt. Þetta hefur tekizt, og ég álít, að við eigum Flugfélaginu mjög mikið að þakka, að svona vel hefur til tekizt um þetta. Ég hygg, að það hefði ekki orðið neitt spaug fyrir ríkið, ef það hefði átt að hafa þennan þátt í samgöngunum með höndum. Þess vegna er ég mjög meðmæltur því, að á allan hátt sé hlynnt að þessari starfsemi og flugfélögunum gert mögulegt að bjarga sér sjálfum í lengstu lög. Hygg ég, að það muni vera bezt fyrir alla að koma því þannig fyrir.

Nú hefur ekki gefizt tóm til að ræða mikið um þetta mál fyrir fram, ekki verið gengið með þetta mál til kynningar milli þingflokkanna, því að aðilar voru mjög á seinni skipunum með þetta, en telja mjög þýðingarmikið, að þeir gætu farið á stað með þetta næstu daga. Hafa þeir þá ætlun að ná í jólasöluna á skuldabréfunum. Við í stjórnarráðinu höfum hraðað þessu eins og hugsazt gat, ekki nema þrír dagar, síðan það kom fyrir okkur formlega. Við höfum rætt við seðlabankann, hvort hann telji nokkuð athugavert við svona lánsútboð, og hefur hann mælt með því, að fyrir þessu yrði greitt.

Ég held, að ég hafi tekið fram aðalatriðin í málinu og vil fara fram á, að hv. þd. flýti þessu. Legg ég það á vald hæstv. forseta deildarinnar og þdm., hvort þeim finnst viðeigandi að afgr. þetta nefndarlaust eða hvort menn vilja setja það í n. Læt ég þá hæstv. forseta eftir að stinga upp á, hvaða n. það á að vera. En ef mönnum þætti eðlilegt að setja málið í n., vil ég fara fram á, að n. vinni fljótt, þannig að það gæti orðið afgr. frá hv. d. í dag, því að vonlítið gæti orðið að koma málinu nokkuð áleiðis fyrir jól, ef það verður ekki að lögum á morgun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Það er einungis vegna þeirra þm., sem ekki hafa verið hér í d., þegar rædd hafa verið happdrættismál hér áður, sem ég kveð mér hljóðs.

Ég hef alltaf verið og verð sjálfsagt alltaf a móti því að gera allt að einu happdrætti í okkar þjóðfélagi, og þess vegna alltaf á móti öllu, sem ýtir undir það að taka alla ábyrgð af manni sjálfum af sínum verkum og sínum störfum og gera þau að einu happdrætti.

Það aukast stöðugt happdrættin í þjóðfélaginu. Menn hrósa happi yfir vinningum. Síldin er komin í eitt happdrætti, útvegurinn í eitt happdrætti, og verið er að reyna að gera landbúnaðinn líka að einu happdrætti, sem allt saman á að velta á guði og lukkunni og svo ríkisstj. komi til og hjálpi upp á sakirnar.

Ég er á móti þessari stefnu og hef alltaf verið, og þess vegna greiði ég atkv. á móti þessu frv. Þetta vita allir, sem hafa verið með mér áður á þingi, því að ég hef oft sagt þetta áður. En þá, sem ekki hafa setið hér áður í d. með mér, vil ég láta heyra þessa skoðun mína.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í fyrra réðst Flugfélag Íslands í það stórvirki að kaupa tvær Vickers Viscount-flugvélar. Þær kostuðu mjög mikið fé. Hv. Alþingi ákvað þá að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir félagið um ⅔ af andvirði vélanna, en ⅓ þurfti að greiða ýmist strax eða mjög fljótlega. Félagið hafði þá gert áætlun um að selja 4 flugvélar: Gullfaxa, Sólfaxa og tvær Dakota-flugvélar.

Nú hefur þannig skipazt veður í lofti, að erfiðleikar hafa komið í ljós um að fá það verð fyrir Gullfaxa, sem áætlað var. Hann er óseldur enn þá, ætlunin að selja hann, eins og fyrirhugað hafði verið, en sýnilegt, að minna fæst fyrir hann en ráð var fyrir gert.

Við nánari athugun á flugmálunum yfir höfuð hafa forráðamenn félagsins komizt að raun um, að sala á Sólfaxa mundi verða mikið áfall fyrir flugið og félagið. Hafa þeir þess vegna einsett sér að reyna í lengstu lög að komast hjá því að selja þá flugvél. Enn fremur skilst mér, að það muni vera hæpið mjög að selja nema aðra Dakota-vélina, og mundi koma allverulega niður á innanlandssamgöngum, ef þess þyrfti.

Af þessum ástæðum á félagið mjög í vök að verjast að standa í skilum með allar þær greiðslur, sem þarf að inna af höndum út af flugvélakaupunum. Mun láta nærri, að félagið þyrfti, ef vel færi, að afla sér upp undir 15 millj. kr. nú alveg á næstunni til þess að geta staðið fullkomlega í skilum með allar greiðslur og átt áfram Sólfaxa og aðra Dakota-vélina, sem fyrirhugað var að selja.

Það er ætlun forráðamanna félagsins að reyna með einhverju móti að útvega þetta fé, og þeim hefur dottið í hug sú leið að bjóða út lán og láta happdrætti fylgja, ef þeir fengju leyfi til þess. Það er talið hæpið a. m. k. í dómsmrn., að það sé hægt að veita leyfi fyrir svona happdrættisláni, þótt heimilt sé að veita leyfi fyrir happdrættum almennt. Þess vegna þykir réttara, að Alþ. skeri úr þessu.

Nú er það vilji ríkisstj. að styðja Flugfélagið í þessari viðleitni til þess að útvega sér fé, og þess vegna er þetta frv. komið, en í því felst að heimila Flugfélaginu að bjóða út happdrættislán, þar sem vinningarnir séu farmiðar frá félaginu.

Það má telja sérstakt happ, að þannig hefur tekizt til um flugsamgöngur hér innanlands, að hægt hefur verið að halda þeim uppi, án þess að það opinbera hafi þurft að borga styrki. Má telja, að þar hafi tekizt mun betur en ástæða var til að halda, þegar byrjað var á fluginu. Þetta er að þakka myndarskap flugfélaganna, og sýnist mér rétt að styðja þau með ráðum og dáð. Vildi ég því mælast til þess, að hv. Alþ. tæki þessu frv. vel.

Nú er það ætlun þeirra, sem fyrir þessum málum ráða, að reyna að selja eitthvað af þessum skuldabréfum fyrir jólin, og er þá orðinn hver síðastur að afgr. málið. En ég skal taka fram, að það eru ekki nema eins og þrír dagar, síðan ríkisstj. fékk þetta mál á þann hátt, að það gæti fengið afgreiðslu hjá henni.

Hv. Ed. afgr. þetta mál í gegnum þrjár umr. í gær, og vildi ég leyfa mér að fara fram á það sama við hv. Nd., að það yrði afgr. gegnum þrjár umr. hér í dag. En ég legg það algerlega á vald hæstv. forseta og hv. d., hvort menn telja ástæðu til að vísa frv. til n. eða ekki.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð hæstv. fjmrh. um það, að d. taki vel þessari málaleitun, sem hér er komin fram frá Flugfélaginu í sambandi við sérstæða lántöku.

Eins og hæstv. ráðh. gat um, er félagið af ástæðum, sem hann tilgreindi, í talsverðri fjárþröng í sambandi við þau flugvélakaup, er fram fóru á s. l. vori, er keyptar voru tvær flugvélar fyrir yfir 40 millj. kr. Eins og kunnugt er, eru þessar flugvélar í ferðum milli Íslands og útlanda, en hins vegar má segja, að erlenda flugið haldi uppi innlenda fluginu. Það hefur verið talsvert rekstrartap á innlenda fluginu, en hins vegar hefur verið talsverður hagnaður af erlenda fluginu. Þess vegna eru flugsamgöngur innanlands mjög háðar flugsamgöngum til útlanda. Það hefur verið svo, frá því að flugfélögin byrjuðu hér að starfa, að þau hafa starfað án þess, að nokkur opinber styrkur kæmi til til þess að standa undir rekstri þeirra, og mun það

vera einsdæmi í nokkru landi, að það flugfélag, sem aðallega heldur uppi samgöngum fyrir hvert land, njóti ekki sérstaks ríkisstyrks til rekstrar síns.

Í raun og veru innir félagið af hendi slíka þjónustu, að allir landsmenn ættu að vera hluthafar í því, en með slíkum rekstri sem félagið hefur þarf það meira fé til sinna ráða en flest önnur félög, sem starfa í landinu.

Ég vil því eindregið mæla með, að deildin taki þessu frv. vel, og vildi beina því til hæstv. forseta, að frv. gæti gengið gegnum deildina í dag.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil taka undir meðmæli, sem fram hafa komið með þessu frv., og sé ekkert því til fyrirstöðu og mun greiða fyrir því af minni hálfu og við, okkar flokksmenn, að málið nái fram að ganga í dag. En að gefnu tilefni vildi ég spyrja hæstv. forseta, þar sem hæstv. fjmrh. lét það á vald forseta d., hvort málið yrði sett til n., hvort búið sé að breyta l. í þeim efnum, að hæstv. fjmrh. hafi á því nokkurt sérstakt vald umfram hvern einstakan þm. Orðalag hans varð ekki skilið á annan veg. Vonast ég til þess, að hæstv. forseti gefi d. leiðbeiningar um þetta. (**Forseti:** Það er ekki á valdi forseta, hvort mál er sett í n. eða ekki. Það er á valdi d.) En er það á valdi fjmrh.? (**Forseti:** Nei, en hann hefur sínar uppástungur að gera.)

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 188).

---

9. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (stjfrv.).

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [69. mál] (stjfrv., A. 114).

Á 32. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felast tvær smávægilegar breytingar á gildandi lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús eða réttar sagt því lagafrv., sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi 29. maí s. l.

Í 4. gr. þeirra laga var, eins og öllum hv. þdm. áreiðanlega er kunnugt, gert ráð fyrir því, að leggja skyldi sérstakt gjald, einnar kr. gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og tveggja kr. gjald á aðgöngumiða að dansleikjum, og skyldi gjald þetta renna óskipt í menningarsjóð og vera varið svo sem nánar var ákveðið í lagasetningu um menningarsjóð. Það var gert ráð fyrir því og tekið greinilega fram í grg. fyrir frv. og framsöguræðu og umr., sem fóru fram um málið, að svo væri til ætlazt, að öll kvikmyndahús greiddu þetta einnar kr. gjald af aðgöngumiðum af sýningum sínum, þ. e. a. s. einnig þau kvikmyndahús, sem annars njóta undanþágu frá hinum almenna skemmtanaskatti. Ég taldi þá og tel raunar enn, að 4. gr., eins og hún er orðuð, sé tvímælalaus hvað þetta snertir, enda var engum athugasemdum hreyft varðandi orðalag greinarinnar í hvorugri hv. þd., þegar málið var til umræðu, og lá alveg ljóst fyrir, að tilgangur greinarinnar væri sá, að einnig undanþágubíóin, ef svo mætti nefna þau, ættu að greiða þetta einnar kr. gjald.

Nú hefur hins vegar ein rödd borizt menntmrn. þess efnis, að þetta sé ekki alveg tvímælalaust, greininni ljúki nefnilega með þessari setningu, 4. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Um innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum.“

Á því hefur verið vakin athygli, að ef til vill mætti skilja þessa grein þannig, að undanþágubíóin ættu einnig að hafa undanþágu frá krónugjaldinu. Lögfræðingar, sem menntmrn. hefur leitað til varðandi þetta efni, telja að vísu engar líkur á því, að dómstólar mundu fella þann úrskurð á grundvelli þessarar greinar, að undanþágubíóin væru ekki skyldug til að greiða þetta gjald, enda segir svo í upphafi greinarinnar, með leyfi hæstv forseta: „Leggja skal sérstakt gjald á alla aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en kvikmyndasýningum fyrir börn.“ En engu að síður hefur mér þótt rétt að taka af öll tvímæli um þetta, og því er í frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., lagt til, að við 1. mgr. 4. gr. bætist þessi setning, með leyfi hæstv. forseta, þ. e. a. s. einnar kr. gjaldið fellur á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, sem undanþegnar eru skattgreiðslu samkv. 1. gr. Hér er sem sagt ekki um að ræða efnisbreytingu frá því, sem ráð var fyrir gert við setningu þessara laga og enginn ágreiningur var um hvernig skilja bæri hér í hinu háa Alþingi, heldur einungis að taka af hugsanlegt tvímæli um það, að undanþága frá skemmtanaskatti eigi ekki að þýða undanþágu frá þessu gjaldi.

Hin breytingin er efnisbreyting, þótt að vísu mjög smávægileg sé. Í 4. gr. var einnig gert ráð fyrir tveggja kr. gjaldi af aðgöngumiðum að

dansleikjum og heldur ekki gert ráð fyrir neinni undanþágu þar, þ. e. a. s. tveggja kr. gjaldið átti samkvæmt lögunum og á samkv. lögunum, eins og þau eru, að greiðast af aðgöngumiðum allra dansleikja. Nú hefur aftur á móti við framkvæmdina komið í ljós, að dansleikir í dreifbýlinu, sem undanþegnir eru hinum almenna skemmtanaskatti, eru oft svo fámennir og þar er oft og einatt ekki sú löggæzla til staðar, að unnt sé, nema þá með miklum kostnaði, að innheimta tveggja kr. dansleikjagjaldið af þessum dansleikjum, og á það alveg sérstaklega við dreifbýlið, en einnig við dansleiki ýmissa félaga í kaupstöðum og kauptúnum, sem fást við góðgerðar- og líknarstarfsemi, en eru gjaldskyld eins og ákvæði laganna nú eru.

Þess vegna er hér í frv. lagt til, að þau félög, sem á annað borð samkvæmt lögunum eru undanþegin skemmtanskatti skuli einnig vera undanþegin tveggja kr. gjaldinu. Það hefur komið í ljós, að efna yrði til sérstaks eftirlits til þess að geta innheimt þetta tveggja kr. gjald, og þetta eftirlit mundi í ýmsum tilfellum kosta um það bil jafnmikið og gjaldinu sjálfu næmi.

Að vísu má segja, að hinum gjaldskyldu aðilum sé skylt að kosta eftirlitið sjálfir, þannig að ríkið eða þeir aðilar, sem njóta skemmtanaskattsins, fengju sínar tekjur á þurru, en það er óeðlilegt að leggja þeim félögum, sem hér ættu hlut að máli og oft og einatt eru fámenn, en í öllum tilfellum ætla að verja hagnaði sínum til góðgerðar- og líknarstarfsemi, þann bagga á herðar að verða að kosta nokkrum hundruðum króna til að innheimta gjald, sem aðeins nemur nokkur hundruð krónum. Þess vegna er hér í frvgr. lagt til, að þetta tveggja kr. gjald skuli ekki innheimtast af þeim aðilum, sem á annað borð greiða ekki skemmtanaskatt. Hér er um litlar fjárhæðir að ræða, sem ekki skipta neinu máli fyrir þá aðila, sem tekna skemmtanaskattsins eiga að njóta, þ. e. a. s. félagsheimilasjóð og rekstrarsjóð þjóðleikhússins.

Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að hv. d. tæki vel á þessu frv., og óska þess, að því verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er ekki til að andmæla þessu frv., að ég kvaddi mér hljóðs. Ég vildi leyfa mér í sambandi við þetta mál að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti gefið deildinni upplýsingar um, hvernig hagur félagsheimilasjóðs stendur nú í dag. Eins og kunnugt er, voru gerðar miklar breytingar á þessum lögum á síðasta þingi, tekjur sjóðsins voru auknar verulega, en á móti kom hins vegar það, að mörgum aðilum var bætt við, sem áttu kröfu til sjóðsins. Þetta vorum við ýmsir deildarmenn hræddir um að mundi ganga út yfir dreifbýli, sem vissulega átti að njóta sjóðsins fyrst og fremst. En ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti gefið upplýsingar um þetta, hvernig sjóðurinn stendur núna, og ef ekki, þá að hv. nefnd aflaði sér þessara upplýsinga.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hafði ekki búið mig undir það í sambandi við umr. um þetta mál að gefa upplýsingar um hag félagsheimilasjóðs, en ég skal með ánægju gera ráðstafanir til þess, að þær upplýsingar, sem hv. þm. óskaði eftir og ég tel sjálfsagt að láta í té, liggi fyrir hv. menntmn., þegar hún tekur málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 114, n. 137).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Í fyrra voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús frá 1927. Meðal annars var í þeim breytingum lagt sérstakt gjald á kvikmyndasýningar og dansleiki, og rennur það gjald í menningarsjóð. Þetta gjald nemur 1 kr. af seldum aðgöngumiða á kvikmyndasýningar og 2 kr. á seldan aðgöngumiða á dansleik. Þó er það með þeim undantekningum, að ekkert gjald er á aðgöngumiðum að barnakvikmyndasýningum og 2 kr. gjaldið á seldum aðgöngumiðum að dansleikjum nær ekki til sveita og til kauptúna, sem hafa undir 1500 íbúa. Nokkur vafi þykir leika á því, hvort þessi gjöld eiga einnig að hvíla á sýningum, sem eru undanþegnar skemmtanaskatti skv. 1. gr. laganna, og til þess að taka af öll tvímæli um það er þetta frv. flutt.

Samkvæmt frv. er ætlazt til, að þetta gjald skuli greitt af öllum kvikmyndasýningum, þótt þær séu undanþegnar skemmtanaskatti skv. 1. gr., en breytir náttúrlega ekki hinum kvikmyndasýningunum, sem nefndar eru í 4. gr., þ. e. a. s. barnasýningum.

Um gjaldið af dansleikjunum er það að segja, að skv. frv. er ætlazt til, að það leggist ekki á þá dansleiki, sem njóta undanþágu skv. ákvæðum 1. gr. laganna, en í henni er sagt, að ráðh. hafi heimild til þess að veita undanþágu frá skemmtanaskatti, eins og þar er nánar tiltekið. Reglan verður þá þessi skv. frv., að gjaldið skal greiða af seldum aðgöngumiðum að kvikmyndum, þótt þær séu undanþegnar skemmtanaskatti skv. 1. gr. laganna, en gjaldið skal ekki greiða af dansleikjum, sem njóta undanþágu skv. heimild í 1. gr. laganna. Hér eru því tekin af öll tvímæli um þessi efni.

Menntmn. hefur athugað frv. þetta á tveimur fundum og mælir einróma með samþykkt frv. Tveir nm. hafa þó skrifað undir með fyrirvara, en það kom ekki fram á nefndarfundi, í hverju sá fyrirvari væri fólginn. Við 1. umr. þessa máls óskaði hv. þm. V-Sk. nokkurra upplýsinga um félagsheimilasjóð, og hét ráðh. því að veita slíkar upplýsingar við þessa umr. Þær upplýsingar lágu fyrir á síðari fundi n., og mun hæstv. menntmrh. væntanlega ræða um þær.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. skjóta og góða afgreiðslu á þessu frv., sem hér er nú til 2. umr.

Við 1. umr. málsins var þeirri fyrirspurn beint til mín af hv. þm. V-Sk., hvernig hag félagsheimilasjóðs væri nú varið, eftir þær ráðstafanir til tekjuöflunar, sem gerðar voru á s. l. vori. Ég gerði ráðstafanir til þess, að þessar upplýsingar lægju fyrir hv. n., eins og formaðurinn hefur upplýst að orðið hafi, en ég skal skýra hv. dm. frá því í fáeinum orðum, hvernig þessum málum er varið, þar eð gera má ráð fyrir, að hv. deildarmenn hafi áhuga á að vita staðreyndir varðandi þetta mál.

Rétt er kannske, að ég geri svolitla grein fyrir staðreyndum varðandi félagsheimilasjóðinn undanfarin ár. Fjárfesting vegna byggingar félagsheimila, frá því að félagsheimilasjóður tók til starfa, hefur verið sem hér segir, en lögin tóku gildi á árinu 1948: 1948 3.5 millj., 1949 1.9 millj., 1950 1.9 millj., 1951 1.9 millj., 1952 fer þetta mikið stökk upp á við, upp í 3.9 millj., 1953 3.7 millj., 1954 4.2 millj., 1955 5.9 millj. og 1956 annað gífurlegt stökk upp á við, upp í 9.4 millj., og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um fjárfestingu í ár í félagsheimilum um land allt, má gera ráð fyrir, að fjárfestingin í ár verði um 10 millj. kr.

Alls hefur þá fjárfesting í félagsheimilum frá stofnun félagsheimilasjóðs numið um 46 millj. kr.

Í gildandi lögum um félagsheimilasjóð er stjórn hans heimilað að veita félagsheimilum byggingarstyrk, er nemi allt að 40% byggingarkostnaðar. Fyrsta árið var svo gert ráð fyrir, að í félagsheimilasjóð rynnu 50% skemmtanaskattsins, en það var þegar á árinu 1949 rýrt ofan í 40%, og 1951 var hlutdeild félagsheimilasjóðs í skemmtanaskatti rýrð ofan í 35%, og var það — bara þessi 35% — allt þangað til á s. l. vori, að samþ. var stjórnarfrv. um, að hlutdeild félagsheimilasjóðs í skemmtanaskatti skyldi aftur aukin upp í 50%, eins og hún hafði verið fyrsta árið, sem lögin voru í gildi. En þær tekjur, sem félagsheimilasjóður hefur fengið af skemmtanaskatti, hafa frá upphafi numið sem hér segir: 1948 1.2 millj., 1949 1.2 millj., 1950 1.1 millj., 1951 1.1 millj., 1952 1.1 millj., 1953 1.3 millj., 1954 1.6 millj., 1955 1.6 millj., 1956, sem að vísu eru ekki fyllilega komin reikningsskil fyrir enn þá, verða tekjurnar þar 2 millj. Nákvæmari tölur get ég ekki nefnt, því að endanleg reikningsskil liggja ekki fyrir. Áætlunin, sem gerð hefur verið um árið 1957, en er þó varleg, nemur 2.4 millj. kr. En í sambandi við það er þess að geta, að ákvæði um hina auknu tekjuöflun koma ekki til framkvæmda fyrr en á miðju yfirstandandi ári.

Að skattstofninum alveg óbreyttum ætti að mega gera ráð fyrir því, að tekjur félagsheimilasjóðs yrðu á næsta ári 2.8 millj. kr. varlega reiknað, en þar eð gera má ráð fyrir því, að auking verði á skattinum vegna aukinnar mannfjölgunar og slíkra atriða, auk þess sem búast má við, að skattstofninn gefi nokkru meiri tekjur vegna minnkandi undanþáguákvæða, mun óhætt að gera ráð fyrir því, að hlutdeild félagsheimilasjóðs á næsta ári verði ekki undir 3 millj. kr.

Á árinu 1956 hefði sjóðurinn þurft að hafa yfir að ráða 4.7 millj. kr. til þess að geta styrkt allar félagsheimilabyggingar með 40% framlagi, en hafði aðeins yfir að ráða um 2 millj. kr. En miðað við það, að fjárfestingin verði 10 millj. kr. á yfirstandandi ári, er augljóst, að til þess að geta greitt 40% styrk af byggingarkostnaði, þyrfti sjóðurinn að hafa yfir að ráða um 4 millj. kr. En kunnugir telja, að fjárfestingin á árunum 1956 og á yfirstandandi ári sé óvenjulega mikil, enda tekur hún stökk úr 5.9 millj. 1955 upp í 9.4 millj. 1956 og er áætluð 10 millj. kr. núna, þannig að svo mikil fjárfesting sé algerlega óvenjuleg og ekki þurfi að reikna með henni framvegis, þar eð óþarfi sé að miða tekjuöflunaráætlanir handa félagsheimilasjóði við svo mikla fjárfestingu.

Stjórn félagsheimilasjóðs, eða íþróttafulltrúi fyrir hennar hönd, gerði á s. l. vori áætlun um, að reikna mætti með árlegri fjárfestingu í félagsheimilum á næstu árum um talsvert árabil um 7 millj. kr. á ári. Þá áætlun hefur hann enn endurnýjað eða staðfest í bréfi nú. Miðað við það, að eðlileg fjárfesting í félagsheimilum verði á næstunni um 7 millj. kr., er sá hámarksstyrkur, sem gert er ráð fyrir úr félagsheimilasjóði, 2.8 millj. kr. á ári, en einmitt við þessa tölu voru þær ráðstafanir miðaðar, sem gerðar voru á s. l. ári, þegar félagsheimilasjóði voru tryggðar a. m. k. 2.8 millj. kr. árlegar tekjur með því að fá honum aftur helming af skemmtanaskatti, og má þó raunar gera ráð fyrir því, að tekjurnar verði heldur meiri.

Það mun óhætt að gera ráð fyrir því, eins og ég gat um áðan, að tekjur af skemmtanaskatti 1958 og framvegis, ef ekki verða gerðar lagabreytingar í aðra átt, verði aldrei undir 6 millj. kr., þannig að hlutur félagsheimilasjóðs ætti að geta orðið ekki minni en 3 millj. kr. En með því móti er séð fyrir árlegum þörfum hans framvegis. Hitt er síðan annað mál, að vegna þess að undanfarin ár hefur hlutdeild félagsheimilasjóðs í skemmtanaskattinum verið of lítil, óeðlilega lítil, miðað við upphaflegar fyrirætlanir, þá er um að ræða byggingar, sem eðlilegt er að styrkja til viðbótar því, sem þegar hefur verið unnt að gera, þannig að þær geti einnig fengið styrk, er nemi um 40% af sínum byggingarkostnaði. Hvernig fram úr því máli verður ráðið endanlega, vil ég ekki um fullyrða núna, aðeins láta þess getið, að nú virðast málefni félagsheimilasjóðs vera komin í það horf, að tekjur hans standi undir eðlilegri árlegri fjárfestingu í félagsheimilum. Vonir standa til þess, að tekjurnar verði meiri en sem því nemur, þannig að unnt verði sem allra fyrst að inna af hendi þær greiðslur, sem stjórn félagsheimilasjóðsins og ég tel bráðnauðsynlegt að inna af hendi sem allra fyrst, þ. e. a. s. greiðslur til þeirra aðila, sem enn hafa ekki fengið 40% styrk vegna byggingarkostnaðar sinna félagsheimila.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. 2. þm. Árn. og ég skrifuðum undir nál. um mál þetta með fyrirvara, og var það tekið fram í n., að út af fyrir sig hefðum við ekki við þá leiðréttingu að athuga, sem stjórnarfrv. fer fram á.

Fyrirvarinn miðast við það, að við erum ekki sammála þeirri tekjuöflun, sem ákveðin var á síðasta þingi um fjáröflun til vísindasjóðs o. fl. Þá var svo ákveðið, að leggja skyldi aukagjald á alla aðgöngumiða kvikmyndahúsa og enn fremur á dansleiki. Þessi ákvæði virðast ekki hafa verið nægilega skýr, og er þetta frv. flutt til staðfestingar á þeim skilningi, sem ráðuneytið hefur haldið fram að réttur væri, en ekki verið viðurkenndur af öllum aðilum. Sem sagt þetta frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins um að gera þessi ákvæði skýrari og staðfesta þann innheimtu-„praksis", sem hafður hefur verið, og út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Fyrirvarinn miðar að hinu.

Í sambandi við þetta vil ég minnast á það, að nú hefur verið lagt fram frv. í Nd. á þskj. 133, flutt af hv. 1. þm. Reykv., sem miðar að því að breyta fjáröflun í þessu skyni, eins og gerð var grein fyrir á síðasta þingi, og skal ég ekki fara út í það mál frekar hér, en aðeins taka þetta fram til skýringar á þeim fyrirvara, sem ég og hv. 2. þm. Árn. gerum.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi hag félagsheimilasjóðs. Það er að vísu erfitt að grípa svona tölur, sem lesnar eru upp. En mér skilst þó, að æði mikið fé vanti, til þess að hægt sé að fullnægja þörfum sjóðsins. Að vísu sagði hæstv. ráðh., að hann byggist við, að tekjur sjóðsins eftir aukninguna mundu fullnægja árlegri þörf sjóðsins. En ég vil þá leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi þá reiknað með þeirri viðbót, þeirri stórfelldri fjölgun aðila, sem eiga kröfu á hendur sjóðsins nú, eða hvort hann á eingöngu við það, eins og það var áður, þ. e. félagsheimilin aðallega í dreifbýlinu. Það skiptir vitaskuld miklu máli, hvort það er aðeins hin árlega þörf sjóðsins eftir byggingum í dreifbýlinu, eða hvort það nær einnig til þeirrar miklu fjölgunar, sem var ákveðin á síðasta þingi. Ef hæstv. ráðh. getur upplýst þetta, þætti mér vænt um það.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég bað íþróttafulltrúa, sem fer með framkvæmdastjórn félagsheimilasjóðs, um að segja ráðuneytinu sína skoðun á því, hver yrði þörf fyrir fé úr félagsheimilasjóði skv. lögunum, eins og þau eru nú, þ. e. a. s., hvernig hann vildi áætla fjárfestingu til félagsheimila á næstu 5 árum að meðaltali skv. núgildandi reglum, sem gilda um rétt til sjóðsins. Hans svar um þetta efni var: 7 millj. kr. — Nú er þetta að vísu áætlun hjá honum, sem ég vil ekki gera of mikið úr og veit, að hann vill ekki heldur láta gera of mikið úr, en hygg þó, að hann hafi byggt á reynslunni undanfarin 5 ár og kynnt sér þær fyrirætlanir, sem uppi eru í hinum ýmsu héruðum og kaupstöðum um byggingu félagsheimila. Slíkar tölur eru auðvitað ágizkun einber, og ég vil ekki upp úr því leggja of mikið. Þetta var samt sem áður það, sem maður hafði við að styðjast, þegar ráðstafanir til tekjuöflunar voru gerðar á s. l. vori. Og miðað við þessar áætlanir ætti, eins og ég sagði áðan, núverandi tekjuöflun að duga til að standa undir árlegum framkvæmdum.

Hitt er svo óleyst mál, svo að ég segi það aftur, hvernig á að ráða fram úr þeim vandkvæðum, sem fjárskortur um undanfarin ár hefur skapað. En það er í rauninni annað mál.

Að síðustu vil ég svo aðeins geta þess, að aldrei hafa verið uppi till. um að ætla félagsheimilasjóði meiri hlut af skemmtanaskatti en helming, en 50 af hundraði, enda kæmist þjóðleikhúsið ekki af með minna en það hefur nú, þ. e. hinn helminginn. Það þyrfti því, ef reynsla næsta árs eða næstu ára sýndi, að væntanleg fjárfesting yrði meiri en umræddar 7 millj., og Alþ. væri reiðubúið til þess að styðja slíkar framkvæmdir með sama hætti og undanfarið, að gera sérstakar fjárveitingarráðstafanir til að efla félagsheimilin. Og ég tel raunar, að hér sé um svo ágætar framkvæmdir að ræða, að það komi sannarlega til athugunar, ef reynslan sýnir, að fjárfesting verður áfram jafnmikil og hún hefur verið s. l. 2 ár. En það er mál, sem bíður síns tíma og reynslan verður að skera úr um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 39. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var þar afgr. með samhljóða atkvæðum samkv. meðmælum hv. menntmn. Í því felast tvær smávægilegar breytingar á gildandi lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Sú fyrri lýtur að því, að tekin séu af öll tvímæli um það, að gjald það, sem lagt var með lögum á s. l. vori á kvikmyndasýningar, skuli greiðast af öllum kvikmyndahúsum, þ. e. einnig af þeim, sem að öðru leyti njóta undanþágu frá skemmtanaskatti. Það kom greinilega fram í greinargerð frv. þá og í umr., sem um málið urðu, að þetta nýja gjald ætti að greiðast af öllum kvikmyndasýningum, og ég hafði gert ráð fyrir því, að orðalag laganna um þetta væri algerlega ótvírætt. Ég tel að vísu enn, að svo sé. Þó hefur verið látinn í ljós vafi á, að orðalagið sé nógu skýrt, og er því hér lagt til, að tekin séu af öll tvímæli um þetta. Ef þetta frv. er samþykkt, gerist því það eitt,

að því er slegið algerlega föstu, sem þingheimur gerði ráð fyrir, þegar lögin voru afgreidd á sínum tíma.

Hv. sjálfstæðismenn í menntmn. Ed. höfðu fyrirvara um afstöðu sína til málsins. Sá fyrirvari laut að því einu, að þeir væru andvígir þessu nýja gjaldi, en ekki að hinu, að það væri eðlilegt eða væri í samræmi við upphaflegan tilgang lagasetningarinnar, að þetta gjald væri innheimt af öllum kvikmyndasýningum.

Hitt atriðið lýtur að því, að með lagabreytingunni í fyrra var lagt tveggja kr. gjald á dansleiki. Var svo gert ráð fyrir í frv., að þetta nýja gjald skyldi innheimtast af öllum dansleikjum, einnig af þeim, sem undanþegnir eru skemmtanaskatti, og það hefur komið í ljós við athugun, að það að innheimta þetta nýja gjald eitt af þeim aðilum, sem annars njóta undanþágu undan skemmtanaskatti, mundi verða of fyrirhafnarsamt og of kostnaðarsamt. Að vísu mundi innheimtukostnaðurinn falla á þá aðila, sem dansleikina halda, en það þykir ekki sanngjarnt að leggja slíkan kostnað á þessa aðila, þar sem hann mundi í sumum tilfellum nema meiru en þessu nýja tveggja kr. gjaldi næmi. Þess vegna er þörf á að breyta frv. í þá átt, að þetta gjald skuli ekki innheimtast af slíkum dansleikjum, sem að öðru leyti eru undanþegnir skemmtanaskatti. Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að hv. þingdeild afgr. þetta mál sem fyrst og að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég verð að vísu að láta uppi nokkra undrun yfir því, að lagabreytingu þurfi að gera til þess að taka af öll tvímæli um það, sem hæstv. ráðh. segir að sé tvímælalaust. Það getur ekki þurft að gera það að nýju, sem búið er að gera. Ef það er tvímælalaust, þá er ástæðulaust að setja þessa löggjöf, og út af fyrir sig væri þá fróðlegt að heyra, hver hefur dregið í efa þann tvímælalausa skilning, sem hæstv. ráðh. segir að á þessu sé. En látum það vera. Út af fyrir sig er það þá hans mál að setja tvenn lög um hið sama. En það, sem ég vildi aðallega benda á, er það, að ég tel eða vil beina því til hv. nefndar, sem málið fær til meðferðar, að hún afgreiði þetta mál ekki fyrr en hún hefur tekið afstöðu til þess frv., sem ég hef borið fram og ég hygg að sé einnig á dagskrá nú og vonast til þess að verði afgreitt til nefndar.

Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að í fyrra hafi verið meiri hluti í þessari hv. deild fyrir því að leggja ekki þetta gjald á kvikmyndahúsin. Ég hygg, að ég sé ekki mikill huglesari, þótt ég segi, að t. d. hæstv. forseti þessarar deildar var því mjög andvígur að velja þá leið, sem valin var í þessu efni, og vildi miklu heldur fallast á þá till., sem aðrir báru fram, að afla teknanna fyrst og fremst með sérstökum hluta af áfengisgróðanum. Þá fékk hann ekki þeim vilja sínum fram komið fyrir ofríki hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. Nú hef ég þá trú, að sjálfstæði hans og dugur hafi svo hressts, að hann muni nú fylgja því, sem hann veit betur, hæstv. forseti, og hans félagar verða með þeirri breytingu, sem fram er borin. A. m. k. vil ég vænta þess, að hv. nefnd kanni það til hlítar, hvort meiri hluti er fyrir þeirri grundvallarbreytingu, sem lögð er fram, áður en smábreytingin er tekin til ákvörðunar, sem hæstv. menntmrh. leggur til.

Nú vildi ég raunar einnig í þessu sambandi óska upplýsinga um afstöðu hæstv. menntmrh. til þess, hvort hann sé að athuguðu máli ekki fáanlegur til að stuðla að því að létta gjaldinu af kvikmyndahúsunum og taka hinar nauðsynlegu tekjur frekar af áfengisgróðanum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 114, n. 177 og 183).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðasta þingi voru sett lög um breytingar á lögunum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, þess efnis, að lagt var krónugjald á ýmsar kvikmyndasýningar og dansleiki og því varið til menningarmála. Þeir embættismenn, sem framfylgja þessum lögum, hafa talið nauðsynlegt að gera frekari breytingar til skýringar á ákvæði, sem ég hygg að hafi verið ljóst öllum hv. þm., a. m. k. þeim, sem að málinu stóðu, og þess vegna er þetta frv. fram komið.

Meiri hl. menntmn., sem hefur fjallað um málið, mælir með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um orðalagsbreytingu eða öllu heldur skýringu á efni 4. gr. l. um skemmtanaskatt, en þetta efni er, eins og hv. þdm. hafa heyrt, mjög umdeilt.

Það er þessi grein, sem kveður á um, að sérstakt gjald skuli lagt á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og enn fremur sérstakt gjald á aðgöngumiða að dansleikjum.

Í fyrra, þegar þessi frumvörp voru til afgreiðslu í hv. Alþ., var rækilega á það bent, bæði af hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og minni hl. menntmn., að það væri mjög óviðfelldin fjáröflunarleið til tiltekinna menningarmála að leggja skatt á aðra menningarmálastarfsemi, kvikmyndasýningarnar. Bent var á, að mun heppilegra væri að taka þetta fé af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins, ekki endilega á þann hátt, að tekið væri fé af þeim gróða, sem áætlaður er og kemur fram hvert ár, heldur jafnvel að lagt væri aukagjald á hverja áfengisflösku, sem seld væri. Væri það mun heppilegra á allan hátt en leggja aukagjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum. Sök sér væri, þótt héldist aukagjaldið á aðgöngumiða að dansleikjum.

Nú var þetta frv. eins og hin tvö frumvörpin, um menningarsjóð og vísindasjóð, sem þetta ákvæði átti að kveða á um fjáröflun til, knúið gegnum þingið með miklum hraða á mesta annatíma þess s. l. vor, og óhætt er að fullyrða, að þm. hafi ekki gefizt nægilegur kostur á að kynna

sér nákvæmlega þær tillögur, sem minni hl. menntmn. bar fram.

Nú liggja aftur fyrir frumvörp um breytingu á þessum fjáröflunarleiðum. Samtímis því á að afgreiða þetta frv. um breyt. á 4. gr. skemmtanaskattslaganna. Minni hl. menntmn. þykir það mjög óviðfelldin vinnubrögð að knýja í gegn þessa breytingu, þótt hún sé ekki viðamikil, án þess að fyrst sé tekin afstaða til þeirra frumvarpa, sem miða að efnisbreytingu á þessari grein. Þess vegna hefur minni hl. n. ekki tekið afstöðu til þessa frv. En ég vil eindregið leggja til, að hlutazt verði til um það, að menntmn. hv. d. afgreiði frumvörpin, sem hér voru til umr. áðan, áður en gengið er frá þessu frv., sem hér liggur fyrir. Þá væri hægt að kanna það, hvort þingmeirihluti væri ekki raunverulega fyrir því að fella burt þessa óviðfelldnu fjáröflunarleið að skattleggja aðgöngumiða að kvikmyndasýningum. Í staðinn kæmu þá tekjur af áfengissölunni eða aukagjald á selt áfengi.

Það er óþarfi að ítreka það frekar en gert hefur verið, hve óheppilegt er að víkja frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið, að almenningi sé mjög auðvelt að sækja kvikmyndasýningar. Hefur verið séð til þess, að verið gæti lágt verð á aðgöngumiðum. Óþarft er að gera efnalitlu fólki erfiðara fyrir um að senda börn sín og unglinga til að sækja svo meinlausar og oft menntandi skemmtanir sem kvikmyndasýningar eru.

Ég vil leggja til, að afgreiðslu þeirra mála, sem voru hér til umr. áðan, verði hraðað í hv. menntmn. og þetta frv. verði ekki tekið til fullnaðarafgreiðslu í d., fyrr en svo hefur verið gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, EOl.

nei: IngJ, JPálm, JS, PO, SÁ.

KJJ, ÓB, RH, BBen greiddu ekki atkv.

12 þm. (JóhH, KGuðj, LJós, MJ, ÓTh, PP, ÁkJ, BÓ, EystJ, GÍG, GÞG, HV) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, EOl.

JPálm, JS, KJJ, ÓB, PO, RH, SÁ, BBen, IngJ greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (KGuðj, LJós, MJ, ÓTh, PP, ÁkJ, BÓ, EystJ, GÍG, GÞG, HV, JóhH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, EOl.

nei: RH.

ÓB, BBen, JPálm, JS, KJJ greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÓTh, PO, PP, SÁ, ÁkJ, BÓ, EystJ, GÍG, GÞG, HV, IngJ, JóhH, KGuðj, LJós, MJ) fjarstaddir.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, GÞG, HÁ, PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, EOl.

JóhH, JPálm, JS, KJJ, ÓB, PO, RH, SÁ, BBen greiddu ekki atkv.

11 þm. (HS, HV, IngJ, KGuðj, LJós, MJ, ÓTh, PP, ÁkJ, BÓ, GÍG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 194).

---

10. Kosningar til Alþingis (stjfrv.).

Á 34. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis [73. mál] (stjfrv., A. 123).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, FS, KK, BSt.

SÓÓ, GTh, JK greiddu ekki atkv.

5 þm. (SB, FRV, FÞ, HermJ, JJós) fjarstaddir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Vegna forfalla hæstv. dómsmrh. vil ég fylgja þessu frv. úr hlaði með fáeinum orðum fyrir hönd ríkisstj., sem stendur að þessu máli.

Eins og menn vita, eru tvenn kosningalög, um sveitarstjórnarkosningar annars vegar og alþingiskosningar á hinn bóginn. Helztu ákvæðin eru í lögunum um kosningar til Alþingis, en mjög víða er svo til þeirra vísað í lögum um kosningar til sveitarstjórna. Þessi lög um kosningar til Alþingis eru frá 1942, og voru þá sett mörg nýmæli í lög um þetta efni. Nú má teljast eðlilegt, að endurskoða þurfi löggjöf eins og þessa af og til, enda hefur reynslan leitt í ljós ýmsa agnúa á þessum lögum, sem full ástæða væri til þess að sníða af þeim.

Árið 1955 var sett n. til þess að íhuga kosningalögin, og sú n. hefur ekki lokið störfum. En frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að fá breytt nokkrum ákvæðum kosningalaganna, sem mönnum virðist reynsla undanfarinna ára bendi ótvírætt til að eðlilegt væri að lagfæra. Þykir þá ekki ástæða til þess, að lagfæring þeirra atriða bíði eftir því, að álit komi um endurskoðun kosningalaganna í heild, — en hitt eðlilegra, að setja nú í lög þessar breytingar. Það skal tekið fram, að þær breytingar, sem hér eru ráðgerðar og stílaðar eru við lögin um kosningar til Alþingis, mundu einnig gilda um kosningar til bæjar- og sveitarstjórna, og þykir mönnum eðlilegt einmitt, að þetta frv. gæti fengið afgreiðslu nú, til þess að þessar endurbætur á kosningatilhöguninni gætu komið til framkvæmda í þeim bæjarstjórnarkosningum, sem eiga nú bráðlega að fara fram.

Ég skal þá víkja að þessum breytingum. Þær eru ekki mjög víðtækar, og það er um mjög fá

atriði að ræða, og þau eru þannig vaxin, að hv. alþm. eiga áreiðanlega mjög létt með að átta sig á því, sem upp á er stungið, og taka afstöðu til þess.

Það er þá fyrst, að gert er ráð fyrir að setja það inn í lögin, að sá, sem greiðir atkv. utan kjörfundar fyrir fram, greini það, svo greinilega sem honum er unnt, hvar hann muni verða staddur á kjördegi, og færi ástæður fyrir því, að hann vill greiða atkv. fyrir fram, og að þessar ástæður skuli færðar til bókar. Þetta virðist alveg eðlilegt til þess að auðvelda eftirlit með, að ekki sé misnotaður réttur manna til þess að greiða atkv. fyrir fram, ef þeir gera ráð fyrir að verða staddir fjarri heimili sínu á kjördegi. En eins og mönnum er kunnugt, þá er það þannig, að atkv. manns, sem hefur neytt atkvæðisréttar síns fyrir fram, er ógilt, ef sannast, að hann sé staddur innan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem hann stendur á kjörskrá, þegar kosning fer fram. Það þykir alveg eðlilegt að lögleiða þetta til þess að reyna að stuðla að þeirri framkvæmd þessa lagaákvæðis, sem löggjafinn hefur ætlazt til, sem sé að fyrirframkosningar eigi sér ekki stað, nema menn ætli raunverulega að vera fjarri heimili sínu á kjördag og þurfi þess.

Þá er næst, að í lögunum, eins og þau eru núna, eru skýr ákvæði um, hvenær kjörfundir skuli hefjast. En í framkvæmdinni hefur það orðið mjög óljóst, hvenær kjörfundir skuli enda. Hefur það í framkvæmdinni orðið þannig, að sums staðar hafa kjörfundir náð fram á nótt og kosningum því í raun og veru alls ekki verið lokið sjálfan kjördaginn. Þetta er mjög óviðkunnanlegt og með öllu ástæðulaust, og geri ég ráð fyrir því, að það hljóti að vera fullt samkomulag um að breyta þessu, því að það er vitaskuld vorkunnarlaust að ljúka öllum þessum kosningum sjálfan kjördaginn. Það er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þessa sjálfsögðu breytingu, en aðeins vil ég taka það fram, að það hefur orðið villa við undirbúning málsins á síðasta stigi þess, og hún er í því fólgin, að till. ríkisstj. er sú, að lokað verði kjörfundinum kl. 23, en það stendur 22 í frv. Þessi villa hefur orðið í málinu, og fer stjórnin fram á, að hv. nefnd, sem tekur þetta mál til meðferðar, taki þessa breytingu upp frá henni eða þá að stjórnin mun sjálf flytja brtt. um þetta. Þetta bið ég hv. þingdeildarmenn að taka strax til íhugunar.

Þá er, að það hefur mjög mikið verið að því gert, að umboðsmenn frá flokkum og listum hafa setið á kjörfundunum, eins og sjálfsagt er, til þess að fylgjast með kosningunni, og þá hefur þessum umboðsmönnum verið falið að skrifa niður, hverjir neyta kosningarréttar síns. Hafa svo þessar upplýsingar verið notaðar til þess að fylgjast ýtarlega með því, hverjir hafa greitt atkv. og hverjir ekki, og þá til þess að ýta á það með öllu móti, að þeir greiði atkv., sem ekki hafa neytt kosningarréttar síns.

Mönnum sýnist það vera alveg óeðlilegt og það stuðli ekki að neinu lýðræðislegra sniði á kosningunum, að þetta sé haft á þessa lund, og því er lagt til hér, að það sé ekki heimilt að skrifa á kjörfundinum sjálfum, hverjir greiða atkv., og eru um þetta ákvæði í 3. gr. þessa frv.

Þá er nýmæli um meðferð kjörskránna, eftir að kosningu lýkur, og á það að vera til þess að tryggja, að það sé ekki hægt eftir á að grúska í kjörskránum til þess að skoða, hverjir hafi setið heima og ekki neytt atkvæðisréttar síns, því að það sýnist engin ástæða til þess, að slíkt sé mögulegt, ef hægt er að fyrirbyggja það, þar sem það á að vera einkamál manna, hvort þeir kjósa eða ekki.

Í núgildandi kosningalögum eru talsverð ákvæði um það, hvað teljast skuli óleyfilegur kosningaáróður. Þeim, sem standa að þessu frv., sýnast þessi ákvæði þurfa að vera nokkru fyllri en þau eru núna og að sett væru ný ákvæði, sem miðuðu að því að fríða sem mest sjálfan kjördaginn fyrir áróðri eða takmarka hann á þær lundir, sem tiltækilegt þykir. En það, sem hér er stungið upp á í þessa stefnu, er að setja það í lög, að áróður á sjálfan kjördaginn á kjörstaðnum og í næsta nágrenni kjörstaðarins sé óleyfilegur, þannig að bannað sé að hafa uppi flokksmerki t. d. á kjörstaðnum og áróður þar eða í næstu húsum og næsta nágrenni. Þetta vænti ég að menn geti sameinazt um.

Loks er svo ákvæði um, að banna skuli allar merkingar á bílum eftir flokkum og listum á sjálfan kjördaginn og notkun gjallarhorna í áróðursskyni. Þetta sýnist líka vera algerlega eðlilegt ákvæði. Það er ákaflega hvimleitt, að fólk dragist í dilka við flutninga til kjörstaðarins og allt sé fullt af bifreiðum með flokksmerkjum á sjálfan kjördaginn, en á allan hátt miklu virðulegra og eðlilegra, að þessu sé hætt og menn starfi að þessum málum án þess að hafa svo mikinn áróðursblæ sem er á öllum þessum bílamerkingum og því, sem í sambandi við það stendur. Enn fremur sýnist vera sjálfsagt að banna áróður í gjallarhorn og önnur slík tæki á sjálfan kjördaginn.

Allt er þetta, sem hér er stungið upp á í þessa átt, aðeins miðað við sjálfan kjördaginn, til þess að kosningarnar geti farið virðulegar fram en mögulegt er með þeim hætti, sem nú er á hafður.

Loks eru svo ákvæði, sem fela í sér hækkun sekta fyrir brot á kosningalögunum, og það er í samræmi við breyttar ástæður, síðan þau voru sett.

Ég vil svo leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari 1. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Alþingi hefur nú setið að sinni um tveggja mánaða skeið, og ég held, að það sé sannmæli, að bæði þingheimur og alþjóð hafi beðið með nokkurri óþreyju eftir því, að eitthvað kæmi af stórum og merkum málum frá hæstv. ríkisstj. En hingað til hefur lítið á því bólað, og elztu þingmenn hér segjast ekki minnast þess, að slík málefnafátækt og úrræðaleysi hafi fyrr verið á þingi frá hendi ríkisstjórnar, enda hefur það verið svo hér dag eftir dag í deildum þingsins, að málefni hafa vart verið til frá stjórnarinnar hendi eða meiri hlutans, og hafa forsetar haft nokkrar áhyggjur af því stundum. En a. m. k. mun það réttur og almennur dómur, að mjög

hafi skort á alla forustu frá hendi ríkisstj. þessa tvo mánuði og algert úrræðaleysi um öll hin meiri háttar mál. Það er þá helzt nú fyrir helgina, að svolítið heyrðist frá stjórninni, þar sem hún kunngerði það öllum landslýð, að í því máli, sem hún hefur talið sitt stærsta mál, sé hún gersamlega klofin og tveir stjórnarflokkanna telji það næstum því landráð meira að segja að ræða um það stefnuskrármál þeirra, að varnarliðið skuli fara úr landi, en einn stjórnarflokkurinn telur nauðsyn, að það fari sem allra fyrst.

En nú virðist sem hæstv. ríkisstj. hafi loksins fundið sitt stóra mál, og hún virðist hafa orðið sammála um það að leggja þetta mikla frv. um breytingar á kosningalögum fyrir Alþingi nú, og svo mikið þykir liggja við, að það er tekið á dagskrá hér með afbrigðum til 1. umr., án þess að þdm. hafi átt þess nokkurn kost einu sinni að lesa frv. yfir áður, því að því er útbýtt á þessum sama fundi.

Nú skyldi maður ætla, að hér væri um mjög stórt og merkilegt mál að ræða, sem markaði þá stórt spor í stjórnmálasögu landsins. En það er margt, sem kemur manni nokkuð undarlega fyrir sjónir, og skal ég aðeins drepa á örfá atriði þess.

Fyrst er þess að geta, að 13. apríl árið 1954 var samþ. þál. í Sþ. um að kjósa 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar. Þessi nefnd var svo kosin þá rétt á eftir, 7 manna nefnd, og hefur hún því setið að störfum nú í tæp fjögur ár. Menn skyldu því ætla, að að því færi að draga, að hún skilaði áliti og tillögum um endurskoðun kosningalaganna. En mér vitanlega hefur ekkert heyrzt frá nefndinni enn þá. Ég vil taka það fram, að það er fleira mishermt eða rangt í þessu frv. heldur en það, sem hæstv. fjmrh. gat um, því að í grg. segir, að árið 1955 hafi verið kosin n. á Alþingi, en það var árið 1954.

En hvernig stendur nú á því, að ekki er þá beðið *eftir tillögum þessarar mþn.*, sem Framsfl. hefur formennsku í? Hvers vegna er ekki beðið eftir því, að hún skili þá heildartillögum eða einhverjum einstökum till. í þessu máli? Einhverjar sérstakar ástæður hljóta að liggja til þess, að stjórninni þykir svo mikið við liggja, að hún vaknar nú svo skyndilega af því værðarmóki, sem yfir henni hefur verið þessa tvo mánuði þingsins, og telur nú líf liggja við, að kosningalögunum sé breytt. Hæstv. ríkisstj. á kannske eftir að skýra, hvernig á því stendur, að þessar tilteknu breytingar eru svo ákaflega aðkallandi.

Að vísu var búizt við því, að eftir vafalaust margra vikna þóf innan ríkisstj. og stjórnarflokka væri hér lögð til ein meiri háttar breyting, þ. e. a. s. *heimild fyrir flokka*, sem ekki geta komið sér saman um annað en að lýsa því yfir, að þeir ætli að vinna saman eftir kosningar, að atkvæði þeirra skuli reiknuð sem eitt. En jafnvel um það hafa þeir ekki getað orðið sammála, a. m. k. bólar ekkert á því í þessu frv. Í samningatilraunum stjórnarflokkanna að undanförnu mun það hafa verið eitt aðalatriðið að koma á slíkum kosningabandalögum. En á það er sem sagt ekki minnzt í frv.

Eitt aðalatriði þessa máls mun vafalaust vera það að lögbjóða, að kjörfundi skuli slíta og loka kjörstað kl. 22 á kjördag. Nú kemur það að vísu fram í framsöguræðu hæstv. ráðh., að þetta sé allt saman misskilningur, það hafi alls ekki verið meiningin að loka kjörfundi kl. 22, heldur kl. 23, og má vera, að fleira sé missagt í þessum ræðum, sem kemur þá fram síðar við meðferð n. eða í meðferð þingsins.

Nú vil ég taka fram, að ég er einn þeirra, sem telja algerlega ástæðulaust, að kjörfundi sé haldið áfram fram eftir nóttu, og tel eðlilegast og í rauninni eðlilegastur skilningur á núgildandi kosningalögum, að kjörfundi sé slitið á miðnætti, þegar kjördagur er liðinn.

Ég hefði talið mjög eðlilegt, ef talinn hefur verið vafi á því, hvernig ætti að skilja kosningalögin að þessu leyti, að því yrði alveg slegið föstu og það gert skýrt, að kjörfundi skuli ljúka, þegar kjördagur er á enda, þ. e. a. s. kl. 24 á miðnætti.

Rökin fyrir hinu fæ ég ekki fullkomlega skilið, hvers vegna það á að vera nauðsynlegt að ljúka kjörfundi kl. 23 eða kl. 22, eins og upphaflega hefur verið í frv. En þetta virðist vera mikið áhugamál einhverra aðila, og fást væntanlega í meðförum málsins skýringar á því, hvað þar liggur sérstaklega á bak við.

Önnur ákvæði í þessu frv. eru í fyrsta lagi það, eins og segir í 3. gr., að það er óheimilt að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði eða hverjir greiða ekki atkvæði. Ég verð að segja, að mér finnst þetta nú harla — ef ég má nota það orð — „ójúridiskt“ orðalag, og veit nú ekki almennilega, hvernig á að túlka það í framkvæmd, þegar farið yrði að kæra mann til refsingar, ef hann hefði leyft *sér að skrifa hjá sér nafn einhvers* manns, sem væri búinn að kjósa. Þetta er orðað svo almennt: Óheimilt er að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði eða hverjir greiða ekki atkvæði, — og eru lagðar refsingar við og þær þyngdar stórum frá þeim refsiramma, sem er í gildandi lögum. Líklega mun nú hugsunin, sem er á bak við þetta, vera sú, að óheimilt sé umboðsmönnum listanna eða frambjóðendum að skrifa niður á kjörfundinum sjálfum, hverjir kjósa, en ákaflega er orðalagið allt saman óljóst og sýnir, að mjög hefur verið kastað höndum til samningar þessa frv.

Enn fremur segir í 8. gr. frv., að það varði refsingu allt að 4 þús. kr., ef maður safnar saman upplýsingum eða gefur öðrum upplýsingar um það, hverjir hafi kosið á kjördegi. Það er sem sagt orðið refsivert, ef einn maður, sem veit til þess, að annar hafi kosið, skýrir þriðja manni frá því. Vafalaust vakir þetta ekki fyrir hæstv. ríkisstj., en þannig er frv. samið, að ef það yrði samþ. *eins og það liggur fyrir*, má enginn maður skýra öðrum manni frá því skriflega né munnlega, hvort þessi eða hinn sé búinn að neyta atkvæðisréttar síns, að viðlögðum háum sektum.

Ef sú hugsun er á bak við þetta allt saman, sem ég býst við að sé, þá er a. m. k. nauðsynlegt að gera gagngera breytingu á orðalagi þessara greina beggja, 3. og 8. gr.

Þriðja atriðið, sem virðist lögð á áherzla í þessu, er sú að banna að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, og mun tilgangur vera sá, eins og segir í grg., að halda sem mestum friði um kjördaginn, — hvernig sem hæstv. ríkisstj. tekst að tryggja það í framkvæmd að öðru leyti að halda miklum friði í sambandi við kosningar og kjördag, — en það má vel vera, að þetta yrði til einhverra bóta, að flokksmerki og merki lista yrðu ekki sérstaklega höfð á sjálfum kjörstaðnum, og sé ég ekki, að það sé neitt við það út af fyrir sig að athuga.

Þá er enn fremur bannað að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir. Það er harla einkennilegt ákvæði, að á kjördag má í því kjördæmi ekki hafa nein auðkenni á bifreiðum. Hvað þýðir þetta? Ég býst við, að hugsunin, ef einhver hugsun er á annað borð á bak við þetta, sé sú, að flokksmerki og merki lista eigi ekki að hafa þar. En að gefa almennt bann að viðlagðri refsingu við því að hafa bara nokkurt auðkenni á bíl á kjördag, — ja, strangt tekið ætti líklega að framkvæma það þannig, að það yrði að taka númerin af bílunum og annað það, sem kynni að auðkenna bifreiðarnar.

Ég bendi á þessi atriði m. a. til þess að sýna, hversu feikilega er kastað höndum til samningar þessa frv., og það er alls ekki sæmandi einni ríkisstj. að leggja svona hrákasmíð fyrir Alþingi.

Nú skulum við segja, að það væri aðaltilgangur þessa frv. að friða kjördaginn, eins og hæstv. ríkisstj. kallar það, og vernda kjósendur og þá leynd og frið, sem á að vera um kosningarréttinn, eins og segir í grg. Hvers vegna er þá ekki skrefið stigið lengra og beinlínis ákveðið með lögum að banna alla bílanotkun og alla smölun á kjördag? Það er ekki gert með þessu. En það væri þó vissulega nokkuð róttækt skref, sem mundi miða eitthvað í áttina til að friða kjörstaðina. Ég sé ekki í frv., að í þá átt sé gengið. En ef ákvæði þessa frv., sérstaklega um það að banna umboðsmönnum listanna að skrifa, hverjir neyta kosningarréttar síns, eru hugsuð þannig, að það eigi að skapa mönnum meiri frið og koma í veg fyrir kosningasmölun svokallaða, þá held ég, að þetta sé algerður misskilningur. Ég held einmitt, að þetta mundi verka öfugt.

Nú mun það vera þannig og hefur verið um langan aldur hjá öllum stjórnmálaflokkum, að þeir hafa reynt eftir föngum að fylgjast með því jafnóðum, hverjir neyta atkvæðisréttar síns, og þegar líður á kjördaginn, munu kosningaskrifstofur allra flokka gera einhverjar ráðstafanir til þess að reyna að fá þá fylgjendur sína á kjörstað, sem ekki hafa neytt atkvæðisréttar síns. Þannig hefur það nú verið í áratugi.

Ef bannað er að fylgjast með því, hverjir eru búnir að kjósa, skilst mér, að afleiðingin hljóti að verða sú, að kjósendur verða fyrir miklu meira ónæði, vegna þess að þessar kosningaskrifstofur hafa þá ekki hugmynd um, hverjir eru búnir að kjósa, og senda þá vafalaust sína fulltrúa eða kosningasmala eða hverju nafni menn vilja kalla þessa starfsmenn eða fyrirgreiðslumenn til hinna og þessara og í mörg hús, þar sem búið er að kjósa. Ég held þess vegna, að hér sé um algera hugsanavillu að ræða; ef tilgangurinn er sá að losa bæði hús og heimili og kjósendur við þetta ónæði, sem stafar af hinum svokölluðu kosningasmölum, þá muni þetta verka alveg öfugt.

Ég vildi nú strax við þessa umr. benda á þessi atriði málsins, en að sjálfsögðu verða þau og önnur athuguð nánar í þeirri n., sem fjallar um það, og þá við síðari umr. málsins. En ég vil endurtaka það, að ég tel það mjög eðlilega breytingu á framkvæmd, að kjörfundi sé slitið á miðnætti, og teldi, að út af fyrir sig þyrfti ekki lagabreytingu til þess, væntanlega mundi nægilegt, að ríkisstj. eða dómsmrn. beindi því til kjörstjórnanna, að þessi skilningur væri eðlilegastur á gildandi kosningalögum.

En að lokum vil ég segja, að mér þætti ákaflega fróðlegt að fá upplýsingar um það líka, hvað líður starfi þeirrar mþn., sem fyrir tæpum fjórum árum var falið að endurskoða kosningalögin.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég gáði nú þess satt að segja ekki, þegar ég bað um orðið, að ég er í allshn., sem fær málið til meðferðar, og hefði þess vegna getað sparað mér að segja nokkuð núna. En það eru tvö atriði, sem mig langar til að minnast á.

Annað er það, að ég held, að 4. gr. geti ekki staðizt, eins og hún er. Það eru nokkuð mörg kjördæmi, þar sem sýslumenn koma ekkert við yfirkjörstjórninni. Það verður að vera sá gangur á því þar, að kjörskrárnar sendist ekki til sýslumanna. Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur ekkert að gera með kjörskrárnar úr Vestur-Ísafjarðarsýslu. Það fer um það til yfirmanns kjörstjórnarinnar þar. Og sýslumaðurinn á Akureyri hefur ekkert að gera með kjörskrárnar úr Eyjafjarðarsýslu. Það er yfirkjörstjórnin, sem þarf að fá þær. Þess vegna held ég, að það þurfi að breyta allri greininni á þann hátt að láta senda kjörskrárnar með atkvæðakössunum innsiglaðar til yfirkjörstjórnarinnar og hún eigi að fá þær, en ekki sýslumennirnir. Þetta var annað.

Og hitt, sem ég vildi benda á, var það, að ég held, að það vanti tilfinnanlega í þetta frv., úr því að verið er að breyta lögunum, ákvæði, sem gera það að verkum, að allir menn geti neytt síns kosningarréttar, en eins og lögin eru núna, þá er það ekki. Það eru búnar til á tveimur ólíkum tíma ársins kjörskrár, aðrar fyrir hreppsnefndarkosningar og hinar fyrir alþingiskosningar, og menn, sem flytja á milli kjördæma á milli þess tíma, sem skrárnar eru samdar, missa kosningarréttinn á öðrum hvorum staðnum, en aðrir geta kosið á tveim stöðum. Þetta held ég þurfi að athugast líka, þegar nú er verið að endurskoða þessi lög. — En sem sagt, ég gáði ekkert að því, þegar ég bað um orðið, að ég er í n., sem fær þetta til meðferðar, og skal þess vegna ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég held það þurfi að bæta inn í ákvæðum hér að lútandi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. (GTh) tók fram. Hann sagði, að Alþ. hefði setið í tvo mánuði og menn myndu ekki jafnviðburðalítið

þing. Það er nú vitaskuld ekkert nýtt, að Alþ. starfi nokkuð langan tíma þannig, að ekki sé þar mjög margt til meðferðar af stærstu málum á þingfundum. Það vitum við allir, að oft hefur komið fyrir áður og er ekki nema alveg eðlilegt. Þetta er þegar verið er að undirbúa afgreiðslu stærri málanna. Þá er venjulega fátt af þeim til meðferðar á sjálfum þingfundunum. Ég hirði ekki að fara nánar út í þetta, því að það mun bera nánar á góma næstu daga að sjálfsögðu, þetta um vinnubrögð þingsins o. s. frv.

Hv. þm. talaði um, að ríkisstj. mundi hafa vaknað af þessu værðarmóki til þess að koma þessu máli á flot, sem hér er verið að tala um. Það er nú vafasamt fyrir hv. þm. og aðra, sem svipað hugsa eins og hann, að álykta sem svo, að stj. sofi, þó að hlé verði á stórmálum á Alþingi. Við höfum reynslu fyrir því, að slík hlé þurfa ekki að vera neinn vottur um svefn í stjórnarherbúðunum. En þetta skýrist náttúrlega allt á sínum tíma um meðferð stærri málanna.

Þá vék hv. þm. að nokkrum einstökum atriðum í frv., og ég skal ekki fara langt út í það. Ég skal aðeins minnast á tvennt. Hann sagðist álíta eðlilegt, að það væri hætt kjörfundi kl. 24 og lokið kosningum á kosningadaginn sjálfan, en ekki sjá rökin fyrir því að loka kjörfundi kl. 23. En þau eru rök til þessa, að það er gert ráð fyrir því, að þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þennan tíma, kjósi, og ef menn ætla að ljúka sjálfum kosningunum á kosningadaginn sjálfan, verður að hafa þennan hátt á.

Þá sagði hv. þm., að það væri mjög óljóst ákvæði hér um bann við því að merkja bifreiðar, því að það væru bönnuð flokksmerki eða önnur einkenni á bifreiðum, og hélt máske, að það leiddi svo af þessu, að menn yrðu að taka einkennisbókstafina af bifreiðunum á kosningadaginn. En vitanlega er þetta fjarri öllu lagi og mun ekki valda neinum vandkvæðum, því að hér er vitanlega átt við, að það sé bannað að setja flokksmerki eða önnur sérstök einkenni. En engum hefur sjálfsagt dottið í hug, að það væri bannað að hafa á bílunum einkennisnúmerin, svo að ég held, að hann þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hingað til hefur stefnan jafnan verið sú, þegar breytt hefur verið kosningalögum, að auðvelda kjósendum sem mest að neyta atkvæðisréttar síns. Með þessu hefur verið reynt að tryggja það sem bezt, að lýðræðinu væri fullnægt. Allar breytingar, sem gerðar hafa verið á kosningalögunum, hafa hnigið í þessa átt. Allt annað hefur þótt ósamboðið lýðræðishugsjóninni.

Með frv. því, sem lagt er hér fyrir hv. d., er stefnt í þveröfuga átt. Hér er farið fram á að þrengja rétt kjósenda til þess að neyta atkvæðisréttar síns. Hér er með öðrum orðum sporið stigið aftur á bak frá því, sem verið hefur til þessa. Afleiðingin getur auðveldlega orðið sú, að fjöldi kjósenda verði sviptur atkvæðisrétti sínum.

Ég tel þessa aðferð gersamlega ósæmilega í lýðræðisþjóðskipulagi og ósamboðið að sýna elzta löggjafarþingi heims slíkt mál sem þetta.

Í 2. mgr. 2. gr. þessa frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 2 á kjördegi. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.“

Hæstv. ráðh. leiðrétti að vísu þetta: kl. 22, og sagði, að meiningin væri sú, að það ætti að slíta kl. 23. Ég fagna þessu út af fyrir sig, að hæstv. ríkisstj. hefur séð, hvílíkt glapræði hún var að fara út á, og viljað þó leiðrétta að einhverju leyti.

Hæstv. ríkisstj. gefur skýringu við þessa grein í athugasemdum, og þar segir svo:

„Þetta mundi í framkvæmd verða þannig, að útidyrum kjörfundarhúss yrði lokað kl. 22,“ — þ. e. kl. 23, nú eftir skýringu hæstv. ráðherra, — „og þeir, sem þá væru komnir inn í húsið, gætu kosið.“

Þetta, komnir inn í húsið, þýðir auðvitað það, að þeir séu komnir inn í anddyri hússins. Varla mega þessir menn fara alla leið inn þangað, sem kjördeildirnar starfa, þó að þeir vilji það gjarnan, til þess að geta fengið að neyta atkvæðisréttar síns. En nú vitum við það, að anddyri kjörfundarhúsa eru venjulega mjög lítil og rúma fáa. Lokið dyrunum, segir þá hæstv. ríkisstj. Það er hennar stefna. Enda þótt tugir, jafnvel hundruð kjósenda standi utan dyra, þá skal dyrunum lokað og þeir sviptir atkvæðisrétti, sem utan dyra standa og ekki komast inn í húsin.

Mér finnst þetta ekki samboðið lýðræðislandi. Mér finnst, að það sé skylda Alþingis að auðvelda kjósendum sem allra mest að unnt er að neita atkvæðisréttar síns. Ég fyrir mitt leyti hefði ekkert við það að athuga, þó að fyrirskipað væri í lögum, að slíta skyldi kjörfundi kl. 12 á miðnætti. Í raun og veru tel ég alveg sjálfsagt að gera það. Þá er kjördagurinn liðinn. Og venjan er sennilega sú, að þetta sé gert. En þó hygg ég hitt hafi komið fyrir, að kjörfundur hafi staðið eitthvað fram yfir kl. 12 hér í Reykjavík. En að banna kjörfund kl. 10 að kvöldi eða jafnvel þó að það sé 11, sem nú er ætlazt til, það finnst mér ósæmilegt með öllu.

Ég mun ekki á þessu stigi málsins ræða ýmis önnur atriði í frv. Mér sýnist í fljótu bragði sem þau sýni flest sömu einkennin, þau einkenni, að hæstv. ríkisstj. sé hrædd, hún óttist dóm kjósenda. Þess vegna vill hún takmarka þeirra rétt til þess að neyta atkvæðisréttar síns. Það er einræðis- og ofbeldisstefna, sem hér teygir sig fram enn á ný.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er satt að segja ekki svaravert þetta, sem hv. þm. V-Sk. sagði, í fyllstu merkingu þeirra orða. Hann sagði, að þetta væri ofbeldisstefna, sem kæmi fram í frv., og talaði yfirleitt eins og maður, sem hefur óráð eða talar upp úr svefni. Hann reyndi ekki að færa nokkur rök fyrir þessum gífuryrðum sínum önnur en þau, að það væri gert ráð fyrir því, að kjörfundi skyldi ljúka kl. 23 að kvöldi, í stað þess sem margir álíti nú, að það sé skylt að ljúka honum klukkan 24, sem sé á sjálfan kosningadaginn. Það er þá þetta,

sem hv. þm. leyfir sér að kalla þessum þokkalegu orðum, sem hann viðhafði um málið og ríkisstj. í því sambandi. Þó er gert ráð fyrir því, að þeir, sem hafa mætt fyrir 23, geti greitt atkvæði. Nú vita það auðvitað allir, að það er gersamlega vorkunnarlaust að hafa lokið kjörfundi fyrir þennan tíma, og yfirleitt hefur kjörfundum víðast hvar verið lokið löngu fyrir þennan tíma. En það er aðeins í nokkrum bæjum, ef það er þá nokkurs staðar nema í Reykjavík, sem sá háttur hefur verið uppi hafður, að kjörfundur hefur staðið áfram langt fram á nótt, og það finnst víst þessum hv. þm. sérstaklega eftirsóknarvert, að kjörfundurinn standi langt fram á nótt, til þess, að því er manni helzt skilzt, að það sé hægt að brölta á heimilum manna um nætur til þess að elta þá til að taka þátt í kosningum. Það er lýðræðishugsjón þessa hv. þm., að slíkt geti haldið áfram.

Hvernig í ósköpunum ætti það að vera í anda einræðis og ósamboðið lýðræðishugsjóninni að banna áróður á sjálfan kosningadaginn, á kjörfundinum eða í næsta nágrenni kjörfundarins, að banna flokksmerkingar á bílum og að banna það, að menn sitji inni á kjörfundinum sjálfum og skrifi upp, hverjir kjósa, til þess að geta svo haft afskipti af því, hvort menn kjósa eða ekki? Hvernig í ósköpunum þetta getur talizt ósamboðið lýðræðishugsjóninni og ganga í þá átt að gera kjósendum torveldara fyrir en ella að neyta atkvæðisréttar síns og hvernig í ósköpunum þetta getur heimfærzt undir ofbeldisstefnu, það er gersamlega ofar mínum skilningi, og því segi ég það, að mér fannst þessi hv. þm. tala eins og hann talaði upp úr svefni hér áðan og a. m. k. fullkomlega meira af kappi en forsjá.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það má nú segja, að það líti út fyrir, að hæstv. ríkisstj. sé farin að taka viðbrögð, þegar höfð eru þau vinnubrögð, að mál eins og þetta er lagt fram prentað frv. á sama þingfundinum og það er tekið fyrir — með afbrigðum náttúrlega. Hæstv. ríkisstj. veit, að hún hefur nægt atkvæðamagn til þess að gera þetta, og skirrist ekki við að láta kné fylgja kviði.

Ég verð nú að segja fyrir mig, að ég er ekki búinn að lesa svo yfir þetta mál, sem ég sé fyrst í dag, að ég geti áttað mig á öllum atriðum þess og sízt af öllu á tilganginum. En hann er þó augljós, m. a. af því, hvaða viðbrögð hæstv. ríkisstj. hefur til að koma málinu á framfæri.

Hæstv. fjmrh. hefur verið að tala hér um „kl. 23“ í sambandi við eitt ákvæði í frv., þar sem um ræðir, hvenær megi slíta kjörfundi eða eigi að slíta kjörfundi. Það stendur nú skýrum stöfum í 2. gr., síðari málsgreininni, í því prentaða máli, að honum skuli ekki vera slitið síðar en kl. 22 á kjördag. Klukkan 22, það er klukkan 10 að kvöldi, skilst mér. En svo er hæstv. ráðh. að tala um kl. 23. Ég veit ekki, hvaðan það kemur eða hvort — (**Forseti:** Hann leiðrétti það í framsöguræðunni.) Að það eigi að vera 23, eigi að lesast 23? (**Forseti:** Já.) Nú, það verður þá sennilega leiðrétt í nefnd. En fyrir skömmu, — ég hlustaði nú ekki á sjálfa framsöguræðuna hjá hæstv. ráðh., — en í einni af hans ræðum komst hann svo að orði, þegar hann var að mæla á móti því, að kjörfundur stæði til 24 eða til miðnættis, að ef menn ætluðu að kjósa á kjördag, þá yrðu þeir að kjósa fyrir þann tíma. Nú vitum við allir, að samkvæmt málvenju er dagurinn ekki liðinn, kjördagur stendur til kl. 12 að kvöldi eða klukkan 24, svo að mér finnst eiginlega sjálfsagt, að það sé haft þannig, að það megi ekki slíta síðar en klukkan 12, ef tilgangurinn er að láta kjósendur hafa heimild til þess að nota kjördaginn. Hann er ekki liðinn fyrr en kl. 12, það vita menn. Og þeir, hvort það er hæstv. ráðh. eða hverjir aðrir, sem vilja stytta kjördaginn, hvort það er um einn klukkutíma eða tvo klukkutíma, eins og virðist hafa verið tilgangurinn fyrst, eru með því berlega að þrengja rétt kjósendanna til að nota sitt atkvæði. Hvort sem tíminn er styttur, hvort það er um hálftíma eða tvo tíma eða einn tíma, eins og hæstv. ráðh. vill, þá er það ómótmælanlegt, að með því er gengið á rétt kjósenda um að nota sitt atkvæði.

Hæstv. ráðh. hneykslaðist mjög á því, að hv. þm. V-Sk. (JK) taldi, að hér væri verið með spor í einræðisátt. Ja, það er ekki svo mikið til að hneykslast á, vegna þess að meðferð málsins og málið sjálft ber það með sér, að það er verið að þrengja rétt kjósenda og torvelda þeim aðgang að því að nota sinn atkvæðisrétt. Það er ekki hægt að komast hjá því, og þó að hæstv. ráðh. fyrtist svo mjög við það, sem hv. þm. V-Sk. sagði í þessu efni, þá ber málið það sjálft með sér, að það er spor aftur á bak í þessu efni hvað kosningafrelsi og lýðræði snertir, eins og hv. þm. V-Sk. tók fram.

Það getur vel verið, að þetta sé mikið nauðsynjamál í augum einhverra stjórnarherra í þessu landi. En hæstv. stjórn getur ekki kippt sér upp við það, þó að á það sé bent, að það eru kynleg vinnubrögð, þegar situr nefnd undir forustu sjálfs aðalstjórnarflokksins, undir forustu Framsfl., er búin að sitja í þó nokkur ár til að endurskoða eitthvað þessa löggjöf, að þá sé hlaupið til á þennan hátt, sem gert er af sama hæstv. flokki og undir forustu hæstv. fjmrh., til þess að gera þessar breytingar, sem hér liggja fyrir og eru sýnilega þær að torvelda einhverjum kjósendum aðgang að því að nota sinn atkvæðisrétt. Það getur vel verið, að hæstv. stjórn finni til þess, að eitthvað þurfi að umbæta í kosningalögunum, en hún ætti þá að láta þann mann, sem er í nefndinni, er hefur endurskoðun kosningalaganna til meðferðar, og er þeirra eigin flokksmaður, fá skipun um að leggja fram þá allsherjar endurskoðun, sem Alþingi hefur ætlazt til að færi fram og Framsfl. ber ábyrgð á að ekki liggur enn þá fyrir. Í stað þess er farið á stað með þetta mál, sem sýnilega er til að þrengja rétt kjósendanna og að því leyti til alveg réttmætt það, sem hv. þm. V-Sk. sagði hér. Hitt getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. finni til þess og stjórnarflokkarnir núna, að þeir eiga eftir að gera einhverja yfirbót á þeirri misnotkun kosningalaganna, sem þeir höfðu við síðustu kosningar og í krafti hvers þeir náðu saman meiri hluta í þinginu, og að það sé hin vonda samvizka hæstv. stjórnarflokka, sem knýr

þá til að vera nú með þetta mál og tala um umbætur á kosningalögunum.

Forseti (BSt): Út af því, sem hv. þm. Vestm. minntist á meðferð málsins, vil ég taka það fram, að það er í fyrsta lagi algerlega löglegt, það sem hér hefur farið fram, að málið er tekið fyrir, og þar að auki er það ekkert óvenjulegt, að mál hefur verið tekið fyrir með leyfi hv. d. á sama fundi og frv. er útbýtt. Ég vil benda á, að það kom ekkert mótatkvæði gegn því, að málið væri tekið fyrir á þessum fundi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 135 og 149, 138).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Allshn. hefur á fundi sínum athugað frv., sem fyrir liggur. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Var einn þm., hv. þm. V-Sk. (JK), andvígur frv. í heild og mun hann skila séráliti.
Meiri hl. n. leggur hins vegar til, að frv. verði samþ. með nokkrum minni háttar breytingum. Eru brtt. þær á þskj. 135 og þarfnast ekki mikilla skýringa.
Sú fyrsta er þess efnis, að í stað orðanna „frambjóðendur og umboðsmenn framboðslista" í síðari efnismálsgr. 1. gr. frv. komi: frambjóðendur og umboðsmenn þeirra eða framboðslista.
Önnur till. er aðeins um breytt orðalag á 3. gr.
Í þriðju till. er því bætt inn í 4. gr., að kjörstjórn skuli senda kjörskráreintök, sem notuð hafa verið við kosningu, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar.
Fjórða og fimmta till. eru aðeins um það, að í stað „önnur auðkenni" í 5. og 6. gr. komi: önnur slík auðkenni.
Loks er í sjötta lið lagt til, að síðari efnismálsliður 8. gr. frv. verði felldur niður.
Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt. meiri hl. n., þær skýra sig í raun-inni sjálfar. — Einn nm., hv. 11. landsk. þm., var fjarverandi og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég býst við, að hæstv. forseta sé kunnugt um, að það er á leiðinni nál. frá minni hl. allshn. Ég kann ekki við það, að málið sé rætt hér og tekið til fullnaðarmeðferðar hér við þessa umr., án þess að nál. liggi fyrir, og ég óska þess, að hæstv. forseti hinkri nokkrar mínútur eftir nál., svo að hægt sé að halda áfram á þinglegan máta hér.

Forseti (BSt): Þegar ég frestaði fundinum áðan, var það með tilliti til þess, að nál. frá hv. minni hl. allshn. var ekki komið, og að ég tiltók klukkan hálfþrjú, að fundurinn ætti að hefjast, var sökum þess, að þá var mér lofað því, að þetta nál. yrði komið, og nú hefur hv. d. samþ. þau afbrigði, að málið megi takast fyrir.
Nú á ég von á nál. á hverri stundu, og er nú að vísu leiðinlegt að fresta fundi hvað eftir annað, en það skal þó verða tekið til greina, þar sem það er ósk hv. þm., og fundi frestað til klukkan þrjú. Þá vona ég að nál. verði komið.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir þá sanngirni, sem hann sýndi hér áðan að fresta fundi í nokkrar mínútur, til þess að öll þskj. gætu legið fyrir. Annars eru vinnubrögðin í sambandi við þetta frv. með eindæmum. Þegar málið er lagt hér fram, er það óðara sett á dagskrá til 1. umr., án þess að mönnum gefist tími til þess að lesa frv. og því síður að kanna innihald þess í sambandi við kosningalögin. Svo er málið knúið áfram í n. með miklum hraða, án þess að nokkur veruleg athugun væri á því gerð. Þó er frv. sjálft úr hófi flausturslega samið og ýmis ákvæði þess svo úr garði gerð, að það er nánast hlægilegt að *setja slíkt í löggjöf*.
Hv. meiri hl. allshn. hefur reynt að sníða verstu gallana af frv. Þetta er virðingarvert út af fyrir sig, en engan veginn fullnægjandi, því að vegna þeirrar stefnu, sem frv. markar, verður það alltaf óskapnaður.
Hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir segja, að tilgangurinn með þessu frv. sé sá að reyna að skapa frið um kjördaginn. Allir, sem nokkuð þekkja til, hljóta að viðurkenna, að með frv. er einmitt stefnt í þveröfuga átt, enda vita allir, að tilgangurinn með frv. er ekki sá að skapa meiri frið um kjördaginn. Hann er allt annar. Tilgangurinn er sá að torvelda kjósendum að neyta atkvæðisréttar síns. Það er ótti við dóm kjósenda, sem hér gægist fram. Þess vegna er á allan máta reynt að torvelda mönnum að neyta atkvæðisréttar síns, m. ö. o., eins og ég gat um þegar við 1. umr., er hér stefnt í einræðisátt, og ég tel þetta gersamlega ósamboðið lýðræðisþjóðskipulagi.
Ég hef gert nokkuð ýtarlega grein fyrir afstöðu minni í nál. á þskj. 149. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara í gegnum það ýtarlega, því að það liggur frammi hjá hv. dm.
Ég hef einnig leyft mér að flytja brtt. við 2. gr., að í stað þess, að kosningu skuli slitið klukkan 23, komi kl. 24, þ. e. a. s., að kjördagurinn sé látinn renna út, þegar kosningu er slitið, sé ekki verið að klípa aftan af honum.
Hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar ræða mikið um frið í sambandi við þetta frv., og þeim friði hyggjast þeir ná með því að takmarka kosningarréttinn, takmarka rétt kjósenda, sem láta í ljós vilja sinn við almennar kosningar. Vafalaust kysi hæstv. ríkisstj. helzt að ganga skrefi lengra. Hún kysi að banna stjórnmálaflokka, hún kysi að færa sig inn í ríki kommúnistanna, þar sem allir stjórnmálaflokkar eru bannaðir og allar umr. um stjórnmál, nema það sé í anda ríkisstjórnanna. Þetta er það, sem gægist hér fram. Þá er skammt yfir í ríki kommúnistanna, en þetta er máske stefnan.
Ég mun ekki hafa þessi orð fleiri. Eins og ég gat um, tel ég ýmsar þær brtt., sem hv. meiri

hl. flytur á þskj. 135, standa til bóta, en þær nægja vitaskuld ekki til þess að gera frv. þannig úr garði, að það geti talizt aðgengilegt. Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Forseti (BSt): Hv. þm. V-Sk. (JK) sagði í upphafi ræðu sinnar, að meðferð þessa máls væri með eindæmum, og færði það m. a. til, að það hefði verið tekið á dagskrá sama daginn og frv. var lagt fram.

Hv. þm. veit það vel, að þetta er ekki rétt, að það sé með nokkrum eindæmum. Þetta er þvert á móti ákaflega venjulegt, þegar líður að þinghléi eða þinglausnum, að stjórnarfrv. eru gjarnan tekin á dagskrá sama daginn og þau eru lögð fram. Því höfum við báðir oftsinnis verið vitni að og báðir stutt þau mál undanfarið.

Ég mótmæli því algerlega, að svo miklu leyti sem ég kann að eiga þessar ádeilur, að ég hafi beitt neinu ofbeldi sem forseti í þessu máli. (JK: Ég ásaka ekki hæstv. forseta.) Ja, fyrir að taka frv. á dagskrá, skilst mér.

Friðjón Þórðarson: *Herra forseti. Ég var svo* óheppinn að vera fjarverandi s. l. mánudag. Hélt ég nú satt að segja, að það væri óhætt að fá frí einn dag, og uggði ekki að mér, að slíkur fjörkippur mundi færast í störf d. þennan eina dag, sem ég var fjarverandi.

En það var nú svo. Að kvöldi þess dags var búið að leggja fram frv. til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis og ekki nóg með það, heldur búið að vísa því til n. Finnst mér í þessu efni vera gerð meiri krafa til hv. allshn. Ed. um, að hún hristi þetta frv. fram úr erminni á minna en einum sólarhring, heldur en þeirrar n., sem kosin var fyrir mörgum árum til þess að endurskoða kosningalögin í heild, en ekki er farin að skila áliti enn. Hygg ég, að rétt væri að spyrja um, hvað dveldi fulltrúana í þeirri nefnd.

Mér hefur ekki gefizt kostur á að líta á nál. minni hl. allshn. fyrr en nú, að ég rétt renndi yfir það augunum, eftir að það var lagt fram, en þá hafði fundi verið tvífrestað, til þess að það næði því að verða lagt fram nú. En ég verð að lýsa því yfir strax, að ég er að meginefni til alveg sammála hv. þm. V-Sk., bæði um það, er segir í nál. hans, og einnig um þá brtt., sem hann hefur borið fram á þskj. 138.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á einni gr. í nál. hv. þm., en þar segir:

„Við setningu stjórnarskrár og kosningalaga undanfarna áratugi hefur það jafnan verið stefna og tilgangur löggjafans að gera kjósendum auðveldara fyrir um að neyta atkvæðisréttar síns, bæði á þá lund að rýmka kosningarréttinn frá því, sem áður var, og fremur hvetja menn og örva til þess að neyta hans heldur en að gera það torveldara.“

En ég hygg, að það, sem lesið verður út úr þessu frv. við fljótan yfirlestur, gangi allt í þveröfuga átt, og það álít ég illa farið.

Ég vil því aðeins lýsa því yfir, að ég mun styðja brtt. hv. þm. V-Sk., því að ég álít, að það sé ekki farið fram á of mikið, þó að kjósendum sé leyft að neyta kosningarréttar síns, þessa mikilvæga og dýrmæta réttar, til loka kjördags.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Það má að sjálfsögðu lengi deila um það, hvaða tímatakmörk skuli setja um lok kjörfundar. Það mál er þess eðlis, að ekki er óeðlilegt, að sitt sýnist hverjum. En hitt held ég að flestir séu sammála um, að óheppilegt sé, að kjörfundur standi fram á næsta dag eftir kjördag, en slíkt hefur, svo sem kunnugt er, átt sér stað, bæði hér í Reykjavík og sjálfsagt í öllum eða flestum stærri kaupstöðum landsins undanfarið.

Með ákvæðum hins nýja frv. er gert ráð fyrir, að þessi háttur falli niður, og tímamarkið er sett kl. 23, þó þannig, að þeir, sem þá hafa gefið sig fram til kosningar, fái að kjósa.

Frá mínu sjónarmiði er þetta eðlilegt og skynsamlegt, þótt öðrum kunni að sýnast á annan veg þar um.

Víða erlendis og það hjá viðurkenndum lýðræðisþjóðum er kosningu lokið miklu fyrr að kvöldi en hér er gert ráð fyrir. Þannig mun það vera, að því er mér er tjáð, bæði í Bretlandi og Vestur-Þýzkalandi, að þar er kosningu lokið kl. 8 að kvöldi, að vísu hefst kosning þar kl. 8 að morgni, í stað þess að hér hefst hún kl. 10. En þar stendur kosningin tólf klst., en hér er gert ráð fyrir, að hún geti staðið 13 klst.

Bæði Bretar og Vestur-Þjóðverjar eru viðurkenndar lýðræðisþjóðir, og mun engum detta í hug að vilja bera löggjafarþingum þessara þjóða á brýn ofbeldi í þessu sambandi, þótt þar sé við haldið löggjöf á þennan veg.

Ég tel, að öll rök bresti fyrir þeim fullyrðingum, að frv. þetta miði að því að taka upp óhæfilegar takmarkanir á kosningafrelsi. Slíkar staðhæfingar falla um sig sjálfar, enda þótt ekkert sé eðlilegra en að sitt geti hverjum sýnzt um þessi tímatakmörk. Mig furðar ekki á því, þó að menn séu ekki allir sammála um þau. E. t. v. mundu sumir vilja hafa þarna skemmri tíma og aðrir lengri.

Áróður og smölun á kosningadaginn er í mínum augum til mikilla lýta á yfirbragði kosninganna, og ég tel rétt, að úr þessu verði dregið, eins og frv. miðar að. Það má einnig deila um það, hversu langt skuli ganga í þeim efnum, og hefur að sjálfsögðu hver sín sjónarmið þar um.

En það er skoðun mín, að hver maður eigi að ráða því sjálfur, hvort hann neytir kosningarréttar síns eða ekki, og hann eigi að hafa frið um sínar ákvarðanir um það. Það er að sjálfsögðu einkamál hvers og eins, hvort hann neytir atkvæðisréttar, á sama hátt og það er einkamál hvers og eins, hverjum hann ljær atkvæði sitt.

Frumvarpsákvæðin miða því að þessu leyti í rétta átt, þótt e. t. v. megi, eins og ég sagði áðan, deila um það, hversu langt skuli í þessu ganga. En ég álít, að það sé alrangt hjá hv. þm. V-Sk., að nokkur rök séu fyrir því að halda því fram, að frv. sé sett til þess að torvelda kosninguna af ótta við kjósendur. Slíkar fullyrðingar eru naumast svaraverðar frekar en það, að með þessu frv. sé stefnt í einræðisátt, eins og hann hafði orð um. Mér nægir um þetta að vísa

til þess, er ég lét hér getið áðan um þessar tvær þjóðir, sem láta kosningu ljúka kl. 8 að kvöldi, og enginn hefur talað um, svo að ég viti, að þær séu bendlaðar við einræði eða ofbeldi.

ATKVGR.

Brtt. 135,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 138 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JK, SÓÓ, FÞ, GTh,
nei: KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, FRV, FS, BSt.
2 þm. (HermJ, SB) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Brtt. 135,2 (ný 3. gr.) samþ. með 10:3 atkv.
— 135,3 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 135,4 samþ. með 10:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 135,5 samþ. með 10:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 135,6 samþ. með 10:1 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
9.—11. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:5 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 153, 154).

Afbrigði um brtt. 154, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. hér, lét ég í ljós nokkra undrun yfir þeim hraða, sem hafður var á því að koma málinu til 1. umr., á sama tíma sem því var útbýtt svo að segja, vitandi það, að þm. höfðu yfir höfuð ekki haft tíma til að kynna sér málið. Hæstv. forseti sagði út af þessu nokkur orð og virtist taka það sem ásökun í sinn garð, sem ég hafði látið mér um munn fara, og benti á það, að deildin hefði veitt afbrigði fyrir málinu og væri ekki við sig neitt að sakast. Það var heldur ekki minn tilgangur að sakast neitt við hæstv. forseta um afgreiðslu málsins eða upphaf afgreiðslu þess, heldur var það við þingflokka þá, sem að því standa. Það var til þeirra, sem ég beindi minni ádeilu, en alls ekki til hæstv. forseta, sem í þessu máli sem öðru hagar sér ógjarnan þannig, að þingmenn geti haft ástæðu til þess að setja út á hans störf sem forseta. Ég fór nú ekki að rísa upp við þetta tækifæri til þessa, en ég vildi, áður en málið fer út úr deildinni, m. a. af virðingu minni fyrir hæstv. forseta, láta þess arna getið.

Síðan þetta mál kom fram, hefur maður af ýmsum utan þingsala verið spurður um ákvæði þess og gildingu á ýmsa lund, og ég verð að segja það fyrir mitt leyti, þegar það hefur komið fyrir mig, að ég hef ekki getað gefið alveg glöggar upplýsingar um, hvað saknæmt væri og ekki saknæmt samkvæmt ákvæðum frv., og vildi gjarnan að einhverju leyti leita upplýsinga hv. nm., sem um þetta mál hafa fjallað, eða t. d. hv. frsm., t. d. um það atriði, sem um fjallar í 3. gr., þar sem segir: „Óheimilt er með öllu að senda af kjörfundi upplýsingar um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns.“ Til þess að hægt sé að senda eða bera út af kjörfundi upplýsingar um það, hvaða kjósendur hafa neytt atkvæðisréttar, verður viðkomandi maður sennilega að hafa verið á kjörfundi og komið á kjörfundarstað.

Nú skulum við segja t. d., að ég fer á kjörfund og kýs, og svo verður mér það á að segja frá því, kannske óaðspurður, kannske aðspurður, einhvers staðar úti í bæ. Er þetta saknæmt samkvæmt 3. gr., því að það er óneitanlegt, að það eru upplýsingar af kjörfundi bornar út af manni, sem á kjörfundinn hefur komið?

Ég vildi gjarnan vita, hvort kjósanda er samkvæmt þessu, ef að lögum verður eða þegar að lögum verður, heimilt að skýra frá því, að hann hafi kosið, eða hvort það kostar þessar þungu refsingar í fjársektum, sem ákveðnar eiga að vera, skilst mér.

Enn fremur vildi ég spyrja að því, hvaða skrár er átt við í 3. gr., þar sem umboðsmönnum frambjóðenda eða lista er óheimilt að hafa með sér á kjörfund kjörskrá eða nokkra aðra skrá. (Gripið fram í.) Það stendur: nokkra. (Gripið fram í.) Ha? (Gripið fram í.) Aðra slíka? (Gripið fram í.) Er það leiðrétt í nefndinni? Nú, ég kem nú ekki auga á, að það sé í brtt. hv. nefndar. (Gripið fram í.) Nú, jæja. Það getur vel verið, að það sé. Ég kem bara ekki auga á það í brtt., sem er við 3. gr. (Gripið fram í.) Jæja, það hefur ekki verið ákveðið neitt um það um kjósanda sjálfan, og ég veit það, að margir skilja ákvæði 3. gr. um það, hvort segja megi til, að þessi og þessi hafi kosið. Það er óljóst í frv., hvort kjósandi sjálfur hefur leyfi til þess að segja til þess, að hann hafi kosið.

Ég hef milli umræðna verið svolítið að kynna mér umræður um nefndarskipunina frægu 1954, sem átti að hafa það verkefni að athuga um breytingar á þessum sömu lögum, sem þetta frv. fjallar um, og ég sé hvergi í þeim umræðum, að það komi nokkurs staðar fram, að það þurfi að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir gagnvart þessum atriðum, sem þetta frv. leggur megináherzluna á. Í umr. og raunar í rökstuðningi um hegðun manna á kjörstað eða hvað menn megi þaðan bera eða hafa með sér er það talið vera til þess að hafa meiri frið um kosningarnar, og ég held, að það hafi komið fram í ræðum sumra þeirra, sem talað hafa fyrir málinu, að þetta væri gert, þetta frv. væri mest til fram komið til þess að hafa frið um kosningarnar o. s. frv. En það er einkennilegt, að í umræðunum 1954 er alls ekki á það minnzt, að neinna sérstakra ráðstafana sé þörf til að halda uppi friði á kjördag frekar en aðra daga. Og vitaskuld er það, að það fylgir lýðræðisfyrirkomulagi, að viðhafður er svokallaður áróður fyrir kosningar, áróður í blöðum og áróður á ýmsum stöðum. Þó hefur það alltaf verið bannað og er bannað í lögum að hafa áróður á kjörstað, og þarf enga nýja löggjöf um það. En þessi röksemd fyrir svona breytingu eins og hér er gerð, sem er aðallega rökstudd með því,

að þetta sé til þess að halda friði um málið, gæti alveg eins vel átt við, ef hv. meiri hluti þessarar hv. d. og meiri hluti þingsins færu inn á aðrar enn ýtarlegri ráðstafanir í þessu efni, — í friðarins nafni, bara í friðarins nafni. Það er sennilega ekki mikill ófriður í löndunum, sem banna að hafa annað en einn einasta lista. Það er líklega ekki um mikið að rífast þar. Og auðvitað fylgir því banni, að áróður er líka bannaður eða „agitation", sem heitir á útlendu máli. Þar er friðurinn, það er sú fullkomna friðarhöfn, sem t. d. einræðisríkin kommúnistísku eru komin í í þessum efnum, og þetta frv. er spor í áttina til þess að hefta bardagaaðferðir, sem annars í lýðræðislöndum eru taldar leyfilegar. Með því að lögfesta þessi ákvæði, sem hér er verið með, er það spor í áttina að frekari hömlum á rétti kjósendanna í þessu máli heldur en hérna liggja fyrir og spor í áttina að einræði, og það mætti sem sagt með jafnviturlegum og hógværum röksemdum eins og að ég held hv. þm. Ak. beitti í þessu máli tala fyrir einum lista á friðarins grundvelli.

Þó að þetta mál sé að allra skyni borinna manna vitund fram komið hér sem kosningahælkrókur, aðallega Framsóknarflokksins, á Sjálfstfl. í landinu og sérstaklega Sjálfstfl. í þessum bæ núna fyrir bæjarstjórnarkosningar, — þó að maður viti það og það sé öllum ljóst og kemur fram bæði í blaðaskrifum og öðru frá hálfu Framsfl., þá vil ég benda hv. deildarmeirihluta á það, að með þessum hömlum, sem hér eru lagðar á lýðræðislega baráttu fyrir sínum lista eða fyrir manni eða hvað það nú á að heita eða sínum málstað við kosningar, — með þessum hömlum er stigið spor í einræðisáttina og liggur beint yfir í kommúnistiskt fyrirkomulag, þar sem það er orðið svo fullkomið, að allir listar andstæðinganna og þeirra flokka eru bannaðir og ekki má koma með nema einn lista. Það getur vel verið, að hv. deildarmeirihluti geri sér þetta ekki fullljóst og hafi ekki hugsað svo langt í þessu að sjá, hvert þessar aðferðir liggja, en það er jafnaugljóst fyrir því.

Ég held, að það verði erfitt að koma því inn í réttarmeðvitund þjóðarinnar, að það sé bannað að segja frá því, hver hafi kosið eða komið á kjörfund til þess að kjósa, það verði erfitt að koma því inn í réttarmeðvitund þjóðarinnar, að þetta sé athæfi, sem eigi að varða miklum sektum. Það var hér á ferðinni fyrir nokkru í þessari hv. deild frv. um ökuhraða, sem fjallaði m. a. um ökuhraða, leyfilegan eða óleyfilegan, á vegum, og ég man eftir, að ég held, að sérstaklega hv. þm. Ak., sem er nú lögfræðingur, eins og allir vita, hafi lagt á það talsverða áherzlu, að það þýddi ekki að samþykkja ákvæði í lögum, sem almenningur gerði sér ekki ljóst að þyrftu að varða við lög, og var þess vegna fylgjandi meiri ökuhraða en sumir aðrir vildu vera láta, aðallega á þeim grundvelli, að það gengi ekki inn í almenning, að þetta gæti verið refsivert, og væri þess vegna ekki rétt að banna það eða gera það hegningarvert. Þessi röksemd kemur oft fram og jafnvel hjá góðum lögfræðingum, að löggjöfin þurfi að hafa styrk og stoð í réttarmeðvitund þjóðarinnar, sem á við löggjöfina að búa, m. ö. o. í réttarmeðvitund hvers einstaks borgara. Og ég ætla, að það verði talsvert erfitt að koma því fram, að fólk finni til þess, að það hljóti að vera refsivert í sjálfu sér að segja frá því, þó að það viti til, að þessi og þessi maður hefur kosið, farið á kjörfund og notað atkvæðisrétt sinn.

Það, sem enn fremur kom fram í þessu máli við 2. umr. í ræðu hv. þm. Ak., var það, að hann sagði, að það gætu verið deildar skoðanir um það, hvort kjördagurinn ætti að standa til kl. 23, til kl. 11 að kvöldi, eða til kl. 12 að kvöldi, og þetta vil ég líka viðurkenna, að um það geta verið deildar skoðanir, ef menn vilja stytta kjördaginn á annað borð. En um hitt getur tæplega verið nein deila, að dagur, hvort það er kjördagur eða annar dagur, er ekki að fullu liðinn fyrr en um miðnætti, fyrr en kl. er orðin 12. Þó að hv. framsóknarmenn berjist fyrir því núna að láta kjördaginn vera liðinn kl. 11 að kvöldi, þá er kjördagurinn í vitund þjóðarinnar ekki liðinn fyrr en kl. 12. Ég veit að vísu, og það kann að vera hv. deildarmeirihluta einhver huggun, að klukkan er sjálfsagt orðin eitt og kannske meira hjá Rússum, þegar hún er 11 hjá framsóknarmönnum á Íslandi. (Gripið fram í.) Ég sagði, að hjá Rússum væri klukkan sjálfsagt orðin 1 og meira, þegar hún er 11 hjá framsóknarmönnum. Þeim kann að vera nokkur huggun í því. En kjördagurinn er samt sem áður ekki liðinn á Íslandi, fyrr en næsti dagur tekur við, og hann tekur við á miðnætti. Það held ég sé óhrekjanlegt, þó að deildar meiningar kunni að vera um það, hvort hann ætti að enda kl. 23 — eða kl. 11 — eða kl. 10, eins og var fyrst í þessu frv.

Sem sagt, frv. er vitanlega flutt fram, eins og ég sagði áður, sem bellibragð af hálfu Framsfl., aðallega með tilliti til bæjarstjórnarkosninganna í Rvík til að byrja með. Það er stigið með frv. spor í einræðisátt, sem vel gæti til þess leitt í framtíðinni, að hér væri uppi sú stefna ráðandi að banna vissum mönnum algerlega að nota kosningarrétt sinn og hafa ekki nema einn lista, allt í friðarins nafni, allt til þess, að allt gæti verið nógu kyrlátt og rólegt.

Hv. þm. Ak. minntist líka á það og nefndi tvö þjóðlönd, sem búa við lýðræðisskipulag og hann fullyrti að létu kosningu enda miklu fyrr á kjördegi en hér er talað um. Ég hef ekki neina ástæðu til þess að halda því fram, að hv. þm. sé að búa þetta til. Hins vegar hef ég ekki séð nein rök fyrir því. En hitt er víst, að hv. þm. lagði engar upplýsingar fram um það, þegar þessi ákvörðun hefur verið tekin í viðkomandi löndum, hvort það hefur verið gert augljóslega til þess að hnekkja einum ákveðnum stjórnmálaflokki í þeirra landi. En það liggur berlega fyrir hér. Það leiðir sem sagt hvort af öðru og er eðlilegt, að hv. Framsfl. villist inn á ofbeldisbrautir í þessu efni. Þegar valdaaðstaða hans í þjóðfélaginu er, eins og vitanlegt er, grundvölluð á misnotkun kosningalaganna, þá er ekki nema eðlilegt, þegar valdið er fengið á þann ranglátan hátt, að áfram sé haldið á braut ranglætisins, þó að það sé gert á kostnað lýðræðis-

ins. Kjósendum landsins, sem eiga að búa við þessi lög, er þarna skammtaður þrengri tími til sinna athafna og umhugsunar á kjördaginn en verið hefur, og ég tel, að með þessu sé gengið á þeirra rétt, sé gengið á rétt hins frjálsa kjósanda í landinu.

Já, herra forseti, ég ætla ekki að fara að halda neina lengri ræðu um þetta. Ég vildi óska, að það væri upplýst hreint og skýrt, hvort fyrirsvarsmenn þessa frv. telja, að samkvæmt 3. gr. sé kjósanda leyfilegt eða óleyfilegt að segja frá því úti í bæ, ef hann hefur farið á kjörstað og notað sinn atkvæðisrétt. Hins þurfa þeir, sem standa að þessu máli í þeim hug, sem ég lýsti, hafa haft sérstakar brellur í frammi við kjósendur hér í Rvík, miðað við næstu bæjarstjórnarkosningar, ekki að vænta, að almenningur í þessum bæ og almenningur á landinu yfir höfuð sé það glámskyggn, að hann sjái ekki í gegnum þetta mál, þótt látið sé í veðri vaka, að það sé flutt í friðarins nafni. Það er falskt flagg, eins og er um margt annað, sem hv. stjórnarflokkar hafa leyft sér að veifa framan í þjóðina, síðan þeir settust hér að völdum í þetta sinn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 154, þannig, að 1. málsgr. 76. gr. l. orðist svo:

„Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 9 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin.“

Brtt. fjallar um það, að kjörfundi í kaupstöðum skuli setja eigi síðar en kl. 9 árdegis í stað kl. 10, eins og nú er ákveðið í lögum.

Við 2. umr. þessa máls felldu hv. stjórnarliðar hér í deildinni brtt. frá mér þess efnis, að kjörfundur mætti standa kjördaginn út, eða til kl. 24. Þeir fylgdu fast frv. ríkisstj., sem tók eina klukkustund aftan af kjördeginum. Samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. þessa frv. skal slíta kjörfundi eigi síðar en kl. 23, en með þeirri breytingu, sem ég legg til, vil ég freista þess að bæta nokkuð úr því misrétti, sem þessi stytting kjördagsins hlýtur að baka mönnum. Ég legg með öðrum orðum til, að kjörfundur í kaupstöðum hefjist einni klukkustund fyrr að morgni en nú er ákveðið í lögum. Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á þessa brtt. mína.

Um málið almennt er víst þýðingarlítið að ræða mikið úr þessu. Hv. stjórnarflokkar hafa bersýnilega bundizt samtökum um að knýja málið fram. Þar verður vafalaust engu um þokað. Eitt stjórnarblaðanna lét fyrir nokkru orð falla í þá átt, að frv. sé aðallega stefnt gegn sjálfstæðismönnum í Reykjavík, það eigi að torvelda þeim kjörsóknina. Ríkisstj., sem flytur þetta mál, og hv. stjórnarflokkar, sem styðja það, ályktа sýnilega sem svo, að vegna þess að Sjálfstfl. er langfjölmennastur hér í höfuðborginni, hljóti afleiðingin að verða sú, ef settar eru hömlur við því, að menn geti sótt kjörfund, að það bitni fyrst og fremst á Sjálfstfl. En það er ekki alveg víst, að þessi von ríkisstj. rætist. Reynslan sker úr um þetta. En hitt er augljóst mál, að frv. þessu er fyrst og fremst stefnt gegn Reykjavík og íbúum höfuðborgarinnar. Hér í höfuðborginni er fjölmennið mest og allar aðgerðir, sem miða að því að torvelda mönnum kjörsókn, hljóta að bitna fyrst og fremst á íbúum Reykjavíkur. Þetta út af fyrir sig er ærið íhugunarefni fyrir Reykvíkinga, að andúð ríkisstj. og stuðningsflokka hennar í garð íbúa höfuðborgarinnar sé svo mögnuð, að breyta þurfi sérstaklega kosningalögunum til þess að torvelda þeim að neyta atkvæðisréttar síns. Illa þekki ég Reykvíkinga, ef þeir ekki minnast á kjördegi slíkrar herferðar á hendur þeim og gjaldi stjórnarflokkunum verðugar þakkir fyrir tilræðið.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að leggja mikið til þessara mála, en af því að hefur dálítið verið heilsað upp á þann flokk, sem ég tilheyri, þykir mér þó rétt að segja örfá orð.

Hv. þm. Vestm. (JJós) taldi þessu frv. sérstaklega stefnt á Sjálfstfl. til að gera honum bölvun og til að hindra kjósendur hans í að geta kosið. Hv. þm. V-Sk. (JK) taldi aftur á móti, að þessu frv. væri stefnt gegn Reykvíkingum öllum til þess að gera þeim erfitt fyrir að kjósa. Ég fæ ekki skilið þessar staðhæfingar, enda var ekki reynt að færa nokkur rök fyrir slíku.

Það hefur gengið sá söngur undanfarið, aðallega í blöðum Sjálfstfl., stundum líka í blöðum annarra flokka, að Framsfl. væri óvinur Reykjavíkur, og það er auðséð, að nú á að herða mjög þann áróður, vegna þess að kosningar standa fyrir dyrum. Ef þetta hefði við nokkuð að styðjast, hlyti það að byggjast á því, að Sjálfstfl. notaði allra flokka mest það, sem hér er bannað. Það hlyti að byggjast á því, en ég hef engar sannanir fyrir því, að svo sé. Ég álít, að hér séu lagðar vissar hömlur á áróður kjördaginn og á kjörstaðnum á alla flokka jafnt, en ekkert á Sjálfstfl. sérstaklega, og það, sem hv. þm. Vestm. er að tala um, að það sé ekki nema lítið bil þar á milli að leyfa yfirleitt ekki nema einn lista og banna allan áróður, þá er þetta auðvitað hrein fjarstæða. Skv. þessu frv., þó að það yrði að l., má hafa allan áróður í frammi, bara ekki á kjörstaðnum, og það hefur verið í l. frá upphafi vega, að kosningar voru hér, að það má ekki hafa áróður í frammi beinlínis á kjörstaðnum og við kosningaathöfnina sjálfa.

Ég er það gamall og hv. þm. Vestm. einnig, að ég var á kjörfundi í seinasta skiptið, sem kosið var upphátt, menn urðu að segja upphátt, hvern þeir kysu fyrir alþm. Að vísu var ég ekki kjósandi þá. Í næstu kosningalögum var þetta bannað, og þótti alveg sjálfsagt að banna það, til þess að menn yrðu síður beittir þvingunum, og þetta frv. gengur nákvæmlega í sömu átt og þegar það var bannað að kjósa upphátt. Mér skilst, að það miði eingöngu að því, að fólk sé ekki beitt þvingunum og sízt af öllu á kjörstaðnum sjálfum eða vitneskja sú, sem fæst við kosningaathöfnina sjálfa, sé ekki notuð til þess að þvinga menn til að kjósa, sem ekki vilja kjósa.

Ég var nú einu sinni hér í Reykjavík, þegar bæjarstjórnarkosningar fóru fram. Þá ætlaði húsfreyjan í húsinu, sem ég var í, ekki að kjósa,

og það kom maður seint um kvöldið, og það vildi svo til, að ég hitti hann fyrstur að máli. Hann sagði: Þessi kona á eftir að kjósa. — Ég sagði henni, að hér væri kominn maður til að sækja hana, og hún vildi ekki fara. Svo kom annar, — ég er ekki viss um, að hann hafi verið af sama flokki, — og vildi fá hana með sér, og hún vildi ekki fara. Svo kom sá þriðji og vakti bara upp. Það stóð nú svo á, að ég átti þægilegast með að fara til dyra og gerði það, og þá var þar maður, sem segir: Ja, frúin á eftir að kjósa, hún verður að koma. — Hann ætlaðist til, að hún færi upp úr rúminu til þess að koma og kjósa. Hann var víst af sama flokki og sá, sem fyrst kom. Ég held, að það sé ekki neitt í einræðisátt, þó að þess konar ágangur sé bannaður. Þess vegna er þetta bara fjarstæða, sem ég er alveg hissa á að jafnreyndur þm. og hv. þm. Vestm. og prúður maður venjulega skuli taka sér í munn, að með þessu frv. sé stefnt í þá átt að innleiða hér einræði og það, að ekki megi kjósa nema einn lista, því að vitanlega gilda þessi l. fyrir alla lista jafnt og alla frambjóðendur jafnt, og það má hver vinna eins og hann getur að framgangi síns lista utan kjörfundar, alveg eins og áður.

Mönnum þykir það m. a. skerða rétt kjósenda, að kjörfundi á að vera lokið kl. 11 í staðinn fyrir, að eftir núgildandi l. er það auðvitað kl. 12, sem kjörfundi á að vera lokið. En það stendur í frv., að þó megi þeir kjósa, sem þá eru komnir á kjörstað. Ákvæðið í frv. þýðir m. ö. o. það, að það á að tryggja, að kjörfundi geti orðið lokið kl. 12, því að ef ekki er lokað kjörklefum fyrr en kl. 12 og þá bíða menn í anddyrinu til þess að kjósa, þá verður annaðhvort að gera að reka þá út eða láta þá kjósa á öðrum degi en kjördegi. Ég hef heyrt, að það hafi hvað eftir annað átt sér stað hér í Reykjavík, að kosið hafi verið fram eftir nóttu. Það hygg ég skv. núgildandi l. sé bara hreint og beint ólöglegt, og ég efast um, að þm. Reykv. séu í raun og veru löglega kosnir þm., því að það er víst, að alþingiskosningin hér í Reykjavík fór fram lengur en kjördaginn, sem átti að kjósa. (Gripið fram í.) Ja, það er nú búið að taka kosninguna gilda, svo að það verður ekki við því gert héðan af, en það hefði alveg eins mátt hreyfa þessu atriði, þegar rætt var um gildi kosninga síðast, eins og sumu öðru, sem hreyft var. Það verður ekki við því gert, sem búið er að gera.

Ég skil ekki, hvernig þetta á að bitna sérstaklega á Reykjavík, eins og hv. þm. V-Sk. hélt fram. Hér er að vísu meiri mannfjöldi en annars staðar. En það er kosið hér í mörgum kjördeildum, og það er ekki annað en hafa kjördeildir það margar, að allir kjósendur geti kosið á þeim rúma tíma, sem þeir hafa til þess. Ég hygg, að sá, sem ekki er búinn að kjósa kl. 11, hafi ekki mikinn áhuga á því að kjósa, og ef hann kýs eftir þann tíma, þá mun það vera oftast nær þannig, að hann er þá teymdur til þess.

Menn geta haft skiptar skoðanir um þetta frv. og þótt það óþarfi o. s. frv., gert brtt. og allt þess háttar, og um það er ekkert að segja. Mundi ég ekki blanda mér í það. En að vera með brigzlyrði út af því, að hér sé stofnað til einræðis og hér eigi að ofsækja einn sérstakan flokk o. s. frv., það finnst mér heldur langt sótt. Þá er, finnst mér, betra að láta blöðin um þess konar áróður og þá ef mönnum sýnist að hafa hann í frammi í hv. Nd., en mér finnst það ekki eiga við að hafa þess konar áróður í frammi hér í hv. Ed.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Hv. þm. Vestm. og hv. þm. V-Sk. hefur nú verið svarað, þannig að ég get að mestu leyti leitt hjá mér það, sem þeir sögðu hér í sínum ræðum. Ég vil þó verða við þeim tilmælum hv. þm. Vestm. að svara þeirri spurningu hans, hvort skv. þessu frv., sem hér er til umræðu, sé heimilt fyrir kjósendur að segja til þess, hvort þeir hafi kosið eða ekki. Hann taldi, að þetta væri óljóst í frv., og óskaði eftir upplýsingum um það. Ég held, að þarna sé um misskilning að ræða hjá hv. þm., því að ef hann les 3. gr. og hver sem les 3. gr. í frv. getur naumast verið í vafa um þetta. Upphaf hennar er á þá leið, að frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra sé óheimilt í fyrsta lagi að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá og í öðru lagi að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, sem atkvæðisréttar neyta, og í þriðja lagi að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar. Hér er einungis verið að tala um frambjóðendur og umboðsmenn þeirra, sem gert er ráð fyrir að séu viðstaddir kjörfund eða í kjörfundarstofu. Þessum mönnum er skv. frv. óheimilt að senda upplýsingar úr kjörfundarstofunni, sem venja hefur verið víða, í Reykjavík og í kaupstöðum, að senda. En öðrum kjósendum er að sjálfsögðu skv. þessu heimilt að segja hverjum sem hafa vill og hverjum sem þeim sýnist, hvort þeir hafi neytt atkvæðisréttar eða ekki, svo að hér getur ekki neinn vafi verið á ferðum, eftir því sem frv. lítur út nú eftir 2. umr.

Þá er það brtt. hv. þm. V-Sk. Breytingin, sem fólgin er í hans till., er sú, að kjörfundir skuli í kaupstöðum hefjast kl. 9 árdegis. Ég sé ekkert við þetta að athuga, og ég tel þetta eftir atvikum rétt og skynsamlegt, þ. e. a. s. í kaupstöðum, þar sem fjölmenni er og margir eru á kjörskrá. Hins vegar mundi ég ekki telja neina þörf á því, að í kjördæmi eins og Seyðisfirði þyrfti að hefja kjörfund kl. 9 að morgni. Þar eru innan við þúsund kjósendur á kjörskrá, — ég man ekki nákvæmlega, hve margir þeir eru, en þeir munu vera álíka margir og í stórum hreppum, þannig að ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, að þar sé kjörfundur hafinn kl. 9 árdegis. Sama máli gegnir um aðra kaupstaði, svo sem eins og Siglufjörð og Ísafjörð. Ég geri ekki ráð fyrir, að nein þörf væri á því að hefja kjörfundi í þessum bæjum svo snemma. En ég tel þó, að í Reykjavík sérstaklega og jafnvel í öðrum stærri kaupstöðum gæti þetta vel komið til mála og væri raunar sjálfsagt og eðlilegt. Hins vegar teldi ég réttara, að ákvæðum um þetta yrði þannig hagað, að yfirkjörstjórn á hverjum stað ákveði, hvenær kjörfundur skuli hefjast, þeim sé heimilt að ákveða, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 að morgni, þar sem þær telja ástæður til og heppilegt sé. Ég mun þess vegna leyfa mér að fara

fram á það við hæstv. forseta, að hann leiti heimildar hv. d. um það, að taka megi fyrir hér á þessum þingfundi brtt. við 76. gr. kosningal., sem felur það í sér, að kjörfund skuli setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, eins og nú er ákveðið, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis, en yfirkjörstjórn í kaupstöðum geti þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Ég teldi, eins og ástatt er um kjördæmaskipun, að skynsamlegra væri að haga þessu þannig, að ekki væri skylda að hefja kjörfund kl. 9 í þeim bæjum, þar sem yfirkjörstjórn telur engin rök fyrir því, að slíkt sé æskilegt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða mál þetta að svo komnu máli, en afhendi hæstv. forseta þessa brtt. með tilmælum um, að hún verði tekin fyrir og leitað um hana afbrigða.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá Friðjóni Skarphéðinssyni við frv.:

„Á eftir 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Í stað 1. málsl. 76. gr. l. komi þrír nýir málsliðir, þannig:

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal vera viðstödd, er kjörfundur er settur."

Þessi tillaga er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún geti komizt hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 160) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um kosningar til Alþ., hefur nú komið út í ýmsum útgáfum, þær eru orðnar líklega þrjár, að ég ætla. Fyrst er það frv., eins og það var lagt fram hér í hv. þd. Önnur útgáfan var svo sú, sem hæstv. fjmrh. boðaði í sinni framsöguræðu, þ. e. sú breyting, að kjörfundi skyldi lokið kl. 23 í stað 22. Var þetta kallað prentvilla, en mun að vísu ekki hafa verið það. En þriðja útgáfan, stórum breytt, — ég vil ekki segja endurbætt, en þó stórum breytt, — hefur svo komið út nú, var útbýtt á þessum fundi eftir breyt. þær, sem gerðar voru í gær í hv. d. eftir þær umr., sem urðu hér við 1. umr. þessa máls, þegar nokkrir af þm. sjálfstæðismanna bentu á ýmsa ágalla frv. Þessi gagnrýni hefur orðið til þess, að stjórnarflokkarnir hafa séð, að ekki var unnt að samþ. frv. óbreytt, eins og í upphafi var ætlað, heldur hefur orðið að umturna því á ýmsa lund.

Það kom sem sé í ljós, strax þegar þm. fóru að lesa þetta frv., að sum ákvæði þess voru svo fáránleg, að þau gátu alls ekki staðizt, og hafa stjórnarflokkarnir því tekið það ráð að breyta nú frv. verulega, eins og gert var með brtt. meiri hl. hv. allshn. En þó að þannig hafi verið sniðnir af því nokkrir vankantar, þá er frv. meingallað eftir sem áður.

Annars er það í rauninni fróðlegt og til nokkurs skilningsauka á þessu máli öllu saman að rifja upp fyrir sér, hvernig þetta mál er til komið. Eins og öllum er ljóst, sem fylgjast eitthvað með stjórnmálunum, hefur þetta mál verið á döfinni í marga mánuði. Þetta stendur fyrst og fremst í sambandi við þær bæjarstjórnarkosningar, sem eiga að fara fram hér á landi í næsta mánuði.

Það var vitanlegt, að að því hefur verið unnið af miklu kappi að koma á samstarfi milli stjórnarflokkanna þriggja í bæjarstjórnarkosningum og sveitarstjórnarkosningum víðs vegar um land, en þó megináherzlan á það lögð að koma á slíku samstarfi hér í Reykjavík, því að nú þykir mikið við liggja að vinna það vígi Sjálfstfl., eins og stjórnarflokkarnir og málgögn þeirra stundum nefna það. Og fyrst og fremst átti að sjálfsögðu að stefna að því og var unnið að því markvisst, að stjórnarflokkarnir þrír ásamt samherjum sumra þeirra í varnarmálunum, þjóðvarnarmönnum, settu saman einn og sama lista við þessar kosningar. En eftir miklar þrautir lauk þeirri viðleitni svo, að allar mistókust þær og sprungu, þær tilraunir og sú viðleitni. Mun það hafa stafað af ýmsum ástæðum, en m. a. þeirri, að ráðamenn eða fulltrúar Alþfl. í Reykjavík munu hafa þvertekið fyrir að eiga slíkt samneyti við hina flokkana. Í fyrsta lagi töldu þeir, að ekki kæmi til mála að vera á einum og sama lista nú við bæjarstjórnarkosningar með kommúnistum, en auk þess töldu þeir sér heldur ekki fært að sitja á sama lista með framsóknarmönnum. Þeir munu hafa talið, að við alþingiskosningar í fyrra hafi þeir fengið nóg af þeirri reynslu og meira en það, svo að þeir treysta sér ekki út í slíkt ævintýri að nýju.

Vegna þessarar afstöðu Alþfl., að þverneita sameiginlegum lista með kommúnistum og framsóknarmönnum, a. m. k. hér í Reykjavík, ströndu þessar tilraunir. En þá var haldið áfram með annað, og það stendur í beinu sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Þá voru hafnar umr. um það að hafa kosningabandalag við þessar kosningar milli þessara fjögurra flokka eða a. m. k. stjórnarflokkanna þriggja. Til þess þurfti að sjálfsögðu lagabreytingu, breytingu annaðhvort á lögum um kosningar til Alþingis eða lögum um sveitarstjórnarkosningar. Og þá var hugsunin nokkuð á sömu lund og var í frv. nokkru, sem borið var fram hér af Alþýðuflokksmönnum fyrir þrem árum, að ég ætla, um kosningabandalög, og er þá hugsunin sú, að þó að þessir flokkar beri ekki gæfu til samstarfs í það ríkum mæli, að þeir geti setið saman á einum lista við kosningar, heldur bjóði fram hver í sínu lagi, skuli samt sem áður leggja saman atkvæðatölur þeirra allra og reikna fulltrúasætin þannig út, ef vera mætti, að slík skipan yrði þeim frekar til framdráttar og færði þeim eitthvað aukna bæjarfulltrúatölu frá því, sem yrði, ef þeir eru hver í sínu lagi.

Það er vitanlegt, að í þessu frv. um breytingar á kosningalögunum, sem hér liggja fyrir, áttu ný lagaákvæði um heimild til slíkra kosningabandalaga að vera eitt meginatriðið. En það er margt, sem bjátar á hjá blessuðum stjórnarflokkunum, margvíslegur ágreiningur og vand-

ræði, ekki aðeins í hervarnarmálunum, heldur fjöldamörgu öðru. Og þó að sumir hefðu í öndverðu mikinn áhuga á því að lögheimila slík bandalög, rann þetta allt út í sandinn.

Eins og Alþfl. hafði þverneitað að vera á sameiginlegum lista hér í Reykjavík með hinum stjórnarflokkunum, fór svo, að hann þverneitaði að vera með í því að lögleiða slíkt kosningabandalag og síðan ganga í það fyrir þessar bæjarstjórnarkosningar, og lágu til þess sömu ástæður, að hann taldi sér lítinn feng í því, þótt ekki væri sameiginlegur listi, að fá þó verandi í kosningabandalagi óorð af sósialistum og Framsfl. báðum saman.

Sósfl., sem í öndverðu mun hafa látið líklega um þetta, mun þó að lokum hafa séð, að þetta mundi ekki sigurstranglegt, sérstaklega eftir að hann hafði nú að nýju dregið upp fánann í varnarmálunum og þykist nú heimta varnarliðið af landi brott, og mundi því ekki sigurstranglegt fyrir hann að ganga á sameiginlegan lista með hernámsflokkunum í ríkisstj.

Þannig var viðhorfið. Hins vegar mun Framsfl. hafa látið þetta gott heita og vel getað hugsað sér bæði sameiginlega lista eða þá kosningabandalög, hvort sem væri með Alþfl. eða kommúnistum eða báðum, þótt framsóknarmenn fengju kannske eitthvert óorð af þeim hvorum fyrir sig. En þetta gat Framsfl. hugsað sér samt sem áður, vafalaust út frá þeirri hugsun, að ekki mundi sjá á svörtum, þó að þessu yrði þar bætt ofan á.

En sem sagt, þessar tilraunir mistókust, og þar með féll úr sögunni sú fyrirhugaða lagaheimild til þess að gera kosningabandalög. En það var margt fleira, sem eftir var, og eru nú eftirhreyturnar komnar í þessu frv. En í stuttu máli er það allt saman miðað við það að gera kjósendum í Reykjavík eða í fjölmenninu — skulum við segja — sem erfiðast fyrir eða erfiðara fyrir að neyta kosningarréttar síns heldur en áður.

Það vita allir menn, að þessi er höfuðtilgangurinn með frv., og það skiptir engu máli, þó að einhverjir stjórnarliðar komi hér upp í ræðustól og kalli þetta friðarfrumvarp, — á líklega að vera eitt ríflegt spor og framlag hæstv. ríkisstj. til varðveizlu heimsfriðarins. Það á að friða kjördaginn og afnema þann mikla stríðs- og ófriðarblæ, sem á honum hafi verið. Það er hægt að klæða þetta mál í sauðargæru, en úlfshárin gægjast alltaf samt sem áður fram undan.

Ég sagði, að þessu væri fyrst og fremst stefnt að því að torvelda íbúum eða kjósendum í fjölmenninu, í þéttbýlinu, að neyta atkvæðisréttar síns, og ég er sannfærður um, að tilgangur frv. er fyrst og fremst sá. Eitt meginákvæði þessa frv. er það, sem er í 3. gr. frv., að banna að gefa upplýsingar um það eða rita niður, hverjir neyta atkvæðisréttar síns og hverjir ekki. M. ö. o.: það á að torvelda það, að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra geti fylgzt með kosningunni, eins og verið hefur talið heimilt alla tíð áður, það á að torvelda, að þeir geti fylgzt með því, hversu kosningunni miðar áfram, hversu margir eru búnir að kjósa o. s. frv.

En þessi ákvæði hafa vitaskuld enga þýðingu utan þéttbýlisins, því að í langflestum kjördæmum í þessu landi, bæði úti um allar sveitir og í flestum sjávarplássum og kauptúnum, þekkir hver maður annan, og frambjóðendur og umboðsmenn flokka og lista vita auðvitað alltaf jafnóðum, hverjir eru búnir að neyta kosningarréttar síns.

Ef flokkarnir, umboðsmenn þeirra eða kosningaskrifstofur, vilja örva þá eða hvetja, sem ekki eru búnir að kjósa, þegar líður á daginn, til þess að neyta kosningarréttar síns, þá er það vitanlega í lófa lagið alls staðar í strjálbýlinu, vegna þess að þar vita yfirleitt allir og fylgjast með því, hverjir kjósa. Og mér dettur ekki í hug, að t. d. Framsfl., sem hefur nú verið hvað ötulastur og ágengastur í kosningasmölun hér á landi undanfarna áratugi, muni nokkuð breyta sínum starfsháttum, þó að þetta frv. yrði samþ., vegna þess einfaldlega, að í þéttbýlinu á hann yfirleitt sáralitlu fylgi að fagna og getur yfirleitt talið á fingrum sér t. d. í Reykjavík þá kjósendur, sem hann styðja að málum. Þess vegna mundu starfsaðferðir þess flokks og kosningasmölun, sem ýmsar sögur fara af, vitaskuld verða með alveg sama hætti, þótt þetta frv. yrði samþ. eða ekki samþ.

Ef ætti að draga eitthvað úr áróðrinum — skulum við segja — eða kosningasmölun í strjálbýlinu, sem vissulega hefur oft og tíðum verið mjög mikil, þá hefur þetta frv. ekkert gildi í því sambandi.

Nei, þessu frv. er stefnt að þéttbýlinu og fyrst og fremst að Reykjavík, vegna þess að það er kunnugt, að í fjölmenninu og þá sérstaklega í höfuðborginni, þar sem kjósendur eru milli 30 og 40 þús., á sá persónulegi kunnugleiki, sá persónulegi kunningsskapur og möguleiki til að fylgjast með, hverjir kjósa, sem á sér stað í strjálbýlinu, ekki við, og þess vegna er það vitaskuld hér eins og annars staðar, að það er annað skipulag og önnur vinnubrögð við kosningar.

Því hefur verið haldið fram af stuðningsmönnum þessa frv., að með þessu ætti að friða kjördaginn, og hv. 1. þm. Eyf. (BSt), hæstv. forseta, fannst hlutur sinna manna í þessum umr. ekki betri en svo, að hann taldi ástæðu til þess að rísa úr forsetastóli og taka þátt í þessum umr. til að rétta þeirra hlut. En málsvörn hans var sannast sagna ekki mikill fengur fyrir stjórnarliðið. M. a. sagði hæstv. forseti, að hann hefði eitt sinn, þegar kosið var hér í Reykjavík, verið í húsi nokkru, og þá hefði hver maður komið eftir annan um kvöldið og jafnvel eftir háttatíma til þess að ná kvenmanni einum á kjörfund. Mér skilst, að þetta tilræði hafi ekki tekizt. Hvort sem hæstv. forseti hefur staðið þarna svo traustan vörð eða hvernig sem á því stendur, þá tókst víst ekki að draga konuna á kjörstaðinn þrátt fyrir tilraunir þriggja komumanna. Og hæstv. forseti segir, að hann sjái ekki, að það stefni í neina einræðisátt, þótt þess konar ágangur, eins og hann var að lýsa, væri bannaður. En það er bara sá mikli misskilningur hæstv. forseta, þess glögga manns, að þó að frv. yrði samþ., er þessi ágangur alls ekki bannaður. Þessum þremur mönnum og hvaða kosningasmölum öðrum sem væri er alveg jafnheimilt að koma í hús manna og hvetja fólk til að kjósa

og það jafnvel með mikilli ágengni, hvort sem frv. er samþ. eða ekki. Hæstv. forseti hefur gersamlega misskilið frv. sinnar eigin ríkisstj., ef hann heldur, að það séu nokkur ákvæði í því, sem banna þetta. (BSt: Það er ekki víst, að sá þriðji hefði vitað um konuna, ef frv. hefði verið lög.) Hæstv. forseti segir, að það sé ekki víst, að þessir starfsmenn listanna eða umboðsmanna hefðu vitað það, að konan var ekki búin að kjósa. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, held ég, að frv. muni verka alveg öfugt, þannig að ágangur, ef svo á að kalla það, á heimili eða kjósendur verði meiri en áður, því að að undanförnu, þegar umboðsmenn listanna hafa getað fylgzt með því jafnóðum, hverjir eru búnir að kjósa, er yfirleitt ekki leitað nema til þeirra, sem eiga eftir að greiða atkvæði. En um leið og þetta er bannað, er hætt við, að ýmislegt fólk, sem búið er að kjósa, verði fyrir þessu, sem hæstv. forseti var að lýsa, þannig að frv. muni ekki verka til þess að fríða heimili og kjósendur gegn þessum áróðursmönnum, heldur þvert á móti til að auka þann áróður. Það er ein af þeim mörgu hugsanavillum, sem fram hafa komið í þessu frv., og ég ætla, að hér hafi hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar algerlega skotið yfir markið.

En það er þá vissulega ástæða til þess að spyrja: Eftir hverra óskum er þetta frv. flutt? Hverjir eru það, sem hafa beðið um þessa svokölluðu vernd eða friðun, sem stjórnarflokkarnir þykjast nú vilja koma á? Mér er ekki kunnugt um það, að kjósendur hafi kvartað yfir þessu eða sent áskoranir til Alþingis eða ríkisstj. um þetta. Mér er ekki kunnugt um það. Ég hef ekki heyrt, að einn einasti félagsskapur í landinu, og eru þeir þó allmargir, hafi skorað á þing eða stjórn að setja þessi lög. Ég held, að það sé um engar áskoranir, engan þjóðarvilja, engan kjósendavilja að ræða, sem stendur á bak við þetta frv. Þetta er aðeins hugarfóstur stjórnarflokkanna sjálfra. Og manni verður að spyrja: Fyrst engar almennar óskir standa á bak við þetta, hvað er það þá, sem vakir fyrir hv. stjórnarflokkum og ríkisstj.? Er það ekki um leið þá til þess að styðja þá skoðun okkar, að hér vaki allt annað fyrir, sem sagt að gera kjósendum fjölbýlisins, þéttbýlisins, erfiðara fyrir en áður, — og vegna hvers? Vegna þess fyrst og fremst, að í *langmesta þéttbýlinu, í langsamlega fjölmennasta* kaupstaðnum, Reykjavík, er Sjálfstfl. langsamlega fjölmennasti flokkurinn, og allar slíkar kosningahömlur og takmarkanir bitna auðvitað jafnan mest og fyrst og fremst á þeim, sem mest hafa fylgið, fjölmennustu flokkunum. Það skilur hver heilvita maður.

En hafa þá kannske einhverjar bæjarstjórnir eða sveitarstjórnir óskað eftir þessu? Ekki er mér kunnugt um það, heldur þvert á móti. Þetta mál, t. d. um lokun kjörstaða fyrr en áður, hefur komið til umr. í bæjarstjórnum tveggja stærstu kaupstaðanna á Íslandi, Reykjavíkur og Akureyrar. Í bæjarstjórn Reykjavíkur kom málið til umr. nú fyrir skömmu. Það var nokkru áður en þetta frv. leit dagsins ljós, og þar var samþ. svo hljóðandi till., að bæjarstjórn Reykjavíkur telur ekki rétt að svipta kjósendur rétti til þess að neyta atkvæðisréttar sins til loka kjördags, þ. e. a. s. til kl. 24, né heldur að meina frambjóðendum að hafa umboðsmenn á kjörfundi, svo sem heimilt hefur verið, síðan leynilegar kosningar voru lögleiddar á Íslandi. Þetta segir í ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar fékk þetta mál einnig til meðferðar nú fyrir örfáum dögum. Það kom fram till. í bæjarstjórninni um það, að hún skoraði á Alþingi að breyta lögum á þá lund, að kjörfundi skuli lokið kl. 22, þ. e. kl. 10 að kvöldi. Þessari till. var vísað til bæjarráðs Akureyrar til athugunar. Í bæjarráði Akureyrar varð fullt samkomulag milli allra fimm bæjarráðsmanna um það, að ekki væri rétt að ljúka kjörfundi á þessum tíma, heldur halda sér við lok kjördags, við kl. 24.

Í bæjarráði Akureyrar, ef við viljum greina þetta sundur eftir stjórnmálaflokkum, eiga sæti tveir fulltrúar sjálfstæðismanna, einn framsóknarmaður, einn sósialisti, svo skiptast á um fimmta sætið þjóðvarnarmaður og Alþýðuflokksmaður, og mun það hafa verið þjóðvarnarmaður, sem sat þennan fund. Allir þessir fimm bæjarráðsmenn voru sammála um að mæla á móti þessari till. um að ljúka kjörfundi fyrir miðnætti.

Þegar svo á bæjarstjórnarfundinn kom, var sú till. bæjarráðsins einnig samþ., að heimilt væri að halda áfram að kjósa til kl. 24. Að vísu voru þar einhverjir bæjarfulltrúar, sem greiddu atkvæði á móti þessari till., en það var mikill minni hluti þeirra.

Sem sagt, málið liggur þannig fyrir: Ekki vitað um nokkurn þjóðarvilja. Engar áskoranir frá fundum eða félögum landsmanna í þessa átt, og bæjarstjórnir tveggja stærstu kaupstaðanna hafa þvert á móti lýst yfir þeim vilja sínum, að rétt sé að heimila, að kjörfundur standi til miðnættis.

Manni verður vissulega að spyrja: Hvað er þá það, sem rekur stjórnarflokkana til þess að knýja þetta frv. áfram, demba því inn nú rétt fyrir þinghlé, þannig að það þarf að afgr. það með þeim flýti og þeim hraða, sem hér er, þannig að þó að vitanlega sé að þessu löglega farið, þá er þetta auðvitað allt of skammur tími til þess, að þdm. fái tóm til að átta sig á þessum breytingum. Það kemur líka í ljós, hversu kastað hefur verið höndum til þessa máls og hroðvirkni í þessari *málsmeðferð allri, að meiri* hl. allshn. verður að umturna frv., og ég mundi nú ætla, að ef einhver mynd ætti að vera á þessu frv., þótt ekki væri nema að formi til og frá lögfræðilegu sjónarmiði, hvað sem efninu líður, þá muni þurfa að gera á því allmiklar breytingar, áður en það yrði afgr. frá þingi, ef það ætti að verða í sómasamlegu formi.

Það hefur verið minnzt á það áður og kemur m. a. fram í nál. minni hl. allshn., að enn er ein ástæða til viðbótar þeim, sem hér hafa verið raktar af hv. frsm. minni hl., hv. þm. Vestm. (JJós) og mér, til þess að afgr. ekki þetta mál nú, og hún er sú, að það situr að störfum mþn., sem kosin var í aprílmánuði 1954 til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar, og það eru vissulega furðuleg vinnubrögð að ætla að hespa

þá í gegnum þingið nú, rétt fyrir þessar næstu bæjarstjórnarkosningar, hroðvirknislegu frv., sem mikill ágreiningur er um í þingi og meðal landsfólksins, í stað þess að bíða eftir áliti og till. þessarar sjö manna mþn. og þá e. t. v. að skora á hana, ef ríkisstj. beitir sínum áhrifum til þess að skora á n. að hraða störfum, en þar eru hæg heimatökin, því að form. þeirrar n. er og hefur verið einn af þm. Framsfl., hv. þm. A-Sk.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að breyta 70. gr. laganna um kosningar til Alþingis, en þar segir um utankjörstaðaratkvæðagreiðslu eða atkvæðagreiðslu þeirra kjósenda, sem gera ráð fyrir að verða ekki heima á kjördegi. Nú eru viss ákvæði í gildandi lögum um þetta, m. a. til þess að koma í veg fyrir, að þessi heimild sé misnotuð. Að vísu held ég, að kjósendur hafi yfirleitt ekki neina tilhneigingu eða hvöt til þess að greiða atkvæði fyrir kjördag, nema brýnar ástæður séu til. Ég held, að það sé engin hvöt til þess eða tilhneiging að misnota þetta ákvæði, og það er vant að sjá, hvað ætti að reka menn til þess. Við kosningu fyrir kjördag eru miklu meiri vafningar og skriffinnska og tafir, og ég held, að flestallir kjósi heldur að greiða sitt atkvæði á kjördegi og á venjulegum kjörfundi heldur en fyrir kjördag.

En höfundar frv. hafa fundið eitthvað athugavert við þetta, því að nú er gert ráð fyir að lögleiða, að hver maður, sem vill greiða atkvæði utan kjörfundar, skuli gera fyrir kjörstjóra sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi, og kjörstjóri skal færa þessar upplýsingar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta ákvæði sé neinum til tjóns eða beinlínis á neins rétt eða hagsmuni gengið með þessu, en ég tel þetta algerlega óþarft, og ég tel þetta óþarfa skriffinnsku. Ég sé ekki nokkra fullnægjandi ástæðu fyrir því að fara að auka þá vafninga, sem eru þegar samkvæmt gildandi lögum við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, með því að bæta þessari skriffinnsku við.

Það er viðbúið, að mönnum, sem gera ráð fyrir t. d. að fara í ferðalög og fara víða um í ýmiss konar erindisrekstri, verzlunarerindum, opinberum erindum eða hvað sem það er, verði stundum erfitt að gera nákvæma grein fyrir því, hvar þeir verði einmitt staddir þennan dag í sínu ferðalagi. Í framkvæmd verða kannske ekki gerðar svo ákaflega strangar kröfur um það, þó að orðalag laganna ætlist til þess, því að það er heimtað, að gerð sé sem nákvæmust grein um þetta. Síðan á að löggilda sérstaka bók, það er ekki nóg um þær bækur allar og skriftir í sambandi við kosningarnar, það þarf að bæta einni löggiltri bók við í hvert kjördæmi, og ég fæ ekki séð neinar fullnægjandi ástæður fyrir þessari auknu skriffinnsku og tel þetta ákvæði því heldur til hins verra.

Í 2. gr. þessa frv. eru svo ákvæðin um það, hvenær kjörfundi skuli slíta, og í stað þess sem upphaflega var í frv. ákveðið, að kjörfundi skuli slíta eigi síðar en kl. 22, þá er, eins og ég gat um, því breytt og frv. prentað með því ákvæði, að það skuli vera kl. 23.

Hv. frsm. minni hl. hefur lagt til, gerði það við 2. umr., að miðað yrði við lok kjördags, eins og í rauninni ég ætla að flestir telji eðlilegast, þ. e. a. s. kl. 24. Sú till. var hér felld.

Sami hv. þm. hefur nú flutt aðra till. um það, að í stað þess að kjörtíminn verði styttur að kvöldinu til, sé hann lengdur að morgninum, þannig að hann skuli byrja kl. 9 í stað kl. 10. Þetta tel ég til mikilla bóta, og mætti þá nokkuð vinna hitt upp. En því er ekki að heilsa, að þm. stjórnarflokkanna virðist geta gengið inn á þessa eðlilegu og sanngjörnu till. Hv. þm. Ak. (FS) flytur brtt. í þá átt, að þetta skuli vera heimild til handa yfirkjörstjórn að láta byrja kl. 9. M. ö. o.: það á að vera alveg lögbundið, að það má ekki halda lengur áfram en til kl. 23, en hitt á svo að vera á valdi yfirkjörstjórnar á hverjum stað, hvenær byrjað verður.

Mér sýnist, að það verði að vera samræmi í þessu. Ef á að lögbjóða, að lokið sé kl. 23, þá á líka að lögbjóða, að það sé byrjað á þessum tíma að morgninum. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.) Já, vegna fundar í Sþ. (**Forseti:** Já.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Í 3. gr. þessa frv. var svo ákveðið í upphafi, að óheimilt væri með öllu að senda af kjörfundi upplýsingar um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns. Enn fremur er óheimilt að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði eða hverjir greiða ekki atkvæði.

Þetta bann náði til allra, ekki aðeins til frambjóðenda og umboðsmanna þeirra, heldur var það almennt ákvæði. Allt var þetta því óheimilt samkvæmt frv. og lagðar allþungar refsingar við, ef einhver maður leyfði sér þau býsn að skrifa hjá sér, hver kæmi til að kjósa, eða þótt ekki væri annað en svara játandi eða neitandi spurningu um það, hvort einhver tiltekinn kjósandi hefði greitt atkvæði.

Meiri hl. allshn. hefur þó séð við athugun, að þetta fékk ekki staðizt, og því eftir þá gagnrýni, sem þetta ákvæði fékk við 1. umr., talið rétt að breyta orðalaginu. Og eins og því hefur nú verið breytt samkvæmt till. meiri hl. n., er þetta bundið við frambjóðendur og umboðsmenn þeirra, þ. e. a. s. frambjóðendum og umboðsmönnum er óheimilt að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar, og senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund.

Ákvæðið hefur því skv. till. n. og samþykkt hv. þd. verið þrengt þannig, að nú er ekki hægt að refsa fyrir þessar upplýsingar öðrum en frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra, en ekki hinum almenna kjósanda, og má segja, að það sé þó nokkur framför. En manni verður að spyrja: Hvaða nauður rekur til að setja slíkt lögbann og slík refsiákvæði í lög? Frambjóðanda á að vera óheimilt að láta í té upplýsingar um, hverjir hafa kosið. Þetta er ekki tímabundið, það er ekki aðeins óheimilt að láta þessar upplýsingar í té á kjörfundinum eða meðan kjördagur stendur, heldur og æ síðar. Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að láta í té upplýsingar um þetta. Frambjóðandi eða umboðsmaður má því ekki, hvorki á kjördegi né

síðar, skýra frá því, að hann viti til þess, að tiltekinn kjósandi hafi neytt atkvæðisréttar síns né að tiltekinn kjósandi hafi ekki gert það.

Svona ákvæði er náttúrlega fáránlegt og fyrir neðan allar hellur. (**Forseti**: Hefur þm. lesið 3. gr.?) *Ég var að lesa frv., og það er orðrétt svona* eins og ég las það. (**Forseti**: Að senda af kjörfundi.) Það segir: að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar. Hvar segir, að að þetta að láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar, sé bundið við kjördag eða kjörfund? Það stendur hvergi. Hæstv. forseti hefur vafalaust misskilið þetta ákvæði eins og hitt, *sem ég nefndi hér áðan um sendlana þrjá eftir* konunni, sem hann var að vernda.

En auk þess er svo bannað hér frambjóðendum og umboðsmönnum að hafa meðferðis á kjörfund kjörskrá eða aðra slíka skrá. Í upphafi var bannað að hafa nokkra skrá með sér, hvort sem það var kjörskrá, skattskrá, útsvarsskrá, símaskrá eða hvað sem það var. Það var refsivert. Nú hefur þó n. reynt að bæta um og segir nú „aðrar slíkar skrár", það mun þýða: sem eru eitthvað sambærilegar við kjörskrár. *En mér er spurn: Hvaða skrá er það eða hvers* konar skrá? Væri nú ekki nægilegt að — (**Gripið fram í**: Markaskrá.) Markaskrá, já. Væri ekki nægilegt að hafa bara ákvæðið um kjörskrá? Hvers vegna er verið að hafa svona óljóst ákvæði, sem enginn veit, hvað þýðir? Það er alltaf slæmt að hafa í lögum óljós ákvæði, en ég ætla, að það sé þó hvergi óheppilegra en í refsilögum eða um lagaákvæði, sem refsingar eru lagðar við, þannig að bæði almenningur og dómendur eru kannske í miklum vafa um það, *hvað þar fellur undir, og þannig er með* þetta orðalag: „aðrar slíkar skrár".

Enn fremur er ákveðið, að þeim sé bannað að hafa það meðferðis á kjörfund, þeir megi ekki taka það með sér, þegar þeir koma þangað. En ef slík skrá væri þar nú fyrir eða ef hún væri send honum, meðan hann er á fundinum, er þá ætlazt til, að ákvæðið næði til þess? Orðið „meðferðis" bendir til þess, að svo sé ekki, en það má vera, að tilgangurinn sé annar.

Þetta með öðru sýnir, hvað frv. er óvandað að *undirbúningi, og það sýnir líka*, að hv. meiri hl. allshn. hefur ekki unnizt tími til þess að ganga svo frá óhjákvæmilegum breytingum, að viðunandi sé.

Þá er og bannað frambjóðendum og umboðsmönnum að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar. Þeim er bannað að rita til minnis. Þetta var nú orðað þannig áður, að það var öllum óheimilt að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði, og mér þætti fróðlegt að fá að vita, hver er hinn lögfræðilegi munur á því að „skrifa hjá sér" eða „rita til minnis". Meiri hl. n. hefur talið, að hér væri einhver verulegur efnismunur á, þar sem hann hefur tekið upp hið síðara orðalag. Hins vegar er þó ekki enn gengið svo langt, þó að bannað sé að rita til minnis nöfn kjósenda, að mönnum sé bannað að viðlagðri refsingu að leggja á minnið, hverjir kunna að hafa kosið, en kannske það sé næsta sporið.

Eins og ég hef getið um áður, verður það helzt ráðið af öllum þessum málatilbúnaði, að tilgangurinn með þessu frv. sé fyrst og fremst framkvæmdin á þessari 3. gr., vegna þess að þegar það sé bannað fulltrúum eða umboðsmönnum frambjóðenda og lista að fylgjast á þann hátt, sem verið hefur, með því, hverjir kjósa, mundi það torvelda mest kosninguna í mesta fjölmenninu og þá fyrst og fremst stærsta flokknum, og þetta er tvímælalaust tilgangurinn.

En ef sá á að vera tilgangurinn, sem hér er látið í veðri vaka, að friða kjördaginn og vernda kjósendur fyrir ásókn og ónæði fyrirgreiðslumanna, eða eins og stundum er kallað kosningasmala frá kosningaskrifstofum, þá verkar þetta alveg öfugt. Ég hef nefnt það hér áður og geri það enn, að ég tel, að ef um slíka starfsemi er að ræða eða verður að ræða af hendi frambjóðenda flokka, mundi hún heldur færast í auka og ekki aðeins þeir, sem vitað er um að ekki hafa kosið, verði fyrir því ónæði, heldur einnig ýmsir þeirra, sem þegar hafa kosið, án þess að frambjóðendum eða skrifstofu þeirra eða umboðsmönnum sé um það kunnugt, þannig að tilgangurinn að þessu leyti með friðunina mundi verka alveg öfugt.

Ef 3. lið 3. gr. ber að skilja eins og mér virtist mega ráða af framigripi hæstv. forseta, þá þyrfti að sjálfsögðu að breyta þessu orðalagi. Það stendur: að senda af kjörfundi eða láta í té. Þá þarf að koma skýrt fram, ef það er ætlunin, að einnig sé átt við það að láta í té frá kjörfundinum. En eins og frv. liggur fyrir, þýðir ákvæðið ekki þetta, eins og hæstv. forseti virðist hafa skilið það.

Í 5. gr. þessa frv. er svo ákvæði um viðurlög við því að reyna að hafa áhrif á atkvgr. með ýmsum atriðum, sem til voru tekin í lögum áður, m. a. með því „að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og á næstu húsum og í aðliggjandi götu". Þannig var frv. upphaflega. En nú hefur þessu verið breytt á þá lund, að í stað „önnur einkenni" komi: önnur slík auðkenni. Er það auðvitað sýnu nær og til bóta, því að eftir frv., eins og það var upphaflega, var bannað að viðlagðri refsingu að hafa nokkurs konar merki eða auðkenni á bifreiðum á kjördegi. Nú er þó talað um flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni. En það er sama um þetta eins og ýmis fleiri ákvæði frv., að allshn. hefur ekki haft eða gefið sér nægan tíma vegna eftirreksturs til þess að athuga þetta nægilega eða orða þetta á viðunandi hátt.

Ég býst við, að það megi túlka það nokkurn veginn glöggt og greinilega, þannig að ekki sé um að villast, a. m. k. í flestum tilfellum, hvað sé flokksmerki. En það er ekki látið þar við sitja, heldur er talað um „merki", og ég held, að merki sé nokkuð víðtækt og sé hægt að heimfæra marga hluti undir „merki", og ég ætla, að það geti orðið erfitt við framkvæmd þessara laga, m. a. fyrir dómstóla, og ef þeir eiga að fara að dæma refsingar fyrir, að einhver maður hafi borið á sér einhvers konar merki, hvort það falli undir þessi ákvæði. Mér sýnist um þetta

eins og um sum fyrri atriði, sem ég hef gert hér að umtalsefni, að hér sé allt of losaralega og óljóst að kveðið.

Nú er það vitanlegt, að ýmsir menn bera á sér dagsdaglega, t. d. í jakkahorni sínu, ýmiss konar merki, félagsmerki. Sumt er það alveg ópólitískt. Ég veit, að ýmsir bera t. d. á sér að staðaldri merki ágætra félagssamtaka, eins og Rotary-félagsskapar eða annars slíks. Sumir bera á sér að staðaldri flokksmerki. Til hverra merkja þetta á að taka, veit ég ekki, og ég held, að allshn. hefði þurft að gera till. miklu nánari og gleggri skýringar á þessu en gert var í hennar brtt.

Enn fremur er bannað að hafa uppi eða bera nokkurs konar lista. „Listi“ þýðir ákaflega margt og er nokkuð rúmt hugtak og er því afsleppt eins og hitt sem grundvöllur fyrir refsilögum.

En það er ekki nóg, að það sé bannað að hafa þetta á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. a. s. í kjörfundarstofu og á eða í þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, heldur einnig á næstu húsum og í aðliggjandi götu.

Nú skulum við athuga, hvernig þetta mundi framkvæmt t. d. hérna í Reykjavík. Elzti og lengi aðalkjörstaður hér í Reykjavík er Miðbæjarbarnaskólinn, og það má sem sagt ekki í því húsi né á því húsi né á næstu húsum eða í aðliggjandi götum hafa nein slík merki. Nú hefur Framsfl. unnið að því með öllum ráðum, þó aðallega ólöglegum, að koma sér upp félagsheimili rétt í grennd við Miðbæjarskólann, hefur þar verið að breyta gömlu íshúsi í félagsheimili, og skiptir það ekki máli í þessu sambandi, þó að til þess hafi skort öll leyfi og lagalegar heimildir. En ef ætti að framfylgja þessu, vegna þess að þetta er eitt af næstu húsum og við aðliggjandi götu, þá mætti víst ekki á eða í því húsi, félagsheimili Framsóknar, hafa yfirleitt neitt, sem minnir á kosningar.

Annað hús þarna nærliggjandi er Iðnó, þar sem Alþfl. hefur haft sinn samastað, og mundi þá sama máli gegna um hann. Þar yrði vitanlega að fjarlægja bæði íslenzka og rauða fánann, sem stundum hafa þar blaktað, a. m. k. þeir síðarnefndu mundu líklega vera taldir til áróðurs, og af ýmsum öðrum ástæðum þykir nú ekki rétt að nota íslenzka fánann í sambandi við kosningaskrifstofur. Og hvers konar merki, lista eða slík auðkenni mundi því óheimilt að hafa einnig á eða í því húsi.

Þriðji stjórnarflokkurinn hefur svo sína bækistöð að vísu hinum megin við Tjörnina, og má vera, að hann sleppi, vegna þess að það verði ekki talið til næstu húsa né við aðliggjandi götu.

Nú nefni ég þetta, þó að mér sé ákaflega vel kunnugt um, hver er tilgangurinn með þessu frv. Hann er ekki sá að torvelda á nokkurn hátt kosningastarfsemi stjórnarflokkanna. En ég nefni þetta vegna þess, að það er enn ein sönnun þess, hve hroðvirknislega er hér að unnið og það svo, að það má segja um hæstv. ríkisstj., að „ekki sér hún sína menn, svo hún ber þá líka“.

Herra forseti. Ég ætla, að ég hafi gert hér að umtalsefni þau atriði, sem ég helzt hafði ætlað að minnast á og taldi nauðsynlegt á að benda. Og ég held, að í rauninni geti engum manni dottið í hug að taka alvarlega allt það friðarhjal, sem hér er látið heyrast, að þetta sé gert af umhyggju fyrir kjósendunum og til þess að friða kjördaginn. Frá kjósendunum, frá almenningi, frá félögum þeirra eða frá bæjar- og sveitarstjórnum hafa ekki heyrzt neinar óskir í þá átt, sem þetta frv. fer fram á. Ég tel því, að sé ekki minnsti grundvöllur eða nokkur ástæða til þess að afgreiða þetta mál, og ætti að sjálfsögðu að fresta afgreiðslu þess, þangað til mþn., sem kosin var fyrir tæpum fjórum árum, skilar áliti.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ak. (FS) fyrir það, sem hann vildi upplýsa viðvíkjandi þeirri fsp., sem ég bar fram, og skal að vísu tekið fram af mér, að ég hafði meira í huga ákvæði 3. gr., eins og það var í frv. upphaflega, heldur en í þessu síðara plaggi, sem er uppsuða á frv. eftir 2. umr. Annars hafa þessar breytingar og skjölin orðið svo mörg í þessu, að það er varla hægt að átta sig á, hvað er hvað. En það, sem hann virtist þarna vilja segja, að þetta gilti aðeins um frambjóðendur o. s. frv., — ég hafði spurt að því, hvort manni væri heimilt að skýra frá því, að maður hefði sjálfur kosið eða ekki kosið, og hann benti mér á þessa grein, sem segir: frambjóðendur. Nú er það vitað, að t. d. við bæjarstjórnarkosningar og raunar við þingkosningar líka eru í sumum stöðum á landinu allmargir á lista, sem þá geta allir heitið frambjóðendur, svo að það mun a. m. k. að sjálfsögðu vera ætlazt til af hv. þm., að ákvæðið hitti þá, og svo framarlega sem maður er á einhverjum lista hjá einhverjum flokki, þá sé hann bundinn eða honum skipað að viðhafa fulla þagnarskyldu um það efni undir straff. Að öðru leyti hefur hv. 6. þm. Reykv. farið svo ýtarlega út í þetta mál, að ég hef eiginlega litlu og helzt ekki neinu við það að bæta, sem hann hefur ekki á minnzt.

Ég fann til með hæstv. forseta, sem fann hér ástæðu til þess að taka til máls, þegar rifjuð var upp sú átakanlega historía úr húsinu, þar sem hann var — geri ég ráð fyrir — gestur í, þar sem í þrjú skipti var barið að dyrum til þess að fá einhverja blessaða frú á kjörstað, sem virðist hafa verið treg til þess að gera það. Og var hann að segja það sem dæmi um, hvað hann hefði séð og reynt af ófriðnum um kosningar í þessu efni. Hv. 6. þm. Reykv. er búinn að sýna fram á það með skýrum rökum, sem raunar hefur verið drepið á áður, að sá friður, sem hæstv. forseti og aðrir, sem eru líkt hugsandi og hann í þessu efni, stefna að með þessu frv., verður á engan hátt tryggður, þó að frv. sé samþykkt, þar sem það er einmitt, þegar orðin er fullkomin óvissa um, hvort fólk hafi kosið eða ekki kosið, að þá er mjög hætt við, að það aukist heimsóknirnar og smölunin, ef svo má að orði kveða, í húsum, þegar potað er blint í sjó, sem ekki þyrfti að vera, ef það væri vitað, að þessi eða hinn hefði kosið, eins og hingað til hefur verið venja, svo að hæstv. forseti, sá mæti maður, er í rauninni að magna þennan ófrið, sem hann vill forðast, með því að fylgja þessu máli fram.

Hv. 6. þm. Reykv. benti hv. meiri hl. n. á það, sem er kannske mjög eðlilegt, að það, sem þeir hafa verið að reyna að lappa upp á frv. með sínum brtt. og sumpart hefur verið samþykkt, er enn þá margt í óvissu og margt óljóst, svo að það er sýnilegt af þeirra vinnubrögðum, að þeir hafa komið að þessu máli jafnókunnugir og aðrir deildarmenn og hefur ekki unnizt tími til þess að gera úr því frambærilegt frv., eins og liggur fyrir á þskj. 153, og taldi hv. 6. þm. Reykv. upp í mörgum liðum, hvað væri óljóst og hvað hefði mistekizt af þessu máli. Hann fór þó ekki svo langt, að hann minntist á 6. greinina, — jú, hann fór svo langt, að hann minntist á 6. greinina, en hann minntist ekki á bannið við að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma, eins og þar stendur. Þar stendur, í 6. gr., meðal annars, sem er bannað: að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma. — Það er ekki talað um, hvar þetta gjallarhorn má ekki nota. Það virðist vera, að það megi enginn nota gjallarhorn neins staðar eftir ákvæðum 6. gr.

Það getur verið, að tilgangurinn sé sá, að gjallarhorn megi ekki vera á bifreiðum, en það stendur ekki í greininni, og ef einhver maður er að nota gjallarhorn þennan dag, sem um er að ræða, jafnvel þó að það sé í úthverfum bæjarins eða fjarri, þá getur það sennilega fallið undir þann skilning, að það sé þarna verið að fremja ólöglegt athæfi. Þetta veit nú náttúrlega hv. þm. Ak., sem er lögfróður og glöggur, en samt sem áður hefur honum ekki unnizt tími til þess að koma þessu gjallarhornsmáli í það horf, að það væri skiljanlegt, hvar það væri, sem gjallarhornið mætti vera og ekki vera. Eftir greininni, eins og hún er nú, má það hvergi vera í notkun að minnsta kosti.

Ég vildi svo óska þess, að frv. yrði lagfært í Nd., úr því að það hefur ekki tekizt hér að lagfæra það svo sem skyldi, til þess að það yrði frambærilegt. Það er enn óframbærilegt. En það er frambærilegra að vísu en það var, þegar það var lagt fram. Og sérstaklega vildi ég vonast til þess, að uppskera hæstv. forseta af friðnum yrði eitthvað meiri í framtíðinni en frv. enn þá gefur tilefni til.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Hæstv. forseti þessarar d. fann ástæðu hér til þess að koma hér í ræðustólinn til þess að verja þetta frv. og undirstrika þann mikla frið, sem það væri að boða. Hann nefndi eitthvert dæmi um það, að einhvern tíma hefði það átt sér stað, mér skilst hér í Reykjavík, að þrisvar sinnum hefði verið barið að dyrum á sama staðnum og fólk orðið fyrir ónæði.

Ég skal gjarnan fræða hæstv. forseta um friðinn í V.-Skaftafellssýslu og hvernig Framsóknarflokksmenn beita honum þar, — skal segja honum eitt dæmi. Það var í kosningum eitt skipti, að aldraður maður hringir til kunningja síns og biður hann að sækja sig á ákveðinni stundu. Hann kemur, þessi maður, á heimili þessa aldraða manns til þess að sækja hann. En hvað skeður þá? Húsráðandinn, sem var Framsóknarflokksmaður og þessum aldraða manni nákominn, grípur í gamla manninn, hrindir honum innan dyra og segir: „Þú ferð ekki í þennan bíl.“ Er þetta friður? (**Gripið fram í:** Hvað gerði sýslumaðurinn út úr þessu?) Sýslumaðurinn? Því miður vissi hann ekkert um þetta fyrr en eftir á. Annars hefði hann tekið í taumana vissulega. Er þetta friður, hæstv. forseti?

Þessum aldraða manni var ekki meinað að sækja kjörfundinn. Þegar þessum húsráðanda þóknaðist að setja hann upp í ákveðinn bíl, fékk hann að fara. Þetta er máske friður. Þetta er máske sá friður, sem má vera í sveitum landsins.

Ég vil þá einnig leiðrétta þann misskilning hjá hæstv. forseta, sem hann sagði hér í sinni ræðu, að ég hefði sagt, að þessu væri beint gegn sjálfstæðismönnum í Reykjavík. Ég sagði það ekki. Ég sagði, að eitt stjórnarblaðanna hefði látið orð falla í þessa átt. En ég taldi hins vegar vafasamt, að þessi von ríkisstj. og stjórnarflokkanna bæri árangur, þann árangur, sem þeir ætlast til.

Hitt taldi ég og tel enn augljóst mál, að þessu máli er fyrst og fremst beint gegn Reykjavík, vegna þess að hér er mest fjölmennið og hér óttast stjórnarflokkarnir mest, að kjósendur geti neytt síns réttar.

Varðandi þá brtt., sem hv. þm. Ak. (FS) flytur í tilefni af minni brtt., þess efnis að leggja það á vald yfirkjörstjórnar í kaupstöðum að ákveða, hvenær kjörfundur skuli byrja, tek ég undir þau ummæli hv. 6. þm. Reykv. (GTh), að það er óeðlilegt að lögbinda, hvenær kjörfundi skuli slitið, en leggja það á vald yfirkjörstjórnar, hvenær hann skuli hefjast.

Hv. þm. nefndi sem dæmi, að það væri óþarfi að fyrirskipa þeim á Seyðisfirði að byrja kjörfund kl. 9. Ég vorkenni Seyðfirðingum ekki neitt að fara það snemma á fætur. Þeir eru fámennir og geta lokið kjörfundi miklu fyrr og fengið þá þennan langþráða frið seinni hluta dags, sem stjórnarflokkarnir eru að boða. Ég sé ekkert við það að athuga.

Ég ætla enn á ný að gera eina tilraun til þess að fá hv. stjórnarflokka til þess að íhuga þetta mál betur og vita, hvort þeir fást ekki til að lagfæra það, svo að það verði samboðið Alþingi að fá það fram sem lög.

Hv. stjórnarflokkar hafa allir verið að reyna að afsaka sig: það sé ekki meiningin að ofsækja einn eða neinn, nei, síður en svo, það eigi bara að skapa frið, eilífan frið. — En ég hygg, að þeir finni það, að þetta verður ekki til að skapa frið, heldur þvert á móti til þess að auka ófrið, ef þessi löggjöf verður samþ. Ég vil gefa stjórnarflokkunum enn á ný kost á að þvo hendur sínar og leyfi mér því að leggja hér fram till. til rökstuddrar dagskrár. Hún hljóðar þannig:

„Þar sem þetta frv. miðar fyrst og fremst að því að gera mönnum erfiðara fyrir en áður að neyta atkvæðisréttar síns og eðlilegt virðist, að mþn. um endurskoðun kosningalaganna hraði störfum og lögin í heild verði endurskoðuð sem fyrst, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa till. til rökstuddrar dagskrár.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svofelld till. til rökstuddrar dagskrár út af þessu máli:

„Þar sem þetta frv. miðar fyrst og fremst að því að gera mönnum erfiðara fyrir en áður að neyta atkvæðisréttar síns og eðlilegt virðist, að mþn. um endurskoðun kosningalaganna hraði störfum og lögin í heild verði endurskoðuð sem fyrst, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vona, að menn afsaki, þó að ég hafi verið dálítið stirður að lesa það, því að það var hv. flm. einnig, þegar hann las þetta.

Út af því, að ýmsir hv. dm. hafa minnzt hér á ræðu, sem forseti deildarinnar hafi haldið, þá vil ég taka það fram, að forseti sem slíkur hefur enga ræðu haldið hér og ekkert lagt til þessara mála. En 1. þm. Eyf. sagði hér nokkur orð, og er það að vísu sami maður, en forseti hefur fullan rétt til þess að víkja úr forsetastól og taka til máls eins og hver annar þm., en hann gerir það ekki sem forseti.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Það er nú svo búið að fara nákvæmlega yfir þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það mun ekki verða mikið, sem ég bæti við það.

Hv. 6. þm. Reykv. hefur nú tekið frv. grein fyrir grein og sýnt ljóslega fram á, um hverja lagasmíði er hér að ræða.

Það er eitt atriði, sem hann reyndar kom nú inn á í sinni ræðu, en ég vildi aðeins minnast frekar á. Það er 1. gr. frv., sem fjallar um utankjörstaðaatkvgr. Þar er gert ráð fyrir, að í viðbót við þær reglur, sem nú gilda um atkvgr. utan kjörstaðar, skuli viðkomandi kjörstjóri yfirheyra kjósandann mjög nákvæmlega og fá að vita ástæðuna til þess, að hann óskar að greiða atkv. utan kjörstaðar. Það á þá að byrja á því að yfirheyra kjósandann nákvæmlega um þetta, heimta af honum upplýsingar, að hann geri sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann verður á kjördag. Allar þessar upplýsingar, sem maður veit nú ekki enn þá, hvað verða heimtaðar miklar, en allar þessar upplýsingar á að færa inn í sérstaka bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni.

Nú er mér forvitni á að vita, hvernig þetta er hugsað í framkvæmd. Ég geri ráð fyrir því, að meiri hluti þeirrar nefndar, sem um þetta mál fjallaði, hafi athugað þetta atriði og einkanlega hvernig þetta verður í framkvæmd. Við skulum hugsa okkur t. d., að það sé kosið um borð í skipi, og á þessu skipi greiða atkv. menn úr, ja, við skulum segja fjórum kjördæmum. Þeir eru allir yfirheyrðir samkvæmt eðli málsins um það, hvernig standi á því, að þeir ætli að greiða atkv. fyrir kjördag, og sömuleiðis, af hverju þeir ætli ekki að vera heima á kjördag. Við skulum nú segja, að þessar upplýsingar í þessu tilfelli liggi nokkuð ljóst fyrir, þar sem um sjómenn er að ræða, sem verða atvinnu sinnar vegna að vera í burtu. En svo skulum við taka annað dæmi, að hér í Reykjavík eru fjöldamargir menn, sem greiða atkv. fyrir kjördag, vegna þess að þeir verða ekki staddir á kjördegi heima hjá sér eða þar sem þeir eiga lögheimili og þar sem þeir eru á kjörskrá.

Nú á að færa allar upplýsingar um þessa menn inn í sérstaka bók. En á kjörstjóri að hafa eina bók fyrir alla þessa menn, eða á hann að hafa bók fyrir hvert kjördæmi og hverja kjördeild? Ég hef verið að velta þessu fyrir mér, og ég fæ það ekki skilið, hvernig þessu verður fram komið. Það segir í lok 1. gr. hér, að aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi, þ. e. a. s. aftan við 70. gr. kosningalaganna: „Frambjóðendur og umbjóðendur framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar gr." M. ö. o.: á hverjum kjörstað, þar sem utankjörstaðaratkvæði kemur fram, á að liggja fyrir bókun um það, hvernig standi á því, að það er komið. Ég get ekki skilið þetta á annan veg. Og þá verða jafnmargar bækur að vera eins og kjörstaðirnir eru margir.

Þetta er aðeins eitt atriði í þessum lögum, sem ég hef verið að velta fyrir mér, hvernig á að framkvæma.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um frv. sjálft, en mér þætti gott að fá upplýsingar um þetta. Ef þetta er einhver misskilningur hjá mér, þá þætti mér gott að fá hann leiðréttan, en ef það er ekki, þá að fá að vita það, hvernig meiri hluti nefndarinnar, sem ekki sá ástæðu til þess að breyta þessu í frv., þó að hann breytti mörgu, hugsar sér, að þetta verði framkvæmt.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja þessar umr. mikið, úr því sem komið er, enda hef ég ekki heyrt allar síðustu ræður, sem fluttar hafa verið hér um málið. Ég vil aðeins svara örfáum athugasemdum, sem hv. 6. þm. Reykv. (GTh) gerði að umtalsefni í sinni ræðu. Annars virtist mér flest það, sem hann ræddi hér um, vera meiri og minni hártoganir á frv. og ekki veigamikil atriði.

Hann virtist vera í vafa um það, hvað átt væri við með orðinu skrá í 3. gr. frv., en þar segir, að frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé nein nauðsyn á því, að ég fari að reyna að túlka þetta atriði. Hv. þm. veit þetta nákvæmlega eins vel og ég og hver annar. Það er að sjálfsögðu átt við skrá, sem jafngildir kjörskrá eða getur komið í staðinn fyrir kjörskrá, og þarf ekki, að ég ætla, að fara um það fleiri orðum.

Þá taldi hann, að ekki væri nægilega skýrt kveðið á í 1. tölulið 3. gr. um bann við því, að frambjóðendur og umboðsmenn þeirra hafi meðferðis á kjörfund kjörskrá, taldi, að líklegt væri, að eftir orðanna hljóðan væri heimilt að senda þeim kjörskrá inn á kjörfund, en þeim væri einungis óheimilt sjálfum að hafa með sér slíka skrá. Þetta er að sjálfsögðu misskilningur hjá hv. þm., enda trúi ég vart, að hann sjái ekki betur en hann þóttist sjá í þessu efni. Í töluliðnum stendur, að óheimilt sé að hafa kjörskrá meðferðis á kjörfundi. Það stendur ekki í gr., að það sé óheimilt að hafa kjörskrá meðferðis á kjörfund, heldur á kjörfundi, og á því er nokkur

efnismunur, eins og allir munu sjá, sem kæra sig um það.

Þá spyr sami hv. þm. um það, hvaða efnismunur sé á því að skrifa hjá sér, eins og þetta var orðað í 3. gr. frv. eins og það var upphaflega, þegar það var lagt hér fyrir, og hinu, að rita sér til minnis. Raunverulega þarf ekki að svara þessu heldur. Hv. þm. veit það vel. Hér er ekki um efnismun að ræða. Það var einungis það, að betur þótti fara á því að orða þetta með þessum hætti. Meiri hl. allshn. þótti betur fara á þessu orðalagi heldur en hinu, sem var í frv. eins og það upphaflega var, og er því ekki verið að breyta neinum efnisákvæðum frv. með þessu.

Þá klifar hv. þm. enn á því, að með frv. sé verið að torvelda kosninguna fyrir stærsta flokknum. Ég á erfitt með að trúa því, að hv. þm. meini þetta í alvöru. Ég fæ ekki séð, að þessi frumvarpsákvæði geti bitnað, ef maður mætti hafa það orðalag, á einum flokki frekar en öðrum. Að vísu vil ég alls ekki orða þetta þannig, að frv. bitni á neinum, því að ég sé ekki að það sé neinum til tjóns, og allra sízt tel ég, að þar sé nokkrum mismunað. Að sjálfsögðu gengur þetta jafnt yfir alla, hvort sem það er stærsti flokkurinn eða minnsti flokkurinn eða aðrir flokkar. Það skiptir engu máli. Allir verða að sæta sömu ákvæðum um kosningalög, eins og vera ber.

Þá talaði sami hv. þm. um það, að ef frv. þetta yrði að lögum, mundi það auka kosningasmölun, þannig að mér skildist á honum, að hann gerði ráð fyrir því, að nú mundu kosningasmalar ganga hús úr húsi og kanna allan daginn eða reyna að ná til hvers manns og spyrja þá, hvort þeir hefðu ekki kosið, og drífa þá á kjörstað, ef svo væri ekki.

Ég veit ekki, hvort þetta verður reynt, en ég dreg það í efa. En verði þetta einhvern tíma reynt, þá er ég sannfærður um, að það verður ekki reynt oftar en einu sinni, því að slíkt er nánast óframkvæmanlegt, a. m. k. hér í Reykjavík og í stærstu kaupstöðum, en það eru einmitt þeir staðir, þar sem sú venja hefur verið viðhöfð að fylgjast nákvæmlega með því, hverjir hafa kosið og hverjir hafa ekki sótt kjörfundi, og smöluninni hefur þá verið hagað eftir því.

Þá ræddi sami hv. þm. æði mikið um það, að frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra væri samkvæmt frv. óheimilt að láta í té upplýsingar um það, hverjir hefðu kosið og hverjir hefðu ekki sótt kjörfund.

Þetta ákvæði er tekið hér upp í frv. og er raunverulega eitt af meginatriðum frv., og það þarf ekki að gera frekari grein fyrir en þegar hefur verið gert, til hvers þetta er. Það er skýrt í grg. frv. og hefur komið fram hér í umr. Þetta er gert beinlínis til þess að koma í veg fyrir það, að sú atkvæðasmölun, sem átt hefur sér stað venjulega við kosningar í Reykjavík og kaupstöðum og máske víðar, falli niður, enda eru ekki nein rök fyrir því, að æskilegt sé að smala kjósendum eins og fénaði til kosninganna. Ef þeir kæra sig ekki um að greiða atkv., þá ætti þeim að vera fullkomlega heimilt að sitja heima og fara hvergi.

Í samræmi við þetta ákvæði um, að óheimilt sé að senda upplýsingar af kjörfundi, er síðan ákvæði 4. gr. um meðferð kjörskránna, þeirra kjörskráreintaka, sem notuð hafa verið við kosninguna. Það er gert ráð fyrir því, að um þessi kjörskráreintök verði leynd, þau verði innsigluð og enginn geti fengið aðgang að þeim, þannig að ekki verði hægt að rannsaka eftir á, hverjir hafa kosið og hverjir hafa ekki neytt atkvæðisréttar. Slíkt er ekki æskilegt og ástæðulaust, enda á það að vera einkamál hvers og eins, og það er mál, sem aðra varðar ekki um, hvort einhver hefur notað þennan rétt sinn eða ekki notað hann. Ég sé ekki, að hér sé um nein óeðlileg ákvæði að ræða, og þau eru í samræmi við þessa stefnu, sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá vil ég geta þess í sambandi við ræðu hv. 6. þm. Reykv. um 5. gr., að hann ræddi þar nokkuð um flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni sem þar greinir. Ég vil benda hv. þm. á það, að í 5. gr. frv., eins og það er prentað upp eftir 2. umr. í Ed., er prentvilla. Þar er einni kommu ofaukið. Það er komma, sem stendur á milli orðanna „merki lista“. Þar á engin komma að vera, enda er slík komma ekki í tveimur fyrri útgáfum frv., eins og hv. þm. geta gengið úr skugga um, ef þeir bera þetta saman. En þessi komma mundi breyta merkingu þarna og verða til þess að raska því, sem tilætlunin er samkvæmt greininni.

Ég held, að ég ræði ekki frekar um þetta. Þetta er þegar orðið augljóst, hvernig þessu máli er háttað, og ætti þess vegna ekki að vera þörf á frekari skýringum um það.

Ég vil aðeins að lokum drepa á það, að hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og hv. þm. V-Sk. (JK) hafa andmælt brtt. minni, sem ég flutti hér skriflega fyrr við þessa umr., og telja, að lögbinda eigi það, að kosning í kaupstöðum skuli hefjast kl. 9 árdegis.

Ég vil aðeins benda á það aftur, svo að mönnum sé það vel í minni, að ástæðan til þess, að ég flyt mína brtt., var einfaldlega sú, að ég taldi engin rök fyrir því, að kjörfundur þyrfti að hefjast kl. 9 árdegis í kjördæmi, sem hefur nokkur hundruð kjósendur. Það er algerlega ástæðulaust, og yfirkjörstjórninni er fullkomlega treystandi til þess að meta það, hvenær ástæða sé til eða hvenær æskilegt megi teljast, að kjörfundur hefjist fyrr en kl. 10, og þess vegna hef ég lagt til í minni brtt., að þetta sé lagt á vald yfirkjörstjórnar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta frv. það mikið og rekja það sundur lið fyrir lið, þannig að heita má, að nú standi ekki eftir annað en lítt hugnanleg beinagrind. Þarf ég því ekki að fara mörgum orðum um frv. í heild né einstakar greinar þess. En það var m. a. til þess að taka upp hanzkann fyrir hinn almenna kjósanda, sem ég kvaddi mér hljóðs, áður en umr. yrði lokið, og sérstaklega af því tilefni, að hv. stjórnarsinnar, aðallega hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Ak., töluðu mikið um það, að gengið væri fast fram í því að þvinga menn til að kjósa, að smala kjósendum eins og fénaði á kjörstað og annað slíkt. Þeir hafa ef

til vill ekki athugað, að með því að undirstrika þetta atriði svo mjög sem þeir gerðu, er sneitt að hinum almenna kjósanda í landinu. Það eru ekki ýkja margir menn, sem láta smala sér á kjörstað og láta segja sér fyrir verkum, hvernig á að kjósa.

Ég minnist eins atviks vestan úr Dölum frá síðustu kosningum. Þar var svo ástatt, að á einu sveitaheimili hafði fólkið ákveðið að kjósa ekki. Sérlegur útsendari frá Framsfl. fór á það heimili snemma dags, sat yfir fólkinu, en þegar það dugði ekki til, var þm. Dalamanna kvaddur á vettvang. Þessir tveir menn slógu sér til rólegheita nokkrar stundir kjördags og höfðu áróður í frammi, en allt kom fyrir ekki. Fólkið sat við sinn keip, fór hvergi og kaus ekki. Þannig hygg ég, að kjósendur hagi sér, sem á annað borð eru ákveðnir í því að neyta ekki kosningarréttar síns. Hitt, að það sé almennt í lófa lagið að smala fólki á kjörfund og leggja því upp í hendurnar, hvern frambjóðanda það eigi að kjósa, — það held ég að sé langt frá því að vera nokkur meginregla, síður en svo.

Þá vil ég vekja athygli á því, að það hefur enginn hv. þdm. mælt með hinum svokölluðu næturheimsóknum, sem dálitið hefur verið rætt um. Það hefur m. ö. o. engin rödd komið fram um það í hv. þd., að kjörfundur ætti að standa lengur en til 12 á miðnætti. Hins vegar hefur því verið haldið fram skýrt og greinilega, að eðlilegt væri, að kjósandi hefði rétt til að neyta þessa mikilvæga réttar til loka kjördags. Það er því aðeins ein klukkustund, sem raunverulega um er deilt í þessu tilliti. En á hinn bóginn, þótt ég sé á engan hátt að mæla því bót, að rekinn sé heiftugur áróður og miklar smalamennskur í sambandi við kosningar, þá verð ég að segja það, að ekkert er eðlilegra í landi, þar sem fólki er frjálst að hafa skoðanir, mynda stjórnmálaflokka, skipa sér í ákveðnar fylkingar fyrir sínum hugðarmálum, — enginn hlutur er eðlilegri en fólkið sé af og til minnt á, að það á þennan rétt, kosningarréttinn, og einnig, að þessum rétti fylgja nokkrar skyldur. Okkur hættir við að telja ýmis mikilvæg réttindi það sjálfsögð, að við næstum gleymum þeim. T. d. er það svo með andrúmsloftið, að við munum ekki eftir því, hvað það er okkur lífsnauðsynlegt, en flestum verður það þó á að taka andköf, þegar sá lífgjafi er fjarlægður frá þeim.

Þannig hygg ég það fyllilega réttmætt að minna fólk einstöku sinnum á það, ekki síst í kringum kosningar, að kosningarréttinum, þessum heilaga og sjálfsagða rétti, sem okkur finnst í lýðræðislöndum, fylgja einnig nokkrar skyldur, og er það ekki nema sjálfsagt og mjög eðlilegt og má heita nokkurs konar eðlislögmál, að hverjum rétti fylgi nokkur skylda.

Ég lít svo á, að þeir, sem á annað borð vilja búa við ríkjandi þjóðskipulag og vinna að endurbótum þess og framtíðarþróun allri, ættu að minnast þess og hafa það hugfast, að það er í raun og veru siðferðisskylda hvers borgara að kjósa rétt eftir sinni beztu sannfæringu. Ef mönnum gleymist þessi skylda, þá er hætt við því, að svo fari með tímanum, að yfir þjóðina færist sinnuleysi og afskiptaleysi af stjórnmálum, en það er, eins og við vitum allir, hinn ákjósanlegasti grundvöllur fyrir einræðisöfl til að halda innreið sína.

Eins og ég sagði í upphafi, þarf ég ekki að fara mörgum orðum um frv. né einstakar greinar þess og get því stytt mál mitt. Eins og hv. þdm. vita, hafa komið hér fram nokkrar till. við frv., sem ekki er búið að greiða atkv. um, m. a. sú till. frá hv. þm. V-Sk. að lögbjóða það, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis á kjördag, en ekki kl. 10, eins og í frv. stendur. Við þessa till. eða vegna hennar hefur hv. þm. Ak. flutt brtt. þess efnis, að yfirkjörstjórn í kaupstöðum geti þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis, enda sé þá öll kjörstjórnin mætt, ef ég hermi rétt eftir minni.

Í sambandi við þessa till. og í beinu framhaldi af henni hef ég leyft mér að bera fram brtt. við frv. skriflega. Hún er við 2. gr. frv. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðari málsgr. 2. gr. frv. orðist svo:

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli standa til kl. 24. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkv.“

Ég leyfi mér að leggja saman tvo og tvo og gera ráð fyrir því, eftir því sem mál hafa ráðizt hér í vetur, að till. hv. þm. V-Sk. verði felld, en till. hv. þm. Ak. verði samþ. Ég sé því ekki betur en það sé í fullu samræmi við till. hv. þm. Ak. um það, að heimilt sé að flýta kjörfundi um eina klukkustund í vissum tilfellum, að einnig sé heimilt að færa kjörfund aftur um eina klukkustund, ef svo verkast vill. Ég skal vekja athygli á því, að ég hef orðað brtt. mína nákvæmlega eins og hv. þm. Ak. orðaði sína, enda skammast ég mín ekkert fyrir að nota mér svolítið af hans orðalagi. Við erum orðnir kunnugir af samvinnu í n., og hefur farið ágætlega á með okkur. En ég fæ ekki betur séð en nákvæmlega sömu rök liggi til þess að samþ. þessa brtt. mína eins og brtt. hv. þm. Ak. Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en leyfi mér að rétta hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 162) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Rökst. dagskrá á þskj. 161 felld með 9:5 atkv.

Brtt. 154 felld með 8:6 atkv.

— 160 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 162 felld með 10:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Sþ., 13. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 163).

Á 39. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. dómsmrh. vil ég segja nokkur orð til skýringar þessu frv., sem er komið frá hv. Ed.

Eins og menn vita, starfar mþn. að endurskoð-

un kosningalaganna og hefur starfað um skeið. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum, enda eru mörg þýðingarmikil atriði í kosningalögunum, eins og gefur að skilja, sem þurfa gaumgæfilegrar íhugunar við. Á hinn bóginn hafa komið ýmsir ágallar fram á kosningatilhöguninni, eins og eðlilegt er, þar sem kosningalögin voru, síðast þegar þau voru sett, að verulegu leyti nýsmíði. Þykir ástæða til að gera ráðstafanir til að bæta úr nokkrum þessum ágöllum, enda þótt niðurstöður heildarendurskoðunar kosningalaganna liggi ekki fyrir enn þá. Þess vegna hefur ríkisstj. beitt sér fyrir þessu frv. til laga um breytingar á kosningalögunum og tekið inn í það nokkur slík atriði, sem öll miða að því, eins og það hefur stundum verið kallað í umræðum um þetta mál, að friða kjördaginn, þ. e. a. s., að kosningarnar geti farið virðulegar fram en mörgum virðist hafa orðið. Ganga breytingarnar allar í þá átt.

Ég mun gera grein fyrir þessum breytingum.

Fyrst er sú, að mönnum er ætlaður sá réttur í kosningalögum að greiða atkvæði fyrir fram, ef þeir gera ráð fyrir að vera fjarverandi á kosningadaginn, en síðan er ákvæði um, að atkvæði manna skuli ógild, ef það kemur í ljós, að þeir hafi verið heima á kosningadaginn, greitt atkvæði fyrir fram, en ekki tekið það til baka og greitt atkv. aftur á kjörfundi. Þessi heimild um fyrirframatkvgr. hefur verið mikið notuð. Hún er vitaskuld ætluð fyrir þá eina, sem gera ráð fyrir að verða í burtu, og hún á að vera til afnota aðeins fyrir þá, því að ef þeir eru heima, þá eiga þeir, eins og ég sagði, að taka atkvæði sitt til baka og greiða atkv. á kjörfundi. Nú þykir ástæða til að setja inn í lögin til þess að fyrirbyggja misnotkun í þessu efni ákvæði um, að menn skuli greina ástæður fyrir því, af hverju þeir gera ráð fyrir að verða fjarverandi, og það skuli bókað, þegar kosningin fer fram. Með þessu móti verður meiri möguleiki til þess að veita aðhald í þessu efni, að hér fari allt fram eins og löggjafinn hefur ætlazt til. Það er ekki annað, sem hér er verið að gera, en að setja ákvæði til stuðnings því, að framkvæmdin á þessu verði eins og löggjafinn ætlaðist til í upphafi, því að löggjafinn ætlaðist aldrei til þess, að mikill hluti þjóðarinnar greiddi atkvæði fyrir kjördag, jafnvel undir yfirskini, heldur til hins, að þeir, sem þyrftu að vera fjarverandi, gætu notfært sér sinn rétt. Til þess eins ætlaðist löggjafinn.

Næst vil ég greina frá því, að sú hefur orðið venjan undanfarið, að kjörfundi hefur sums staðar verið haldið áfram fram á nótt. Hér er tekinn af allur vafi um þetta í frv. og lagt til að setja í lög, að það skuli loka kjörfundinum kl. 23, en þeir, sem þá eru komnir inn, fái að kjósa. Þetta ákvæði er miðað við, að kosningunum sé lokið á kosningadaginn, eins og auðvitað var ætlun löggjafans, þegar lögin voru sett. Það var ætlazt til þess, að kosningadagurinn dygði til að ljúka kosningunni. Í sambandi við þessar næturkosningar hefur átt sér stað alveg óeðlilegur eftirrekstur um kosningaþátttökuna, og mörg dæmi eru til þess, að menn hafa ekki haft næturfrið út af þessu fyrirkomulagi, sem tekið hefur verið upp sums staðar. Ég hygg, að þess muni engin dæmi í nokkru lýðfrjálsu landi nema hér, að farið hafi verið út á þá braut að halda kosningum áfram langt fram á nótt og berja menn upp úr fasta svefni um hánætur til þess að pressa þá til að kjósa, ef þeir hafa ekki séð ástæðu til þess daglangt að mæta á kjörfundi. Enn fremur er gerð sú breyting um leið, og var það ákvæði sett inn í frv. í hv. Ed., að hægt yrði að byrja kjörfund einni klst. fyrr en áður í kaupstöðum.

Þá hefur sá siður tíðkazt hér, að umboðsmenn flokkanna eða frambjóðenda og lista, sem að sjálfsögðu eiga rétt til þess að vera í kjördeildum og á kjörfundum til þess að fylgjast með því, að kosningaathafnir fari löglega fram, riti upp nöfn þeirra, sem kjósa. Eru þessar upplýsingar síðan notaðar til þess að fylgjast með því sem grandgæfilegast, hverjir ekki mæti til þess að neyta kosningarréttar síns, notaðar til þess að leita þá uppi og reyna að fá þá til að kjósa. Það þykir miklu eðlilegra, að það sé ekki leyfilegt að rita upp í kjörfundarstofunni, hverjir mæti til þess að kjósa. Það er óviðkunnanlegt og óeðlilegt, og þess vegna er gert ráð fyrir því í þessu frv., að þetta sé bannað, en umboðsmennirnir aðhafist það eitt á kjörstaðnum, sem þeim er auðvitað fyrst og fremst ætlað að gera, og það er að fylgjast með því, að allt fari fram eftir lögunum og engin misnotkun af nokkru tagi eigi sér stað á kjörfundinum. Það hefur vitanlega aldrei verið tilgangur löggjafans, þótt þetta hafi orðið þannig í framkvæmdinni, að þessir umboðsmenn væru þar til þess að rita jafnóðum skrár um það, hverjir neyttu atkvæðisréttar síns.

Þá hefur sá háttur orðið á hér sums staðar, að mikil auglýsingastarfsemi hefur verið uppi höfð á sjálfan kosningadaginn, en eftir því sem þetta auglýsingaglamur á kosningadaginn færist í vöxt, eftir því verður það öllum góðum mönnum hvimleiðara, og mönnum leiðist sá blær, sem verður á kosningadaginn með þessu móti. Þetta á sér stað með mörgum hætti. Það eru bílar merktir flokkunum til að mynda, og það eru jafnvel notuð gjallarhorn til þess að koma við eggjunum, upphrópunum og áróðri, og enn fremur lýsir þetta sér með mörgu öðru móti. Ég býst við því, að flestir sanngjarnir menn álíti, að það væri mjög heppilegt að draga úr þessu á sjálfan kosningadaginn og hann mundi fá miklu skemmtilegri blæ, ef þessir siðir væru lagðir niður.

Þess vegna hefur ríkisstj. gert það að till. sinni í þessu frv. að setja í lögin ákvæði, sem draga nokkuð úr þessu. Eru þau ákvæði í frv. t. d. að banna að merkja listum eða frambjóðendum einstakar bifreiðar eða merkja þær með sérstökum auðkennum í tilefni af kosningadeginum, banna áróður í næsta nágrenni við kjörfundina o. s. frv.

Þetta hygg ég vera höfuðatriði í frv., þau sem ég nú hef á drepið, og öll eru þessi ákvæði satt að segja þannig, að ef allt væri með felldu, þá ættu allir að geta orðið ánægðir með þau.

Ég býst einnig við, að svo sé í raun og veru, þegar frá er skilinn lítill hópur ofstækismanna í Sjálfstfl., sem hefur tekið upp baráttu gegn

þessum alveg sjálfsögðu umbótum á kosningalögunum með mjög furðulegu móti. Kemur það vitanlega af því, að þessi flokkur hefur haft tilhneigingu til þess að færa út í algerar öfgar einmitt þær framkvæmdir í kosningum, sem hafa orðið almenningi til sárra leiðinda og hafa orðið til þess, að menn telja rétt að gera þessar breytingar.

Ég ætla ekki hér að fara út í að ræða þær dæmalausu öfgar, sem gætt hefur í málflutningi gegn þessu frv., t. d. eins og því, að með þessu væri verið að leggja stein í götu þess, að menn gætu notað kosningarrétt sinn og þar fram eftir götunum. Það vottar auðvitað ekki fyrir rökum í því sambandi, því að hvaða óbrjáluðum manni dettur í hug, að hægt sé að finna í þessu frv. nokkurt ákvæði, sem gengur í þá átt að gera mönnum erfiðara fyrir en áður að notfæra sér kosningarrétt sinn? Eða hvernig skyldi það t. d. hafa getað greitt fyrir mönnum að notfæra sér kosningarrétt sinn, að bílar væru auðkenndir flokkunum á kjördag eða frambjóðendum eða listum eða það gæti greitt fyrir mönnum að notfæra sér kosningarrétt sinn, að umboðsmenn flokkanna hefðu rétt til þess að skrifa niður nöfn þeirra, sem mæta til þess að kjósa, á sjálfum kjörstöðunum? Ætli þeir, sem vilja kjósa, muni ekki mæta þar, þó að slíkar uppskriftir falli niður? Eða hvernig ætli það hafi verið með þá, sem ætla sér að kjósa á annað borð? Ætli þeir séu yfirleitt ekki búnir að koma því í verk að kjósa frá kl. 9 að morgni til kl. 11 að kvöldi? Þetta eru vitanlega ekki nema hreinar fjarstæður, að nokkur ákvæði frv. torveldi mönnum að kjósa.

En því minnist ég á þetta nú strax í framsögu, að það sparar mér að minnast á þessi atriði aftur, þegar hv. sjálfstæðismenn verða búnir að endurtaka hér í deildinni sömu fjarstæðurnar, sem þeir hafa haldið fram um þetta mál í hv. Ed. og utan þingsins.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það hefur þá komið í ljós ein ástæðan til þess, að hæstv. fjmrh. er eins og genginn upp úr gröf, að sálast úr leiðindum á svipinn, það er hvað honum leiðist, hvernig sjálfstæðismenn hafa hegðað sér í kosningum að undanförnu. Get ég ákaflega vel skilið það, að honum líki ekki úrslit kosninga hér í Reykjavík eða yfirleitt á landsbyggðinni, þegar úrslitin síðast urðu þau, að þeir flokkar, sem hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir að mynduðu bandalag sín á milli, misstu tíunda hluta af sínu fylgi, en sjálfstæðismenn juku við sig 14—15%. Það er ákaflega eðlilegt, að sá hæstv. ráðh., sem hefur þessa reynslu af kosningum, sé leiður yfir kosningum yfirleitt og vilji komast hjá þeim sem mest.

Ég þurfti að víkja mér frá í upphafi ræðu hæstv. ráðh. og heyrði því ekki það, sem hann sagði um afskipti mþn. af þessu máli, mþn., sem sett var með samkomulagi til þess að endurskoða kosningalögin.

Ég ætla að beina ákveðnum fyrirspurnum til hæstv. ráðh. og vildi þess vegna skora á forseta að hlutast til um, að hann yrði hér við. Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðh., hvort mþn. hefði átt nokkurn hlut að samningu þessa frv., hvort hún hefði samið það sjálf, það hefði verið samið á hennar vegum eða hvort það hefði verið sent til hennar umsagnar, og jafnframt spyrja hæstv. ráðh. að því, hvað störfum þessarar mþn. liði, hvort það væri von á því, að hún skilaði bráðlega áliti, eða hvort enn mundi þurfa að bíða mörg ár þess, að frá henni kæmu einhverjar till. Þá vildi ég einnig spyrja hæstv. ráðh. að því, hver hefði samið þetta frv., sem hér er lagt fram. Hæstv. ráðh. talaði að vísu um frv. sem till. ríkisstj., en á að trúa því, að hæstv. ríkisstj. hafi samið þetta merkilega frv.? Frv. er með þeim hætti samið, að sjálfir aðstandendur þess hafa þurft að gerbreyta því frá því, sem það var fyrst lagt fram, og það er þess vegna ekki ófróðlegt fyrir þingheim að heyra, hverjir raunverulega hafa hér lagt hönd að verki.

Það er t. d. kunnugt, að frv. í sinni upphaflegu mynd gerði það að lögbroti, ef umboðsmaður flokks hafði með sér markaskrá yfir sauðfénað einhvers staðar af landinu í vasa sínum, þegar hann sat á kjörfundi. Hv. Ed. varð að breyta frv. til þess að sleppa frá þessu og öðru eins. Ætlar hæstv. ráðh. að koma með einhverja hótun núna, eða er það svar við spurningunni? (Gripið fram í.) Ja, nauðsynlegt, ég veit það ekki, það var eins og hæstv. Framsfl. óttaðist, að það væri mjög hættulegt fyrir úrslit kosninga, ef einhver gerðist svo óvarkár að hafa slíka skrá með sér, en af einhverjum ástæðum var þessu breytt, og það er nú orðið heimilt, þó að sumar aðrar skrár megi ekki hafa. En þetta sýndi, hvers eðlis frv. var og hvernig það var samið í upphafi, og þess vegna er ekki ófróðlegt og raunar nauðsynlegt fyrir þingmenn að fá vitneskju um það, hverjir raunverulega standa að eða hafa samið frv.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, vegna þess að hann vitnar mikið í það, hvernig til hátti — Hvað sagði hæstv. ráðh? (Gripið fram í. — **Forseti:** Ég ætla að biðja hv. þm. um að tala ekki saman á fundinum.) Ja, þá á hæstv. forseti að beina því til þess, sem er með truflanir hér á þingfriði. Vel má vera, að hæstv. ráðh. hugsi sér einhver viðurlög gegn þeim óhamingjusama manni, sem hefur samið frv., og það væri eftir honum að reyna að níðast á þeim manni, sem frv. hefði samið. En ég vildi spyrja hæstv. ráðh.: Er hann kunnugur því, hvenær kjörfundir byrja í öðrum löndum? Getur hann upplýst okkur um það, og eru þess nokkur dæmi yfirleitt, að kjörfundir byrji ekki fyrr en kl. 10 í öðrum löndum? Ef á að setja sérstakar takmarkanir um það, hvenær kjörfundum á að hætta, og um það vitnað til útlanda, þá er eðlilegt, að það sé a. m. k. sagt frá því, hvenær kjörfundir hefjist annars staðar. Annars vil ég segja, að ég tel, að þetta atriði varðandi það, hvenær kjörfundurinn hættir, sé ekki stórvægilegt atriði. Ég hygg, að allir mundu verða sammála um það, að eðlilegt væri, að kjörfundi lyki kl. 12 á miðnætti, um það mundi ekki verða neinn ágreiningur, en hitt sé ástæðulaust, að vera að setja sérstaka löggjöf um, að hann eigi að hætta kl. 11, án þess að það skipti þó öllu máli. Það horfir í þá átt að torvelda mönnum

að kjósa og er að því leyti frekar til ills, en hefur ekki úrslitaþýðingu.

Það, sem ég tel vera langsamlega mest athugavert við þetta frv., er það, að það miðar að því að skapa tvenns konar ástand í landinu. Það segir að vísu í grg. frv., að ætlunin sé sú að halda því einkamáli manna leyndu, hvort þeir hafi kosið eða ekki, og til þess á að gera rækilegar ráðstafanir. Það á bæði að banna fulltrúum flokkanna að merkja það hjá sér á kjörstað, hvort menn kjósi eða kjósi ekki, og eins á að hindra það, að fulltrúar flokka eða almenningur fái aðgang að kjörskrám, eftir að kosningu er lokið, með sérstakri geymslu á kjörskrám, þegar kosningunni lýkur.

Nú kann að vísu að heppnast að hafa slíka leynd á því, hvort menn kjósa eða kjósa ekki í þéttbýlinu, þar sem þúsundir manna eru á kjörskrá og neyta kosningarréttar síns. En ég þori að fullyrða, að það er útilokað að sams konar eða nokkuð svipuð leynd geti orðið á þessu eðli málsins samkvæmt, þar sem kjördæmi eru minni. Það eru margar kjördeildir á landinu, þar sem ekki eru nema nokkrir tugir kjósenda, enn þá fleiri, þar sem kjördeildir eru aðeins fá hundruð. Það eru jafnvel heil kjördæmi, sem hafa kjósendur innan við þúsund. Það er vitanlega algerlega tómt mál og fullkomin blekking, ef því er haldið fram, að í slíkum kjördæmum muni heppnast að halda því leyndu, hvort kjósandi komi á kjörstað eða ekki. Allra sízt mun það heppnast að halda slíku leyndu, þar sem vitað er, að flokkarnir hafa víðs vegar um landið samtök sín á milli um að flytja kjósendur úr heilum kjördeildum á kjörstaðinn, og þess vegna getur ekki farið hjá því, að flokkarnir allir hafi fullkomið eftirlit með því í slíkum kjördeildum á þeim stöðum í landinu, hvort kjósandi neytir kosningarréttar eða ekki. Ef það er varhugavert að fylgjast með þessu atriði, þá er alveg ljóst, að það er ekki síður varhugavert, að það sé gert í strjálbýlinu, heldur en í þéttbýli, og ef einhver hætta er á, að kúgun sé beitt í þessu sambandi, þá er fullkomin ástæða til þess að hafa það í huga, að þvílík kúgun er miklu líklegri og getur raunar einungis átt sér stað, þar sem kjósendur eru fáir og hægt er að fylgjast með því með nokkrum líkindum, hvern hver einstakur kýs, en alls ekki hægt að koma neinu slíku við t. d. hér í Reykjavík, þar sem kjósendur fara nú að nálgast 40 þúsundir. Það er alveg ljóst, að hér er gersamlega vonlaust fyrir einn eða annan, hvort heldur stóran flokk eða lítinn, að ætla að beita neinni kúgun við kjósendur. Og ef menn eru drifnir á kjörstað gegn þeirra eigin vilja, þá er alveg fráleitt að ætla, að það sé hægt að fylgjast með því, hvernig kosningarréttarins er neytt. Úti í strjálbýlinu horfir þetta allt öðruvísi við. Þar er með töluverðum líkindum, aldrei með fullkominni vissu, en með töluverðum líkindum hægt að gera sér grein fyrir því um hvern einasta kjósanda, hvernig hann hefur greitt atkvæði. Og þar má segja, að nokkur hætta sé á því, að ofurveldi og kúgun eigi sér stað, sem ekki kemur til greina hér í þéttbýlinu. En þessi löggjöf, sem hér er um að ræða, kemur einungis til að verka í þéttbýlinu, þar sem þessi kúgunarhætta er ekki fyrir hendi, en verður gersamlega áhrifalaus og sem dauður bókstafur í strjálbýlinu, þar sem kúgunarhættan í raun og sannleika er fyrir hendi. Og það er ekki einungis, að mönnum megi leyfast það ástand, sem þar er, heldur er það vitað mál, að ekki sízt flokkur hæstv. fjmrh. hefur notað þá aðstöðu, sem hann hefur í gegnum sitt fjármálavald, til þess að hafa mjög óheilbrigð áhrif á kjósendur. Ég játa, að það er fullkomin ástæða til þess að endurskoða kosningalög og aðstöðu manna til áhrifa einmitt út frá þessari kúgunaraðstöðu, sem Framsfl. hefur, og þeirri hegðun, sem vitað er að hans smalar víðs vegar um landið hafa gert sig seka um. Ég játa þó, að það muni vera erfitt að setja beinar lagahömlur gegn þessu. Ég játa það. En því miður horfir þetta frv. í alveg þveröfuga átt, og það skyldi þó aldrei vera tilgangurinn hjá þessum herrum eins og svo oft ella að draga athyglina frá sínum eigin misgerðum með því að ákæra aðra um það, sem þeir sjálfir eru sekir um?

Eins og ég hef bent á, er í þéttbýlinu ómögulegt að koma við kúgun, jafnvel þótt einhver vildi. Jafnvel Framsfl. hér í Reykjavík getur ekki notað sams konar aðfarir hér eins og hann gerir úti um landið. Þess vegna er það, að flokkurinn hefur jafnlítið fylgi. Þess vegna er það, að hæstv. ráðh. leiðist jafnmikið og hann segir ætíð kosningaúrslit héðan úr Reykjavík. Það er vegna þess, að flokkurinn hefur ekki sams konar aðstöðu hér eins og annars staðar. En það er til þess að dreifa athyglinni frá því, hvernig þeir hegða sér úti um landsbyggðina, sem þeir eiga hlut að setningu þessarar löggjafar til þess að gefa í skyn, að hér í Reykjavík og í þéttbýlinu hafi eitthvað ósæmilegt átt sér stað í þessum efnum.

En að svo miklu leyti sem segja má, að smölun fólks á kjörstað sé óhæfileg, þá er sannast að segja, að þetta frv. hefur ekki nokkur áhrif í þá átt. Slík smölun er alls ekki bönnuð með frv. Frv. hefur engin áhrif til þess að draga úr henni. Þvert á móti hlýtur frv. að leiða til þess, að menn verði aðgangsfrekari og meiri ófriður skapist á kjördegi heldur en áður. Þessar merkingar hafa fyrst og fremst miðað að því að forða þeim frá ófriði, sem búnir eru að kjósa. En úr því að eftir sem áður á að vera heimilt að gera ráðstafanir til þess að fá kjósendur með fortölum til að mæta á kjörstað, hlýtur afleiðing frv. að verða til þess að skapa líkur fyrir því, að héðan í frá verði einnig verið að togast á við það fólk, sem búið er að kjósa, og kanna með spurningum og eftirgangsmunum, hvort það raunverulega hafi kosið. Frv. verkar því beinlínis alveg gegn sínum yfirlýsta tilgangi, og er fjarri lagi, að það nái því marki, sem okkur er sagt að það eigi að ná. Um það þarf í sjálfu sér ekki að fara fleiri orðum, þetta liggur í augum uppi.

Þá vildi ég einnig spyrja hæstv. ráðh. að því, þegar stendur hér í frv., 6. gr., að það er bannað að hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, kjörfundarstöðum, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og næstu húsum og aðliggjandi götum: Við hvað er átt með þessu? Er átt við það, að það

sé bannað að hafa lista eða merki á þeim húsum, sem sjáist frá kjörstaðnum? Mundi þá t. d. óheimilt að hafa slíkt merki eða lista á húsi, ja, ég veit ekki, hver á húsið, en kommúnistaflokkurinn ræður a. m. k. yfir húsi við Tjarnargötu, sem er andspænis og í augsýn við Miðbæjarskólann, sem lengi hefur verið aðalkjörfundarstaður í Reykjavík? Eftir frv. virðist mér, að það sé óhjákvæmilegt, að það yrði að banna, að þarna væri settur upp listi með merki þessa flokks á kjördaginn eða með merki listans, sem þessi flokkur styður. Eins spyr ég hæstv. ráðh.: Mundi vera óheimilt að hafa þvílíkt merki á Iðnó, sem vissulega er í aðliggjandi götu að Miðbæjarskólanum? Og mundi þá einnig vera bannað að hafa þvílík merki á Góðtemplarahúsinu, sem er aftur á móti næsta hús við Iðnó, en ekki er hægt að segja, að sé í beint aðliggjandi götu að Miðbæjarskólanum á sama veg eins og það verður fullyrt um Iðnó? Er þá ekki ótvírætt, að hér er verið að veita Sjálfstfl. forréttindi? Hann hefur hús alveg á næstu grösum við þessi, hérna við Austurvöll, en aftur svo fjarri kjörstaðnum, að ekki verður hægt að segja, að það sé aðliggjandi hús Miðbæjarskólanum eða við aðliggjandi götu. Hæstv. semjendur frv. eða flm. þess hljóta að hafa gert sér grein fyrir slíkum augljósum atriðum sem þessum. En það er nauðsynlegt, að menn viti það, áður en þeir eiga að taka afstöðu til frv., hver ætlunin er um þessi atriði.

Ég verð einnig að segja: Hverjum dettur í hug, að það hafi nokkur áhrif á nokkurn kjósanda, þó að hann sæi mynd af jafnlaglegum manni og hæstv. forseta á húsi kommúnistaflokksins við Tjarnargötu eða jafnglæsilegu vesti eins og hæstv. menntmrh. er í á Iðnó, þó að það væri fest þar upp sem merki Alþfl.? Mér kemur ekki í hug, að það mundi breyta afstöðu eins einasta manns, þó að þvílík merki væru fest upp á þessi hús til táknmyndar um þessa flokka og þeirra eiginleika. Hér er um algera hégilju að ræða, alveg eins og það auðvitað skiptir ekki Sjálfstfl. nokkru máli, hvort hann má hafa merki á Sjálfstæðishúsinu á kjördegi eða ekki. Sannleikurinn er sá, að þessi plögg og kosningamyndir, sem voru settar upp, voru fyrst verulega teknar í notkun hér í kosningum 1934 fyrir forgöngu Alþfl., sem þá í kosningum skyndilega fór að beita þeirri aðferð að hafa kosningaspjöld víðs vegar um götur. Síðan festi Alþfl. að vísu einu sinni upp spjald á sitt hús um það að vera á móti hernámi. Það getur verið, að vegna þess að það spjald megi ekki sjást núna, eigi að setja lög til að banna öll slík spjöld. En ég segi, að þetta er nokkuð fyrirhafnarmikil leið til þess að fá þá til að taka spjaldið ofan. En það kann að vera nokkur skýring á því, að það eigi nú að verða augljóst, að spjaldið megi ekki sjást.

Sannleikurinn er sá, að þessi atriði öll hafa miklu minni þýðingu en menn ætla og lýsa einungis einkennilegu hugarfari. Það er alveg rétt, sem stóð í Alþbl., — ég held það hafi verið í gær, hjá þeim hyggna ráðgjafa hæstv. menntmrh., Hannesi á horninu, — að það væri leitt við þetta frv., hversu síðbúið það væri. Hannes taldi frv. vera ágætt, en sagði, að það væri galli, hversu síðbúið frv. væri. Og það er alveg rétt. Það sýnir, að ef hér hefði verið ætlunin að koma á raunverulegum umbótum, þá hefði vitanlega verið leitað samráðs allra flokkanna um það, hverju væri hægt að koma fram með góðu og áður en kosningaskjálftinn var búinn að grípa menn. Þá hefði einmitt sú n., sem ég hygg að hv. skrifari þessarar d., hv. þm. A-Sk. (PÞ), sé formaður í, verið fengin til þess að íhuga þetta mál og gera till. um það. En það er vegna þess, að þetta mál á að vera liður í kosningaundirbúningi, að það er tekið upp, eftir að kosningaskjálftinn hefur gripið hæstv. ríkisstj. og suma hennar stuðningsmenn, sem frv. er jafnálappalegt eins og raun ber vitni. Þess vegna þurfti að umsteypa því svo gersamlega í Ed. eins og ofan á varð þar, og þess vegna er það jafnvel að ytra formi enn stórlega gallað og mjög óljóst, hvert hið raunverulega efni frv. er. En ég efast t. d. ekki um það, að það væri hægt árekstralaust að komast að samkomulagi um það að breyta kjörfundartíma, að láta hann byrja eitthvað fyrr á morgnana og hætta fyrr á kvöldin, ef það er eitthvert áhugamál manna. Það getur ekki verið deiluefni út af fyrir sig. Eins hygg ég, að það hefði ekkert verið á móti því að athuga og ræða, hvort hægt er að gera ráðstafanir til þess, að ekki sé verið að ónáða kjósendur að óþörfu á kjördegi, þá sem ekki vilja kjósa. Það er fullkomlega til athugunar. En ef menn vilja ekki láta ónáða þá, dugir ekki sú aðferð, sem hér er stungið upp á, að banna að það sé merkt, hverjir hafi kosið og kosið ekki, vegna þess að frv. fer alveg í þveröfuga átt. Það leiðir til þess, eins og ég segi, að jafnvel þeir, sem búnir eru að kjósa, verða fyrir ónæði, úr því að það er látið eftir sem áður heimilt að halda uppi þessari smölun. Menn geta sagt: Smölunin á ekki að eiga sér stað. — Og þá er að setja ákvæði til þess að banna hana og reyna að finna raunhæfa leið, sem komi því áleiðis. En það er ekki fólgið í þessu frv. Það er ekki sýnd viðleitni í þá átt, heldur er bannað það, sem helzt hefur þó orðið til þess að láta a. m. k. þá í friði, sem búnir eru að kjósa. Frv. hefur sem sé þveröfugar verkanir við það, sem sagt er að það eigi að hafa. Og þar að auki er það þannig, að það hefur einungis verkanir sums staðar á landinu, en alls ekki þar, sem hættan á raunverulegri kúgun er fyrir hendi og þar sem þeir menn hafa mest völdin, eins og hæstv. fjmrh., sem líklegastir eru samkvæmt fenginni reynslu til þess að beita sínu ofurvaldi með slíkum hótunum og orðbragði, sem við höfum orðið áheyrandi að nú síðustu dagana.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það hefur þegar verið á það minnt í þessum umr., að mþn. til að endurskoða kosningalög til Alþingis og kosningalög til sveitarstjórnar sæti að störfum. Þetta er rétt, og vegna þess að það vill nú svo til, að ég á sæti í þeirri n., þykir mér rétt að segja örfá orð um þetta mál, áður en það fer til nefndar.

Mþn. var kosin samkvæmt ályktun Alþingis, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Al-

þingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar.“ Þetta er sú ályktun, sem er grundvöllur að starfi mþn.

Hv. Alþ. setti nefndinni engin tímatakmörk, hvenær hún ætti að skila starfi sínu, hvorki fyrir neitt ákveðið þing né í sambandi við ákveðnar kosningar, hvorki kosningar til Alþingis né til sveitarstjórnar. N. hefur því litið þannig á, að henni bæri skv. þessari ályktun Alþingis að taka til gaumgæfilegrar endurskoðunar í heild lögin um kosningar til Alþingis og lögin um sveitarstjórnarkosningar. En þegar endurskoða á þessa löggjöf í heild, koma að sjálfsögðu til greina mörg atriði, sem vert er að íhuga og gefa sér gott tóm til þess.

N. hefur því ekki lokið störfum, þó að hún hafi unnið allmikið verk.

N. hefur t. d. leitað umsagna um þessi mál, að því er varðar kosningalög til Alþingis, hjá öllum yfirkjörstjórnum í landinu. Og að því er varðar kosningar til sveitarstjórna, hefur n. leitað eftir áliti hjá öllum sveitarstjórnum í landinu og fengið svör frá allmörgum og ýmsar ábendingar, sem vissulega eru þess cðlis, að sjálfsagt er að íhuga þær gaumgæfilega. Enn fremur hefur n. aflað sér kosningalaga frá mörgum löndum, mjög mörgum löndum, og á vegum n. hefur verið lögð í það mikil vinna að gera sér grein fyrir því, hvernig framkvæmd kosninga og ákvæðum kosningalaga er háttað með öðrum þjóðum, sem búa við sams konar stjórnarform og við. En allt þetta er vert að hafa til athugunar og hliðsjónar, þegar heildarendurskoðun fer fram á kosningalöggjöfinni.

Ég get ekki eða vil ekki fullyrða um það nú, hvenær mþn. lýkur störfum, en ég tel ekki miklar líkur til þess, að álit hennar og till. verði lagðar fyrir það þing, sem nú situr. Hitt er svo annað mál, að mþn. hefur vitanlega ekki skoðað það sem sitt hlutverk að hafa nokkur áhrif á það, þó að einstakir þm. hreyfðu breytingum á kosningalögunum, áður en hún hefði lokið störfum. Og þetta hefur komið fyrir á undanförnum þingum, eftir að mþn. var skipuð. Ég ætla, svo að dæmi sé nefnt, að fulltrúar Þjóðvarnarflokksins, sem áttu sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili, hafi t. d. flutt frv. til breytinga á kosningalögunum, án þess að það kæmi að nokkru leyti til kasta mþn. að fjalla um það. Og nú á dagskrá þessa fundar hér í dag er frv. til breytinga á lögum um sveitarstjórnarkosningar, flutt af hv. þm. A-Húnv., og hefur mþn. að sjálfsögðu á engan hátt fjallað um það eða hlutazt til um það mál á einn eða annan hátt.

Það er ótvírætt, að tilgangur kosningalaga er sá, að kjósandinn sé frjáls að því að fara með atkvæðisrétt sinn, eftir því sem hans eigin skoðun segir honum til um. Þess vegna þurfa ákvæði kosningalaga annars vegar að beinast að því, að kjósandanum sé gefið tækifæri til þess og nægilega rúmur tími til þess að neyta atkvæðisréttar síns, en á hinn bóginn að því, að kjósandinn þurfi og eigi í sambandi við kosningarnar að verða fyrir sem minnstu ónæði og árcitni af hálfu annarra.

Af hálfu þeirra, sem andmæla því frv., sem hér liggur fyrir, er það talið aðalannmarki þess, að með ákvæðum frv. sé gerð tilraun til þess að þrengja eða stytta þann tíma, sem kjósandi á kost á því að greiða atkvæði. Það verður því að telja, að frá sjónarmiði þeirra, sem halda þessari skoðun fram, muni 2. gr. frv. teljast aðalatriði þess, þ. e. að kjörfundi skuli ljúka kl. 11 að kvöldi á kjördag.

Nú er það svo, að fólksfjöldi er mjög misjafn í kjördæmum og á einstökum kjörstöðum, og þar sem fámenni er, er í sjálfu sér ekki þörf á því, að kjörfundur standi eins lengi og ástæða er til, þar sem fjölmenni er mikið, enda heimila kosningalögin nokkurn mismun í þessu efni eftir aðstöðu á hverjum stað.

Í kosningalögunum segir, að kjörfundi megi slíta, þegar allir, sem á kjörskrá eru, hafa greitt atkvæði. Kjörfundi má enn fremur slíta, þegar hann hefur staðið 5 klst., ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því, að kjósandi gaf sig síðast fram. En þetta ber að skoða fremur sem heimildarákvæði og undantekningar frá þeirri meginreglu, að kjörfundur eigi samkvæmt lögunum, eins og þau eru nú, að standa til kl. 12, að standa tólf klst. og sé ekki slitið fyrir miðnætti, og í viðbót við það gefinn nokkur frestur til þess að bíða eftir fólki, sem kynni að gefa sig fram eftir þann tíma. Og það eru einmitt ákvæðin um þessa fresti, sem valda þeirri teygju, sem orðið hefur í framkvæmd á sumum stöðum í þessu efni, að kosningar dragast fram á næsta sólarhring eftir hinn eiginlega kjördag.

Nú er það svo, að þó að Reykjavík hafi sérstöðu hér á landi að því leyti, er til fólksfjölda tekur, þá er fjölmenni hér í Reykjavík ekki mikið á borð við það, sem er t. d. í borgum næstu nágrannalanda okkar, þó að ekki sé leitað til stórveldanna um samanburð. Í því sambandi finnst mér fróðlegt að glöggva sig á því, hvernig þessum ákvæðum er skipað í lögum nágrannaþjóða okkar, sem hafa mjög svipað stjórnarform og við og haga kosningum sínum almennt talað mjög á svipaðan hátt og hér gerist.

Vegna þess að ég á sæti í þeirri n., sem drepið hefur verið á að er að störfum, hefur mér gefizt kostur á því að gefa þessu gætur, og ætla ég með örfáum orðum að skýra frá því, hvernig hliðstæðum ákvæðum er háttað í lögum þeirra þjóða, sem næstar okkur eru.

Í Danmörku eru í gildi lög um kosningar til löggjafarþingsins frá 1953, og lög um sveitarstjórnarkosningar í Danmörku eru einnig frá því sama ári. Því er eins farið þar eins og hér, að mörg almenn ákvæði kosningalaganna, sem standa í lögum um kosningar til löggjafarþingsins, gilda einnig um kosningar til bæjar- og sveitarstjórna. Um þann tíma, sem kjörfundur á að standa, er svo ákveðið í dönsku kosningalögunum, að í borgum og bæjum á kjörfundur að hefjast kl. 9 að morgni og standa til kl. 21, þ. e. til kl. 9 að kvöldi, en eftir það á að slíta kjörfundi, ef enginn gefur sig fram, en leyfa þeim, sem komnir eru á kjörstað kl. 9 að kvöldi, að neyta atkvæðisréttar síns. En í öðrum sveitarfélögum en borgum og bæjum er gert ráð fyrir

því í lögum, að kjörfundur hefjist kl. 9 að morgni, en sé lokið kl. 20, þ. e. kl. 8 að kvöldi.

Í Noregi er þessu þannig háttað, að lög um kosningar til Stórþingsins eru að stofni til frá 1920, en tóku allmiklum breytingum 1953. Í norsku kosningalögunum eru ekki bein ákvæði um það, hvað kjörfundur á að standa langan tíma kjördaginn. Það virðist vera reglugerðarákvæði og tímann eigi að auglýsa á hverjum kjörstað fyrir sig. En þegar sá tími er kominn, sem auglýst hefur verið að kjörfundi eigi að slíta, skal viðstöddum kjósendum, þ. e. þeim kjósendum, sem þá eru komnir á kjörstað, gefinn kostur á að greiða atkvæði, en ekki beðið eftir fólki, úr því að sá tími er kominn.

Kosningalög Svíþjóðar eru að meginefni frá 1920, en ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, og síðast var þeim breytt 1952. Í þeim lögum segir, að kosning skuli hefjast kl. 9 að morgni á kjördag og ljúka kl. 20 að kvöldi, þ. e. a. s. kl. 8 að kvöldi í sveitum, en ljúka kl. 21 í borgum og bæjum. Í Svíþjóð eins og í fleiri löndum fer kosning fram á sunnudegi, og í sænsku kosningalögunum er ákvæði, sem ég hygg að sé nokkuð sérstakt, því að þar er beinlínis tekið fram, að ef guðsþjónusta fari fram á kjördegi og í þeirri kjördeild, þar sem kosning fer fram, skuli gera hlé á kosningunni, meðan á guðsþjónustunni standi, innan þeirra tímamarka þó, sem ég áðan greindi. Þetta bendir til þess, að þar í landi þyki sjálfsagt, að mikil alvara og ró ríki á kjördaginn.

Lög um kosningar til finnska ríkisdagsins eru frá 1952, en lög um sveitarstjórnarkosningar í Finnlandi eru frá 1953. Þar er kosning að því leyti frábrugðin því, sem ég hef nú áður greint, að þar er ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir, þ. e. a. s. hvor eftir annan, og fyrri kjördaginn á kjörfundur að hefjast kl. 12 á hádegi og standa til kl. 20, þ. e. a. s. til kl. 8 að kvöldi, en seinni daginn á kjörfundur að hefjast kl. 9 að morgni og vera lokið kl. 8 að kvöldi, en allir, sem þá eru komnir á kjörstað, þegar kjörfundi á að slíta, skulu þó eiga rétt á að kjósa, en ekki er talið skylt eða rétt að bíða eftir kjósendum, þegar sá tími er kominn.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta. En vegna þeirra ummæla, sem hér komu fram þegar við þessa umr., bæði gagnvart starfi milliþinganefndarinnar og gagnvart því, hvort það hefði verið athugað, hvernig hliðstæð ákvæði væru með öðrum þjóðum, þótti mér rétt þegar við þessa 1. umr. málsins að láta þetta koma fram.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) spurði, hvort milliþinganefndin hefði undirbúið þetta frv., og því er skjótsvarað, að það hefur mþn. ekki gert. Hann spurði, hver hefði samið frv. Það er bezt fyrir hann að álíta, að ríkisstj. hafi samið frv. En hvers vegna er hv. þm. að spyrja um það, hver hafi samið frv.? Hann heimtar þann framseldan, sem hafi samið frv. Ber að skilja þetta sem hótanir? Hann hafði stórfelldar aðfinnslur um það, hvernig frv. væri samið, og heimtar svo manninn framseldan. Eru þetta hótanir? Eða hvað er þetta?

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um það af miklum þjósti, að upphaflega hefði í frv. verið bannað að hafa markaskrár í vasanum á kjörfund. Og það var svo að heyra á hv. þm., að hann hefði talið þetta fullkomna óhæfu, að ekki væri heimilt að hafa markaskrá í vasanum á kjörfund. Það mundi nú margur spyrja: Hvaða nauðsyn ber til þess að hafa markaskrá í vasanum á kjörfundinn? Og þá hitt: Hvaða markaskrá er það, sem hv. þm. á við? Á hann kannske við, að það hefði þá t. d. verið bannað að hafa markaskrá Sjálfstfl. í vasanum á kjörfundinn? Ég held, að það hefði ekki verið nein goðgá, þó að menn yrðu að láta markaskrá Sjálfstfl. vera eftir heima, þegar þeir færu á kjörfundinn, t. d. umboðsmenn flokksins. Það væri ekki mikill skaði skeður, þó að þeir fengju ekki að hafa hana með sér.

Þá spurði hv. þm. eitthvað á þá lund, hvort það væri rétt að gera það að einkamáli, hvort menn mættu á kjörfundi eða ekki. En ég spyr: Hvaða nauðsyn ber til þess, að flokksapparat sjálfstæðismanna viti það upp á hár, hvort menn fara á kjörstað eða ekki? Hvaða nauðsyn ber til þess, að flokksapparatið verði endilega að vita þetta? Hvaða lýðræðislega nauðsyn ber til þess? Er ekki rétt, að menn ráði því sjálfir, hvort þeir fara á kjörfundinn eða ekki? Og hvaða skaði er skeður, þó að apparatinu yrði eitthvað torveldari eftirleitin til þess að knýja menn til að fara á kjörfundinn?

Þá sagði hv. þm., að ef þetta ætti að vera til þess að fyrirbyggja eitthvað, sem héti kosningakúgun eða þess konar, þá væri ekkert gagn að þessum lögum til þess, því að kosningakúgun — ég held að hann hafi notað það orð — gæti hvergi átt sér stað nema þá á svæðum, þar sem lagaákvæði þessi hefðu engin áhrif. Og í því sambandi fór hann nokkrum um, að það mundi vera hægt að vita það á ýmsum stöðum á landinu, hvernig hver einstakur greiddi atkvæði. Það væri fróðlegt að vita, hvernig hv. 1. þm. Reykv. fer að því að vita, hvernig hver einstaklingur greiðir atkv. Eða hafa kannske sjálfstæðismenn fundið upp einhverja aðferð til þess? Á kannske með þessu, sem hv. þm. er að dylgja um, að gefa það í skyn, að mönnum sé vissara að breyta ekki mikið út af því, sem sjálfstæðismönnum líki, í kjörklefanum, af því að það séu til aðferðir til þess að komast eftir því, hvernig menn kjósi?

Allt er þetta vitanlega út í bláinn. Kosningin er fullkomlega leynileg og ekki hægt að vita, hvernig hver einstaklingur kýs.

Þá kom hv. 1. þm. Reykv. að því, að Framsfl. notaði fjármálavald sitt í kosningum. Við þekkjum nú öll ákaflega vel, hver er háttur pörupilta yfirleitt. Hann er sá að brigzla öðrum um það, sem þeir brjóta sjálfir af sér. Þetta er gamalt og alkunnugt bragð. Það vita allir, að Sjálfstfl. byggir fylgi sitt í Reykjavík fyrst og fremst á atvinnurekendavaldi í bænum og bæjarstjórnarkerfinu og því valdi, sem hann fær með margvíslegu móti yfir mönnum á þann hátt. En það hentar náttúrlega ekki vel fyrir hv. 1. þm. Reykv. að segja frá þessu, heldur vill hann freista þess, ef nokkur kostur væri, að draga athyglina frá

því, og þá er gripið til þess að bregða öðrum um þetta.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um málið. Ég stóð upp eingöngu til þess að svara örfáum atriðum af öllu því, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín sérstaklega.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. A-Sk. (PÞ) fyrir hans greinargóðu og glöggu upplýsingar. Það er mikill munur að heyra hans málefnalegu ræðu og skýringar heldur en tal hæstv. fjmrh., og er Framsfl. ólíkt meiri sæmd að jafnglöggum og greindum manni sem hv. þm. A-Sk. heldur en hæstv. fjmrh., og vil ég beina því til Framsfl. sem gamals samstarfs- og vinarflokks, að það er fullkominn tími til þess, að þeir breyti um málsvara og láti ekki lengur *liggja á slíkum ágætismanni* sem hv. þm. A-Sk., eftir að hæstv. fjmrh. er orðinn eins úr sér genginn og uppgefinn, þreyttur og leiður sem raun ber vitni um, og vonast ég til þess, að flokkurinn taki þessi hollráð til greina — (**Gripið fram í:** Vinsamlegar bendingar.) já, þessar vinsamlegu bendingar, enda veit ég það, ef alþjóð hefði mátt heyra muninn á málflutningi þessara tveggja manna, þá mundu allir sannfærast um það, jafnvel ráðleggingalaust frá mér, að tími er kominn til að skipta þarna um menn í stólnum.

Að öðru leyti hef ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða mikið um þetta mál. Það kom glöggt fram, sem ég átti von á, að sú góða n., sem hv. þm. A-Sk. er formaður í, á engan hlut að þessu máli, og hæstv. fjmrh. vildi alls ekki skýra frá því, hver hefði samið frv., heldur var það eins konar samábyrgð allrar ríkisstj. Hann vill ekki framselja þann, sem samið hafi, vegna þess að hann veit, að hann mundi verða sér að athlægi um alla landsbyggðina og lengi.

Hæstv. ráðh. fór um það mörgum orðum, að það hefði svo sem verið og væri fullkomin ástæða til þess að banna mönnum að hafa markaskrá með sér. En ég spyr: Af hverju var það þá lögheimilað nú? Af hverju var frv. breytt í þá átt frá því, sem var í upphafi, að fyrst var þetta bannað gegn þungri refsingu, en nú er þetta orðið lögleyft? Ef það er jafnhættulegt eins og hæstv. ráðherra vildi vera láta, þá hefði hann átt að framfylgja því að láta þetta bann haldast. Að öðru leyti hreyfði ég þessu atriði einungis til þess að sýna, af hverju flaustri frv. er samið.

Ásökunum hæstv. ráðh. um það, að Sjálfstfl. nyti hér fylgis vegna atvinnukúgunar, er óþarfi að eyða orðum að. Í jafnfjölmennum bæ eins og Reykjavík getur slíkt ekki komið til greina eðli málsins samkvæmt. Það er þess vegna, sem hæstv. ráðh. er jafngersamlega fylgislaus í Reykjavík sem kosningar ætíð sýna, að þar er ekki hægt að beita sams konar brögðum og Framsfl. beitir úti um landið. Ef aðstaðan væri hér slík, að hliðstæðar aðfarir væru mögulegar, þá mundi fylgi flokksins vera meira.

Annars er það gömul aðferð framsóknarmanna, ekki sízt hæstv. forsrh., sem nú er fjarverandi, en hefur falið þessum sína dygga félagsbróður að vera sinn málsvari, að ásaka andstæðingana einmitt um það, sem hann og þeir flokksbræður iðka sjálfir. Þess vegna er verið að setja löggjöf, sem á að gefa til kynna, að sjálfstæðismenn hafi beitt kúgun, þegar það er einmitt vitað, að eini flokkurinn á landinu, sem þvílíkar aðfarir hefur í frammi, er Framsfl. Og svo leyfir þessi hæstv. ráðh. sér að koma hér og segja alveg óhikað, að þessi lög séu sett til þess að gera flokksapparat Sjálfstfl., — það er nú ekki fallegra orð, sem hann notar, heldur en þetta eða íslenzkulegra, — tilgangurinn á að vera þessi, yfirlýstur, það eru ráðstafanir gegn einum tilteknum flokki og því kjördæmi, þar sem enginn möguleiki er til þvílíkrar misnotkunar sem ráðh. er að tala um, sannast sagt því kjördæmi á landinu, Reykjavík, þar sem minnstur möguleiki af öllum kjördæmum er til þess að fylgjast með, hvernig menn raunverulega greiða atkvæði. Svo var hæstv. ráðh. að snúa út úr því, að ég sagði, að það væri hægt úti um land að fylgjast með því, hvernig menn greiddu atkvæði, og Sjálfstfl. hefði einhverja aðferð til þess. Auðvitað veit ráðh. það jafnvel og ég, að í fyrsta lagi er alveg auðvelt úti um land og verður hægt þrátt fyrir þessa löggjöf að fylgjast með því, hvort menn koma á kjörstað eða ekki. Í fámenninu getur það ekki leynzt. Og allir vita þar, hvort menn kjósa eða ekki. Og í fámenninu er meira að segja hægt nokkurn veginn að áætla fyrir kunnuga menn, hvernig hver einstakur kýs, og hæstv. ráðh. þýðir ekkert að vera að gera sér upp það sakleysi, að hann viti ekki jafnauðsæja hluti og þetta, að jafnglöggur maður og áhugasamur um stjórnmál eins og hann geri sér ekki *grein fyrir því, að í litlum kjördæmum* vita auðvitað kunnugir menn svo að segja upp á tölu, hvernig hver einstakur kjósandi kýs. Það getur ekki farið hjá því.

En frv. verkar alveg í öfuga átt, og það var aðalatriðið. Það verkar í alveg öfuga átt við það, sem ætlað er. Það hefur ekki áhrif í strjálbýlinu, þar sem möguleiki er til misnotkunar, og í þéttbýlinu, þar sem það getur haft raunveruleg áhrif, verður það ekki til þess að skapa frið, heldur til þess að skapa meira ónæði fyrir kjósendurna.

En úr því að hæstv. ráðh. var að svara mínum fyrirspurnum, þá vil ég spyrja hann um þá alveg málefnalegu spurningu og óska svars við því: Er eftir frv. ætlazt til þess að banna það, sem ég spurði um áðan, að setja merki á hús eins og lðnó og flokkshús kommúnistanna við Tjarnargötu? *Þessu hljóta semjendur* eða aðstandendur frv. að hafa gert sér grein fyrir, og það er eðlilegt, að þm. fái að vita, hver er tilætlunin í þessum efnum. Ef það er ástæða til þess að setja löggjöf um málið, þá er eðlilegt, að menn fái að vita, hvert efni löggjafarinnar á að vera og hvernig á að skýra hin mjög torráðnu ákvæði frv. *Um þetta vildi ég fá upplýsingar hjá hæstv.* ráðh. og vonast til þess, að hann veiti þær.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það hefur verið látið í veðri vaka, að tilgangur þessa frv. væri sá að friða kjördaginn, eins og það hefur verið orðað. Eins og komið hefur fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. og annarra sjálfstæðismanna, sem um frv. hafa talað, þar sem það hefur verið til

meðferðar, í Ed., er það ljóst, að árangur frv. hlýtur einmitt að vera sá gagnstæði, og ég dreg mjög í efa, að þeir, sem að þessu frv. standa, trúi því einu sinni sjálfir, að það muni ná einhverjum árangri í þessa átt. Nei, það er öllum ljóst, að tilgangur þessa frv. er allt annar, nefnilega sá, að þeir, sem að því standa, halda með réttu eða röngu, að þetta frv. geti að einhverju leyti orðið til þess að klekkja á Sjálfstfl. við kosningar þær, sem fara í hönd í næsta mánuði. Hvort svo verður eða ekki, verður auðvitað aldrei skorið úr um, það verður aldrei sagt um það, hvort úrslit kosninga hefðu orðið einhver önnur, ef þær hefðu farið fram undir öðrum kringumstæðum.

Það er auðvitað eðlilegur hlutur, eins og stjórnmálaáhugi manna er mikill hér á landi, að þeir menn, sem áhuga hafa fyrir kosningum, beita áhrifum sínum á einn eða annan hátt til þess, að þeir, sem þeir telja sama sinnis og sig, noti atkvæðisrétt sinn, og má vel vera, að sumir þessara manna hafi gerzt aðgangsharðari við kjósendur en góðu hófi gegnir. Hvort það á í ríkara mæli við um Sjálfstfl. en aðra flokka, verður auðvitað aldrei skorið úr um, en jafnvel þó að svo væri, verður það auðvitað mjög mikið vafamál, hvort lög, sem að einhverju leyti kynnu að ná þeim árangri að friða fólk fyrir kosningasmölun, eins og það er orðað, mundu þá ekki fyrst og fremst vera þeim flokkum í hag, sem eiga þessa duglegu menn, því að spurningin er sú, ef það kemur fyrir, að fólk gegn vilja sínum verður að fara á kjörstað til þess að losna við ágang kosningasmalanna, hvað þetta fólk kýs. Líklegast er, að það skili auðu, en ef það kýs á annað borð, má telja það sennilegast, að það kjósi heldur aðra flokka en þann, sem það hefur orðið fyrir ágangi frá.

En þetta atriði skiptir ekki verulegu máli. Aðalatriðið er hitt, að það er sýnt, að frv. nær ekki þeim tilgangi, sem því er ætlað, heldur hinum gagnstæða. En hvað sem því máli líður, og þá kem ég að því, sem er meginástæðan fyrir því, að ég er þessu frv. andvígur í þeirri mynd, sem það liggur fyrir, en hún er sú, að ég tel alla löggjöf, sem ekki er í samræmi við réttarmeðvitund almennings, vera hættulega. Ég lít svo á, að banna eigi aðeins það athæfi eitt, sem almenningur fordæmir, hitt, að fara út í það að banna hluti, sem telja verður eðlilegar athafnir manna, skapar hins vegar margvíslegar hættur. Þessi hætta er fyrst og fremst fólgin í því, að gera má ráð fyrir því, að nærri því hver borgari í þjóðfélaginu verði meira eða minna brotlegur við þessi lög. Annaðhvort verður það þá þannig, að lögunum verður ekki framfylgt, og um það eru mörg dæmi, en þá er hætta á því, að af slíku leiði almennt agaleysi í þjóðfélaginu og verði til þess að menn fari þá einnig að brjóta í ríkara mæli en áður önnur lög, sem eru í betra samræmi við réttarmeðvitund almennings. Ef aftur á móti á að framfylgja slíkri löggjöf, sem hætt væri við að mikill hluti borgaranna sé brotlegur við, þá er bæði hætta á, að það verði af meira eða minna handahófi og auk þess að slíkt verði ekki gert nema með því að taka upp aðra stjórnarhætti eða stjórnarhætti líka því, sem er í einræðislöndunum, með pólitískri lögreglu og dómstólum, — stjórnarhætti, sem flestum mönnum raunar, hvar í flokki sem þeir eru, hrýs hugur við.

Það er að vísu ekki neitt nýtt, að aðrar reglur og önnur sjónarmið en þau, sem nú eru ríkjandi, hafi legið til grundvallar þeirri löggjöf, sem sett hefur verið. Á dögum hinna einvöldu konunga var það yfirleitt þannig, að það var ekki hugsað um það, hvort hin settu lög væru í samræmi við réttarmeðvitund almennings eða ekki. Þar réðu mestu um persónulegir duttlungar einræðisherranna eða þeirra ráðgjafa, sem þeir völdu sér. Þetta var alkunna. Sem dæmi mætti nefna, að það var skömmu eftir miðja 18. öld, sem sett var hér á landi tilskipun um húsagann á Íslandi, eins og það var orðað. Hver þá var konungur í Danmörku, man ég ekki, en það skiptir ekki máli. Meðal annarra atriða, sem í þessari tilskipun stóðu, var það, að konungur talaði um það, að sér hefði borizt það til eyrna, að það væri algengt í hans ágæta landi, Íslandi, að almenningur læsi rímur, riddarasögur og aðrar slíkar bókmenntir, sem konungur taldi spillandi, og beindi þeim tilmælum til presta, hreppstjóra og annarra heldri manna, að þeir beittu áhrifum sínum til þess, að fólk hætti að lesa þessar bókmenntir og læsi heldur guðsorðabækur. Í sömu tilskipun var talað um það, að konungur hefði heyrt, að það væri mjög algengt í landlegum í verstöðvum hér sunnanlands, svo sem í Vestmannaeyjum og fleiri stöðum, að sjómenn legðust í drykkju, lentu í slagsmálum o. s. frv. Því var einnig beint til stjórnarvaldanna að beita áhrifum sínum til þess, að slíkur ósiður legðist niður og sjómennirnir færu heldur í kirkju, þegar þannig stæði á.

Á þeim tímum var sá hugsunarháttur ríkjandi, að hin landsföðurlega stjórn ætti að leiða einstaklingana við hvert þeirra fótmál. Á sviði efnahagsmála var það á sama hátt, að þá var allt ákveðið af hinu opinbera Það er t. d. misskilningur, að verðlagseftirlit o. þ. h. sé nokkur nýjung. Það var hin almennasta skipun allt fram á 19. öld, að verðlag á allri vöru og þjónustu var ákveðið af opinberum aðilum. Jafnvel í okkar fornsögum er um það talað, að þegar skip komu til landsins, mátti enga vöru selja, án þess að goðarnir hefðu áður verðlagt hana.

Þannig var það til tiltölulega skamms tíma, að ekkert var um það hirt, að þau lög, sem sett voru, væru í samræmi við réttarmeðvitund almennings. Þegar hinar frjálslyndu þjóðmálastefnur fara svo að ryðja sér til rúms í lok 18. aldar og á 19. öld, eru teknar upp aðrar reglur í þessu sambandi. Þá verður sá hugsunarháttur lagður til grundvallar löggjöfinni, að borgurunum sé yfirleitt heimilt að gera allt annað en það, sem brjóti í bága við almennar réttarhugmyndir. Það eru í hegningarlögum sett ákvæði um það, hvaða verknaður sé refsiverður, menn eru skyldaðir til að standa við gerða samninga o. s. frv., en að öðru leyti er borgurunum heimilt að hegða sér svo sem þeir sjálfir óska.

Jafnhliða þessu eru svo gerðar ráðstafanir til þess að tryggja hlutleysi dómstólanna. Dómarar eru betur settir en ýmsir aðrir embættismenn, bæði hvað launakjör snertir og einnig eru settar

hömlur við því, að þeim megi víkja frá störfum, nema sérstakar þungar sakir séu fyrir hendi, til þess að tryggja þannig öryggi réttarfarsins.

Nú á síðustu árum hafa því miður orðið mjög mikil brögð að því í ýmsum löndum, að færzt hefur í hið sama horf sem áður var. Með vaxandi íhlutun opinberra aðila um efnahagsmálin hefur verið sett margs konar löggjöf, sem bannar mönnum athafnir og verknaði, sem ekki brjóta í bága við almenna réttarmeðvitund. Menn hafa í þessu sambandi spurt sem svo, hvort það sé af hreinni tilviljun, að réttarfarið í löndunum austan járntjalds er þannig, eða hvort það standi í nánu sambandi við það hagskipulag, sem er í þessum löndum. Sumir hafa svarað þessari spurningu játandi, aðrir neitandi, og er þetta atriði, sem um má deila, þó að ég telji, að rökin fyrir því séu þungvæg, að mikið samræmi hljóti ávallt að vera á milli hagkerfisins og réttarfarsins.

Hvað sem þessum atriðum líður, er það þó víst, að sérhver löggjöf, hvort sem hún snertir kosningar eða annað, þar sem verið er, eins og í því frv., sem hér liggur fyrir, að banna mönnum eðlilegar athafnir og verknað, skapar þjóðfélagslega hættu. Ef ekki á að framfylgja þessu, eins og ég sagði áðan, þá er hætta á, að það skapi almennt agaleysi og virðingarleysi fyrir lögunum. Ef hins vegar á að framfylgja því, kemur upp þessi spurning: Verður það þannig, að stjórnarvöldin treysti þá öðrum en þeim, sem aðhyllast þá löggjöf, sem um er að ræða, til þess að framfylgja lögunum? Ef það er þannig, að stjórnarvöldin komist að þeirri niðurstöðu, að það verði ekki öðrum treyst til þess að framfylgja þessum lögum heldur en þeim, sem eru sammála þeim í hjarta sínu, þá erum við komin yfir í það ófremdarástand, sem ríkir í einræðisríkjunum, með pólitískri lögreglu, dómstólum o. s. frv.

Ég er því hræddur um, að löggjöf af þessu tagi, þó að það hafi verið rakið og sé öllum vitanlegt, í hvaða tilgangi hún er sett, geti haft afleiðingar í þjóðfélaginu, sem þeir, er að henni standa, hafa ekki gert sér fulla grein fyrir. Í stað þess að skapa frið, eins og það er orðað, geti þetta orðið til að skapa einmitt meiri átök en nokkur geri sér grein fyrir og haft þannig ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ég segi ekki, að þetta verði þannig, en fyrir þessari hættu má ekki loka augunum, og ber því að vara við því, að slík lög sem þessi verði sett.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 163, n. 170).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:6 atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 163, er um breyt. á l. nr. 7 1942, um kosningar til Alþ., en þau l. gilda að miklu leyti einnig um kosningar til sveitarstjórna, þ. á m. til bæjarstjórna. Frv. er stjórnarfrv., komið frá hv. Ed.

Breytingarnar, sem frv., eins og það er nú, hefur í för með sér, ef að lögum verður, eru á 70., 76., 97., 103., 105., 139., 146., 147., 148. og 149. gr. núgildandi kosningalaga.

Breytingin á 70. gr. laganna varðar atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Í frv. er svo fyrir mælt, að kjósandi, sem greiðir atkv. utan kjörfundar, þ. e. a. s. fyrir kjördag, skuli skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni vera staddur á kjördegi. Þessar upplýsingar kjósandans á svo að færa í löggilta bók, sem frambjóðendur og umboðsmenn eiga aðgang að.

Breytingin á 76. gr. er um það, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis í stað kl. 10, eins og nú er, ef yfirkjörstjórn ákveður, að svo skuli vera, en utan kaupstaða eiga kjörfundir að hefjast eigi síðar en kl. 12 á hádegi samkvæmt gildandi lögum, og verður það óbreytt samkvæmt frv.

Breytingin á 97. gr. er um það, að slíta skuli kjörfundi eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, þó þannig, að kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eigi rétt á að greiða atkv. Í gildandi l. er tilsvarandi ákvæði á þá leið, að kjörfundi megi slíta, þegar hann hefur staðið í 12 klukkustundir, en þó eigi fyrr en fjórðungur stundar er liðinn frá því, að kjósandi gaf sig síðast fram. Þetta ákvæði hefur sums staðar verið túlkað á þá leið, að halda beri áfram kjörfundi eftir miðnætti, þ. e. a. s. eftir að hinn lögboðni kjördagur er liðinn, og munu þess dæmi, að kosning hafi staðið nokkuð langt fram eftir aðfaranótt næsta dags. Þessi túlkun ákvæðisins getur að sjálfsögðu reynzt mjög svo varhugaverð, ef langt er gengið í því að skipuleggja komu kjósenda á fimmtán mínútna fresti, og geta þá komið til meðferðar ný vandamál, t. d. hvort þeir skuli hafa kosningarrétt, sem verða 21 árs daginn eftir hinn lögboðna kjördag. Nú er úr þessu skorið, ef frv. verður að lögum. Eftir kl. 11 kjósa þá þeir einir, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma. Má þá telja tryggt, að kosningu sé lokið kl. 12 á miðnætti, eða í lok hins lögboðna kjördags. Kjósendur í kaupstöðum eiga þess þá kost að greiða atkvæði frá kl. 9 að morgni til kl. 11 eða rúmlega það að kvöldi, ef yfirkjörstjórn notar heimild 2. gr. frv. um að setja kjörfund kl. 9 í stað kl. 10 fyrir hádegi. Þá getur kosning staðið yfir í rúmlega fjórtán klukkustundir. En í þessu sambandi er rétt að nefna það, sem fram hefur komið í sambandi við meðferð þessa máls, að annars staðar á Norðurlöndum virðast kjörfundir yfirleitt ekki vera eins langir og gert er ráð fyrir í þessu frv., hefjast ekki fyrr en kl. 9 að morgni og er slitið eigi síðar en kl. 9 að kvöldi.

Í 103. gr. gildandi l. er frambjóðendum og umboðsmönnum áskilinn réttur til að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hagi sér lögum samkvæmt við kosningaathöfnina, og er gert ráð fyrir, að slíkir aðilar séu viðstaddir, þar sem

kosning fer fram, ef þeir óska þess. Það er nú farið að tíðkast, a. m. k. allvíða, að umboðsmenn frá kosningaskrifstofum hafi með sér merktar kjörskrár og skrifi á blöð nöfn þeirra, sem kjósa, en sendi síðan þessi blöð kosningaskrifstofum sínum. Á þennan hátt geta kosningaskrifstofur vitað, hverjir kosið hafa á hverjum tíma, og munu nota þessa vitneskju til að ganga eftir því, að þeir kjósi, sem heima sitja, eða einhverjir þeirra. Með breytingunni á 103. gr. l., ef að lögum verður, er þessi starfsemi umboðsmanna bönnuð, enda hefur hún áreiðanlega mælzt misjafnlega fyrir, a. m. k. hjá þeim, sem ekki vilja láta aðra hafa afskipti af því, hvort þeir neyta atkvæðisréttar síns eða ekki.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að bætt sé við 105. gr. l. ákvæði, sem á að tryggja það, að hin merktu kjörskráreintök undirkjörstjórna komist þegar í hendur réttra aðila, yfirkjörstjórnar og hlutaðeigandi yfirvalds. Með þessu á að koma í veg fyrir, að óviðkomandi fái vitneskju um það eftir á, hverjir hafa kosið og hverjir ekki, og er með þessu aukin sú leynd, sem yfir kosningunni hvílir.

Í 19. gr. núgildandi kosningalaga er fjallað um óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll. Samkvæmt þeirri gr. l. er nú m. a. bannað að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e., eins og það er orðað í l., í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni. Hér er því bætt við í frv. skv. 6. gr. þess, að sama gildi um flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni, enda er þar um eins konar auglýsingar að ræða. Enn fremur eru orð laganna „næsta nágrenni“ í frv. skilgreind svo, að þar skuli teljast um að ræða næstu hús að utanverðu og aðliggjandi götur. Hin bannaða áróðursstarfsemi skv. þessu ákvæði má þá ekki eiga sér stað á næstu húsum eða í aðliggjandi götum.

Þá er í frv. í 7. gr. viðauki við sömu gr., þ. e. 139. gr. l., þar sem bannað er að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á bifreiðum, meðan kosning stendur yfir, og enn fremur bannað að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma. Er með þessu nokkuð úr því dregið, að áróðurs- og auglýsingastarfsemi setji svip sinn á daginn, en kosningadagurinn er, eins og kunnugt er, skv. lögum sunnudagur.

Þær breytingar, sem enn eru ótaldar, þ. e. a. s. á 146., 147., 148. og 149 gr. l., eru allar sama efnis og fela í sér hækkun sekta fyrir brot gegn ákvæðum kosningalaga, en í því sambandi er þess að geta, að núgildandi sektarákvæði eru frá 1942 og því eðlilegt, að þeim sé breytt.

Eins og í nál. stendur á þskj. 170, hefur allshn. athugað þetta frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. telur það til bóta á gildandi kosningalögum og leggur til, að það verði samþ.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Frv. þetta var til 1. umr. hér í deildinni á laugardag. Þá bar ég fram nokkrar fyrirspurnir um efni þess, og þeim fékkst ekki svarað af aðaltalsmanni ríkisstj. þá, hæstv. fjmrh. Síðan var málinu vísað til 2. umr. og allshn., og var fundur haldinn í morgun um málið í allshn. Ég hafði haft trú á því, að hv. allshn. mundi a. m. k. hafa hug á því að gera frv. svo ljóst, að greinilegt væri, hvert efni þess ætti að vera, og hafði því ekki búið mig undir það að semja nál. um málið í heild fyrir fundinn, heldur bjóst við, að það yrði tekið þar til efnisathugunar. Nú veit ég að vísu, að félagar mínir í allshn. eru allra manna sanngjarnastir og áhugasamastir um rétta afgreiðslu þingmála, en í morgun brá svo við, að þeir vildu lítið um málið ræða annað en það, að þeir sögðust vera ráðnir í því að samþykkja það, og þegar ég benti þeim sérstaklega á ákvæði einnar gr., sem væri mjög óljós, og innti þá eftir, hvert efni hennar væri og hvernig tilætlunin væri að framkvæma hana, þá kváðust þeir ekki hafa svör við því. Ég veit að vísu, að það var nokkuð í gamni mælt, en þó kom þar fram, að eitthvert verkefni yrði að skilja eftir fyrir lögfræðinga og dómstóla og þess vegna tæki því naumast og alls ekki að kveða nánar á um, hver tilgangur þess ákvæðis væri. Það er reynslan, að jafnvel þó að meiri umhyggja sé höfð um setningu laga en lýsti sér í þessu, verða lögfræðingar og dómstólar seint atvinnulausir. Vafaatriðin verða oft æ:rið mörg, jafnvel þó að menn skeri úr því fyrir fram, sem bersýnilega er áfátt, eins og um það frv., sem hér er um að ræða. En það kemur í ljós, að áhuginn fyrir því að þvinga málið fram er svo mikill, að jafnvel hinir samvizkusömustu og greindustu þm. fást ekki til að íhuga breytingar á því, sem þeir þó viðurkenna að sé með öllu óljóst og raunar óhafandi. Þetta er þeirra afstaða, og þeir ráða sínum gerðum í því vitanlega í okkar frjálsa þjóðfélagi, ef þeir ráða þeim þá sjálfir að vísu, en ekki einhverjir aðrir. en að svo vöxnu máli átti n. ekki samleið um afgreiðslu málsins, enda var það vitað, að jafnvel þrátt fyrir minni háttar leiðréttingar tel ég, að málið sé þannig vaxið, að ekki sé rétt að samþ. það, og lagði þess vegna til, að því yrði annaðhvort vísað frá með rökstuddri dagskrá eða það yrði hreinlega fellt, en meiri hl. vildi skilorðslaust samþ. það án athugunar á einstökum atriðum frv., jafnvel þeim, sem sýnt var fram á að væru harla óljós og raunar alveg óskiljanleg.

Í framhaldi af þessu er svo málið tekið á dagskrá hér á mánudagi, án þess að minni hl. hafi gefizt færi á að semja nál. Ég hef unnið að því í dag að semja álitið, nokkuð í matartíma mínum og síðan hér eftir hádegið. Það var m. a. örðugra en ella vegna þess ljósleysis, sem var hér í þinghúsinu lengi, og er þess vegna verki mínu ekki lokið, hvað þá að ég hafi getað borið mig saman við samnefndarmann minn, hv. 2. þm. Reykv. Þess vegna verð ég að segja eins og er, að nál. af hálfu minni hl. liggur ekki fyrir. Nú skilst mér af hálfu hæstv. forseta, að það sé ráðgert, að fundur verði hér um málið í kvöld, og vil ég því að svo stöddu stytta mál mitt, halda áfram umr. í kvöld, ef nál. liggur þá fyrir, að öðrum kosti áskil ég mér rétt til þess að ræða málið þeim mun ýtarlegar við 3. umr. nú eða síðar í kvöld, eftir því sem atvik standa til.

Eins og ég gat um við 1. umr., tel ég það megingalla á þessu frv., að það mun verka alveg öfugt við það, sem aðstandendur þess telja. Það er látið uppi, að tilgangurinn með þessu frv. sé sá, eins og sagt er, að friða kjördaginn. Þetta er alger misskilningur. Það, sem mun nást með þessu frv., en þó einungis í þéttbýlinu og þá einkanlega í Reykjavík, er að hindra flokkana í því að fylgjast með því, hverjir hafa kosið, en þeir hafa hingað til haft áhuga um að fylgjast með þessu til þess að ónáða á kjördegi ekki þá, sem búnir eru að kjósa. Nú á að taka möguleikann frá þeim til að fylgjast með þessu, og rökrétt afleiðing þess hlýtur að verða sú, að þeir ónáði þá héðan í frá jafnt þá, sem eftir eiga að kjósa, sem þá, sem búnir eru að kjósa, úr því að þeir eru sviptir möguleikanum til að fylgjast með þessu. Þetta hlýtur að verða afleiðingin, á meðan ekki eru settar neinar hömlur gegn því í l., að ýta megi við mönnum á sjálfan kosningadaginn um að koma á kjörstað. Ef algert bann væri lagt við því í frv., að flokkarnir mættu hafa nokkurn áróður, nokkra starfsemi eða nokkra fyrirgreiðslu uppi á kjördegi, þá mætti segja, að frv. *næði þeim tilgangi, sem sagt er* að það eigi að ná. En ekkert af þessu er í frv. Það eina, sem áhrif hefur að þessu leyti í frv., er það, að svipta á flokkana því atriði, sem hefur gert að verkum, að þeir ónáða ekki þá, sem búnir eru að greiða atkv. Þetta er frá þeim tekið, og afleiðingin verður þá sú, sem ég segi, að meiri hætta verður á ófriði, á ónáðun heldur en nokkru sinni áður.

Ef hægt er að sýna mér fram á aðra afleiðingu frv., þá skora ég á fylgjendur frv. að gera það. *Ég lýsti einnig yfir því*, að a. m. k. ég og ég hygg allir minir flokksmenn muni vera fyllilega til viðræðu um það, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera til þess að draga úr óhæfilegum áróðri í sambandi við kosningar, alveg eins og við höfum ekki haft að neinu keppikefli að halda kjörfundi áfram lengur en góðu hófi gegnir. Við teljum hæpið, að það eigi að banna mönnum að kjósa á sjálfum kjördegi, fyrr en hann er liðinn. Ég verð þó að segja, að ég tel það ekkert stóratriði, hvort kjörfundi er hætt kl. 11 að kvöldi eða 12 á miðnætti. Það er algert aukaatriði í þessu sambandi, þó að það horfi til þess að skapa hömlur á kosningarrétti manna, því er ekki að neita. Eins tel ég, að það ákvæði frv. að auka skriffinnsku í sambandi við utankjörstaðaatkvæðagreiðslu horfi til nýrra kosningahamla, að það sé meiningarlaust, ef það á ekki að gera mönnum örðugra en verið hefur að kjósa, og sérstaklega er greinilegt, að í þéttbýlinu, þar sem stundum tugir manna og jafnvel hundruð kjósa á hverjum degi, geta af þessari auknu skriffinnsku skapazt svo miklar tafir, að menn hverfi burt, þeir sem á kjörstað voru komnir og ætluðu sér að kjósa. Ég tel þess vegna, að þetta ákvæði sé einnig til ills. Ég tel, að það sé ekki neitt stórfellt ákvæði og um þetta megi sjálfsagt segja, að úlfaldi sé gerður úr mýflugu, ef sagt er, að heimurinn hrynji af þessum sökum, — ég játa það, — en mig skortir bara öll rök fyrir að fallast á breytinguna. Ég sé annmarkana við breytinguna, en mig skortir öll rök til þess að fallast á breytinguna, sjá nauðsynina, af hverju menn vilja breyta þessu. Allra helzt skortir *mig rök til þess að fallast á samþykkt þessa frv.* nú, þegar greinilegt er, að það muni hafa þveröfug áhrif við það, sem yfir er lýst, en vitað er, að n. starfar, mþn. skipuð fulltrúum allra flokka. Hún hefur ekki haft málið til meðferðar. Ég efast ekki um, að málið mundi skýrast við það, ef þessi n. fengi málið til athugunar, og þá það verða óumdeilanlega ljóst, sem nú er, að frv. hlýtur að hafa þveröfug áhrif við hinn yfirlýsta tilgang þess. Þess vegna finnst mér langeðlilegast, að þessu máli yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en *mun væntanlega gera nánari grein fyrir því í nál.* og læt mér þetta nægja að svo komnu. — [Fundarhlé.]

Jón Pálmason: Herra forseti. Hér fyrr á þessum fundi í dag var til umr. lítið frv., sem ég hef flutt um breytingar á kosningalögum til sveitarstjórna. Það frv. er flutt af minni hálfu af einlægum vilja til þess að afnema eða leiðrétta mjög alvarlegt misrétti, sem á sér stað í sambandi við þessar kosningar og hefur það *í för með sér, að það er tekinn atkvæðisréttur* af mjög mörgum mönnum, sem flytja milli sveitarfélaga, á því ári, sem þeir flytja. Það lítur út fyrir, að þeir, sem völdin hafa hér á Alþingi, hafi ekki mikinn áhuga fyrir að fá þessa leiðréttingu í gegn.

En það frv., sem hér liggur fyrir til umr., er af allt öðrum toga spunnið. Það er ekki spunnið af þeim toga að fá neina leiðréttingu á misrétti eða göllum, sem eru á núgildandi kosningalögum, heldur liggja til þess allt aðrar ástæður, eins og komið hefur ljóst fram og verið greint frá í þeim umr., sem um þetta mál hafa farið fram í hv. Ed. og hér við 1. umr. í þessari hv. þd. *En af því, hvernig hér er í pottinn búið, og af* því að kosningamálin, kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna, grípa inn í allt okkar þjóðlíf á margvíslegan hátt, þá get ég ekki stillt mig um að rekja nokkuð í örfáum dráttum aðdraganda að því frv., sem hér liggur fyrir, og þá sögu, sem er um ýmsa þá forustumenn, sem eru hér flm. að. Ég þykist sjá, að þetta frv. sé síðasti liðurinn, sem enn er kominn í ljós, á þeim hala kosningalegra hrekkjabragða, sem einkennt hefur suma af forustumönnum stjórnarflokkanna á síðustu árum, og má segja, að ef ætti að rekja þá sögu langt aftur í tímann, kæmi margt til greina. En ég ætla ekki að fara lengra aftur í tímann en til *þingsins* 1953.

Þá var lagt hér fram í þessari hv. d. frv. mikið að vöxtum og með mikilli grg. um breytingar á kosningalögum til Alþingis. Þetta frv. hafði það í sér að fela, að það mætti hrista saman flokkana, kássa þeim saman og færa svo útkomuna í eitt o. s. frv., án þess að það væri gerð nein tilraun til að breyta með því okkar stjórnarskrá.

Glöggir menn sáu fljótt, að þetta frv. var ekki þinghæft í þeirri mynd, sem það var flutt, því að það var byggt á því að breyta okkar stjórnarskrá. Endirinn varð líka sá, að þó að þetta frv. færi til n., þá kom það þaðan aldrei aftur og dagaði uppi, en almennt var það kallað „kássufrumvarpið“.

Nú mætti segja, að þeir menn, sem voru flm. að þessu frv., hafi verið það siðaðir menn, að þeir hafi látið sér það skiljast, að þarna væri ekki hægt að halda lengra áfram á löggjafarleiðinni, en þeir fengu leiðbeiningar úr annarri átt, og leiðbeiningarnar voru þær, að nú skyldu flokkarnir ekkert vera að hugsa um að gera þessa hluti löglega, það væri sjálfsagt að framkvæma þá fyrir því, það mætti brjóta stjórnarskrána, það mætti brjóta kosningalögin o. s. frv. Um þetta stóðu samningar í tvö til þrjú ár, og sú leiðin var farin. Það var undirstaðan undir hinu svokallaða Hræðslubandalagi, sem alþekkt var í síðustu kosningum og kunnugt er síðan og byggðist á því og það svo, að ekki er um að villast, að brjóta stjórnarskrá íslenzka ríkisins og þverbrjóta eina af þýðingarmestu greinum þeirra kosningalaga, sem hér er nú frv. um að breyta í öðrum atriðum.

Nú fór svo, þótt undarlegt megi virðast, að þessum mönnum, sem stóðu að þessum hrekkjabrögðum, sem eru einstæð í sögu Íslands, tókst á furðulegan hátt að telja sínu liði trú um það, að það væri réttmætt að haga sér svona og fá það til að kjósa þá bræðslulista og bræðsluframbjóðendur, sem á þennan hátt koma fram fyrir kjósendurna. Og það, sem gerði það að verkum, að þetta tókst, var það, að blöð þessara flokka og forustumenn þeirra gerðu að því mikið at að hella flóði af ósönnum upplýsingum, ósönnum loforðum yfir kjósendurna og telja þeim trú um, að ef þeir fylgdu þessu fyrirhugaða ráði, væri okkar þjóðfélagi borgið, þá mætti leysa öll okkar efnahagsmál á mjög heppilegan hátt, þá væri enginn vandi fram undan, dýrtíðin skyldi stöðvuð, skattar og tollar lækkaðir o. s. frv. Þessu trúði fólkið, og þess vegna guldu þessir flokkar ekki eðlilegt afhroð við síðustu alþingiskosningar, borið saman við það, sem eðlilegt hefði mátt telja. En loforðin, sem voru þó einna hæst hjá þessum Hræðslubandalagsflokkum, voru þau, að aldrei skyldi það koma á þeirra daga að vinna með kommúnistum, hvorki í ríkisstj. né að framgangi mála.

Fulltrúar Alþb. að hinu leytinu sóru það og sárt við lögðu, að aldrei skyldi það koma á þeirra daga að samþ. stjórnarskrárbrot og kosningalagabrot og hrekkjabrögð Hræðslubandalagsins. En þetta fór nú á aðra leið. Þegar kosningunum var lokið, varð litið úr þessum loforðum á báða bóga. Þá var farið að semja um það af hálfu þessara forustumanna að verzla með æru sína í pólitískum skilningi, og sú verzlun virtist ganga álíka liðlega eins og þegar verið er að kaupa og selja vöru í búðunum hér í miðri Reykjavík.

En þessir hv. fulltrúar stjórnarflokkanna hafa gert annað og meira, eins og oft hefur verið á minnzt, þeir hafa verzlað með mannorð íslenzku þjóðarinnar út á við, og það fer fram á þann hátt, að eins og sakir standa og verið hefur stendur núv. hæstv. ríkisstj. með annan fótinn í Atlantshafsbandalaginu, en hinn fótinn hjá Rússum, og það er ekki vitað, að nokkur ríkisstj. í víðri veröld hafi lagt það á sig að taka á sig slíka klofglennu, síðan heimurinn fór að skiptast í tvær andstæðar fylkingar, eins og nú er orðið og verið hefur nokkuð mörg undanfarin ár.

Þegar þetta er athugað, gegnir furðu, að þeir menn, sem þarna eru sekastir í öllum þessum greinum, skuli leyfa sér að koma með frv. slíkt sem þetta, er hér liggur fyrir, og telja sig þess umkomna að ætla að fara að kenna heiðarlegum mönnum siðferði í kosningum, eins og þeir þykjast vera að gera með því, eins og þeir kalla það, að friða kjördaginn.

Þegar slíkt skeður, þá er það svo augljós hræsni og yfirdrepsskapur, að ég segi fyrir mig, að mér hefur algerlega ofboðið, og ég veit, að margir þeir menn, sem annars er ekki klígjugjarnt, fyllast viðbjóði og verður óglatt af að sjá, þegar þessir menn, eins og hæstv. fjmrh., eru að þenja sig um það hér á Alþingi, að þetta sé til þess að auka siðferðið í kosningum til Alþingis og til bæjarstjórnar, — þessir menn, sem eru kunnir að því að hafa þverbrotið kosningalögin í síðustu kosningum og þverbrotið stjórnarskrá okkar ríkis. Þetta svarar til þess, að þeir, sem eru marguppvísir og yfirlýstir þjófar, ætluðu að kenna ráðvöndum mönnum, að þeir ættu að forðast það að taka nokkuð ófrjálsri hendi.

Nú hefur verið á það minnzt og er reyndar augljóst, hver tilgangurinn er með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Tilgangurinn er sá að gera fólkinu örðugra með að kjósa og sérstaklega sá að koma í veg fyrir það, að þeir, sem stjórna flokkum og vilja vinna að því, að kosningar gangi liðlegar, hafi aðstöðu til þess að fá fólkið til þess að sækja kosningar. Nú má segja, að það, hvort kjörfundur stendur í 11 eða 12 eða 14 klukkutíma, skipti ekki ákaflega miklu máli og það skipti sízt mjög miklu máli, þar sem eru fámennir kjósendahópar, eins og yfirleitt er í sveitarfélögum úti um landið. Þá er þetta mögulegt og þarf ekki að reka sig neitt á, enda mun það vera, að þessu frv. er fyrst og fremst stefnt að höfuðborginni, Reykjavíkurbæ, bæði í bæjarstjórnarkosningum og alþingiskosningum, því að hvort tveggja kemur til greina. Og það er augljóst, að það, sem fyrir flm. vakir, er, að nú þurfi að taka eitthvað í hnakkann á Reykjavíkurbæ eða reykvískum kjósendum, af því að það er kunnugt, að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra fylgir Sjálfstfl., þeim flokki, sem þessum mönnum er andstæður. Það er og vitaður hlutur, að síðan núverandi ríkisstj. tók til starfa, hefur verið sívaxandi andúð og fyrirlitning á öllu hennar athæfi og það hvergi meir en einmitt hér í Reykjavík, þar sem fólkið þekkir bezt, hvernig með hlutina hefur verið farið.

Nú er það svo, að ég verð að segja það, að ég hef oft undrazt á undanförnum árum, að það skuli hafa getað tekizt, að upp undir 40 þús. manna kjósi á einum degi hér í Reykjavíkurbæ og það, eins og verið hefur, á þremur kjörstöðum.

Nú er, að mér er sagt, gert ráð fyrir því að fjölga kjörstöðum upp í sex, og þá mundi koma á hvern kjörstað eitthvað hátt á sjöunda þúsund kjósenda, og það er töluvert fleira en til er í nokkru öðru kjördæmi á Íslandi, svo að það er augljóst, að einmitt hér í höfuðborginni eru örðugleikarnir meiri við það að fá alla kjósendur til að koma á kjörstað heldur en annars staðar.

Nú er það alkunnugt mál, að það hefur verið til þess ætlazt í kosningalögum og reglum frá

fyrstu tíð, að það væri ekki verið að „agitera“ í kjósendum á kjörstaðnum eða á kjördaginn, og við er átt, að það sé ekki verið að „agitera“ í þeim á þann hátt að reyna að hafa áhrif á það, að þeir kjósi annan flokk en þeir upphaflega ætluðu eða skoðanir þeirra segja til um. Hins vegar er það svo, að það er mjög margt af fólki, sem þó að það hafi ákveðnar skoðanir í pólitík og fylgi ákveðnum flokki, þá hefur það ekki mikinn áhuga og sumt, sem hugsar á þá leið: Ja, flokkurinn minn er svo sterkur, að ég þarf ekkert að vera að ómaka mig á kjörstað eða gera mér neina fyrirhöfn, því að það bjargast allt án þess.

Nú er vitað, að langflest af rólegasta og æsingaminnsta fólkinu, ekki einungis hér í Reykjavík, heldur og hvarvetna um landið, fylgir Sjálfstfl. og það, sem er tilgangur þessa frv., er auðsjáanlega að koma því til leiðar, að það sé sem minnst eftirlit hægt að hafa með því, hvort þessi eða hinn kjósandinn eða þessir eða hinir kjósendur kjósi, og verkar þannig, að einmitt þetta fólk láti það vera að koma á kjörstað, enda er það kunnugt mál, að víðs vegar úti um landið hafa þekkzt dæmi þess, að fulltrúar núverandi stjórnarflokka hafa gert tilraunir til þess að fá það fólk, sem þeir ekki geta snúið yfir til sín, til þess að sitja heima.

Aðalatriðið í þessu frv. er frá minu sjónarmiði þess vegna, að það skuli eiga að banna mönnum, umboðsmönnum flokka og fulltrúum, að fylgjast með því, hverjir hafa kosið og hverjir ekki, og ég er sannfærður um það, veit það reyndar eftir mörgum leiðum og frá öllum kjördæmum á þessu landi, að frá fyrstu tíð hefur það verið talið sjálfsagt, að mönnum væri frjálst að fylgjast með því, hverjir kjósendur hafa kosið á kjördegi og hverjir ekki. Og það má segja, að það sé vafasamt, hvort sé ríkara í þessu tilfelli eða vegi meira flónskan eða illviljinn að ætla sér að setja löggjöf, sem hefur í sér það aðalatriði að reyna að koma í veg fyrir það, að fólkið, sem áhugaminnst er, kjósi á kjördegi.

Nú eru í þessu frv. töluvert fleiri ákvæði, en nokkuð þýðingarlítil, og engin þannig, að það sé nein nauðsyn á því, að þetta frv. nái lagagildi. Ég tel það ákaflega þýðingarlítið og út af fyrir sig kannske betra en ekkert, að það sé bannað að hafa gjallarhorn og bíla, sem þjóta um bæinn eða bæina til að hrópa upp hinar og þessar kröfur, eða hafa spjöld á húsum eða því um líkt. Ég held, að allt slíkt sé ósköp lítils virði og það geri hvorki til né frá, þó að það sé afnumið og mennirnir, sem stjórna flokkunum, ættu jafnvel sjálfir að afnema þá siði.

Hitt tel ég vera mjög mikinn galla á þessu frv., þó að það sé ekkert aðalatriði á móts við hitt, að það sé heimtað að ljúka kosningu kl. 11 að kvöldi. Það er algerlega óþarft og sýnir það, að mennirnir, sem flytja þetta, gera sér ekki grein fyrir því, hvað það er margt fólk, sem um er að ræða og þarf að kjósa, og hvað það getur dregizt lengi fram á kvöldið. Annars er þetta ekki neitt stóratriði, en atriði þó samt, sem er galli og óþarft að breyta frá því, sem verið hefur.

Í þriðja lagi eru svo ákvæði 1. gr. þessa frv. um það, að hver sá kjósandi, sem kýs utan kjörstaðar og gerir ekki ráð fyrir að vera í sinni heimasveit, þegar kosning fer fram, eigi að gera grein fyrir því skriflega og að manni skilst undir votta, hvar hann ætli sér að verða á kjördaginn. Þetta er ákaflega fáfengilegt og heimskulegt atriði, vegna þess að ég veit, og allir menn geta séð og ættu að sjá, að margir þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, geta alls ekki vitað það, hvar þeir verða á kjördaginn. Við skulum taka t. d. sjómenn, sem eru á skipum og fara víðs vegar ýmist í veiðiferðum eða á samgönguskipum, kringum land eða til útlanda. Þeir geta ekki sagt um, hvar þeir verði, — ja, þeir geta sagt kannske, að þeir ætli sér að verða á þessu skipi, en hvar þeir verði á kjördaginn, það geta þeir ekki sagt. Sama er að segja um bifreiðastjóra, flugmenn o. fl. Þessi skýrslukrafa er því í mínum augum hrein vitleysa og ekkert tilefni til þess að fara að setja lög um slíka hluti.

Annars er það svo, að allir þeir menn, sem eru fylgismenn eða flm. að þessu frv., ættu að hafa kynnzt látunum, sem verið hafa oft í kosningum víðs vegar í kauptúnum og kaupstöðum og jafnvel sveitum úti um landið á kosningadaginn, látunum, sem þeir hafa staðið fyrir, fulltrúar Framsfl. og Alþfl. Ég þekki minna til varðandi sósíalistana hér á landi, enda eru þeir yngri flokkur. En það er vitað, að þeir eru fylgismenn þeirrar stefnu, sem vill ekki neinar frjálsar kosningar, og við höfum sagnir af því, að í löndum Rússa og öðrum þeim löndum, sem Rússar ráða yfir, er ekki heimilt að kjósa nema um einn lista. Það mega ekki vera frambjóðendur nema frá þeim eina flokki, kommúnistaflokknum, aðrir mega þar ekki koma til greina. Og ekki nóg með það, heldur ber sögnum saman um, að þegar kosningar þar fara fram, þá er svo strangt að unnið, að það varðar hegningu, sektum, fangelsi, kannske líflláti, ef mennirnir ekki kjósa, enda má það nærri geta, þegar það gerist í hverju landinu á fætur öðru, að það er hægt undir þeim kringumstæðum, að það er aðeins einn listi, að fá 98 og 99% af kjósendunum til þess að kjósa. En það kann nú að vera, að það eigi að vera næsti liður í hala ríkisstj. að koma þessu fyrirkomulagi á hér á landi og það ástand, sem er í þessu frv., sem hér er verið að lögfesta, sé byrjunin á leiðinni.

Nú skal ég taka það fram, að þess hefur hvað eftir annað verið krafizt og það hefur verið framkvæmt, þegar alþingiskosningar hafa farið fram yfir landið allt um veturnætur, fyrsta vetrardag, að þá væru tveir kjördagar. Þetta hefur þótt nauðsynlegt til öryggis, og er það í raun og veru ekkert óeðlilegt, því að í sjálfu sér ættu allir menn, sem unna frjálsu lýðræði, að vinna að því, að öllum kjósendum gefist tækifæri á því að neyta síns atkvæðisréttar.

En t. d. bæjarstjórnarkosningar í kaupstöðum og úti um allt land fara ekki fram um veturnætur, þær fara fram um miðjan veturinn, rétt snemma á þorranum, þegar allra veðra er von, enn þá frekar en um veturnóttabil. Þess vegna hef ég oft undrazt það með sjálfum mér, hvað það er óvarlegt og ekki sízt hér í höfuðborginni, þar sem kjósendafjöldinn er mestur, að láta sér lynda, að það sé ekki heimild til þess í kosningalögum að hafa tvo kjördaga. Og það mætti

náttúrlega segja, að það gerði þá minna til, þó að þetta fráleita frv., sem hér liggur fyrir, væri samþ., ef því væri látið fylgja það, að það væri heimilt að hafa tvo kjördaga, eins og ég tel langeðlilegast og hyggilegast. Ég er nú, eins og allir hv. þm. vita, einn af utanbæjarmönnum og hef aldrei verið búsettur hér í höfuðborginnni, en ég hef verið það oft hér, að ég hef kynnzt ýmsu. Ég hef kynnzt því t. d., að það hefur hlaðið svo miklum snjó niður á einni nóttu, að það hefur verið ófært öllum bílum hér um göturnar og erfitt gangandi fólki að komast áfram. Þetta getur skeð í öllum byggðarlögum og ekki sízt um háveturinn. Ég hef líka kynnzt því, að það hefur rokið upp um miðjan dag með ofsafulla blindhríð, svo að það hefur ekki verið fært — má heita — að koma út úr húsi, og jafnvel svo hvasst, að menn hafa orðið að skríða milli húsa, eins og einu sinni gerðist hér í desembermánuði.

Allt þetta er þess vegna þannig vaxið, að ef það er tilgangurinn, sem ég efast nú ekki um, að auka örðugleika í kosningum hér í höfuðborginni með þessu frv., þá er það byggt á því, að það komi þá líka fyrir eitthvert óhapp, sem geti orkað því, að stærsti flokkur þjóðarinnar og sérstaklega stærsti flokkur þessa bæjar verði fyrir áfalli í kosningum af illviðrum eða öðrum orsökum.

Eins og ráða má af því, sem ég hef þegar hér sagt, þá tel ég það réttustu meðferðina, að þetta frv. verði látið hafa sömu örlög eins og „kássufrv.“ sæla og því lofað að daga uppi, og það væri þeim sæmst, sem hafa flutt þessa ómynd hér inn á Alþingi. En verði það ekki gert, mun ég athuga það í samráði við mína flokksmenn, hvort við eigum þá ekki að bera fram breytingu við þetta frv. á þá leið, að ef það verði samþ. eða komi til framkvæmda, verði heimilað að hafa tvo kjördaga við bæjar- og sveitarstjórnarkosningar, ekki einasta hér í Reykjavík, heldur og í öllum þorpum og kaupstöðum úti um landið.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða um þetta mál, en ég gat ekki stillt mig um, þegar það liggur hér fyrir, að vekja athygli á þeirri dæmalausu hræsni og yfirdrepsskap, sem kemur fram hjá þeim mönnum, sem hafa gerzt aðallega málsvarar fyrir þessu frv., og þegar það er athugað, hvernig þeirra saga er á liðnum árum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Eins og fram kom í dag í stuttri ræðu, sem ég hélt þá, var ég enn að semja nál. um þetta mál. Það er nú nýlega farið í prent, og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið á þessu stigi. Ég vil vegna fyrirspurnar, sem hæstv. forseti beindi til mín, taka fram, að það er rétt, að í þessu nál. berum við, ég og meðnefndarmaður minn, hv. 2. þm. Reykv., fram till. til rökstuddrar dagskrár. En eins og sakir standa, kemur mér alveg í einn stað niður, hvort hún verður borin upp við 2. umr. eða 3. Ég hafði reiknað með því, að úr því sem komið væri, yrði nál. ekki til umr. efnislega eða þau sjónarmið, sem þar eru sett fram, fyrr en við 3. umr., og aðalumr. af hálfu okkar sjálfstæðismanna, auk hinnar mjög ágætu og skörpu ræðu hv. þm. A-Húnv., mundi þá fara fram við 3. umr. Um þetta spjölluðum við forseti lítils háttar í dag.

Mér er það ljóst, að þetta er eitt af þeim málum, sem á að knýja fram. Við höfum enga löngun til þess að halda uppi málþófi eða þvargi um þetta mál umfram það, sem atvik standa til. Þegar okkar nál. liggur fyrir, teljum við eðlilegt að ræða málið fyrst og fremst af okkar hálfu og höfum nægan tíma til þess við 3. umr. og vonum þá einnig, að við verðum ekki beittir harðræði, svo að við getum fengið með eðlilegu móti að koma okkar sjónarmiðum að.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:9 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 17:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:6 atkv.

Á 42. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 163, n. 172).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hef hlustað á þær aðfinnslur, sem hafa komið fram um þetta frv., og af öllu því, sem fram hefur komið, finnst mér eitt eiga rétt á sér, og það er, að nokkuð væri óljóst og gæti valdið vandkvæðum, að í 6. gr. er tekið svo til orða: „aðliggjandi götur og næstu hús.“ Ég vil því stinga upp á, að sú breyting verði gerð á frv., að þetta verði orðað eins og gert er í núgildandi kosningalögum, sem sé „næsta nágrenni“, og vil afhenda hæstv. forseta brtt. skriflega, sem er við 6. gr. og þannig, að í stað orðanna „á næstu húsum og í aðliggjandi götum“ komi: í næsta nágrenni. — Ég get ekki séð, að þetta orðalag, sem gert er ráð fyrir í frv., sé til bóta, eins og bent hefur verið á.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 181) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hygg, að sú brtt., sem hæstv. fjmrh. hefur borið fram, sé mjög upplýsandi um eðli þessa máls og þau vinnubrögð, sem átt hafa sér stað um þetta efni. Það var bent á þá vankanta, sem hér voru á, strax við 1. umr. frv. í Nd., e. t. v. einnig í Ed., ég er því ókunnugur. Þeir voru nokkuð rækilega ræddir í allshn., og að þeim var einnig vikið í umr. hér í gær. En það er fyrst nú við 3. umr., að hæstv. fjmrh., sem er farinn að tileinka sér meira vald en honum ber eftir réttum þingsköpum, hleypur fram og vill láta breyta þessu ákvæði. Og ég held, að það geti engum dulizt, að það er vegna þess, að í nál. minni hl. er sýnt fram á, að hvað sem öllu öðru líði varðandi óvissu 6. gr., þá sé það alveg ótvírætt, að eftir frv. óbreyttu mundi það verða bannað að festa upp þessi margumtöluðu merki á væntanlegu flokkshúsi Framsfl. við Frikirkjuveg. Þar var komið að hjartanu í hæstv. fjmrh., þegar sýnt var fram á það, að frv. mundi bitna á flokksstarfsemi hans flokks hér í bænum. Það er raunar tekið fram í nál., að þótt í smáu sé, þá sýni þetta, að frv. leiði

til alls annars en upphaflega var ætlað, og það stóð þá heldur ekki á staðfestingunni, af því að jafnskjótt og þskj. hafði verið útbýtt og hæstv. fjmrh. hafði áttað sig á þeim óhnekkjanlegu rökum, sem í þeim fólust, þá hljóp hann fram og bar fram brtt. í þeirri von, að flokkshúsið slyppi undan því banni, sem hann lét sér í léttu rúmi liggja, meðan einungis var talað um Iðnó og hús kommúnistanna við Tjarnargötu. En samvizkan lét ekki á sér standa, þegar kom að því fyrirhugaða húsi, ef það nær þá fram að ganga, að íshúsinu við Fríkirkjuveg megi breyta í flokkshús, eins og Framsfl. nú sækir af ofurkappi.

Þetta staðfestir enn einu sinni það, sem fram hefur verið haldið, að frv. þetta ber að með mjög furðulegum hætti, og það er ekki um málefnalegar ástæður að ræða, heldur er málið sótt af ofurkappi. Það er ekki hirt um það, þó að mþn. sé starfandi að endurskoðun kosningalaganna. Hv. form. þeirrar n., þm. A-Sk. (PÞ), sagði frá því á þingfundi á laugardaginn, að þessi n. hefði þegar unnið töluvert starf, en hann játaði, að frv. væri þó ekki frá henni runnið né hefði hún fengið það til umsagnar. Í stað þess að bíða till. þessarar n. eða a. m. k. leita umsagnar n. í ró, þar sem fulltrúar allra þingflokkanna eiga sæti, hafa stjórnarflokkarnir að undanförnu verið að pukrast við samningu þessa frv. Menn hafa heyrt um það síðustu vikurnar, að til stæði, að það yrði flutt, og raunar hafa þess sézt nokkur merki, bæði í bæjarstjórn Reykjavíkur og á Akureyri, þar sem einstakir stjórnarliðar hafa leitað eftir stuðningi við a. m. k. sum ákvæði frv. Þau hafa ekki hlotið stuðning, hvorki í bæjarstjórn Reykjavíkur né á Akureyri, svo að vitað sé. En stjórnarliðið var þó ekki af baki dottið við það, heldur lagði málið fyrir Alþingi, og það var ljóst, að það var fyrst gert eftir að sýnt var, að Alþingi átti að fresta nú seint í þessari viku og ekki koma saman aftur fyrr en að afloknum sveitarstjórnarkosningunum. Það var fyrst, þegar stjórnarliðið varð heltekið kosningaskjálfta og ótta við úrslit þessara kosninga, að það mannaði sig upp til að flytja þetta frv., og þá var það gert í slíku óðagoti, að fram var knúin 1. umr. í hv. Ed. strax sama daginn og frv. var þar útbýtt, þ. e. a. s. áður en þm. hefði gefizt lögmætur frestur til þess að kynna sér efni málsins. En eins og fleira í sambandi við þetta mál bitnaði óðagotið jafnvel fyrst og fremst á flytjendum þess sjálfs. Afleiðing þess, að málið hafði ekki verið nógu vandlega hugsað í upphafi, varð að við meðferð þess í Ed. voru gerðar meginbreytingar á frv. Sumt var að vísu kallað leiðrétting á prentvillu, eins og það, að kjörtími var framlengdur til kl. 11 e. h. í stað þess, að upphaflega var ætlazt til þess, að hann væri aðeins til kl. 10. Hæstv. fjmrh. hafði í Ed. tekið á sig svipað stökk til að fá þessu breytt eins og hann gerði nú upp í ræðustólinn hér til að bera fram till. í björgunarskyni fyrir íshús Framsfl. Hann fékk það viðurkennt í Ed., að hér væri um prentvillu að ræða, til þess að hlífa því undanhaldi, sem hann þá taldi ráðlegt. Síðan voru teknar aðrar firrur út úr frv., eins og þetta makalausa bann við því, að maður mætti hafa nokkurs konar skrá með sér á kjörstað, ef hann væri þar umboðsmaður hvort heldur markaskrá, símaskrá eða jafnvel venjulega skrá að hurð, allt er þetta í upphafi bannað í frv., en spekingarnir sáu við gleggri athugun, að það mundi vera meinlaust, þó að menn hefðu með sér hurðarskrá í vasanum á kjörfund, að það mundi ekki breyta miklu um úrslit alþingis- eða sveitarstjórnarkosninga. Þess vegna var þetta fært til heldur réttari vegar.

Mestu máli skiptir þó, að það er veruleg breyting til bóta og í raun og veru gerbreyting á frv. frá því, sem í upphafi var ráðgert, þegar fallið var frá því að leggja miklar sektir við, ef menn reyndu að afla sér vitneskju um, hvort kjósandi væri búinn að greiða atkvæði, og jafnvel var lögð mikil refsing við því, ef kjósandi sagði öðrum frá því, hvort hann hefði greitt atkvæði eða ekki. Eftir hinu upphaflega frv. hefði t. d. eiginkona átt á hættu þungar sektir, ef hún hefði hvíslað því að eiginmanni sínum, að hún væri nú búin að skreppa niður í skóla og greiða þar atkvæði.

Þeir, sem stóðu að framgangi frv. hér á Alþingi, voru það gleggri en semjendur frv., en aðalsemjandi mun vera fulltrúi Framsfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur, lögfræðingurinn Þórður Björnsson, — aðstandendur frv. á Alþingi voru það gleggri en Þórður Björnsson og meðhjálparmenn hans, að þeir sáu, að slík lagasetning mundi ekki verða til góðs, hún væri í eðli sínu hjákátleg og þar að auki gersamlega óframkvæmanleg. Þess vegna var þetta meginatriði frv. numið burt úr því.

En eftir stendur samt það, sem verulegu máli skiptir, og það er að mínu viti meginatriði þessa frv., það eru hömlurnar, sem lagðar eru á, að flokkar eða þeir, sem starfa að kosningu einstakra frambjóðenda, megi af upplýsingum frá kjörstað eða merkingu kjörskrár, sem er í vörzlum kjörstjórnar, fá upplýsingar um það, hverjir hafa kosið. Þetta er langsamlega þýðingarmesta ákvæði frv., og það er mjög athyglisvert, hvað hinir mjög gegnu menn stjórnarflokkanna, sem eru í allshn. Nd., segja um þetta meginákvæði frv. Má ég því, með leyfi hæstv. forseta, lesa nál.? Þar segir:

„Nál. um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis. Frá meiri hl. allshn.

Frv. þetta miðar yfirleitt í þá átt að gera skýrari og ákveðnari fyrirmæli gildandi kosningalaga um takmörkun áróðurs á kjörfundi og þá sérstaklega koma í veg fyrir áróðursstarfsemi á kjörstað. M. a. er í frv. glögglega mælt fyrir um, hvenær kjörfundi skuli slíta. Er þá, ef frv. verður að l., komið í veg fyrir, að kosning geti dregizt fram yfir miðnætti og þar með fram yfir hinn lögákveðna kjördag. Samkvæmt frv. ber að slíta kjörfundi eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, þó þannig, að þeir, sem þá hafa gefið sig fram á kjörstað, geti greitt atkvæði. Annars staðar á Norðurlöndum virðist kjörfundum yfirleitt vera slitið eigi síðar en kl. 9 að kvöldi, en hefjast í fyrsta lagi kl. 9 að morgni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

N. hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1957.

Pétur Pétursson, formaður. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Gunnar Jóhannsson.“

Þetta eru mjög mætir menn, sem undir þetta nál. skrifa, og ég vil vekja athygli hv. d. á því, að þeirra sómatilfinning er svo mikil og skömmustutilfinning fyrir frv., að þeir minnast í nál. sínu ekki einu orði á meginatriði frv., — ekki einu orði. Þeir láta eins og það sé aðalefni frv. að gera ýmis ákvæði kosningalaga ótvíræðari en áður var. Ja, við heyrum nú af till. hæstv. fjmrh., hversu vel hefur tekizt að gera ákvæðin ljósari en var, að nú þarf að skjótast fram af skyndi til þess að bjarga íshúsinu frá þeim hörmungum, sem yfir það áttu að ganga, ef frv. næði óbreytt samþykki. Það er einn vitnisburður um það, hversu vel samning frv. hefur tekizt. Svo er gert í nál. mest úr því, að það eigi að tryggja það, að kosningu sé lokið fyrir miðnætti eða á miðnætti, og það á að tryggjast með því, að hætt sé klukkutíma fyrir miðnætti. En alveg er þagað um það, sem er langsamlega þýðingarmest í öllu þessu máli, og það er sú hindrun, sem á að leggja á vitneskju um það, hverjir hafi greitt atkvæði.

Því fer þó fjarri, að þetta hafi verið talið nokkurt aukaatriði málsins hingað til. Í sjálfu frv., eins og það upphaflega var lagt fram, er í athugasemdum berum orðum fram tekið um 4. gr.: „Hér er nýmæli um meðferð kjörskránna, eftir að kosningu lýkur. Með ákvæðinu á að tryggja þann rétt kjósandans, að eftir kjördag sem á kjördegi megi hann treysta því, að óviðkomandi menn fái ekki vitneskju um það, hvort hann hafi kosið eða ekki, en slíkt er jafnmikið einkamál hans eins og hvernig hann kýs.“

Ef hér er virkilega um slíkt einkamál að ræða, að það þurfi að dylja jafnvel, hvort maður hafi kosið, eins og hvernig hann kýs, þá skal játað, að þar er um stórmikla nýjung í íslenzkri löggjöf að ræða og virkilega svo mikla, að það er sannast að segja bæði synd og skömm, að nefndin í Nd., meiri hluti hv. allshn., skuli ganga alveg þegjandi fram hjá þessari stórmerku nýjung, sem nú eigi að innleiða í íslenzk lög.

Hitt er svo annað, að það er mjög hæpið, að það fái staðizt, að það sé jafnmikið einkamál kjósanda, hvort hann kýs, eins og hvern hann kýs. Það er t. d. vitað, að í sumum elztu lýðræðislöndum er beinlínis lögboðið, að kjósandi skuli greiða atkvæði. Honum er lögð sú skylda á herðar að neyta atkvæðisréttar síns að viðlagðri refsingu, vegna þess að það er alls ekki talið einkamál kjósenda, hvern hann kýs. Hitt er rétt, að í lýðfrjálsum löndum er það vitanlega talið einkamál, hvern maður kýs, og það er ein af grundvallarstoðum lýðræðisins.

En er það þá rétt, sem kemur fram í aths. frv. upphaflega að er einn af meginþáttum frv. og enn er augljóst af efni þess, þó að hv. allshn. Nd. vilji þegja þá staðreynd í hel, — er það þá rétt, að í þessu frv. og með þessu frv. takist að hindra, að með því sé fylgzt, hvort kjósandi greiðir atkv.? Það kann að vera, að þetta takist að einhverju marki. Þó verður það ekki nema að einhverju enn óvissu marki, sem það tekst í þéttbýlinu og þá sérstaklega hér í Reykjavík, að hér er möguleiki til þess, að þetta takist að einhverju verulegu leyti. En allir sjá við athugun, að útilokað er, að í hinum smáu kjördæmum, — og í því sambandi má telja til smárra kjördæma í raun og veru öll kjördæmi utan stærstu kaupstaðanna og Gullbringu- og Kjósarsýslu, — að í öllum öðrum kjördæmum er algerlega tómt mál að tala um það, að það leynist fyrir mönnum, hvort maður neyti atkvæðisréttar síns eða ekki. Það mun ekki einungis ekki takast að leyna því fyrir öllum almenningi, sem lítið lætur sig þessi mál skipta, heldur fer svo fjarri, að þetta muni leynast fyrir flokkunum og þeirra umboðsmönnum, að það er vitað, að í mörgum þessara kjördæma hafa flokkarnir samvinnu um það sín á milli að koma fólkinu á kjörstað, að það er smalað bæ frá bæ, heimili frá heimili í góðu samstarfi flokkanna til þess að tryggja, að allir, sem vilja, eigi þess kost að koma á kjörstað.

Það mætti segja, að ef bann væri lagt við því, að slík smölun ætti sér stað, — smölun, sem kalla má með óvirðulegu orði, með vinsamlegra orði: fyrirgreiðsla, hvatning, — ef slík smölun eða fyrirgreiðsla og hvatning væri bönnuð í lögunum, þá kynni það að þjóna einhverjum raunhæfum tilgangi. Þá væri verið að draga úr óhæfilegum áróðri og ef til vill þvingun á kjósendur um að koma og kjósa, þá sem til þess eru ófúsir. En það er ekkert bann við slíku, hvorki varðandi strjálbýlið né þéttbýlið. Það er eftir sem áður heimilt að ónáða kjósendurna með heimsóknum, með hvatningum, með bréfaskriftum, með upphringingum, með því að sækja þá í bílum, með því að ýta við þeim yfirleitt á allan þann hátt, sem tíðkanlegur hefur verið.

Það eina, sem nú er ætlunin að banna með þessari löggjöf, er, að hindrað er, að hægt sé að tryggja, að ekki séu þeir ónáðaðir, sem búnir eru að kjósa. Afleiðingin af því hlýtur að verða ein og aðeins ein, meðan hinir eftirgangsmunirnir eru leyfðir, og það er enn þá meiri ófriður á kjördag heldur en nokkru sinni fyrr.

Það kann vel að vera, að það sé rétt, sem hæstv. fjmrh. mælti hér af nokkurri ákefð og óró hugarfarsins s. l. laugardag, að þetta mundi fyrst og fremst bitna á kosningaapparati Sjálfstfl., eins og hann svo smekklega komst að orði. Það er rétt, að fyrir stærsta kjósendahópinn í stærsta kjördæminu verða þetta mest óþægindin. Þeir eru sviptir möguleikanum til sömu fyrirgreiðslu og verið hefur, vegna þess að þeir eiga þess ekki sama kost og áður að tryggja að vera ekki með ónæði í garð þeirra, sem búnir eru að kjósa. Þetta margfaldar sjálfsagt starfið, gerir eftirgrennslanina örðugri en ella. Að því leyti hlýtur þetta að bitna verst á stærsta kjósendahópnum og þeim flokki, sem hefur fyrirgreiðslu við hann. Að því leyti má segja, að löggjöfin nái sínum tilgangi, að því eina leyti, sem hún beinlínis stefnir að því að gera ákveðnum, tilgreindum, nafngreindum flokki bölvun. Það hefur tekizt. Annað hefur ekki heppnazt í sambandi við þessa löggjöf. Allt annað kemur út með

þeim endemum, að hæstv. aðstandendur frv. skammast sín fyrir og vilja helzt um þegja. Og ég spái nú raunar, að ef hæstv. fjmrh. hefði ekki verið svo bugaður af þeirri útreið, sem hann hlaut við 2. umr. fjárl. daginn áður en þessi umr. hér í Nd. fór fram, hefði hann gætt tungu sinnar betur og ekki ljóstrað því upp á þann veg, sem hann gerði, að þessu væri í raun og veru og eingöngu beint gegn því, sem hann kallar kosningaapparat Sjálfstfl.

En niðurstaðan er þá sú, að þetta verður eingöngu til óþæginda fyrir þá, sem í mesta þéttbýlinu búa, og til mestra óþæginda fyrir stærstu kjósendahópana þar. Það má vel vera, að þetta bitni t. d. einnig á kjósendum Alþfl. í Hafnarfirði og fleiri stöðum. Þeir hafa valið þann kost að taka á sig nokkur óþægindi til þess að vera hæstv. fjmrh. samtaka í því að gera okkur bölvun. Þeir um það. Þeir munu reyna það á sínum tíma, hvort slíkt form velvildar borgi sig. Um það skal ég engu spá, enda ráða þeir sínum gerðum.

Hitt er ljóst, að frv. að þessu leyti, sem er langsamlega meginatriði frv., stefnir að því ódulið eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að skapa misrétti milli þeirra kjördæma annars vegar, þar sem Framsfl. hefur nær ekkert fylgi, og þeirra kjördæma, þar sem Framsfl. á sitt aðalfylgi. Það leynir sér því ekki, hvaðan þessi hugmynd er komin og hver telur sig eiga mestra hagsmuna að gæta við að knýja þetta frv. fram.

Slíkt misrétti í löggjöf er ærið varhugavert og er sannast sagt þeim mun varhugaverðara í sambandi við löggjöf um kosningar til Alþ. sem nú þegar er nógu mikið hallað á þá, sem í þéttbýlinu búa. Þeirra hlutur varðandi fulltrúafjölda, sem kosnir eru með alþingiskosningum, er nógu lítill til þess, að ekki sé þar ofan á bætt beinum ögrunum í því formi, sem hæstv. fjmrh. með atbeina Þórðar Björnssonar nú beitir sér fyrir. Slík óhæfileg kappgirni, slík löngun til þess að láta kenna á nöktu valdinu kann að veita vissum mönnum fróun í bili, en hún er ætíð það heimskulegasta, sem nokkur valdhafi getur gert sig sekan um, — ekki sízt þegar vald hans stendur jafnveikum fótum og vald og siðferðilegur réttur Framsfl. til yfirráða í íslenzkum stjórnmálum stendur.

Það má segja, að þetta mál sé ef til vill ekki ýkjastórt í sjálfu sér. En jafnvel hin smærri mál verða oft stór, af því að þau lýsa, hvað inni fyrir er hjá þeim, sem beita sér fyrir þeim, og sú misnotkun valdsins, sú löngun til þess að níðast á þeim, sem þegar eru harðrétti beittir, það er sú löngun, sem er eftirtektarverðust við þetta mál og mun áður en yfir lýkur bitna harðast á hæstv. fjmrh. og þeim, sem nú ganga í lið með honum um að lögfesta þetta ranglæti.

Í smærri mynd kemur þetta sama fram í frv. varðandi þær hömlur, sem á að leggja á rétt manna eða möguleika manna til að greiða atkvæði utan kjörstaðar. Þar á að auka skriffinnsku frá því, sem verið hefur, gersamlega að ástæðulausu, og er sannast sagt ekki sjáanlegur annar tilgangur með því heldur en sá, að kosningin eigi að taka svo langan tíma, fyrir henni eigi að tefja, þannig að vonir standi til, að eitthvað af kjósendum hverfi af kjörstað án þess að hafa neytt atkvæðisréttar síns. Sú smásmygli, sem lýsir sér í þessu, er nánast sagt auvirðileg, og engin frambærileg ástæða hefur verið færð fyrir þessari lagabreytingu.

Varðandi ákvæðið um kjörfundartímann má segja, eftir að heimild er þó komin til yfirkjörstjórnar um að ákveða kjörfund klukkan 9 að morgni, að það skipti ekki öllu máli, hvort hann standi til klukkan 11 að kvöldi eða til klukkan 12. En að svo miklu leyti sem þetta ákvæði hefur einhver áhrif, þá hlýtur það og getur ekki komizt hjá því að hafa þau áhrif, að færri kjósi heldur en ella, að það er verið að leggja hömlur á kosningarréttinn. Það er verið að fylgja þeirri kenningu, sem nýlega stóð í Tímanum, að því verr gefist heimskra manna ráð, sem fleiri komi saman. Það er talið alveg víst, að kjósendurnir hljóti að vera heimskir og þar af leiðandi eigi að stuðla að því, að eins fáir þeirra greiði atkvæði og við er hægt að koma, án þess þó að menn séu berum orðum sviptir kosningarrétti.

Hvernig sem á mál þetta er litið, efni þess eða meðferð, þá er það með endemum. Það skal játað, að frv. hefur fengið verulega bót í meðferð þingsins. Sú bót er að vissu leyti viðurkenning þess, að þm. hafa skammazt sín fyrir þann óskapnað, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði í fyrstu að knýja fram. Það er vitað mál, að flestir þm. stjórnarflokkanna skammast sín enn fyrir frv. í því formi og með því efni, sem það hefur. Það er einungis fyrir ofurkapp hæstv. fjmrh., fyrir löngun hans til valdbeitingar, fyrir löngun hans til valdníðslu, til þess að sýna sig meiri mann en hann því miður hefur reynzt vera, sem haldið er fast við að knýja þetta frv. enn fram í gegnum Alþ.

Ég veit, að marga hv. stjórnarstuðningsmenn fýsir að stöðva þetta frv. og láta ekki keyra sig til þess að gera þau afglöp að samþykkja það. Þeir mundu sýna manndóm og vaxa í áliti alþjóðar, ef þeir fylgdu þeirri sannfæringu eftir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast hér við hv. 1. þm. Reykv. (BBen), en aðeins segja örfá orð út af þessari dæmalausu ræðu, sem hv. þm. flutti.

Fyrst vil ég endurtaka, að í öllu því moldviðri, sem hv. 1. þm. Reykv. og aðrir sjálfstæðismenn hafa þeytt upp um þetta frv., og öllu því, sem þeir hafa sagt um það, hefur ekki verið nein glóra nema því, að þeir bentu á, að það væri mjög óákveðið, hvað væri átt við með orðunum „í aðliggjandi götum“. Þetta eina atriði, sem þeir gátu gagnrýnt með rökum, verður nú væntanlega leiðrétt og sú brtt. samþ., sem ég hef lagt fram. Þá verður þessu fyrir komið á sama hátt og í gildandi lögum.

Ekki er að heyra á hv. 1. þm. Reykv., að hann gleðjist mjög mikið yfir því, að þessi mikla barátta hans hefur borið þennan árangur, að það hefur verið tekið til greina það eina af því, sem hann hélt fram, sem nokkur vitglóra var í. Ekki var að minnsta kosti svo að heyra á því, sem hann sagði hér áðan.

Hann segir, — og það var aðalatriðið í ræðu

hans áðan og það, sem ég vildi leyfa mér að benda hv. þingmönnum á, — hann segir, að í þessu frv. felist valdníðsla. Og hv. þm. belgdi sig út, þegar hann sagði: valdníðsla, og önnur álíka smekkleg orð hafði hann um þetta frv. Og atriðið, sem hann færir til, hvað er það? Það er, að það sé ekki leyfilegt að sitja inni í kjörstofunum og skrifa niður nöfn þeirra, sem kjósa. Þetta kallar hv. þm. óeðlilega valdbeitingu og valdníðslu, að þetta skuli vera bannað. Þetta er allt og sumt, sem hann hefur til þess að benda á, og þær hömlur, sem hann vildi nefna í sambandi við þessi ummæli.

Hv. þm. gerir sig blátt áfram að skrípi með þessum málflutningi.

Síðan setti hv. þm. á langa ræðu og var að fjargviðrast um, hvílíkt óskaplegt misrétti hér væri á ferðinni, það væri hægt að fylgjast með og það væri hægt að greiða fyrir mönnum að notfæra sér kosningarrétt sinn og hvetja þá til þess úti um land, en það væri ómögulegt í Reykjavík, vegna þess að Reykvíkingar væru svo margir.

Auðvitað er þetta ekkert annað en slúður. Auðvitað vitum við, að Sjálfstfl. t. d. hefur yfir mörg hundruð trúnaðarmönnum að ráða, sem hann getur látið minna Reykvíkinga á að kjósa, þó að þeir sitji ekki inni í kjörstofunum til þess að skrifa það niður, hverjir kjósa, hverjir hafa mætt til þess að kjósa. Þetta veit hv. þm. auðvitað ofboð vel. Það er ekkert meiri vandi að koma á framfæri hvatningu til manna í þéttbýli um að kjósa og áminna þá um að kjósa heldur en í strjálbýli. Það vottar ekki fyrir rökum í öðru eins og þessu, enda vitum við, að í fjölbýli eins og í Reykjavík er bæjunum skipt niður á vegum flokks eins og Sjálfstfl. í mörg hundruð hverfi og mörg hundruð trúnaðarmenn, sem eiga að hvetja menn til þess að neyta kosningarréttar síns. Það eru engar hömlur á þetta lagðar, eins og löggjöfin verður eftir þessa breytingu. Það eitt er bannað, að menn sitji inni í sjálfum kjörstofunum til þess að skrifa þar niður, hverjir hafa orðið við þessari hvatningu. Það er þetta, sem þessi hv. þm. leyfir sér að kalla valdníðslu og annað þar fram eftir götunum. Það er það eina.

En hvers vegna eru yfirmenn Sjálfstfl. svona ofsalega reiðir út af þessu? Það er vegna þess, að þeir vilja eiga þátt í því að reyna að neyða þá menn til þess að fara á kjörfund, sem ekki vilja fara þangað eða kæra sig um að fara þangað. Þeir geta komið hvatningu um það, að menn fari, til hvers einasta manns, ekkert síður í fjölbýli en í strjálbýli. En það mætti kannske segja, að það yrði erfiðara að vera alveg viss um, hvort allir hafi orðið við þeirri hvatningu.

En eins og ég sagði hér um daginn: Hvað ætli það geri til, þó að flokksvél sjálfstæðismanna í Reykjavík og annars staðar eða flokksvélar yfirleitt væru ekki alveg vissar um það, hvort menn hefðu farið eftir þeirri hvatningu eða ekki? Hvern mundi það skemma, þó að það væri ekki hægt að vera alveg viss um það?

Nei, vitanlegt er, að sjálfstæðismenn ætluðu sér að fá almenning til þess að snúast gegn þessu frv. Þeir höfðu svo mikið við, þetta var svo hátíðlegt, svo stórkostlegt, sem var að gerast, að þeir boðuðu til alveg sérstaks fundar í Reykjavík. Það mátti ekki minna vera en það, að öll þrjú sjálfstæðisfélögin í Reykjavík stóðu að þessum mikla fundi, og hann átti að vera til þess að koma af stað andúðaröldu í Reykjavík og um allt land gegn þessu ofboðslega frv.

En hvað kom í ljós? Það kom bara í ljós, að almenningur er yfirleitt alveg með þessu frv., og það eru ekki nema nokkrir æsingamenn í Sjálfstfl., sem raunverulega beita sér á móti því. Þegar leita átti til almennings, var hann allt annarrar skoðunar en þessir æsingamenn í forustuliði Sjálfstfl. og áleit, að ákvæði frv. væru alveg eðlileg. Og það er þess vegna, sem sjálfstæðismenn hér á Alþ. eru síðan eins og belgir, sem hefur verið stungið á. Það er úr þeim allur þróttur til andmæla gegn þessu frv., þó að hv. 1. þm. Reykv. væri áðan að reyna að belgja sig hér upp út af því, að með þessu væri verið að framkvæma valdníðslu og annað þess konar. Það var auðheyrt á því, hvernig hv. þm. flutti þetta, að hann meinti ekkert af þessu. Þetta var það, sem kallað er innantóm orð, enda má náttúrlega fyrr vera, fyrr rota en dauðrota, að kalla það valdníðslu að banna það eitt, að menn sitji inni í kjördeildunum til þess að skrifa niður, hverjir mæta til þess að kjósa.

Og allt tal hv. 1. þm. Reykv. um misrétti í þessu fellur um sjálft sig, vegna þess að það er alveg jafnauðvelt, raunar miklu auðveldara fyrir menn í þéttbýlinu að koma hvatningu áleiðis til allra um það að neyta kosningarréttar síns, — jafnvel er miklu léttara fyrir fulltrúa flokkanna að hafa persónulegt samband við alla, sem þeir telja til nokkurs skapaðs hlutar að ræða við á kosningadaginn, í þéttbýlinu en í dreifbýlinu, — miklu léttara.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það má segja um hæstv. fjmrh., að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Ég hef ekki nýlega séð hann jafnheitan og hann var núna, þegar hann talaði um orðið valdbeitingu, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) hafði um það frv., sem hér liggur fyrir.

Hann segir: Er það valdníðsla að leyfa mönnum ekki að standa inni í kjörklefanum hjá kjósendunum og sjá, hvernig þeir kjósa? En ég vil spyrja: Hvers vegna má enginn vita um það, hverjir hafi kosið Hvað er það, sem er verið að reyna að dylja, sem enginn má vita? **(Gripið fram í:** Hverjum kemur það við?) Hverjum kemur það við? Ja, þá má segja það. En ég vil þá spyrja hv. stjórnarmenn, hvernig þeir ætli sér að koma þessu í framkvæmd. Í 4. gr. segir, að það sé nýmæli, að það sé nýmæli í lögum, að haldið sé hlífiskildi yfir einkamáli kjósandans, og það sé jafnmikið einkamál hans, hvort hann kýs, eins og hvernig hann kýs. En hvernig á að fara að því að koma í veg fyrir það, að nokkur fái að vita, hverjir koma á kjörstað? Hvernig á þá að framkvæma kosninguna? Ef kjósandi sést ganga inn á kjörstað, gerir hann það varla nema í einu augnamiði, sem sé að kjósa? Mundi ekki sá, sem stendur þar og horfir á hann fara inn, vita, að þessi maður er að fara inn að kjósa? Og þegar hann kemur út, þá hefur hann kosið.

Ég sé ekki, að 4. gr. komi í veg fyrir þetta, því að enn þá er ekki saklausum mönnum bannað að standa nálægt kjörstaðnum eða horfa á þá, sem inn fara.

En úr því að hæstv. fjmrh. er nú að leggja síðustu hönd á þær breytingar á þessu frv., sem hann á nú að öllum líkindum mestan þáttinn í, mundi ég geta kennt honum ráð til þess að koma einni tilhlýðilegri breytingu í sambandi við 4. gr. Ef menn mega ekki sjá, hverjir fara á kjörstað, þá er varla hægt að hindra það nema með því að fyrirskipa, að allir séu grímuklæddir, sem koma á kjörstaðinn. Það er alveg sýnilegt, að þess þarf með, ef þeir eiga ekki að þekkjast. Annars getur hver maður séð, hverjir það eru, sem hafa kosið, og hvar er þá leyndin? Ég sé ekki, að kjósandinn geti að öðrum kosti notið þeirrar leyndar, sem 4. gr. ætlast til og allt þetta frv. virðist byggjast á, þó að hv. stjórnarflokkar hafi ekki enn þá viljað viðurkenna það, sem hv. 1. þm. Reykv. bar fram hér í sinni ræðu áðan, að meginþungi þessa frv. er það, hvort á að koma í veg fyrir, að hægt sé að greiða fyrir kosningunni. Það er verið að koma í veg fyrir það með því, að enginn megi vita, hverjir hafi kosið og hverjir hafi ekki kosið.

Það hefur verið mikið rætt um þetta frv. innan þings og utan og ekki síst utan þings, því að segja má, að allur almenningur furði sig á þeirri valdníðslu, sem hér kemur fram, — valdníðslu, sem notuð er í pólitískum tilgangi. Stjórnarflokkarnir hafa undanfarið verið að leita að hálmstrái til þess að fljóta á í kosningunum. Á milli þeirra hafa farið miklar bréfaskriftir til þess að fá úr því skorið, hvort þeir geti staðið allir saman gegn Sjálfstfl., vegna þess að þá mundu þeir hafa einhverja litla von til þess að geta gengið með sigur af hólmi. Þetta gekk ekki. En þeir hafa getað sameinazt um þetta frv., um það að synja mönnum um vitneskju, hverjir hafa kosið, til þess að ekki sé hægt að greiða fyrir kosningu þeirra, sem eftir eiga að kjósa, m. ö. o., eins og hæstv. fjmrh. hefur látið sér um munn fara, að greiða ekki fyrir því, að kosningaapparat Sjálfstfl. geti unnið á kjördegi. Þar liggur hundurinn grafinn. **(Fjmrh.:** Ég hef aldrei sagt þetta, þetta er ósatt hjá þm. Það er gallinn á því.)

Eins og margoft hefur verið tekið fram, er þetta frv. eitthvert mesta flaustursverk, sem lagt hefur verið fyrir þingið. Flutningsmenn þess hafa orðið að viðurkenna ýmis atriði, sem sjálfstæðismenn hafa bent á, þeir hafa orðið að viðurkenna, að þessum atriðum þurfi að breyta. En hitt er svo dálítið einkennilegt, hvers vegna þurfti að flaustra þessu frv. svona mikið. Hvers vegna þurfti að flýta sér svo mikið að semja þetta frv., úr því að n. hafði þegar verið sett til þess að endurskoða kosningalögin? Hvers vegna þurfti að flýta sér svo mikið, að frv. gæti ekki verið frambærilegt, þegar það var lagt fram í þinginu, sem það var ekki? Það var ekki frambærilegt. Þetta hafa greindari menn flokkanna séð, og þess vegna hafa þeir orðið að breyta því. En hvers vegna er verið að flýta þessu? Það er til þess, að hægt sé að samþykkja frv., áður en bæjarstjórnarkosningarnar fara fram, eða réttara sagt áður en þingið fer heim nú, vegna þess að það kemur ekki saman fyrr en eftir kosningarnar.

Frv. hefur verið breytt, að vísu ekki í mjög veigamiklum atriðum, en því hefur verið breytt í atriðum, sem voru næsta hlægileg í byrjun, þegar frv. var sett fram, eins og það, að nú er numið burt bannið um að skrifa hjá sér, hverjir kjósi. Þeir hefðu mátt kannske taka með sér stálband og taka nöfnin á það. Enn fremur það, eins og margoft hefur verið tekið fram, að menn máttu ekki taka með sér á kjörfund kjörskrá eða nokkra aðra skrá, eins og 1. þm. Reykv. sagði áðan, að þeir mættu ekki einu sinni í sakleysi taka með sér hurðarskrá í vasann. Í 5. gr. stendur, að ekki megi hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á sjálfum kjörstaðnum. Þarna er ákvæði, sem er bókstaflega óframkvæmanlegt, enda sáu menn það strax og farið var að athuga þetta, því að þá hefði t. d. ekki nokkur bifreið mátt koma nálægt kjörstaðnum eða keyra um nærliggjandi götur, ef hún hefði nokkur einkenni. Það varð að taka af þeim númer og nafn, kannske ýmislegt fleira. Nú, að ég tali ekki um 8. gr., sem var kippt fljótt út, um það, ef maður safnar saman upplýsingum eða gefur öðrum mönnum upplýsingar um, hver hefur kosið. Þetta hefur verið tekið út úr frv., eins og í raun og veru við var að búast.

En hvernig er þá frv., þegar það kemur frá Ed.? Í staðinn fyrir, að sagt er í frv. óbreyttu, að ekki megi taka kjörskrá eða nokkra aðra skrá, þá stendur, að ekki megi hafa meðferðis á kjörfund kjörskrá eða aðra slíka skrá. Hvað er „önnur slík“ skrá? Er það t. d. símaskrá, þar sem nöfn eru á fjölda borgara, og svo gæti kannske einhver notað símaskrána til þess að krossa við þá borgara, sem í skránni eru og kjósa?

Enn fremur stendur svo í 4. gr., að kjörstjórn skuli hafa eftirlit með, að ákvæði þessu sé fullnægt og að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en fylgjast með, að kosning fari fram lögum samkvæmt. Ja, hvað þýðir það, að menn megi ekki hafast annað að á kjörfundi en sjá um, að kosningin fari fram samkvæmt lögum? Mega menn t. d. taka í nefið á kjörfundi? Er það ekki brot á lögunum? Þá hafast þeir eitthvað annað að en aðeins það að sjá um, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

Svo kemur þessi margumtalaða 6. gr., sem hæstv. fjmrh. hefur nú komið með breytingu á, enda séð sitt óvænna að líkindum. En ég verð að segja það, að þrátt fyrir þessa breytingu ráðh. er greinin næsta óljós. Ég vil nú spyrja: Hvað nær þetta ákvæði langt, ef þessu verður nú breytt eins og ráðh. vill, að ekki megi fara fram það, sem tiltekið er í gr., í næsta nágrenni, í staðinn fyrir að það megi ekki fara fram í aðliggjandi götum? Mega þeir t. d., sem leiðbeina kjósendum, en það er nú talið nauðsynlegt að hafa menn sem leiðbeina kjósendum við kjörstað, hafa nokkurt einkenni? Ef svo er ekki, hvernig eiga kjósendur þá að vita, hverjir eru til að leiðbeina þeim? Ég verð að segja það, að

í hvert skipti sem ég hef komið á kjörstað, er þar fjöldi fólks, sérstaklega eldra fólk, sem hefur þurft á miklum leiðbeiningum að halda, einmitt inni í kjörstöðunum hér í Reykjavík, þar sem um margar kjördeildir er að ræða. Samkvæmt þessum lögum mega ekki leiðbeinendur á kjörstað hafa nein merki, sem geta gefið til kynna, að þeir leiðbeini kjósendum. Það er kannske hættulegt, að svo sé, því að bæði komast þeir að því, hverjir eru að kjósa, og það má ekki, og svo kannske hyggja hv. stjórnarflokkar, að með því mundu vera höfð of mikil áhrif á kjósandann.

Þá kem ég að því, sem hefur verið mjög umdeilt og svo virðist sem till. hæstv. ráðh. byggist á, en það er, hvort þetta ákvæði laganna nær til næsta nágrennis, til kosningaskrifstofa stjórnarflokkanna, Framsfl., Alþfl. og kommúnistafl.? Framsfl. fær vafalaust í mjög náinni framtíð skrifstofu mjög nálægt aðalkjörstaðnum í Reykjavík. Kommúnistaflokkurinn hefur sína aðalbækistöð hinum megin við Tjörnina. Það hlýtur að teljast til næsta nágrennis. Alþfl. er við hliðina á kjörstaðnum, í Iðnó. Ég held, að það væri mjög heppilegt fyrir framtíðina, ef einhvern tíma yrðu deilur um þetta mál, að það kæmi greinilega fram í umr., hvort hv. flm. telja, að þessir staðir komi undir það ákvæði laganna að vera í næsta nágrenni við kjörstaðinn. Ef það dæmist svo, þá þýddi þetta, að þeir yrðu að flytja sig burt úr sínum venjulegu stöðum, sem þeir nota við kosningar.

Það er náttúrlega öllum bannað að hafa nokkur einkenni á kosningadaginn í þessu „næsta nágrenni" kjörstaðarins. En hvað mundi nú verða sagt, ef einhver væri með íslenzkan fána í hnappagatinu? Yrði hann sektaður fyrir brot á helgi kjörstaðarins? Eða mundi verða álitið, að hann væri að smeygja inn merki einhvers flokks, því að það hefur tíðkazt hér á kosningadaginn, að sumir flokkar hafa notað íslenzka fánann á bifreiðum sínum? Ég held, að fleiri en einn flokkur hafi notað slaufu úr fánalitunum, sem þeir menn hafa borið, er hafa verið að vinna fyrir flokkinn.

Þó finnst mér nú, að 6. gr. kóróni þetta að verulegu leyti. Það kann vel að vera, að ekki sé ætlazt til þess, að framkvæmdin verði eins og tekið er fram í lögunum. En ekki verður annað skilið en að kjósandinn verði að þola mjög nákvæma yfirheyrslu, hvers vegna hann sé að fara úr bænum, í hvaða erindum hann sé að fara og hvar hann verði á þeirri stundu, sem kosning fer fram. Ég sé ekki, að nokkur nauðsyn sé að hafa slíkar aðferðir við utankjörstaðarkosningu eða gera kjósendum hana erfiða á nokkurn hátt. Það hefur ekki sýnt sig undanfarin ár, svo að ég viti til, að misnotað hafi verið að nokkru leyti það frelsi, sem menn hafa haft við utankjörstaðarkosningu.

Þessi ákvæði laganna eru þess vegna öll þýðingarlaus. Þessi ákvæði hafa ekkert að segja. En þeim er hrúgað upp til þess að fela eina ástæðu, þeim er hrúgað upp til þess, að það komi ekki berlega í ljós, hvaða ástæða felst á bak við frv. En hún er sú, eins og margoft er búið að taka fram, að synja um upplýsingarnar um það, hverjir hafi kosið. En þetta er gert í einu augnamiði og einu aðeins. Það er til þess, að Sjálfstfl., sem er stærsti flokkurinn í Reykjavík og hefur bezt skipulagða starfsemi, geti ekki greitt fyrir því að koma kjósendum á kjörstað. Það er þungamiðja frv. Enginn má vita, hver hefur kosið, til þess að ekki sé hægt að senda eftir þeim, sem eftir eiga að kjósa, eða greiða fyrir þeim á einhvern hátt. Með þessu ætla stjórnarflokkarnir — og þeir hafa alls ekki farið dult með það — að brjóta niður þá skipulagningu, sem Sjálfstfl. hefur í Reykjavík.

Orðið „friður" er mikið misnotað nú á tímum. Stjórnarflokkarnir segjast gera þetta til þess að friða kjördaginn. Ég geri ekki ráð fyrir því, að allur almenningur taki slíka yfirlýsingu alvarlega. Þegar þeir tala um þetta mál hér á þinginu, ljómar andlit þeirra af helgisvip yfir þeirri friðarviðleitni, sem þeir þykjast sýna. En þegar þeir skrifa, eru pennar þeirra fullir af hræsni, því að hræsni er þetta og ekkert annað, að verið sé að friða kjördaginn með þessum ráðstöfunum. Ég mundi frekar segja, að verið sé að gera kjördaginn friðlausan með þessum ráðstöfunum.

Einn mætur framsóknarþingmaður í Ed. vildi sanna þessa friðarsókn með sögu, er hann sagði af atviki, sem kom fyrir í kosningum hér í Reykjavík og hann var sjálfur sjónarvottur að. Hann sagðist hafa verið í húsi, þar sem ein kona var, er ekki hafði kosið. Og meðan hann stendur við, koma menn frá þrem flokkum til þess að reyna að fá konuna til að kjósa. Hún stóðst nú að vísu áhlaupið, en hann segir: Þarna sjáið þið, hvort ekki er nauðsyn að friða kjördaginn. — Ég vil spyrja: Verður þetta hindrað með þessum lögum, þessu frv., sem hér liggur fyrir? Nei, það verður ekki hindrað. Þessi lög reka flokkana inn á heimilin. Þau reka flokkana til þess að afla sér upplýsinga um það, hvort menn hafa kosið. Eina leiðin, sem þeir hafa, úr því að búið er að nema burt heimildina um að mega fylgjast með, hverjir hafa kosið, er að fara á heimilin og afla sér upplýsinga um, hverjir eigi eftir að kjósa. Halda menn, að þetta verði minna ónæði en hitt, að sent sé eftir fólki, sem hefur ekki kosið, heldur en þurfa að afla upplýsinga hjá hverjum kjósanda, hvort hann hafi kosið eða ekki?

Hvar er þá friðun kjördagsins, sem ætlazt er til að náð verði með þessu frv., ef ákvæðin verða þess valdandi, að slíkir starfshættir verði upp teknir?

Ef eðlilegt hefði verið að breyta kosningalögunum og svo mikil þörf eins og flokkarnir vilja nú vera láta, þá væri fyrir löngu búið að breyta lögunum. En hvað liggur svo á, að það sé gert einmitt nú? Er slík vá fyrir dyrum nú í kosningum, sem aldrei hefur verið fyrr? Eða eru það kosningarnar í Reykjavík í janúarmánuði, sem frv. er ætlað að hafa áhrif á?

Hv. 1. þm. Reykv. og ég höfum komið fram með rökstudda dagskrá í minnihlutaáliti okkar. Þar leggjum við til, að frv. verði ekki afgreitt, fyrr en mþn. fái tækifæri til að fjalla um það og segja sitt álit á því. En af þeim umræðum, sem hér hafa nú farið fram, virðist mega ráða

það, að hv. stjórnarflokkum er ekkert vel við það að láta málið fara til n., því að ef þeir hefðu trúað því, að n. hefði afgr. málið á þann hátt, sem það liggur nú fyrir, þá hefðu þeir ekki hikað við að senda henni það til þess að hafa n. á bak við sig. En þeir gerðu það ekki, vegna þess að þeir voru hræddir um, að heiðarlegir menn gætu ekki fallizt á frv. eins og þetta.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Fram er komin í þessum umr. skrifleg brtt. frá hæstv. fjmrh. við 6. gr. frv. Við nm. í meiri hl. allshn., sem stöndum að nál. á þskj. 170, höfum ekki átt þess kost að ræða saman um þessa brtt. í dag, síðan hún kom fram, og get ég því ekkert um hana sagt af hálfu þessa nefndarhluta. Þó vil ég segja það sem mína skoðun og með tilliti til þeirra viðræðna, sem fram fóru í gær meðal nm., að ég geri ráð fyrir, að meiri hl. n. muni ekki hafa neitt á móti því, að þessi brtt. verði samþykkt, og tel ég reyndar, að þar sem dregið hefur verið í efa, að hið nýja orðalag, sem í frvgr. felst, sé til bóta frá því, sem áður stóð í lögum, þá sé eins rétt í þessu tilfelli að hafa það orðalag, sem áður var.

En það, sem í þessari brtt. felst, er það, eins og hæstv. ráðh. mun hafa gert grein fyrir, að tekið er upp aftur hið eldra orðalag, þ. e. a. s. orðalag laganna um, að það, sem bannað er í gr., skuli vera bannað í næsta nágrenni. Það er orðalag laganna. Í frv. var þetta orðað á þá lund, að bannið skyldi ná til næstu húsa og aðliggjandi gatna, og hefur þá tilgangurinn vafalaust verið sá að gera orðalagið skýrara en í lögunum var. Það kann hins vegar að orka nokkurs tvímælis, að það sé nokkuð skýrara á þennan hátt, og að sjálfsögðu hafa menn þegar fyrir löngu gert sér grein fyrir því, hvað þetta orðalag, sem búið er að standa lengi í lögunum, „næsta nágrenni“, eigi að þýða. Get ég því a. m. k. fyrir mitt leyti vel á það fallizt, að þetta orðalag standi áfram. En varðandi fyrirspurnir, sem einstakir hv. þm. hafa verið með nú í umr. í sambandi við þetta orðalag, er því vitanlega til að svara, að það mun þýða hið sama í hinum nýju l., ef samþ. verða, eins og það hefur þýtt í kosningalögum þeim, sem í gildi hafa verið.

Nú hefur verið útbýtt á fundinum nál. hv. minni hl. allshn. Hv. 1. þm. Reykv. (BBen), frsm. minni hl., hefur hér á fundinum gert nokkra grein fyrir þessu minnihlutaáliti eða það mun hafa verið ætlun hans að gera grein fyrir því. Það var sumt í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem ég kunni ekki alls kostar vel við, eins og þegar hann sagði, að við meirihlutamenn hefðum í nál. okkar gengið fram hjá því að minnast nokkuð sérstaklega á 3. gr. frv., um hana væri ekkert sérstaklega rætt í nál., og talaði hann eitthvað á þá leið, að þetta mundi vera af því, að við hefðum skammazt okkar fyrir að minnast á þetta atriði í nál. Þetta er nú kannske viðleitni af hálfu hv. þm. til þess að vera þinglegur í orði, og hann um það. En nál. okkar er mjög stutt, og þar af leiðandi var þar ekki farið nákvæmlega í einstakar greinar frv. En ég vil benda á það, sem hv. þm. var kunnugt eins og öðrum hv. þm., að ég flutti hér í deildinni í gær af hálfu meiri hl. nokkuð ýtarlega framsöguræðu, þar sem ég lýsti öllum gr. frv. og þar á meðal þessum, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, og gerði mér far um að gera það eftir því, sem kostur var á í ekki lengri ræðu. Ég fæ því ekki annað séð en þessi ummæli hv. þm. um það, að við höfum gengið fram hjá því að ræða sérstaklega um þessa gr., séu algerlega tilefnislaus.

Annars er það svo, og það er einkennilegt í þessum umr., að það er eitt aðalumræðuefni þeirra hv. þm., sem hafa mælt gegn þessu frv., og það, sem þeir telja óskaplegast í þessu máli, ef svo mætti segja, að lagt skuli hafa verið fram stjórnarfrv., sem hafi þurft að breyta í þinginu. Bæði hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv. hafa gerzt mjög fjölorðir um það, um þá óhæfu, sem þeir virðast telja, að breytt hafi verið atriðum í frv. Þetta virðist þeim finnast furðulegt, enda byrjar álit minni hl. á því, að frv. beri að með furðulegum hætti.

Nú getur það vel verið, að þess séu dæmi, og eru vafalaust, að lögð séu fram stjórnarfrv., sem þingið breytir ekki, sem samþ. eru orðrétt eins og þau koma frá ríkisstj. Það kann að vera, að þetta hafi átt sér stað um frv., sem eru mjög sérfræðilegs efnis. En hitt hygg ég að sé þó miklu algengara og hafi komið fyrir meira að segja um frv., sem hv. 1. þm. Reykv. átti þátt í að flytja sem ráðherra, að þeim hafi verið breytt í þinginu. Þetta er því sannarlega engin nýlunda, að breytt sé frv., jafnvel þótt um stjórnarfrv. sé að ræða.

Í hv. Ed. virðist frv. hafa fengið allýtarlega athugun í n., og þar voru gerðar á því nokkrar breytingar, og nú er fram komin í þessari hv. deild sú brtt., sem ég nefndi hér áðan.

Það er annars einkennilegt, hvernig tekið er undir þetta mál í hv. Alþ. eða hér í hv. deild. Ég get lítið sagt um umr. í hv. Ed., því að ég heyrði lítið af þeim. En ég fæ ekki séð annað en þessi frumvarpsákvæði, sem hér liggja fyrir, hvort sem þau eru til bóta eða ekki, snerti alla stjórnmálaflokka jafnt. Kjördagurinn á að enda kl. 11 fyrir alla kjósendur, í hvaða flokki sem þeir eru. Það eru lagðar hömlur, ef svo mætti segja, á fulltrúana í kjörfundarstofunum, frá hvaða flokki sem þeir eru, og yfirleitt taka þessi ákvæði að sjálfsögðu til allra flokka, og það er líka eins og það á að vera. En nú ber svo einkennilega við, að það er einn flokkur hér í þingi, sem rís upp gegn þessu frv., hv. Sjálfstfl., og talsmenn hans halda því fram, að þessum ákvæðum sé sérstaklega beint gegn Sjálfstfl.

Ég get nú varla hlustað á rök eins og þau, sem fram koma hér í deildinni í dag, að þetta komi þyngst niður á Sjálfstfl., af því að hann sé stærsti flokkurinn hér í Reykjavík. Vitanlega eru það ekki rök í málinu. Þetta er mér sem sagt varla skiljanlegt, hvers konar órói hefur hlaupið í fulltrúa þessa sérstaka flokks út af þessu máli. Ég get ekki annað séð en þetta komi nokkuð jafnt við alla eða á sama hátt við alla.

Eins er það vitanlega misskilningur, sem fram kom hér við 2. umr. í gær og aftur í dag, að þessi ákvæði snerti eingöngu þéttbýlið og helzt eingöngu Reykjavík, en þau snerti ekki dreif-

býlið. Ég held, að það hafi verið sérstaklega nefnd ákvæðin um, hvenær slita skuli kjörfundi. Þetta er vitanlega misskilningur og kannske ekki óeðlilegt, þó að hann komi fram hjá hv. 1. þm. Reykv., sem er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og hefur ekki sérlega mikinn kunnugleika í dreifbýlinu, eða a. m. k. minni kunnugleika en ýmsir aðrir. En mig furðar meira á því hjá hv. þm. A-Húnv., sem á að vera kunnugur ástæðum í dreifbýlinu, og ég undraðist það nokkuð og mér fannst það allt að því broslegt, þegar hv. þm. A-Húnv. var að tala um það hér við 2. umr., hvað það gæti orðið erfitt fyrir Reykvíkinga að sækja kjörstað, ef það kæmi nú stórhríð, það yrði svo voðalega erfitt fyrir Reykvíkinga þá að komast á kjörstað. Það getur nú verið, að það sé erfitt fyrir Reykvíkinga að komast á kjörstað í stórhríð. En ég hefði nú haldið, að það væri t. d. erfiðara fyrir Húnvetninga og ýmsa aðra að komast á kjörstað í stórhríð heldur en Reykvíkinga.

En vitanlega geta þessi ákvæði á ýmsan hátt snert dreifbýlið. Ef kjörfundurinn er of stuttur, þá er það ekki síður, gæti maður ætlað, óþægilegt fyrir dreifbýlið, þar sem vegalengdir eru miklu lengri en í bæjunum og þar sem sums staðar kannske stendur svo á, að fólk verður að skiptast á um að fara á kjörstað, þar sem ekki komast allir að heiman í einu. Mætti ætla, að á þeim stöðum væri kannske erfiðara að framfylgja þessum ákvæðum, sem hér eru sett, t. d. um lengd kjördagsins. En ég kviði því samt ekkert. Ég held, að menn muni komast af í dreifbýlinu og geta sótt sinn kjörfund á fjórtán klukkustundum eða þótt minna sé, ef á annað borð er fært veður.

Hitt vita menn líka, að það kemur oft fyrir og er gert ráð fyrir, að atkvæði séu greidd utan kjörstaðar fyrir kjördag og oft í fjarlægð. Þessi atkv. geta verið lengi á leiðinni, og það kemur vitanlega alveg eins fyrir í dreifbýlinu, að atkvæði, sem greidd eru utan kjörstaðar, komi of seint, eins og í þéttbýlinu, og ef kjörfundurinn er styttur, þá hefur það að sjálfsögðu að þessu leyti alveg eins áhrif þar.

Ég held nú helzt, að andstaða hv. sjálfstæðismanna gegn þessu frv. hljóti að stafa af einhvers konar misskilningi. Þegar frv. kom fram, var það auðsætt á þeirra aðalmálgagni hér í Reykjavík, að einhver órói hafði gripið menn í flokknum meira en lítill. Einn morguninn man ég eftir því, að það stóð í Morgunblaðinu, sem hv. 1. þm. Reykv. er nú ritstjóri að, eitthvað á þá leið, að það væri verið að eyðileggja Reykjavík með þessu máli. Nú, þegar búið er að segja svona mikið í aðalblaði flokksins, þó að það hafi kannske verið gert í ógáti eða augnabliksæsingi, er náttúrlega við því að búast, að menn vilji halda þessu máli eitthvað áfram, og það hafa hv. þm. Sjálfstfl. verið að reyna að gera hér.

En það var alveg sérstaklega áberandi um hv. þm. A-Húnv., sem talaði hér í gærkvöld og talaði nú af talsverðum móði, að hann hafði í rauninni ákaflega lítið út á þetta frv. að setja. Hann kom hér í ræðustólinn þannig, að honum var sýnilega mikið niðri fyrir, en svo að segja allt hans mál var um allt aðra hluti. Hann var að ræða um frv., sem flutt hefði verið hér í Alþ. fyrir fjórum árum af, ef ég man rétt, hæstv. menntmrh. og hæstv. félmrh. um breytingar á kosningalögum, sem ekki snerta neitt þetta mál, sem hér er um að ræða, og svo eyddi hann alllöngum tíma í að ræða um kosningabandalög í síðustu kosningum. En þegar kom að því að ræða þetta frv., virtist mér hv. þm. hafa ákaflega lítið út á það að setja í raun og veru.

Og sama er nú í rauninni um hv. 1. þm. Reykv., sem er frsm. minni hl., að efnislega finnst mér hann ekki hafa sérlega mikið út á frv. að setja. Að minnsta kosti hefur ekkert orðið úr því fyrir honum að sýna fram á, að hér geti verið um sérlega varhugavert mál að ræða.

En það er svona, að þegar búið er að láta mjög mikið ummælt í upphafi, þá þykjast menn ekki geta dregið strax í land, og af því munu þessi ræðuhöld stafa af hálfu hv. sjálfstæðismanna. Það er líka eftirtektarvert og sýnir eiginlega, að þeir eru í nokkrum vandræðum í þessu máli, að það breytist nokkuð frá degi til dags, sýnist mér, hvað það er, sem þeir telja hættulegast við frv. (Gripið fram í.) Frv. hefur ekki breytzt neitt síðustu dagana, síðan það kom frá Ed. Nú er að vísu fram komin brtt., sem skiptir mjög litlu máli, og ekki búið að samþykkja hana enn þá. En hv. þm. Sjálfstfl. hafa ekki sérstaklega deilt um þá brtt. og ég hygg, að þeir telji hana til bóta, ef eitthvað er. En það er alltaf að breytast frá degi til dags, sem hv. þm. Sjálfstfl. telja hættulegt í frv. Fyrst virtist það vera þetta, að ekki mætti kjósa á nóttunni. Það kemur greinilega fram í Morgunblaðinu, og mér fannst nú í fyrstu ræðu hv. 1. þm. Reykv. í þessu máli, að hann væri enn þess sinnis, að þetta væri einna versta ákvæðið. En svo er þetta komið þannig nú, að eiginlega er það ekki þetta, sem er verst, og þetta gerir kannske ekki svo mikið til eftir ræðum þeirra að dæma í dag, heldur er það hitt, sem er nú allra verst og er beinlínis valdníðsla, segja þessir þm., bæði hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv., að leyfa ekki umboðsmönnum flokka að skrifa upp nöfn kjósenda í kjörfundarstofu. Þetta er það, sem er einna verst núna. En þetta, hvað þeir eru hvarflandi í því, hvað það eiginlega sé, sem þeir eru svona afar órólegir út af í frv., sýnir, hvað þeir hafa hér litla haldfestu, en á móti málinu skulu þeir vera.

Það hefur ýmislegt einkennilegt komið fram í þessum umræðum, sem ástæða gæti verið til að rekja, þó að ég geri það ekki, eins og það, þegar hv. þm. A-Húnv. fór um það mörgum orðum, hvað það hlyti að vera ákaflega erfitt fyrir allt að því 40 þús. kjósendur í Reykjavík að kjósa á einum degi. Hann gat eiginlega aldrei fyllilega skilið það, hvernig þeir kæmu þessu í verk, 40 þús. manns, að kjósa á einum degi. Auðvitað er þetta erfitt, ef kjósa á aðeins í einni stofu. En menn vita, að það er ekki svo hér í höfuðstaðnum. Og hvernig ætli menn fari þá að því að kjósa og komi því af að kjósa í borgum eins og Osló og Kaupmannahöfn, sem hefur víst meira en millj. íbúa, eða jafnvel í

London eða New York? Þessar borgir, sem hafa milljónir af kjósendum, koma því einhvern veginn af að kjósa á einum degi og eru jafnvel búnar fyrr á kvöldin en við hér í Reykjavík. En þetta sýnir, að menn eru að tala um þetta mál eiginlega meira en efni standa til og reyna að setja út á frv. og tilgang þess öllu meira en efni standa til að gera.

Ég fyrir mitt leyti lít ekki á þetta frv. sem neitt stórmál. En ég tel og er því sammála, sem stendur í áliti meiri hluta allshn., að ákvæði frv. í heild séu til bóta frá því, sem nú er. Það er ég ekki í neinum vafa um, að það hefur mælzt sérlega illa fyrir, einkum hér í Reykjavík, þar sem það hefur nú aðallega tíðkazt, þetta næturgöltur fram til kl. 3 eða 4 á nóttu og að sendimenn frá flokkunum, — ég býst við, að þeir séu ekki eingöngu frá Sjálfstfl., — séu að koma inn í hús, hringja dyrabjöllum eða berja á dyr og spyrja eftir fólki, sem stundum er þá háttað og jafnvel sofnað, í þeim erindum að fá það til að kjósa. Og svo þegar nánar er athugað, þá er þetta fólk, sem farið var að sofa, e. t. v. búið að kjósa. Þetta held ég að hafi yfirleitt mælzt heldur illa fyrir meðal fólks, og ýmsir munu verða því fegnir, að þetta næturgöltur hætti hér í Reykjavík og annars staðar, þar sem það kann að hafa tíðkazt.

Einhver hv. þm. — það mun hafa verið margnefndur hv. 1. þm. Reykv., eða má vera, að það hafi verið 2. þm. Reykv. — skaut því hér fram áðan, að menn mundu verða fyrir meira ónæði eins og lögin nú yrðu. Það held ég verði nú ekki. En vera má, að skipuleggjendur kosninga hér séu búnir að hugsa út einhver ný ráð til þess að gera mönnum ónæði, og kemur það þá í ljós á sínum tíma. Mér hefur líka alltaf fundizt það heldur óviðfelldið, frá því að ég sá það fyrst, að menn frá flokkunum sætu inni í kjörstofunni hjá kjörstjórninni og skrifuðu nafn hvers manns, sem kýs, og hefðu svo í förum sendisveina, sem færu með nöfnin til kosningaskrifstofanna. En þetta hefur tíðkazt hér í Reykjavík og sennilega í öllum kaupstöðum og líklega víðar. Þar sem ég er kunnugastur, þekktist þetta ekki fyrr en eftir 1950. Þá tók einn flokkur sig til og tók upp þennan sið. Þar gerðu menn þá gaman að þessu, töluvert. En ég held, að það sé ágætt, þar sem þetta er ekki orðið algengt, að það verði ekki tekið upp og það verði lagt niður á þeim stöðum, þar sem það nú tíðkast. Og ég sé ekki, að neinum sé mein með því gert, að fyrir það sé tekið.

Yfirleitt finnst mér, að þau stóryrði, sem hv. þm. hafa verið með hér um frv., séu mjög ástæðulítil, — ég vil segja ástæðulaus, — og ég hef ekki, eins og ég áður sagði, fullkomlega getað skilið þau. Og sérstaklega á ég erfitt með að skilja það, hvers vegna þessir hv. þm. eru svona órólegir, ef það er eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði og fleiri hv. sjálfstæðismenn, held ég, að ákvæði þessa frv. mundu hafa alveg öfug áhrif við það, sem ætlazt væri til. Það er þá vonandi, ef frv. kemur til með að hafa öfug áhrif og ef því er að einhverju leyti stefnt gegn hv. Sjálfstfl., að þetta verði til góðs fyrir þann ágæta flokk, og mætti sú hugsun verða til þess, að hv. þm. Sjálfstfl. taki þessu máli með meiri ró en þeir sýnast hafa gert að þessu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í þeirri ræðu, sem ég flutti um þetta mál hér við 2. umr., vék ég nokkuð að því, að ég teldi, að það væri mikil áhætta, þegar kosningar fara fram um hávetur, eins og er um allar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar í kaupstöðum og kauptúnum, að þær eiga að fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, þ. e. snemma á þorranum, þegar allra veðra er von. Ég gat um það, að það gæti komið þar mjög óþægilega við, ef það væri allt ófært af snjó öllum bifreiðum eða það væri blindhríð eða ofsaveður. Í samræmi við þetta vil ég leyfa mér að leggja hér fram brtt. við þetta frv., sem ég verð af því, hve mikill hraði er á hafður, að leggja fram skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir. Hún er á þessa leið: „Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Aftan við 77. gr. laganna komi ný málsgrein, þannig:

Þegar kosningar fara fram að vetri til, skulu kjördagar vera tveir.“

Ég hef borið þessa till. fram í samráði við skrifstofustjóra þingsins, þannig að hún falli rétt inn í lögin, og þetta á þá bæði við um alþingiskosningar og sveitar- og bæjarstjórnarkosningar.

Nú er það kunnugt, að það var a. m. k. 1942, þegar alþingiskosningar fóru fram fyrsta vetrardag, að þá var það gert til öryggis að ákveða, að það skyldu vera tveir kjördagar, og auðvitað í þeim tilgangi, að það væri því betur tryggt, að allir kjósendur ættu kost á því að greiða atkv., enda þótt eitthvað meira eða minna væri að veðri. Nú er það vitaður hlutur, að í okkar landi er það svo, að það eru undantekningar, að það séu mjög mikil illviðri um veturnætur, þó að það geti komið fyrir, að þá séu hríðar og illviðri. Hitt er miklu algengara, að það sé meira eða minna illviðri og ófærð um miðjan veturinn.

Ég get í þessu sambandi bent á það, að þegar lýðveldiskosningarnar fóru hér fram um árið, 1944, voru kjördagar þrír. Og það var gert til þess að tryggja fólkinu möguleika til þess, að allir kysu. Eins vil ég halda því fram, að þegar kjósa á um hávetur, eins og er í lögunum, þá sé í því mikil trygging að hafa tvo kjördaga. Og ef það væri samþykkt, þá gerði minna til sú breyting, sem er í þessu frv., að ákveða, að það skuli skilyrðislaust loka kjördeildum kl. 11 að kvöldi.

Nú skal ég ekki hafa fleiri orð um þessa till., en úr því að ég er kominn hér í stólinn, þykir mér ástæða til að minnast á nokkur atriði önnur, sem hér hafa komið fram, og í sambandi við frv. í heild til viðbótar því, sem ég sagði hér í gærkvöld.

Það hefur komið fram, bæði hjá hv. þm. N-Þ. og hæstv. fjmrh., að þeir tala um, að það sé eitthvert aðalatriði í frv. að banna mönnum að vera inni í kjörklefanum. Þetta er einhver hroðalegur misskilningur, ef það er þá ekki bara mismæli hjá þessum mönnum, því að það hefur aldrei verið siður og er ekki leyfilegt, að neinir aðrir menn en kjósandinn sjálfur, sem á

að vera í einrúmi, fari inn í kjörklefann. Allt tal þessara manna um það, að það varði eitthvað, að það sé verið að banna mönnum að fara inn í kjörklefana, er þess vegna út í hött.

Hins vegar get ég sagt það, af því að ég hef fregnir víðs vegar af landinu af frekju sumra pólitískra manna, og þar standa alltaf framsóknarmenn í fremstu röð hvað það snertir, að ég hef fréttir af því, að það skeði fyrir nokkuð mörgum árum við kosningar í einu kjördæmi hér sunnanlands, að þar komu tvær ungar stúlkur, sem voru nýfluttar í kjördæmið, og ætluðu að kjósa. En kjörstjórinn, sem var framsóknarhreppstjóri, heimtaði að fara með þeim inn í kjörklefann og kjósa fyrir þær. Stúlkurnar neituðu. En það var nú ekki nóg með það, að þetta dygði, heldur þegar hann fékk þeim seðilinn, hvorri í sínu lagi, þá bendir hann á seðilinn: Hér áttu að krossa, og það var framan við Framsfl.

Þetta er nú kannske einsdæmi, sem betur fer. En það sýnir m. a., að það er þó ekki einsdæmi, að þeir, sem hlut eiga að máli, vilja gjarnan fara inn í kjörklefann. Hitt er það venjulega og sjálfsagða og hefur alltaf verið, að kjörstjórn og umboðsmenn sitja í sérstakri stofu, sem er kölluð kjörstofa, kjörstjórnarstofu, og það er það, sem um er að ræða í þessu sambandi, en alls ekki kjörklefarnir. Og það er alveg rétt, að það er aðalatriði þessa frv. að banna það, að umboðsmenn flokkanna megi nokkurn hlut fylgjast með því og allra sízt skrifa það hjá sér, hverjir hafa kosið. Þetta á að koma í veg fyrir, að það sé hægt að annast það að greiða fyrir mönnum yfirleitt, sem ekki eru búnir að kjósa, útvega þeim bíla o. s. frv. Þetta er aðalatriði frv., ef svo mætti segja, og að mínu áliti ákaflega fráleitt, því að hvað gerir það til, þó að það sé fylgzt með því, hverjir hafa kosið? Það mundi nú hafa þótt dálítið einkennilegt hér í gamla daga, ef það hefði verið álitið eitthvað syndsamlegt að fylgjast með því, hver hefði kosið, því að við, sem erum nú komnir á efri ár, vitum, að það var ekki fyrr en 1908, sem leynileg kosning var lögleidd. Allar alþingiskosningar, sem fram fóru, frá því að Alþ. var endurreist 1845 og fram til 1908, voru opinberar, þannig að kjósendur voru kallaðir upp með nafnakalli af sýslumanni í hverju kjördæmi, og þá fór það ekki einu sinni leynt, hverjir hefðu kosið, heldur vissu það allir menn, hvern hver maður kaus.

Hæstv. fjmrh. var að þenja sig yfir því hér áðan, að það væri kunnugt, að almenningur væri þessu frv. samþykkur. Hvað veit hæstv. ráðh. um það? Ég hugsa, að hann viti ekki um annan almenning en þann innsta hring í Framsfl. hér í Reykjavík. Það getur vel verið, að einhverjir hans fulltrúar úti á landinu hafi hringt til hans um það: Ja, þetta væri náttúrlega ágætt frv. o. s. frv. Annars skil ég nú ekki í, að þessi hæstv. ráðh. viti um það atriði.

Þá var hv. frsm. meiri hl., þm. N-Þ., að tala um, að það væri undarlegt, að það væru bara sjálfstæðismenn, sem væru á móti þessu hér, því að þetta gilti jafnt um alla flokka. Jú, það er alveg rétt, að þetta gildir jafnt um alla flokka, að þeir megi ekki fylgjast með því, hverjir hafa kosið. En hitt er ekkert undarlegt, að ég vék hér nokkuð að því í gærkvöld, að þetta komi óþægilegast við Sjálfstfl. hér í Reykjavík, af því að hann hefur meira einn en allir hinir flokkarnir til samans, fyrir utan það, að það er kunnugt, að æsingafólkið í pólitík er fyrst og fremst með hinum flokkunum. En það fólk, sem er rólegast og æsingaminnst, fylgir yfirleitt að meginhluta Sjálfstfl., og margt af því er þannig, að það leggur ekkert kapp á það að kjósa. Og margir hugsa á þá leið: Ja, flokkurinn minn er svo sterkur, að það gerir ekkert til, þó að ég sitji heima. — Það er þetta, sem fylgismenn þessa frv. vilja eitthvað spekúlera í, ef það gæti orðið til þess, að færri sjálfstæðismenn kysu en ella. Og það er augljóst, eins og hér hefur verið rækilega á bent af hv. 1. þm. Reykv. og raunar fleirum, að þessi ákvæði, sem hér er um að ræða, koma erfiðast fyrir, þar sem fjölmennið er mest, og það er auðvitað hér í Reykjavík.

Þá var hv. þm. N-Þ. að undrast það, að ég hefði talað í þessu sambandi aðallega um Reykvíkinga, en ekki Húnvetninga, að þetta kæmi ekkert illa við þá. En ég verð nú að segja, að það er nú dálítill munur á því. Það á að kjósa núna í vetur til hreppsnefndar á tveimur stöðum í Húnavatnssýslu, og þar eru á hvorum stað eitthvað á fjórða hundrað manns á kjörskrá, og ég hugsa, að það séu engir erfiðleikar á því í svo fámennum kauptúnum að fylgjast með því, þó að það sé bannað að skrifa hjá sér í kjörstjórnarhúsinu, hverjir hafi kosið, — þá séu engir örðugleikar á því að vita alveg um það, hverjir hafa kosið þar og hverjir ekki. Og svo er yfirleitt víðs vegar um landið. Eins og ég vék hér að í gærkvöld, þá er það, að þótt Reykjavík væri skipt í 6 kjördeildir, þá eru í hverri kjördeild miklu fleiri kjósendur en í nokkru öðru kjördæmi á Íslandi, — miklu fleiri.

Þá var hv. þm. N-Þ. að tala um það, að þetta væri undarlegt, það væri mjög örðugt fyrir Reykvíkinga að kjósa allir, þó að þeir væru nú upp undir 40 þús. manns, og hvernig væri þá samanburðurinn við stórborgirnar, þar sem væru margar millj. Ég skal nú játa það, að ég hef ekki fengið neinar skýrslur um það, hvernig það fer fram, en ég reikna með því, að það séu þar þeim mun fleiri kjördeildir, það sé kosið á geysilega mörgum stöðum, og býst við því, að það sé. Og satt að segja væri það náttúrlega hægt hér í Reykjavík að fjölga kjörstöðum miklu meira en hér hafa komið fram till. um. En það raskar ekki því, að það getur verið nauðsynleg trygging að ákveða það, þegar kosning er um hávetur, að þá séu 2 kjördagar.

Annars er það svo, að ég vil að gefnu tilefni segja frá því, hvernig hefur verið nokkuð lengi aðferðin í mínu cigin kjördæmi. Það átti sér þar stað á tímabili, að það voru flokksbílar og fólkið flutt á þeim á kjörstað, og voru af því mikil leiðindi. Það var verið að tína fólkið saman kannske og gera ráð fyrir: ja, þessi er með þessum og þessi er með hinum — og út af þessu voru hin mestu leiðindi. Þetta leiddi til þess, að ég og minn aðalandstæðingur, sem lengi hefur verið, Hannes Pálsson frá Undirfelli, við sömdum um það í kosningunum 1942, sem alltaf hef-

ur gilt síðan, að hafa á þessu alveg sameiginlegan hátt, að flokkarnir allir í sameiningu hefðu bíla í gangi og sæktu hvern mann og ekkert væri um það hirt, hvern hver væri líklegur til að kjósa, heldur flytja allt fólkið í sameiningu á kjörstaðinn, og kostnaðinum var svo deilt niður á flokkana eftir atkvæðatölu eftir á. Þetta hefur gilt alltaf síðan í okkar kjördæmi og ég held allir ánægðir með það. Og engum hefur þar dottið í hug að finna að því, þó að það sé algilt, að menn hafi að sjálfsögðu hjá sér kjörskrá eða skrifi niður hjá sér á kjörstað, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. En með þessum hætti er það þó svo, að það þarf í hverjum kosningum iðulega að senda bílana oftar en einu sinni á sömu heimilin, vegna þess að þar sem fámenni er mikið og raunar hvort sem er, geta ekki allir heimilismenn farið í einu til þess að kjósa.

Hv. þm. N-Þ. var að lýsa því hér í ræðu sinni, sem er nýlokið, að sér hefði fundizt það á ræðu minni í gærkvöld, sem hefði nú komið víðar annars staðar við, að ég hefði ekki svo mjög mikið á móti þessu frv. Það er alveg rangt. Ég álít þetta frv. gersamlega óþarft, — það sé ekki einasta gersamlega óþarft, heldur og þau atriði í því, sem einhverja þýðingu hafa, séu til ills. Það hafa ekki verið færð nein rök fyrir því, hvorki af framsögumanni, fjmrh. né öðrum, að nokkurt einasta atriði í þessu frv. væri þannig, að það væri þörf á að lögleiða það. Aðalatriðið og í raun og veru vitlausasta atriðið í þessu er það, sem ég hef hér verið að tala um, þetta, að það megi ekki fylgjast með því, hverjir hafa kosið. Það dettur engum í hug, að þar með sé nokkurn hlut verið að grúska í það, hvaða flokk þessi eða hinn hafi kosið, og jafnvel á að láta í það skína, — þó að það sé ekki beinlínis fast bannað í frv. sjálfu, þá er það í greinargerðinni, — að það eigi að banna það, að menn geti nokkurn tíma vitað, hverjir hafi kosið eða ekki. Það verður þá mjög mikið að breyta til að öðru leyti um þær aðferðir, sem hafðar eru, þegar talning fer fram. Ég veit, að þar, sem ég þekki til, er það ævinlega svo, að undirkjörstjórnir verða að senda yfirkjörstjórnum allar kjörskrár, sem merktar hafa verið við kosningarnar, og þær liggja fyrir opinberlega hjá yfirkjörstjórn, og umboðsmenn flokkanna þar eða frambjóðendur geta þar alveg auðveldlega séð og eiga að sjá, hverjir hafi kosið í hverri kjördeild og hverjir hafi ekki kosið.

Nú held ég að það sé í rauninni ekki fleira, sem ég þarf að taka fram. En ég vil hér með afhenda hæstv. forseta mína brtt. og vænti þess annaðhvort núna, áður en fundi verður slitið, eða þá þegar fundur verður settur aftur, því að það verður sennilega haldið áfram annaðhvort í dag eða á morgun með þetta mál, að þá leiti hæstv. forseti afbrigða fyrir till., sem er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 182) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það hafa nú orðið allmiklar umr. um þetta frv., enda hafa þær leitt í Ed. sérstaklega til nokkurra breytinga og ekki svo fárra á frv., og viðbótarbrtt. liggja fyrir hér í Nd.

Mér heyrðist það helzt á hæstv. fjmrh. áðan, að honum fyndist vindurinn vera mikið farinn úr sjálfstæðismönnum í þeirra ræðum nú við 3. umr. þessa máls. Sjálfur viðhafði hæstv. fjmrh. það orðbragð hér, að það væri ekki nein glóra í því, sem þm. segðu, þm. væru eins og skrípi, og það væri ekkert annað en slúður, sem þeir væru að fara með. Ef hæstv. fjmrh. heldur, að það sé eða menn áliti, að það sé eitthvað meiri vindur í þm. eða hæstv. ráðh., sem haga orðum sínum þannig, þá er ég ákaflega hræddur um, að honum séu ekki allir sammála um það atriði.

Ég held, að það hafi komið fram í umr. þm. og reyndar frá báðum hliðum, að í sjálfu sér væri ekki svo mikið stórmál um að ræða hér, þ. e. a. s. ef miðað væri eingöngu við það frv., sem um er að ræða, efni þess eitt út af fyrir sig, eins og það segir til um. Og þetta má sjálfsagt til sanns vegar færa. En ef menn ætla að gera sér grein fyrir viðhorfi þessa máls í heild, þá verður auðvitað allt annað uppi á teningnum, og menn mega þá ekki láta sér yfirsjást að hugleiða, hvað á bak við slíka löggjöf liggur, og þann aðdraganda, sem löggjöfin á.

Það er haft eftir nú, ég held, að það hafi verið hv. þm. N-Þ. (GíslG), að 1. þm. Reykv. (BBen) hafi eiginlega viðurkennt, að það væri ekkert atriði út af fyrir sig, hvort kjörfundi ætti að vera lokið kl. 11 eða 12. Það er ekkert merkilegt, þó að slíkt sjónarmið komi fram hjá hv. 1. þm. Reykv., og sérstaklega ef menn hafa það í huga, sem hvergi hefur komið fram í þessum umr., hvað hefur átt sér stað mikil kosning t. d. í Reykjavík eftir miðnætti. Þeir, sem taka sér fram um það að betrumbæta skipan þessara mála, hafa engin gögn lagt fram undir meðferð málsins um næturkosningarnar, ekki annað en sögusagnir um, að það sé óeðlilegt að heimsækja fólk að næturlagi, en eru hins vegar þess eðlis, að frv., þó að það verði samþ., dregur engan veginn úr möguleikum slíkra næturheimsókna, nema síður sé, eins og réttilega hefur verið bent á.

En í hverju felst þetta næturgölt, sem talað hefur verið um? Aðstæður eru þannig hér, að yfirkjörstjórnin hér í Reykjavík hefur alltaf gefið upp á kjördaginn, hve margir væru búnir að kjósa á tilteknum tíma dags, oft með stuttu millibili. Um þetta liggja þess vegna alveg fyrir upplýsingar frá yfirkjörstjórninni, hvað mikil kosning hefur átt sér stað á tilteknum tíma á deginum og einnig hversu mikil kosning hefur þá átt sér stað eftir kl. 11 og eftir kl. 12.

Væri nú óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj., sem tekur sér fram um að breyta slíku atriði löggjafar og heldur því fram: Það er óhæfilegt, að kjörfundur standi lengur en til kl. 11 eða í hæsta lagi til miðnættis, — að hún hefði kynnt sér og fært rök fyrir sínu máli og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að hér yrði að stemma á að ósi vegna þess, hvað væri komið langt út í ógöngur í þessu sambandi? Ég held, að það sé sáralítið brot af kjósendum Reykjavíkur, sem í undanförnum kosningum hefur

kosið eftir kl. 12. Ég hef ekkert hirt um að taka upp þessar tölur, því að það var fyrst og fremst og hlaut að vera auðvitað skylda annarra en okkar. En mér er kunnugt um það bæði fyrr og síðar af afskiptum af kosningum hérna, hversu til þess að gera lítill hluti kjósendanna greiðir atkvæði eftir þann tíma. Ef þetta hefur komið fram í umr., hefur það farið fram hjá mér, en slíkt atriði eins og þetta hlaut náttúrlega að vera eitt af því, sem ástæða var til að upplýsa, af því að það var ósköp auðvelt að upplýsa það.

En kannske að það eigi að taka upp þann hátt núna að banna yfirkjörstjórninni að gefa nokkrar yfirlýsingar um það, hve mikill hluti kjósendanna sé búinn að greiða atkvæði á tilteknum tíma. Aldrei hefur það verið talið óeðlilegt, og aldrei hefur maður heyrt neinar umkvartanir um það. Og langsamlega fæst af því, sem fram er sett í þessari löggjöf, hefur sætt nokkurri almennri eða opinberri gagnrýni og aldrei komið gagnrýni fram á því hér í þinginu áður, jafnvel þó að breytingar á kosningalöggjöf hafi verið ræddar. Og hvað kemur þá til?

Eftir að núverandi hæstv. ríkisstj. var mynduð á s. l. ári, var mikið talað um það af ýmsum stuðningsflokkum hennar, ekki síst hér í Reykjavík, og þeim, sem viðriðnir voru stjórn bæjarmálefna, að nú skyldi Gutti fá að setja ofan í bæjarstjórnarkosningunum næstu, þ. e. a. s. nú væri kominn tíminn og tækifærið til þess, að Sjálfstfl. hlyti ekki lengur hreinan meiri hl. í bæjarstjórn Reykjavíkur. Í fyrstu lýsti þetta sér í boðun þess, að nú skyldu allir íhaldsandstæðingar, þ. e. a. s. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., standa saman á einum lista. Og eins og kunnugt er var hafin tilraun til þess að hefja slíka allsherjarsamvinnu á milli þessara aðila. Þetta voru fyrstu viðbrögðin, sem hinir vinstri stjórnarsinnar í fyrstu vímu sinni töldu að mundu verða nægjanleg til þess að leggja Sjálfstfl. að velli í höfuðstað landsins eða hrinda meirihlutaaðstöðu hans þar. Það gerðist í senn, að samninganefndirnar, sem áttu að semja allsherjarlistann, samvinnulistann á milli vinstri sinnanna í Reykjavík, komu sér ekki saman og minni hl. í bæjarstjórn Reykjavíkur varð æ minni og brotin fleiri en áður höfðu verið. Það hefur sem sagt á þessu kjörtímabili verið að eiga sér stað sú þróun, að það er að stækka alltaf tala minnihlutaflokkanna, um leið og hver minni hluti þar af leiðandi eðlilega minnkar, og þannig hefur þetta átt sér stað, einmitt sú þróun haldið áfram, jafnvel eftir að þessi núverandi vinstri ríkisstj. var mynduð og áform voru uppi um það að reyna að hafa sameiginlegt framboð á milli íhaldsandstæðinga, eins og það hefur verið orðað.

Það næsta, sem heyrðist í þessu, þegar það var orðið augljóst, að ekkert samkomulag mundi verða um einn allsherjarlista, því að bæði væri ekkert samkomulag milli samkomulagsnefndanna, sem skipaðar höfðu verið milli flokkanna, og ekki heldur mundi það vera hjá stuðningsflokkum þessara íhaldsandstæðinga, — þá voru næstu viðbrögðin þau, að þeir skyldu þó a. m. k. nota aðstöðu sína með löggjafarvaldinu til þess að innleiða reglurnar um kosningabandalög. Það átti ekki að vera út af fyrir sig eins ýkja hættulegt að standa þó ekki nánar saman en menn gera í slíkum kosningabandalögum, eins og þau hafa verið orðuð.

En jafnvel hugmyndin um kosningabandalag milli íhaldsandstæðinganna var mörgum þeirra svo ógeðfelld, að þeir töldu, að það væri á sinn hátt einnig mjög líkleg leið til þess að styrkja aðstöðu sjálfstæðismanna við bæjarstjórnarkosningarnar og líklegri en að veikja hana.

Þegar svo öllu var lokið, voninni um að sameinast nú allir í einingu andans og bandi friðarins á einum sameiginlegum lista, og þegar hugmyndirnar um kosningabandalög voru einnig farnar út um þúfur, þá var þó a. m. k. eftir ein góð leið, sem sumir þessara flokka voru alls ekki neitt óvanir í, og það var að reyna að haga kosningalöggjöfinni og nota sitt vald til þess á Alþingi þannig, að menn stæðu ekki jafnt að vígi í baráttunni.

Nú hefur því verið haldið fram og er m. a. af hv. frsm. meiri hl. allshn. hér í Nd., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, nái til allra jafnt, til allra flokka, — og hvar stendur í þessu frv., að ákvæði þess taki ekki til allra flokka? Auðvitað er þetta rétt hjá hv. þm. N-Þ., að það stendur hvergi í frv., að það eigi að taka til ákveðins flokks öðrum fremur. En annaðhvort er hv. þm. ótrúlega óglöggskyggn á aðstæður þessara mála eða hann vill ekki viðurkenna það, að aðstaðan er svo gerólík í kosningum á Íslandi, að einmitt löggjöf eða frv. eins og hér er um að ræða er allt öðruvísi og verður allt öðruvísi í framkvæmd fyrst og fremst, eins og hefur verið margtekið fram, í dreifbýlinu heldur en í þéttbýlinu. Og frv. að lögum, sem hefur þann tilgang að girða fyrir möguleika manna, eftir því sem verða má, því að það skilst mér að sé tilgangurinn að girða fyrir möguleika stjórnmálaflokka til að fylgjast með, hverjir hafa kosið, — ákvæði slíks frv. verða og eru allt öðruvísi í framkvæmd í smáum og litlum kjördæmum, eins og víðast hvar háttar til hér á Íslandi nema í Reykjavík og stærstu kaupstöðunum og kjördæmunum.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) var t. d. að lýsa kosningafyrirkomulaginu í Austur-Húnavatnssýslu, og þar er það samkomulag á milli flokkanna, að þeir leggi í sameiginlegan herkostnað, sem hefur þann tilgang, að enginn þurfi að missa af því að kjósa, af því að hann hafi ekki aðstöðu sambærilega við aðra til þess að koma á kjörstað. M. ö. o.: það eru notaðar bifreiðar sameiginlega af flokkunum til þess að keyra alla, eftir því sem verða má, sem ekki eru hindraðir af veikindum eða fjarvistum, eða gefa þeim öllum kost á því að fara á kjörstað. Og þegar nú þannig háttar til, sjá menn þá ekki í hendi sér, hversu öruggt það er, að hægt er að vita um hvern einasta mann í slíku kjördæmi, í viðkomandi kjördeildum og kjörsvæðum, hvort hann sé búinn að kjósa eða ekki kjósa, án þess að þurfa til þess að hafa menn eða umboðsmenn lista inni á kjörstöðunum sjálfum til þess að merkja þar við kjörskrár eða aðrar skrár, sem menn kunna að hafa meðferðis?

Þetta hlýtur þeim, sem sömdu þetta frv., að

hafa verið fullkomlega ljóst, og þess vegna er það eðlilegt, að mönnum finnist, að það sé töluvert alvarlegt atriði, þegar gerð er tilraun til að setja reglur um kosningar á landinu, sem engan veginn í framkvæmdinni geta verið þær sömu í einu kjördæmi sem öðru.

Nei, það hefur verið látið í veðri vaka af ýmsum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. um þetta frv., að það væri ósköp augljóst, hvað það þýddi og hvað það meinti. Það var ekkert skafið af því í Þjóðviljanum fyrir nokkrum dögum. Þá var það beinlínis sagt berum orðum, að þetta mundi koma niður á, — ég held, að þeir hafi orðað það: kosningavél Sjálfstfl., þá væntanlega öðrum flokkum fremur. Sömu orð, nákvæmlega sömu orð að efni til, hefur hæstv. fjmrh. viðhaft hér í gærkvöld og endurtekið hér í dag, að það mundi ekki skaði skeður, þó að væri dregið úr áhrifum af kosningaapparati Sjálfstfl.

Nú segi ég: Það gerir ekkert til, þó að aðstaðan sé heft, til þess að áhrifin af kosningaapparati einhvers flokks séu ekki söm og hefur verið. En frumskilyrðið til þess að fara hér ekki út í öfgar er, að þetta eigi við alla eins, og þetta á ekki við alla eins. Og fyrst og fremst er það sök Framsfl. að hafa forgöngu um setningu slíkrar löggjafar, þegar það er vitað og hver einasti þingmaður verður að játa, að í langsamlega flestum stöðum, þar sem flokkurinn hefur mest áhrif sín úti um landið, getur hann eftir sem áður haft alla þá sömu aðstöðu og áhrif til þess að vita, hvort kjósandi er búinn að kjósa eða ekki.

Mér dettur nú ekki í hug að halda, að þessi atriði séu ekki alveg ljós jafnglöggskyggnum manni og hv. þm. N-Þ. er, þó að hann hafi eytt töluverðum tíma af ræðu sinni til þess að halda því fram, að frv. fæli ekki í sér neitt misrétti á milli flokkanna og kæmi alls staðar út eins, í dreifbýli og þéttbýli. Ég held, að það sé fullkomlega ljóst.

Hv. þm. A-Húnv., Jón á Akri, hefur flutt hér brtt. um, að það skuli vera tveir kjördagar að vetri. Ja, mig undrar ekki, að slík till. komi fram, og í raun og veru má það merkilegt heita, hversu lengi það hefur viðgengizt, að bæjarstjórnarkosningar eru á vetrardegi, svo að segja í svartasta skammdeginu hér á Íslandi, og það á sama tíma sem það hefur margsinnis endurtekið sig, að ef kosningar hafa farið fram í sveitum landsins, bara á haustdegi eða vordegi, þá hefur verið talið sjálfsagt, að það væri gert ráð fyrir því, að þarna mætti kjósa tvo og jafnvel fleiri daga.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að ef menn á annað borð hefðu haft hér áhuga og vilja fyrir því að leiðrétta nokkur atriði, sem eru veigamikil í kosningalöggjöfinni og varða framkvæmd kosningarinnar, sem þetta frv. er talið að taki einkum til, þá hefði það orðið eitt af fyrstu atriðunum að breyta til um kjördagana, þ. e. a. s. flytja kjördag í kaupstöðum og stærri þorpum af vetrardeginum og annaðhvort þá á vorið, sem ég fyrir mitt leyti teldi að væri eðlilegra, í apríl eða maí-mánuði, um þau mánaðamót, eða e. t. v. um mánaðamót ágúst og september eða eitthvað því um líkt, m. ö. o. á þeim tíma árs, þegar mestar líkur væru til þess, að hinn almenni kjósandi ætti auðveldast með að neyta kosningarréttar síns. Og þegar menn eru að tala um það, að kosning standi sums staðar annars staðar yfir skemur jafnvel heldur en hér á vetrardegi, þá er nú sannleikurinn sá, að í fyrsta lagi er það almennt svo, eins og ég sagði áðan, að kjördagurinn er hér í skammdeginu, og það er stuttur dagur, og auk þess höfum við séð það æ ofan í æ, þótt ég minnist ekki, að það hafi komið fyrir svoleiðis, að skaði væri skeður, þá kjördaga, sem kosið hefur verið undanfarið, ef við miðum bara við hér í Reykjavík, en ég hef sjálfur fylgzt með því, að á milli bæjarstjórnarkosninga hafa verið þeir dagar, og ég á þá við síðasta sunnudaginn í janúar, sem fjórða hvert ár er kosið hér til bæjarstjórnar, sem gersamlega hefði verið útilokað að framkvæma bæjarstjórnarkosningar á öðruvísi en þannig, að kosningin væri á engan hátt lýðræðisleg, heldur aðeins skrípamynd af lýðræðinu, því að það var þá alveg undir hælinn lagt á slíkum degi og í slíkum veðrum, hvað mikill eða lítill hluti kjósendanna hafði aðstöðu til þess að neyta kosningarréttar síns.

Ég undirstrika þetta nú vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ef menn eru hér að flytja mál sitt til þess að leiðrétta atriði, sem varða framkvæmd kosningalöggjafar, þá skiptir það sáralitlu máli, hvort menn mega bera merki í hnappagatinu. Hitt er aðalatriðið, að hinn almenni kjósandi geti haft sæmilega vissu fyrir því og sæmilegt öryggi um það og a. m. k. flokkarnir hafi forgöngu um að keppa að því að skapa honum öryggi til þess að geta neytt kosningarréttar síns á kjördegi.

Ég þykist alveg vita það, að fyrir hv. þm. A-Húnv. vaki það, að hann vilji heldur flytja till. sína um, að kjördagar skuli vera tveir, en flytja kjördaginn fram á vor eða til hausts, úr því að það hefur ekki verið reynt eða þreifað fyrir sér um samkomulag um það atriði áður. Og tel ég það t. d. of seint fram komið nú að breyta beinlínis kjördeginum, ekki aðeins í Reykjavík, heldur í kaupstöðunum og annars staðar, þar sem nú á að kjósa. Þess vegna finnst mér ósköp eðlilegt, að hann flytji sína till. í þessu formi, þó að ég, eins og ég sagði áðan, sjálfur sé þeirrar skoðunar, að fyrst og fremst ætti að flytja kjördaginn og ekki hafa hann í janúarmánuði í slíkum kosningum.

Enn er það svo, að töluvert margt er óljóst í þessu frv. og kannske þá ekki óljósara en áður var. En nú hefur á þessum fundi eða við þessa umr. málsins verið lagt til að breyta enn 6. gr., að í staðinn fyrir „næstu húsum og aðliggjandi götum“ verði talað um næsta nágrenni, þar sem menn mega ekki hafa með höndum áróður eða reyna að hafa áhrif á atkvgr., hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum og auglýsingum, eins og þetta var áður í kosningalöggjöfinni, né heldur með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. a. s. í kjörfundastofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni, eins og nú er

lagt til, í staðinn fyrir: næstu húsum og aðliggjandi götum.

Það hefur verið innt eftir því, og ég leyfi mér að inna eftir því enn: Hver er skilningur hv. meiri hl. allshn. á þessu ákvæði hér: „í næsta nágrenni“? Og þá er langeðlilegast að taka alveg tiltekin dæmi. Meinar hv. meiri hl. og þá kannske í fyrsta lagi hæstv. ráðh., sem flytur þessa brtt., fjmrh., að miðað við kjörstað í Miðbæjarbarnaskólanum sé Iðnó í næsta nágrenni, þar sem vitað er, að Alþfl. hefur haft sína kosningaskrifstofu, og þar megi ekki hafa uppi nein merki eða annað slíkt, eins og hér er um að tala? Meinar hann t. d., ef til þess kæmi, að Framsfl. hefði sína kosningabækistöð í íshúsinu umtalaða, fyrir sunnan Fríkirkjuna, að það sé í næsta nágrenni? Og meina þessir sömu menn, að félagsheimili kommúnista hinum megin við Tjörnina sé þá í þessum skilningi í næsta nágrenni?

Mín skoðun er sú, að atriði eins og þetta beri að skilja á frjálslyndan hátt, enda hefur það verið gert fram til þessa, og þess vegna hafa ekki árekstrar af þessu orðið. En þegar er búið að breyta þessu ákvæði í löggjöfinni í annarri deild í þinginu og aftur er lagt til að breyta því í hinni deildinni, þá er auðvitað nauðsynlegt, að þeir, sem standa að lagabreytingunni, geri sér í raun og veru grein fyrir því, sem hér er um að ræða, og hvað þeir meina.

Ég sagði, að ég teldi eðlilegt að skýra þetta ákvæði — og það hefur alltaf verið mín skoðun — eins og önnur ákvæði í sambandi við framkvæmd kosningalaganna af hæfilegu frjálslyndi, og þegar við nú ekki megum hafa merki á húsum, ekki merki á bílum og ekki merki á mönnum, ja, hvað segja menn þá um að setja merki í loftið, og hvar verður í því sambandi kallað næsta nágrenni kjörstaðarins? Ég hef sjálfur verið á kjördegi, þar sem gat að líta í loftinu skrifað með tækni nútímans, hvaða kjósendur væru nú líklegast að kjósa, og einnig bent á það, að menn ættu að krossa fyrst og fremst við lista þessa tiltekins flokks, alveg á nákvæmlega sama hátt og hér hefur verið áður. Það hefur verið sett á bílana merki flokksins eða flokkanna. Menn hafa borið í barmi sér merki síns flokks. Eins og ég sagði áðan, þegar menn ekki mega bera þetta, ekki hafa þetta á bílunum, ekki á húsum í tiltekinni fjarlægð, þá getur vel verið og mér þætti ekkert undarlegt, þó að menn færu þá að velja sér loftrýmið til þess að framkvæma slíka merkingu á, ef menn teldu hana verulega mikils virði í sambandi við framkvæmd á kosningunum.

Það er m. ö. o. alveg greinilegt, enda hefur það komið ótvírætt fram við meðferð þessa máls, að það er erfitt að setja markalínurnar í slíkum málum. Það er erfitt, og þeir, sem hafa staðið að flutningi þessa máls, hafa þurft að hrekjast úr einni víglínunni frá annarri. Þegar frv. kemur fram, má ekki segja neinum, þá er það refsivert að segja mönnum, að maður hafi kosið. Það er hætt við það núna. Nú er verið að reyna að koma sér niður á, hvað menn meini með „næsta nágrenni“ o. s. frv. Og ýmsar fleiri breyt. hafa verið á frv. gerðar, og ég út af fyrir sig harma þær ekki, eins og hv. þm. N-Þ. var að víkja hér að, að menn væru eiginlega helzt að tala um það, sem ekki væri í frv. lengur. En sannleikurinn er sá, að það eru ákaflega veigamikil atriði, sem ekki eru í frv. lengur, og þannig er það alltaf með setningu löggjafar og frv., að það eru kannske ekkert veigaminni atriði, sem annaðhvort er gengið fram hjá að setja inn í löggjöfina eða fellt er úr löggjöfinni á hverjum tíma. Hér hefur engin tilraun verið gerð til þess að ná þeim megintilgangi, sem sagt er að stefnt sé að, að menn alls staðar á landinu, kjósendur hvar sem er á landinu eigi að vera friðaðir á kjördaginn, eins og það er orðað, vegna þess að það er vitað, þrátt fyrir ákvæði þessa frv., eins og þau eru, og miðað við þá framkvæmd, sem menn geta gert sér í hugarlund, að á flestöllum stöðum nema í höfuðstaðnum og stærstu kaupstöðunum verður eftir sem áður hægt að vita upp á hár, hverjir hafa kosið, hvort menn hafa kosið eða ekki. Og það vekur auðvitað grunsemdir og hefur vakið eðlilegar getgátur í garð Framsfl., sem hefur forgöngu um flutning þessa máls, alveg sér í lagi vegna þess, að hann sækir sitt fylgi einmitt öðrum flokkum fremur á þessa staði í landinu.

Það er ósköp skiljanlegt, að hv. þm. hafa hver á fætur öðrum úr stjórnarandstöðunni talið, að ef einlægur vilji hefði verið fyrir hendi til að bæta framkvæmd kosningalöggjafarinnar, væri sá eðlilegi háttur í því sambandi, að mþn., sem kosin er af þinginu, fjallaði um slíkt mál, eða þá að flokkarnir freistuðu þess að hafa samráð um það sín á milli. Mér er alveg ljóst, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að flokkar hafi samráð um breytingu á kosningalögum og kjördæmaskipun, þar sem beinlínis er verið að deila um kannske valdskiptingu og aðstöðu í þjóðfélaginu. En það er eðlilegt, að flokkar reyni í lengstu lög að hafa samráð sín á milli um þær leikreglur, sem þeim er ætlað að starfa eftir á kjördegi og í sambandi við framkvæmd kosninga. Þetta held ég líka að flokkarnir hér á landi hafi í æ ríkari mæli gert á undanförnum árum, alveg án þess að til hafi þurft að koma þvingun löggjafarvaldsins.

Ég vék áðan að því, hvernig hv. þm. A-Húnv. lýsti framkvæmd kosninganna í Austur-Húnavatnssýslu, hvernig flokkarnir hefðu haft samráð sín á milli og sett sér reglur. Ég man ósköp vel eftir því, þegar ég var framkvæmdastjóri Sjálfstfl., hvernig flokkarnir höfðu samráð sín á milli um það að skapa sér reglur um það, fastar leikreglur, hvernig þeir skyldu haga sínum útvarpsauglýsingum fyrir kosningar. Og svona hefur þetta verið á fjölmörgum sviðum, að samvinna hefur skapazt á milli flokkanna, að sjálfsögðu grundvölluð á því eðlilega sjónarmiði, að um framkvæmd kosningalöggjafar, hvað snertir fyrirkomulag og háttalag á kjördegi, er það mjög veigamikið og verulegt atriði, að samstaða og samkomulag geti verið á milli flokka. Og það vekur líka mjög skiljanlega alveg sérstakar grunsemdir út af fyrir sig, þegar tiltekinn stjórnarmeirihluti á Alþingi án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuna tekur sig fram um breytingar á kosningalöggjöfinni örfáum vikum fyrir kjördag. Ég tel það mjög óheppilega og

illa valinn tíma að hleypa af stokkunum slíku máli.

Flutningsmenn þessa máls þurfa þess vegna ekki að furða sig á því, þó að sjálfstæðismenn hafi haft margt og mikið að athuga við þetta frv., og eins og ég sagði áðan, ekki aðeins þau ákvæði, sem í frv. eru, heldur einnig það, sem á bak við flutning málsins býr. Það er ekki hægt að verjast því, þegar við í raun og veru aldrei af hálfu margra þeirra manna, sem nú hafa talað skeleggast í þessu máli af stjórnarliðinu, höfum heyrt nokkra gagnrýni á þeim málum eða atriðum, sem hér er um að ræða, en þurfum nú allt í einu að hlusta á það, hvað þessir menn telja mikið við liggja, að þeir fái að leiðrétta kosningalöggjöfina, svo að réttlætið fái að njóta sín í þessum málum. En af hverju hafa þeir alltaf þagað um þetta óréttlæti og misfellur í kosningalöggjöfinni?

Nei, þetta eru sömu mennirnir, sumir hverjir, sem höguðu sinni framkvæmd í síðustu alþingiskosningum þannig, að stærsti stjórnarflokkurinn í dag, kommúnistaflokkurinn, gaf bæði Framsfl. og Alþfl. þann vitnisburð, að framkoma þeirra í alþingiskosningunum, meðferð þeirra á kosningalöggjöfinni þá, væri meiri glæpur en það, þó að menn brytust inn í hús að næturlagi til þess að stela. Þessi orð standa óhögguð og ýmis fleiri, sem ekki var þó síður kveðið að, um það, hvaða dóm stærsti stjórnarflokkurinn í dag felldi um framkomu Framsfl. og Alþfl. í sambandi við síðustu alþingiskosningar. Og þessir menn, sem hafa þessa fortíð að baki sér, — ja, menn þarf ekki að furða það, þó að það sé ekki tekið eins og góð og gild vara, að fyrir þeim vaki ekkert annað en réttlæti í þessu máli. Þeir þurfa ekki að furða sig á því, og þeir þurfa allra sízt að furða sig á því, að því verði varlega trúað hér í Reykjavík, í höfuðstað landsins. Og það má auðvitað kommúnistaflokkurinn líka vita, að jafnskeleggur og hann var að fordæma kosningasvik og prettí Hræðslubandalagsins við síðustu alþingiskosningar, þá minnast kjósendur þess einnig, hversu gersamlega þessi flokkur át ofan í sig öll stóru orðin í þessu máli, þegar ekki var um að ræða að fullnægja réttlætinu lengur, heldur að næla sér í ráðherrastóla.

Þetta er að lokum atriði, sem þeir flokkar, sem nú standa að þessari löggjöf, geta aldrei komizt hjá, að menn trúa varlega tilgangi þeirra til þess að betrumbæta og endurbæta kosningalöggjöfina. Þeir sömdu um það, þegar mynduð var núverandi hæstv. ríkisstj., að þeir ætluðu að bæta kosningalöggjöfina, manni skildist kjördæmaskipunina. Hvar er það réttlætismál? Hversu langt er því komið? Var þá talað um þessa breytingu til þess að fullnægja réttlætinu? Er einhver af hv. þm., sem hefur gerzt talsmaður þessa máls, sem getur með sanni upplýst okkur um það, að þetta hafi verið atriðið, sem þá hafi verið talað um til þess að endurbæta í kosningalöggjöfinni? Ég hugsa, að alveg óhætt sé að fullyrða það, að engum hafi þá verið í huga þessi atriði, engum einasta af þessum postulum réttlætisins, sem nú vilja kalla sig í þessu máli.

Að lokum vil ég svo segja það, að um þetta mál eins og önnur verður það auðvitað kjósandinn, sem fellir þyngstu dómana, og þótt bæði kjósendum hér í Reykjavík og á ýmsum öðrum stöðum á landinu sé gert örðugra um vik að kjósa nú en ella væri og lagðar á þá þungar og óeðlilegar hömlur, þá er mér mjög nærri að ætla, að þeir kjósendur muni ekki láta það verða til þess að draga úr kjörsókn á kjördegi í væntanlegum bæjarstjórnar- og sveitarstjórnarkosningum, á engan hátt. En hitt er ég sannfærður um, að þegar kjördagurinn er liðinn, getur engum dulizt, að þeir, sem ætluðu þá að friða kjördaginn, munu gera sér fyllilega ljóst, að þeim hafi herfilega missézt.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og lagt var fram í hv. Ed. af hæstv. ríkisstj., hefur valdið allmiklum umr. hér í deildinni og enn fremur í Ed. Það merkilega skeður í þessu máli, að hv. alþm. Sjálfstfl. hafa beitt sér mjög ákveðið á móti framgangi þessa máls og á móti því, að frv. næði fram að ganga.

Hv. alþm. Sjálfstfl. telja, að frv. gangi mjög í þá átt að torvelda kjósendum að geta notað atkvæðisrétt sinn á kjördegi, og enn fremur, að frv. væri stórt spor aftur á bak frá því, sem nú er í gildandi kosningalögum. Það er nú mál út af fyrir sig að ræða um það, hvort frv. sem slíkt torveldar kjósandanum að komast að kjörborðunum á kjördegi. Ég álít, að það sé alveg öfugt. Ég held, að kjósandinn ætti að hafa miklu meiri frið til þess að mynda sér sjálfur sínar ákveðnu skoðanir um það, hvort hann ætlar sér að kjósa eða kjósa ekki. En það er augljóst öllum þeim, sem eitthvað hafa fylgzt með kosningum hérlendis undanfarin ár, að á því hafa verið mikil vandkvæði, að kjósandinn hefði frið heima hjá sér eða annars staðar til að ákveða það, hvort hann ætlaði að kjósa eða kjósa ekki.

Í 1. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir frá Ed., eru ný ákvæði um kosningar utan kjörfundar. Þessi ákvæði eiga að verða til þess að útiloka það, að menn greiði atkvæði utan kjörstaða, nema til þess liggi gildar ástæður, sem kjörstjórn tekur gildar. Ég tel þessa breytingu til stórbóta. Mér er vel kunnugt um það og gæti fært dæmi þar að lútandi, að það hefur alloft komið fyrir, að freklega hefur verið gengið fram í því að fá hv. kjósanda til að kjósa utan kjörstaðar, án þess að fyrir lægju fyllilega næg rök fyrir þeirri kosningu.

Um þá fullyrðingu, sem fram kom hjá hv. þm. A-Húnv. (JPálm) í þingræðu í gær, að kjósandinn geti ekki sagt til um það, hvar hann verði staddur á kjördegi, þá held ég, að ef það mál er athugað dálítið niður í kjölinn, sé þetta hin mesta fjarstæða. Mikill hluti þess fólks, sem kýs utan kjörstaðar, er t. d. sjómenn, og það er alveg vitað undir flestum kringumstæðum, að þeir muni ekki verða heima í sinni heimasveit á kjördegi. Ef út af því bregður, ber þeim skylda til, hér eftir sem hingað til, að staðfesta atkvæði sitt á kjörstað, ef þeir eru komnir í heimahöfn. Sama gildir vitanlega um aðra, sem kjósa utan kjörstaða. Ef þeir koma heim aftur, verða þeir að staðfesta atkvæði sitt á kjördegi. Ég held, að hér

sé einmitt mjög þarft ákvæði, þörf lagfæring á kosningalögunum frá því, sem áður hefur verið.

Eins og hv. Ed. gekk frá málinu, er 2. gr. í frv., þar sem gert var ráð fyrir, að kjörfundir skuli hefjast kl. 10 f. h. Þó er hægt með samþykki kjörstjórnarinnar að leyfa, að kjörfundir hefjist kl. 9 árdegis. En það er annað ákvæði, sem þarna er sett inn, og það er það, að kjörfundi skuli lokað kl. 23. Ég tel þetta ákvæði mjög til bóta. Þó skulu þeir kjósendur, sem þá hafa gefið sig fram, hafa leyfi til þess að greiða atkvæði. Með þessari breytingu er ákveðið mjög skýrt um það og á ótvíræðan hátt, hvenær kosningu skuli lokið. Eftir kosningalögunum eins og þau eru nú, er það talið leyfilegt að láta kosningarnar standa langt fram á nótt, næsta dag eftir kjördag. Ég veit ekki, hvernig þetta er annars staðar, en ég veit það, að hér t. d. í Reykjavík hafa kosningarnar oft staðið til tvö og jafnvel lengur fram á nótt fyrir næsta dag. En í kosningalögunum er þó ákveðið, að ekki skuli vera nema einn kjördagur. Þarna virðast hafa verið göt í l., þegar frá þeim var gengið, sem hefur vitanlega verið notfært sér út í yztu æsar og þó einkanlega hér í Reykjavík.

Útkoman af þessu hefur því orðið sú við allar kosningar undanfarinna ára, að kosningasmalarnir hafa farið hús úr húsi, rifið fólk upp úr rúmum sínum, drifið það á kjörstað og oft og tíðum þvernauðugt. Flestir munu sammála um það, að með svona aðferðum er hafður í frammi óeðlilegur kosningaáróður. Fólk, sem ekki hefur komið til að kjósa frá kl. 9 eða 10 árdegis til kl. 10 eða 11, er undir flestum kringumstæðum ákveðið í því að kjósa ekki. En fyrir ákveðinn áróður er þetta fólk oft og tíðum drifið á kjörstaðinn nauðugt viljugt. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Það eru hundruð dæma um svona aðferðir. Ég tel, að svona áróður sé algerlega andstæður við anda kosningalaganna og friðhelgi kosningarréttarins. Þessi æðisgengni áróður, sem hafður er í frammi við kosningar, er mjög varhugaverður og nálgast í sumum tilfellum að vera brot á kosningalögunum.

Ég skal taka það alveg skýrt fram, til þess að það valdi ekki neinum misskilningi, að þessi mikli áróður flokkanna til að fá fólk á kjörstað er ekkert bundinn frekar við Reykjavík en aðra staði. Þessi áróður á sér stað um allt land, og þetta er kannske eitt af allra ljótustu atvikum í sambandi við allar kosningar, það er það, að hv. kjósandi hefur ekki haft frið fyrir kosningasmölunum um það, hvort hann ætlar að kjósa eða hvern hann ætlar að kjósa.

Ég tel, að það sé mesta fjarstæða, og ég er alveg hissa, að það skuli hafa komið hér fram hjá hv. þingmönnum Sjálfstfl., að þessu frv. sé alveg sérstaklega beint gegn þeim. Hvaða ástæðu hafa hv. sjálfstæðismenn hér á þingi til að halda slíkri skoðun fram? Það eru til margir aðrir flokkar en Sjálfstfl., og þessi l. verka alveg jafnt á alla flokka. Hafa þeir beitt eitthvað meiri áróðri en aðrir? Hafa þeir gengið eitthvað ósvífnara fram við kosningar hér en aðrir flokkar? Ég veit það ekki. Ég held, að allir flokkar, hvað sem þeir heita, hafi yfirleitt beitt þeim áróðri, sem þeir hafa haft yfir að ráða, og það séu allir flokkar meira og minna sekir um það að hafa gengið mjög freklega fram í því að draga fólkið nauðugt viljugt niður í kjördeildirnar.

Mér kom það ákaflega einkennilega fyrir, þegar ég heyrði hvern af öðrum af þm. Sjálfstfl. halda því hér fram, að þessu frv. væri alveg sérstaklega miðað gegn þeim. Af hverju ætti því að vera miðað gegn þeim sérstaklega? Ég veit það ekki. Þeir ættu að geta sagt það. Nei, svona málflutningur er engin rök. Það eru ekki rök að segja það, að einu frv., sem nær til allra landsmanna, sé beint gegn einum aðila. Þetta eru breytingar á kosningalöggjöfinni, sem allir flokkar, sem þátt taka í kosningum, verða að beygja sig fyrir og ganga jafnt út yfir alla. Það þarf enginn annan um að saka, það er engum gert órétt þar í.

Um ákvæði 4. gr., eins og Ed. hefur gengið frá frv., segir, að aftan við 103. gr. kosningalaganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt: 1) að hafa meðferðis á kjörfundi kjörskrá eða aðra slíka skrá; 2) að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar; 3) að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund.“ Það hefur verið mikið fundið að þessu, og menn telja, að þetta atriði í frv. sé einna alvarlegasta atriðið. Hvað er það, sem hér er farið fram á? Það, sem frv. gerir ráð fyrir, er það, að flokkarnir, sem bjóða fram, skuli ekki hafa leyfi til þess að skrifa upp, hverjir það eru, sem greiða atkv. Það er fyrst og fremst það.

Ég tel þetta ákvæði frv. mjög þýðingarmikið og stórt atriði til þess að gera kosningarnar algerlega leynilegar. Það er mjög vafasamt, hvort hægt er að tala um leynilegar kosningar, þegar hver einasti kjósandi, sem greiðir atkv., er skrifaður upp og listinn er sendur beint á skrifstofur flokkanna. Þar með geta þeir fylgzt með nákvæmlega, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Útkoman af því verður svo sú, að þegar fer að líða á kosningadaginn, er sendur út heill her af kosningasmölum með bíla og fólkið í sumum tilfellum þvingað til að kjósa, þvingað til að fara á kjörstaðinn, hvort sem það vill eða vill ekki. Það má segja það, að fólk, sem er tregt til að fara og vill af einhverjum ástæðum ekki greiða atkv., hefur tæplega frið til þess að vera heima á sínum heimilum. Það eru dæmi til þess, að fólk, sem ekki hefur ætlað að greiða atkvæði, hefur farið burt af sínum heimilum til annarra til þess að hafa frið fyrir þeim, sem sendir hafa verið heim til þeirra til þess að láta það kjósa eða fá það til að fara á kjörstaðinn.

Ég vil álíta, og það er mín skoðun, að svona lagaður áróður eins og beitt hefur verið við allar kosningar mörg undanfarin ár og ekkert frekar hér í Reykjavík en annars staðar nálgist það að vera brot á friðhelgi kosningarréttarins. Þetta ákvæði í frv. er stórt atriði í þá átt að tryggja kjósandann fyrir óeðlilegum áróðri á kjördag.

Þá hefur því verið mjög á loft haldið, að þetta frv. sé stórt spor í einræðisátt, þetta sé spor í þá átt að torvelda kjósandanum að geta notað atkvæðisrétt sinn. Ég sé ekki með bezta vilja, hvar í frv. eru nokkur ákvæði, sem torvelda kjós-

andanum að koma á kjörstað og greiða atkvæði. Það er ekkert einasta orð um það, síður en svo, ekki eitt einasta orð. Það er annað, sem er í frv., og það er það, að það er verið að friða hann fyrir óeðlilegum áróðri, óeðlilegum heimsóknum o. s. frv. Á Norðurlöndum t. d. og í Englandi eru ákvæði í kosningalögum mjög í sama anda og hér er lagt til að verði. Ég hef haldið, að hv. alþm. Sjálfstfl. telji þessi lönd sæmilega góð lýðræðisríki. Ég hef ekki heyrt annað. Ég hef aldrei heyrt því haldið fram, að það ríkti neitt einræði í Noregi, Danmörku eða Svíþjóð eða Finnlandi, en ákvæði mjög í anda þessa frv. eru einmitt í kosningalögum þeirra landa. Mér er t. d. nær að halda, án þess að ég þori þó að fullyrða það, að t. d. í Englandi sé flokkunum bannað beinlínis að nota bíla við kosningar. Ég veit ekki annað en Íslendingar hafi í mörgum tilfellum talið alveg sjálfsagt að taka sér til fyrirmyndar margt af því, sem er í löggjöf Norðurlanda, og talið sér það til tekna, að þau hafa verið að mörgu leyti á undan okkur í mörgum málum, sem til heilla hafa horft bæði fyrir þá og okkur, og ég hef aldrei heyrt öðru haldið fram en í þessum löndum ríkti hið prýðilegasta lýðræði að dómi þeirra manna, sem þar þekkja bezt til.

Nei, það merkilega skeður í þessu máli, eftir að það kom hér fram á Alþingi, að hv. alþm. Sjálfstfl. hafa beitt sér mjög hatramlega á móti málinu, þrátt fyrir það þótt þeir sjálfsagt viti alvel eins vel og við, sem erum málinu fylgjandi, að lík ákvæði og hér er lagt til að verði gerð að l. eru einmitt í kosningalögum flestra, ef ekki allra Norðurlandanna, enn fremur í Englandi og víðar. Ég vil álíta, að þetta frv. sé til stórbóta frá því, sem nú er, og með samþykkt þess muni skapast miklu meiri friður um kjördaginn en áður hefur verið. Verði það, er tilgangi þessa frv. náð.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál, en tel sem sagt, að málið sé mjög þarft og bein nauðsyn að flytja það hér á Alþingi, og það ætti að verða til þess að setja annan og betri blæ á kosningadaginn en verið hefur að undanförnu.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Minn ágæti sessunautur, 6. landsk. þm. (GJóh), sem var að ljúka máli sínu, talaði margt vel og skynsamlega, eins og hans var von og vísa. En ég veit ekki, hvort heldur hann hefur verið villtur og ekki vitað, hvar hann var staddur, eða hvort hann hefur ruglazt á því frv., sem hann var að tala um, því að flest, sem hann sagði, átti alls ekki við það frv., sem hér er til umr. Hann talaði um það, eins og til stæði að friða kjördaginn með þessu frv. og það væri verið með þessu frv. að koma í veg fyrir óhæfilegan kosningaáróður og truflun á friðhelgi kjósendanna. En hæstv. fjmrh. tók einmitt alveg rétt fram í dag það, sem skiptir úrslitamáli í þessu sambandi, en við sjálfstæðismenn höfðum bent á áður, að með þessu frv. á ekki á nokkurn veg að draga úr kosningaáróðri frá því, sem verið hefur, eða hvatningu til manna um að mæta á kjörstað, fyrirgreiðslu eða smölun, svo að orðalag hv. 6. landsk. þm. sé notað. Allt það, sem við getum sagt að óviðfelldið sé og hafi verið í kosningaundirbúningi að þessu leyti, á að haldast, vera leyfilegt eftir sem áður samkv. þessu frv.

Ég benti á það strax við 1. umr. málsins hér í Nd. s. l. laugardag, að ef menn hefðu hug á að draga úr þessu, og ég sagði, að við sjálfstæðismenn værum vissulega til viðtals um það, þá þyrfti að grípa til allt annarra ráða en í þessu frv. eru ráðgerð. Þvert á móti er það sannað svo glögglega, að ekki verður um deilt, að eftir frv. er meiri hætta en nokkru sinni áður á því, að ófriður skapist, að menn verði truflaðir, þeir jafnvel, sem búnir eru að kjósa, því að það eina, sem meginákvæði frv. fela í sér, er, að sú leiðbeining, sem kosningasmalar, fyrirgreiðslumenn, hverju nafni sem við viljum nefna þá, áður höfðu um það, hverjir væru búnir að kjósa og hverjir eftir væru að kjósa, er nú úr sögunni. En úr því að starfsemi þeirra á að vera allsendis ótrufluð, og það hefur hæstv. fjmrh. viðurkennt, þá er alveg augljóst og þarf ekki að deila um, að þeir verða aðgangsfrekari en nokkru sinni áður, að meiri hætta skapast á því en fyrr, að þeir jafnvel láti þá ekki í friði, sem búnir eru að kjósa, en hingað til höfðu þó næði, eftir að þeir höfðu gegnt þeirri þjóðfélagslegu skyldu að greiða sitt atkvæði. Ég gæti skilið, að hv. 6. landsk. þm. (GJóh) og aðrir, sem ræða um málið frá svipuðu sjónarmiði og hann, væru með frv., ef einhver ákvæði væru þar til þess að vernda menn fyrir þessum ófriði. En þegar ákvæði frv. sannanlega og óhjákvæmilega og samkvæmt beinni yfirlýsingu hæstv. fjmrh. eiga ekki að hagga rétti manna til þess áróðurs, en eina tryggingin, sem áður var fyrir því, að hann gengi ekki úr hófi fram, er numin burt, þá er ljóst, að það er rétt, sem segir í nál. minni hl. allshn., að frv. hefur alveg þveröfug áhrif við það, sem góðtrúandi fylgismenn þess, eins og hv. 6. landsk. þm., virðast trúa að í því felist.

Hv. 6. landsk. þm. talaði um það, að því fari fjarri, það væri óskiljanlegt, að við sjálfstæðismenn teldum, að þessu frv. væri sérstaklega stefnt gegn Sjálfstfl. En hvað liggur fyrir um þetta? Hæstv. fjmrh. hrópaði það upp yfir sig, að vísu í miklu hugarins ójafnvægi, s. l. laugardag, að það væri jafngott, þó að kosningaapparat Sjálfstfl., eins og hann orðaði það, gæti ekki starfað með sama hætti og áður. Hæstv. ráðh. var þá ekki einu sinni að reyna að draga dul á það, heldur hældi sér af því, að þessu máli væri sérstaklega beint gegn Sjálfstfl. Ég veit ekki, hvort hv. 6. landsk. þm. var við hér á laugardaginn. Mig minnir, að hann hafi verið hér. Ég þori ekki að ábyrgjast það. En ef til vill hefur verið um hann svipað og hv. þm. N-Þ. (GíslG) upplýsti, að hann hlustaði ekki á rök, hv. þm. N-Þ. hældi sér af því. Það getur verið, að hv. 6. landsk. þm. hlusti ekki á fjmrh., og mér finnst það miklu meiri vorkunn, að hann hlusti ekki á fjmrh., jafnvel þó að hann sé viðstaddur, heldur en fyrir hv. frsm. n., þm. N-Þ., sem lýsir því yfir, að hann vilji ekki hlusta á rök í málinu. En hv. þm. N-Þ. var að segja þetta sama, að frv. væri alls ekki beint gegn Sjálfstfl. og ég hefði sérstaklega talið, að stytting kjördagsins væri beint gegn Sjálfstfl., en því færi fjarri, að þetta gæti staðizt. Hv. þm. N-Þ. lýsti því ekki aðeins yfir, að hann hlustaði ekki á þau rök, sem hon-

um féllu ekki, heldur sagðist hann líka hafa mjög lítið fylgzt með meðferð málsins í Ed. Það er auðsætt, vegna þess að hæstv. fjmrh. lýsti því berum orðum yfir í Ed., að ákvæðið um styttingu kjördagsins mundi einungis verka á Reykjavík og hefði yfirleitt ekki áhrif annars staðar. Þetta lét hv. þm. N-Þ. eins og sér væri með öllu ókunnugt, þó að frá þessu hafi verið skýrt í blöðum og alls ekki farið leynt innan þingsins, að þarna hafi hæstv. fjmrh. talað af sér, svipað og hann gerði hér s. l. laugardag, opinberaði of augljóslega, hvað vakir fyrir þessum hv. stuðningsmönnum frv., þ. e. að níðast á stærsta kjördæminu og þar með á þeim flokki, sem þar hefur mest fylgi og mest fyrirgreiðslustarf þar að annast. Og hv. þm. N-Þ. þarf ekki að láta svo sem hann skilji ekki, að fyrirgreiðslustarf sé mun erfiðara í jafnstóru kjördæmi og Reykjavík, þar sem á hvern kosningastað koma nú að meðaltali milli 6 og 7 þúsund kjósendur, eða ámóta margir og kjósendur eru flestir í einu kjördæmi utan Reykjavíkur, — hv. þm. N-Þ. þarf ekki að ætla, að fyrirgreiðslustarf sé ekki ólíkt erfiðara á slíkum stað eins og Reykjavík heldur en í Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem ég hygg að kjósendur alls séu ef til vill, — ja, kannske kringum 1200 eða eitthvað um það bil, en kjördeildir eitthvað milli 5 og 10, ég hef ekki tölurnar nákvæmlega, en það er ljóst, hvílíkur meginmunur er hér á. Og í svo litlu kjördæmi sem Norður-Þingeyjarsýslu er það ósköp eðlilegt, að þar hafi ekki verið talið nauðsynlegt fyrr en þá alveg nýlega, og jafnvel vakið bros manna, ef það þurfti að hafa menn inni á kjörstað til þess að skrifa niður þá, sem komu, vegna þess að flokkarnir vissu þetta ákaflega vel án allrar niðurskriftar. Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) hefur sagt hér frá því, hvernig flokkarnir víðs vegar úti um land koma sér saman um það að sjá kjósendum í kjördeildunum fyrir flutningi á kjörstað. Getur nokkrum komið til hugar, að slík fyrirgreiðsla eigi sér stað án þess, að það liggi í augum uppi, hverjir það eru, sem mæta á kjörstaðnum, og hverjir ekki?

Svo kemur hv. þm. V-Húnv. (SkG) og segir: Hverjum kemur það við, hverjir mæta á kjörstað eða ekki? Í frv. upphaflega er látið sem það eigi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja það, að komið verði í veg fyrir, að kannað verði eftir á, hverjir hafi kosið og hverjir hafi látið það vera. Það á að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fela kjörskrárnar á milli kosninga eða eftir hverjar kosningar, til þess að þetta vitnist ekki. Ég hygg, að samkvæmt hagskýrslum sé upplýst, að í kjördæmi þm. V-Húnv. hafi síðast kosið 742 menn samtals, að hreppar nir í þessu kjördæmi séu samtals 7. Vel má vera, að kjördeildirnar séu mun fleiri, en víst er það, að þessir 742 kjósendur hafa skipzt niður á 7 kjördeildir, þ. e. a. s. liðlega 100 manns á hverja kjördeild. Dettur nú nokkrum manni í hug, að maður eins og Skúli Guðmundsson, frambjóðandi til margra ára í Vestur-Húnavatnssýslu, reikningsglöggur maður, sífellt krotandi tölur og brjótandi um þær sinn stóra heila, muni ekki hafa um það nokkra hugmynd eftir hverjar kosningar, t. d. síðustu, jafnvel þó að það hafi ekki verið skráð af hans umboðsmönnum inni í hverri einustu kjördeild, hvaða Vestur-Húnvetningar létu vera að koma á kjörstað? Svo kemur þessi hv. þm., sem er ímynd kaupfélagakúgunarinnar í landinu og þeirrar sérstöku aðstöðu, sem kaupfélögin hafa, og segir: Ja, hverjum kemur það við, hverjir neyta atkvæðisréttar síns eða ekki? — Ja, hræsnin, hún birtist í mörgum myndum, líka stundum í mannlegum myndum, jafnvel úr Vestur-Húnavatnssýslu.

Nei, sannleikurinn er sá, eins og ég vakti athygli á við 1. umr. þessa frv., að það er vitanlega mikil hætta á vissri kúgun, óleyfilegum áhrifum í ýmsum kjördæmum landsins, hinum litlu kjördæmum, þar sem fjárhagsvald allt er sameinað í höndum lítils hóps manna, þar sem ekki aðeins verzlunin er í höndum þessara manna, heldur jafnvel öll flutningatækin. Þessir menn hafa í sínum höndum reikningshald yfir fjárhag hvers einasta kjósanda í kjördæminu. Þeir hafa með höndum flutningatækin, sem mennirnir þurfa að hafa til þess að komast að og frá kjörstað, og hvernig þessir menn vilja beita því valdi, urðum við þm. áheyrandi á síðasta Alþingi, þegar hæstv. fjmrh. stóð hér í vandræðum með að verja gerðir sínar í sambandi við misnotkun á leyfisveitingum um flutningatæki til Vestur-Skaftfellinga. Þá beitti hæstv. fjmrh. valdi sínu sem ráðh. til þess að hindra mikinn hluta íbúenda þess byggðarlags í því að nota þau flutningatæki, sem þeir sjálfir óska, og síðan hefur verið hafður uppi eltingarleikur við suma þeirra til þess að koma í veg fyrir, að þeir gætu jafnvel neytt þeirra ráða, sem hingað til höfðu verið talin lögleg í þeim efnum. Svo mjög er lagt kapp á það af þessum mönnum að hafa ráð kjósendanna í þessum kjördæmum að öllu leyti í hendi sér. Og þegar hæstv. fjmrh. leyfir sér hér á Alþingi Íslendinga í áheyrn þingheims, svo að segja í áheyrn alþjóðar, að hrópa það fram í ræðu manns eins og 1. þm. Rang., að það borgi sig ekki fyrir hann að halda fram sjálfstæðri skoðun, að það borgi sig ekki fyrir hann að tala á Alþingi, ja, hvernig halda menn þá, að menn, sem eru mótaðir í anda hæstv. fjmrh., tali úti um byggðir landsins við þá, sem eiga þó minna undir sér en 1. þm. Rang., og þegar engir heyra til þeirra, og þar sem slík fjárhagsaðstaða hefur verið sköpuð eins og framsóknarmenn hafa af öllum lífs og sálar kröftum unnið að því að koma á í kjördæmi eins og Vestur-Skaftafellssýslu, þar sem þeir hófu upp fjandskap og níðskrif, þegar bændur bundust samtökum um að mynda verzlunarfélag, sem væri óháð þeim samtökum, sem Framsfl. hefur mest misnotað sér til framdráttar? Svo leyfa þessir menn, eins og hv. þm. V-Húnv., sér að koma og segja: Hverjum kemur það við að fylgjast með því, hvort kjósendur koma á kjörstað eða ekki? — þegar hvert einasta mannsbarn í landinu veit, að maður eins og hv. þm. V-Húnv. gæti ekki, þó að hann vildi, vegna greindar sinnar og sérstakra gáfna, komizt hjá því að hafa það óhagganlega í minni sínu, þó að hann ætlaði ekki á nokkurn hátt að misnota það, hverjir hafa kosið í hans litla kjördæmi og hverjir hafa sérstaklega látið það vera.

Það er einmitt þessi gersamlega fyrirlitning

á þeim raunverulegu staðreyndum, að það er hægt að setja hvaða reglur sem er, hversu strangar sem þær líta út á pappírnum, til þess að koma í veg fyrir, að svo líti út, sem framsóknarmennirnir hafi þessa vitneskju í þeim kjördæmum, þar sem þeir beita sínum kosningaaðferðum hatramlegast. Þetta getur litið vel út á pappírnum, en allir vita, að mennirnir komast ekki hjá því, þó að þeir vildu, að hafa þessa vitneskju. En hér í Reykjavík er þetta óhjákvæmilegur þáttur í fyrirgreiðslu á kjördegi, að hafa þá niðurritun, sem átt hefur sér stað, ef hægt á að vera að forðast ófrið og óhæfilegt ónæði á kjördaginn. Hér í Reykjavík er ekki hægt að beita sams konar brögðum og vitað er að framsóknarmenn í skjóli atvinnuvalds síns, fjármálavalds, valds yfir farartækjum, valds yfir ríkissjóðnum nota víðs vegar um landið. Í 40 þúsund manna kjördæmi er tómt mál að viðhafa þvílíkar aðfarir sem hæstv. fjmrh. leyfði sér að bera okkur sjálfstæðismönnum á brýn hér í umr. s. l. laugardag, — þær sömu aðferðir, sem flokksvald Framsfl. byggist á. En það er vegna þess, að þessir menn þola aldrei jafnan leik, það er vegna þess, að þeir þurfa alltaf að hafa rangt við, þeir þurfa alltaf að skapa sér sérstöðu, það er vegna þess, að þeir vita, að þeirra vald í landinu hvílir einungis á því, að þeir njóti forréttinda, það er vegna þess, að þeir feta sig ætíð lengra og lengra upp á forréttindastönginni, sem þetta frv. er fram borið. En eins og ég sagði í dag, mælirinn kann að verða of fullur, og þessir menn njóta nú þegar of mikilla sérréttinda til þess, að það kunni lukku að stýra að setja löggjöf, sem sérstaklega á að níðast á Reykvíkingum. Þess vegna munu þeir áður en varir finna, að þeir hafa sjaldan stigið meira misstig en þegar þeir nú, á næstu dögum fyrir jól, knýja sína fylgismenn til þess að samþykkja þetta frv. og neyða jafnvel jafnsaklausan mann og hv. 6. landsk. þm. til að koma hér og tala, með leyfi hæstv. forseta, eins og álfur út úr hól, til þess að sýna, að það sé þó ekki einungis Framsfl., sem beitir sér fyrir þessu máli, heldur eigi hann einnig stuðningsmenn því til fylgis meðal þess flokks, sem hefur friðað kjördaginn svo rösklega, að bannað er nema fyrir einn frambjóðanda að bjóða sig fram, en þar sem líka kosningadagurinn er gerður að sannri hátíð, þar sem kjósendum er smalað með lúðraþyt og söng til þess að fara á kjörstað og kjósa þann, sem flokksstjórnin hefur útvalið, menn á borð við Beria heitinn, Stalin sáluga og aðra dánumenn þess flokks.

Hv. þm. N-Þ. sagði, að sér félli ekki að öllu leyti eða líkaði ekki, hvernig ég hefði talað í þessu máli. Ég hef aldrei búizt við því, að honum mundi líka það, og ég veit það, að honum hefur sízt af öllu líkað, að ég vakti athygli þingheims á því, að í nál., sem sá greindi og glöggi maður hefur sjálfur skrifað, gægist sektarmeðvitundin alveg ósjálfrátt upp, að þeir þora ekki, þeir góðu menn, að minnast á aðalatriði frv., það, sem langsamlega mestu máli skiptir, það, sem fyrst og fremst skapar misréttið með þessu frv. Það má vel vera, að hv. þm. N-Þ. hafi ekki sjálfur gert sér grein fyrir þessu, fyrr en athygli hans var vakin á því, vegna þess að hann hafi verið að dylja sig þess, hversu honum, þótt framsóknarmaður sé, er málið í raun og veru óljúft. En svo var hv. þm. að tala um það og breiddi sig mikið út yfir, að það væri engin nýjung, að lagafrv. væri breytt, það væri eiginlega gert með hér um bil öll frv. á Alþingi. Ja, vissu fleiri, en þögðu þó. En það var vissulega ekki meiningin að breyta miklu í þessu frv. hér í hv. Nd. Í allshn. vakti ég athygli á því, að 6. gr. frv. væri, hvað sem öðru liði, óframbærileg í því formi, sem hún var, og var það bókað, að þetta þyrfti að leiðrétta, jafnvel þó að menn vildu samþykkja frv. að öðru leyti, sem ég vildi ekki gera. Mínir ágætu meðnm. neituðu þessu alls ekki, en þeir bara kinkuðu kolli og horfðu til himins og sögðu, að það yrði að skaffa lögfræðingum og dómstólum eitthvað að gera. En það var þegar hæstv. fjmrh. áttaði sig á því, að ákvæðin, eins og væru, gætu verið óþægileg fyrir íshúsið, þá var ekki lengi verið að taka upp breytinguna og þá varð að gleyma því að skaffa lögfræðingunum og dómstólunum nægilegt starf, vegna þess að íshúsið og þess hagsmunir máttu ekki vera fyrir borð bornir. Þarna kemur, eins og ég sagði í ræðu minni fyrr í dag, alveg ótvírætt í ljós, hvað það er í raun og veru, sem vakir fyrir þessum mönnum, þ. e. að setja löggjöf, sem mismuni flokkunum og kjördæmunum, alveg eins og hæstv. fjmrh. sagði í Ed., að stytting kjördagsins bitnaði fyrst og fremst eða eingöngu á Reykvíkingum, og hrópaði upp hér í Nd., að það væri kosningaapparat Sjálfstfl., sem ætti að setja úr skorðum með þessari löggjöf.

Hæstv. fjmrh. er auðvitað svo greindur maður, að hann skilur ósköp vel, hvers eðlis þetta frv. er. Þess vegna gægist það fram hjá honum, þegar hann hefur ekki þeim mun betur hemil á sinni tungu. Þá mælir hún það, sem satt er, þó að það sé auðsjáanlega mjög á móti hans eigin vilja og óskum hans flokksmanna. En hæstv. fjmrh. gat þó beint tungunni að öðru verkefni og lét hana fara að tala um það og leggja á það ríka áherzlu, að vitanlega væri hægt jafnt í Reykjavík eins og annars staðar að hafa áróður í sambandi við kosningar, hvetja menn til kjörfundarsóknar þrátt fyrir þessi lög, og lét eins og ég hefði verið að kvarta undan því, að þennan möguleika ætti að skerða. Ég sagði, að þennan möguleika ætti ekki að skerða og ef menn teldu ástæðu til þess að draga úr þessu, og það taldi ég vera mjög til athugunar, þá þyrfti allt aðra löggjöf en þá, sem hér er ráðgerð.

Það, sem hæstv. fjmrh. reyndi að sneiða hjá í sinni ræðu, vegna þess að hann skilur ósköp vel, að það er óþægilegast fyrir hans málstað, er það sama og undirvitundin réð væntanlega hjá hv. 1. þm. N-Þ., þegar hann í nál. minntist ekki á bannið við það að láta — (Gripið fram í.) Hvað var hv. þm. að segja? (Gripið fram í.) Já, það er einmitt það. Það er sjálfsagt að leiðrétta það, sem rangt er með farið, mér er það ætíð ljúft, bæði í þessu tilfelli sem öðru, og vildi, að hv. framsóknarmönnum væri það jafnkærkomið tækifæri, enda mundu þeir þá vafalaust falla frá þessu frv. og biðja alþjóð afsökunar á því, að það er borið fram.

Það er eftirtektarvert, að hv. þm. N-Þ. segir, að það sé því miður, að ekki séu tveir þingmenn

fyrir þetta kjördæmi, en eins og ég sagði áðan, munu kjósendurnir vera kringum 1200, og það sýnir nokkurn veginn réttlætistilfinningu þessa ágæta þingmanns að harma það, að þetta litla kjördæmi skuli ekki fá tvo þm. Ég vil og vona, að kjósendur N-Þ. haldi sínum fulla rétti, og mun aldrei verða með því að skerða þeirra rétt. En meðan ekki verður þar meiri fólksfjölgun en enn er, væri það fullkomið óréttlæti að fjölga þingmönnum þar. En sem sagt, þm. N-Þ. og hæstv. fjmrh. eru báðir sammála um það að leiða umræðurnar frá því, sem er meginatriði málsins, að það er ekki verið að draga úr kosningasmölun, ef menn svo vilja segja, hvatningu til þess *að mæta á kjörfundi*, heldur verið að hindra, að það megi fylgjast með, hverjir hafa kosið, og sú hindrun kemur einungis til þess að ná til þéttbýlustu staðanna, fyrst og fremst til Rvíkur og síðan í minni mæli til annarra þéttbýlustu kjördæmanna. Með þessu verður skapað raunverulegt ójafnrétti. Með þessu er verið að skapa Framsfl. *foréttindi umfram* aðra. Það er í samræmi við þeirra stefnu, en það er í óþökk þjóðarinnar í heild, og þess vegna mega þessir þingmenn vita, að þjóðin og mikill meiri hluti hennar mun litla þökk gjalda þeim fyrir þau rangindi, sem hér á að *hafa í frammi*.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) hefur flutt brtt. við þetta frv. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég muni greiða henni atkvæði, enda held ég, að hún fái ekki staðizt sem brtt. við þetta frv. eða lögin, eins og hún er, og skal ég ekki fjölyrða um það.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) mælti hér nokkur orð fyrir skömmu, og skal ég heldur ekki fjölyrða um það, sem hann sagði. Ég vil þó vekja athygli á því, að hann lét orð falla um það í þessari ræðu, að það mætti til sanns vegar færa, að þetta frv. væri ekki neitt stórmál. Ég held, að ég hafi það rétt eftir honum, og má segja, að þeir séu nokkuð farnir að draga í land, sjálfstæðismennirnar, frá því, sem upphaflega var. En þetta mun nú nærri lagi, sem hv. þm. nú sagði.

Þá upplýsti hv. 5. þm. Reykv., að eftir því sem honum væri bezt kunnugt, væru þeir kjósendur ekki sérlega margir í Reykjavík, sem kosið hefðu eftir miðnætti, og styður það þá enn það mál, að með 3. gr. frv. séu ekki sérlega mikið takmarkaðir möguleikarnir til að kjósa og þá því minni ástæða til þeirra ráðuhalda, sem út af því atriði hafa átt sér stað, og blaðaskrifa.

Þá minntist hv. þm. nokkuð á orðin „næsta nágrenni", sem standa í gildandi lögum og eru tekin upp í brtt. hæstv. fjmrh., og var að velta því fyrir sér enn, hvernig þessi orð mundu verða skilin. Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég áður sagði, að ég geri ráð fyrir, að þau verði skilin á sama hátt og þau hafa verið skilin í *núgildandi lögum*.

Í sambandi við þessa breytingu held ég, að ég verði að minnast á það, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) sagði í dag, að þessi till. mundi vera fram komin vegna þess, að upplýst hefði verið í nál. minni hl., sem hann stendur að, að það orðalag, sem í frv. er, mundi taka til ákveðins húss hér í Reykjavík á vegum Framsfl. Ég held, að hv. þm. gerist nú nokkuð gleyminn, þar sem hann virðist vera farinn að gleyma sínum eigin ræðum. En við 2. umr. þessa máls, eða a. m. k. við fyrri umr. þessa máls, einmitt gerði hv. þm. sjálfur þetta að umræðuefni, sem síðar kom fram í nál. varðandi *þetta hús, þannig* að það var ekki um neina opinberun að ræða, þegar nál. minni hl. kom fyrir sjónir manna hér í dag.

Annars virtist mér, þegar hv. 1. þm. Reykv. flutti sína ræðu áðan, að honum væri nokkuð runnið í skap, og hafði hann þar ýmis ummæli, sem bentu til þess. Veit ég þó ekki til, að við *nm. í meiri hl.*, hv. 6. *landsk.* (GJóh) eða ég, höfum gefið neitt tilefni til þess, að skapsmunir hans þyrftu að komast í neina ókyrrð.

Ég mun ekki svara þeim svigurmælum, sem hann hafði um Framsfl. og ýmsa menn, sem þar koma við kosningar, eða þeim öðrum svigurmælum, sem flokksmenn hans hafa haft í þessum umr. um það efni. Hv. þm. stæði ef til vill nær að lýsa öðrum hlutum en framgöngu framsóknarmanna í kosningum. En ýmislegt hefur verið sagt á undanförnum árum um framgöngu hv. sjálfstæðismanna í kosningum, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, sem okkur er báðum kunnugt og öðrum.

Hv. 1. þm. Reykv. var nú að tala um það, að ekki væri langt gengið í þessu frv. í því að draga úr kosningaáróðri, og get ég fallizt á það. Mætti ef til vill ganga lengra, en það hefur ekki verið gert í þessu frv. og ekki komið fram um það tillögur.

Það er eitt atriði í þessu máli, sem þeir hv. *sjálfstæðismenn* virðast eiga mjög erfitt með að skilja. Þeir eru að ræða um það í hvert sinn, sem þeir taka til máls, að ákvæði þessa frv., þau sem torvelda flokkum nokkuð að fylgjast með því, hverjir kosið hafa, og ákvæðið um, hvenær kjörfundi skuli *slíta*, sennilega *líka* komi misjafnt niður og Sjálfstfl. í óhag, vegna þess að það séu svo misjafnlega margir kjósendur í kjördæmum, hvort sem um er að ræða alþingiskosningar eða bæjarstjórnarkosningar. Þeir segja: Það er ekki sambærilegt að fylgjast með kosningu í 1000 manna kjördæmi og í 40 þús. manna kjördæmi. Þetta er svo mikið verk, að fylgjast með öllum þessum 40 þúsund kjósendum, og það er alveg sérstaklega mikið verk fyrir Sjálfstfl., þar sem tiltölulega margir af þessum 40 þús. kjósendum í Reykjavík fylgja honum að málum. — Eitthvað á þessa leið er þeirra röksemdafærsla.

Nú kann það að vísu rétt að vera, að þarna sé um misjafnlega stór verk að ræða. En það, hve auðvelt er að vinna verk, fer auðvitað ekki eingöngu eftir því, hve verkið er stórt, heldur líka eftir því, hve margir eru til að vinna það. Og ætli það sé þá ekki á þá leið, að eftir því sem kjósendurnir eru fleiri og eftir því sem flokkurinn er stærri, sem um er að ræða, séu fleiri menn til að hafa með höndum þessa eftirlitsstarfsemi með kjörsókn, sem þessir hv. þm. telja svo nauðsynlega?

Mér er tjáð það og hefur reyndar verið sagt það af *sjálfstæðismönnum*, að hér í Reykjavík væri það fyrirkomulag hjá flokknum, að hann hefði í þjónustu sinni fjölda af starfsmönnum,

— ég veit ekki, hvort það eru launaðir starfsmenn, það eru kannske að miklu leyti sjálfboðaliðar, það skiptir ekki máli, en hann hefði í sinni þjónustu mikinn fjölda af slíkum mönnum til þess að fylgjast með kosningunum og bænum væri skipt niður í mörg lítil hverfi, þannig að í hverju hverfi væru ekki nema fá hús. Og ef hver útsendari frá Sjálfstfl. eða hvaða flokki sem er á að sjá um örfá hús og líta eftir því, að kjósendur þar kjósi, þeir sem flokkurinn vill láta kjósa, þá sé ég ekki, að það sé neitt erfiðara verk fyrir þann eftirlitsmann að sækja kjósendur heldur en það kynni að vera fyrir mann, sem ætlað er að líta eftir kjörsókn í fámennri sveit. Ég sé ekki, að þar sé neinn munur á. Þetta held ég að hv. 1. þm. Reykv. hljóti að skilja, ef hann íhugar málið, þá hljóti hann að átta sig á því, að hann hefur ekki hugsað þarna alveg rétt, þótt skýr sé. En um þetta eru hv. sjálfstæðismenn búnir að ræða langt mál og hafa gert sér þar mikla fyrirhöfn og öðrum, sem hafa orðið að hlusta á það, að óþörfu.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram.

Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt og einnig kom glögglega fram í prýðilegri ræðu, sem hv. 6. landsk. þm. (GJóh) flutti hér áðan, að ákvæði þessa frv. ná vitanlega jafnt til allra kjósenda og allra flokka án tillits til þess, hverjir þar eiga í hlut, og mér er það næstum óskiljanlegt, hvernig á því stendur, að sjálfstæðismenn skuli hafa gert sér svo mikla fyrirhöfn við að mæla gegn þessum ákvæðum, nema þá það sé svo, að það, sem kalla mætti óeðlilegan áróður, — ég segi ekki ólöglegan, heldur óeðlilegan áróður, — að sú starfsemi hefði undanfarið verið meira stunduð af Sjálfstfl. en öðrum flokkum og að hann sjái þess vegna, að hann muni einhvers í missa af þeim ástæðum. En það get ég nú ekki verið að harma, því þó að ég óski þess á engan hátt, að hlutur Sjálfstfl. verði gerður minni en hann með eðlilegum hætti á að vera, þá finnst mér ekki ástæða til þess, að hann hafi einhverja sérstöðu til þess að halda uppi óeðlilegum kosningaáróðri, sérstöðu vegna ýmissa hluta, sem hann kann að hafa umfram aðra flokka. — Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er dálítið broslegt, þegar þingmenn eru hér að tala um, að það þurfi að koma í veg fyrir óeðlilegan áróður Sjálfstfl. á kjördegi með frv. eins og þessu. Og þessi óeðlilegi áróður á víst m. a. að felast í því, að menn mega ekki hafa auglýsingaspjöld, mega ekki hafa merki og annað slíkt, og svo loksins í því að taka ekki upp nöfn þeirra eða fylgjast með þeim, sem hafa kosið.

Ég man nú svo langt, að það mun áreiðanlega hafa verið Alþfl. hér í Rvík, sem átti frumkvæðið að þessu merkjakerfi og auglýsingum, sem nú þykir vera nauðsynlegt að nema úr lögum, og þegar svo kommúnistaflokknum óx fiskur um hrygg, fór hann fram úr þessu eins og svo mörgu öðru hjá Alþfl. Hann hefur aldrei látið standa á sér með yfirboð við þann flokk. Og ef menn skyggnast svolítið aftur í tímann, þá held ég, að ef t. d. sjálfstæðismenn hefðu á árunum 1942, þann tíma, sem þeir fóru einir með stjórn í landinu, sett löggjöf eins og þessa, blandist mönnum ekki hugur um það, sem nokkuð þekkja til, að slíkt hefði verið talin mesta firra og nálgast mest og líkjast mest nazisma eða fasisma eða einhverju slíku, — það þykist ég alveg viss um af þeim kynnum, sem ég hef einmitt haft við þessa tvo flokka hér í Rvík um þetta atriði.

Ef það á nú að vera orðið nauðsynlegt að breyta löggjöfinni vegna þess, að sjálfstæðismenn hafi farið fram úr öðrum flokkum í þessum þætti kosningastarfseminnar, þá er það atriði út af fyrir sig. Við höfum aldrei litið á það sem mikilvægt, og í þessum umræðum höfum við heldur alls ekki gert það að aðalatriði, heldur það, hvernig frv. er til komið og hvernig frv. frá upphafi vega er byggt á því að mismuna borgurunum í þjóðfélaginu, einmitt eftir því, hvar þeir eru búsettir og hvernig aðstaðan er.

Það var alveg tilgangslaust hjá hv. þm. N-Þ. að vera með nokkrar bollaleggingar um það, að þó að kjördæmin séu stór, sé ekkert meira verk að láta í té fyrirgreiðslu við kjósendurna, því að þá séu fleiri menn til aðstoðar. Það er ekki aðeins stærðin, sem margsinnis hefur komið fram í okkar umr., sem máli skiptir um fyrirgreiðslu við kjósendurna, heldur ekki síður hitt, sú aðstaða, sem Framsfl. hefur fyrr og síðar skapað sér í kjördæmum landsins með því fjárkúgunarvaldi, sem þessi flokkur hefur tileinkað sér í gegnum kaupfélagsskapinn í hinum einstöku kjördæmum landsins. Það er atriði út af fyrir sig, sem er ekki minna atriði en í sjálfu sér hvað eru margir kjósendur í hinum einstöku kjördæmum, og hefur þetta verið margtekið fram af okkar hálfu, fulltrúa eða þingmanna Sjálfstfl., og ekki lögð á það minni áherzla en hitt, enda leiðir það af sjálfu sér, að þar sem samgöngutækin og flutningakerfið eru að verulegu leyti í höndum tiltekinna aðila, sem eru undir sterku pólitísku áhrifavaldi, þá sjá menn það, sem þekkja til í sveitum landsins, hvaða þýðingu það getur haft. En það er sem sagt, herra forseti, látið í veðri vaka af hv. stuðningsflokkum eða stuðningsmönnum núv. hæstv. ríkisstj., að þeir meini nú allt gott með þessu frv., og skal ég ekki fara lengra út í þá sálma.

En ég vék að einu atriði í fyrri ræðu minni um það, hversu óeðlilegt væri, að kjördagur væri í skammdeginu og á miðjum vetri í kaupstöðum og þéttbýlinu, og að mínum dómi væri langeðlilegast að færa þetta yfir á aðra tíma árs, þegar kjósandinn hefði undir öllum venjulegum kringumstæðum nokkrar líkur fyrir því, að hann væri ekki hindraður í að nota þennan mikilsverða rétt sinn bara vegna veðurfars í landi okkar.

Hv. þm. A-Húnv. hefur gert tilraun til þess að bæta hér nokkuð úr með þeirri tillögu, sem hann flytur á þskj. 182, þar sem hann gerir ráð fyrir því að bæta inn í kosningalöggjöfina, að þegar kosningar fara fram að vetri til, skuli kjördagar vera tveir. Hv. þm. N-Þ. lét uppi, að hann mundi ekki fylgja þessari till., taldi hana ekki geta staðizt. Ekki sýndi hann fram á í

einu eða neinu, að hvaða leyti hún gæti ekki staðizt. Ég fæ ekki séð annað en till. sé algerlega með formlega réttum hætti fram borin og fái að því leyti alveg fullkomlega staðizt, og mennirnir, sem hafa svo mikinn áhuga fyrir kjósendunum og vilja allt fyrir kjósendurna gera á kjördegi, — því skyldu þeir ekki vilja forða kjósendunum frá því, ýmist að glata þessum mikilvæga kosningarrétti af óviðráðanlegum ástæðum eða kannske að stofna sjálfum sér og skyldmennum sínum í stórkostlega hættu, beina lífshættu, eins og oft hefur þurft að ske hér á landi voru, þegar kosningar eru látnar fara fram á þessum tíma árs? Og ég tel það bara ábyrgðarleysi, ef þingmenn vilja ekki fallast á að viðurkenna það annað hvort, að kjördagur almennt fari fram á öðrum tíma, til þess að menn þurfi ekki að tefla á tæpasta vað í þessum efnum, hvorki um það að missa kosningarréttinn né jafnvel að tefla heilsu og lífi sjálfra sín í hættu.

Þar sem það liggur nú fyrir frá hv. frsm. allshn., að hann telji sig ekki geta fylgt þessari till., mundi ég vilja leyfa mér að freista þess að flytja við hana varatill. og verð að óska eftir því við hæstv. forseta, að hún megi fram koma bæði skriflega og einnig á síðustu stundu. En till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, að aftan við till. hv. þm. A-Húnv. á þskj. 182 bætist sem varatillaga eftirfarandi:

„Ef yfirkjörstjórn í kaupstöðum telur, að óveður hafi verulega hindrað kjörsókn, getur hún, áður en kjörfundi er slitið, ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir. Sama rétt hafa undirkjörstjórnir í einstökum kjördeildum utan kaupstaða til að ákveða, að kjördagar skuli vera tveir.“

Munurinn, sem í þessum till. felst, er sá, að hv. þm. A-Húnv. leggur til, að kjördagar skuli vera tveir, en mín till. gengur að því leyti skemmra, að hún gerir aðeins ráð fyrir því, að yfirkjörstjórnir og kjörstjórnir hafi heimild til þess að ákveða tvo kjördaga, áður en kjörfundi er slitið, þegar sýnt þykir, að óveður hafi verulega haft áhrif á kjörsóknina eða verulega hindrað kjörsókn í einhverri kjördeild eða kjördæmi. Þetta gæti leitt til þess í fyrra tilfellinu, ef till. hv. þm. A-Húnv. yrði samþykkt, að kjördagarnir yrðu skilyrðislaust tveir og alls staðar, en í síðara tilfellinu gæti svo farið, að sums staðar á landinu, þar sem engin hindrun af veðurfarsástæðum hefur átt sér stað, er kjörfundi lokið eins og lögin gera ráð fyrir væntanlega eftir þá breytingu, sem lagt er til og meiri hlutinn hér á þingi mun fylgja, en hins vegar gætu þá áfram haldið kosningar annars staðar á landinu í einstökum kjördeildum og einstökum kjördæmum, þar sem óveður hefur hindrað kjörsóknina að dómi yfirkjörstjórnarinnar, og mundi þá um tíma og framkvæmd þessa annars kjördags fara eins og ella segir um hinn fyrri kjördag. Við höfum í kosningalögunum í dag ákvæði um það, ef kosningum er frestað. Í 134. gr. eru bein ákvæði um það, að nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Þetta ákvæði tekur til þess, ef beinlínis kjörfundurinn hefur hindrazt af óviðráðanlegum ástæðum sökum óveðurs og kosningin farizt fyrir.

Að mínum dómi er hér engan veginn nægjanlega langt gengið til að tryggja rétt kjósandans, því að vel getur svo farið, að kosning hafi verið hafin, kjörfundur settur, en síðan er orðið það óveður, að kosningin getur ekki haldið áfram. Þá er ekki hægt að hafa annan kjördag eða gera aðra tilraun með kjörfund eftir 134. gr., því að kosningin hefur þá ekki, eins og sú grein er orðuð, farizt fyrir, heldur hefur hún verið stofnuð, kjörfundurinn hefur verið byrjaður, en síðan hindrast hann af óviðráðanlegum ástæðum.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að ef til vill væri æskilegra að hafa annan hátt á þessu og hafa kjördagana á heppilegri tíma árs, en a. m. k. er hægt að skapa borgaranum öryggi og tryggja rétt hans með því að samþykkja þá till., sem hér er fram borin, og reyndar einnig till. hv. þm. A-Húnv. Og eftir allar þær miklu umræður, sem um þetta mál hafa farið fram, og þann vilja, sem fram hefur komið í máli stjórnarsinna um það að friða kjördaginn og auka rétt borgaranna og kjósendanna, þá vildi ég mega vænta þess, að við skildum þó aldrei svo við þetta mál, að slík till. sem þessi næði ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 185) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Sjálfstæðisflokksins hafa nú fundið ýmislegt að þessu frv., sem hér er til umræðu, m. a. það, að ef það yrði að lögum, yrði erfitt fyrir flokkana og kosningaskrifstofur þeirra að fylgjast með því á kjördegi, hverjir hefðu kosið og hverjir ekki. Þegar einn af þeirra hv. þm. var að tala um þetta í ræðu sinni hér í dag, að það væru erfiðleikar á að vita það, hverjir væru búnir að kjósa, þá varpaði ég fram spurningu í fjórum orðum, sem var svona: Hverjum kemur það við? Ég fékk ekki svar við henni þá, en nú nýlega, þegar hv. 1. þm. Reykv. minntist á þessa spurningu mína, vonaðist ég eftir að fá nú svar við henni, en því var ekki að heilsa. Spurningunni er ósvarað enn. Ég veit ekki til þess, að það komi mér neitt við, t. d., hvort hv. 1. þm. Reykv. fer að kjósa á kjördegi eða ekki, og ég sé ekki, að það komi honum við, hvort ég nota minn atkvæðisrétt eða ekki. Ég fæ heldur ekki séð, að það komi mér við, hvort einhverjir kjósendur í mínu kjördæmi sitja heima eða fara á kjörstað, það er þeirra einkamál, og ég held, að sama máli gegni með Reykvíkinga og aðra landsmenn, hvar sem þeir eru búsettir.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði mikið í sinni ræðu um fyrirgreiðslu og fyrirgreiðslustarfsemi af hálfu flokkanna í kosningum. Hann margendurtók þetta. Það fer ekki fram hjá þeim, sem hafa verið hér staddir í Rvík t. d. einhvern tíma, þegar kosningar hafa farið fram, að þessi fyrirgreiðsla er mikil. Það hefur verið ákaflega mikið af bifreiðum á ferð um göturnar með ýmiss konar flokksmerkjum og oft alls konar veifum

þar að auki, og ég held, að engum geti blandazt hugur um það, að allt heilbrigt fólk, sem getur komizt á kjörstað, hafi möguleika til þess að ljúka því af fyrir venjulegan háttatíma, ef það kærir sig um að nota sinn atkvæðisrétt, með allri þeirri fyrirgreiðslu, sem í té er látin að deginum. En þetta hefur ekki þótt nægja, því að þess eru mörg dæmi, að eftir að komið hefur verið fram á nótt, hefur verið komið heim á heimili fólks og það jafnvel rifið upp úr svefni úr rekkjum sínum og svo hart að gengið, að það hefur fengizt til að koma á kjörstað, þó að það hefði ekki áður ætlað sér það, og notaðar ýmsar vafasamar aðferðir við þessa smölun. Og ég held, að það sé ekki of sterkt að orði kveðið, að þessi starfsemi öll sé ákaflega óviðkunnanleg og megi hverfa, og þarna er áreiðanlega ekki um að ræða fyrirgreiðslu við einstaka kjósendur. Það er þá verið að greiða fyrir einhverjum öðrum með slíkri starfsemi.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á mitt kjördæmi og var að tala um kjósendafjölda þar o. s. frv., og í þeim kafla ræðunnar fór hann að tala um, að það gæti nú verið erfitt fyrir fólk, ef það væri einn aðili, sem réði yfir farartækjum — manni skildist, að þá gætu orðið örðugleikar á því að komast á kjörstað, ef það væri einn aðili, sem réði yfir farartækjum, og hv. 5. þm. Reykv., sem talaði hér næst á undan mér, fór að tala um þetta líka, þann háska, ef eitthvert eitt fyrirtæki réði yfir samgöngutækjum. Þetta sýnir ákaflega mikinn ókunnugleika þessara hv. þm., ef þeir halda það virkilega, að það sé þannig í ýmsum sveitakjördæmum t. d., að fólk komist ekki á kjörstað, nema ef til vill kjósendur eins ákveðins flokks, vegna þess að það sé einn aðili, sem ráði yfir samgöngutækjum. Ég held, að það sé ákaflega víða í sveitum landsins, að það sé samvinna um það milli frambjóðenda að greiða fyrir kjósendum að komast á kjörstað með því að láta bifreiðar vera í förum um sveitirnar, en auk þess er svo það, að í flestum sýslum landsins skipta nú bifreiðar hundruðum, og fjöldi manna á slík tæki og þarf ekki að vera upp á neinn annan kominn með að komast á kjörstað.

Þeir, sem tala um örðugleika af því, að það vanti farartæki, auglýsa aðeins vanþekkingu sína á þessum hlutum, eins og nú er ástatt.

Hv. 1. þm. Reykv. færðist mjög í aukana, þegar hann fór að ávarpa mig og minnast á mitt kjördæmi. Hann gerði sér ferð þangað í júnímánuði 1956, skömmu fyrir kosningar, og boðaði þar fund, til þess að menn þar og einkum flokksbræður hans ættu kost á að sjá hann og heyra hans mál. Hann hafði ekki komið þar áður, a. m. k. ekki á slíkan fund, svo að ég viti til, nýlega, en einhvern tíma á sumarhátíð eða árshátíð þeirra áður. Í þessum kosningum, 1956, varð útkoman sú þar, að það varð miklu meiri munur á atkvæðatölum flokkanna heldur en áður hafði verið, þ. e. a. s. atkvæði, sem Framsfl. hafði fram yfir Sjálfstfl., voru margfalt fleiri 1956 en næst áður. En Bjarni kom heldur ekki þangað í fyrra skiptið.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að ég féllst á það að falla frá ræðu við 2. umr., vegna þess að nál. yrði ekki úthlutað fyrr en við þá 3., og tel, að í því samkomulagi, sem varð á milli okkar forseta, hafi falizt, að ég hefði fullan framsögumannsrétt við þessa umr. Annars geri ég ráð fyrir, að á því þurfi ekki að halda, vegna þess að þessum umr. er langt komið að efni til, og það voru aðeins örstuttar aths., sem ég hafði nú að gera.

Ég hef fært að því við þessar umr. mörg rök, að meginhættan, sem stafar af misnotkun áhrifa í sambandi við kosningar, er í þeim kjördæmum, sérstaklega litlum, þar sem lítill hópur manna hefur náð tökum á miklum hluta verzlunar, fjármála, samgangna og hefur því óeðlilega mikil áhrif á líf og hátterni samborgara sinna í þessu kjördæmi. Ég benti á, að þarna væri um að ræða raunverulega hættu, og ef menn vildu í alvöru snúa sér að því að koma lagfæringum á óhæfilegan áróður í sambandi við kosningar og valdbeitingu, bæri fyrst og fremst að snúa sér að þeirri hættu, sem í þessu er fólgin.

Af einhverjum ástæðum varð einn hv. þm. til þess að telja þessum ummælum alveg sérstaklega beint gegn sér. Það var hv. þm. V-Húnv. (SkG). Hann stóð hér upp og fór að gera grein fyrir því, að það væri alls ekki af þessum sökum, að hann hefði hlotið fleiri atkvæði við síðustu þingkosningar heldur en áður, heldur hefði það verið vegna þess, að Bjarni Benediktsson hefði komið í kjördæmið og haldið þar fund. Í mörgu kemur nú fram, að ég er meira metinn af framsóknarmönnum heldur en flestir aðrir, þó að sú virðing komi raunar stundum fram með nokkuð einkennilegum hætti. En hv. þm. V-Húnv. telur það undur, sem hann sjálfur skoðar fylgisaukningu sína, ekki verða skýrt nema í beinu framhaldi af minni dvöl þar fyrir norðan eina kvöldstund, og hefur sjaldan verið gert meira úr áhrifum mínum en með þessum ummælum hv. þm.

Ég er honum sammála um það, að óvenjulegra skýringa þarf á því, að hann skyldi auka kjörfylgi sitt. Það voru hvorki persónulegir verðleikar hans við síðustu kosningar umfram það, sem áður hafði verið, né heldur var málstaðurinn slíkur, að það væri eðlilegt, að kjósendur kysu hann frekar við þessar kosningar heldur en áður. Þvert á móti hefði mátt ætla, að eftir því sem málstaðurinn reyndist lakari, yrði kjörfylgið minna. Hv. þm. finnur bersýnilega til þess arna sjálfur og þarf því að leita mjög óvenjulegrar skýringar á þessu furðulega fyrirbæri, sem honum finnst vera, að honum skyldi sjálfum vaxa fylgi. Nú, hann um það, hvort hann vill heimfæra það til einhverra yfirnáttúrlegra áhrifa minna. Ég hygg, að hitt sé sannara, sem kom fram, að hann tók til sín sem talað var, þegar rætt var um óhæfileg áhrif og misbeitingu þeirra fjármálavalda, sem sumir menn hafa öðlazt úti um byggðir landsins. Fyrir honum fór líkt og karlinum, sem heyrði prestinn nefna þjóf í ræðunni og sagði síðan á eftir: Hann nefndi þjóf og leit á mig, — gætti þess ekki, að það var hans eigin samvizka, sem kippti við honum. Eins reyndist það hér, að það var eigin samvizka hv. þm., sem rak hann upp í ræðustólinn, eftir að búið var að benda á það, að þau undur

ske, að sumir, sem til þess hafa mjög ólíklega verðleika, fá skyndilega mikla fylgisaukningu, að á því þarf mjög grandgæfilega skoðun, hvernig á því undri stendur, og hv. þm. skildi það glögglega, að hann er einn af þeim, sem fleiri en honum sjálfum flýgur í hug, þegar að þessu máli er vikið.

Aðalefni þess, að ég stóð upp og hafði kvatt mér hljóðs eða kvaddi mér hljóðs, voru þó ekki þessi ummæli hv. þm., heldur hin, að hann, svo glöggur þm. sem hann óneitanlega er og skarpgreindur maður, sneri alveg við því, sem ég og hv. 5. þm. Reykv. höfðum sagt um áhrif þau, sem þessi hópur manna gæti haft með þeim miklu áhrifum í nær öllum efnum, sem þeir hafa sölsað undir sig, verzlun, fjármálum, samgöngum og öðru slíku. Hann virtist skilja það svo sem við beindum því að honum sérstaklega og hans líkum, að þeir væru til þess líklegir að hindra menn með yfirráðum sínum yfir samgöngutæki að komast á kjörstað. Því fer fjarri, að við höfum mælt nokkuð í þá átt. Við nefndum einmitt og sérstaklega ég yfirráð þessara manna yfir samgöngutækjunum og raunar samtök flokkanna um að kanna, með hverjum hætti hver og einn einasti kjósandi í stórum byggðarlögum ætli að fara á kjörstað, þar sem flokkarnir sjá þeim fyrir flutningi, — við nefndum það sem dæmi þess, að úti um land er hægt og er fylgzt með, hverjir fara á kjörstað, á annan veg en merkt sé inni á kjörstaðnum. Sú athugun á sér stað, og það er ekki ætlunin að breyta henni. Það er einungis athugunin inni á kjörstað, sem fyrst og fremst hefur þýðingu í Reykjavík og þéttbýlinu, sem ætlað er að breyta, en ekki hin raunhæfa rannsókn, sem á sér stað t. d. í sambandi við flutning fólks á kjörstað, sem ætlað er að hagga. Og það er einmitt það, sem við höfum gert að meginatriði okkar máls, að með þessu er skapað raunverulegt misrétti og tvenns konar lög látin ganga yfir fólkið í landinu, og það er það, sem við vörum við að gert sé.

Þá hef ég svarað þeim aths., sem fram hafa komið við mitt mál, og hef ekki meira að segja að svo komnu.

Forseti (EOl): Ég vil aðeins taka það fram út af aths. hv. 1. þm. Reykv. (BBen), að það var rangt munað hjá mér; frsm. meiri og minni hluta hafa rétt til þriggja ræðna líka við 3. umr., ekki aðeins við 2., svo að hann hafði fullan ræðutíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 163, n. 172, 181, 182, 185).

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 172 felld með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BÓ, IngJ, JóhH, JPálm, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ.

nei: ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PP, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, EOl.

6 þm. (GÍG, GÞG, JS, KJJ, ÓTh, ÁkJ) fjarstaddir.

Brtt. 182 felld með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, IngJ, JóhH, JPálm, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, BBen.

nei: EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PP, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EOl.

6 þm. (GÍG, GÞG, JS, KJJ, ÓTh, ÁkJ) fjarstaddir.

Brtt. 185 felld með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BÓ, IngJ, JóhH, JPálm, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ.

nei: ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PP, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, EOl.

6 þm. (ÁkJ, GÍG, GÞG, JS, KJJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 181 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PP, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EOl.

nei: BÓ, IngJ, JóhH, JPálm, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, BBen.

6 þm. (GÍG, GÞG, JS, KJJ, ÓTh, ÁkJ) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 45. fundi í Ed., 18. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 186).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta mál ber nú brátt að eins og fyrri daginn, þannig að þm. er ekki ætlaður tími til þess einu sinni, að þeir fái tækifæri til að flytja brtt. Ég sé það, að einu atriði hefur hv. Nd. breytt, og er nú vandséð, hvað frv. verði miklu skýrara með þeim hætti. Í frv. mun hafa staðið, að bannað sé að hafa uppi flokksmerki og önnur slík auðkenni, m. a. á næstu húsum og í aðliggjandi götum, en hefur nú verið breytt í orðin „í næsta nágrenni“, og var svo að skilja á hæstv. fjmrh., að þar með væri komið svo skýrt og afgerandi orðalag, að vafi ætti ekki að geta komið þar til. Því fer náttúrlega fjarri, að þetta sé öllu skýrara. En ef til vill hefur verið meiningin að forða vissum væntanlegum félagsheimilum, sem standa stjórnmálaflokkunum nærri, frá því, að þau kynnu að lenda undir þessu ákvæði. — Ég hafði hugsað mér að flytja hér brtt. nokkrar við frv. og vil fara fram á það, að nokkurt hlé, ekki nema nokkrar mínútur, yrði veitt til þess, að auðið yrði að ganga frá þeim brtt.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SE, AG, BjörgJ, EggÞ, FS, KK, BSt.
nei: SB, GTh, JK.
SÓÓ, FÞ, JJós greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjörnJ, FRV, HermJ) fjarstaddir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það var bent á það í hv. Nd., að ákvæði í 6. gr. frv., þar sem tekið var svo til orða: „í næstu húsum og í aðliggjandi götum“ — væri óákveðið, og þótti þessi bending á rökum reist. Var því flutt þar brtt. um að hafa sama orðalag á þessu og er í gildandi kosningalögum, og var hún samþ. í niðurlagi 6. gr. Þetta er eina breytingin, sem gerð var á málinu í hv. Nd.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Þetta þokkalega frv. er komið til okkar aftur, eftir að Nd. hafði gert á því lítils háttar breytingu. Breytingin, sem hæstv. fjmrh., sem lagði þetta frv. fram, beitti sér fyrir í Nd., er við 6. gr., að í stað orðanna „á næstu húsum og aðliggjandi götum“ komi: í næsta nágrenni. — Það er varðandi það, hvað megi framkvæma nálægt kjörstað, eða hafast að.

Ég hygg að ástæðan til þess, að hæstv. ráðh. flutti þessa brtt., hafi verið sú, að hann vildi koma í veg fyrir, að ákvæðið, eins og það var í frv., næði til hins nýja, væntanlega samkomuhúss Framsfl., sem er við sömu götu og aðalkjörstaðurinn í Reykjavík í miðbænum, barnaskólinn. En þetta kom við hjarta hæstv. ráðh., því að ekki má framkvæma neitt, sem skerðir rétt Framsfl. Hann má beita öllum þeim aðferðum, sem honum sýnist í kosningum. Það eru aðrir flokkar, er mega þola hömlur, en ekki hann.

Ég mun ekki fara að ræða þetta mál mikið úr þessu. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja fram tvær brtt. Önnur brtt. er svo hljóðandi:

„Aftan við 2. gr. bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Aftan við 76. gr. laganna komi ný málsgr., þannig:

Þegar kosningar fara fram að vetri til, skulu kjördagar vera tveir.“

Til vara leyfi ég mér að flytja aðra till., svo hljóðandi:

„Ef yfirkjörstjórn í kaupstöðum telur, að óveður hafi verulega hindrað kjörsókn, getur hún, áður en kjörfundi er slitið, ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir. Sama rétt hafa undirkjörstjórnir í einstökum kjördeildum utan kaupstaða til að ákveða, að kjördagar skuli vera tveir.“

Þetta er varatill.

Þetta er ekkert nýtt ákvæði í raun og veru. Við síðari alþingiskosningar 1942, haustkosningar, sem fóru fram í október, voru kjördagar ákveðnir tveir. Og við lýðveldiskosningarnar voru þeir ekki ákveðnir 2, heldur 4, kjördagarnir. Hvers vegna skyldi þetta hafa verið gert? Var ekki ætlunin sú að gera kjósendum auðveldara fyrir með að neita kosningarréttar síns? Hví í ósköpunum var Alþ. að gera þetta, að hafa kjördagana tvo við síðari kosningar 1942, því dugði ekki að hafa einn kjördag? Eftir stefnunni, sem nú er, hefði það verið vilji Framsfl. a. m. k., að sem fæstir kjósendur gætu neytt atkvæðisréttar síns, og þess vegna hefðu þeir mótmælt því að hafa kjördagana tvo. Vetrarveður eru þannig hér á landi, að það getur komið fyrir, að það hindri menn að sækja kjörfundi. Það vita þeir, sem nokkuð þekkja til í sveitum landsins. Og þetta hefur líka komið fyrir, að yfirkjörstjórnir hafa neyðzt til að fresta kosningum vegna illviðris.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessar brtt.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt tvær skriflegar brtt. Þær eru nú að vísu prentaðar, en verður að telja skriflegar, frá hv. þm. V-Sk., Jóni Kjartanssyni. Sú fyrri hljóðar svo:

„Aftan við 2. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Aftan við 76. gr. l. komi ný mgr., þannig:

Þegar kosningar fara fram að vetri til, skulu kjördagar vera tveir.“

Sú síðari er svo:

„Til vara: Ef yfirkjörstjórn í kaupstöðum telur, að óveður hafi verulega hindrað kjörsókn, getur hún, áður en kjörfundi er slitið, ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir. Sama rétt hafa undirkjörstjórnir í einstökum kjördeildum utan kaupstaða til að ákveða, að kjördagar skuli vera tveir.“

Ég fæ ekki almennilega skilið, hvers vegna þetta er varatill. Það mætti lögleiða það, sem í varatill. stendur, þó að hin væri samþ. Jæja, það er varatill.

Þessar till. eru of seint fram komnar og verða auk þess að teljast skriflegar og þurfa því tvöföld afbrigði til að mega komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Ég hef nú í seinni tíð og raunar fyrr oft heyrt á það minnzt, hvað á vetrardag getur verið slæmt að vera bundið við að ljúka kosningum á einum degi, enda eru alþingiskosningarnar á betri árstíma, þegar hægara er að koma því við að ljúka kosningum á einum degi.

Ef tilgangur löggjafans er sá, sem hann á að vera, sem sé að greiða fyrir því, að menn geti notað kosningarrétt sinn, þá held ég a. m. k. hvað kosningar til sveitarstjórna og bæjarstjórna áhrærir, að það væri réttara að hafa það fastákveðið, að það skyldi gerast á tveim dögum, eins og mér skilst að önnur brtt. fari fram á. Nú er, að mér skilst, lagaskylda, að kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda í kauptúnum fari fram að vetrinum til, í janúarmánuði. Og þá hefði ég búizt við því, að meðal þeirra breytinga, sem nefndin fræga, sem oft hefur verið nefnd, mþn., kæmi með á sínum tíma, yrði það eitt atriðið að leyfa eða lögbjóða, að til slíkrar kosningar að vetri til í bæjum og kauptúnum skyldu notaðir tveir dagar, og væri náttúrlega réttara, að slík breyting kæmi frá nefndinni, eins og það hefði verið réttara, að frv. þetta,

sem hér liggur fyrir, yfir höfuð breytingar á þessum lögum um kosningar til Alþ. hefðu komið vel undirbúnar frá þeirri hv. nefnd, heldur en hæstv. ríkisstj. hlypi í það á þann hátt, sem margsinnis hefur verið lýst, á þann flausturslega hátt, sem hefur verið lýst hér, að koma með einstök atriði í þessum málum til breytinga, eins og frv. ber með sér.

Það vita nú allir, hvernig það var hér í þessari hv. deild, þar sem þetta frv. var lagt fyrst fram, að það var ákaflega illa í garðinn búið, og meðferð hv. nefndar á því hér og deildarinnar sýndi, að það var illframbærilegt, eins og það var fyrst lagt fram. Síðan fer það til hv. Nd., og í upphafi þessara umr. hér lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að enn hefði verið gerð breyting í Nd. til þess, eins og mér skildist hann ætla okkur að skilja, að gera visst ákvæði, þ. e. ákvæði 6. gr. um auðkenni á húsum, sem væru nálægt kjörstað eða eitthvað því um líkt, svo að enn þá þurfti umbóta við að hans dómi, og hefur sú umbót, sem hann vildi þar að koma, þegar komizt inn í þetta frv.

Ég álít, að úr því að farið er að hafa þennan hátt á, sem kannske verður í fleiri áföngum, þó að þetta sé sá fyrsti, að hlaupa fram fyrir hv. mþn. og koma með breytingar á kosningalögunum, eins og hér liggur fyrir, þá eigi sú brtt., sem hv. þm. V-Sk. (JK) var að leggja hér fram um að hafa kjördagana tvo, fullan rétt á sér, og ættu sérstaklega þeir, sem búa í fjölbýli, að skilja, að í örðugustu vetrarmánuðum er það skynsamleg tilhögun að ætla tvo daga til þessara kosninga.

Það er nú búið að ræða mikið um þetta mál í báðum hv. deildum Alþ., að mönnum kannske leiðist, að það sé farið að orðlengja um það meir. En þó ætla ég, að það hafi ekki verið rætt um skör fram. Ég var t. d. í gær staddur í hv. Nd. sem áheyrandi og heyrði hæstv. fjmrh., sem aðallega hefur tekið að sér forustu í þessu máli og virðist leggja mikið kapp á að knýja það fram núna fyrir hátíðirnar, halda þar langa ræðu, þar sem hann virtist alltaf rugla hugtökunum kjörklefi og kjörfundur saman, því að hann margendurtók það í sinni ræðu, að sjálfstæðismenn vildu hafa leyfi til að hafa mann til uppskrifta eða til minnisskriftar í kjörklefum. Ég veit ekki, við hvaða málvenju hæstv. ráðh. er upp alinn í því efni, en ég hef frá því fyrsta, að kosningar fóru fram á þennan hátt, alltaf heyrt og skilið, að kjörklefi væri það afþiljaða horn eða herbergi innan kjörfundarstofunnar, sem kjósandanum er ætlað að vera einum í, og nokkurs konar helgur staður kjósandans, til þess að enginn geti að því komizt, hvernig hann krossar eða ritar á sinn kjörseðil. Og mér þótti undarlegt að heyra það, að hæstv. ráðh. skyldi alltaf tala um kjörklefa, þegar hann eftir eðli málsins hlaut að eiga við kjörfundarstofu.

Svo sé ég það nú hér á þessu frv., að þar er komið orðalag, sem skýrir þetta. En sé því haldið fram gagnvart almenningi, að sjálfstæðismenn eða einhverjir aðrir flokkar vilji hafa uppskrift á kjósendum af sendimönnum eða trúnaðarmönnum í kjörklefa, þá er það náttúrlega mesti misskilningur.

Nú hljóðar 6. gr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„3. töluliður 139. gr. l. orðist svo: Að reyna að hafa áhrif á atkvgr., hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.“

Þetta orðalag er miklu skiljanlegra og nær viti og síður hætt við, að af því skapist misskilningur eða ágreiningur þeirra, sem við þessi lög eiga að búa.

Ég veit ekki, hvort hv. Nd. hefur gert nokkuð við básúnuna, sem ég leyfði mér að nefna svo. Það var, held ég, um hávaða í hornum. Bíðum nú við. Það var eitthvað bannað að hafa hátalara, og ég talaði um það við meðferð málsins þá hérna í deildinni, hvort það bann við hátalara ætti að ná yfir allan bæinn, meðan á þessari athöfn stæði. Jú, ég sé nú raunar, að þetta gjallarhorn er enn þá í huga hæstv. ríkisstj., því að 7. gr. hljóðar svo enn, þ. e. a. s. síðari liður hennar, með leyfi hæstv. forseta: „Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.“ Þarna eru því engin takmörk sett, hvar það gjallarhorn má í veröldinni vera, og er þó talsvert einkennilegt, ef ekki mætti, jafnvel þótt það væri kjörfundardagur, hafa hátalara á húsi eða jafnvel skulum við segja bíl, sem væri fjarri kjörstað. En eins og gr. er enn, þá er ekki að sjá annað en þetta gildi í hvaða fjarlægð sem um er að ræða frá kjörstaðnum.

Ég vil fyrir mitt leyti nota tækifærið til þess að koma fram með brtt. við þetta orðalag, til þess að því væru þá einhver takmörk sett með gjallarhorninu. Nú eru menn t. d. oft og tíðum með verzlunarauglýsingar, þar sem gjallarhorn eru notuð, og kalla saman fundi og samkomur líka með gjallarhorni, og ég vildi þess vegna, að hæstv. forseti leyfði mér litla stund til þess að skrifa stutta breytingartillögu við þessa grein, og ég skal taka það fram, að hún er eingöngu flutt til þess að gera þetta ákvæði skýrara.

Ég skal þess vegna yfirgefa ræðustólinn í því trausti, að hæstv. forseti leyfi mér tvær eða þrjár mínútur til þess að semja brtt. við þessa 7. gr. í því skyni, sem ég nú lýsti.

Forseti (BSt): Ég vil aðeins benda hv. þm. á, að það er ekki í frv. bannað að nota gjallarhorn til annars en áróðurs. Það er aðeins bannað að nota þau til áróðurs í kosningunum samkvæmt frv.

Enn fremur vil ég minna á, að þetta frv. er um breytingu á lögum um kosningar til Alþ., en mér virðist næstum eins og mönnum virðist, að það muni vera um breyt. á lögum um kosningar til bæjarstjórnar.

Ég skal gjarnan doka við. Það hefur enginn kvatt sér hljóðs, en ég doka aðeins við eftir till. frá hv. þm. Vestm.

Jóhann Jósefsson: Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mér tóm til þess að orða þetta, og ég vona, að það verði ekki misskilið, að mér gengur það eitt til að fá skýrara orðalag á þetta atriði og hef í rauninni tekið mér hæstv. fjmrh. til fyrirmyndar, því að mér skilst, að sú breyting, sem kom inn í þetta mál í hv. Nd., hafi verið frá honum.

Ég hef þess vegna orðað þessa brtt., sem ég ætla að leyfa mér að flytja skriflega, ef það fæst:

„Brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis. Frá Jóhanni Jósefssyni. Við 7. gr. Á eftir „til áróðurs á sama tíma" í lok síðari mgr. komi: í næsta nágrenni við kjörstað." Er þá notað svipað eða sama orðalag og í breytingunni, sem gerð var í hv. Nd. um listamerki og því um líkt, sem ætlazt er til að líka sé bannað í næsta nágrenni við kjörstað.

Ég hef þarna sem sagt valið mér til fyrirmyndar það orðalag, sem þegar hefur verið samþ. í hv. Nd., og vil gera ráð fyrir, að það þyki ekki ósanngjarnt, að það sé líka notað um þessa gjallarhornsnotkun.

Hæstv. forseti sagði, að ég mundi ekki hafa tekið eftir því, að það væri sagt þarna til áróðurs á sama tíma. Jú, ég var búinn að sjá það, það stendur til áróðurs, en það getur verið margs konar áróðurinn, sem sagt, þó að það væri kosningaáróður, ef hann er í hæfilegri fjarlægð frá kjörstað, þá nær það engri átt, að það megi ekki hafa hann í frammi jafnt á kjördag sem aðra daga. Með því að fjarlægja það frá kjörstað virðist mér þeim tilgangi vera náð, sem ætlazt er til með brtt. hæstv. fjmrh. við frv., eins og það var í Nd. og hann lýsti sjálfur hér í ræðu fyrr við meðferð þessa máls.

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa litlu brtt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. frá hv. þm. Vestm. (JJós):

„Við 7. gr. Á eftir „til áróðurs á sama tíma" í síðari mgr. komi: í næsta nágrenni við kjörstað."

Nú er 7. gr. ekki nema ein málsgrein. Á þá að breyta því í málsliður, síðari málsliður? (Gripið fram í.) Hafa það bara aftan við gr.? (Gripið fram í.) Ég kann betur við, að hv. þm. geri þetta sjálfur.

Jóhann Jósefsson: Ég hef þá breytt því þannig, með leyfi hæstv. forseta, að brtt. verði við 7. gr., að aftan við hana komi, eins og hún er nú orðuð: „í næsta nágrenni við kjörstað", og mundi þá lesast þannig, ef þetta væri samþ., að bannað er „að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma í næsta nágrenni við kjörstað". Orðalagið er þá í samræmi við það niðurlag 6. gr., sem breytt var í hv. Nd. og hæstv. ráðh. lýsti hér áður. Þar stendur líka „í næsta nágrenni".

Forseti (BSt): Brtt. er þá þannig, að aftan við gr. komi: „í næsta nágrenni við kjörstað".

Brtt. er bæði of seint fram komin og þar að auki skrifleg og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 196) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mér kemur það nokkuð á óvart, ef hæstv. forseti ætlar að halda því fram við hv. þd., að ég hafi ekki kvatt mér hljóðs.

Ég fékk fjarvistarleyfi hjá hæstv. forseta fyrir réttum klukkutíma til þess að mega vera við jarðarför, og ég lét einmitt í ljós ósk um það, að mér gæfist kostur á því að taka til máls að þeim tíma liðnum, svo að það er ekki fyrir neina náð hæstv. forseta, sem ég fæ að taka hér til máls nú, enda er þessu máli þannig farið, að það er vissulega ástæða til þess, að því séu gerð ýtarlegri skil en þó hefur gefizt tækifæri til hér í hv. þingdeild.

Það er látið í veðri vaka, að megintilgangur þessa frv. sé sá að friða kjördaginn, eins og hv. stjórnarflokkar kalla það.

Þegar ég virði fyrir mér þennan tilgang og þau fögru orð öll, sem um hann hafa fallið, bæði hér á hv. Alþ. og í blöðum hv. stjórnarflokka, þá getur ekki farið hjá því, að upp í hugann komi mynd nokkuð önnur af framkvæmd þessara sömu flokka á friðsemd sinni á kjördegi. Og mig langar til þess að rifja í örstuttu máli upp nokkra drætti þessarar myndar úr þeim landshluta, þar sem ég þekki bezt til kosninga. Þar, eins og auðvitað annars staðar á landinu, hefur hv. stjórnarflokkum, sem flytja þetta frv. til þess að „friða kjördaginn", gefizt tækifæri til þess að sýna þann vilja sinn í verki.

Ég vildi fyrst mega skýra frá því, hvernig bæjarstjórnarkosningar voru framkvæmdar af Alþfl. og Framsfl. á Ísafirði í fyrsta og annað skiptið, sem ég átti kost á því að taka þátt í slíkum kosningum þar.

Kjördagurinn hófst á því, að umsát var hafin af hálfu þessara flokka um tvær heilbrigðisstofnanir bæjarfélagsins, sjúkrahúsið og elliheimilið. Það var hleypt hóp kosningasmala Alþfl. og Framsfl. á þessar tvær heilbrigðisstofnanir og þær bókstaflega hernumdar. Um leið og kosning var hafin, hreinsuðu umboðsmenn þessara flokka svo að segja bæði sjúkrahúsið og gamalmennaheimilið og fluttu fólkið, sumt lítið veikt, en sumt mikið veikt, á kjörstað. Ég minnist þess, að sumt af þessu fólki var svo fársjúkt, að það gat ekki einu sinni setið í bifreiðum, og varð að bera það í sjúkrabörum inn á kjörstaðinn.

Þetta gerðist ekki aðeins á sjúkrahúsinu, eins og ég sagði, heldur og á elliheimilinu. Mennirnir, sem nú segjast vera að „friða kjördaginn" fyrir Reykvíkinga, þustu inn á elliheimilið í býti að morgni og höfuðsátu gamla fólkið og fluttu það á kjörstað, um leið og kosning var hafin.

Þetta er einungis einn dráttur í myndinni af því, hvernig fulltrúar þessara flokka „friðuðu kjördaginn" á Ísafirði.

Annar dráttur í þessa mynd er sá, að það var

tekið að tíðkast á þessum árum, að fulltrúar Alþfl. tóku upp heilar fjölskyldur daginn fyrir kjördag og fluttu þær heim til sinna eigin forsprakka til þess að höfuðsitja þær þar í heilan sólarhring, áður en kjördagur og kosning hæfist. Var ýmsum brögðum beitt til þess að fá fólk til slíkra hluta.

Þriðji drátturinn í þessa mynd af friðnum, sem Framsfl. og Alþfl. sköpuðu fyrir vestan á kjördegi, gæti svo verið sá, minningin um það, að eitt sinn var það á einum kjörstað í kjördæmi mínu, að kona, sem legið hafði sjúk í 3 ár og var með háan sótthita á kjördag, var borin á kjörstað til þess að greiða atkv., svo veik, að hún hafði ekki einu sinni möguleika til þess að óska aðstoðar þess manns í kjörstjórninni, sem hún óskaði að aðstoðaði sig við að greiða atkv. Manneskjan hafði bókstaflega hvorki líkamsné sálarkrafta til þess að biðja um aðstoðina, og sá, sem bar hana á kjörstaðinn, var látinn óska aðstoðarinnar fyrir hana og þar með auðvitað þverbrjóta kosningalög.

Þetta eru aðeins örfáir drættir í myndinni af því, hvernig þessir flokkar, sem nú segjast vera að „friða kjördaginn“ fyrir Reykvíkinga, hafa friðað hann úti á landi. Ég skal ekki rekja þessa sögu lengri, en ég gæti talið tugi slíkra dæma.

Þegar á þetta er litið og fjölmargt fleira, er það ekki lítil hræsni og yfirdrepsskapur, þegar þessir flokkar, sem nú sitja í ríkisstj., flytja frv., sem þeir segja að eigi fyrst og fremst að vera um það að vernda kjósendurna, vernda fólkið í Reykjavík fyrir ágangi pólitískra smala á kjördegi. Ég held, að það sé nokkurn veginn staðreynd í þeim landshluta, þar sem ég þekki bezt til, að engir flokkar hafi beitt eins skefjalausum áróðri og eins miskunnarlausri harðýðgi við gamalt fólk og veikt á kjördegi eins og Framsfl. og Alþfl. Kommúnistar hafa ekki gert það þar, vegna þess að þeir hafa miklu minna þurft á því að halda, því að þeir hafa svo að segja ekkert fylgi átt í þessum landshluta.

Það frv., sem hér liggur fyrir til breytinga á kosningalögunum, á að vísu að ná til fleiri en Reykvíkinga. En því er fyrst og fremst beint að Reykjavík. Ég er líka sannfærður um það, að ekki einn einasti maður t. d. í landshluta eins og Vestfjörðum tekur það yfirvarp alvarlega, að tilgangur þessa frv. sé að friða fólkið fyrir ásókn hinna pólitísku flokka á kjördegi. Fólkið þekkir allt of vel fortíð þeirra flokka, sem aðallega beita sér fyrir þessu frv.

Á það hefur verið bent í þeim miklu umr., sem orðið hafa um þetta mál hér á hv. Alþingi, að sérstök mþn. sé starfandi að því að endurskoða kosningalögin, og sú n. er skipuð fulltrúum allra þingflokka. Ég dreg það ekki í efa, að breyta megi ýmsum atriðum kosningalaga til hins betra og til réttlátari vegar. Öll mannanna verk eru þannig, að þau eru ófullkomin, og reynslan er stöðugt að kenna okkur fjölmargt í framkvæmd lýðræðishátta. En það er merkilegt, að sá flokkur og leiðtogar þess flokks, sem aðallega hafa beitt sér fyrir þeim breyt. á kosningalögum, sem hér er um að ræða, eru aðalvarðmennirnir um hina ranglátu og úreltu kjördæmaskipun, sem ríkir í þessu landi. Réttlætistilfinningin er þá ekki þroskaðri en svo hjá þessum mönnum, sem segjast vera að friða fólkið fyrir ágengni stjórnmálamannanna, að sjálfan grundvöll lýðræðisskipulagsins, kjördæmaskipunina, vilja þeir hafa eins rangláta og þeir frekast geta, aðeins ef það er í þágu þeirra eigin pólitísku hagsmuna. Framsfl. nefnir það ekki einu orði í þeirri „réttindabaráttu“, sem hann þykist standa í hér fyrir hönd kjósenda í landinu, að kjördæmaskipunin sé óréttlát og það þurfi að breyta henni. Nei, á það er ekki minnzt einu orði, enda þótt sú staðreynd blasi við öllum landslýð, að Alþingi sjálft sé ekki skipað í neinu samræmi við vilja fólksins í landinu. Þetta sést einna greinilegast á úrslitum seinustu alþingiskosninga, þar sem það gerðist, að Framsfl. og Alþfl. töpuðu á milli 4 og 5% atkvæða, en unnu samt nokkur þingsæti, á sama tíma sem Sjálfstfl., sem hækkaði hlutfallstölu sína úr 37.5% upp í 42.4%, tapaði tveimur þingsætum. Þessar staðreyndir sýna greinilegar en nokkuð annað, hversu léleg mynd Alþingi er í dag af vilja þjóðarinnar. Flokkur, sem hefur rúmlega 42% kjósenda á bak við sig, hefur 19 þm., en flokkur, sem hefur 15.6% á bak við sig, Framsfl., hefur 17 þm. En þetta er ekki ranglæti, sem hæstv. núverandi ríkisstj. finnst ástæða til þess að beita sér fyrir að leiðrétta. Þetta má liggja í láginni. Alþingi má hennar vegna vera skrípamynd af þjóðarviljanum. En til hins er ástæða, að flytja frv. um breyt. á kosningalögunum, sem ekki setur undir neinn leka í sambandi við áróður á kjördegi og ekki felur í sér neina raunhæfa tilraun til þess að draga úr óhóflegum áróðri og ónæði, sem kjósendur kunna að verða fyrir af honum.

Ég benti á það, að þau vinnubrögð, sem ég lýsti hér í upphafi að viðhöfð hefðu verið á kjördegi vestur á Vestfjörðum, bæði við bæjarstjórnar- og alþingiskosningar, af Framsfl.-mönnum og Alþfl.-mönnum, verða ekki að neinu leyti hindruð með þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði með þessu frv. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir það, að pólitískir flokkar, sem vilja ganga hart að fólki, sem kannske er tregt til að kjósa, kannske vegna veikinda, kannske vegna elli, kannske vegna sjóndepru, — það er hvergi tryggt, að þetta fólk njóti einhvers nýs friðar gagnvart ágangi. Það hafa ekki verið færð minnstu rök að því af hálfu hv. stjórnarsinna, að þessi ágangur yrði minnkaður, þó að þessar brtt. verði samþykktar. En aðalatriði þeirra eru þau, að hinum pólitísku flokkum er gert erfiðara fyrir að fylgjast með því, hverjir kjósa. Og þó nær þetta í raun og veru eingöngu til Reykjavíkur og hinna stærstu kaupstaða, vegna þess að í strjálbýlinu, í sveitum og í sjávarþorpum, geta menn fylgzt alveg nákvæmlega með því, hverjir kjósa. Fjölmennið er ekki meira en svo, og kynnin eru það náin manna á milli, að það þarf ekki að hafa menn inni á kjörstöðum til að skrifa upp nöfn þeirra, sem kjósa, vegna þess að samborgararnir geta að öðrum leiðum fylgzt nokkurn veginn nákvæmlega með því. Þetta frv. er þess vegna ekki til þess að friða fólk úti á landi fyrir of mikilli ágengni stjórnmálaflokka á kjördegi. En

auðsætt er, að hv. stjórnarflokkar byggja á því nokkra von, að minnkaðir möguleikar til þess að fylgjast með því, hverjir kjósa hér í Reykjavík, muni helzt bitna á stærsta stjórnmálaflokknum. Og það er ljóta sagan í sambandi við þetta mál, að það er ekki flutt fram sem réttlætismál, þó að flm. þess hafi á sér yfirskin guðhræðslunnar og tali um friðun kjördagsins, heldur sem pólitískt ofsóknarmál.

Á það var minnzt, að sérstök mþn. starfaði að endurskoðun kosningalaga og þar ættu sæti fulltrúar allra flokka. Á undanförnum áratugum, þegar kosningalög hafa verið endurskoðuð, hefur verið lögð áherzla á það, að um það starf gæti verið samvinna milli hinna pólitísku flokka. Á þann hátt hefur verið talið líklegast, að skynsamlegum breytingum yrði fram komið, breytingum, sem ekki væru eingöngu miðaðar við stundarhagsmuni eins eða tveggja flokka, heldur við þörf lýðræðisskipulagsins fyrir réttlátar og skynsamlegar reglur.

Hér er allt annar háttur á hafður. Nú eru hafin pólitísk illindi um endurskoðun kosningalaga. Fyrst er byrjað á því, að stuðningsblöð hæstv. ríkisstj. hefja upp hótanir um það, að klekkt skuli á stjórnarandstöðunni. Síðan er málið flutt, að vísu í nokkru mildari búningi en orðræður höfðu verið uppi um áður. En engu að síður er undirbúningur málsins svo lélegur, að jafnvel við 1. umr. þess verða hæstv. ráðh. að lýsa því yfir, að veigamestu ákvæði frv. séu byggð á prentvillum. Á ég þar við ákvæðið um það, sem stóð upprunalega í frv., að kosning skyldi ekki standa lengur en til kl. 10 síðdegis. Jafnvel veigamesta ákvæði frv. er sagt byggjast á prentvillu, eftir að margra mánaða vinnu hefur verið eytt í að undirbúa málið.

Það er auðsætt, að þetta frv. er fyrst og fremst fram komið vegna ótta hæstv. stjórnarflokka við þær kosningar, sem fram undan eru. Þessir flokkar gera sér það ljóst, að á því rúmlega eina ári, sem stjórn þeirra hefur setið, hefur hún brugðizt vonum svo margra manna, að líkur eru fyrir því, að fylgi þeirra muni hafa hrakað allverulega. Og fyrsta úrræðið, sem þá er gripið til, er tilraun til þess að takmarka kosningarréttinn, tilraun til þess að tryggja það, að færra fólk komi á kjörstað heldur en ef gildandi reglum í kosningalögum væri fylgt.

Þetta er í raun og veru kjarni málsins. Flokkar, sem eru orðnir uggandi um fylgi sitt og aðstöðu, grípa til þess ráðs að takmarka kosningarrétt fólksins í þeirri von, að sú takmörkun muni fyrst og fremst bitna á stærsta flokknum í landinu og aðalandstöðuflokki þeirra.

Mér hefði fundizt sanngjarnt, ef í þessu frv. hefði verið lagt til, að kosningu skyldi ljúka um miðnætti. Það er það, sem löggjafinn hefur raunverulega ætlazt til, enda þótt kosningalög hafi á örfáum stöðum verið framkvæmd þannig, að kosið hafi verið eftir miðnætti. En hv. stjórnarflokkar leggja upprunalega til, að kosning verði látin hætta klukkan 10, en heykjast síðan á því, eftir að þeir finna þunga almenningsálitsins gegn sér, og leggja til, að kosningu verði látið ljúka klukkan 11. Ef til vill skiptir það ekki meginmáli, hvort kosið er til klukkan 11 eða 12. En stefnan, sem kemur fram í baráttunni fyrir að stytta kjördaginn um einn klukkutíma, segir til sín og er alveg tvímælalaus og greinileg. Hún miðar ekki að því að gera fólkinu auðveldara að neita þess helga réttar, sem atkvæðisrétturinn er, heldur þvert á móti að hinu, sem ég minntist á áðan, að gera því erfiðara fyrir. Það geta fjölmargar ástæður legið til þess, að maður geti ekki neytt atkvæðisréttar síns fyrr en eftir klukkan 11 að kvöldi. Maður getur verið á bráðnauðsynlegu ferðalagi, hann getur verið í sjóróðri, hann getur verið bundinn við gæzlustörf eða atvinnu sína fjarri byggðum, og fjölmargar aðrar ástæður geta komið til greina í þessu sambandi, þannig að maður geti ekki neytt atkvæðisréttar síns fyrr en t. d. eftir klukkan 11 að kvöldi. En slíkur maður á ekki að hafa réttinn til þess að hafa áhrif á skipan bæjarstjórnar sinnar, sveitarstjórnar eða sjálfs Alþingis samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir. Vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að „friða kjördaginn", á þessi maður, sem er t. d. í sjóróðri og kemur ekki að fyrr en eftir klukkan 11 að kvöldi, ekki að hafa rétt til þess að greiða atkv. Ég minnist þess, jafnvel í þessum hörðu kosningum, sem ég lýsti áðan í upphafi ræðu minnar vestur á Ísafirði, að það var beðið með að slíta kjörfundi eftir því, að menn kæmu af sjó. Þannig var nú þó litið á þetta mál þar. Og ég býst við því, að réttlætistilfinning allra venjulegra manna sé á þá lund, að maður eigi einskis að missa í af rétti sínum til þess að hafa áhrif á stjórn bæjarfélagsins eða þjóðar við það, að hann er t. d. á síðustu stund dagsins, síðustu stundinni fyrir miðnætti, bundinn við skyldustörf sín, hvort sem er á sjó eða landi.

Ég fæ ekki séð, hvernig hægt er að færa minnstu rök að því, að með þessu frv. sé verið að stuðla að réttlæti eða þá auknu lýðræði. Enda þótt bannað sé að skrifa öll nöfn þeirra kjósenda, sem á kjörstað koma, eru engar raunverulegar hömlur lagðar við því, að stjórnmálaflokkarnir fylgist með því, hverjir kjósi, og eins og ég sagði í upphafi og eins og bent hefur verið á áður í þessum umr., er hægt að gera þetta í hverju einasta sveitakjördæmi landsins og í hverju einasta sjávarþorpi landsins. Það er aðeins í Reykjavík og e. t. v. á Akureyri, sem þetta mundi verða erfitt í framkvæmd.

En engu að síður er ég þess fullviss, að sjálfir stjórnarflokkarnir, sem þessi frv. eru að flytja, hafa ákveðið að gera tilraun til þess að fylgjast áfram með því, hvenær fólkið kemur á kjörstað og hverjir hafa greitt atkvæði, því að ég hef hvergi heyrt því haldið fram í þessum umr. öllum, að það hafi einungis verði Sjálfstfl., sem hafi haft fulltrúa á kjörstað til þess að skrifa upp nöfn þeirra, sem greitt hafa atkv. Þvert á móti hefur verið játað, að allir stjórnmálaflokkar hafi gert þetta. Og það er alveg óruggt, að þessir flokkar ætla sér að halda þessu áfram með öðrum hætti, þessari eftirgrennslan á því, hverjir kjósa. Og við skulum sanna til, hvort ekki muni verða höfð einhver útispjót um það. Og hvað er þá orðið eftir af þeirri „friðun kjördagsins", sem þessir menn eru sífellt að tala um?

Það sýnir svo bezt, að við sjálfstæðismenn höfum rétt fyrir okkur í því að telja illar hvatir liggja til grundvallar þessu máli, að sjálfir leiðtogar stjórnarflokkanna, eins og t. d. hæstv. fjmrh., lýsa því hreinlega yfir, að þessu máli og þessum breytingum á kosningalögunum sé fyrst og fremst stefnt gegn kosningaskipulagi Sjálfstfl. í Reykjavík. Þessir flokkar vita það og viðurkenna, að Sjálfstfl. er mjög vel skipulagður í höfuðborg landsins og er þar byggður upp af miklum fjölda starfandi flokksmanna, sem taka virkan þátt í baráttu flokksins, ekki einungis fyrir hverjar kosningar, heldur og á milli kosninga. Svo hræddir eru andstæðingar okkar við þetta skipulag, að enda þótt þeir hafi reynt að líkja eftir því, hafi reynt að ná sama árangri með svipuðu skipulagi og við höfum haft, þá grípa þeir að lokum til þess óyndisúrræðis að reyna að torvelda starfsemi þess í þeirri von, að þetta bitni helzt og mest á stærsta flokknum.

Ég held, að ef það hefði verið raunverulegur tilgangur með þessu frv., að „friða kjördaginn" og draga úr ósæmilegum áróðri á kjördag, hefði verið allt öðruvísi að þessu máli unnið. Engum er það ljósara en okkur sjálfstæðismönnum, að það hefur oft verið hafður í frammi ósæmilegur áróður og það hefur oft verið beitt ágangi gagnvart kjósendum, veiku fólki og öldruðu, á kjördegi. Þær myndir, sem ég dró upp í upphafi máls míns, eru gleggsta sönnun þess. Við sjálfstæðismenn hefðum þess vegna áreiðanlega verið við mælandi um það, þegar kosningalög voru endurskoðuð, að freista raunhæfra úrræða til lagfæringar í þessum efnum. En hér er ekki fyrst og fremst nú lögð áherzla á það að byggja á reynslunni og reyna að hafa samvinnu og frið um skynsamlega endurskoðun reglna kosningalaganna um þessi efni, heldur er fleygt inn á Alþingi skömmu fyrir jól illa undirbúnu frv., sem ber allan svip öfga og yfirgangs, ber allan svip þess tilgangs að reyna fyrst og fremst að klekkja á stærsta flokki þjóðarinnar, en láta sér í léttu rúmi liggja, hvort í leiðinni fæst nokkur raunveruleg umbót á því skipulagi, sem verið er að deila á. Ég er sannfærður um það, að það er það mikið af sanngjörnum og greindum mönnum í hv. stjórnarflokkum, að þeir finna þetta vel, að með þessu frv. er ekki stefnt að sanngjörnum breytingum, sem gætu skapað traustari grundvöll fyrir íslenzkt lýðræði og þingræði eða opinber stjórnmál í landinu yfirleitt. Hér er pólitískt ofurkapp að verki, og fyrir ótta við óvinsældir núverandi hæstv. ríkisstj. hefur verið talið nauðsynlegt að knýja þetta mál fram á síðustu dögum fyrir þingfrestun.

Það er svo annað mál, hvort hv. stjórnarflokkar ná þeim tilgangi, sem að er stefnt með þessu frv. Mér er næst að halda, að þeir muni ekki ná honum. Pólitísk hrekkjabrögð borga sig yfirleitt ekki. Almenningur á Íslandi hefur orðið svo góða aðstöðu til þess að fylgjast með, að hann getur greint á milli þess, hvað sé ærleg tilraun til þess að bæta úr göllum á kosningalögunum og hvað sé pólitískt hrekkjabragð framið í þeim tilgangi einum að klekkja á einum einstökum flokki. Ég treysti það mikið á dómgreind íslenzks almennings, að ég held, að þessar kosningalagabreytingar, sem í engu veita kjósandanum raunverulegan frið með skoðanir sínar og valfrelsi um það, hvort hann eigi að kjósa eða ekki kjósa, muni ekki verða stjórnarflokkunum til vinnings.

Ef réttlætistilfinning Framsfl. hefði rumskað eitthvað í sambandi við þessi mál, hefði afleiðing þess átt að verða sú, að hann hefði flutt frv. um breytingu á kjördæmaskipuninni eða þá boðið öllum öðrum flokkum þingsins samvinnu um nýja og réttlátari kjördæmaskipun. Það hefði sýnt nokkra viðleitni til þess að treysta grundvöll íslenzks lýðræðis. En ég er þá illa svikinn, ef það gerist á þessu kjörtímabili, að Framsfl. bjóði Sjálfstfl. eða öðrum þingflokkum samvinnu um breytingar til batnaðar í lýðræðislegri átt á kjördæmaskipun þeirri, sem við nú búum við. Saga Framsóknar í því máli gefur vissulega ekki miklar vonir um, að hún muni nú hafa áhuga fyrir auknu réttlæti á því sviði. Þvert á móti benda síðustu alþingiskosningar og sú samvinna, sem þá hófst með Framsfl. og Alþfl. um að sniðganga kosningalög og stjórnarskrá, til þess, að þessir flokkar hyggist hagnýta sér enn um skeið ófullkomleika kjördæmaskipunarinnar. Ég vil þó ekki trúa því að óreyndu um Alþfl., að hann sé endanlega genginn í björg Framsfl. í þessu máli. Alþfl. hefur borið gæfu til þess á undanförnum áratugum að eiga þátt í samvinnu við Sjálfstfl. um breytingu á kjördæmaskipuninni. Sú samvinna hefur alltaf kostað harða baráttu við Framsfl., sem í lengstu lög hefur staðið á verði fyrir ranglætið. Ég el að minnsta kosti nokkra von í brjósti um það, að þeir tímar muni koma, að lýðræðissinnað fólk í Alþfl. sjái, að við svo búið verður ekki til lengdar látið standa. Það er ekki hægt að þykjast vera lýðræðisþjóð og eiga elzta þjóðþing veraldar, en láta þetta þing síðan vera skrípamynd af þjóðarviljanum. Mikill meiri hluti þjóðarinnar mun með tímanum rísa upp gegn þessu ranglæti, og eins og Framsfl. bognaði einu sinni nokkuð fyrir kröfunum um aukið réttlæti í þessum efnum, eins mun sú staðreynd, að innan hans er töluvert af frjálslyndu og skynsömu fólki, verða til þess, að hann sér sér ekki lengur fært að gegna varðstöðunni um ranglætið.

Í þessum orðum mínum kann að vísu að koma fram of mikil bjartsýni eftir það atferli, sem leiðtogar Framsfl. hafa gerzt sekir um í sambandi við flutning þessa máls. Ég játa það, að flutningur þessa frv., sem ekkert réttlæti felur í sér, en aðeins tilraun til valdníðslu og misnotkunar á pólitísku valdi, gefur ekki mikla von um það, að Framsfl. kunni að snúast til réttrar leiðar í því máli, sem enn þá stærra er en þetta, nefnilega endurskoðun sjálfrar stjórnarskrárinnar og kjördæmaskipunarinnar, sem skipun Alþingis og grundvöllur íslenzks lýðræðis að langsamlega mestu leyti hvílir á.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. En ég vil endurtaka það, að á því hefði vissulega farið betur, að sú n., sem vinnur nú að endurskoðun kosningalaga, hefði fengið tóm til þess að ljúka starfi sínu, áður en frv. eins og þessu, sem hér liggur fyrir, væri kastað inn á Alþ. Ég fæ ekki betur séð en einmitt þetta, þessi

málsmeðferð, muni torvelda verulega, að tekið verði á endurskoðun kosningalöggjafarinnar af skynsemi og raunhyggju, að þetta mál, eins og það er flutt nú, muni hindra það starf, og það er vissulega illa farið, því að það er ýmislegt í kosningalöggjöfinni, sem hófleg samvinna og athugun skynsamra manna mundi geta fært til betri vegar. Í þessu frv. felst ekkert slíkt.

Forseti (BSt): Út af fyrstu ummælum hv. þm. N-Ísf. (SB) vil ég taka það fram, að það er rétt, að hann bað mig um fjarvistarleyfi um stund í dag og gat þess, að hann mundi langa til að tala í þessu tiltekna máli, sem hér hefur verið á dagskrá. En ekki get ég talið, að hann hafi þá beðið um orðið, enda sat ég ekki í forsetasæti, þegar þetta skeði, heldur fyrri varaforseti deildarinnar, og hefði hann átt að snúa sér til hans hvað það snerti. Og ég sé ekki, að þó að maður viti um einn fjarverandi mann, sem gjarnan vildi tala, að hægt sé annað en slíta umr., þegar enginn er á mælendaskrá.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður og ekki teygja lopann um þetta mál, en nokkur ummæli hv. þm. N-Ísf. (SB) gáfu mér þó tilefni til að segja nokkur orð.

Hann var að lýsa kosningum á Ísafirði, og ég hugsaði með sjálfum mér: Mikið fjandi hafa þeir verið fljótir að læra af Reykjavík á Ísafirði. Þeir hafa verið langnámfúsastir allra manna um landið eða bara undireins getað tekið upp reykvísku aðferðirnar. Eru þeir nú svona skynsamir á öllum sviðum, Ísfirðingar, og fljótir að taka upp það, sem annars staðar skeður? Og ég fór að grafa í huganum og fann, að þeir hafa tekið ýmislegt upp eftir öðrum, en hvergi eins fljótt og vel eins og þarna. Það eru nokkur ár síðan ég varð að víkja til hliðar frá kjörstofunni, á meðan fulltrúar Sjálfstfl. báru út mann í sjúkrabörum, en Ísfirðingar bara fundu það upp strax á eftir, tóku hana, alveg strax á eftir, aðferðina þá. Það stóð ekki á því. En aftur á móti fundu þeir það nú ekki upp að gera sérstaka kjördeild á elliheimilinu. Þeir bara hertóku elliheimilið og komu þeim á kjörstað, en Reykvíkingar fundu síðar upp að gera bara sérstaka kjördeild á elliheimilinu og Kleppi, svo að þeir þyrftu ekki að vera að hafa fyrir því að koma þeim á kjörstaðinn, heldur gætu þeir kosið þar. Það þótti mér miklu skynsamlegra.

Hann lítur svo á, hv. þm., að ef þetta lagafrv., ef að lögum verður, takmarki þá, sem koma á kjörstað og kjósa, þá muni það aðallega ganga á móti Sjálfstfl. Hvernig má nú þetta vera? Ja, það er álit manna, að nokkur hópur sé til af mönnum, — kjósendum, — sem ekki hafi sjálfstæðar skoðanir á málunum og sé þess vegna hægt að hafa áhrif á með „agitasjón", eins og það er kallað, eða áróðri. Ef þetta er rétt hjá hv. þm., að það gangi sérstaklega út yfir Sjálfstfl., ef þetta lagafrv. verður til þess, að færri komi á kjörstað, þá hlýtur það að vera af því einu, að áróðurinn þar hefur meiri áhrif og þeir nái t. d. í fleiri af þessum skoðanalausu mönnum en hinir flokkarnir. Það getur aldrei verið af öðru en sá hluti þjóðarinnar, sem er það heimskur eða hugsunarlaus, að hann ekki reynir að mynda sér sjálfur skoðanir um málin, tilheyrir Sjálfstfl., ef þetta er rétt hjá hv. þm. Ég segi það ekki, en þetta er eftir hans kunnugleika, sem hann segir þetta. Það er þá svipað eins og kom fyrir mig. Ég hef tvívegis, síðan ég fór að bjóða mig fram til þings, verið í mínu kjördæmi á kosningadag, annars ekki. Ég hef verið kominn hingað suður og kosið hérna. Annað skiptið var ég í kjörstofunni. Þá kom inn fáviti, alger fáviti, og hann sagði, þegar hann kom inn í klefann: „Hann Árni sagði mér að fara hérna inn." „Hvað áttir þú að gera, góði minn?" sagði þá einn í kjörstjórninni. „Hann gaf mér bara brjóstsykur." Þá sagði einn kjörstjórnarmaðurinn: „Á ég þá ekki að hjálpa þér, góði?" „Ég veit það ekki," sagði hann. Ég skipti mér ekkert af þessu. Ég vissi, að ég átti vissan meiri hluta atkv. Ég gat náttúrlega eyðilagt þetta atkvæði kalt og rólega. En þegar Sjálfstfl. langar til þess að nota sér svona atkv. með áróðri, hvort sem það er nú brjóstsykur eða eitthvað annað, sem þeim er gefið til að kjósa, þá vil ég lofa þeim það. En nú sér hv. þm., að kannske muni fækka þeim atkv., sem þeir ná á þennan hátt, og þeir fá minna, geti þeir ekki náð að teyma fólk nauðugt á kjörstaðinn.

Mér þótti hálfvænt um þessa yfirlýsingu þm., að það væri tiltölulega fleira af þessum mönnum í Sjálfstfl. en í hinum flokkunum, ef ég má trúa henni. Ég er nú ekki viss um, að ég trúi því, en því betra mannval sem er í flokkunum, því skemmtilegra er við að eiga, og ef það er rétt, að það sé tiltölulega lélegast í Sjálfstfl., eins og marka má af ræðu hv. þm. N-Ísf., þá gleðst ég heldur yfir því heldur en hitt.

Hér hafa komið fram brtt. við frv., áður hafa tvær þeirra verið fluttar í Nd., að því er ég held, en ein er ný af nálinni hér í þessari deild. Ég út af fyrir sig tel anda till. tveggja, sem hv. þm. V-Sk. étur hér upp eftir öðrum mönnum, sem flutt hafa þær í Nd., vera til bóta, en ég tel ekki rétt að gefa kjörstjórn vald til þess að ákveða, hvort á að fresta kosningum eða ekki, og ég tel þess vegna, að þessar till. báðar þurfi meiri athugunar við en þær hafa fengið enn og réttara að þær bíði eftir heildarendurskoðun, sem verið er að gera á lögunum, heldur en þær séu samþykktar núna. Ég mun þess vegna ekki greiða þeim atkv., þó að í sjálfu sér sé ég samþykkur anda þeirra. En líklega er það sjálf ríkisstj. eða landskjörstjórnin, sem á að taka ákvörðun um það, en undir engum kringumstæðum kjörstjórnir einstakra kjördeilda úti í hinum einstöku kjördæmum.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta og skal láta máli mínu lokið og ekki tefja fyrir málinu. En það var sérstaklega þessi yfirlýsing hv. þm. N-Ísf. eða sérstaklega tvennt: annars vegar, hvað Ísfirðingar eru næmir og fljótir að taka eftir það, sem annars staðar er gert, og í þessu tilfelli í Reykjavík af Sjálfstfl., hvað kosningar snertir, — og svo hitt, ef það er rétt hjá hv. þm., að það sé torvelduð kjörsókn í kosningum, sem nú með breytingu laganna er í því einu fólgin, að það er ekki eins gott að vita, þegar líður á daginn, hvaða menn hafa ekki áhuga á því að kjósa

sjálfir, og því ekki eins gott að ná í þá menn, sem ekki kæra sig um að kjósa, til þess að teyma þá á kjörstaðinn. Ef það er rétt hjá honum, að þetta gangi sérstaklega út yfir Sjálfstfl., þá er það yfirlýsing á því, að þeir skoðanalausu menn, sem til eru í landinu, séu aðallega þar, og þá gef ég lítið fyrir þann meiri hl., sem byggist á þeim atkvæðum, eins og ég gaf lítið fyrir atkvæðið, sem meiri hl. hefði getað oltið á í Norður-Múlasýslu, þegar hann Jói var að koma inn í kjörstaðinn til að kjósa, en hann vissi ekki einu sinni, hvað hann átti að gera.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mér skildist á hæstv. forseta, þegar hann veitti hv. þm. N-Ísf. orðið hér áðan, að þá hefði hann í raun og veru verið búinn að slíta umr. Þetta er ekki rétt. Hæstv. forseti var byrjaður að segja: „Þá er umr.“ — þá kveður hv. þm. sér hljóðs. Ég vissi ekki, hvað fór fram milli hv. þm. N-Ísf. og forseta, áður en hann fékk leyfi til þess að víkja af fundi, en ég fullyrði, að hæstv. forseti var ekki búinn að slíta umr., þegar hann kvaddi sér hljóðs.

Forseti (BSt): Ég var a. m. k. búinn að segja: Það hefur enginn kvatt sér hljóðs. **(Gripið fram í:** Nei.) Og í því opnaði hv. þm. N-Ísf. hurðina og gekk hér inn. — Hv. þm. N-Ísf. hefur kvatt sér hljóðs, þess vegna er ekki um annað að gera nú en fresta fundi, og með því að þessi seinni partur er ákveðinn fyrir flokksfundi, verður það að vera til kvölds og er fundi frestað þar kl. 9 í kvöld. — [Fundarhlé.]

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) gerði tilraun til að svara nokkuð lýsingu minni á kosningaaðförum Alþfl.-manna og framsóknarmanna á Vestfjörðum og þá fyrst og fremst á Ísafirði. Taldi hann, að Ísfirðingar hefðu numið það hátterni, er ég lýsti, af Reykvíkingum. Ég skal játa það, að ég er kunnugri kosningum og aðferðum við þær úti á landi en hér syðra. En ég hef þó átt þess kost að vera áhorfandi og þátttakandi í nokkrum kosningum hér í Reykjavík. Og ég hef aldrei séð hér neitt líkar aðfarir þeim, sem framsóknarmenn og Alþfl.-menn á Vestfjörðum hafa haft í frammi að því er snertir ágang við kjósendur og allt að því kúgun manna á kjörstað, veikra, lasburða og gamalla.

Hv. 1. þm. N-M. komst ekki hjá því að nefna greinilegt dæmi um það, hversu miklu mannúðlegri og skynsamlegri aðferð hefur verið höfð hér um kjörsókn aldraðs fólks heldur en á þeim stað, sem ég lýsti, og heldur en víðast hvar annars staðar. Fyrir allmörgum árum mun hafa verið sett upp sérstök kjördeild á elliheimilinu hér í Reykjavík, þannig að gamla fólkið þyrfti ekki að fara út úr heimkynnum sínum í misjöfnum veðrum um hávetur til þess að neyta atkvæðisréttar síns. Þetta hefur verið gert undir forustu sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem töldu mannúðlegra og skynsamlegra að greiða heldur götu aldraðs fólks og fólks yfirleitt til þess að neyta atkvæðisréttar síns heldur en skerða rétt fólksins, setja honum þrengri skorður og takmörk, eins og gert er í því frv., sem hér liggur fyrir.

Og bæjarstjórn Reykjavíkur hefur haldið áfram á þessari braut. Hún hefur svarað þessu frv. m. a. með því að ákveða að fjölga kjörstöðum í bænum um tvo eða þrjá við næstu bæjarstjórnarkosningar og væntanlega þá við næstu alþingiskosningar einnig. Í þessu felst allt önnur stefna en í frv. hæstv. ríkisstj. Sú stefna, sem í þessum ráðstöfunum felst, er að greiða götu fólksins til þess að neyta þess réttar, sem helgastur hefur verið talinn meðal lýðræðisþjóða, kosningarréttarins.

Hv. 1. þm. N-M. lýsti næst á dramatískan hátt því, er hann mætir vanheilum manni, fávita, eins og hann orðaði það, á kjörstað í Reykjavík Og ég verð að segja það, að ég óska hv. 1. þm. N-M. til hamingju með það, hversu vel og trúlega hann lék þennan vesalings manns, sem hann mætti þarna. Því miður er ég ekki eins viss um það, að segulbandið hafi haft eins gott tækifæri til þess að staðreyna leikarahæfileika hv. þm. og við, sem hlýddum á orð hans og æði. **(Forseti:** Segulbandið hefur verið prófað vísindalega og reynzt ágætt.) Segulbandið tekur allt, sem sagt er, en fyrir hinu hef ég ekki heyrt færð rök, að það nemi látbragð manna, nema þá hæstv. forseti hafi nýlega gert ráðstafanir til þess að fullkomna þetta ágæta tæki, og vil ég engan veginn fyrir það synja, að svo kunni að hafa verið gert.

En í sambandi við þessa sögu um hinn andlega vanheila manns, sem hv. þm. mætti á kjörstað og hann taldi vera fáránlegt að mæta á slíkum stað, slíkir menn ættu ekki þar að koma, vil ég spyrja hann: Er það þá bannað í þessu frv., sem hæstv. stjórnarflokkar segja að eigi að gera kosningalögin fullkomnari, að slíkir menn neyti atkvæðisréttar síns? Ég hef ekki tekið eftir því ákvæði. Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fsp. til hv. 1. þm. N-M., hvort hann telji að í þessu frv. felist eitthvert bann við því, að slíkir menn komi á kjörstað og neyti atkvæðisréttar síns, ef þeir eru löglega á kjörskrá? Ég vænti, að hann svari þessari fyrirspurn.

Hv. þm. sagði enn fremur, að við sjálfstæðismenn teldum, að það gengi sérstaklega út yfir flokk okkar, ef dregið væri úr áróðri í sambandi við kosningar, en þetta þýddi það, sagði hv. þm., að við viðurkenndum hreinlega, að mest væri af áhugalausu og skoðanalitlu fólki í Sjálfstfl. Þessi ályktun er engan veginn rétt dregin hjá hv. þm. Það, sem við höfum sagt, er það, að líklegt sé, að sú takmörkun kosningarréttarins, sem felst í þessu frv., bitni mest á stærsta flokki þjóðarinnar, og í því þarf ekki að felast það, að innan vébanda hans sé mest af áhugalausu eða skoðanalitlu fólki. Þetta leiðir aðeins af því, að þegar kosningarrétturinn er almennt takmarkaður, er það bara reikningsdæmi, sem hver maður skilur, að flest fólk úr stærsta stjórnmálaflokknum hlýtur að verða fyrir þeim takmörkunum, hvort sem það er áhugasamt eða áhugasamt ekki um opinber mál. Við skulum segja t. d., að sú breyting kosningalaga, að ekki mætti kjósa nema til kl. 11, bitnaði á allmörgum sjómönnum, sem ákaflega miklar líkur eru til, ekki fyrst og fremst

hér í Reykjavík, heldur í hinum stærri verstöðvum úti um land. Það er nokkurn veginn öruggt mál, að Sjálfstfl. mundi bíða mest tjón við þetta allra flokka, vegna þess að stærsti hópurinn af sjómönnum er innan vébanda hans.

Ég vænti, að hv. 1. þm. N-M. sjái, að þessi orð eru fyllilega rökstudd. Annars er það auðvitað þannig, að allir stjórnmálaflokkar hafa mikinn áhuga fyrir því, að kjörsókn sé góð. Ég býst við því, að hv. þm. N-M. hafi áhuga fyrir því við alþingiskosningar í sínu kjördæmi, að sem flestir kjósendur komi á kjörstað. Að vísu mun nú innan á honum einhvers staðar leynast ósk um það, að það verði nú frekar hans menn, sem komi á kjörstað, heldur en andstæðingar hans. En engu að síður geri ég ráð fyrir því, að hann og allir þeir menn, sem við stjórnmál yfirleitt fást, telji það æskilegt, að sem flestir kjósendur sýni áhuga og komi á kjörstað og neyti kosningarréttar síns.

Engu að síður er þetta frv. tilraun til þess að draga úr kosningaþátttöku fólks og þá fyrst og fremst á þeim staðnum, þeim eina stað á Íslandi, þar sem erfitt er um vik að fylgjast með því, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Úti um allt land í hinum litlu kjördæmum er ekkert auðveldara þrátt fyrir bannákvæði þessa frv. um að skrifa upp nöfn inni á kjörstaðnum en að fylgjast með því, hverjir hafi kosið, daginn út og daginn inn, enda hefur það líka verið hreinlega viðurkennt af þeim, sem að þessu máli standa, að þetta ákvæði sé fyrst og fremst „aktuelt" hér í Reykjavík. En hvers vegna var ekki hægt að bíða með þessa breytingu, sem einhverjir hv. stjórnarliða höfðu áhuga fyrir, eftir heildarendurskoðun kosningalaganna, sem nú stendur yfir? Hv. stjórnarflokkar hafa ekki enn þá svarað þeirri spurningu, hvaða knýjandi nauðsyn hafi verið fyrir hendi í þessum efnum, önnur en sú, að þeir sjálfir voru uggandi um aðstöðu sína eftir þó að hafa aðeins setið rúmlega eitt ár í ríkisstj. og eftir að hafa verið staðnir að því að vanefna jafnmikið af loforðum sínum og raun ber vitni um.

Samkvæmt lögum eiga bæjar- og sveitarstjórnarkosningar í kaupstöðum og þorpum, sem hafa ákveðinn fjölda íbúa, að fara fram um miðjan vetur. Ég tel það mjög óheppilegt, að þessi munur skuli vera gerður á um þingkosningar og bæjar- og sveitarstjórnarkosningar. Enda þótt veður hafi meiri áhrif á kjörsókn og aðstöðu manna til að neyta atkvæðisréttar síns úti um sveitir, er veðurfari þannig háttað í okkar landi, að það getur hæglega haft mikil og örlagarík áhrif á úrslit kosninga í kaupstöðum og sjávarþorpum einnig. Þess vegna teldi ég það langsamlega eðlilegast, að bæjar- og sveitarstjórnarkosningar færu fram á svipuðum tíma og alþingiskosningar, ekki á sama ári, heldur á sama árstíma. Allt bendir til þess, að þegar þessi mál verða athuguð í rólegheitum og með það fyrir augum að finna skynsamlegar leiðir til úrbóta á gildandi lögum og reglum, þá muni einmitt þessu atriði verða breytt og horfið að því ráði að láta bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fara fram á miðju sumri, eins og tíðkast um alþingiskosningarnar nú. Það getur hæglega verið svo vont veður, meira að segja hér í Reykjavík, þar sem götur eru beztar og samgöngur greiðastar, að stór hluti kjósenda sé hindraður í því að neyta atkvæðisréttar síns að vetrarlagi. Til þess þyrfti ekki nema stórhríðarveður og storma.

Ætla mætti því, að þeir menn, sem svo mikinn áhuga hafa fyrir að „friða kjördaginn" og bæta aðstöðu kjósendanna, snerust ekki gegn till. um það að draga úr veðuráhættunni í sambandi við kosningar. En það hefur þó gerzt nú hér á hv. Alþingi. Fluttar hafa verið till. um það, að þegar kosningar færu fram að vetrarlagi og ef yfirkjörstjórn í kaupstöðum teldi, að óveður hafi verulega hindrað kjörsókn, geti hún, áður en kjörfundi er slitið, ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir; sama rétt hafi undirkjörstjórnir í einstökum kjördeildum utan kaupstaða til að ákveða, að kjördagar skuli vera tveir.

Þessa brtt. hefur hv. þm. V-Sk. flutt hér og rökstutt, svo að ég þarf ekki að fara um hana mörgum orðum. En till. samhljóða þessari eða mjög svipaða felldi hv. stjórnarlið í hv. Nd. Þetta er því einkennilegra sem einmitt þessir sömu flokkar hafa áður tekið þátt í því við einstakar kosningar að ákveða, að kjördagar skuli vera tveir. Við kosningarnar haustið 1942 var heimilt að kjósa í tvo daga. Sú heimild var ekki notuð alls staðar, vegna þess að veður var sæmilegt, en kosningarnar stóðu í tvo daga. Nú, þegar borin er fram till. um þetta í sambandi við þetta frv., finnst hv. framsóknarmönnum sjálfsagt að fella hana.

Hæstv. núverandi ríkisstj. hefur í málefnasamningnum heitið því ásamt mörgu öðru, að lokið skuli endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég vildi mega spyrja í sambandi við þessa breytingu á kosningalögunum, sem er nú allskylt ýmsum ákvæðum stjórnarskrár: Hvað líður efndum á þessu loforði? Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað fyrr hér í þessum umr., að því er mér er bezt kunnugt um. Og sumir menn a. m. k. eru farnir að óttast, að efndir á þessu loforði muni ekki líklegar til þess að verða greiðari en í mörgum öðrum málum stjórnarinnar.

Ég heyrði hæstv. fjmrh. segja, að mig minnir í gær, í hv. Nd., að í ljós hefði komið, að almenningur í landinu væri fylgjandi þessu frv. Ég vildi nú mega spyrja hæstv. fjmrh., þó að hann sé að vísu ekki hér viðstaddur: Í hverju hefur sá stuðningur almennings við þetta frv. komið í ljós? Hefur hann komið í ljós í yfirlýsingum á mannfundum, þar sem lýst væri yfir stuðningi við stefnu þessa frv.? Ég hef ekki heyrt getið um slíkar yfirlýsingar, ekki á einum einasta fundi, sem þó hafa verið margir haldnir á hverjum degi og í hverri viku í okkar þjóðfélagi. Hefur stuðningur almennings við þetta frv. þá t. d. komið í ljós í því, að hv. Alþingi hafi verið sendar áskoranir frá meira og minna víðtækum félagsheildum, hér í Reykjavík eða utan af landi? Ég vildi mega beina þeirri fsp. til hæstv. forseta þessarar hv. d., hvort hann hafi birt hv. þd. eina einustu slíka fundaráskorun. Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef ekki orðið var við hinn allra minnsta vott þess, að þetta frv., sem sannanlega miðar að þrengingu kosningarréttarins, ætti hljómgrunn meðal almennings. Ég fæ þess vegna

ekki betur séð en ummæli hæstv. fjmrh. séu fleipur eitt, gersamlega úr lausu lofti gripin.

Annars verð ég að segja það, þó að ég ætli mér ekki að fara að deila á hæstv. fjmrh., sem ekki er hér viðstaddur, að mér virðist það vera allt að því kaldhæðni örlaganna, að einmitt hann hefur valizt til forgöngu um þetta frv., sem miðar, eins og ég sagði, að skerðingu hins almenna kosningarréttar. Hæstv. ráðherra hefur á undanförnum árum þótzt vera og að sumu leyti verið einn skeleggasti baráttumaðurinn gegn kommúnistum. En hann gengur nú fram fyrir skjöldu með þeim við að draga úr þeim réttindum, sem í öllum löndum eru versti óvinur einræðisins og ofbeldisins og þar með kommúnismans, hinum almenna rétti fólksins til þess að neyta atkvæðis síns á sem frjálslegastan hátt. Áður hefur þessi hæstv. ráðh. kennt kommúnistum um flest það, sem aflaga fer í íslenzkum efnahagsmálum. Nú segir þessi sami hæstv. ráðh., að engan vanda sé hægt að leysa nema með kommúnistum. Mér dettur í hug þjóðsagan um Tröllu-Láfa. Tröll og óvættir þjóðtrúarinnar numdu mennskan dreng burt úr byggðum upp til fjalla og teygðu hann svo og toguðu, að drengurinn ærðist, og þegar hann var spurður að því, þegar mennskir menn komust í kallfæri við hann, á hvað hann tryði, þá trúði hann á „trunt, trunt og tröllin í fjöllunum". Mér er næst að halda, að eitthvað svipað hafi farið fyrir hæstv. fjmrh. Hann hefur lent í höndum pólitiskra óvætta, þar sem kommúnistar eru, og þeir hafa teygt hann svo og togað, að í staðinn fyrir það, að hæstv. ráðh. hélt fram, að flest af því, sem aflaga færi í íslenzkum efnahagsmálum, væri kommúnistum að kenna, þá segir hann nú, að engan vanda sé hægt að leysa nema með kommúnistum. Og í staðinn fyrir það, að hann mælti fyrir því, að kosningarréttur og almenn mannréttindi væru í heiðri höfð, gengur hann nú fram fyrir skjöldu með kommúnistum til þess að takmarka þessi réttindi og heldur því fram, að það sé hið eina sáluhjálplega fyrir íslenzkt lýðræði að stytta kjördaginn og bæta aðstöðu kommúnista í höfuðborginni í baráttunni við stærsta lýðræðisflokk þjóðarinnar.

Það má hver lá mér, sem vill, þó að mér verði á að minna á söguna um Tröllu-Láfa í sambandi við þessa atburði. (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki beinlínis á dagskrá.) Hæstv. forseti, veit það, að ég hef haldið mér einmitt í sambandi við þessa samlíkingu við sjálft frv. og afstöðu hæstv. fjmrh. til þessa máls og til annarra skyldra mála. En það er, eins og ég sagði, engu líkara en þeir menn í lýðræðisflokkum, sem berjast ákafast fyrir þessu máli, trúi nú í pólitík á „trunt, trunt og tröllin í fjöllunum."

E. t. v. sést það betur á brtt. þeirri, sem hæstv. fjmrh. flutti í Nd., en nokkru öðru, hversu einstök tækifærisstefna ræður öllu um framkvæmd þessa máls. Brtt. hæstv. fjmrh., sem samþ. var í Nd., miðar að því að tryggja það, að flokkur hans, Framsfl., geti notað með fullum árangri, m. a. flokksmerkt hús sitt, sem er í nágrenni við stærsta kjörstaðinn hér í Reykjavík. Það þarf að breyta þessu frv. hæstv. ríkisstj., til þess að hægt sé að hengja mynd af Eysteini Jónssyni, hæstv. fjmrh., utan á ishúsið fyrir sunnan fríkirkjuna. En þegar bent er með gildum rökum á margvíslega agnúa á þessu frv., margvíslegar mótsagnir, sem í því felist, þá er ekki hægt að breyta stafkrók. En það verður að breyta frv. og senda það aftur til hæstv. Ed., til þess að hægt sé löglega að hengja merki Framsfl. utan á samkomuhús hans hér í Reykjavík.

Ég segi: Eitt með öðru ber þetta greinilega vott um þá einstæðu hentistefnu, sem hér er að verki. Þannig er allt miðað við stundarhagsmuni einstakra pólitískra flokka í sambandi við þá breytingu á kosningalögunum, sem hér liggur fyrir. Þar er hvergi gerð tilraun til þess að komast að varanlegri niðurstöðu um skynsamlegar reglur, sem átt geti þátt í því að treysta grundvöll íslenzks lýðræðis í framtíðinni. Réttlætið er algerlega aukaatriði. Pólitísk misnotkun þess valds, sem í dag liggur í höndum svokallaðrar vinstri stjórnar, er aðalatriðið.

Ég vil ljúka máli mínu að þessu sinni með því að segja það sem mína skoðun, að slíkt mál sé hvorki vænlegt til aukins fylgis við þá, sem beita sér fyrir því, né sigurs, og ég treysti það á heilbrigða dómgreind almennings, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur og um land allt, að öll vinnubrögðin í sambandi við flutning þessa máls og offorsið við að knýja það í gegnum þingið muni verða enn einn naglinn í hina pólitísku líkkistu vinstri stjórnarinnar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. beindi þeirri spurningu til mín sem forseta, hvort ég hefði orðið var við áskoranir til meðmæla því frv., sem hér liggur fyrir.

Nú veit hv. þm. N-Ísf. það vel, að síðan vélaupptaka á ræðum þm. var tekin hér upp, les forseti ekki af forsetastóli ágrip af þeim erindum, sem send eru Alþ., heldur tilkynnir aðeins, að erindi hafi borizt frá þessum og þessum aðilum.

Ég kýs að svara þessari fyrirspurn, þó að ég sé nú um stund vikinn úr forsetastól, og svar mitt er það, að ég get ekki sagt um þetta með neinni vissu, vegna þess að það er langt frá því, það skal ég játa, að ég hafi lesið öll þessi erindi. En ég tel alveg víst, að eitthvað af þessum erindum hljóti að vera meðmæli með þessu frv. Það liður varla sá fundardagur, hvort heldur er í d. eða í Sþ., að ekki séu lesnar upp tilkynningar um það, að borizt hafi erindi frá fleiri eða færri áfengisvarnanefndum. Nú er það alveg vitanlegt, að kjördagur endar oft með fyllirí fyrir fjölda manns. Það hafa menn séð, sennilega allir hv. þm. séð, a. m. k. í kaupstöðum. Ég skal ekki segja, hvernig á þessu stendur, en ég býst við, að ein aðalástæðan sé, ja, svona spenningur og líka það, að menn vaka fram eftir kvöldi út af kosningum og þá fara þeir að drekka. Ég tel þess vegna alveg víst, að eitthvað af þessum erindum frá áfengisvarnanefndum sé um það að mæla með þessu frv. til þess með þeim hætti að koma í veg fyrir fylliri á kjördaginn. Að öðru leyti get ég ekki svarað þessu. (Gripið fram í.) Ég veit ekki, ég held þetta væri miklu áhrifameiri bindindisráðstöfun, sem er í þessu

frv., að hætta kosningu fyrr en gert er og vera ekki að telja á næturnar, heldur bíða með talninguna til næsta dags, heldur en sú till., sem liggur fyrir hv. Sþ. Það hygg ég væri. Ég get ekki svarað þessari fyrirspurn nánar.

Ég ætla ekki að blanda mér neitt inn í þann eldhúsdag, sem hér hefur verið haldinn og háður. Hv. þm. N-Ísf. sagði hér margar sögur um atferli framsóknarmanna og Alþýðuflokksmanna á Vesturlandi í kosningum. Ég veit ekkert, hvernig kosningar ganga til á Vesturlandi. Ég er þar ekki kunnugur. En trúað gæti ég því, að ef hæstv. félmrh. hefði verið hér staddur, og hann er líka kunnugur á Vestfjörðum, hefði hann kunnað ýmsar sögur um atferli Sjálfstfl. í kosningum á Vesturlandi. Satt að segja sakna ég þess ekki, þó að hæstv. ráðh. væri nú ekki viðstaddur, því að eins og allir vita, er vinátta þeirra hæstv. félmrh. og hv. þm. N-Ísf. þjóðkunn, og ég býst við, að það hefði þá kannske leitt til þess, að þeir hefðu rætt æði mikið saman, vitanlega í vináttu og bróðerni, en þó orðið til þess, að við hinir hefðum orðið að vaka yfir því allmikið fram á nóttina.

Að ég kvaddi mér hljóðs, var annars eingöngu til þess að gera lítils háttar grein fyrir atkv. mínu um þær brtt., sem hér liggja fyrir.

Ég skal þá segja það strax, að ég er beinlínis efnislega mótfallinn þeirri brtt., sem hv. þm. Vestm. hefur borið fram á þskj. 196, að takmarka það við næsta nágrenni við kjörstað að hafa gjallarhorn í bílum. Ég hef a. m. k. einu sinni heyrt í þess konar gjallarhorni, sem notað hefur verið á kjördag, og það gerir hið mesta ónæði, ekki einasta í næsta nágrenni kjörstaðar, heldur um allan bæinn, a. m. k. var það svo í þeim bæ, sem ég var staddur í. Það var meira að segja ekki hægt að hlusta á útvarp inni í húsum fyrir aðganginum í þessu gjallarhorni, svo að ég held, að það sé engin þörf á að hafa það, enda vitanlega fer ekki nokkur lifandi maður eftir því, hvað kallað er út úr bíl í gegnum gjallarhorn um, hvað menn eigi að gera. Er því öllum flokkum gagnslaust að vera með slík læti.

Allt öðru máli gegnir um brtt. hv. þm. V-Sk. Aðaltill. er um það, að þegar kosning fari fram á vetri, skuli kjördagar vera tveir, og varatill. um það, að þegar óveður hindrar kjörsókn, geti yfirkjörstjórn ákveðið, að kjördagar skuli vera tveir, og sama rétt skuli undirkjörstjórnir hafa í einstökum kjördeildum utan kaupstaða.

Þetta er í raun og veru réttmætt. En það er nú svo með tvo kjördaga, að það hefur reynzt fært, eins og hv. þm. N-Ísf. hefur bent á og við allir vitum, samkvæmt núgildandi lögum að hafa kjördagana tvo. Ég man ekki, hvort sett voru einhver bráðabirgðalög um það eða hvernig það bar að, en hitt man ég, að það er ekki einu sinni, heldur tvisvar a. m. k., að kjördagar hafa verið hafðir tveir. Og það hygg ég að sé enn hægt að gera án þess að lögtaka þetta í þessu frv. En hvað varatill. hv. þm. snertir, þá er hún algerlega óþörf, því að sams konar ákvæði er í núgildandi kosningalögum, þ. e. í 134. gr. l., sem hljóðar svo, eða fyrsta málsgr.: „Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kauptúnum og kaupstöðum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagngert á hvert heimili.“ Svo heldur greinin áfram um önnur atriði, sem geta valdið því, að kjörfundur ferst fyrir og boðað er til nýs kjörfundar.

Mér finnst því, þó að till. fari ekki fram á neitt annað en það, sem í sjálfu sér er réttmætt, að ekki sé þörf á að samþ. þær, og þar sem svo stendur á, að hv. Nd. er hætt störfum núna fyrir jólin, — það er mér kunnugt um, — þá sýnist það vera óþarfi þessara hluta vegna að láta málið tefjast fram til þess tíma, þegar Alþ. kemur aftur saman, út af þessu. A. m. k. er það alveg tvímælalaust, að varatill. segir ekkert annað en það sama sem stendur í núgildandi lögum. Og hitt hefur verið „praktiserað“, þegar ástæða hefur þótt til. Ég hef ekki haft tíma til að rannsaka, með hvaða hætti það bar að, en það er áreiðanlega hægt að gera það eins hér eftir og hingað til, ef sérstök ástæða þykir til að hafa kjördagana tvo. Þess vegna er það, að ég álít þessar till. óþarfar, þó að meining þeirra sé sanngjörn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. En það voru nokkur orð, sem hv. þm. N-Ísf. lét falla og sumpart áttu að vera svar til mín og sumpart vist frekari útskýringar á málinu heldur en hann hafði áður gefið, sem ég get ekki látið alveg hjá líða að fara um nokkrum orðum.

Hann var að tala um það, að heppilegra mundi vera að kjósa á öðrum tíma en nú er gert í bæjunum og þá helzt á sama tíma og kosið væri í hreppsnefndir í sveitum. Ég skal ekkert um þetta segja. En það er þá fleira, sem þarf að breyta í því sambandi. Nú mun þessi háttur vera hafður á af því, að það þykir heppilegra, að ný bæjarstjórn taki við nýrri fjárhagsáætlun, og þess vegna er kosið rétt eftir að nýtt ár byrjar. Þetta sér maður m. a. á því, að í útsvarslögunum er svo ákveðið, að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár skuli lögð fram í bænum almenningi til sýnis og liggja frammi 14 daga í des., til þess að mönnum geti verið ljóst, áður en þeir ganga til kosninganna, hvað bæjarstjórnin ætlar að gera á komandi ári, hvað mikið hún ætlar að leggja á borgarana og hvernig hún ætlar að verja því fé á komandi ári, sem hún fær til umráða. Þetta hefur ekki verið gert enn hér í Reykjavík. Hvers vegna? Ja, hvers vegna? Langar meiri hlutann í bæjarstjórn ekki til, að menn viti þetta, áður en þeir kjósa? Er það þess vegna, sem þeir eru að reyna að brjóta lög í annað sinn, kosningalögin, brutu þau í fyrra líka, bæði hvað þetta snertir og eins með hverju þeir jöfnuðu á? Er það þess vegna, sem þeir eru að því? Það þarf að breyta þarna fleiri greinum, ef það á að fara inn á þetta svið, og það liggur ekki eiginlega fyrir nú að ræða um það, þó að ég minnist á þetta, af því að hv. þm. var að minna á það. Í öðru lagi er talið, að í kaupstöðum og kauptúnum séu hlutfallslega flestir kjósendur heima í janúar.

Hann endurtók, að það séu þessi lög, sem hann telur að muni beinlínis draga úr mönnum að kjósa, gangi fyrst og fremst út yfir Sjálfstfl., og vildi núna rökstyðja með því, að í honum væru langflestir sjómenn og það væri svo hætt við, að þeir gætu ekki verið komnir til að kjósa kl. 11.

Ég held nú, að þó að þeir hefðu reynt að ná meiri hl. í sjómannafélagi landsins og Reykjavíkur í mörg ár, hefði þeim aldrei tekizt það. Og ég hélt, að það benti ekki beint á, að meiri hl. sjómanna landsins væri sjálfstæðismenn. Hitt er náttúrlega rétt, að af því að flokkurinn er stærstur, ef það gengur út yfir einhverja, þá gengur jafnt yfir alla flokka tiltölulega, hverjir ekki sækja, sem ég alls ekki viðurkenni. Ég viðurkenni ekki, að það þurfi á nokkurn hátt að ganga út yfir kjörsókn þeirra manna, sem hafa áhuga á kjörsókninni og mynda sér skoðanir um málin, sem fyrir liggja. Það getur gengið út yfir hina. Það er erfiðara þá að vita, hverjir hafi kosið, svo að þeir geta ekki sótt þá og teymt þá í bandi niður á kjörstaðinn. Það gengur út yfir þá menn. Og það er náttúrlega, ef þeir eru tiltölulega flestir í Sjálfstfl., að þetta gangi mest út yfir þá. Þá er þetta af því, að þeir hafa mest af skoðanalausum mönnum innan sinna vébanda. Það getur ekki verið af neinu öðru. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ef það væri jafnmikið af þessum skoðanalausu mönnum í öllum flokkum, þá gengi það hlutfallslega alveg jafnt yfir flokkana, en af því það er flest af þeim þarna, þá gengur það mest út yfir hann. Þetta held ég að hv. þm. hljóti að skilja.

Hann talaði um það og var að spyrja stjórnina, hvað liði endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég ætla ekki að svara fyrir stjórnina, en þó veit ég það með vissu, að henni miðar eins áfram núna og þegar Sjálfstfl. lét Sigurð Eggerz vera formann fyrir n., sem átti að gera till. um stjórnarskrárbreytinguna, tvö ár eftir að hann var dáinn. Það er ég alveg viss um. Henni miðar eins fljótt núna.

Þá var hann að tala um það, að allir vildu láta kjósa, og gaf í skyn, að ég væri einn af þeim. Það er alveg rétt. Ég vil láta mína kjósendur kjósa, en ég vil láta þá sjálfráða um það, og sá var t. d. munurinn við síðustu alþingiskosningar, að fimmtudag fyrir kosningar, eftir að við vorum búnir með alla fundi í Norður-Múlasýslu, fór ég á flugvöll til að fara suður. Þá mætti ég Eysteini Jónssyni, sem var að koma til þess að tala við sína kjósendur. Hann spurði, hvort ég væri vitlaus að vera að fara suður, hvort ég ætlaði ekki að reyna að herða á sóknina fyrir kjördag. Ég sagði nei. Ég ætlaði að fara suður og kjósa hér í Reykjavík, eins og ég væri vanur, og láta það ráðast alveg, hvenær mínir menn kæmu að kjósa, þeir mundu hugsa um sig. Á sama tíma, fimmtudagsmorguninn, voru sendir af stað níu menn, sem áttu að fara og húsvitja alla bæi í Norður-Múlasýslu, ef þeir gætu, fram á helgina, af Sjálfstfl., til að fá þá til að kjósa. Ég fór suður. Þeir fóru um, sjálfstæðissmalarnir, komu á bæina, — og hver var niðurstaðan? Hún varð sú, að Árni Eylands eða Sjálfstfl. fékk þremur atkv. færra en ég vissi að þeir áttu að eiga, eftir því sem mér var sagt, í sýslunni. Þeir höfðu þrjú atkvæði frá honum fyrir labbið, það var allt og sumt, sem þeir höfðu upp úr því.

Nei, ég held, að það sé bezt að lofa kjósendum sjálfum að skapa sér sínar skoðanir og ráða því sjálfir, hvort þeir koma á kjörstað eða ekki, og að það sé blessun fyrir þá, sem ekki þurfa að neita eða vera togaðir hálfnauðugir á kjörstað og engan áhuga hafa og enga skoðun á málinu, sem fyrir liggur enda kemur ekki neitt fram í þessu frv., sem bendir á það, að mönnum sé torveldað að kjósa, nema einungis þetta. Þeir fá ekki að vita, hverjir eru búnir að kjósa, vita þess vegna ekki, hverjir þessir áhugalitlu eru, sem ekki ætla sér að kjósa, og geta ekki sent heim til þeirra til þess beint að sækja þá, ekki nema svona í von og óvon og lenda þá kannske á mönnum, sem eru búnir að kjósa, og fá engar þakkir fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Tveir hv. alþm., hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og hv. 1. þm. N-M. (PZ), hafa talið brtt. mína, aðaltill. á þskj. 95, eiga fullkominn rétt á sér. En það má bara ómögulega lögfesta þetta réttlæti.

Hv. 1. þm. Eyf. segir, að Nd. muni hafa lokið störfum og því sé ekki hægt að afgreiða málið, ef við gerum þessa breytingu. Þetta veit hv. þm. að er ekki rétt. Það er að vísu, að hæstv. forseti Nd. kvaddi deildina í kvöld, en þó með þeim fyrirvara, að ef einhver breyting yrði gerð í Ed., þannig að mál þyrftu að koma, þá yrði deildin kölluð saman aftur. Þessi ástæða hæstv. forseta er því algerlega röng.

Mér þykir leitt, að hæstv. forseti er ekki hér í deildinni. Hann sagðist ekki vita, hvernig því var varið 1942, þegar ákveðnar voru tveir kjördagar í vetrarkosningum. Þetta var gert með ríkisstjórabréfi, sem gefið var út skv. hinni breyttu stjórnarskrá, sem samþykkt hafði verið á Alþingi. Þar segir svo:

„Samkvæmt stjórnarskipunarlögum 1. sept. 1942, um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum, nr. 22 24. marz 1934, ber að láta almennar alþingiskosningar fara fram. Því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram sem hér segir: Í kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kauptúns, sunnudaginn 18. okt. n. k. Annars staðar sunnudaginn 18. okt. og mánudaginn 19. okt. n. k.“ Það er í dreifbýlinu, sveitum landsins, þar voru fyrirskipaðir tveir kjördagar. Þessir tveir hv. þm., sem hér hafa mælt og eru fulltrúar dreifbýlisins, hv. 1. þm. Eyf. og 1. þm. N-M., telja þetta fullkomlega réttmætt, en þeir vilja ómögulega lögfesta þetta réttlæti.

Hv. þm. N-Ísf. varpaði þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort honum væri kunnugt um það, hvort nokkur áskorun eða erindi hefði borizt hingað til Alþingis um að samþykkja þetta frv., sem hér er á ferðinni. Mér fannst svar hæstv. forseta harla einkennilegt. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sér þetta, því að hann hefði ekki lesið þau erindi, sem borizt höfðu Alþ. En

hann bætir við: Mér er hins vegar kunnugt um það, að fjöldi erinda hefur borizt til Alþ. varðandi áfengismál, — og svo segir hæstv. forseti: Ég tel líklegt, ef ekki fulla vissu, að eitthvað hafi verið rætt um þetta mál í þessum erindum. — Finnst hæstv. forseta sér sæmandi að segja þetta? Hann veit vel, að það er ekki einn einasti stafur í þessum erindum um þetta mál. Hann veit það. Hins vegar minntist hæstv. forseti ekki á þær einu áskoranir, sem fram hafa komið, þ. e. frá fjölmennustu kaupstöðum landsins, Reykjavík og Akureyri. Báðir hafa á fundum bæjarstjórnar samþ. mótmæli gegn því, að þetta frv. yrði samþykkt. Þessa minntist forseti ekki. Ég tel þetta hlutdrægni af hæstv. forseta, að fara svona að. Það var alveg rétt, sem hv. þm. N-Ísf. sagði, það hefur enginn einasti fundur og engin samkoma úti um land eða hér í Reykjavík óskað eftir þessu máli, ekki einn einasti. Allt er þetta búið til á flokksskrifstofum eða stjórnarskrifstofum stjórnarflokkanna, en kjósendur, almenningur í landinu gefur ekkert fyrir það og fyrirlítur þessar aðferðir þeirra.

Forseti (BSt): Ég hef áður minnzt á það, að þó að ég víki úr forsetastól og tali sem þm., þá tala ég ekki sem forseti í þau skipti. Þess vegna er ekki rétt að svara mér á þann hátt, sem hv. þm. gerði. Í þessu tilfelli átti hann að nefna mig 1. þm. Eyf. En ekki skil ég það, að forseta beri nein skylda til þess að lesa orði til orðs allar áskoranir, sem til Alþingis berast, sízt af öllu deildarforsetum, það væri þá frekar forseta Sþ. Ég geri skyldu mína í þessu efni sem forseti. Ég tilkynni, eins og nú er venja, frá hvaða aðilum erindi hafa borizt, að þau séu lögð fram á lestrarsal, þar sem allir hafa aðgang að þeim. En því er hætt, síðan vélaupptakan kom, að lesa upp frá forsetastól ágrip af innihaldi slíkra áskorana.

Í ræðu minni gerði ég grein fyrir því, hvers vegna mér þætti líklegt, að sumar áfengisvarnanefndir hefðu mælt með þessu, því að það er öllum kunnugt, að það væri í raun og veru bindindisráðstöfun að stytta kjördaginn og einkum það að vera ekki að telja atkvæðin á næturnar eftir kjördaginn. Það vitum við víst allir um, alþm. og allir, hvernig það gengur til oft og tíðum eftir þá daga.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. — Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) ræddi hér áðan nokkuð um brtt. frá hv. þm. V-Sk. (JK). Hann fór viðurkenningarorðum um báðar till. og taldi þær að efni til sanngjarnar, en þó óþarfar vegna þess, að í kosningalögum væri ákvæði, sem tæki af allan vafa í þessu efni, sama árangri mætti því ná að óbreyttum kosningalögum. Ég hef kosningalögin að vísu ekki hér við höndina og get þess vegna ekki lesið upp úr þeim, en ég hermi það eftir minni, að í kosningalögunum sé orðað eitthvað á þá leið, að ef kosning ferst fyrir, þá sé heimilt að ákveða kosningu síðar, eins og hv. 1. þm. Eyf. gerði grein fyrir. Ég vil vekja athygli á því, að þetta er ekki það sama og greinir í varatill. frá hv. þm. V-Sk. Ég lít svo á, að þegar kosning ferst fyrir, þá sé átt við það, að kosning fari alls ekki fram, hefjist yfirleitt ekki sökum óveðurs eða einhverra annarra orsaka. En í varatill., sem hér liggur fyrir, er hins vegar átt við það, að verulega hafi dregið úr kjörsókn sökum óveðurs eða af öðrum orsökum. Þess vegna tel ég þessar till. alls ekki sama efnis.

Nú má vel vera, að það sé sanngjarnt að hafa kjördaga tvo. Þó tel ég það ekki vera nauðsynlegt í öllum tilfellum. Hins vegar finnst mér varatill. hv. þm. V-Sk. mjög sanngjörn, og þar sem ekki er að minni þekkingu neitt ákvæði í kosningalögunum hliðstætt henni, þá álít ég hana koma mjög vel til greina, og þar sem hún er auk þess sanngjörn, þá legg ég til, að hún verði samþykkt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, að hann teldi víst, að margar áskoranir hefðu borizt víða frá til Alþingis um að samþykkja það réttlætismál, sem hv. stjórnarflokkar berjast fyrir með framgangi þessa máls. Hann sagði þetta af því tilefni, að ég hafði spurt hann sem hæstv. forseta að því, hvort hann hefði orðið var við þann almenna áhuga hjá almenningi um land allt, sem hæstv. fjmrh. talaði um í ræðu sinni í hv. Nd. í gær. Það er rétt, sem hv. þm. V-Sk. sagði hér rétt á undan, að engin, ekki ein einasta áskorun hefur borizt hv. Alþ. um það að samþ. þetta frv. (**Forseti:** Hefur hv. þm. lesið öll erindin?) Ég hef látið rannsaka það, síðan hæstv. forseti hélt ræðu sína, af vönduðum starfsmönnum Alþ., sem engin ástæða er til þess að rengja. Og þeir hafa afhent mér eina áskorun, sem er um það frá bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, að kosningum skuli vera lokið kl. 12 á miðnætti. Það er sú eina áskorun, sem Alþ. hefur borizt í þessu máli. Ég vænti, að hæstv. forseti, hv. 1. þm. Eyf., minnist þess, að bæði við sjálfstæðismenn hér í hv. Ed. og í hv. Nd. höfum einmitt lagt áherzlu á það, að þessi breyting kosningalaga væri eðlileg, enda hafa lögin verið framkvæmd þannig um meginhluta landsins, að það hefur ekki verið kosið nema til kl. 12, kjördeginum hefur lokið um miðnætti. Aðeins í allra stærstu kaupstöðunum mun það hafa komið fyrir á síðari árum, að kosið hefur verið fram yfir kl. 12. En ég hef með þessu sýnt fram á, hversu staðlaust fleipur hæstv. fjmrh. hefur farið með í ræðu sinni í gær, og það er aðeins eitt dæmi um það, hvernig hv. framsóknarmenn, sem gengið hafa fram fyrir skjöldu með kommúnistum í því að skerða rétt kjósenda í þessu landi, hafa hagað málflutningi sínum. Hæstv. ráðh. hikar ekki við að fullyrða í Nd., að almennur stuðningur hafi komið fram við frv. um allt land, og hér í Ed. staðhæfir þingvanur og virðulegur forseti þessarar hv. deildar, að hann telji víst, að fjöldi erinda hafi borizt um þetta. Í ljós kemur svo, að ekki eitt einasta hefur borizt.

Nei, á þetta mál er ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur víðs vegar um land litið sem pólitískt ofsóknarmál flokka, sem eru hræddir við sínar eigin gerðir, hræddir við dóm fólksins,

sem fram undan er, þótt ekki sé nema í bæjarstjórnarkosningum, og hræddastir við hann næst sér, í höfuðborg landsins. Þess vegna er það, að þessi ákvæði eru sett nú, ákvæði, sem eru gersamlega „ópraktísk“ annars staðar en í Reykjavík, vegna þess að úti á landi, í kjördæmum hv. 1. þm. Eyf., hv. 1. þm. N-M. og okkar fleiri, er enginn vandi að fylgjast með því, hvenær menn eru búnir að kjósa og hverjir hafa kosið, þó að menn hafi ekki umboðsmenn inni hjá kjörstjórnunum.

Það er engin tilviljun, að það er verið að miða þessar kosningalagabreytingar við Reykjavík. Það er gert vegna þess, að andstæðingar Sjálfstfl. eru hér tiltölulega veikastir, þó að kommúnistar eigi að vísu öflugt fylgi hér. En Sjálfstfl. er hins vegar yfirgnæfandi stærsti flokkur höfuðborgarinnar.

Ég vildi spyrja þessa hv. þm., sem mælt hafa með þessu máli hér í deildinni, hvort þeir telji líklegt, að hæstv. ríkisstj. hafi flutt þetta frv. til þess að skaða flokka sína. Mundi það vera líklegt, að þessi hæstv. ríkisstj. hefði allt í einu verið gripin svo háleitri réttlætistilfinningu, að hún færi að flytja breytingar á kosningalögum, sem fælu í sér skaðsemi fyrir hennar eigin flokka? Ég held ekki. Ég nefndi dæmið um sjómennina úti á landi, sem þetta frv. gæti bitnað á, sem dæmi um það ranglæti, sem þetta frv. gæti valdið. Það hendir oft í mörgum sjávarþorpum og útvegsbæjum úti á landi, að sjómennirnir eru ekki komnir að kl. 11, þeir eru kannske ekki komnir að kl. 12. Ég fæ ekki séð, að það sé neitt réttlæti í því, að þeir sjómenn, sem koma að landi milli kl. 11 og 12, megi ekki kjósa og geti ekki neytt kosningarréttar síns. Það getur vel verið, að hv. þm. Framsfl. telji einhverja fullkomnun lýðræðisins í því fólgna, að ákveðnum hóp manna í þjóðfélaginu, sem vinnur áríðandi störf, sé gert erfiðara fyrir um að neyta kosningarréttar síns. Ég fæ ekki séð, að slíkt sé spor í rétta átt.

Það er nú nánast tiltekið hlægilegt, þegar hv. 1. þm. N-M. ætlar að fara að segja þingbræðrum sínum hér á hv. Alþ., að það hafi alltaf verið hans meginregla í kosningum að láta það ráðast, hverjir komi á kjörstað, — „að láta það ráðast, hverjir komi á kjörstað“. Ég er ekki mjög nákunnugur mönnum og málefnum á Austurlandi, en ég hef allt aðrar fregnir af kosningabaráttu hv. 1. þm. N-M. og flokksbræðra hans á Austurlandi heldur en þær, að þeir láti það ráðast, hverjir komi á kjörstað. Og eitt veit ég, að þar, sem ég þekki til, láta þeir það ekki ráðast, eins og þau dæmi sönnuðu, sem ég nefndi í fyrstu ræðu minni hér í dag. Hitt mun mála sannast, að hvergi sé kosningakúgun og ofbeldi og yfirgangi beitt í ríkara mæli en þar, sem ríki Framsfl. er mest á Íslandi. Svo heldur hv. 1. þm. N-M., að hann geti komið og verið tekinn alvarlega, þegar hann slær fram slíkum fullyrðingum sem hann gerði hér í seinni ræðu sinni hér áðan. (**Forseti**: Ég verð að víta þau orð, að tiltekinn flokkur beiti kosningakúgun og ofbeldi, því að það er vítavert og refsivert athæfi.) Mig furðar ekkert á því, þó að hæstv. forseta, sem er grandvar maður að minu áliti, þó að hann sviði undan sannleikanum í þessum málum. En ég hika ekki við að endurtaka það, að þegar svona hræsni og yfirborðsháttur er borinn fram fyrir mann, þá þýðir ekkert annað en segja sannleikann umbúðalausan, jafnvel þó að það kosti vítur af hálfu hæstv. forseta. Ég endurtek það og ég skora á hæstv. forseta að víta það öðru sinni, að samkvæmt þeim fregnum, sem ég hef af Austurlandi, þar sem ríki Framsfl. er mest, sé hvergi beitt meira ofríki og ofbeldi í kosningabaráttu heldur en einmitt þar. Svo kemur hv. 1. þm. N-M. og segir, að það sé sinn háttur að „láta það ráðast, hverjir komi á kjörstað“.

Ja, þeir geta trúað þessu, sem vilja, ég trúi því ekki.

Ég skal svo ekki misnota athugasemdatíma þann, sem hæstv. forseti veitti mér. En ég vil að lokum segja það, að um eðli og tilgang þessa máls þarf ekki að fara í neinar grafgötur. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í umr. í Nd., að þetta mál væri beinlínis flutt til þess að klekkja á Sjálfstfl. í Reykjavík og „kosningaapparati“ hans. Það er alveg sama, hve margar afsakanir hv. þm. Framsfl. hér í þessari virðulegu deild flytja fram fyrir þessu máli, þeir komast ekki á svig við þessar staðreyndir, og þeir komast heldur ekki á svig við sjálfan svip frv., því að hann segir til sín. Hann segir það, sem almenningur í landinu sér, gagnstætt því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að hér er á ferðinni pólitískt ofsóknarmál, eins og ég sagði áðan, sem ekki hefur snefil af réttlætistilfinningu bak við sig, heldur ríka ofbeldishneigð, viðleitni til þess að skerða rétt fólksins, þann rétt, sem helgastur er hjá þjóð í lýðræðisþjóðfélagi, kosningarréttinn.

Forseti (BSt): Ég verð mjög að draga í efa, að hv. þm. N-Ísf. hafi lesið öll þau erindi, sem hafa borizt til Alþingis, eða nokkur af hans aðstoðarmönnum hafi á svo stuttum tíma sem leið getað gengið úr skugga um það, að engin áskorun fælist í þeim til Alþingis. (**SB**: Vill ekki forseti láta rannsaka það?) Ég get gjarnan gert það, en ég sagði ekki almennt, að það hefðu borizt áskoranir, ég sagðist telja það víst, að frá tilteknum aðila og í tilteknu augnamiði hefðu borizt áskoranir um að samþ. þetta frv., því að það mundi hafa áhrif í þá átt, sem þeir aðilar vilja vera láta. — Annars verð ég enn að taka það fram, að ég tel það ekki þinglegt að bera á menn eða flokka þær sakir, sem eru refsiverðar að lögum. Kosningakúgun er refsiverð, það er m. ö. o.: að beita kosningakúgun er glæpur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. — Í fyrsta lagi þetta: Ég held, að nú á seinni árum hafi ekki nema einu sinni komizt upp kosningasvik, sem var refsað með sektum og tugthúsi, það var hjá Sjálfstfl. í Norður-Ísafjarðarsýslu. Kosningin var að vísu tekin gild, því að þá var málið ekki enn upplýst, en eigi að síður var það Sjálfstæðisflokkurinn, sem beint falsaði atkvæði.

Ég sagði frá því, hvernig það hefði verið við

síðustu kosningar í Norður-Múlasýslu hvað mig snerti, að ég hefði farið úr sýslunni fimmtudag fyrir kosningar. Það hef ég gert í þrjú skipti. Svo má hv. þm. N-Ísf. telja, að ég hafi verið á báðum stöðunum og verið andskoti duglegur að flytja menn á kjörstað, þegar ég var kominn suður í Reykjavík. (**Forseti:** Þetta er ekki þinglegt orðbragð.) Ég skal reyndar viðurkenna það, að það hefur komið fyrir mig tvisvar sinnum á ævinni, að ég hef verið tvífari, á tveim stöðum í einu, en þessa daga hef ég áreiðanlega ekki verið það samt sem áður. Það er alveg víst. Ég var hérna í Reykjavík þessa dagana, en ekki fyrir austan nema í og með í huganum.

Sigurður Bjarnason: Það er aðeins örstutt athugasemd. — Hv. 1. þm. N-M. kastaði nú út mörsiðrinu undir lok umr. um þetta mál. Mér skildist, að hann vildi ómerkja allan minn málflutning hér og rökstuðning gegn þessu frv. vegna þess, að upp hefðu komizt, eins og hann orðaði það, einu kosningasvik á nokkrum áratugum heima í mínu kjördæmi. Ég skal ekki fara að draga þetta mál inn í umr., og ég held, að það mundi sízt auka hróður Framsfl., ef það yrði gert. En ég vil benda hv. 1. þm. N-M. á það, að þegar till. var flutt um það hér á hv. Alþ. að svipta löglega kjörinn þm. N-Ísf. þá þingmannsrétti, þá klofnaði Framsfl. Sanngjarnari og skynsamari menn sáu, að um pólitískt ofsóknarmál var að ræða, ljótt mál, mjög ljótt mál, og neituðu að fylgja eftir hinum æstustu og hatrömmustu leiðtogum sínum. Ef til vill er Hnífsdalsmálið eitt greinilegasta dæmi um það, hvernig pólitískt ofstæki getur leitt skynsama menn út á villigötur. Sú saga gerðist þá, að greindir og gegnir menn í Framsfl. leiddust út á villigötur, en var þó bjargað af sínum eigin mönnum. Nú gerum við sjálfstæðismenn tilraun til þess að bjarga þeim af þeim villigötum, sem þeir eru á í þessu frv. Því miður virðist sú björgunarviðleitni ekki hafa borið nægilega mikinn árangur.

ATKVGR.
Brtt. 195 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JK, SB, FÞ.
nei: KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, FRV, FS, BSt.
3 þm. (HermJ, SÓÓ, GTh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég segi nei með tilvísun til þess, sem ég hef áður sagt um tillöguna.

Brtt. 195, varatill. felld með 10:4 atkv.
— 196 felld með 10:3 atkv.
Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 200).

11. Fasteignamat.

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna [67. mál] (stjfrv., A. 112).

Á 32. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að sveitarfélög verði fyrir tekjuskerðingu, en svo gæti farið, að þau yrðu það, vegna þess að þess var ekki gætt við setningu laga, sem tóku gildi á s. l. sumri um samræmingu á mati fasteigna, að taka þar fram í 10. gr. l., að reglugerðir, sem til var vitnað, skyldu allar halda gildi og viðmiðun vera óbreytt um gjaldskrár ýmiss konar.

Þetta stafaði af gáleysi. Svo standa sakir, að með lögum um samræmingu á mati fasteigna ákvað fjmrh., að hið nýja samræmda mat skyldi ganga í gildi 1. maí núna í ár, en samkvæmt 10. gr. þeirra laga féllu þann dag úr gildi lög nr. 29 frá 4. febr. 1952, um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með ákveðnu álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða. Jafnframt féllu einnig úr gildi allar reglugerðir sveitarfélaganna um fasteignaskatta svo og allar reglugerðir um vatnsskatta og lóðagjöld og holræsagjöld og máske fleiri gjöld, sem miðuð eru við fasteignamatið. Í sumum þessara reglugerða eru ákvæði um, að gjalddagar skattanna skuli vera hinir sömu og gjalddagar annarra sveitarsjóðsgjalda. Það getur því farið svo, að einhver hluti þessara gjalda verði á þessu ári ekki innheimtur með löglegum hætti, eins og nú standa sakir, og gæti þá leitt til þess, að sveitarfélög yrðu fyrir tekjuskerðingu, sem þau eru auðvitað allsendis óviðbúin að taka á sig. Í þessu frv. er þess vegna lagt til, að lögin um samræmingu á mati fasteigna breyti ekki í neinu opinberum gjöldum, sem miðuð eru við fasteignamatið og falla í gjalddaga 31. des. 1958, en hins vegar verði þessi gjöld frá þessum tíma miðuð við hið nýja mat á þann veg, að það leiði ekki sjálfkrafa til hækkunar á þessum gjöldum. Einnig er lagt til, að sveitarstjórnir endurskoði samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um álagningu gjalda, sem miðuð eru við fasteignamatið, og leiti síðan staðfestingar á þeim hjá stjórnarráðinu eða hjá sýslunefndum, ef um er að ræða fasteignaskatta til hreppa. Það er vafalaust, að það mundi taka alllangan tíma og hlýtur að taka alllangan tíma að endurskoða þessar reglugerðir og gjaldskrár, og þess vegna teljum við, að frestur til þess þurfi að veitast til ársloka 1958, en þá eigi að vera hægðarleikur að vera búinn að koma öllum þessum gjaldskrárákvæðum í lag og endurskoða þær og samræma þær löggjöfinni.

Það eru tiltölulega fá sveitarfélög, sem hafa notfært sér heimild l. nr. 29 frá 1952, og þykir því rétt að leggja til, að þau lög verði nú afnumin, enda fá þessi sveitarfélög frá 1. jan. 1959 möguleika til þess að fá verulegan hluta þess álags vegna hækkunar á matinu.

Það er sammæli allra, sem hafa kynnt sér það, að lögin frá 27. júní 1921, um fasteignaskatt, séu nú orðin algerlega þýðingarlaus, eins og þau eru nú orðin eftir þá breytingu, sem á þeim var gerð með lögunum frá 1957. Heimild fyrir sveitarfélög til þess að leggja á fasteignaskatt er til í lögum frá 1945, sem veita rýmri heimildir en þær, sem fólust í lögunum frá 1921, og er því talið rétt, að þau verði felld niður, og getur ekki komið í bága við hagsmuni sveitarfélaganna. Að öllu öðru leyti eru ákvæði laganna frá 1945 í samræmi við lögin frá 1921, að því er varðar undanþágu, tryggingu o. fl. Þess vegna er lagt til, að þessi lög verði nú numin úr gildi.

Að öðru leyti er ástæðulaust að fjölyrða um frv. En þar sem hér er um að ræða mál, sem gæti verið óheppilegt að veltist lengi fyrir þinginu, hef ég farið fram á það við hv. stjórnarandstöðu, að hún féllist á, að þessu frv. væri hleypt í gegnum þingið á sem skemmstum tíma. Það er ekki verið að breyta neinu öðru en að tryggja það, að öll gjöld, sem við er miðað í fyrrnefndri lagasetningu, haldist óbreytt ákveðinn tíma, meðan verið sé að endurskoða reglugerðir og gjaldskrár hjá sveitarfélögunum, og vænti ég, að við því verði orðið. Ég hef borið þau tilmæli fram og tel, að það væri heppilegra, að lagasetningin gæti hér farið hljóðalaust gegnum þingið á sem skemmstum tíma.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það var gert ráð fyrir því, þegar lögin um samræmingu á mati fasteigna voru samþykkt, að sú hækkun, sem þau hafa í för með sér, hefði ekki áhrif í þá átt að hækka skatta til sveitar- og bæjarfélaga eða ríkisins. Nú hef ég ekki enn þá séð neitt frv. frá hæstv. ríkisstj. til breytingar á eignarskattslögunum, sem nauðsynlegt er að fá fram í samræmi við þetta sjónarmið, og vildi ég því spyrjast fyrir um það, hvað því liði eða hvort ekki væri væntanlegt frv. um breytingu á þeim lögum, sem grundvallaðist á þessu sjónarmiði.

Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, þá snertir það sýnilega eingöngu sveitar- og bæjarfélögin, og ég verð að játa það, að ég hef ekki kynnt mér reglugerðir þær, sem um er að ræða, en vildi þó biðja hv. fjhn., sem að sjálfsögðu fær þetta frv., að athuga, hvort það eru ekki einhverjir þessir skattar, sem hér koma til greina, sem falla í gjalddaga áður en hér er gert ráð fyrir, þ. e. fyrir 31. des. 1958, því að það þarf auðvitað að athugast. Ef einhverjir þeir skattar, sem hér koma til greina til sveitar- og bæjarfélaganna, falla í gjalddaga fyrr, verður það að takast fram í þessu frv. Enn fremur má á það minna, að það er eitt gjald, sem er talsvert veigamikill skattur í sveitum landsins, en það er gjald til sýsluvegasjóða. Í samræmi við hið sama sjónarmið, sem ég hef hér vikið að, þyrfti að sjálfsögðu að taka það til athugunar á þessu þingi, og er æskilegt að fá að vita frá hæstv. ríkisstj., hvort það er ekki í undirbúningi.

Að öðru leyti sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að hraðað sé afgreiðslu þessa máls, eins og hæstv. félmrh. fór fram á, aðeins að það sé athugað af þeirri hv. nefnd, sem fær það, að það sé ekki um neinn árekstur þarna að ræða.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni taka það fram, að von er á frá ríkisstj. frv. um breytingu á eignarskattinum, í þá stefnu, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, og að það verði lagt fram í tæka tíð, svo að það geti fengið afgreiðslu, áður en næst verður á lagt.

ATKVGR.

Frv. *vísað til* 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 120).

Er forseti leitaði afbrigða um málið, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vakti athygli á því á síðasta Alþingi, að það væri varla vert að viðhafa þá venju að veita afbrigði til þess að taka mál til meðferðar, þegar þau hafa ekki verið lögð fram með lögskyldum fyrirvara.

Þeir fyrirvarar, sem ætlaðir eru í þingsköpum, eru til þess, að þm. gefist færi á því að átta sig á málunum og kynna sér þau, áður en þau koma til umr., og þeir eru engan veginn eingöngu settir af formsástæðum, heldur vegna þess, að reynslan hefur sýnt, að þingskipulag fengi ekki staðizt, nema því aðeins að þm. ættu þess kost að átta sig á þeim málum, sem eiga að koma til ákvörðunar þeirra.

Í vetur hefur þinghaldinu verið háttar þannig, að oftast nær hafa verið mjög fá mál á dagskrá, stundum hafa þingfundir ekki staðið nema eina eða tvær mínútur. Einhver sagði, að meðaltal þingfunda í Nd., þangað til nú í þessari viku, mundi vera 7½ mínúta hvern fundardag. Þegar ekki hleðst að meira af störfum en þessu nemur, sýnist ekki vera ofætlun að haga þingstörfum þannig, að þm. eigi þess kost að njóta lögáskilinna fresta til þess að kynna sér þau mál, sem fyrir liggja. Það er ómögulegt, ef mörg skjöl eru lögð á borð þm., eins og t. d. nú, allmörg skjöl, að ætlast til þess, að menn hafi rennt augunum yfir þau, hvað þá heldur hugleitt, áður en til umr. kemur. Og ég verð að átelja mjög þann hátt, sem virðist vera orðinn nokkuð fastur, að loksins þegar einhver mál koma til meðferðar, þá er látið sem þeim liggi svo mikið á, að lögáskildum frestum megi ekki fylgja.

Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta, alveg án tillits til þeirra mála, sem hér liggja fyrir, sem ég hef í raun og veru ekkert við að athuga að fram gangi skjótlega, hvort hann vilji ekki breyta til og fylgja þeirri reglu yfirleitt að ætla mönnum lögáskilda fresti. Mér er það fullljóst, að meiri hluti Alþingis, stjórnarliðið, hefur það í hendi sér og vafalaust af því mikla ánægju að greiða atkv. um að taka þessi mál fyrirvaralaust á dagskrá. Þeirra helzta stolt af þingstörfunum virðist vera með þeim hætti að taka ómelt og óathugað við því, sem stjórn-

arherrarnir fá þeim í hendur. Þegar Alþingi kom saman og fjárlög voru lögð fram með nær 100 millj. kr. tekjuhalla, var lýst yfir því, að það væri vegna þess, að stjórnin vildi bera sig saman við lið sitt um það, hvernig fram úr þessum vanda ætti að ráða. Nú veit allur þingheimur, að ákveðið er að afgreiða fjárlög með mjög óvenjulegum hætti, og þó að það að sjálfsögðu verði ekki játað hérna í þingsölum, þá vita allir þm. það jafnvel, að það er ekki með vitund flokkanna, sem að ríkisstj. standa, sem þær ákvarðanir eru teknar, sem nú á að knýja fram, heldur eru þær ákvarðanir teknar af sjálfri ríkisstj. og síðan sendar sem alger fyrirskipun til sinna flokksmanna og þeim ætlað að fylgja í blindni.

Mér dettur ekki í hug, að mér takist að leysa þennan — ja, mér liggur við að segja auma lýð, en vil ekki nota það orð, úr þeim álögum, sem hann virðist vera lentur í, og geri ráð fyrir því, að þeir samþykki öll þau afbrigði frá þingsköpum, sem nú eru ráðgerð og ákveðin, til þess að firra þingheim þeim rétti, sem hann á til að kynnast málunum, áður en ákvarðanir eru teknar. En ég verð að segja, að ég ber þó það meira traust til hæstv. forseta, að hann vilji ekki gersamlega misbeita sinni stöðu til þess að brjóta á móti þeim þingræðisreglum, er hann er settur til að framfylgja, og vildi því beina til hans, hvort hann teldi ekki ráðlegra að hafa á þessu annan hátt en upp hefur verið tekinn.

Jafnframt verð ég, þótt það varði ekki beint þetta atriði, en það varðar starf þingdeildarinnar og Alþingis, að hreyfa því, að það hlýtur að koma mjög kynlega fyrir sjónir, að nú skuli einn þeirra daga, sem samkvæmt föstum starfsháttum hefur verið ætlaður Sþ., tekinn undir deildafundi.

Reynslan í vetur hefur sýnt, að deildafundir hafa yfirleitt staðið mjög stutt og vandræði hafa verið að finna nóg verkefni fyrir deildirnar, en engu að síður hefur þeim verið ætlaður langsamlega mestur hluti af fundartíma Alþingis. Á hinn bóginn hefur Sþ. alls ekki komizt yfir að anna 1. umr. líkt því allra þeirra þáltill., sem þar liggja fyrir. Ég veit um sjálfan mig, að það er drjúgur mánuður, síðan ég bar fram till. um mikils háttar efni varðandi birtingu skýrslna um Ungverjalandsmálið. Þó að þeirri till. hafi verið útbýtt fyrir meira en mánuði og hún oft verið á dagskrá, hefur hún aldrei getað komið til umr., ekki vegna neinnar vanrækslu hæstv. forseta Sþ., heldur vegna þess, að nauðsyn hefur þótt að taka önnur mál á undan, sennilega eftir réttri röð um framburð þeirra, — ég skal ekki vefengja það. En niðurstaðan er sú, að þessi till. virðist ekki hafa von um það einu sinni að komast til nefndar á þeim fyrri hluta þingsins, sem nú er langt liðinn. Og ég verð að telja það mjög miður farið, að sá háttur skuli vera hafður á í þinginu, að deildunum með svo að segja ekkert verkefni fyrir höndum skuli vera ætlaður nær allur fundartíminn, en Sþ. með ærið verkefni skuli vera svo hrapallega afskipt sem raun ber vitni. Ég skil að vísu, að nú þykir nauðsyn að knýja fram fyrir jólafrí einhver tiltekin mál, en vandinn hefði þá verið einungis sá að leggja þau fram fyrr, þannig að hæfilegur, lögmætur tími hefði gefizt til meðferðar þeirra, en ekki beita þeirri aðferð, sem hér sýnist vera ráðgerð.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breytingu á lögum frá 1955 um samræmingu á mati fasteigna.

Í lögunum nr. 33 1955, um samræmingu á mati fasteigna, var ákveðið, að við gildistöku nýja matsins skyldu falla úr gildi ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til.

Hið endurskoðaða fasteignamat gekk í gildi 1. maí þetta ár, en eins og vænta mátti tekur það nokkurn tíma að semja nýjar gjaldskrár um þau opinberu gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat, og fá staðfestingu stjórnarvalda á þeim. Hefur því þótt óhjákvæmilegt að veita hæfilegan frest til endurskoðunar á þessum gjöldum, og í þeim tilgangi er frv. þetta fram borið. Er þar lagt til, að sveitarstjórnum verði gert að endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat, og leita staðfestingar réttra stjórnarvalda á þeim og hafa lokið þessu fyrir 1. jan. 1959.

Jafnframt er ákveðið í frv., að þar til nýjar reglur hafa verið settar, skuli sveitarstjórnum heimilt að innheimta slík gjöld á sama hátt og áður var gert, þ. e. miða þau við eldra fasteignamatið. Er þá einnig heimilt, meðan farið er eftir eldri reglunum, að innheimta gjöldin með því álagi, sem um getur í lögum nr. 29 frá 1952. Þetta gildir þó í engu tilfelli lengur en til ársloka 1958.

En jafnskjótt sem eitthvert sveitarfélag hefur fengið staðfestar nýjar gjaldskrár byggðar á nýja fasteignamatinu, fellur að sjálfsögðu niður heimildin til þeirrar hækkunar, sem fólst í lögunum nr. 29 frá 1952.

Í 2. gr. frv. er lagt til að fella úr gildi lög um fasteignaskatt, nr. 66 frá 1921, og lög nr. 39/1957, um breytingu á þeim lögum. Í gildi eru önnur lög um heimild sveitarfélaga til að leggja á fasteignaskatta, og þykir óþarft að hafa í gildi tvenn lög um sama efni.

Þetta eru efnisatriði frv., en fjhn. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegra sé hvað formið snertir að hafa efnisatriði frv. í bráðabirgðaákvæði við lögin nr. 33 frá 1955, sem gildi til ársloka 1958. Hefur n. gert brtt. í samræmi við þetta og haft um það samráð við ráðuneytið, sem undirbjó málið. Hefur ráðuneytið ekkert við þá formsbreytingu að athuga, og fjhn. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum breytingum, sem er að finna á þskj. 120.

ATKVGR.

Brtt. 120,a (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 120,b (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 152).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 176).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. ágreiningslaust. Frv. var *dálítið* breytt í hv. Nd. að forminu til, þannig að samkv. till. hv. fjhn. þar voru ákvæði frv. sett í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 33 14. maí 1955.

Eins og frv. ber með sér, fjallar það aðallega um frest, sem sveitarstjórnum og bæjarstjórnum hefur verið veittur til loka næsta árs til þess að gera reglugerðir um fasteignagjöld, sem þær hafa rétt til að innheimta lögum samkvæmt innan ákveðins ramma, og er miðað, eins og ég sagði, við 1. jan. 1959, enda eiga þessi lög að gilda til ársloka næsta árs. Enn fremur er svo ákveðið í frv., að lög frá 1921 um fasteignaskatt og síðari lög um breytingar á þeim lögum séu úr gildi felld, enda eru þau lög orðin þýðingarlaus með öllu, þar sem ríkissjóður hefur nú þegar afsalað sér fasteignaskattinum til sveitarfélaganna og það er þá sveitarfélaganna að ákveða fasteignaskattinn innan þess ramma, sem þau hafa rétt til. Þykir nauðsynlegt að veita þennan frest, því að vitanlega tekur það nokkurn tíma að breyta reglugerðum um þetta efni, og er sennilega ekki of langur tími ákveðinn til þess.

Mér skilst, að í þessum tilgangi sé frv. aðallega borið fram.

Enn fremur er það ákveðið í frv., að þar til nýjar reglur hafi verið settar, skuli sveitarstjórnum heimilt að innheimta þessi gjöld á sama hátt og áður var gert, m. ö. o. að miða við eldra fasteignamatið. Er þá einnig heimilt, meðan farið er eftir eldri reglum, að innheimta gjöldin með því álagi, sem um getur í l. nr. 29 frá 1952. En þetta gildir að sjálfsögðu ekki nema til ársloka 1958.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta litla frv. Ég álít, að það orki ekki tvímælis, að það sé í því réttarbót fyrir bæjar- og sveitarfélög, þó að segja megi ef til vill, að það hafi ekki mjög mikla þýðingu, einkum þar sem það munu ekki vera mörg bæjar- eða sveitarfélög, sem nota réttinn til þess að leggja á fasteignagjöld.

Fjhn. þessarar deildar hélt fund um málið, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt. *Minni hl. n.*, hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og hv. þm. Vestm. (JJós), óskaði eftir fresti til athugunar á málinu, en við, sem þegar vorum ákveðnir í okkar afstöðu um málið, sáum ekki ástæðu til þess að taka frest fyrir okkur að minnsta kosti. En af þessum ástæðum, að frestur var ekki veittur, vildu þessir tveir hv. nm. ekki taka afstöðu til málsins. Skal ég taka það fram, að ég held, að það geti varla verið, að borgarstjórinn í Reykjavík, hv. 6. þm. Reykv., hafi ekki verið búinn að átta sig á málinu, ekki flóknara en það er, svo að *einhverjar* aðrar ástæður hafi valdið því, að hann vildi ekki taka afstöðu til málsins. En það þykir nauðsynlegt vegna framkvæmdar á þessu máli, að þessi l. verði samþ. á þeim þinghluta, sem nú stendur yfir, og geti orðið að lögum fyrir áramót, og frá því sjónarmiði var það einnig, að meiri hl. n. vildi ekki fresta málinu, því að með því að fresta málinu í gær á nefndarfundi gat ekki orðið um það að ræða að afgreiða það á þessum þinghluta.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta stjórnarfrv. er ekki að efni til eins einfalt og hv. frsm. meiri hl. vill vera láta, og bera ummæli hans um það m. a. vott um, að hann er ekki fyllilega eða nægilega inni í málinu. Hér er um að ræða löggjöf, sem snertir öll opinber gjöld til sveitarsjóða um land allt, þau gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat. Nú hefur þetta frv. tekið miklum stakkaskiptum í meðförum þingsins, var gerbreytt í Nd. Það var tekið fyrir á fundi fjhn. þessarar deildar í gær. Það var ekki einu sinni lesið í gegn, eins og venja er til um frv. Það var farið yfir frv. eins og það liggur nú *fyrir*, *ekki lesin grg. þess. Ég fór fram á*, að veittur yrði frestur til næsta fundar til þess að athuga málið, en því var synjað af meiri hl.

Ég vildi fyrst taka það fram, að það er alveg rangt hjá hv. frsm. meiri hl., að þó að slíkur frestur hefði verið veittur, eins og sjálfsagt og þinglegt er, þegar beiðni kemur fram um það, gat málið vel náð afgreiðslu á þessum þinghluta, því að næsta fund hefði mátt halda í n. annaðhvort síðar í gær eða í dag, og er þessi ástæða því fyrirsláttur einn. Ég vil taka það fram, vegna þess að þetta mál hefur sætt nokkuð óvenjulegri meðferð, að ég veit þess ekki dæmi og hef þó setið allmörg ár á þingi og m. a. verið formaður þingnefnda árum saman, að þegar mál hefur verið tekið fyrir í fyrsta skipti á nefndarfundi og einhver nm. hefur óskað eftir frestun til næsta fundar til að afla upplýsinga, að því hafi verið neitað, og ég tel, að þessi meðferð meiri hl. fjhn. sé algerlega óþingleg, og átaldi hana því og mótmælti á fundinum og geri hér enn.

Það, sem hefði þurft að athuga og upplýsa í

n., er m. a. það, og það kom ekki orð fram í þá átt hjá hv. frsm. til skýringar á því, hvað er átt við með þeim breytingum, sem fjhn. Nd. gerir á frv., en eins og ég tók fram, þá er það mjög veruleg breyting.

Í frv. upphaflega var m. a. svo ákveðið, að l., sem gilt hafa frá 1952 um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða, falli úr gildi. Þessi l. hafa verið notuð af sumum sveitarfélögum, öðrum ekki. Þau hafa verið notuð af sumum sveitarfélögum til fulls, af öðrum aðeins að nokkru leyti. Með ákvæði frv., eins og það var lagt fyrir af hæstv. ríkisstj., var því mjög gengið á rétt sveitarfélaga og átti að taka af þeim þessar heimildir, sem þær höfðu haft undanfarin ár. Með frv., eins og það nú liggur fyrir, er gerð breyting á þessu, lögin eru að nafni til látin standa, en í stað þess sett orðalag, sem reyndar er ekki alveg skýrt, en þar sem segir, að innheimta megi gjöld með álagi samkvæmt því, sem ákveðið var í þessum lögum. Þetta getur vafalaust orkað tvímælis, hvernig nánar eigi að túlka þetta, en þó virðist þarna vera heldur fært í réttara horf en var með frv. upphaflega.

Varðandi önnur gjöld en þessa fasteignaskatta, sem lögin frá 1952 fjalla um, er svo ákveðið, að þau skuli öll innheimt á sama hátt og var fyrir gildistöku fasteignamatsins, þar til nýjar reglur hafa verið settar um slík gjöld. Með þessu er verið að lögbinda hendur sveitarsjóða um ýmsa hluti, og ég hefði talið það alveg sjálfsagðan hlut að fá það nánar upplýst og sundurliðað, hvaða gjöld það eru varðandi hin ýmsu sveitarfélög, sem hér falla undir og nú er bara ákveðið með einu pennastriki að lögbinda um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég tel enn fremur alveg óforsvaranlegt að afgreiða þetta mál án þess að bera það undir Samband íslenzkra sveitarfélaga eða stjórn þess, og yfirleitt allan þennan málatilbúnað tel ég mjög svo óþinglegan. Þar sem málið hefur ekki fengizt athugað neitt að ráði í þeirri n., sem það heyrir undir, en hins vegar er hér um yfirgripsmikið og flókið mál að ræða, þá mun ég ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls, en ég tel rétt og undirstrika það hér aftur, eins og ég gerði í n., að ég mótmæli þessum vinnubrögðum meiri hl. fjhn.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er ákaflega lítið, sem ég hef að segja út af þessari ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hún ber alveg eins og framkoma hans á nefndarfundi í gær meira vott um slæmt skap heldur en hann hafi haft ástæðu til að halda þá ræðu eða gera þær athugasemdir, sem hann gerði.

Ég held, að það sé alveg ljóst, hvað átt er við með lagagreininni, eins og hún er orðuð. Hann virtist líta svo á, að það félli niður réttur sveitarfélaga til þess að innheimta fasteignagjöld eftir eldri reglum, en það er í niðurlagi 1. gr. einmitt ákveðið, að það megi innheimta þau eftir sömu reglum og eru í l. nr. 29 1952. Að frv. hafi verið gerbreytt í hv. Nd., eins og hv. þm. sagði, get ég ekki séð, þó að meginefni þess væri fært undir bráðabirgðaákvæði, sem áður var breyting á lagagreininni. Það þótti formlega réttara.

Hvað snertir meðferð málsins í fjhn., þá mótmæli ég því alveg, að þetta sé nokkurt einsdæmi, þegar komið er að annaðhvort þinglokum eða þingfrestun, að það sé ekki frestað afgreiðslu máls í n. eða á þingi, því að ef sá siður væri tekinn upp að verða jafnan við slíkum kröfum, gæti vitanlega minni hl. hvenær sem er komið í veg fyrir afgreiðslu mála. Ef sú frestun, sem hv. þm. fór fram á á nefndarfundinum í gær, hefði verið tekin til greina, þá sé ég ekki, að hægt hefði verið að afgreiða þetta mál á þeim hluta þings, sem nú stendur yfir. Hann talaði að vísu um, að það hefði getað komið til mála að fresta því um stund, þangað til seinna í gærdag, en ekki orðaði hann það á fundinum. Mér skildist, að hann vildi láta fresta því þar til í dag eða einhvern tíma síðar. E. t. v. er hv. þm. á móti frv. Þó kom það ekki fram, hvorki á nefndarfundinum í gær né í ræðu hans nú, að hann væri frv. mótfallinn, og þykir mér það satt að segja ótrúlegt, að hann sé það, því að eins og ég gat um áður, var frv. samþykkt með öllu ágreiningslaust í hv. Nd., og þar eiga þó sæti nokkrir af þm. Reykv., sem hefðu sjálfsagt komið auga á það, ef þessi lög kæmu eitthvað óþægilega við Reykjavík.

Ég veit nú ekki heldur, hvort hv. þm. hefði þá komið á fund, sem haldinn hefði verið síðar í gær. Hann virtist hafa mjög lítinn tíma, og m. a. má sjá það af því, að ég var að taka fyrir mál, sem hann sjálfur flutti, á þessum nefndarfundi í gær, en þá lýsti hann því yfir, að hann hefði ekkert að gera lengur á þessum fundi og gekk á dyr, svo að tími hans virðist hafa verið mjög naumur.

Ég hef svo ekki frekar við þetta að bæta. Meðan hann nefnir ekki neitt efnisatriði, sem hann er óánægður með, finnst mér það ekki skipta miklu máli, hvort frv. er afgreitt nú eða á morgun, ef það væri hægt, en það er aðeins sá galli á, að það er ekki hægt að afgreiða það á morgun. Í dag er síðasti dagurinn, býst ég við, sem hv. deild getur afgreitt mál á þessum þinghluta.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara að bæta mörgu við, enda var málsvörn hv. frsm. meiri hl. heldur lítilfjörleg.

Það er tvennt, sem hann nefnir sem ástæðu fyrir því, að hann hafi neitað og meiri hl. hafi neitað að athuga málið nánar en gert var í n. Í fyrsta lagi, að ef sá siður væri tekinn upp að fresta jafnan málum eftir kröfum minni hlutans, geti minni hl. komið í veg fyrir samþykkt mála. Hvað eiga nú svona ummæli að þýða? Hver hefur haldið því fram, að það ætti að fresta og fresta málum, eftir því sem minni hl. þóknaðist.

Það, sem ég hef vitnað í, er það, að ég veit ekki dæmi þess, að þegar mál hefur verið tekið fyrir í fyrsta skipti í n. og fæst einu sinni varla rætt þar, þá sé ekki orðið við kröfum nefndarmanna eða óskum um að fresta málinu til næsta fundar, sem þá vitanlega væri hægt að halda samdægurs seinni partinn eða næsta dag. Þessi ummæli hv. frsm. eru gersamlega út í loftið. Hitt vekur öllu meiri furðu, þegar forseti Ed. lýsir

því yfir, að vegna þess að málið hafi verið samþykkt ágreiningslaust í Nd., eigum við að gleypa það ómelt. Ég hélt, að hans virðing fyrir hönd þessarar d., og hefur heyrzt það stundum í munni hans, væri meiri en svo, að hann teldi, að ef Nd. afgreiddi mál, þá sé gersamlega ástæðulaust að athuga það hér í Ed. Hins vegar sýndi ræða hv. frsm. glöggt, hversu lítið hann er inni í þessum málum og hefur lítið sett sig inn í þau. Það hefur ekki eitt orð fallið á þá lund, að ég teldi með þessu verið að ganga á hlut Reykjavíkur, og ummæli hans um það eru gersamlega ástæðulaus og út í hött. Það, sem ég er að tala um, er það, að ég tel málið ekki nægilega upplýst og undirbúið. Það snertir öll sveitarfélög á landinu, ekki Reykjavík fremur en önnur. Ég tel þá málsmeðferð að setja lagaákvæði, sem binda þannig hendur sveitarfélaganna, án þess að það verði borið undir þau eða a. m. k. rætt þá við samtök þeirra, Samband ísl. sveitarfélaga, og að bæta svo gráu ofan á svart að brjóta þingvenjur með því að neita um venjulega athugun á málinu í n., — þetta tel ég alveg óforsvaranlega afgreiðslu.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er algerlega rangt hjá hv. 6. þm. Reykv., að málið hafi ekki fengizt rætt á nefndarfundinum í gær. Það var nógur tími til þess að ræða það og bera það saman við lög o. s. frv., því að klukkan var ekki nema hálf-tólf, þegar hv. þm. gekk af nefndarfundinum. Það var alls ekki búið að neita því að ræða málið, vegna þess að hv. þm. bað ekki um það, — það ekkert um umr. um málið, heldur um frest, og stökk svo upp á nef sér, þegar sá frestur fékkst ekki. Hann vildi þegar taka málið út af dagskrá á nefndarfundinum, þegar hann vissi, að meiri hl. n. var reiðubúinn að taka afstöðu til málsins. — Hann lét þess getið á þessum nefndarfundi, að það hefði verið nær að taka fyrir mál, sem hann sjálfur flutti, af því að því var vísað fyrr til nefndarinnar. Ég bauðst til að taka það og var búinn að taka það á dagskrá, þegar hv. þm. var kominn fram í dyrnar á nefndarherberginu. Hann vildi ekki sinna því heldur. Ég held, að hann hafi haft eitthvað afskaplega nauman tíma, og ætli að það hefði ekki orðið seinna um daginn einnig? Að það sé dæmalaust, að máli fáist ekki frestað, þegar komið er annaðhvort að þinglausnum eða þingfrestun, því neita ég alveg. Við erum báðir búnir að vera nokkuð lengi á þingi og ég þó nokkru lengur. Ég veit, að þetta skeður á hverju einasta þingi, hjá hverjum sem er í stjórn, að nefndir verða að afgreiða mál á undan þingfrestun og á undan þinglausnum með töluverðum hraða oft og tíðum.

Að ég hafi fært það sem rök hvað mig snertir, að hv. Nd. samþykkti þetta frv. ágreiningslaust, það er ekki rétt skilið hjá honum. Mér fannst það geta verið rök fyrir hann aftur á móti, þar sem hans samstarfsmenn, þm. Reykv. og sennilega einhverjir af þeim í bæjarstjórn Reykjavíkur, mæltu með þessu frv. og samþykktu það. Það er alveg rétt, að mér finnst út af fyrir sig engin ástæða fyrir hv. Ed. að gleypa við því, sem hv. Nd. gerir, ef henni finnst það rangt. En ég bara sé ekki, að hér sé um neitt rangt að ræða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, FS, KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, BSt.

nei: JJós.

FÞ, GTh, JK, SÓÓ greiddu ekki atkv.

4 þm. (FRV, HermJ, SB, BjörnJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Þegar lögin frá 2. maí 1955, um fasteignamat, voru samþykkt, var 10. gr. tekin inn eftir ósk sjálfstæðismanna, en þeir settu samþykkt hennar sem skilyrði þess, að þeir fylgdu lagafrv. Í áframhaldi af 10. gr. er svo þetta lagafrv. núna, en með því á að reyna að fullnægja þeim kröfum, sem þá voru settar fram af sjálfstæðismönnum. Ég vil standa við það, sem þá var lofað, láta 10. gr. koma til framkvæmda, og það gerir hún í þessu nýja lagafrv., eftir því sem hægt er, og segi þess vegna já.

2. gr. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, EggÞ, FS, BSt.

nei: JJós.

JK, SÓÓ, FÞ, GTh greiddu ekki atkv.

4 þm. (SB, BjörnJ, FRV, HermJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 201).

---

12. Fjárlög 1958.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1958 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (EmJ): Eins og kunnugt er, ber skylda til samkv. þingsköpum að útvarpa þessari umræðu. Fer útvarpsumræðan þannig fram, að fyrst talar hæstv. fjmrh. og hefur ótakmarkaðan ræðutíma. Á eftir honum tala fulltrúar flokkanna í þessari röð: fyrst frá Alþb., síðan frá Alþfl. og loks frá Sjálfstfl. og hafa hálftíma hver til umráða. Þá talar að lokum hæstv. fjmrh. stundarfjórðung.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. alþm. hafa haft með höndum ríkisreikninginn 1956, aðalreikninginn, og get ég því verið stuttorður um afkomu ríkissjóðs það ár, en vil aðeins drepa á nokkur atriði.

Tekjur fóru fram úr áætlun. Útgjöld fóru einnig talsvert fram úr, en þó minna en tekjurnar. Útgjöld á rekstrarreikningi urðu 57 millj. kr. hærri en fjárl. gerðu ráð fyrir. Þessar umframgreiðslur nema um 9½%, og eru það heldur minni umframgreiðslur en verið hafa yfirleitt. Greiðsluafgangur varð rúmlega 13 millj. kr., og er það dálítið betri útkoma en gert var ráð fyrir í bráðabirgðayfirliti, sem gert var um þessi efni á s. l. vetri. Kemur hér til, að meira innheimtist af beinum sköttum, áður en reikningum ársins var lokað, en innheimtumennirnir gerðu ráð fyrir, þegar gert var upp til bráðabirgða.

Helztu ástæður fyrir umframgreiðslum eru þessar: Kaupgjaldsvísitala ársins varð nokkru hærri en gert var ráð fyrir, og mun það valda um 4 millj. kr. umframgreiðslum. Hin nýju launalög munu hafa valdið nokkrum millj. meiri útgjöldum fyrir ríkissjóð en áætlað var, þegar þau voru sett. Landhelgisgæzlukostnaður varð 2 millj. og 300 þús. kr. hærri en ráðgert hafði verið. Sérstaklega varð rekstur varðskipsins Þórs óhagstæðari en ráðgert var, og munaði þar 1 millj. kr. Kostnaður við vegamál fór verulega fram úr áætlun, vegaviðhaldið um 4 millj. rúmar og brúargerðir um 5 millj. og 800 þús. kr. Var sú umframgreiðsla ákveðin í samráði við hv. fjvn. s. l. haust. Þá fór strandferðakostnaður fram úr áætlun um 3 millj. og 250 þús. kr. Veldur þar mestu stóraukinn rekstrarhalli á Esju vegna mikillar vélabilunar, sem skipið varð fyrir og kostað hefur stórfé að lagfæra. Langmestar eru þó umframgreiðslur í kennslumálum, eða raunverulega rúmar 8 millj. Hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði barnaskóla og gagnfræðaskóla hafði t. d. farið 3 millj. kr. fram úr áætlun. Útgjöld ríkissjóðs vegna niðurborgunar á verðlagi innanlands hafa farið 9 millj. og 600 þús. kr. fram úr áætlun á árinu 1956. Neyzluaukning hefur orðið meiri en gert var ráð fyrir, en aðallega stafar þessi hækkun af því, að s. l. haust var ákveðið að greiða niður þá verðhækkun, sem átti að verða á landbúnaðarafurðum. Var það í sambandi við þær almennu ráðstafanir, sem þá voru gerðar til þess að stöðva hækkun á kaupgjaldi og verðlagi. Af greiðslum skv. heimildarlögum er helzt að nefna útgjöld vegna óþurrkanna á Suðurlandi 1955, 1 millj. og 50 þús., og eru það eftirstöðvar. Af 20. greinar útgjöldum umfram fjárl. er rétt að nefna: Greiðslur vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum voru áætlaðar 12 millj., en reyndust 18 millj. og 300 þús. Eru þessi útgjöld ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða enn sívaxandi, enda beinlínis teknar ríkisábyrgðir fyrir mörg byggðarlög og fyrirtæki þeim til stuðnings, þótt vitað sé, að ekki muni verða staðið í skilum um greiðslurnar. Gerði ég ýtarlega grein fyrir þessum málum í fyrravetur, um leið og ég lagði til, að 18 millj. yrðu veittar á fjárl. yfirstandandi árs í þessu skyni. Er það raunar ljóst, að þær 18 millj. muni ekki einu sinni duga til þess að standa undir þessum töpum á yfirstandandi ári.

Við samanburð á umframgreiðslum nú síðari árin við þær, sem áður voru, kemur í ljós, að umframgreiðslur hafa minnkað verulega að tiltölu. Eigi að síður er full ástæða til að gera sér grein fyrir því, að umframgreiðslur eru enn of miklar. Kemur þar ýmislegt til, og ætti að vera hægt að ráða bót á sumu a. m. k. Svo að segja allur útgjaldabálkur fjárl. er framkvæmdur á vegum útgjaldaráðuneytanna, ef svo mætti að orði kveða, og þeirra stofnana sem undir þau heyra. Þessi ráðuneyti og þessar stofnanir eiga að skila fjmrn. áætlunum og till. um útgjöldin, þegar fjárl. eru samin. Mestur hluti útgjaldanna er lögboðinn eða fyrirsjáanlega óhjákvæmilegur til þess að halda rekstri stofnananna gangandi eða þjónustunni uppi. Allt veltur á því, að áætlanir um slík útgjöld, lögboðin eða af öðrum ástæðum óhjákvæmileg, séu rétt gerðar, en á því hefur verið stórfelldur misbrestur hjá mörgum stofnunum, sem gengið hefur mjög illa að fá úr bætt þrátt fyrir harða eftirgangsmuni fjmrn. ár eftir ár. Það nær auðvitað engri átt, að ekki skuli vera áætluð nokkurn veginn rétt fyrirsjáanleg útgjöld, og vil ég skjóta því til hv. fjvn. Alþ., að hún komi fjmrn. hér til hjálpar og veiti aðhald í þessum efnum.

Hér verður einnig að geta þess, að lengi var sá siður á hafður af Alþ. og ríkisstj. að skera niður útgjaldaáætlanir til þess að veita aðhald, oft án þess að mögulegt væri að komast af með það, sem veitt var. Þessi stefna varð því aðeins til að auka umframgreiðslur og draga úr forstöðumönnunum að vanda áætlanir sínar og standa við þær í framkvæmd. Þessum handahófsniðurskurði á áætlunum er hætt að mestu, en mér leikur grunur á, að enn eimi eftir af áhrifum þeim, sem hann hafði.

Þá er önnur ástæða fyrir umframgreiðslum sú, að forstöðumönnum ýmissa starfsgreina gengur illa að átta sig á því, að þeir mega ekki fara fram úr áætlun fjárl. og ekki gera ráðstafanir, sem hafa umframgreiðslur í för með sér. Eru menn þó sífellt af hendi fjmrn. brýndir til þess að gæta sín í þessum efnum.

Þá kemur hér einnig til, að Alþ. og ríkisstj. hafa mikla tilhneigingu til þess að falla fyrir þeirri freistingu að ákveða útgjöld, eftir að fjárl. hafa verið samþ. Sérstaklega hefur þetta verið áberandi síðan uppbóta-, styrkja- og vísitölukerfið var tekið upp í þjóðarbúskap Íslendinga. Það leiðir af þessu búskaparlagi, að sífellt er að koma fram alls konar ósamræmi í uppbóta- og styrkjakerfinu og sífelld viðureign á sér stað við verðlagið í landinu, sem ævinlega leitar upp á við. Verðhækkanir hér, kauphækkanir þar og verðhækkanir hér, sem metnar eru óhjákvæmilegar, og í því sambandi sífelld pressa á þá átt, að komið sé í veg fyrir verðhækkanirnar í búðunum með fjárframlögum úr ríkissjóði, hvað sem fjárveitingum líður.

Allt þetta kemur til og raunverulega margt fleira í sambandi við framkvæmd fjárl. og baráttuna við að halda ríkisútgjöldunum innan ramma fjárl. En það gefur að skilja, að óhugsandi er, að fjárl. standist, ef fjmrh. getur ekki byggt þau á öruggum og vönduðum áætlunum, og þá ekki heldur, ef forstöðumenn í ríkisrekstrinum gera skuldbindandi ráðstafanir, sem ekki samrýmast fjárl., en fjmrn. neyðist síðan til þess að borga, svo að forðað verði frá vanskilum og hneisu. Hefur þetta ósjaldan skeð á undan-

förnum árum, en þeim dæmum fer fækkandi, og vil ég treysta því, að þeim fari enn fækkandi og að forstöðumenn í ríkisstofnunum og einstökum starfsgreinum hafi örugga samvinnu um þessi mál við hv. Alþ. og ríkisstj. Þrátt fyrir þetta allt hefur bilið á milli fjárl. og ríkisreiknings farið minnkandi, og stefnir það í rétta átt. En því fer þó fjarri, eins og ég sagði áðan, að ástandið sé orðið eins og það þyrfti að verða.

Auðvitað mundi fjmrn. geta bætt áætlanirnar og komið í veg fyrir sumt af umframgreiðslum einstakra stofnana, ef það hefði heilum her manna á að skipa, sem þekkti í einstökum atriðum allar greinar ríkisbúskaparins og gæti skapað sér sjálfstæða skoðun um hvað eina og verið með nefið niðri í svo að segja öllum ráðstöfunum, jafnóðum og þær væru gerðar, í öllum ráðuneytum skrifstofum og stofnunum. En hvort tveggja er, að fjmrn. hefur viljað komast hjá því að fjölga starfsliði og að það gæti heldur aldrei blessazt, að fjmrn. ætti að taka að sér allan ríkisreksturinn. Slíkt væri ekki framkvæmanlegt, og þess vegna verður að treysta á hin ráðuneytin í þessum efnum og forstöðumenn starfsgreina og skrifstofa, ásamt því takmarkaða aðhaldi, sem hægt er að veita af hendi fjmrn. og Alþ.

Áður en ég vík að frv. því til fjárl., sem hér er til 1. umr., vil ég koma nokkuð að horfunum í efnahagsmálum landsins á þessu ári, þar sem þessar horfur setja að sjálfsögðu sinn svip á fjárlagafrv., og verður að hafa það í huga, þegar frv. er skoðað.

Það, sem einkennir mest ríkisbúskapinn, það sem af er þessu ári, er fyrst og fremst stórkostleg lækkun ríkistekna frá því í fyrra og frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar fjárl. voru sett.

Þegar gengið var frá fjárl. í vetur á Alþ., lét ég svo um mælt um tekjuáætlun fjárl.:

„Annars er þessi tekjuáætlun byggð á reynslu yfirstandandi árs og því miðuð við, að innflutningur á næsta ári verði svipaður því, sem hann er í ár. Má það í rauninni telja furðu djarfa áætlun að gera ráð fyrir slíku, eins og ástatt er um gjaldeyrismálin. Það er sem sé augljóst, að það er flutt inn meira en hægt er að borga, og þess vegna þarf aukna framleiðslu og auknar þjóðartekjur, til þess að þetta fjárlagafrv. standist í framkvæmdinni."

Hv. stjórnarandstæðingar litu á hinn bóginn þannig á, að tekjur væru of lágt áætlaðar, og fluttu tillögur um að hækka tekjuáætlunina. Enda þótt ég héldi, að tekjuáætlunin væri mjög teygð, varð þó ofan á að miða hana við reynslu áranna 1955 og 1956, og var það gert með það í huga, að verið var að gera ráðstafanir í framleiðslumálum, sem gera varð ráð fyrir að mundu hafa í för með sér aukna framleiðslu og auknar þjóðartekjur frá því, sem áður hafði verið.

Við höfum nú fyrirliggjandi yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs til ágústloka. Kemur þá í ljós, eins og ég sagði, að tekjur hafa brugðizt verulega á þessu tímabili og útlit mjög alvarlegt. Verðtollstekjur eru t. d. um 31 millj. kr. lægri en þær voru árið áður og hluti ríkissjóðs af tekjum útflutningssjóðs er aðeins 50 millj. 1. sept., en átti að verða 108 millj. allt árið. Er raunar nú þegar fyrirsjáanlegt, að greiðsluhalli verður hjá ríkissjóði á þessu ári og sömuleiðis hjá útflutningssjóði, því að tekjur hans hafa einnig brugðizt.

Þá kemur spurningin: Hvers vegna lækka tekjur ríkisins og tekjur útflutningssjóðs?

Þegar ráðstafanir voru gerðar vegna framleiðslunnar á s. l. vetri, var hlutur útflutningsframleiðslunnar gerður betri en áður hafði verið um skeið. Á þessu leikur enginn vafi. Ætlunin var að sjálfsögðu sú að jafna skakka, sem þarna hafði verið, og stuðla að aukningu framleiðslunnar. Þetta náði tilgangi sínum að því leyti, að framleiðslan hefur sjaldan verið sótt af meira kappi en einmitt nú. Óvenju stórum flota var haldið úti til þorskveiða s. l. vetur og til síldveiða í sumar. En uppskeran var ekki að sama skapi. Vertíðin varð léleg, a. m. k. miðað við undanfarin ár mjög léleg, og síldveiðin varð léleg, og sérstaklega varð heildarverðmæti síldarframleiðslunnar ódrjúgt vegna þess, hve síldin var framúrskarandi mögur og afurðarýr til viðbótar aflabrestinum.

Betur sést, hvað hér hefur gerzt, ef athugaður er annars vegar fjöldi þeirra skipa, sem haldið hefur verið til veiðanna, og úthaldsdagar þeirra og hins vegar aflaverðmætið á þessu ári og undanfarið. Hef ég látið athuga þetta, og getur ekki skakkað að ráði. Kemur þá í ljós, ef miðað er við fjölda skipa og úthaldsdaga á vertíð annars vegar 1955 og hins vegar s. l. vetur, að aflaverðmætið nú á vertíðinni er raunverulega um 29% minna en 1955, miðað við framlagið til veiðanna, þ. e. a. s. bátafjöldann og úthaldsdagana. Og ef við tökum á sama hátt meðaltal áranna 1954—1956 og berum saman við vertíðina í vetur, þá kemur í ljós, að aflinn er í vetur um 22% minni að magni en meðalafli þessara ára, miðað við úthaldsdaga og bátafjölda. Ef við svo lítum á síldveiðarnar, þá kemur í ljós, að í sumar stunduðu 233 skip að meðaltali 47 daga, en í fyrra 187 skip í 37 daga að meðaltali. Það eru því um 60% fleiri úthaldsdagar á sumarsíldveiðum nú en í fyrra, en heildaraflinn, sem fékkst í sumar, er lægri að verðmæti en í fyrra. Hér við bætist, að togaraafli hefur verið mun minni, það sem af er árinu, en í fyrra. Af þessu sjáum við betur en ella, hve framleiðsluverðmæti miðað við tilkostnaðinn er stórkostlega miklu minna en verið hefur.

Í þjóðarbúskapnum koma afleiðingarnar af þessu þannig fram, að gjaldeyristekjur lækka, enda hafa gjaldeyristekjur af varnarliðsframkvæmdum minnkað, en gjaldeyriseyðsla, sem óhjákvæmileg er til þess að halda framleiðslunni gangandi, eykst stórum. Jafnvel að óbreyttum útflutningi og gjaldeyristekjum af framleiðslunni sjálfri minnkar sá gjaldeyrir stórlega, sem hægt er að verja til þess að kaupa annað en rekstrarvörur og allra brýnustu nauðsynjar, en einmitt þær vörur, sem á hakanum sitja við gjaldeyrisúthlutun, þegar svona fer um úthald og aflabrögð, bera meginþunga þeirra aðflutningsgjalda, sem ætluð eru til þess að standa undir ríkisbúskapnum og framleiðslunni sjálfri í gegnum útflutningssjóðinn.

Einnig kemur hér til greina, að þegar búið er við sífellt uppbótakerfi, sem byggist á mjög mismunandi álögum á aðfluttar vörur, eykst eftirspurnin eftir þeim vörum, sem lægri gjöldin bera, og gjaldeyriseyðslan til kaupa á þeim vex, og verður þá minna af gjaldeyri eftir til kaupa á hinum tollahærri vörum.

Til þess að myndin verði gleggri, hef ég beðið hagstofuna að athuga innflutning og tolltekjur á nokkrum tegundum hátollavara. Kemur þá í ljós, að innflutningur þeirra vörutegunda, sem teknar voru í þetta dæmi, hafði orðið fram til 1. sept. 50 millj. kr., en 80 millj. kr. í fyrra. Enn fremur kom í ljós, að þessi lækkun innflutningsins í þessum vöruflokkum í dæminu þýddi nærri því 19 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð, miðað við innflutninginn í fyrra, og auðvitað mjög stórfellda fjárhæð fyrir útflutningssjóð. Á þessu sjáum við, að hér er ekki lengi að muna.

Þá kemur spurningin: Hefði ekki verið hægt að koma í veg fyrir tekjulækkun hjá ríkissjóði og útflutningssjóði með því að yfirfæra meira fyrir tollháar neyzluvörur?

Þetta hefði vitaskuld verið mögulegt, en þá hefði það að sjálfsögðu þýtt minnkandi innflutning af öðrum vörum, og auðsætt, að eins og gjaldeyrisástandið er og hefur verið hér á undanförnum árum, hefði fljótlega skort nauðsynjar til daglegrar neyzlu og til þess að halda framleiðslunni gangandi, að ég nú ekki tali um framkvæmdirnar. Það fer einnig sífellt vaxandi ár frá ári, eins og hér er háttað, sem sjálf framleiðslustarfsemin og þjóðarbúskapurinn þarf á að halda af gjaldeyri til kaupa á brýnustu nauðsynjum. Veldur því m. a. hin stórfellda vélvæðing framleiðslunnar og sívaxandi samgöngur. Kemur hér fram enn sem fyrr, hversu hættulegt það er að byggja ríkisbúskapinn og framleiðsluna sjálfa að verulegu leyti á innflutningi, sem þjóðin hefur í raun og veru ekki efni á að veita sér nema í einstökum góðærum.

Ég benti áðan á, hversu vetrarvertíðin hefði verið léleg og síldveiðarnar komið illa út. Ég treysti mér ekki til þess að dæma um, hvort hér var um aflabrest að ræða, sem telja megi einstakan í sinni röð. Hitt vil ég fullyrða, að þessi reynsla okkar í ár og reynsla okkar raunar á undanförnum árum bendir örugglega í þá átt, að við getum ekki án þess að bíða tjón teflt jafndjarft í þessum efnum og við höfum gert. Við getum ekki og megum ekki eiga það á hættu, að þjóðarbúskapurinn verði fyrir verulegum hnekki, þótt eitthvað beri út af einstaka ár um aflabrögð og framleiðslu. Við getum ekki til frambúðar byggt afkomu framleiðslunnar og ríkisbúskapinn á eyðslu, sem þjóðin getur ekki staðið undir nema í mestu góðærum. Eitt allra gleggsta dæmið um það, sem við ekki getum leyft okkur í þessum efnum, er það, þegar við fyrir nokkrum árum héldum togaraútgerðinni gangandi heilt ár með því að leyfa ótakmarkaðan innflutning á bílum. Við verðum að finna ábyggileg úrræði í efnahags- og framleiðslumálum okkar, úrræði, sem tryggja mikla framleiðslu, fulla atvinnu, og eru fundin og framkvæmd í samráði við samtök vinnandi fólks í landinu.

Afleiðing þess, sem nú hefur gerzt, og þó miklu fremur þess, sem gerzt hefur á undanförnum verðbólguárum, verður fyrirsjáanlega sú, að greiðsluhalli verður á ríkisbúskapnum og greiðsluhalli hjá útflutningssjóði, sem standa ber framleiðslunni skil á því, sem of mikið er af henni krafið. Er því enn fram undan vandi í efnahags- og framleiðslumálum landsins, sem verður að mæta af raunsæi, ef vel á að fara.

Háttvirtir stjórnarandstæðingar hafa undanfarið látið að því liggja, að ráðstafanir ríkisstj. í framleiðslumálum væru hér undirrót. Ekkert er meiri fjarstæða en einmitt þetta, þar sem augljóst er, að framleiðslustarfsemin öll hefur verið sótt af meira kappi á þessu ári en nokkru sinni fyrr um langt skeið, og það einmitt vegna þess að þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. beitti sér fyrir, ýttu undir aukna framleiðslu við fiskveiðar og landbúnað. Það er svo annað mál, að lagt var á tæpasta vaðið, eins og nú sýnir sig. En núverandi ríkisstj. hafði ekki skapað það ástand, sem svo var alvarlegt, að þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar til mótvægis og bjargar, hafa ekki reynzt nægilega djúptækar.

Ég hef nú minnzt á horfur varðandi afkomu ríkissjóðs, framleiðsluna, útflutningssjóðinn og gjaldeyrisástandið. En við þetta vil ég bæta því um verðlagið í landinu, að mikið starf hefur verið í það lagt á vegum ríkisstj. að halda því í skefjum. Hefur í mörgum greinum orðið af því starfi góður árangur. Hefur verðlagsvísitalan að vísu hækkað um 2.7%, en það er sízt meira en fyrir fram var vitað að verða hlyti. En því miður er ekki öll sagan með þessu sögð, því að í nokkrum greinum hefur verðlaginu verið haldið óbreyttu með nýjum niðurgreiðslum á vöruverði. Á þetta við um fisk á innanlandsmarkaði og landbúnaðarafurðir, en fé vantar til þess að standast kostnað við þessar niðurgreiðslur.

En það er fleira, sem þarf að hafa í huga en það, sem ég nú hef rakið, þegar reynt er að bregða upp mynd af þeim grundvelli, sem fjárlög ríkisins verða að byggjast á. Er hér enn einn höfuðþáttur ónefndur, en það eru fjárfestingarmálin og fjáröflun til framkvæmdanna.

Um langa hríð hefur fjárfesting verið mjög mikil á Íslandi. Sennilega er í fáum löndum jafnmiklum hluta þjóðarteknanna varið til fjárfestingar og hér. Hef ég fengið öruggar skýrslur um fjárfestingu og þjóðartekjur hér á landi undanfarin þrjú ár og í sex löndum, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi, Vestur-Þýzkalandi og Frakklandi. Kemur í ljós af þessari skýrslu, að fjárfestingarprósenta af þjóðartekjum hefur árin 1953 og 1954 verið hæst í Noregi, eða 29.2—29.5%, þar næst á Íslandi 25.8 og 25.4% og svo mun lægri í hinum löndunum fimm. En árið 1955 gerðist það, að fjárfestingarprósentan hér fer langt fram úr prósentu Norðmanna og allra hinna. Eru þá hlutföllin þessi: Ísland 32.5%, Noregur 28.9%, Danmörk 17.1%, Svíþjóð 20%, Bretland 14.7%, Vestur-Þýzkaland 23.2% og Frakkland 16.9%. Er fjárfesting þá orðin langhæst á Íslandi, miðað við tekjur þjóðarinnar, og álitið er, að fjárfestingarprósentan hér hafi verið sem næst 31.2% árið 1956. En frá hinum löndunum hef ég ekki upplýsingar fyrir það ár.

Þessar tölur tala sínu máli, og er ekki að furða,

þó að framkvæmdaspenna eins og sú, sem við erum að reyna að halda uppi, setji svip sinn á þjóðlífið allt og valdi verðbólgu og ýmsum vandkvæðum. Framkvæmdir geta ekki orðið kostaðar af öðru fé en því, sem landsmenn leggja til hliðar af tekjum sínum í banka eða sparisjóði og til framkvæmda á sjálfs sín vegum, og svo erlendu fjármagni. Fróðir menn telja, að um ¾ hlutar hinnar gífurlegu fjárfestingar eftir stríð hafi Íslendingar kostað af eigin fé. Er það ekkert smávegis átak.

Eins og kunnugt er, voru allar innstæðurnar frá stríðsárunum fullnotaðar í árslok 1946, og var minna af því fé en skyldi varið til uppbyggingar.

Íslendingar fengu mikla Marshallaðstoð hjá Bandaríkjamönnum, aðallega á árunum 1948—53, og hjálpaði það fé mjög til þess að halda uppi hinni miklu fjárfestingu. Þannig fengum við mjög mikinn hluta af stofnkostnaði við síðustu Sogsvirkjun, áburðarverksmiðju og Laxárvirkjun sem gjafafé frá Bandaríkjunum samkvæmt Marshalllögunum, og hafði það vitanlega stórfellda þýðingu fyrir allt efnahagslíf landsins, og án hennar hefði svona mikil fjárfesting ekki verið möguleg.

Stöðug verðbólguþróun átti sér stað í landinu frá 1942, sem minnkaði verðgildi íslenzkra peninga og hafði áhrif í þá átt að draga úr lánsfjármyndun í landinu sjálfu. Þótt verðgildi peninganna minnkaði mjög, var reynt að halda óbreyttu skráðu gengi krónunnar og komið á uppbóta- og styrkjakerfi í staðinn fyrir að breyta gengisskráningunni. Gekk þetta þannig til 1950, að menn töldu ekki lengur fært að halda áfram á þessari braut, og var þá gengi íslenzku krónunnar leiðrétt eða fært til samræmis við það, sem það raunverulega var orðið. Sú ráðstöfun og það, sem aðhafzt var í því sambandi til þess að stilla fjárfestingarframkvæmdum í hóf og koma jafnvægi á ríkisbúskapinn, varð til þess, að þegar áhrif gengisskráningarinnar nýju voru að fullu komin fram, komst stöðvun á verðlagið í landinu, sem segja má að héldist í tvö og hálft ár. Varð þetta til þess, að stórum meira fjármagn fór að safnast fyrir í landinu sjálfu en áður hafði verið, og kom það að mjög góðu haldi til þess að standa undir kostnaði við fjárfestinguna, enda fór Marshallframlagið þá þverrandi, eins og ráð hafði verið fyrir gert.

En eftir árið 1953 urðu enn tímamót í þessum málum. Slakað var á fjárfestingarhömlum. Ný fjárfestingaralda reis í landinu. Almennar kauphækkanir urðu. Afleiðingarnar komu fram í nýrri verðbólgu, stórhækkandi framleiðslukostnaði, minnkandi sparnaði eða lánsfjármyndun í landinu sjálfu og enn aukinni fjárfestingarpanik, ef svo mætti segja. Aðgangur að erlendu fjármagni var nú mjög takmarkaður og ekki lengur hægt að moða úr innstæðum eða gjafafé. Komust efnahags- og framleiðslumálin í algeran hnút veturinn 1955 og 1956, sem leystur var þá til bráðabirgða með stórfelldum álögum og uppbótum.

Sumarið 1956 var ástandið enn orðið þannig, um stjórnarskiptin, að enn þá var framleiðslukostnaður stórhækkaður og sýnileg stöðvun framleiðslunnar, ef ekkert væri að gert, og ástandið í fjárfestingar- og fjáröflunarmálum til framkvæmda var síður en svo árennilegt. Lántökur erlendar höfðu þá orðið litlar í tvö ár, eins og ég drap á, enda þótt fast væri eftir leitað, og þær, sem orðið höfðu, voru yfirleitt til stutts tíma til þess að fleyta áfram framkvæmdum, sem enga bið voru taldar þola. Undantekning frá þessu var lán frá Bandaríkjastjórn fyrir mestum hluta erlenda kostnaðarins við sementsverksmiðjuna, sem var til langs tíma. Framkvæmd nýrrar Sogsvirkjunar var komin algerlega í eindaga þrátt fyrir mikla lánaleit. Raforkuáætlun dreifbýlisins hafði verið tekin til framkvæmdar og þar á meðal bygging tveggja raforkuvera, sem mjög mikið fjármagn þarf til á árunum 1956—1958. Fyrirsjáanlegt var á hinn bóginn, að það fjármagn, sem útvegað hafði verið til raforkuáætlunarinnar, mundi hrökkva mjög skammt til að greiða þá samninga, sem búið var að gera, hvað þá meira. Bygging sementsverksmiðjunnar hafði verið sett af stað. Fjármagn hafði verið fengið fyrir mestum hluta erlenda kostnaðarins, en fé skorti nær gersamlega til þess að standa undir innanlandskostnaðinum. Ræktunarsjóð skorti fé til þess að lána þá um haustið og fiskveiðasjóð sömuleiðis, en bæði bændur og útgerðarmenn höfðu gert ráðstafanir í því trausti, að þessir sjóðir gætu lánað eins og áður.

Eru hér nefnd þessi fimm fjárfestingarmál, sem með sérstökum hætti mega teljast verið hafa og vera á vegum ríkisstj. Þótt aðeins þau séu nefnd, þýðir það ekki, að öðruvísi eða betur hafi verið ástatt um fjármagn til ýmissa annarra framkvæmda.

Það er því ekkert ofsagt í því, að vegna verðbólguþróunar undanfarinna ára og vegna þess, hve stór verkefni hafði verið ráðizt í, voru efnahagsmál og framleiðslumál landsins reyrð í hnút fullkomlega sumarið 1956, og hefur þetta að sjálfsögðu sett sinn svip á það, sem síðan hefur gerzt í þessum efnum.

Núverandi ríkisstj. sneri sér að því að reyna að greiða fram úr þessari flækju og m. a. að því að reyna að finna leiðir til þess að halda þessum þýðingarmiklu framkvæmdum áfram og byrja á Sogsvirkjuninni, áður en það yrði of seint, til þess að forðast stórtjón. Tókst á s. l. vetri að útvega lán í Bandaríkjunum fyrir erlenda kostnaðinum við Sogsvirkjunina. Enn fremur tókst með mjög hagkvæmum samningum um vörukaup í Bandaríkjunum með löngum gjaldfresti, hliðstæðum þess háttar samningum, sem margar aðrar þjóðir hafa gert, að tryggja mjög hagstæð lán fyrir verulegum hluta af innlenda kostnaðinum við Sogsvirkjunina, og er það von manna, að hægt verði að fá slíkan viðbótarsamning áfram fyrir næsta ár. En augljóst er þó, að eftir þessum leiðum fæst ekki allur kostnaðurinn við Sogsvirkjunina. Er það því óleyst vandamál, hvernig afla á fjár innanlands til viðbótar.

Þá tókst í fyrravetur að útvega 4 millj. dollara lán í Bandaríkjunum, og var því láni skipt upp handa sementsverksmiðjunni, ræktunarsjóði, fiskveiðasjóði og rafmagnsframkvæmdum dreifbýlisins. En þetta lán hrökk lítið meira en til þess

að greiða þann kostnað, sem þá var á fallinn við þessar framkvæmdir.

Kemur þá spurningin: Hvernig standa málin nú varðandi fjáröflun til þessara framkvæmda? Er skemmst frá því að segja, að framkvæmdir í raforkumálum dreifbýlisins og við byggingu sementsverksmiðjunnar hafa haldið áfram á þessu ári fyrir það fé, sem fyrir hendi var og ætlað var til þessara framkvæmda af fjárveitingum og innlendu fé. Þótt það fé sé nú allt upp étið fyrir nokkru, hafa þessar framkvæmdir ekki verið stöðvaðar, heldur haldið áfram með bráðabirgðaframlögum af yfirdráttarlánum ríkissjóðs í bönkunum. Er þetta gert í trausti þess, að þær ráðstafanir, sem verið er að gera til þess að útvega lánsfé til þessara framkvæmda erlendis nú á þessu ári, beri árangur.

Að því er orkuverin snertir, kemur hér einnig til, að ef bygging þeirra væri stöðvuð, yrði ríkið skaðabótaskylt til verktakanna, sem sömdu um á sínum tíma að ljúka verkinu á tilskildum tíma og hafa búið sig undir það. Slíkar framkvæmdir verða að ganga eftir áætlun, ella verða allir aðilar fyrir stórtjóni.

Þá standa togarakaupin nú fyrir dyrum og útvegun lánsfjár í því sambandi. Er þar um mjög háar fjárhæðir að ræða.

Lán til hafnargerða hafa ekki komizt að enn þá vegna annarra þarfa.

Um ræktunarsjóð og fiskveiðasjóð og fjárþörf þeirra til þess að mæta lánaþörf í haust er það að segja, að það mál er óleyst, en verið að reyna að leysa það ásamt lánamálum sementsverksmiðjunnar og raforkuáætlunarinnar. Er þess fastlega vænzt, að þær umleitanir beri árangur í tæka tíð. En yrði ekki svo mót von manna, yrði samt að finna leiðir til þess, að hægt væri að afgreiða lán frá þessum stofnunum nú í haust, svo sem verið hefur. En ef ekki kemur til erlent fjármagn, mundi fé til þessa verða að takast á þann hátt, að það hlyti að auka verðbólguna og þar með auka vandann í efnahagsmálunum.

Takist að útvega fé til þess að greiða kostnaðinn við þessar framkvæmdir í ár, kemur strax upp spurningin um það, hvernig útvega skuli fé til þeirra næsta ár.

Ekkert sýnir betur, að mínu viti, en þær upplýsingar, sem ég hef nú gefið varðandi þessar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra, hve teflt hefur verið og teflt er á tæpasta vað í efnahagsmálum landsins og þjóðarbúskap yfir höfuð. Hlýtur sú spurning að vakna í hugum manna, hvort hægt sé að halda svo áfram sem gert hefur verið, hvort mögulegt sé að halda uppi jafnstórkostlegri heildarfjárfestingu og gert hefur verið, hvort hugsanlegt sé, að erlent lánsfjármagn sé fáanlegt í nógu stórum mæli, til þess að slíkt gæti verið mögulegt, hvort óhætt mundi að taka svo stór lán erlendis ár eftir ár sem til þess mundi þurfa. Og þá vaknar síðast, en ekki sízt sú spurning, hvort þjóðin vill minnka eyðslu sína svo, að hún geti kostað enn þá meira af þessari fjárfestingu sjálf af tekjum sínum en hún gerir nú, og þá með hvaða hætti slíkt ætti að komast í framkvæmd.

Sumum hættir til að tala eins og Íslendingar geti fengið að láni erlendis fjármagn eftir vild. En ég held, að mönnum hljóti að verða ljósara og ljósara, hvernig ástatt er í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að í flestöllum löndum eru gífurlegar verklegar framkvæmdir, eins konar fjárfestingarkapphlaup. Þetta fjárfestingarkapphlaup hefur í för með sér verðbólgu í flestum löndum, en verðbólguþróunin veldur því, að minna safnast af fjármagni, sem getur orðið til útlána, bæði heima fyrir og út úr löndunum. Framkvæmdirnar vaxa, lánsfjárframboðið minnkar. Aðeins örfá lönd skera sig úr í þessu efni, og allir beina þá þangað ferð sinni til þess að fá lán. Það er því stórkostlegur lánsfjárskortur ríkjandi í heiminum og mjög erfitt að fá lán eða nærri ókleift á frjálsum peningamarkaði, og útlánamálunum er yfirleitt stjórnað af opinberum aðilum og alþjóðastofnunum, sem til þess hafa verið settar á fót.

Það er m. a. til marks um, hvernig ástatt er í þessum efnum, að aðalbankastjóri þjóðbankans danska sagði í vor sem leið, samkvæmt fréttum í ríkisútvarpinu hér 12. maí s. l., að það væri ekki sérstakt fyrir Dani, að þeir gætu ekki fengið lán á frjálsum markaði erlendis, það gæti varla nokkur þjóð lengur. Eru þó fjármál Dana í framúrskarandi góðu og öruggu horfi.

Því fer þess vegna víðs fjarri, að lánsfé erlendis liggi á lausu. T. d. er þannig ástatt um okkur, að við höfum ekki fengið lán í Alþjóðabankanum í nokkur ár. Sumpart hefur það stafað af deilu við bankann út af sementsverksmiðjunni, sem hann neitaði um lán til, en við lögðum í samt, sumpart af því, að Alþjóðabankinn er mjög tregur til að lána þeim löndum, sem búa við ofþenslu vegna mikillar fjárfestingar, og loks af því, að Alþjóðabankinn hefur sett sér þá reglu að lána aldrei nema fyrir erlendum kostnaði við hverja framkvæmd.

Lánaþörf okkar til þeirra fyrirtækja, sem við erum að leita að lánum til erlendis, nær hins vegar miklu lengra, eins og bezt sést á því, að við erum að taka lán erlendis í innlendan kostnað við Sogsvirkjunina, sementsverksmiðjuna og að nokkru leyti raforkuáætlun dreifbýlisins. Ég vil ekki halda því fram, að það þurfi að vera óheilbrigt að taka lán erlendis að einhverju leyti fyrir innlendum kostnaði við einstakar framkvæmdir, en það er þá a. m. k. áríðandi, að þess sé gætt, að þar sé raunverulega um framkvæmdir að ræða, sem auka þjóðartekjurnar og standi því hreinlega undir þeim erlendu lánum, sem til þeirra eru tekin. Annars getum við vaknað upp við vondan draum, þegar að skuldadögunum kemur, og komizt að raun um, að óviðráðanlega stór hluti af gjaldeyristekjunum sé orðinn bundinn í vexti og afborganir.

Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir því, að það er takmark fyrir því, hvað þjóð eins og við Íslendingar getum byggt mikið á erlendu lánsfé.

Hin mesta nauðsyn væri að mínum dómi, að erlent fjármagn kæmi inn í landið einnig eftir öðrum leiðum en lánsleiðinni, enda væru þar eðlileg takmörk sett. En slíkt verður tæpast, nema stefnubreyting verði í efnahagsmálum

okkar og framleiðslumálum frá því, sem verið hefur nú um nærfellt tuttugu ár. Væri freistandi að ræða það atriði nánar, en til þess er ekki tóm.

Þá er full ástæða til þess að horfast í augu við, að það verður að fara varlegar í það en gert hefur verið stundum að kasta sér út í framkvæmdir, sem kosta hundruð millj. kr., án þess að hafa gert sér grein fyrir því, hvernig fjár skuli aflað til þeirra. Sé of langt gengið í þessu efni, getur það stórum veikt aðstöðu þjóðarinnar í baráttu hennar fyrir því að standa á eigin fótum fjárhagslega. Það er eðlilegt að taka erlend lán til arðbærra framkvæmda að vissu marki. Jafnframt vil ég leggja á það höfuðáherzlu, að framfarir hér megi ekki verða of háðar því, að erlent lánsfé sé fyrir hendi.

Þess vegna verður þjóðin að finna leiðir til þess að koma jafnvægi á efnahagsmál sín til þess að auka myndun fjármagns í landinu sjálfu. Einn liður í því er að draga nokkuð úr fjárfestingarframkvæmdum beinlínis í þágu framfaranna sjálfra, einnig í þágu framleiðslunnar og afkomu þjóðarbúsins út á við. Það vantar víðast fólk við framleiðslustörfin. Á sama tíma fáum við þúsundir útlendinga til þess að vinna að framleiðslustörfunum, en eigum mjög erfitt með að standa skil á vinnulaunum út úr landinu. Of ör fjárfesting dregur úr framleiðslunni og gjaldeyristekjunum og hvílir þyngra á sjálfri gjaldeyrisverzluninni en þjóðarbúið raunverulega þolir.

Íslenzka þjóðin hefur um aldaraðir verið innilokuð í örbirgðarinnar húsi, ef svo mætti segja. Mönnum hættir því við að ryðjast nokkuð ört til dyranna, þegar þær opnast. En menn verða að gæta þess að ryðjast ekki svo ört til dyranna, að óbærileg þröng verði og tjón fyrir framfarirnar. Menn verða að læra þá list að sækja skipulega fram um dyr framfaranna. Með því móti mun mest vinnast.

Jafnhliða því, sem draga verður nokkuð úr fjárfestingarhraðanum, ég segi nokkuð, því að hér á ekki að verða hik á framfarabaráttunni, einmitt til þess að forðast stöðvun og öngþveiti um mörg nauðsynlegustu verkin, verður þjóðin að finna leiðir til þess, að meira fjármagn safnist innanlands til hinna stærri framkvæmda. Áhrifarikast í því efni verður vitaskuld, ef samtök væru milli ríkisvaldsins og sterkustu almannasamtakanna í landinu, samtaka hins vinnandi fólks, um þá stefnu, sem tryggt getur jafnvægi í efnahagsmálum og stöðugt verðlag, eftir að jafnvægi hefur verið náð.

Íslendingar eru miklir framfaramenn, og er það mjög ánægjulegt. Á hinn bóginn verðum við alvarlega að gjalda varhuga við þeim kröfuanda, sem orðinn er landlægur hjá okkur. Þótt það sé mikilsvert, að menn séu vel vakandi og hafi áhuga fyrir umbótum, þá getur skortur á skilningi á því, að ekki er hægt að gera allt í einu, valdið stórtjóni. Óþolinmæði okkar Íslendinga er svo mikil að okkur hættir stundum við að halda eða telja okkur trú um, að hvergi vanti neitt nema hér, og að ímynda okkur, að við séum á eftir öllum öðrum í öllu. Mér dettur í þessu sambandi í hug að benda á, að í Bandaríkjunum býr ein auðugasta þjóð heimsins. Framleiðslan er hvergi meiri en í Bandaríkjunum og almenn velmegun hvergi meiri en þar. Bandaríkjamenn hafa á undanförnum árum lagt á sig miklar skattabyrðar til þess að safna saman fé og gefa það eða lána í önnur lönd, styðja þannig framfarir þar og koma í veg fyrir kreppu og kyrrstöðu. Samt sem áður er það svo, að eitt af vandamálum þeim, sem liggja fyrir þingi Bandaríkjanna, er það, hvernig kosta skuli byggingar nýrra skólahúsa, sem skortur er á þar í landi. Það er sannarlega víðar en á Íslandi, sem ýmislegt vantar af því, sem þörf er fyrir.

Hjá okkur hefur tæpast verið vinsælt að leiða athygli manna að þessum staðreyndum, en ég hika ekki við að gera það samt. Ég hika heldur ekki við að kalla það skort á raunsæi og skort á vilja til þess að horfast í augu við verkefnin eins og þau eru, þegar allt úir og grúir af kröfum um, að lagt verði tafarlaust í enn meiri kostnað og framkvæmdir á öllum sviðum, og einnig um, að komið verði tafarlaust upp nýjum útlánagreinum. Ætti þó flestum að vera ljóst, hvernig ástatt er hér um framkvæmdir, sem eru tiltölulega meiri en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli, og hvernig ástatt er um fjáröflun til framkvæmda og útlána, sem þjóðin hefur viljað láta sitja fyrir. En við borð liggur, að einmitt þessar framkvæmdir og þessi útlán stöðvist vegna fjárskorts. Þar sem allt verður að byggjast á skilningi og ákvörðunum fjöldans, er fátt hættulegra en það, að menn venji sig af því að horfast í augu við raunveruleikann.

Ég hef komið það mikið nærri hraðri framsókn síðustu áratuga, að ég óttast ekkert áróður né útúrsnúning, þótt ég dragi fram þetta sjónarmið. Allra síst ætti ég að þurfa að óttast óorð af hóflegum aðvörunum í þessa átt, eftir að því hefur nú um skeið verið svo rækilega lýst fyrir þjóðinni sem raun er á orðin, að öll sameiginleg útgjöld hennar undanfarin 20 ár eða svo hafi verið af mér ákveðin og séu á mína ábyrgð, og þá auðvitað framfarirnar með, þótt raunar hafi nú stundum gleymzt að halda því á lofti. Ég segi gleymzt, því að tæplega gæti verið meiningin, að ég bæri ábyrgð á útgjöldunum, en aðrir ættu heiðurinn af framförunum. Ætli þetta yrði ekki að fylgjast að? En allt er það tal fánýtt hjal, og nefni ég þetta fremur í gamni en alvöru.

Ég kem þá að fjárlagafrv. því fyrir árið 1958, sem hér liggur fyrir. Heildarniðurstaða frv. er sú, að greiðsluhalli er áætlaður rúml. 71 millj. kr. í stað rúml. einnar millj. kr. greiðsluafgangs á gildandi fjárlögum. Verður útgjaldahækkun alls frá fjárlögum 1957 41½ millj. og tekjurýrnun áætluð 31 millj., en niðurstaðan nálega 73 millj. óhagstæðari en á gildandi fjárlögum.

Tekjur eru á þessu frv. áætlaðar samkv. þeirri reynslu, sem orðið hefur um tekjur þessa árs, það sem af er árinu, og er miðað við svipaða þróun það sem eftir er ársins og orðið hefur hingað til. Um niðurstöðuna vitum við hins vegar ekki að fullu enn þá. Hefur áætlun á verðtolli og tekjum samkv. lögum um útflutningssjóð o. fl. verið lækkuð mikið. Ekki þótti sem sé fært að miða áætlun tollteknanna við annað

en reynslu þessa árs, það sem af er, og hef ég skýrt frá henni að framan. Hins vegar er tekju- og eignarskattur áætlaður nokkru hærri en á gildandi fjárlögum og þá miðað við upplýsingar um álagða skatta á þessu ári.

Síðan 1950 hafa margar ráðstafanir verið gerðar af ríkisvaldinu til þess að létta beinu skattana. Nú þarf að finna leiðir til þess að breyta reglunum um skattlagningu á tekjur hjóna, og er það mál í athugun. Einnig ber brýna nauðsyn til að breyta lagaákvæðum um skattlagningu á félög.

Síðan 1950 hafa m. a. eftirgreindar ráðstafanir verið gerðar til þess að lækka beinu skattana til ríkisins, en engar ráðstafanir til þess að hækka beina skatta til ríkisins, nema álagning stóreignaskattsins: Árið 1950 voru sett lög um lækkun skatta á lágum tekjum. Árið 1954 var sparifé gert skattfrjálst. Árið 1954 voru sett ný skattalög og tekjuskattur annarra en félaga lækkaður stórkostlega, eða um 29% að meðaltali. Þá fengu fiskimenn frádráttarhlunnindi, sem þeir höfðu ekki áður haft, og giftar konur, sem leggja í kostnað vegna vinnu utan heimilis, sömuleiðis frádráttarhlunnindi, meiri en þær höfðu áður haft. Árið 1956 var tekjuskattsviðauki félaga felldur alveg niður. Nú á þessu ári voru enn sett sérstök lög til þess að lækka tekjuskatt á lægri tekjum. Loks voru á þessu ári sett sérstök lög um aukinn skattfrádrátt enn til handa skipverjum á fiskiskipum.

Það þyrfti að finna leiðir til þess að lækka tekjuskattinn enn á ný og örva með því framtak og sparnað og auka heldur eyðsluskatta, halda þannig fram stefnunni, sem fylgt hefur verið frá 1950 um lækkun beinna skatta. En þá væri nauðsynlegt að láta fylgja ráðstafanir til þess, að það yrði ekki tekið í útsvarshækkunum, sem skattar lækkuðu til ríkisins.

Ómögulegt er að fullyrða, hvort hægt er að finna á næstunni leiðir til þess að koma í framkvæmd enn nýrri lækkun beinna skatta. Það fer eftir úrræðum þeim, sem finnast í efnahagsmálunum. Skattamálin verða ekki slitin úr sambandi við afgreiðslu þeirra.

Þá kem ég að gjaldahlið fjárlagafrv. og mun gera grein fyrir því í höfuðdráttum, í hverju aukning ríkisútgjaldanna liggur.

Vextir hækka um 2 millj. og 300 þús. Þessi hækkun á vaxtaútgjöldum á eingöngu rót sína að rekja til þess, að ákveðið var á síðasta Alþ. með lögum um íbúðalán o. fl., að ríkið tæki að sér skuld íbúðalánasjóðs við Landsbankann. Er því hér í rauninni um að ræða lögboðið framlag til íbúðalánasjóðs.

Dómgæzla og lögreglustjórn hækkar um 4 millj. og 100 þús. Þar kemur til hækkun á landhelgisgæzlukostnaði 1 millj. og 600 þús. Koma þar til greina m. a. nýir kjarasamningar við yfirmenn á skipunum, og gert er ráð fyrir að reka björgunar- og varðskipið Albert allt árið 1958.

Þá hækkar hluttaka ríkissjóðs í lögreglustarfsemi í kaupstöðum. Eru það lögboðin útgjöld. Þá er gert ráð fyrir, að ríkislögregluþjónum verði fjölgað um 5 og löggæzla utan Reykjavíkur nokkuð aukin. Þá hækkar nokkuð kostnaður við vinnuhælið að Litla-Hrauni, þar sem þar verður aukin gæzla og lagt í endurbætur.

Kostnaður við innheimtu skatta og tolla hækkar um 3 millj. og 400 þús. Þar er að nokkru leyti um að ræða lagfæringu á áætlun, sem hefur verið of lág áður, en einnig verulegur kostnaðarauki við aukna tollgæzlu, sem efnt er til bæði í Reykjavík og úti um land. Var knýjandi nauðsyn á þessari aukningu tollgæzlunnar, þó að hún kosti verulegt fé, og hefur hún áreiðanlega nú þegar komið að gagni. Það skal tekið fram, að á nokkrum stöðum úti um land er ætlunin að sameina tollgæzlu og löggæzlu.

Útgjöld til heilbrigðismála hækka um 2 millj. og 200 þús. Er hér um að ræða aukinn halla á sjúkrahúsum ríkisins og aukinn kostnað vegna laga um framfærslu sjúkra manna og örkumla. Aukinn halli á ríkisspítölunum stafar fyrst og fremst af stækkun landsspítalans og nokkuð auknum kostnaði við sjúkrahúsrekstrinn yfirleitt. Hefur farið fram athugun á því, hvort komast mætti hjá hækkun á rekstrarhalla sjúkrahúsanna og hjá hækkun heildarútgjalda vegna heilbrigðismála með því að hækka daggjöldin á spítölunum. Kemur þá í ljós, að hækkun daggjaldanna mundi valda hækkun á öðrum liðum fjárl., sem sé framlögum til sjúkra manna og örkumla svo og berklasjúkra. Enn fremur má telja víst, að daggjaldahækkun hefði í för með sér hækkuð sjúkrasamlagsiðgjöld, en eins og kunnugt er, greiðir ríkissjóður hluta af þeim. — Niðurstaðan af athugun á þessu máli er sú, að þó að beinn rekstrarhalli ríkisspítalanna mundi að sjálfsögðu lækka, ef daggjaldahækkun yrði, þá mundu önnur ríkisútgjöld vegna sjúkramála hækka meira en daggjaldahækkuninni nemur. Sýnir þetta glöggt, hversu ríkið hefur nú tekið að sér mikinn hluta af sjúkrakostnaðinum í landinu. Bendi ég ekki á þetta til þess að telja það eftir, heldur sem dæmi um það, hvers vegna ríkisútgjöld fara hækkandi.

Kostnaður við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla hækkar um 1 millj. Þessi liður hækkar ár frá ári, og er ástæðan sú, að sjúkrarúmum fjölgar og fleiri og fleiri geta leitað sér læknishjálpar á spítölum, og ber þetta vott um ánægjulegar framfarir í heilbrigðismálum, en hækkar auðvitað ríkisútgjöldin.

Ríkisútgjöld til kennslumála hækka um 9 millj. og 900 þús. á þessu frv. frá gildandi fjárl. Kemur hér ýmislegt til greina, eins og nánar er rakið í greinargerðinni fyrir fjárlagafrv., en nefna má sérstaklega mikla árlega fjölgun kennara í skylduskólunum og aukinn rekstrarkostnað þeirra, leiðréttingar á of lágt áætluðum kennaralaunum í gildandi fjárl., þótt merkilegt megi virðast, að ekki skuli hafa tekizt að áætla nokkurn veginn með vissu liði eins og kennaralaun í barnaskólum og gagnfræðaskólum.

Þá má nefna aukinn kostnað ríkisins við barnaskóla og gagnfræðaskóla, sem stafar af ákvæðum reglugerðar, sem fyrrverandi menntmrh. setti í júlímánuði 1956, og aukinn kostnað ríkissjóðs vegna laga um greiðslu skólakostnaðar, sem fyrrverandi menntmrh. beitti sér fyrir á Alþ. 1955.

Útgjöld til félagsmála hækka um 5 millj. Þar

af er hækkað framlag til sjúkratrygginga 3 millj. og 300 þús. Er það fyrst og fremst vegna breytingar, sem gerð var á lögum um almannatryggingar á Alþ. 1955 og þáverandi félmrh. beitti sér fyrir, um að auka framlag ríkisins til sjúkrasamlaganna og nema úr lögum hámark, sem áður var á framlögum ríkisins.

Þá er hækkun til atvinnuleysistrygginga 1½ millj. vegna áætlaðrar fjölgunar fólks á starfsaldri og vegna vísitöluhækkunar.

Þá er gert ráð fyrir, að hækkun á fjárveitingu til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands hækki úr 84 millj. í 105 millj. Hækkunin nemur nærri 21 millj. Kemur hér þrennt til greina: Ríkisstj. hefur ákveðið niðurgreiðslur á nokkrum vörum, frá því að síðustu fjárlög voru sett, og geri ég ráð fyrir, að útgjaldaaukning af þeim ástæðum sé um 7 millj. Útgjöld við að greiða niður kartöfluverð voru á fjárl. 1957 áætluð 4 millj., og er sú áætlun allt of lág, og auk þess þarf miklu hærri fjárhæð á næsta ári en áður til þess að halda óbreyttum niðurgreiðslum á kartöfluverði, þar sem uppskeran verður nú óvenjulega mikil, en það er miklu dýrara að greiða niður innlendar kartöflur en útlendar. Verður því að áætla útgjöld til þess að greiða niður kartöflur á næsta ári 13.5 millj. Er það 9.5 millj. kr. hærra en á gildandi fjárl. Eru þó niðurgreiðslur á hvert kartöflukíló ráðgerðar óbreyttar. Það, sem þá er ótalið af hækkuninni, eða 4 millj. og 400 þús., stafar af því, að gera verður ráð fyrir meiri heildarneyzlu innlendra vara á næsta ári en í ár, m. a. vegna fólksfjölgunar.

Þá verður þess að geta, að útgjöld við þá niðurgreiðslu landbúnaðarafurða, sem ákveðin var enn til viðbótar í haust til þess að koma í veg fyrir hækkun á landbúnaðarafurðum, er ekki meðtalin í frv. Hefur engin ákvörðun verið tekin um það, hvort þessi niðurgreiðsla skuli verða til frambúðar eða ekki, og er því ekki tekin með. En eigi hún að standa, mundi þurfa að hækka fjárveitingu til niðurgreiðslu á vöruverði sem henni svaraði, væntanlega eigi fjarri 20 milljónum.

Á 20. gr. fjárlagafrv. hækkar fjárveiting til afborgunar af ríkislánum um 3 millj. og 700 þús. kr., og er það aðallega vegna skulda, sem ríkissjóður tók á sig vegna íbúðalánasjóðs. Er hér því í raun og veru um að ræða lögboðið framlag til íbúðalánasjóðsins.

Loks er þess að geta, að fjárveiting vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum á 20. gr. er hækkuð úr 18 millj., og mun sízt af því veita samkv. því, sem horfir á þessu ári. Hafa þurrafúaábyrgðir drúgum bætt við útgjöld á þessum lið, og eru þær m. a. orðnar að stórfelldu vandamáli, sem þetta hv. Alþingi kemst ekki hjá að taka til nýrrar meðferðar.

Á móti hækkunum vegur nokkuð lækkun á *ýmsum fjárveitingum til fjárfestingarmála, sem* nema sem næst 23 millj. kr. Þessi lækkun á fjárfestingarútgjöldum frv. frá gildandi fjárlögum kemur þannig fram, að fjárveitingar til margra fjárfestingarframkvæmda á 20. gr. eru lækkaðar um 10% frá gildandi fjárlögum. Fjárveitingar til nýrra akvega, brúargerða, hafnarmannvirkja og skólabygginga eru settar talsvert lægri en þær eru í gildandi fjárlögum, en yfirleitt um 10% hærri en þær voru á fjárlagafrv. stjórnarinnar s. l. haust.

Heildarhækkun fjárlagafrv. nemur um það bil 5% frá gildandi fjárlögum. Þar af eru um 2½%, eða helmingur af hækkuninni, vegna aukinna niðurgreiðslna á vöruverði innanlands, en 2½% allir aðrir liðir samanlagt, og eru það langsamlega mest hækkanir á lögboðnum útgjöldum.

Fyrir utan lögboðna fjölgun embættismanna, svo sem kennara og þvílíkra, og fjölgun á tollgæzlu- og lögreglumönnum og fangavörðum á Litla-Hrauni, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, er ekki í fjárlagafrumvarpinu ráðgerð önnur fjölgun á starfsliði en þremur starfsmönnum á landsspítala, þremur hjá flugmálastjórninni, tveimur riturum hjá sýslumönnum, einum ritara og fulltrúa að hálfu í ráðuneytum og einum sendli.

Ríkisstj. er ráðin í því að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir óeðlilega aukningu á starfrækslukostnaði ríkisins. Ríkisstj. mun leita allra tiltækra ráða *til þess, að vinnubrögðum í opinberum rekstri* verði hagað á sem heppilegastan hátt og með sparnað fyrir augum. Hefur ríkisstj. nú þegar látið vinna undirbúningsstörf í þessu efni, og verður því verki haldið áfram.

Ég hef nú rakið, í hverju hækkun fjárlagafrv. liggur. En mér finnst einnig nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir, hvernig á því stendur, að ríkisútgjöldin hafa farið hækkandi á undanförnum árum. Ég tel hyggilegt að miða slíkan samanburð við árið 1952 annars vegar og fjár*lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, hins vegar.* Þetta sýnist mér ráðlegt af því, að árið 1952 voru áhrif gengisbreytingarinnar frá 1950 alveg komin fram, og það ár hafði einmitt myndazt nokkuð stöðugt verðlag. Má segja, að það hafi verið eins konar vatnaskilaár í þessum efnum.

Í fjmrn. hefur verið gert yfirlit um þetta, sem ég ætla að greina hér frá.

Samkv. fjárlagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru heildarútgjöld ríkisins, 20. gr. meðtalin, 851.8 millj. Hliðstæð tala fyrir árið 1952 varð 410 millj. *Heildarútgjöld ríkisins eru því* skv. þessu frv. ráðgerð 441 millj. hærri en 1952. Þetta er 107.6% hækkun og ekkert smáræði.

Til þess að gera sem nánasta grein fyrir, í hverju hækkun ríkisútgjaldanna er fólgin á þessu tímabili, hefur verið gert eftirfarandi yfirlit um hækkun á einstökum liðum eða málaflokkum, sem hafa hækkað verulega, og mun ég geta um nokkrar ástæður fyrir þessum hækkunum.

Áður en ég kem að hækkununum, vil ég þó fyrst geta þess, að einn einasti liður hefur lækkað, og það eru vextir af skuldum. Skuldir ríkissjóðs, sem hann verður að standa straum af, *hafa sem sé lækkað verulega síðan 1952.* Segir það sína sögu um heildarafkomuna og áhrif ríkisbúskaparins á þróun efnahagsmálanna, m. a. sína sögu um það, hvort þangað muni að rekja rót verðbólgunnar.

Kem ég þá að hækkun ríkisútgjaldanna frá 1952.

I. Framlög til byggingarframkvæmda hafa á tímabilinu hækkað um ..... 24.2 millj.
II. Framlög til helztu verklegra framkvæmda hafa á tímabilinu hækkað um ..... 85.1 millj.
III. Á 9. gr. fjárlaga: Alþingiskostnaður ..... 3.3 millj.
IV. Á 10. grein fjárlaga:
a) Utanríkismál ..... 3.9 millj.
b) Kostnaður vegna laga frá 1956 um þjóðskrá ..... 577 þús.
4.5 millj.

V. Á 11. grein fjárlaga:
a) Lögreglukostnaður, vegna stóraukinnar löggæzlu um land allt, sbr. m. a. lög frá 1956, um breyting á lögum um lögreglumenn ..... 5.9 millj.
b) Embættiskostnaður sýslumanna og bæjarfógeta, annarra dómara og lögreglustjóra ..... 6.4 millj.
c) Kostnaður við landhelgisgæzlu, m. a. fyrir tilkomu nýrra varðskipa og aukinnar fluggæzlu ..... 6.7 millj.
d) Tollgæzlukostnaður, m. a. vegna stóraukinnar tollgæzlu um allt land 4.1 millj.
e) Kostnaður við tollstjóraembættið í Reykjavík, skattstofur og skattanefndir ..... 6.2 millj.
29.5 millj.

VI. Á 12. grein fjárlaga:
a) Hækkun á rekstrarhalla ríkisspítala, sem m. a. stafar af tilkomu nýrra sjúkrahúsa, fjölgun sjúkrarúma í eldri sjúkrahúsum og þar með legudagafjölgun, launahækkunum, og nú á síðasta ári af því, að daggjaldahækkun hefur eigi átt sér stað þrátt fyrir hækkun kostnaðar. Starfsfólki ríkissjúkrahúsa hefur fjölgað um 51 frá árinu 1952 ..... 12.2 millj.
b) Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla. Hækkunin stafar fyrst og fremst af fjölgun legudaga, sem aftur á rót sína að rekja til tilkomu nýrra sjúkrahúsa og stækkunar eldri sjúkrahúsa. Einnig hefur daggjaldahækkun á árunum 1952—1956 hér mikil áhrif. Loks má nefna nýja hópa sjúklinga, sem látnir hafa verið falla hér undir, svo sem drykkjusjúklinga. Þá hafa mænuveikifaraldrar undanfarinna ára haft hér kostnaðarauka í för með sér ..... 8.9 millj.
c) Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa, sem fyrst var upp tekinn, svo að nokkru næmi, með lögum frá 1953 og hefur verið aukinn með breytingum á þeim lögum síðan, og rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítala fyrst tekinn í fjárlög árið 1956 ..... 3.3 millj.
d) Laun héraðslækna — sbr. m. a. læknaskipunarlög frá 1955, en með þeim lögum er læknishéruðum fjölgað og teknar upp greiðslur til aðstoðarlækna ..... 1.6 millj.
26.2 millj.

VII. Á 13. grein fjárlaga:
a) Vegaviðhald ..... 13.6 millj.
b) Framlag til strandferða ríkisins og til flóabáta. Rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Veldur því stóraukinn tilkostnaður á öllum rekstrarliðum, svo sem launum skipshafna og starfsfólks, viðhaldi skipa, sjóvátryggingu skipa o. s. frv., en hins vegar það, að gjaldskrár stofnunarinnar eru óbreyttar frá 1951 (fargjöld) og 1952 (farmgjöld) ..... 8.3 millj.
c) Rekstrarhalli flugmála ..... 2.8 millj.
24.8 millj.

VIII. Á 14. grein fjárlaga:
a) Laun og embættiskostnaður presta, sbr. m. a. lög frá 1956, um skipun prestakalla ..... 4.1 millj.
b) Til Háskóla Íslands. Fjölgun prófessorsembætta með lögum og önnur aukning kostnaðar ..... 1.8 millj.
c) Hækkun skólakostnaðar vegna nýrra laga og reglugerðarbreytinga á árunum 1952—1957:
1. Lög frá 1952 um breyting á l. um stýrimannaskólann í Reykjavík ..... 160 þús.
2. Ákvæði laga frá 1946 um menntaskóla í sveit látin koma til framkv. ..... 534 þús.
3. Lög frá 1954 um réttindi og skyldur starfsm. ríkisins — forfallakennsla ..... 272 þús.
4. Lög frá 1955 og reglugerð sama ár um iðnskóla ..... 1.431 þús.
5. Reglugerð frá 21. júlí 1956 um listiðnaðardeild handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík ..... 200 þús.
6. Lög frá 1955 um greiðslu rekstrarkostnaðar skóla .. 1.954 þús.

7. Lög frá 1955 og reglugerð frá 21. febrúar 1956, um almenningsbókasöfn ..... 568 þús.
8. Reglugerð frá 13. júlí 1956 ..... 2.113 þús.
9. Lög frá 1956, um ríkisútgáfu námsbóka ..... 863 þús.
10. Reglugerð frá 2. maí 1956, um laun stundakennara 266 þús.
11. Lög frá 1957, um heilsuvernd í skólum — skólayfirlæknir ..... 115 þús.
12. Fjölgun námsstjóra og söngmálastjórn í skólum .... 242 þús.
13. Reglur um gjald fyrir heimavinnu við leiðréttingar stíla, frá 18. marz 1957. ..... 320 þús.

9.0 millj.

d) Hækkun heildarlauna barnakennara, gagnfræðaskólakennara og húsmæðraskólakennara skv. nýjum launalögum og vegna vísitöluhækkunar og kennarafjölgunar. En kennurum í barnaskólum og héraðs- og gagnfræðaskólum hefur skv. starfsmannaskrám fjölgað um 430 manns frá 1952 til 1958. Þessi fjölgun er að mestu leyti vegna fjölgunar barna og unglinga í skólum ..... 30.0 millj.

45.6 millj.

IX. Á 15. grein fjárlaga:
a) Til atvinnudeildar háskólans. Hér stafar hækkunin, auk almennrar launa- og kostnaðarhækkunar, af því, að mjög hefur fjölgað sérfræðingum, er starfa að rannsóknum í þágu höfuðatvinnuveganna, iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar, en kröfur um aukna þjónustu atvinnudeildarinnar hafa gerzt æ meiri á undanförnum árum .... 2.9 millj.
b) Til Veðurstofu Íslands. Um ástæður þeirrar hækkunar má segja hið sama og um hækkunina hjá atvinnudeildinni ..... 1.6 millj.
c) Til opinberra safna og listamannafé ..... 2.1 millj.

6.7 millj.

X. Á 16. grein fjárlaga:
a) Til Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands ..... 3.6 millj.
b) Kostnaður við eyðingu refa og minka, sbr. lög frá 1957 ..... 700 þús.
c) Til að leita nýrra fiskimiða og til ýmissa rannsókna og tilrauna í þágu sjávarútvegsins ..... 3.1 millj.

7.5 millj.

XI. Á 17. grein fjárlaga:
a) Almannatryggingar:
1. Vegna laga frá 1956, um atvinnuleysistryggingar .... 22.6 millj.
2. Vegna breytinga á lögum um almannatryggingar 1952—1957, aðallega vegna laga frá 1956 ..... 26.6 millj.
Þessar breytingar eru einkum: Grunnhækkun elli- og örorkulífeyris, rýmkun ákvæða um skerðingu lífeyris, fjölskyldubætur með þriðja barni, mæðralaun upp tekin, auknar uppbætur á elli- og örorkulífeyri og hækkun fæðingarstyrks.
3. Vegna vísitöluhækkunar og fjölgunar bótaþega að frádreginni iðgjaldaaukningu ..... 3.7 millj.

52.9 millj.

b) Til bindindisstarfsemi, m. a. vegna ákvæða VII. kafla áfengislaganna frá 1954 — áfengisvarnir ..... 627 þús.
c) Greiðslur með börnum erlendra manna, sbr. lög frá 1954 ..... 1.1 millj.

54.7 millj.

XII. Á 18. grein fjárlaga:
a) Eftirlaun og styrktarfé, samkvæmt ákvörðun Alþingis, framlag til lífeyrissjóða og framlag til grunnlaunauppbóta á lífeyri og verðlagsuppbóta á lífeyri .... 9.5 millj.

XIII. Á 19. grein fjárlaga:
a) Framlag ríkissjóðs til lækkunar á vöruverði ..... 77.8 millj.

XIV. Á 20. grein fjárlaga:
Útlagðir vextir og afborganir af lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum 11.7 millj.

Samtals I—XIV 411.8 millj.

Samtals nema þá þessir liðir, sem ég hef nefnt, 411 millj. og 800 þús. Og þá standa eftir af hækkuninni frá 1952 um 29 millj. og 300 þús. En þar, í þessum 29 millj. og 300 þús., eru m. a. innifaldir eftirtaldir liðir eða hækkun á eftirtöldum liðum: rekstur fangahúsa, nýtt vinnuhæli á Kvíabryggju, ýmislegir liðir til heilbrigðismála á 12. gr. fjárlaga, sem ekki eru taldir áður,

áhaldakaup vegamálastjórnar og vitamálastjórnar, auknar orlofsgreiðslur vegna lagabreytinga, laun vitavarða og rekstrarkostnaður vita, kostnaðaraukning vegna kennslumála, sem enn er ótalin í því, sem ég hef lesið, um 17 millj. kr., og loks margvíslegir styrkir á 15. gr., kostnaðaraukning við land- og sjómælingar og við húsameistaraembættið, gjöld skv. nýjum lögum um búfjárrækt, aukið framlag til hlutatryggingasjóðs samkv. lögum og ýmsir liðir á 17. gr. fjárlaganna, sem ekki hafa verið taldir áður, svo sem aukin tillög til alþjóðastofnana og ýmislegra félagsmála innanlands, enn fremur kostnaðaraukning við hagstofu og stjórnarráð. Allt þetta o. fl. er innifalið í þessum rúmlega 29 millj.

Sennilega finnst mönnum, sem nú hafi margar tölur nefndar verið og ekki gott að átta sig til fulls eða fá greinilega mynd af málinu, en sannleikurinn er þó sá, að með þessum upplýsingum hafa menn fengið í hnotskurn höfuðstaðreyndir um þróun ríkisútgjaldanna síðan 1952. Koma fram í þessu yfirliti tiltölulega fáir skýrir drættir, sem gera myndina ekki flókna, þegar að er hugað nánar. Og nokkra þessara drátta vil ég benda á sérstaklega.

Mesta hækkun á einum lið er vegna niðurgreiðslu á vöruverði, eða 77 millj. kr. hækkun frá 1952, og er þetta um 286% hækkun.

Ef við athugum, á vegum hvaða rn. útgjaldaaukning hefur orðið mest á tímabilinu, kemur í ljós, að útgjöld á vegum félmrn. hafa vaxið um 64.4 millj. kr., á vegum menntmrn. um 63 millj. kr. Útgjöld til raforkumála hafa vaxið tiltölulega mest, eða um 468%.

Á yfirliti þessu kemur einnig glöggt í ljós, hvernig háttað er um aukningu framlaga til opinberra framkvæmda, og mun mörgum leika forvitni á að vita, hversu farið hefur um þau framlög í þessari þróun. Kemur þá fram, að framlög til opinberra framkvæmda eru nú í þessu fjárlagafrv. 109 millj. kr. hærri en árið 1952. Nemur hækkunin til þeirra í frv. því 137%, og er það mun meiri aukning en orðið hefur á ríkisútgjöldunum í heild. Framlög til verklegra framkvæmda hafa því hækkað meira en flestir aðrir liðir á fjárlögunum.

Byggingarkostnaður er talinn hafa hækkað um 40.5% síðan 1952, samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar fyrir þetta tímabil. Sýnir þetta glöggt, að framlög til verklegra framkvæmda hafa einnig raunverulega stóraukizt á þessu tímabili, bæði hlutfallslega við fjárlagaútgjöldin í heild og þó einkum ef borið er saman, hvað hægt er að framkvæma fyrir fjárveitingarnar á hverju ári, bæði árin.

Þá hef ég athugað sérstaklega um beinan starfrækslukostnað í nokkuð þröngri merkingu. Ég tek með í því sambandi kostnað við Alþingi, stjórnarráðið, utanríkismál, opinbert eftirlit og innheimtu tolla og skatta. Þessir liðir hafa hækkað á tímabilinu um 93.3% og hafa því hækkað heldur minna en sem svarar hækkun fjárlaganna. Nema þessir liðir 6.2% af gjöldum fjárlagafrv. núna, en námu 6.7% árið 1952.

Einn er sá liður í ríkisbúskapnum, sem hefur algera sérstöðu, og það eru útgjöld til þess að halda niðri vöruverði. Þau eru ekki sambærileg við neitt annað, og í rauninni er þar um að ræða ráðstafanir til þess að halda niðri verðlagi á einstökum vörutegundum fyrir milligöngu ríkisins og láta kostnaðinn af því koma fram í hækkuðum álögum á aðrar vörur. Þegar athuguð er þróun ríkisútgjaldanna, mætti því setja dæmið upp þannig að athuga, hver hækkun ríkisútgjaldanna hefur orðið, að frátöldu því fé, sem notað er til lækkunar á vöruverði. Sé þetta gert, kemur í ljós, að hækkun á heildarútgjöldum ríkisins á þessu tímabili, að frátöldu þessu fé, nemur 94.9%.

Ekki þurfa menn lengi að skoða þróun ríkisútgjaldanna til þess að sjá, að fjárlögin verða fyrst og fremst spegilmynd af löggjafarstarfi Alþingis annars vegar og á hinn bóginn af þróun verðlagsmálanna í landinu. Meginhluti ríkisútgjaldanna er að sjálfsögðu lögboðinn, og sjálft fjárveitingarvaldið er hjá Alþingi, og með hækkandi verðlagi og rýrnandi verðgildi peninga, hvort sem það kemur fram í skráðu gengi krónunnar eða í gegnum áhrif uppbótakerfisins, hækka ríkisútgjöldin.

Það er ef til vill sérstök ástæða til þess að draga þetta fram nú, þegar hafðar eru í huga þær fáránlegu umræður, sem fram hafa farið undanfarið um ríkisbúskapinn og ríkisútgjöldin, þar sem um þessi efni hefur verið rætt eins og fjmrh. ákvæði ríkisútgjöldin og bæri höfuðábyrgð á þeim.

Efast ég um, að fitjað sé upp á umræðum um þessi mál á jafnlágu „plani“, ef svo mætti segja, hjá nokkurri þjóð, sem telja vill sig sæmilega siðmenntaða. Samkvæmt þessum áróðri ætti fjmrh. að vera ofar Alþingi og eins konar yfirráðuneyti allra ráðuneyta, sem yfir höfuð fjalla þó miklu meira um útgjaldahlið fjárlaganna en fjmrn.

Í þeim upplýsingum, sem ég nú hef gefið, kemur samhengi þessara mála nokkuð glöggt í ljós, og segir það sína sögu, m. a. í hvaða málaflokkum útgjaldaaukningin hefur orðið. Geta allir skoðað það. Geta þá einnig þeir, sem staðið hafa fyrir þeim málum á undanförnum árum, hugleitt, hvort þeir hafi þar nokkuð nærri komið og hvers vegna ríkisútgjöldin hækkuðu í þessum málaflokkum.

Þessi mynd af ríkisbúskapnum, sem sýnir nokkuð glöggt, hvers vegna ríkisútgjöldin hafa hækkað, gæti ef til vill einnig orðið nokkurt umhugsunarefni þeim mönnum, sem sífellt tala um ríkisútgjöld og framlög til sameiginlegra þarfa sem þjóðarböl, enda þótt þeir hafi heimtað með manna mestri frekju síaukin útgjöld í flestum greinum. Er hollt að hugleiða tvennt einkum í því sambandi: Í annan stað um manndóminn, sem í því felst — eða hitt þó heldur — að krefjast sífellt aukinna ríkisútgjalda og telja sér þær kröfur til gildis, en vilja svo ekki við neitt kannast, þegar fjárlögin hækka. Á hinn bóginn, hvort það hefði orðið sérstakt bjargráð að láta allt það ógert til stuðnings margvíslegum framförum og þeim, sem miður mega sín í þjóðfélaginu, sem hækkað hefur ríkisútgjöldin á undanförnum árum.

Það hefur lítið gildi að æpa órökstuddar fullyrðingar um efnahagsmálin. Það þarf meira til,

ef ræða skal þessi mál svo, að að gagni verði og þjóðin sé einhverju nær, þegar hún þarf að velja eða hafna.

Sama er að segja um það, þegar menn standa og hrósa sér og vilja láta þakka sér margvíslegar framfarir, sem orðið hafa á undanförnum árum, en biðja menn jafnframt að kenna öðrum um, að þessar framfarir skuli hafa kostað fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna.

Það er enginn vandi að standa fyrir framförum, ef menn hafa fjármagn til þeirra. Vandinn er að útvega féð.

Einmitt þegar þetta er athugað, kemur í ljós, að menn vaxa ekki af slíkum málflutningi.

Ríkisstj. var það ljóst, þegar hún var að vinna að fjárlagafrv., að mikill vandi verður að afgreiða fjárlögin og efnahagsmálin yfirleitt, svo að vel fari, á þessu Alþingi. Samkvæmt stjórnarskránni ber að leggja fram fjárlagafrv. í upphafi Alþingis. Ríkisstj. taldi sér engan veginn fært að ákveða það án náins samstarfs við þingflokkana, sem hana styðja, hvernig leysa skuli þann vanda, sem við er að fást í efnahagsmálunum, þ. á m. á hvern hátt fjárlögin geti orðið afgreidd greiðsluhallalaus.

Ríkisstj. hafði ekkert tækifæri til þess að ráðgast við stuðningsflokka sína á Alþingi um fjárlagafrv., áður en það væri lagt fram, né viðhorf í efnahagsmálum, eins og það er nú eftir reynslu þessa árs. Þess vegna er fjárlagafrv. lagt fram með greiðsluhallanum, og ríkisstj. mun í samráði við stuðningsflokka sína á Alþingi taka ákvörðun um, á hvern hátt verði tryggð afgreiðsla greiðsluhallalausra fjárlaga. Niðurstöður frv. og upplýsingar þær, sem því fylgja um ráðstafanir til niðurgreiðslu á vöruverði til bráðabirgða, gefa til kynna, að þetta verður ekki auðvelt viðfangsefni.

Þeir flokkar, sem standa að núverandi ríkisstj., hafa nægilega fjölmennu þingliði á að skipa, og ríkisstj. hefur haft og mun hafa samráð við fjölmennustu og öflugustu stéttasamtökin í landinu til sjávar og sveita, er hafa á sínu valdi að miklu leyti suma þýðingarmestu þættina í þjóðarbúskapnum. Þessi öfl þurfa að standa saman áfram um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja grundvöll framleiðslunnar, jafnar og öruggar framfarir og fulla atvinnu, en undirstaða þessa er fjárhagslegt öryggi.

Þegar þessir kraftar sameinast, geta þeir, sem nú vilja rífa niður, alls ekki eyðilagt það, sem upp er byggt, hversu mikið sem þeir reyna. Þeir flokkar, sem stjórnina styðja, eiga að sjá um, að þær ráðstafanir, sem gera þarf, komi ekki meira við almenning í landinu en brýnustu hagsmunir alþýðunnar sjálfrar og þar með þjóðarheildarinnar krefjast.

Ætlun mín hefur verið með þeim orðum, sem ég nú hef mælt, að gefa hv. Alþingi og raunar allri þjóðinni nokkrar upplýsingar um höfuðþætti efnahagsmálanna, þ. á m. um ríkisbúskapinn. Með þessu vil ég eiga þátt í því að reyna að auka skilning á þessum málum og leggja grundvöll að umræðum til undirbúnings ákvörðunum.

Valdið til ákvörðunar í efnahagsmálum er mjög dreift í okkar landi, landi félagssamtakanna og frelsisins. Þetta vald er ekki í einu ráðuneyti, ekki einu sinni allt hjá ríkisstjórn og Alþingi. Félagssamtök í landinu hafa suma þætti nær alveg í sínum höndum.

En einmitt af því, að svona er, þá er okkur meiri nauðsyn en flestum öðrum, að margir kynni sér þessi efni af samvizkusemi. Við viljum fremur þola ýmis mistök í efnahagsmálum, sem ef til vill stafa að verulegu leyti af því, hve valdið er dreift, en fórna frelsinu. En markmiðið hlýtur að vera að halda frelsinu og komast hjá mistökunum.

Í þá átt verðum við öll að vinna, hvert á sínu sviði, af þolinmæði og þrautseigju. Hver maður á Íslandi, landi félagssamtakanna og hins dreifða valds, verður að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð, sem á honum hvílir, og gæta vel göngu sinnar.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Af fagnaðartóninum í blöðum stjórnarandstöðunnar síðustu dagana mætti ætla, að mikill hvalreki hefði borizt á fjörur hennar. Svo er þó ekki, því að á hennar fjörur rekur enga hvali.

Það, sem blöð stjórnarandstöðunnar eru að hlakka yfir, er það eitt, að fjárlagafrv. fyrir árið 1958, sem hér er til umræðu, er lagt fram með 71 millj. kr. greiðsluhalla.

Því aðeins er þetta stjórnarandstöðunni fagnaðarefni, að hún er þess eðlis eða réttara sagt með þeirri ónáttúru að hryggjast yfir velgengni þjóðar sinnar, en fagna ákaflega, ef henni sýnist eitthvað muni illa ganga eða erfiðlega í þjóðarbúinu. Þetta ber hvorki þjóðhollustu vottinn né göfugu innræti og mun síður en svo verða Sjálfstfl. til vegs eða álitsauka hjá kjósendum.

En það er allt of snemmt fyrir illgjarna menn að hlakka og ímynda sér, að einhver þjóðarógæfa sé dunin yfir, þó aldrei nema fjárlagafrv. sé með nokkrum halla, þegar það er lagt fyrir Alþingi. Þeir flokkar, sem að stjórninni standa, munu áreiðanlega verða samtaka um það og sjá örugglega um, að fjárlög næsta árs verði afgreidd frá þinginu greiðsluhallalaus.

Þannig verður fagnaðarefni hinnar meinfýsnu stjórnarandstöðu áreiðanlega algerlega að engu orðið, áður en þessu þingi lýkur.

Gjöldin á þessu fjárlagafrv. eru áætluð um 40 millj. hærri en á gildandi fjárlögum, og tekjur frv. eru áætlaðar röskum 30 millj. lægri en á fjárlögum þessa árs. Þetta er allur sannleikurinn. Nú er það kunnugt, að hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, gætir jafnan fyllstu varfærni, þegar hann áætlar fjárlagatekjur næsta árs. Sjálfsagt hefur hann ekki brugðið þeim vana sínum í þetta sinn. Þar við bætist, að þegar hann vann að samningu lagafrv. í sumar, var nýlokið 7 vikna verkfalli á öllum kaupskipaflotanum. Engum dylst, að það verkfallsævintýri íhaldsins seinkaði allverulega eðlilegum vöruinnflutningi til landsins og dró þannig að marki úr tolltekjum ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins.

Hafi nú verið miðað við reynslu þessara 8 mánaða, sem ekki er óeðlilegt, og byggt á þeirri niðurstöðu, að tekjur þessa tímabils væru rýrari

en næsta árs á undan, og út frá því síðan áætlaðar tekjur seinustu mánaða ársins, viðlíka mikið undir tekjum þeirra sömu mánaða á árinu 1956, þá er ég ekkert undrandi á því, þó að niðurstaða tekjuáætlunarinnar á frv. verði 30 millj. lægri en á gildandi fjárlögum.

Enginn vafi er á því, að væri hér reiknað með jafnmiklum tekjum 4 seinustu mánuði ársins eins og þeir mánuðir gáfu árið áður, væri þegar komið miklu nær jöfnuði á tekjum þessa og seinasta árs. Mætti þó raunar telja líklegt, að frestun innflutnings á verkfallsvikunum segði einmitt til sín með auknum innflutningi seinustu fjóra mánuði ársins.

Með tilliti til alls þessa bið ég þess rólegur, að reynslan skeri úr um það, hverjar verði tekjur þessa árs um það er lýkur. Mætti þá svo fara, að rekstrarhalli fjárlagafrv. væri til muna minni orðinn undir áramótin en hann er nú talinn.

Þá hef ég lengi verið þeirrar skoðunar, að vel mætti að skaðlausu skera nokkuð niður útgjöld fjárlaga, og þeirrar skoðunar er ég enn. Og svo margt hefur íhaldið, bæði fyrr og síðar, hjalað um sparnað, að ólíklegt má telja, að það rísi öndvert gegn skynsamlegum sparnaðaraðgerðum, m. a. með nauðsynlegum lagabreytingum í þá átt, ef þurfa þætti. Síkar aðgerðir ættu því engan veginn að stranda á stjórnarandstöðunni, ef hún verður sjálfri sér samkvæm.

Þannig virðist mér algerlega ástæðulaust fyrir illviljaða að gleðjast og fyrir góðviljaða að vera að hryggjast nokkuð að ráði út af greiðsluhalla fjárlagafrv. Alþingi og ríkisstj. munu örugglega finna úrræði til greiðsluhallalausrar fjárlagaafgreiðslu.

Sjálfsagt mætti fara ýmsar leiðir til að leysa þann vanda, en það er skoðun Alþb., að vandann beri að leysa með varlegri, en þó réttri tekjuáætlun, eftir þeim horfum, sem við kunna að blasa undir áramót, og síðan, ef með þarf, með niðurskurði útgjalda, þar til greiðslujöfnuði er náð. Slík fjárlagaafgreiðsla væri líka í fullu samræmi við þá viðnáms- og stöðvunarstefnu gegn verðþenslu og vaxandi dýrtíð, sem ríkisstj. fylgir.

Annars kemur það í ljós á næstu vikum, hvaða úrræðum verður beitt til þess að tryggja hallalausa afgreiðslu fjárlaga, og undan þeim vanda verður ekki vikizt af núv. stjórnarflokkum.

Eitthvað hefur stjórnarandstaðan líka verið að breiða út fagnaðarfréttir um það, að útflutningssjóður væri kominn í þrot. En þetta er á miklum misskilningi byggt. Útflutningssjóður hefur staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart útgerðinni, það sem af er þessu ári. Auk þess hefur hann greitt útgerðarmönnum um 80 millj. kr. af þeim 100 millj. óreiðu- og vanskilahala, sem íhaldið skildi eftir sig. Sannleikurinn er sá, að bátagjaldeyriskerfið hafði dregizt a. m. k. eitt ár aftur úr og var að stöðva útgerðina vegna vanskila sinna, þegar stjórnarskiptin urðu.

Þetta er nú glæsilegi arfurinn á því sviði. Annars er það sama að segja um útflutningssjóð og ríkissjóð, að sjö vikna stöðvun á innflutningi hlaut að valda því, að nokkuð drægi úr tekjum hans í bili af þeim sökum.

Það var þá heldur ekki óeðlilegt, að bankarnir drægju nokkuð úr innflutningi hátollaðra vara, meðan óvissa ríkti um eðlilega aðflutninga lífsnauðsynja. Þetta bitnaði auðvitað tilfinnanlega bæði á tekjuöflun ríkissjóðs og útflutningssjóðs. En nú er orðin breyting á þessu, og bendir nú allt til, að innflutningur hátollaðra vara verði sízt minni seinustu mánuði ársins en var á sömu mánuðum ársins 1956.

Hér við bætist svo það, að á næsta ári er útflutningssjóður laus við ýmsar þær byrðar, sem leggja varð á hann á þessu ári vegna viðskilnaðar íhaldsins.

Þannig er það hin mesta fjarstæða að halda því fram, að kerfi útflutningssjóðs, sem byggt var upp með aðgerðunum í fyrrahaust, sé hrunið. Þvert á móti hefur mikið áunnizt, þó að ekki hafi tekizt að greiða upp öll þau vanskil, sem íhaldið skildi eftir sig gagnvart útgerðarmönnum. Athugun, sem gerð var á því, hvaða aðstoð útgerðinni hefði verið greidd úr bátagjaldeyriskerfinu og framleiðslusjóði fram til 13. sept. í fyrra, og hins vegar á því, hvaða aðstoð útflutningssjóður hefði veitt fram til sama tíma í ár, sýndi, að á árinu í ár hafði sjávarútvegurinn fengið rétt um 100 millj. kr. meiri aðstoð en eftir gamla kerfinu. Væri rétt, að íhaldið spyrði útgerðarmenn, hvort þeir vildu sleppa því, sem þeir hafa, og fá í staðinn það, sem þeir höfðu. Þetta læt ég nægja um útflutningssjóðinn í þetta sinn. Þeir ættu bara að spyrja, og þeir munu áreiðanlega fá svarið frá útgerðarmönnunum.

Þá vil ég þessu næst víkja lítið eitt að dýrtíðarmálunum.

Daglega fjargviðrast íhaldsblöðin yfir sívaxandi dýrtíð, tala jafnvel fjálglega um dýrtíðarhít stjórnarinnar, sem allt gleypi, um dýrtíðarskriðuna o. s. frv. Þessi mál er því sjálfsagt að ræða.

Nú hefur þessi ríkisstj. setið að völdum í tæpa 15 mánuði, og á því tímabili hefur visitalan hækkað um 5 stig. En hvað gerðist í dýrtíðarmálunum á seinustu 15 mánuðum, sem Ólafur Thors sat að völdum? Dýrtíðin hækkaði þá um 25 stig. Þetta er sjálfsagt ekki dýrtíðarflóð eða dýrtíðarskriða? Ekkert sást a. m. k. um það í málgögnum íhaldsins, og ekkert heyrðist í málpípum íhaldsins í þá átt á þeim tíma.

En það var nú samt þessi dýrtíðarflóðalda, sem núv. stjórn ásetti sér að reyna að stöðva, og vissu samt allir, að slíkt mundi ekki verða auðvelt.

Þegar að því ráði var horfið að bjarga framleiðslunni frá algerri stöðvun á s. l. hausti með uppbyggingu útflutningssjóðs og mörg hundruð milljóna tollaálögum í því skyni, var öllum ljóst, að þessar aðgerðir hlytu beint að hækka visitöluna um 3—4 stig. Samt varð þetta að gerast eða þá að grípa til stórfelldrar gengislækkunar. Þetta voru syndagjöld Ólafs Thors og stjórnarstefnu hans, og hjá því varð ekki komizt að greiða þau „kontant“ eða þá horfast í augu við bráða stöðvun atvinnulífsins. Síðan var komið á ströngu verðlagseftirliti og álagning lækkuð verulega, bæði í heildsölu og smásölu. Þá skorti ekki stóryrði af hendi íhaldsins um, að nú ætlaði nýja stjórnin að ganga af allri kaupsýslustarf-

semi dauðri, hér yrði vöruskortur, svartur markaður og biðraðir á skömmum tíma o. s. frv. En ekkert slíkt hefur gerzt. Hér kallaði bara að sú þjóðarnauðsyn að hafa hemil á verðlagi og beina meiru af vinnuafli þjóðarinnar frá milliliðastarfsemi til framleiðslustarfa. Jafnframt þessu var því sjómönnum veitt nokkur kjarabót með hækkuðu fiskverði og auknum fríðindum. Og ég fullyrði, að þetta er þjóðhollari stefna en níða niður lífskjör fólksins við framleiðslustörfin og gefa kaupsýslunni frjálsar hendur í verðlagsmálum, en þetta tvennt veit verkalýðsstéttin og þjóðin öll að hefur jafnan verið meginstefna íhaldsins.

Þessu næst skal ég gefa nákvæmar upplýsingar um, hvaða verðhækkanir það eru, sem orðið hafa og felast í hinum fimm vísitölustigum.

Það er þá fyrst, að verðhækkun á fiski veldur hálfu vísitölustigi, en af matvörum er það að öðru leyti sykur, sem langmest hefur hækkað í verði. Nemur sú hækkun af strásykri og höggnum molasykri samanlagt 1.71 stigi. Sú verðhækkun er okkur auðvitað með öllu óviðráðanleg. Af eldsneytisliðnum er það 6% hækkun á rafmagni í Reykjavík, sem mestri hækkun veldur, eða ¼ úr vísitölustigi. Það er sem sé heimabrugg í dýrtíðaraukningu, og gæti komið til mála að kippa þeirri hækkun til baka með því að taka rafmagnsverð óumdeilanlega undir verðlagsákvæði. Fatnaður, að skófatnaði meðtöldum, hefur hækkað vísitöluna um 1.27 stig. Húsnæðisliðurinn hækkar vísitöluna um þriðjung stigs. Og þá eru það ýmis útgjöld, svo sem hækkun dagblaða, bíómiða og póst- og símagjalda, sem nema um ½ stigs hækkun. Þannig hefur Hagstofa Íslands gert grein fyrir eðli þeirrar vísitöluhækkunar, sem orðið hefur á seinustu 15 mánuðum, síðan núverandi stjórn tók við völdum.

Orsakir þess, að ekki hefur tekizt strax á fyrsta ári að stöðva algerlega vöxt dýrtíðarinnar, eru að mínu áliti aðallega þrjár: Í fyrsta lagi tollaálögurnar í fyrrahaust, sem hlutu að segja til sín í verðlaginu. Það var, eins og ég áðan sagði, greiðslan á óreiðuvíxlum Ólafs Thors. Í öðru lagi erlendar verðhækkanir, einkanlega vegna Súezstríðsins. Og í þriðja lagi áhrifin af hinni óþjóðlegu baráttu Sjálfstfl. svokallaða fyrir því að koma nýrri verðbólguskriðu af stað.

Þegar á allt þetta er litið, tel ég mig ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum með árangurinn af viðnámsstefnu stjórnarinnar í dýrtíðarmálunum, og ég fæ ekki betur séð en fram undan geti verið ár algerrar verðlagsstöðvunar, ef haldið er áfram á sömu braut án þess að hika. Verðlag á heimsmarkaðinum er nú tiltölulega stöðugt. Líkur eru til, að engar nýjar ráðstafanir þurfi að gera til hjálpar útgerðinni, og alveg er víst, að fylgjendur Sjálfstfl. muni snúa sér með fyrirlitningu frá verðþenslustefnu hans og kenna þannig flokksforustunni betri siði í þeim efnum, eins og verkfallsbrölt hans fékk skjótan endi vegna fordæmingar fólksins sjálfs. Að mínu áliti ber því að halda áfram á hinni mörkuðu braut og slaka sízt á klónni.

Að vísu veit ég vel, að íhaldið hefur allt á hornum sér gagnvart verðlagseftirliti og öllum öðrum ráðstöfunum, sem gerðar eru til að fyrirbyggja, að hver og einn hafi fullt frjálsræði til að hækka verð á vörum og þjónustu að eigin ósk og vild. Kenning íhaldsins er sú, að frjáls verðmyndun sé almenningi hagstæðust, allt verðlagseftirlit sé því til bölvunar. Þetta tel ég augljósa falskenningu. Nægir þar að vitna til þeirrar reynslu, sem fékkst, þegar verðlagseftirlitið var gert óvirkt. Þá stórhækkaði allt verðlag. Í annan stað þarf ekki annað en benda á allan þann sæg umsókna, sem daglega berst skrifstofu verðlagsstjóra um stórfelldar verðhækkanir. Hverjum dettur í hug, að frjálst verðlag yrði ekki á skömmum tíma í samræmi við þær umsóknir, ef verðlagsyfirvöld hömluðu ekki á móti? Tökum verðlagningu olíunnar á þessu ári sem dæmi.

Það er staðreynd, að fast var á það sótt s. l. haust, að verðlag olíu yrði ákveðið á þann veg, að árssala gæfi olíufélögunum 30 millj. meira en það verð, sem ákveðið var. Getur nokkur maður efazt um, að þessar 30 millj. hefðu verið teknar af notendum olíunnar, ef frjáls verðmyndun hefði ákveðið verðið? Nei, um það þarf enginn að efast. Miklu líklegra er, að þá hefði það orðið drjúgum meira en 30 millj. Eða hvað mundi hafa orðið s. l. vor, þegar olíuverð var lækkað, svo að nam 10 millj. á eins árs olíunotkun? Er líklegt, að þeim 10 millj. hefði verið skilað notendum, ef ekkert verðlagseftirlit hefði tekið í taumana? Ég segi nei. Til þess eru engar líkur, ef verðlag hefði verið frjálst og eftirlitslaust.

Þannig mætti taka fjölda dæma, en þetta verður að nægja, tímans vegna, að sinni.

Þessu næst örfá orð um kaupmátt vinnulauna. Þekktur hagfræðingur hefur nú í haust gert á því sams konar athugun og hann hefur gert í mörg ár fyrir Alþýðusamband Íslands, hvað líði kaupmætti vinnulauna, miðað við vísitöluvörur. Niðurstaða hans er sú, að kaupmáttur launa sé nú mjög sá sami í byrjun september og hann var í fyrrahaust og í apríl í vor, er þessi atriði voru seinast athuguð.

Berum þetta nú saman við reynslu okkar frá þeim árum, þegar skiptust á kauphækkanir fengnar með fórnfrekum verkföllum og sífelldar verðhækkanir rétt á eftir hverri kauphækkun. Hver reyndist þá jafnan niðurstaða þessarar hagfræðiathugunar um kaupmátt vinnulauna, sem gerð var þá með sama hætti og nú og af sama manni? Eins og margir muna, varð niðurstaðan þá sífellt rýrnandi kaupmáttur launa nema skamman tíma rétt eftir hverja vinnudeilu. Ef ég man rétt, nam rýrnun kaupmáttarins ca. 20 stigum á árunum 1947 fram til verkfallsins haustið 1955.

Það var ekki sízt vegna þessarar bitru reynslu af vaxandi dýrtíð og verðbólgu, sem verkalýðshreyfingin varð að yfirgnæfandi meiri hluta sammála um, að hagsmunum vinnandi fólks væri betur borgið með stöðvun verðbólgu og dýrtíðar en með því að búa við sífelld víxláhrif kauphækkana og verðhækkana til skiptis. Og ég verð að segja það, að mér er ekki kunnugt um, að verkalýður landsins hafi skipt um skoðun í þessu efni. Það er bara íhaldið eitt, sem mælir nú hvað ákafast með því, sem það áður fordæmdi, hvað svo sem þeim sinnaskiptum vinnuveitendaflokksins kann að valda.

Nú standa verkalýðsfélögin á þeim tímamótum að taka ákvörðun um, hvort segja skuli upp samningum eða ekki. Um það munu fáir efast, að þau hafa nægan styrkleika til þess að knýja fram kauphækkanir. Það mundi vissulega takast fyrir þeim. En þá þarf heldur enginn að efast um, að útgerðin yrði að fá aukna aðstoð, annaðhvort í formi nýrra skatta, sem rynnu í útflutningssjóð, eða þá með beinni gengislækkun. Sjómenn yrðu líka að fá hækkað fiskverð. Hvers konar atvinnurekstur mundi heimta hækkað verðlag vegna aukins vinnulaunakostnaðar við framleiðsluna. Og bændur ættu siðferðilegan og lagalegan rétt til hækkaðs afurðarverðs ekki síðar en á hausti komanda. Spurningin er því aðeins sú, eftir að þessi umferð hefði farið fram, hverjir hefðu grætt. Mig skortir trú á, að gróðinn mundi falla verkalýðnum í skaut. Hitt veit ég, að þeir, sem safnað hafa fasteignum og miklum vörubirgðum á seinustu árum, og raunar ýmsir fleiri eru andvígir stöðvunarleið ríkisstj. og hafa lengi þráð þessa síðarnefndu þróun málanna, og þá dreymir enn um að geta hrundið henni af stað, auðvitað sjálfum sér til hagsbóta, en ekki vinnustéttum landsins. Hér er aðeins um að ræða val um leiðir. Og svo mikið er víst, að frá stöðvunarleiðinni verður ekki vikið af núverandi ríkisstj. nema þá í fullu samráði við verkalýðssamtökin og í samstarfi við þau. Án slíks samstarfs eru nýjar leiðir í efnahagsmálunum fyrir fram dæmdar til að mistakast.

Það var frá öndverðu eitt höfuðstefnumál Alþb. að gera allt, sem unnt væri, til að byggja upp stöðugt og samfellt atvinnulíf um land allt. Í samræmi við þetta hefur verið stutt að byggingu fiskiðjuvera og fiskvinnslustöðva í kaupstöðum landsins. Einnig hefur verið samið um smíði fjöldamargra fiskiskipa, sem síðan er ætlað það hlutverk að jafna atvinnuaðstöðuna í landinu. Samtals voru þau fiskiskip, sem samið hafði verið um smíði á fyrir Íslendinga nú þann 1. sept. s. l., 5090 smálestir. Til samanburðar má geta þess, að tvö næstu árin á undan nam smálestatala þeirra fiskiskipa, sem smíðuð voru fyrir Íslendinga, ekki nema 3500 smálestum. Takið eftir: á einu ári 5100 smálestir móti 3500 lestum á tveimur árum. Hér er um þrefalt meiri skipakaup að ræða, og eru hér þó ekki taldir með þeir 15 stóru togarar, sem tilboð hafa nú borizt frá ýmsum þjóðum um að smíða fyrir Íslendinga.

Í atvinnumálunum er því, eins og sjá má af þessu, allt önnur stefna uppi en þegar keyptir voru 5000 bílar til landsins, en ekki einn einasti togari á sama árabili. Það var stjórnarstefnan hans Ólafs Thors og Sjálfstfl.

Þessi stefna hefur líka þegar borið gifturíkan ávöxt, því að nú þegar er fólksflóttinn til Reykjavíkur að mestu stöðvaður. Fólk hefur þegar öðlazt trú á það, að innan skamms verði eins lífvænlegt í heimahögum á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum eins og á Suðurnesjum, og þetta tel ég eina ánægjulegustu og þýðingarmestu þjóðlífsbreytinguna, sem orðið hefur síðan núverandi stjórnarsamstarf hófst.

Naumast verður hjá því komizt að segja nokkur orð um gjaldeyrismálin. Íhaldið hefur þrástagazt á því, að algert öngþveiti ríki nú í gjaldeyrismálunum og að vöruskortur og hvers kyns vandræði sigli í kjölfar vinstri stjórnarinnar. Samkv. nýútkomnum Fjármálatíðindum Landsbankans var gjaldeyrisstaða bankanna gagnvart útlöndum 19 millj. kr. betri nú í ágústlokin en í fyrra um sama leyti. Gjaldeyrisstaðan hefur því fremur batnað en versnað, um það verður ekki deilt. Opinberar tölur sýna, að gjaldeyrissala hefur verið álíka mikil á þessu ári og hún var á s. l. ári, en þá var hún meiri en nokkru sinni áður. Vörukaup munu því vera svipuð og áður. Í tíð núverandi stjórnar hefur engin framleiðslustöðvun átt sér stað, og gjaldeyrisöflunin hefur því verið eins mikil og afli og veðrátta hafa leyft. Frammistaða íhaldsins í gjaldeyrismálunum var annars þessi:

Árið 1955 var beinn greiðsluhalli við útlönd 142 millj. kr. Árið 1956 var beinn greiðsluhalli við útlönd 162 millj. kr. Í ársbyrjun 1955 áttu bankarnir 100 millj. kr. inni í erlendum bönkum. En þegar íhaldið lét af völdum, á miðju ári 1956, skulduðu þeir um 70 millj. Það var kveðjan. Og svo þykist íhaldið hafa efni á því að tala um bágborið gjaldeyrisástand hjá núverandi stjórn.

Eitt langar mig enn til að minnast á, ef tími minn leyfir, og það er þetta: Ekkert áróðursatriði gegn núverandi stjórn var eins oft endurtekið og margtuggið á s. l. hausti og það, að þegar nýja stjórnin hefði setzt í stólana, hefði skyndilega tekið fyrir alla innstæðuaukningu í bönkum og sparisjóðum. Þetta var talin ein órækasta sönnun þess, að nýja ríkisstj. hefði ekki traust sparifjáreigenda. Hún væri þar rúin trausti.

Nú liggja fyrir tölur, sem tala skýru máli um þetta atriði, og þær tölur eru sem nú skal greina:

Á fyrstu sjö mánuðum ársins 1956 varð innstæðuaukning í bönkum og sparisjóðum 98.9 millj. Þetta voru, eins og menn sjálfsagt muna, seinustu valdadagar íhaldsins, því að þeir dagar voru taldir seinustu daga í júlí 1956. Og nú mundi mönnum efalaust þykja fróðlegt að heyra, hver sparifjáraukningin hafi orðið í bönkum og sparisjóðum fyrstu sjö mánuði þessa árs. Varð hún 98.9 millj. eins og í fyrra, eða varð hún yfirleitt nokkur? Jú, reyndar hefur hún samkv. opinberum skýrslum orðið ekki sú sama og í fyrra, 98.9 millj., heldur 141 millj. kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins 1957. Og hafi þetta atriði skorið örugglega úr um traust eða vantraust sparifjáreigenda til ríkisstj. í fyrra, þá er hér nú vissulega um mikla og ótvíræða traustsyfirlýsingu að ræða frá sparifjáreigendum til núverandi ríkisstjórnar.

Nú vil ég að lokum rifja upp, hvernig viðskilnaður íhaldsins var í aðalatriðum, þegar Ólafur Thors strandaði þjóðarskútunni og hljóp frá stýrinu í fáti, þó að heilt ár væri þá enn til kosninga.

Þá var bátagjaldeyriskerfið gjaldþrota og orðið rúmu ári á eftir með allar greiðslur sínar til útgerðarmanna. Halli framleiðslusjóðs nam auk þess 20—30 millj. Niðurgreiðslur höfðu aukizt um 30 millj. Á þriðja hundrað milljóna þurfti að útvega til viðbótar, til þess að framleiðsluatvinnuvegirnir stöðvuðust ekki og gætu haldið áfram næsta ár. Og það var gert. Hið almenna

veðlánakerfi var félaust, og bygging íbúðarhúsnæðis var að stöðvast um land allt. Það hefði þurft hátt á þriðja hundrað milljónir til þess að fullgera hálfgerðar byggingar í Reykjavík einni saman. Til þess að standa við lofaðar og umsamdar framkvæmdir í raforkumálum dreifbýlisins á árinu 1956 vantaði 20 millj. Ræktunarsjóð vantaði 20 millj. til að geta bætt úr brýnustu lánaþörf. Fiskveiðasjóð vantaði 15 millj. til þess að standast hátíðlega gefin loforð um lán á árinu 1956. Hið mikla fyrirtæki sementsverksmiðjan var stöðvuð, og vantaði 60 millj. til þess að fullgera hana, en enginn peningur til. Hálfgerð fiskiðjuver voru stöðvuð eða að stöðvast víða úti um land sökum fjárskorts. Bygging nýrrar rafstöðvar við Sog var komin í eindaga og ótíma og raforkuskortur vofði yfir höfuðborginni og Suðvesturlandinu innan tveggja ára. Lán höfðu hvergi fengizt til verksins, og hafði þeirra þó verið leitað land úr landi í tveimur heimsálfum. Stjórn Ólafs Thors, sem keypti inn bílana, en gleymdi atvinnutækjunum, hafði auðvitað hvergi nokkurs staðar lánstraust í löndum hvítra manna og hrökklaðist þá frá völdum.

Hvað hefur svo gerzt í þessum málum síðan? Bátagjaldeyriskerfið var lagt niður og fjár aflað til framleiðsluatvinnuveganna, svo að stöðvun varð engin um áramót, og er nýtt í sögunni. Merk löggjöf var sett um byggingu íbúðarhúsa. 65 millj. kr. lán fékkst í Bandaríkjunum, og var það látið ganga til ræktunarsjóðs 20 millj., fiskveiðasjóðs 10 millj., til raforkuplansins 18 millj. og til sementsverksmiðjunnar 7 millj., og þykir nú víst, að byggingu hennar verði lokið á næsta ári. Aðstoð var veitt til þess, að hægt væri að ljúka byggingu hinna miklu fiskiðjuvera og hefja rekstur þeirra, og eru sum þeirra nú þegar komin í rekstur. Og útvegað var stórlán í Bandaríkjunum til Sogsvirkjunarinnar, og eru virkjunarframkvæmdir nú hafnar af fullum krafti og þar með afstýrt þeim ógnarlega rafmagnsskorti, sem yfir Reykjavík vofði.

Í sambandi við síðastnefnda stórmálið, Sogsvirkjunina nýju, gerðist það, að stjórnarandstaðan reyndi að koma í veg fyrir, að lánið fengist, slík lánveiting væri hættuleg, því að hún væri aðeins vatn á mylnu kommúnista. Þetta var allt því furðulegra, þegar þess er gætt, að Reykjavík á að heita eigandi Sogsvirkjunar að hálfu á móti ríkinu og hefur ekki til þessa reynzt fær um að leggja fram nokkurt fé til verksins að sínum hluta. Má telja víst, að hið alræmda viðtal hins óánægða sjálfstæðisleiðtoga við Wall Street Journal til þess að spilla fyrir lánsmöguleikum þjóðar sinnar og grafa undan lánstrausti hennar út á við hljóti einstæða endemafrægð í Íslandssögunni. Hjá því getur varla farið. Sú stjórnarandstaða, sem slíkt lætur henda sig og leggur auk þess ekkert jákvætt til lausnar nokkurs vandamáls, heldur ástundar ábyrgðarlausa verðþenslustefnu og verkfallapólitík fyrir hálaunamenn, er ekki hættuleg stjórnarandstaða. Hún fellur á sjálfs sín bragði og fær áreiðanlega þungan áfellisdóm þjóðarinnar.

Emil Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það virðist hafa verið föst regla, að öll fjárlagafrumvörp, sem lögð hafa verið fram hin síðari ár, hafa verið þau hæstu, sem þá hafa þekkzt. M. ö. o. öll fjárlagafrumvörp og fjárlög hafa farið síhækkandi frá ári til árs, og stundum hefur þessi hækkun verið mjög veruleg. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., er engin undantekning frá þessari reglu. Niðurstöðutala á greiðsluyfirliti fjárlaga yfirstandandi árs er rúmar 810 millj. kr., en tilsvarandi tala í fjárlagafrv. fyrir 1958 er 852 millj. kr., eða 42 millj. hærri en í fjárlögum í ár. Er þó sjálfsagt fjarri því, að öll kurl séu komin til grafar, því að reynsla undanfarandi ára hefur jafnan verið sú, að gjaldaliðir frv. hafa hækkað í meðförum þingsins, og stundum hefur sú hækkun orðið mjög veruleg. Það má því fyllilega gera ráð fyrir, að ýmsar breytingar verði einnig gerðar í þátt átt nú á frv., og er raunar alveg fyrirsjáanlegt, að ekki verður komizt hjá að hækka nokkra gjaldaliði allverulega. Það liggur því augljóslega fyrir, að ef ekki verður gripið til alveg nýrra og óvenjulegra aðgerða, muni þau fjárlög, sem út úr þessu fjárlagafrv. eiga eftir að koma, verða þau hæstu, sem samþykkt hafa verið nokkurn tíma á Alþingi.

En þó að af þessari staðreynd megi þegar nokkuð ráða um fjárlagafrv., segir hún þó ekki nærri allt, sem segja þarf í þessu sambandi. Hitt skiptir sannarlega ekki minna máli, hvernig þessa mikla fjár er aflað, hvernig því er varið og hvaða ástæður liggja til þess, að ekki verður komizt hjá þessum sífelldu hækkunum, jafnvel þó að ekki sé til beinna nýrra útgjalda stofnað.

Um tekjuöflunina er yfirleitt lítið nýtt að segja. Þar hefur þessi ríkisstjórn, bæði við setningu síðustu fjárlaga og við samningu þessa fjárlagafrv., yfirleitt farið sömu brautir og áður hefur verið gert. Langsamlega yfirgnæfandi hluta teknanna er aflað með aðflutningsgjöldum, söluskatti, tekju- og eignarskatti og með rekstri tóbaks- og áfengisverzlunarinnar. Verður þar varla miklu um þokað né nýjar leiðir farnar að svo stöddu.

Skattlagning svokallaðrar óþarfaeyðslu, hárra tekna og áfengis- og tóbaksnotkunar, er líka sú aðferð í þessum málum, sem flestir telja eðlilegasta og minnstum andmælum sætir. Þó hefur sú skoðun skotið upp kollinum oftar og oftar nú á seinni árum og kom raunar lítillega fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, að taka beri til mjög alvarlegrar athugunar, hvort ekki væri mögulegt að draga meira úr tekjuskattsálagningunni en þegar hefur verið gert. Nokkrar breytingar hafa á undanförnum árum verið gerðar á tekjuskattslögunum og flestar eða allar til bóta, að mínu viti, þar sem skatturinn hefur verið lækkaður á lágum tekjum. En ég tel það vel athugandi, hvort ekki er hægt að ganga þar enn nokkru lengra í þeirri veru að lækka skattinn.

Í landi eins og okkar landi, svo fjármagnsfátæku sem það nú er og þar sem eftirspurnin eftir fjármagni er jafngífurleg og hér og þörfin fyrir það jafnbrýn, getur það haft úrslitaþýðingu, að menn leggi nokkuð að sér til þess að safna sér svolitlum varasjóði, en hjá mörgum hefur dregið úr viðleitni til slíks vegna hárra skatta. Ég á hér ekki við sérstaklega skatt á háar

tekjur, mjög háar, síður en svo, heldur miðlungstekjur og kannske nokkuð þar yfir. Þegar menn leggja hart að sér til tekjuöflunar, verkar það ekki vel að straffa þá með því að taka af þeim meginhlutann í skatt. Og við þetta vil ég aðeins bæta því, að það mun að langsamlega mestu leyti vera alþýða manna í þessu landi, þ. e. a. s. sá hluti hennar, sem hefur eitthvað lítils háttar meira en til hnífs og skeiðar, sem leggur til sparifé. Hinir, sem miklu meira hafa úr að spila, ávaxta það frekar á annan hátt en að leggja það í sparisjóðsbók. En það er einmitt sparifé, sem þarf að aukast, því að það er grundvöllurinn að heilbrigðu efnahagslífi.

Þessi hugsun hefur komið víðar fram upp á síðkastið. T. d. flutti norski fjármálaráðherrann um þetta mjög ýtarlegt og fróðlegt erindi hér á þingmannafundi í Reykjavík í sumar. Ég skýt þessu aðeins fram hér til athugunar, því að mér sýnist, að þetta gæti verið sú breyting á tekjuöflun ríkissjóðs, sem tiltölulega auðveldast væri að gera og líklegust væri til þess að hafa heillavænlegar afleiðingar á fleiri en einn hátt.

Gjaldahlið frv. hefur hæstv. ráðh. gert svo ýtarlega grein fyrir, að ég þarf þar ekki neinu við að bæta, en vil þó leyfa mér að fara um hana nokkrum orðum.

Ég vil fyrst aðeins vekja athygli á því, að framlög til verklegra framkvæmda, svo sem til vegagerða, brúargerða og hafnarframkvæmda, eru í frv. áætluð allmörgum milljónum króna lægri en var í fjárlögum yfirstandandi árs, og þar sem hæstv. fjmrh. var hér áðan að tala um mjög mikla hækkun á þessum framkvæmdum, hefur hann tekið miklu fleira með en það, sem ég nú nefndi, eða vegi, brýr og hafnir, því að framlögin til þeirra eru í frv. þó áætluð nokkuð mörgum milljónum lægri en er í gildandi árs fjárlögum. En ég tel mjög litlar líkur til, að frá fjárlagafrv. verði endanlega gengið á þann hátt, að ekki verði eitthvað bætt við þessa áætlun. Þörfin er svo brýn fyrir miklar framkvæmdir á þessum sviðum, að ég tel litlar líkur til, að alþm. uni því, að þessar upphæðir verði færðar niður frá því, sem er í núverandi fjárlögum. Ég skal t. d. segja um þann þátt þessara framkvæmda, sem ég er persónulega kunnugastur, hafnargerðirnar, að fjöldamörg sveitarfélög víðs vegar úti um land hafa talið þessar framkvæmdir svo lífsnauðsynlegar fyrir sig og svo aðkallandi, að þau hafa ráðizt í að hrinda verkum í framkvæmd langt umfram það, sem ríkisstyrkurinn hefur náð til, og þau eiga því nú inni og hafa átt inni í mörg ár sum hver upphæðir, sem skipta mörgum milljónum króna, hjá ríkissjóði. Hafnargerðir víða úti um land eru að kalla má grundvöllurinn undir öllu efnahagslífi viðkomandi staða og því lífsnauðsyn, að þeim sé hraðað svo sem frekast eru föng á. Teldi ég því nauðsynlegt, að ýtt yrði undir þessar framkvæmdir sem mest og fjárveitingar til þeirra auknar frá því, sem var í núgildandi fjárlögum, en ekki dregnar saman.

Eins og áður er sagt, er niðurstöðutala á greiðsluyfirliti 852 millj. kr. Þetta er vissulega há upphæð og ekki að undra, þó að menn staldri við til að skoða nánar, hvað það er, sem þessi mikla fjárfúlga er notuð til. Er oft af hálfu stjórnarandstöðunnar látið liggja að því, að mikið og kannske allt of mikið fari í beina eyðslu við rekstur ríkisbáknsins, eins og það þá er orðað. En sannleikurinn er sá, að meira og meira af tekjum ríkissjóðs fer nú árlega til þess að létta undir með þeim þegnum þjóðfélagsins, sem helzt þurfa þess með.

Það er talið, að lífskjör almennings á Íslandi séu nú kannske jafnari en víðast hvar annars staðar í heiminum. Og það er sennilega rétt. En þetta hefur náðst með tvennum hætti: Annars vegar með samtakamætti íslenzkrar verkalýðshreyfingar, og í öðru lagi með pólitískri baráttu hér á Alþ., þar sem málum hefur verið þokað í þá átt, að ríkissjóður hefur verið látinn taka að sér að jafna metin. Tekjujöfnun milli einstaklinga fer nú í ríkari mæli fram fyrir atbeina ríkissjóðs en nokkru sinni áður. Ég gæti nefnt um þetta fjölda dæma, en ég skal aðeins geta hér um eitt. Það eru tryggingarnar.

Fyrir nokkrum árum, eða um það bil, sem stofnað var til alþýðutrygginganna hér, — ég ætla, að það hafi verið í kringum árið 1936, — voru útgjöld til tryggingastarfsemi tæpast til á fjárlögum. Nú er varið úr ríkissjóði 85 millj. kr. í þessu skyni samkvæmt fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir. Þetta verkar beinlínis á þann hátt að jafna lífskjör almennings í landinu.

Þá má nefna framlög ríkisins til atvinnuveganna. Til landbúnaðar eru á frv. ætlaðar 67 millj. rúmar, til sjávarútvegs 11½ millj., til iðnaðar 3.7 og til rafmagnsframkvæmda 30.3 millj., eða samtals til þessara atvinnumála og raforkumála 113 millj. rúmar. Þó að hér sé að vísu nokkuð misskipt á milli atvinnuveganna, má þó í heild segja, að allt þetta mikla fé fari til þess að létta þeim, sem við þessi störf fást, lífsbaráttuna og alveg sérstaklega til þess að koma í veg fyrir, að atvinnuleysi skapist.

Sama eða svipað má segja um flesta aðra liði fjárl., eða með örfáum undantekningum um þá alla, svo sem eins og framlögin til heilbrigðismála, til kennslumála, til verklegra framkvæmda o. s. frv. Hækkun fjárl. er því að mjög verulegu leyti orðin til á þann hátt, að ríkissjóður hefur tekið sér að veita aðstoð ýmsum þjóðfélagsþegnum og þá fyrst og fremst þeim, sem talið hefur verið að þyrftu þess mest með.

Hin pólitíska barátta á sviði félagsmála, menningarmála, heilbrigðismála og atvinnumála hefur vissulega borið mikinn og góðan árangur, þannig að ungir fá nú miklu meiri fræðslu en áður, sjúkir og vanheilir aðhlynningu kunnáttumanna í góðum sjúkrahúsum og gamlir nokkra aðstoð til þess að komast sæmilega af í ellinni. Og reynt er að skapa atvinnuvegunum aðstöðu til þess, að þeir með starfrækslu sinni geti komið að notum, geti látið í té atvinnu fyrir fleiri og fleiri starfsmenn.

Allt þetta kostar mikið fé, og það er þetta, sem fyrst og fremst hefur orðið til þess að hækka fjárl. jafngífurlega og raun hefur á orðið. Að vísu kemur svo rekstrarkostnaður ríkisins þarna til viðbótar. Hann hefur líka nokkuð vaxið með eðlilegum hætti, vegna þess að ríkið hefur fært út sína starfsemi. En þessi kostnaður hefur líka

vaxið með vaxandi verðlagi. Og þá er komið að öðru atriði og ekki þýðingarlitlu, eða réttara sagt atriði, sem öll íslenzk pólitík hefur meira og minna snúizt um síðustu árin, en það er um vöxt verðbólgunnar og hvernig komið verði í veg fyrir áframhaldandi vöxt hennar.

Þegar núverandi ríkisstj. settist að völdum, lýsti hún því yfir, að hún mundi beina mikilli orku að því að leysa vandamál hinnar vaxandi dýrtíðar og verðbólgu og gera það í samráði við verkalýðssamtökin. Hvernig hefur nú þetta tekizt? Sjórnarandstaðan og blað hennar segir, að þetta hafi gersamlega mistekizt og allt farið úr reipunum hjá stjórninni, og því má bæta við, að stjórnarandstaðan og blað hennar, Morgunblaðið, hefur gert það, sem hún mögulega gat, til þess að láta líta út eins og það hafi mistekizt. Uppáhalds umræðuefni þar í sveit hefur verið að undanförnu í hálfkveðnum vísum að ala á tortryggni út af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur gert til þess að stöðva vöxt verðbólgunnar. Þegar þeir hafa sjálfir verið í stjórnaraðstöðu, hafa þeir haft allt aðra skoðun á þessum sama hlut. M. ö. o.: afstaða þeirra til sama málsins hefur mótazt af því, hvort þeir hafa fengið að sitja í ráðherrastólunum eða ekki. Þessa tækifærissinnuðu áróðurspólitík má hiklaust telja allt að því ósæmilega og óþjóðholla, svo að flokkurinn getur tæpast verið þekktur fyrir hana. Hvar sem mögulegt hefur verið að kynda undir óánægju, og það er ekki svo ýkja erfitt að finna tækifæri til þess, ef menn leggja sig fram í því, hefur það verið gert. Þar hefur flokkurinn í gegnum blað sitt beint og óbeint hvatt almenning, einstaklinga og samtakahópa til aðgerða, sem ef framkvæmdar yrðu stefndu í tvísýni þeirri viðleitni, sem ríkisstj. hafði uppi um stöðvun verðbólgunnar.

Í átökum þeim um launahækkanir ýmissa tekjuhæstu manna þjóðfélagsins, sem farið hafa fram á síðasta ári, hefur Morgunblaðið ekki verið í vafa um, hvoru megin það átti að skipa sér, og beinlínis hvatt aðra til þess að fara sömu leið. Ég tel, að þessa pólitík megi ekki Sjálfstfl. reka. Þó að flokkurinn hafi áhuga fyrir að koma núverandi ráðh. úr stjórnarstólunum og setjast sjálfur í þá, má hann ekki sem ábyrgur flokkur reka þá baráttu á þennan hátt og beinlínis verða til þess að skaða með því þjóðfélagsheildina.

Nú hefur að vísu furðulítill árangur náðst af þessum áróðri, en það er ekki Sjálfstfl. að þakka. Söm var hans gerðin. Þessi áróður hefur að vísu oftast verið fluttur eins og hálfkveðnar vísur til þess að koma óánægju af stað, sem síðar endaði í aðgerðum, sem ríkisstj. yrðu óþægilegar, jafnvel þó að þær yrðu þá þjóðfélaginu til skaða í leiðinni. Það varð að þola það eins og hvert annað hundsbit, sem ekki var hægt að komast hjá, til þess að ná sér niðri á andstæðingunum. Það var aðalatriðið.

En hver hefur svo orðið árangurinn af þessari viðleitni stjórnarandstöðunnar? Og hver hefur orðið árangurinn af viðleitni ríkisstj. til þess að halda niðri verðbólgunni? Árangurinn hefur orðið sá, að vísitalan hefur á s. l. ári hækkað um 5 stig, eða 2.7%, eins og hér hefur verið lýst í kvöld, en það er miklu minna en meðaltal undanfarinna 7 ára, sem liðin eru síðan núverandi vísitöluútreikningur var upp tekinn, sællar minningar, eða rétt rúmur þriðjungur af þeirri meðaltalsupphæð. Nú má að vísu segja, að ekki sé allt fengið með því að halda í skefjum verðlagi á svokölluðum vísitöluvörum, en það er þó sá eini samanburður, sem til er frá einu ári til annars og frá einni ríkisstj. til annarrar.

Spurningin, sem nú leitar, á, er fyrst og fremst sú, hvort ríkisstj. tekst að halda svo í horfi áfram eins og verið hefur, hvort með náinni samvinnu við verkamenn og bændur tekst að stöðva vöxt verðbólgunnar eða hvort stjórnarandstöðunni tekst með áróðri sínum að véla svo um fyrir mönnum, að allt fari úr reipunum á ný. Eins og hér hefur verið fram tekið í kvöld, er fjárlagafrv. lagt fram með 71 millj. kr. greiðsluhalla. Og eins og ég gat hér um áðan, eru þó ekki öll kurl komin til grafar enn. Þannig er ljóst, að nokkrir gjaldaliðirnir a. m. k. eiga eftir að hækka. Þá er þess einnig að geta, að allmikið virðist skorta á, að tekjur útflutningssjóðs hrökkvi fyrir gjöldum, þannig að einnig þar verði að sjá fyrir nokkrum tekjuauka. Hversu há sú upphæð þarf að vera, er ekki gott að segja á þessu stigi málsins enn. Það kemur til að liggja ljósar fyrir síðar, um áramótin eða þar um bil, þegar gera þarf ráðstafanir til þess að bæta úr því. Væntanlega liggur þá málið ljósar fyrir.

Hvernig þessir hnútar verða leystir báðir, að ná greiðslujöfnuði á fjárl., en það er yfirlýst stefnuskráratriði hæstv. ríkisstj., og að afla nægilegs fjár handa útflutningssjóði, til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar, það eru atriði, sem verða meginverkefni þessa þings, a. m. k. til að byrja með, og ekki hægt að segja á þessu stigi málsins nákvæmlega a. m. k., hvernig gert skuli. En á það má benda, að skilyrðin fyrir því, að viðunandi árangur náist með þessu efnahagskerfi okkar, sem við búum undir, uppbóta- og aðstoðargreiðslum til atvinnuveganna, sem allar ríkisstj. undanfarandi ár hafa að meira eða minna leyti staðið að, eru aðallega tvö: Í fyrsta lagi, að gjaldeyrir sé fyrir hendi til þess að flytja inn svokallaðar hátollavörur og að kaupgeta og kaupvilji sé fyrir hendi hjá nægilega mörgum, til þess að nægilegar tekjur fáist í ríkissjóð og útflutningssjóð af þessum innflutningi.

Um síðara atriðið, kaupgetuna og kaupviljann, má fullyrða, að hann er fyrir hendi enn a. m. k. og í miklu stærri stíl en hægt er að fullnægja og hefur verið hægt að fullnægja að undanförnu. Um það ber vitni sú geysilega ásókn í gjaldeyri til þessara vörukaupa, sem alltaf er til staðar. Um hitt atriðið, gjaldeyrinn til þessara vörukaupa, hefur komið í ljós, að hann hefur ekki nægt með núverandi álagi, til þess að áætlaðar tekjur næðust í ríkissjóð og í útflutningssjóð. Óumflýjanlegar greiðslur, sem engan veginn hefur verið hægt að komast hjá, hafa tekið svo mikið af gjaldeyristekjunum, að ekki hefur orðið nægilega mikið eftir til þess að fullnægja eftirspurninni til kaupa á hátollavörunum. Getur ekki þetta e. t. v. gefið okkur nokkra hugmynd um, hvaða leið fara skuli í þessu máli?

Niðurstaða mín af þessum bollaleggingum er

því í örstuttu máli sú, að þó að augljóst sé, að nú sé mjög reynt á þanþol þess efnahagskerfis, sem við búum við, þá sé enn möguleiki til að halda áfram að búa við það um sinn, vel að merkja, ef tekst að halda stöðugu verðlagi og kaupgjaldi, eins og ríkisstj. hefur lýst yfir að hún vilji gera og eins og henni hefur tekizt að gera þann tíma, sem hún hefur farið með völdin í samráði við verkalýðssamtökin og bændurna í landinu. Greiðsluhallabilið efast ég ekki um að megi brúa á venjulegan hátt við nákvæma yfirferð og endurskoðun hinna einstöku liða fjárlagafrv. hjá fjvn., sem nú fær málið til meðferðar. Þó að einstaka gjaldaliðir þurfi jafnvel að hækka, a. m. k. eitthvað, eins og ég hef áður bent hér á, virðist mér við fljótan yfirlestur, að aðrir liðir séu þannig, að þeir mundu þola nokkra lagfæringu, bæði tekjuliðir til hækkunar og gjaldaliðir til lækkunar í þá átt að ná endunum saman, ef vilji er fyrir hendi og án þess að rýra verulega gildi frv. nokkuð sem nemur fyrir alla alþýðu manna. Enn er á það að líta, að öll framleiðsluaukning útflutningsverðmæta eykur möguleika ríkissjóðs til tekjuöflunar með aðflutningsgjöldum. Kjarni málsins finnst mér vera og langsamlega aðalatriðið, að takast megi að halda verðlagi og kaupgjaldi stöðugu, og um það þurfa allir nú að sameinast.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er nýlunda, að kvöldfundur er haldinn við 1. umr. fjárl. Fjmrh. mun sérstaklega hafa óskað þessarar tilhögunar nú á þeirri forsendu, að fáir hafi aðstöðu til þess að hlusta á útvarp að deginum. Sjálfstfl. hefur auðvitað ekkert á móti því, að sem flestum landsmönnum gefist kostur á að hlýða á fjárlagaumr., þótt í fljótu bragði kunni að vera erfitt að átta sig á, hvers vegna fjmrh. hefur ekki fyrr sýnt þennan áhuga á að auðvelda almenningi að fylgjast með fjárlagaumr.

Þegar betur er að gáð, verður þó þessi mikli áhugi ráðh. að ná eyrum sem flestra landsmanna skiljanlegur. Ef goðsögn framsóknarmanna um yfirburða fjármálasnilli núverandi hæstv. fjmrh. á ekki að verða efni í næsta hefti af Íslenzkri fyndni, mun ekki veita af ræðusnilli hans til þess að fegra með einhverju móti það furðulega plagg, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. og kallað frv. til fjárl. fyrir árið 1958. Vettvangurinn er líka hinn hentugasti fyrir þá, sem eiga hinn erfiða málstað að verja, því að í þessum umr. hefur fjmrh. ótakmarkaðan ræðutíma og stuðningsflokkar hans sinn hálftímann hvor, en stjórnarandstaðan hefur aðeins einn hálftíma. Mér er þó nær að halda, eftir það sem af er þessari umr., að hinn margfaldi ræðutími muni ekki nægja til að draga hulu yfir það fen, sem ráðleysi núverandi hæstv. ríkisstj. er að leiða þjóðina út í.

Þegar vinstri stjórnin svokallaða lagði fram fyrsta fjárlfrv. sitt í fyrra, vakti ég athygli á því, að þar örlaði lítið á þeirri algeru stefnubreytingu, sem af yfirlæti hefði verið boðuð með tilkomu þessarar ríkisstj. Því var til svarað, að ríkisstj. hefði ekki haft tíma til að marka fjármálastefnu sína, áður en það fjárlfrv. var lagt fram, en þegar næsta fjárlfrv. yrði lagt fram, skyldum við sjálfstæðismenn fá að sjá, að traustum höndum væri haldið um stjórnvölinn. Og sjálfur hæstv. núverandi fjmrh., Eysteinn Jónsson, lýsti með dökkum litum því stjórnleysi, sem orðið var á fjármálum þjóðarinnar í tíð fyrrverandi fjmrh., Eysteins Jónssonar. Komst hann svo að orði við 1. umr. fjárl. s. l. haust:

„Það hlaut að vera blindur maður, sem ekki sá, að farið var að reka, og það á ekki við framsóknarmenn að sætta sig við slíkt, ef annars er kostur. Þess vegna vildu þeir eiga þátt í, að báturinn væri mannaður upp."

Nei, það á ekki við framsóknarmenn að láta reka, og til þess að tryggja örugga stjórn á þjóðarskútunni settu þessir miklu stjórnvitringar með sér til skipstjórnar menn, sem hvað eftir annað höfðu orðið sannir að sök um að hafa reynt að sökkva skútunni.

Nú hefur hæstv. fjmrh. siglt með þessari nýju skipshöfn í nær 15 mánuði, og maður skyldi ætla, að nú væri ekki látið reka. Það er því fróðlegt fyrir farþegana á skútunni að líta yfir farinn veg og reyna að skyggnast svolítið fram á leið, þótt lítið verði greint í þeim sorta, sem verið er að sigla inn í. Að vísu virðist skipstjórnarmennina greina nokkuð á, hversu útlitið er, því að hæstv. fjmrh. taldi mjög alvarlega horfa, en hæstv. félmrh. taldi allt vera í bezta lagi. Og það er ekki amalegt fyrir þá, sem þurfa að fá nauðsynleg lán og gjaldeyrisleyfi, að heyra það af vörum hæstv. félmrh., að peningarnir streymi nú inn í bankana og gjaldeyrisstaðan fari batnandi. Það skyldi þó ekki vera svo, að raunveruleikinn sé ekki í samræmi við orð hæstv. ráðh.? Það hefur komið fyrir áður. Ég hef ekki hér fyrir mér þær tölur, sem hann nefndi um sparifjáraukningu banka og sparisjóða, en vil þó aðeins minna hér á þrjár tölur, að 1. sept. 1955 var sparifjáreign í bönkum 903 millj., 1956 um sama leyti 1005, hafði aukizt um rúmar 100 millj., en 1957 1054, eða hafði aukizt þá aðeins um helming eða 50 millj. Ég býst við, að sparifjáraukning í sparisjóðum sé eitthvað svipuð.

Þegar hinn nýi skipherra, hæstv. forsrh., tók um stjórnvölinn, lýsti hann því við mörg tækifæri, hversu ægilegur viðskilnaður væri hjá fyrrverandi stjórn, þar sem Framsfl. átti í þrjá ráðh. af sex, nú skyldi hreinsa til og tekin upp ný vinnubrögð. Hreinsunin hefur verið í því fólgin að reyna með öllum ráðum að koma sjálfstæðismönnum úr ýmsum trúnaðarstöðum til þess að tryggja stjórnarliðum vegtyllur, og óspart hafa verið búnar til nýjar stöður og embætti. Þá boðaði skipherrann úttekt á þjóðarbúinu, sem gerð yrði fyrir augum alþjóðar. Útlendir sérfræðingar voru fengnir til þess að sannfæra þjóðina um hinn illa arf frá fyrrverandi stjórn. En nú gerðust mikil undur. Skipherrann lýsti yfir á framsóknarfundi, að úttektin hefði sannað allar sínar ákærur, en mánuðir liðu og úttektin var ekki birt. Þá tóku hinir ákærðu sjálfir að krefjast þess, að dómurinn væri birtur. Svör hæstv. forsrh. voru þá þau ein, að ekki væri hægt að birta álit hinna erlendu sérfræðinga nema breyta því, en í athugun sé að gefa það þannig út. Enn í dag hefur hæstv. ríkisstj. ekki

getað gert þær breytingar, að hún telji sér fært að láta þjóðina sjá úttektina miklu, og allt tal um hinn slæma arf hefur hljóðnað. Þannig fór um þá sjóferð.

Þegar ríkisstj. tók við völdum, gaf hún tvö veigamikil loforð auk margra minni. Annað var að koma varnarliðinu sem skjótast úr landi. Allir þekkja efndir þess loforðs. Hitt var að leysa efnahagsvandamál þjóðarinnar til frambúðar. Efnd þess loforðs var jólagjöfin svonefnda, 250—300 millj. kr. nýir skattar á þjóðina. Um þær ráðstafanir ætla ég ekki að ræða sérstaklega, en nauðsynlegt er að minna þjóðina vel á það núna við þessar fjárlagaumr., að sú lausn vandamála atvinnuveganna og tekjuöflunin fyrir ríkissjóð átti að vera til frambúðar. Var alveg sérstaklega tekið fram af hálfu stjórnarinnar og blaða hennar, að þessar ráðstafanir og fjármálastefna ríkisstj. yfirleitt væri við það miðuð, að engar frekari ráðstafanir þyrfti að gera um næstu áramót. Átti þetta að sýna önnur vinnubrögð en hjá fyrrverandi ríkisstj. En til þess að gera þjóðinni enn betur ljóst, að hún lifði nú nýja og betri tíma, var ríkisstj. óspör á margvísleg loforð: Lofar strax í fyrrahaust 15 nýjum togurum til þess að tryggja atvinnu við sjávarsíðuna. Ekki er vitað, að enn sé farið að smíða þá togara. Lofar stórauknu fé til íbúðabygginga. Miklar vanefndir eru á því loforði, og nú fyrst skilst mér að verið sé að setja reglugerð um framkvæmd skyldusparnaðarins, sem átti að verða ein helzta tekjulindin. Útgerðinni var lofað, að nú þyrfti ekki að bíða eftir útflutningsuppbótunum. Miklar vanefndir eru á því loforði þrátt fyrir fullyrðingar hæstv. félmrh., því að vanskil eru nú 50—60 millj. kr. og eftir greiðslureglum útflutningssjóðs má gera ráð fyrir, að 150 millj. kr. útflutningsverðmæti verði í landinu, sem útflutningssjóður verður að greiða uppbætur á næsta ár, — það verði í landinu nú um áramótin. Lofað var að taka lán til hafnargerða. Ekkert bólar enn á því fé. Þannig mætti lengi telja.

Þegar bjargráðatill. ríkisstj. voru til meðferðar á Alþ. fyrir síðustu áramót, leyfðum við sjálfstæðismenn okkur að halda því fram, að með þeim ráðstöfunum væri ekki fundin nein frambúðarlausn, heldur stefnt út í ófærð. Fyrrverandi ráðh. úr stjórnarliðinu, Áki Jakobsson, komst þá svo að orði: „Sú stórfellda skattheimta, sem hér er lögfest, mun valda truflunum, sem munu leiða til stöðnunar í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar.“ Og nú í dag erum við reynslunni ríkari. Nú þýða ekki hástemmdar yfirlýsingar um frambúðarlausn, og mér kæmi satt að segja ekkert á óvart, miðað við annað málflutning, að ríkisstj. staðhæfði nú, að engri frambúðarlausn hefði verið lofað.

Ég hygg, að hæstv. fjmrh. sé höfundur þeirrar kenningar, sem oft er hampað í málgögnum framsóknarmanna, að fjármál og efnahagsmál séu sitt hvað. Hlutverk fjmrh. ætti eftir þessu nánast ekki að vera annað en passa pottinn og útvega í ríkissjóðinn nægilegt fé. Þótt sú leið hafi verið valin að styrkja útflutningsframleiðsluna með beinum ríkisframlögum, hefur sú kynlega tilhögun verið höfð að kröfu fjmrh. að halda öllum þeim greiðslum á sérstökum reikningi og talið ríkissjóði óviðkomandi. Því er nú svo komið, að fjárl. og ríkisreikningur gefa ekki neina raunverulega mynd af tekjum og gjöldum ríkissjóðs.

Þessi kenning og framkvæmd er auðvitað fjarri öllu lagi. Yfirleitt mun lítið svo á með öðrum lýðræðisþjóðum, að fjárlög túlki heildarstefnu ríkisstj. bæði í efnahagsmálum og fjármálum, liggur enda í augum uppi, að fjármálastefna ríkisins á hverjum tíma, bæði skattheimta, fjárfesting o. fl., hefur veigamikil áhrif á efnahagsþróunina. Það er því ekki hægt að leggja á háa skatta og telja sér alveg óviðkomandi áhrif þeirra á atvinnulífið. Með öðrum þjóðum er því fjárlagafrv. beðið með óþreyju, því að þar er jafnan að finna stefnu þá í fjármálum og efnahagsmálum, sem ætlunin er að fylgja.

Ég hygg ekki ofmælt, að aldrei hafi verið lagt fyrir Alþingi Íslendinga fjárlagafrv., sem er mótað af jafnalgeru stefnuleysi og ráðþrotum og þetta annað fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar. Það er auðvitað góðra gjalda vert að leggja fjárlagafrv. fram í þingbyrjun, en sem grundvöllur að fjárl. hefur frv. harla lítið gildi, eins og það er úr garði gert. Frv. sem þetta gátu starfsmenn ráðuneytisins samið án allra afskipta ráðh., en innlegg ríkisstj. er að finna í hálfrar blaðsíðu grg., þar sem m. a. getur að líta þessa eftirtektarverðu yfirlýsingu:

„Ríkisstj. telur sér engan veginn fært að ákveða það án náins samráðs við þingflokka þá, sem hana styðja, hvernig leysa skuli þann vanda, sem við blasir í efnahagsmálum landsins, þ. á m. hvernig mæta skuli þeim mikla halla, sem er á fjárlagafrv. Ríkisstj. hefur ekkert tækifæri haft til þess að ráðgast við stuðningsflokka sína á Alþ. um fjárlagafrv. né viðhorfið í efnahagsmálunum, eins og það er nú eftir reynsluna á þessu ári.“

Öllu greinilegri gjaldþrotayfirlýsingu er naumast hægt að gefa. En hver er þessi mikli vandi, sem ríkisstj. stendur ráðþrota andspænis? munu menn spyrja. Voru ekki vandamálin leyst til frambúðar um síðustu áramót? Vandinn er sá, að bjargráð ríkisstj. um síðustu áramót hafa reynzt alger óráð. Skattpíningin jafnhliða lamandi afskiptasemi ríkisvaldsins, stórfelldum vanskilum á lofuðum framlögum til útflutningsatvinnuveganna og stóraukinni verðbólgu vegna nýju skattanna er farin að segja til sín. Og nú skýrir Alþýðublaðið frá því fyrir nokkrum dögum, að hæstv. menntmrh. hafi sagt í ræðu, að aðalvandamál ríkisstj. nú væri ekki varðandi framtíðina, heldur að standa við gefin loforð um fjárframlög til atvinnuveganna. Frumvarpið, sem lofað var að skyldi sýna hina nýju fjármálastefnu í framkvæmd, liggur nú fyrir framan okkur. Greiðsluhalli 71.4 millj. kr., en auk þess er tekið fram í athugasemdum, að enn vanti 20 millj., ef halda eigi áfram niðurgreiðslum á verðhækkun landbúnaðarvara á þessu hausti. Greiðsluhalli er því raunverulega rúmar 90 millj. að óbreyttri fjármálastefnu. Miðað við reynslu, hlýtur frv. að hækka verulega í meðferð þingsins. Er því ekki ósennilegt, að raunverulega vanti um 130 millj. Og það er lítt

skiljanlegt, sem hv. þm. Hafnf. sagði hér áðan, að það mundi vandalítið að leysa þetta eftir venjulegum leiðum.

Þá er upplýst af ríkisstj., að útflutningssjóð vanti mikið fé til þess að standa við skuldbindingar sínar, og er ekki ólíklegt, að það vanti nú samtals svipaða upphæð aftur og þurfti að leggja á þjóðina um síðustu áramót. Er þó raunar enn ekki séð, nema greiðsluhalli verði meiri, því að einhvern veginn verður að afla fjár til að greiða hallann á ríkissjóði og útflutningssjóði á yfirstandandi ári.

Einn þáttur hinnar nýju stefnu átti að vera sparnaður í ríkisrekstrinum. Á undanförnum árum hafa kommúnistar og Alþýðuflokksmenn verið stóryrtir um ríkisbáknið og nauðsyn þess að skera af því marga skanka. Við meðferð fjárlaga á síðasta þingi var skýrt frá því, að þriggja manna sparnaðarnefnd væri starfandi og árangur hennar starfa væri væntanlegur í fjárlagafrv. fyrir árið 1958. Eitthvað virðist hafa seinkað störfum nefndar þessarar, því að hvergi er að finna neina sparnaðartillögu varðandi ríkisrekstrinn sjálfan í þessu frv. Í grg. frv. er það eitt sagt, að fast hafi verið staðið gegn útþenslu á starfrækslukostnaði ríkisins. Mér telst þó svo til skv. upplýsingum í fjárlagafrv., að föstum ríkisstarfsmönnum fjölgi um 150, og er þó ekki með talin útþensla í bankakerfi og verðgæzlu. Þótt eigi hafi verið hjá komizt að auka starfslið ríkisins eitthvað, t. d. bæta við kennurum, þá fullyrði ég, að ekki hafi verið þörf allra þeirra nýju starfsmanna, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur ráðið til starfa. Virðist hæstv. fjmrh. hafa gersamlega gefizt upp við allar tilraunir til sparnaðar, sem gleggst má sjá af því, að hann vildi ekki líta við till. okkar sjálfstæðismanna á síðasta þingi um sameiningu tóbakseinkasölu og áfengisverzlunar ríkisins, sem hann þó sjálfur hafði áður flutt frv. um og talið leiða til verulegs sparnaðar.

Meðan hæstv. ráðh. sat í stj. með sjálfstæðismönnum, kenndi hann þeim um alla útþenslu í ríkisrekstrinum. Nú erum við ekki lengur til að setja fótinn fyrir sparnaðarviðleitni hæstv. ráðherra. Hverjum er nú um að kenna? Sennilega ekki hæstv. félmrh., sem mér skildist helzt á áðan að ætti í pokahorninu ýmsar sparnaðarráðstafanir, sem hann bjóst við að þurfa að leita stuðnings hjá stjórnarandstöðunni að koma fram. Og mér skildist jafnvel hv. þm. Hafnf. tala í sama dúr.

Þó væri rangt að halda því fram, að ekki væri um neina sparnaðarviðleitni að ræða. Hæstv. fjmrh. hefur fundið sömu ráð til sparnaðar og á síðasta þingi: að skera niður framlög til verklegra framkvæmda. Þannig eru framlög til vega lækkuð um 3.9 millj. kr., til brúa um 2.9 millj., til hafna um 3.5 millj. og til skóla um 3.5 millj., eða alls lækkuð framlög til verklegra framkvæmda um 13.6 millj. kr. frá gildandi fjárl.

Miðað við þær yfirlýsingar ríkisstj., að hún beri sérstaklega hag strjálbýlisins fyrir brjósti, hljómar sú staðreynd næsta kynlega, að eina sparnaðarúrræðið skuli vera að draga úr þeim framkvæmdum, sem einkum varða íbúa strjálbýlisins.

Til viðbótar þessu hefur svo að fyrirlagi hæstv. forsrh. verið dregið stórlega úr framkvæmdum héraðsrafmagnsveitna ríkisins, miðað við undanfarin ár.

Útgjöld ríkissjóðs á næsta ári eru áætluð rúmum 40 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, en tekjur hins vegar 31.3 millj. kr. lægri. Er þessi áætlun byggð á því, að tekjur ríkissjóðs hafi brugðizt á þessu ári. Hefur því reyndin orðið sú, að hinir vísdómslegu útreikningar ríkisstj. um síðustu áramót hafa ekki staðizt. Þetta er afsakað með því, að afli hafi brugðizt. Þessi röksemd stenzt ekki. Útflutningur á þessu ári til ágústloka hefur verið 613.1 millj. Á sama tíma í fyrra var hann ekki nema 602.2 millj. og á sama tíma 1955 aðeins 498.8 millj. Þar að auki hefur ríkisstj. tekið erlend lán og fengið gjafakorn frá Bandaríkjunum. Hæstv. viðskmrh. sagði líka í ræðu á fridegi verzlunarmanna í ágúst í sumar: „Gjaldeyriserfiðleikar okkar stafa ekki af neinu óvæntu atviki eða óhöppum. Það, sem af er þessu ári, höfum við haft úr að spila jafnmiklum gjaldeyri, einnig svonefndum frjálsum gjaldeyri, og á sama tíma í fyrra, en þá var mesta gjaldeyriseyðsluár í okkar sögu.“

Samkv. þessu virðist augljóst, að tekjuáætlanirnar hafi verið óraunhæfar og hin nýja skipshöfn fjmrh. hafi svo villt fyrir honum, að hann þekki ekki lengur á sjókortið, og er þá ekki von, að vel fari. Er það auðvitað engin afsökun fyrir hæstv. fjmrh., þótt við sjálfstæðismenn í fjvn. höfum lagt til að lækka tekjuáætlun um 1%, því að það var áætlun ráðh. sjálfs, sem endanlega var samþykkt, og hún hefur stórlega brugðizt. Við sjálfstæðismenn fengum ekki nauðsynlegar upplýsingar til að meta tekjuhorfurnar, og kvartaði ég yfir því, bæði við 2. og 3. umr. fjárlaga í fyrra. Hins vegar þekktum við af fyrri reynslu, að hæstv ráðh. áætlaði jafnan tekjur mjög varlega, og vissum ekki, að hann hefði varpað þeirri gætni fyrir borð.

Þótt þjóðin sé ýmsu vön af hæstv. núverandi ríkisstj., mun þó flestum hafa þótt mælirinn fullur, er þeir litu þetta fjárlagafrv. Mest áfall hlýtur frv. þó að vera fyrir þá, sem trúað hafa á einstæða fjármálasnilli hæstv. núverandi fjmrh. Framsóknarmenn hafa oft breitt sig út yfir fjmrh. Sjálfstfl. fyrir að hafa stundum orðið að sýna fjárlagafrv. með greiðsluhalla. Mesti greiðsluhalli á fjárlagafrv. hefur áður verið tæpar 22 millj. kr., en er nú rúm 71 millj. og raunar 20 millj. betur.

Við höfum nú í kvöld hlýtt á útskýringar og afsakanir hæstv. fjmrh. og hinna nýju skipverja hans og munum fá meira af slíku tagi nú á eftir. Ég hef haft mætur á hæstv. fjmrh. og talið hann gætinn og íhugulan fjármálamann, og rennur mér því satt að segja til rifja, hversu hann hefur látið hæstv. forsrh. teyma sig út í botlaust fúafen með því að gerast fjármálalegur ábyrgðarmaður núverandi ríkisstjórnar. En hann kemst ekki hjá því að taka stærstan hluta þeirrar ábyrgðar á eigin herðar, því að hann átti að sjá betur.

Á því er vert að vekja athygli, að um margra ára skeið hefur verið mikill greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, 20 millj. kr. 1953, 40 millj. 1954, 65.6

millj. 1955 og 15.5 millj. 1956. Þessa góðu afkomu hafa framsóknarmenn eingöngu þakkað frábærri fjármálastjórn Eysteins Jónssonar. Það hlýtur því að vekja nokkra undrun, hvers vegna þessi fjármálasnilli nýtur sín ekki eins í samstarfi við aðra flokka.

Nú á fyrsta fjárlagaári vinstri stjórnarinnar er boðaður mikill greiðsluhalli hjá ríkissjóði og fjárlagafrv. fyrir næsta ár með raunverulega 90 millj. kr. halla. Ætli menn sjái ekki af þessu, hversu stóran þátt sjálfstæðismenn eiga í hinni góðu afkomu ríkissjóðs á undanförnum árum?

Hæstv. fjmrh. hefur ekki verið eftirbátur annarra stjórnarliða í því að reyna í vandræðum sínum að kenna sjálfstæðismönnum um það öngþveiti, sem vinstri stjórnin hefur leitt þjóðina út í, og hefur sá söngur hljómað hér í kvöld í ýmsum útgáfum frá þeim, sem talað hafa.

Var hæstv. félmrh. auðvitað háværastur, eins og við var að búast, en rökin í öfugu hlutfalli við hávaðann. Sá þvættingur, að Sjálfstfl. hafi komið af stað verkföllum og reynt að spilla fyrir lántökum, hvort heldur er meðal hvítra manna eða svartra, — eins og hæstv. ráðh. komst að orði, — sem hæstv. ríkisstj. hefur beðið um lán hjá, er svo marghrakinn, að ég eyði ekki orðum að honum, enda ekki hægt að ræða allt á einum hálftíma. Undir þennan söng tók að vísu einnig hv. þm. Hafnf., en hann ætti þó að hafa séð það í Alþýðublaðinu, að þar er tekið fram, að raunverulega hafi engin teljandi verkföll verið á þessu ári. Og hann ætti jafnframt að vita það og þeir báðir, þessir hæstv. ráðh., að því var haldið fram, þegar talað var um, að Sjálfstfl. væri ekki hæfur til stjórnarsamstarfs, að það væri einmitt vegna þess, að hann hefði ekkert traust hjá verkalýðsfélögunum í landinu. Nú á hann að geta komið öllu á annan endann.

Í sambandi við þennan áróður allan langar mig til að biðja þjóðina að íhuga vel eftirfarandi staðreyndir:

Í fyrsta lagi: Það voru sjálfstæðismenn, sem árið 1950 mörkuðu þá stefnu, sem Tíminn sagði í ársbyrjun 1955 að hefði lagt grundvöll að mesta framfaratímabili í sögu þjóðarinnar.

Í öðru lagi: Það var þessi stefna, sem hæstv. fjmrh. lýsti svo í þingræðu 30. jan. 1956, að hefði leitt til þess, að framleiðslan hefði farið vaxandi, verðlag haldizt stöðugt í 2½ ár, sparnaður aukizt mikið, greiðsluafgangur verið í ríkisbúskapnum, hægt að lækka skatta- og tollaálögur árlega nokkuð.

Í þriðja lagi: Það voru núverandi samstarfsflokkar hans, sem beittu sér fyrir hinu pólitíska verkfalli 1955, sem beinlínis var stofnað til þess að eyðileggja hinn góða árangur af stefnu þáverandi ríkisstj., og valdamiklir menn í flokki hæstv. fjmrh. komu þar einnig við sögu. Fáir fordæmdu þá meir þau óhappaverk en Eysteinn Jónsson, sem réttilega benti á, að með þeim ógiftusamlegu tiltektum, sem hæstv. núv. félmrh. var forustumaður að, væri brotið blað í efnahagssögu landsins og ætlun verkfallsforingjanna hefði ekki verið að bæta kjör hinna efnaminni, heldur fyrst og fremst að gera mikið tjón.

Í fjórða lagi, að þjóðviljinn þakkaði Tímanum sérstaklega fyrir vinsamleg skrif um þetta pólitíska verkfall kommúnista. Mun hæstv. núv. forsrh. hafa átt sinn skerf af því þakklæti.

Í fimmta lagi, að á einu ári eftir verkfallið hækkaði kaupgjaldið um 22%, sem kippti algerlega fótum undan allri framleiðslustarfsemi í landinu og neyddi ríkisstj. til að hverfa frá skattlækkunarstefnunni, sem fylgt hafði verið frá 1950, og leggja á háa nýja skatta um áramótin 1955—56.

Í sjötta lagi, að þegar fyrir hið pólitíska verkfall kommúnista hafði form. Framsfl. hafið baráttu sína fyrir myndun vinstri stjórnar, og eftir að kommúnistum hafði tekizt að koma dýrtíðarskrúfunni í fullan gang aftur, var þetta afrek talið ótvírætt sönnun þess, hversu bráðnauðsynlegt væri að fá þá til samstarfs við stjórn landsins. Að vísu var þagað um þá fyrirætlun fram yfir kosningar, en hæstv. fjmrh. hefur nýverið lýst yfir, að það hafi alltaf verið ætlunin að fá kommúnista til samstarfs.

Í sjöunda lagi: Þegar svo núv. ríkisstj. var mynduð, voru sjálfstæðismenn taldir ófærir um að leysa allan vanda og því lýst yfir, að ríkisstj. hefði öruggan stuðning vinnustéttanna í þjóðfélaginu og hefði því öllum stjórnum betri aðstöðu til að leysa vandamálin, enda lofað gerbreyttri stefnu og frambúðarlausn vandamálanna.

Það er staðreynd, að innan núv. ríkisstj. eru saman komin öll þau öfl, sem leyst hafa úr læðingi þann verðbólgudraug, sem ríkisstj. er nú að reyna að kveða niður með bágbornum árangri. Það eru þessi öfl, sem hæstv. fjmrh. taldi þjóðráð að manna bát sinn með, og eftir 15 mánaða siglingu virðist svo komið, að verðbólgudraugurinn hafi sjálfur tekið við stjórninni á skútunni og hinir stefnuföstu framsóknarmenn þurfi ekki að sætta sig við að láta reka, því að bátnum er stýrt öruggum höndum beint inn í ginnungagap fjárhagslegs öngþveitis.

Engir hafa rækilegar en sjálfstæðismenn varað við hinum alvarlegu afleiðingum verðbólguþróunarinnar. Þeir vöruðu þjóðina við afleiðingunum af verkum upplausnaraflanna, sem eyðilögðu árangur jafnvægisstefnu þeirrar, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn stóðu að með góðum árangri um fimm ára skeið.

Sjálfstæðismenn hafa ekki haft trú á því, að leiðin út úr vandanum væri að leiða upplausnaröflin til æðstu valda í þjóðfélaginu. Engu að síður hefði það verið gleðiefni, ef núv. ríkisstj. hefði tekizt að leysa þann vanda, sem hún lofaði með miklu yfirlæti að leysa, og leyfi ég mér að visa heim til föðurhúsanna þeim fáránlegu staðhæfingum hæstv. félmrh., að Sjálfstæðisflokkurinn gleðjist yfir erfiðleikum þjóðarinnar.

Tilvera núv. ríkisstj. byggist á misnotkun stjórnarskrár og kosningalaga. Hún lofaði þjóðinni gulli og grænum skógum, en efndirnar eru stórfellt fjárhagsöngþveiti, sem ríkisstj. viðurkennir að hafa engin ráð tiltæk til að ráða fram úr.

Í fyrra var afsökunin sú, að stjórnin væri svo nýtekin við völdum, að hún hefði ekki haft

tíma til að móta hina nýju fjármálastefnu sína fyrir afgreiðslu fjárlaga ársins 1957.

Nú er fjárlagafrv. lagt fram með meira en þrisvar sinnum hærri greiðsluhalla en mestur hefur áður verið á fjárlagafrv. Engin úrræði er bent á til lækkunar útgjalda og engar tillögur um tekjuöflun, og nú er afsökunin sú, að stjórnin hafi ekki neitt tækifæri til samráðs við stuðningsflokka sína.

Einhvern tíma hefði áreiðanlega þótt tiltækilegt að kveðja þingmenn til fundar utan þingtíma, ef eins alvarlega hefði horft og nú gerir.

Hæstv. fjmrh. sagði fyrir skömmu á fundi framsóknarmanna hér í Reykjavík, að núverandi stjórnarflokkar hefðu góða aðstöðu til að leysa verðbólguvandamálið. Hvernig stendur á, að þessi góða aðstaða er ekki notuð nema á mannfundum? Ríkisstj. reynir að vísu enn að halda því fram, að 300 millj. kr. álögurnar í fyrra hafi ekki verkað til aukningar dýrtíðinni. Slíkar blekkingar þýða ekki lengur. Enda þótt álögunum hafi verið þannig hagað, að þær kæmu sem minnst á vísitöluvörur, sem einhvern tíma hefði verið kölluð vísitölufölsun, þá er samt gert ráð fyrir 5 stiga vísitöluhækkun í fjárlagafrv., enda þótt niðurgreiðslur á vísitöluvörum séu einnig hækkaðar úr 84.1 millj. kr. í 125 millj. kr., eða um tæpa 41 millj. kr.

Og nú telur hæstv. fjmrh. ekkert athugavert við að fallast á niðurgreiðslur, svo að milljónatugum skiptir, án þess að hafa nokkurt fé í kassann, enda þótt hann neitaði í fyrra að fallast á till. sjálfstæðismanna um að halda vísitölunni niðri með niðurgreiðslum. Hefði okkar till. þá verið sinnt, væri ekki við þann vanda að glíma, sem við nú stöndum andspænis.

Sannleikurinn er líka sá, að verðbólgan hefur aldrei vaxið hraðari skrefum en eftir tilkomu vinstri stjórnarinnar, sem þó þykist hafa allt í hendi sinni, og fjárlagafrv. fyrir 1958 er dæmigert verðbólgutákn. Þegar svo er komið, að allur rekstrarkostnaður hækkar stórum, en jafnhliða er dregið úr framkvæmdum, þá horfir illa.

Við sjálfstæðismenn getum út af fyrir sig vel við unað, að aðeins 15 mánaða stjórnarferill vinstri stjórnarinnar hefur sannað rækilega okkar aðvaranir og stefnu, en gert að engu flestar kenningar stjórnarflokkanna. Má því segja, að þjóðin verði reynslunni ríkari, þótt sú reynsla kunni að verða nokkuð dýrkeypt.

Sú falskenning framsóknarmanna, að hægt sé að leysa efnahagsvandamálin eftir einhverjum nýjum leiðum, ef hægt sé að losna við sjálfstæðismenn úr ríkisstj. og fá kommúnista og Alþýðuflokksmenn til samstarfs í staðinn, er að engu orðin Sú kenning kommúnista og raunar vinstri flokkanna allra, að hægt sé að leysa allan vanda á þann einfalda hátt að taka gróða nokkurra auðkýfinga, hefur einnig reynzt vera hlægileg fjarstæða.

Loks er það mjög athyglisvert, að nú hafa kommúnistar neyðzt til að viðurkenna, að kauphækkun sé ekki ætíð kjarabót fyrir launþega, þótt þeir undanfarna áratugi hafi reynt að stimpla sjálfstæðismenn fjendur verkalýðsins fyrir að vekja athygli á þessari mikilvægu staðreynd.

Það er þó eigi síður athyglisvert, að kommúnistar telja því aðeins óhæfu, að verkalýðsfélög heimti kauphækkanir, ef kommúnistar eru í ríkisstjórn, en sjálfsagt, þegar aðrir flokkar fara með stjórn landsins. Eftir kokkabókum kommúnista á hlutverk verkalýðshreyfingarinnar því ekki fyrst og fremst að vera að stuðla að raunhæfum kjarabótum verkalýðnum til handa, heldur tryggja kommúnistum setu í ríkisstj. Þessa misnotkun kommúnista á verkalýðshreyfingunni telja framsóknarmenn góða og gilda og fyrirskipa sínum fylgismönnum í verkalýðsfélögunum að tryggja kommúnistum völdin þar.

Haldi kommúnistar áfram völdum í verkalýðshreyfingunni og geti haldið þar áfram skemmdariðju sinni, þá er það á ábyrgð Framsfl., á sama hátt og Framsfl. og þá ekki síst hæstv. fjmrh. ber meginábyrgð á því hörmungastjórnarfari, sem nú er í landinu. Ekkert verður ráðið af þessu fjárlagafrv., hvort ríkisstj. gerir ráð fyrir að fara enn þá leið að leggja 200—300 millj. kr. nýja skatta á þjóðina. En einhver úrræði verður að finna, ef á að firra ríkisgjaldþroti og algerri stöðvun atvinnulífsins.

Öll fjármála- og viðskiptalögmál eru nú gengin svo úr skorðum í okkar litla þjóðfélagi, að fullkominn háski er að. Í stað þess, að talað var um að uppræta spillinguna, hefur alls konar óeðlilegur viðskiptamáti og spákaupmennska margfaldazt. Úrræði stjórnvaldanna eru þau ein að setja nýjar reglur, skipa nýja eftirlitsmenn og bjóða og banna, þannig að menn viti í mörgum tilfellum ekki, hvað er leyft og hvað er bannað. Skriffinnska hefur stóraukizt og forsvarsmenn atvinnufyrirtækja verða að verja æ lengri tíma í að sitja í skrifstofum opinberra stofnana og nefnda.

Sem dæmi má nefna, að nú er ekki nóg, þótt menn eftir langan tíma og fyrirhöfn hafi herjað út gjaldeyris- og innflutningsleyfi hjá innflutningsskrifstofunni, heldur tekur við ný píslarganga dag eftir dag niður í Landsbanka, sem hefur sett upp sína eigin gjaldeyrisúthlutun og lætur sig litlu varða pappíra frá innflutningsskrifstofunni. Hvernig halda menn að sé aðstaða fólks úti á landsbyggðinni, sem hvorki fær leyfi né lán, nema það komi hingað sjálft eða hafi umboðsmenn? Vegna hinna miklu tekjuþarfa ríkissjóðs og útflutningssjóðs hefur svo ríkisstj. neyðzt til að láta óþarfavarning svokallaðan sitja fyrir um innflutning. Tollakerfið er orðið hreinn óskapnaður, og úrræðin á því sviði eru 29 tollverðir. Herskarar verðgæzlumanna eru á háum launum við að sjá um verk, sem framsóknarmenn hafa hingað til talið samvinnufélögin fær um að annast.

Samræmið er þó ekki meira hjá ríkisstj. en svo, að einu félagi er á nokkrum mánuðum með samningum við ríkið tryggður 15 millj. kr. gróði, og er það mesti okurgróði, sem þekkist hérlendis. Alvarlegast er þó það, að vöruskortur er yfirvofandi, því að til þessa hefur verið gengið á þær miklu vörubirgðir, sem til voru í landinu, er stjórnin tók við völdum.

Hálmstráið, sem hæstv. ríkisstj. heldur dauðahaldi í, er vonin um stórt erlent gjaldeyrislán. Hafa stjórnarliðar helzt reynt að hæla ríkisstj.

fyrir dugnað við að útvega erlend lán. Það getur auðvitað verið gott og blessað að taka erlend lán. En vafasöm kenning held ég að það verði að teljast, að sá sé hæfastur til að stjórna, sem duglegastur er að safna skuldum.

Mönnum mun þykja þessi mynd af ástandinu ljót, en því miður er hún sönn. Mér hugkvæmist ekki að halda því fram, að hæstv. ríkisstj. vilji ekki láta gott af sér leiða. Hún ræður bara ekki við þann vanda, sem við er að fást.

Það getur verið gott að vera kokhraustur og segja: Ef núv. stjórn getur það ekki, þá hver? eins og Tíminn hefur eftir hv. þm. V-Húnv. En hæstv. ríkisstj. ætti að vera farin að læra það af 15 mánaða reynslu, að vandamálin verða ekki leyst með grobbi einu og stærilæti.

Sjálfstæðismenn hafa aldrei reynt að blekkja þjóðina um eðli efnahagsvandamálanna. Þeir bentu á í síðustu kosningum, að ekki væri um nein töframeðul að ræða til þess að leysa efnahagsvandamálin, og vöruðu þjóðina við að hlusta á glamur núverandi stjórnarflokka um nýja stefnu og frambúðarlausn, sem þeir þóttust eiga tiltæka, þótt að vísu enginn fengi að vita, í hverju væri fólgin. Í stað þess að viðurkenna síðan hreinskilnislega, að sjálfstæðismenn hafi haft á réttu að standa, hefur ríkisstj. gripið til þess óyndisúrræðis að telja þjóðinni trú um, að verið væri að gera allt annað en gert hefur verið. Með þessu móti er ríkisstj. beinlínis að vinna gegn því, að nokkur viðunandi lausn fáist á vandanum, og mætti ríkisstj. gjarnan reyna að haga sér í samræmi við þá nauðsyn raunsæis, sem hæstv. fjmrh. lagði áherzlu á í ræðu sinni í kvöld, og væri vel, ef hæstv. ríkisstj. ætlar hér eftir að fylgja þeirri stefnu.

Við þekkjum öll þær leiðir, sem til greina koma, en frumskilyrði þess, að hægt sé að beita þeim úrræðum með tilætluðum árangri, er að skapa hjá almenningi réttan skilning á eðli vandans og nauðsyn úrræðanna.

Meðan ríkisstj. ekki leggur fram neinar till. um lausn aðsteðjandi efnahagsvandamála, er ekki ástæða til að ræða, hverjar leiðir beri að velja út úr þeim vanda, sem ríkisstj. hefur stórkostlega aukið á sínum stutta valdaferli. Eitt er þó ljóst: Núverandi ástand í fjármálalífi þjóðarinnar er óviðunandi, og gera verður sem skjótast róttækar ráðstafanir, ef efnahagslegt sjálfstæði landsins á ekki að glatast í ráðleysisfeni hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. ber ein ábyrgð á því óvenjulega fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til umræðu. Eðli málsins samkvæmt hlýtur ríkisstj. einnig að hafa forgöngu um að brúa það mikla bil, sem er milli tekna og gjalda í frv. Núverandi stjórnarflokkar hafa lýst Sjálfstfl. ósamstarfshæfan um lausn efnahagsvandamála þjóðarinnar og þannig útilokað allt samstarf við flokk, sem taldi við síðustu kosningar innan sinna vébanda yfir 42% þjóðarinnar. Af þeim sökum verður einnig ríkisstj. ein að bera alla ábyrgð á úrræðum í efnahagsmálum þjóðarinnar, meðan hún fer með völd. Það fer líka að mörgu leyti vel á því, að þeir leysi vandann, sem hafa skapað hann. En vegna þjóðarhagsmuna er þó áreiðanlega farsælast, miðað við hina slæmu reynslu af 15 mánaða vinstri stjórn, að ný áhöfn taki sem skjótast við þjóðarfleyinu.

Þjóðin framleiðir árlega mikil verðmæti, og mikil skilyrði eru til framleiðsluaukningar, þannig að ástæðulaust er að kvíða framtíðinni, ef rétt er á málum haldið. En hafi stjórnarvöldin að leiðarljósi þá stefnu að lama og hefta framtak og dug þjóðfélagsborgaranna, þá er voðinn vís. Þess vegna er þjóðinni brýn nauðsyn að losna sem fyrst við núv. ríkisstj.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst segja það út af því, sem hér hefur verið rætt um tekjuáætlunina, að hún er, eins og ég hef tekið fram, miðuð við þróunina fram til 1. sept. Endanlega verður tekjuáætlunin sett með hliðsjón af reynslu ársins, svo langt sem vitað verður fram eftir árinu, og horfum fram undan.

Út af ræðu hv. 2. þm. Eyf. vil ég taka fram nokkur atriði.

Þessi hv. þm. byrjaði að tala um það í hálfgerðum umvöndunartón, að nú væri fjárlagaumræðan höfð að kvöldinu. Ég beitti mér fyrir því, að þessar umræður yrðu að kvöldinu, til þess að fólk hefði möguleika á því að hlusta á framsöguræðu fjárlaganna. Þessi hv. þm. var í því sambandi að tala um, að það væri ójöfn aðstaða. Ég fellst alls ekki á, að fjárlagaræðan sé þannig, að ástæða sé til þess að hengja aftan í hana þrjár jafnlangar pólitískar áróðursræður. Fjárlagaræðan er ekki pólitísk áróðursræða, eins og þeir mega bezt um dæma, sem heyrðu framsöguræðu mína áðan, þar sem um 90 eða 95% af ræðunni eru beinar upplýsingar um það, hvernig ástatt er um þjóðarbúskapinn. Það væri undarlegt jafnrétti, ef það ætti að hengja aftan í slíka ræðu nákvæmlega jafnlangar pólitiskar áróðursræður, eina frá hverjum flokki, að fjmrh. mætti aldrei opna sinn munn í áheyrn alþjóðar, án þess að slíkt væri hengt aftan í. En hitt getur maður skilið, að hv. stjórnarandstæðingum var nokkuð illa við þessa nýlundu, að þjóðin fengi að hlusta á fjárlagaræðuna, og það er vegna þess, að hugsanlegt er, að blekkingar núverandi hv. stjórnarandstæðinga gangi ekki alveg eins vel út, eftir að rétt samhengi í þessum málum hefur verið upplýst. En við það verður nú að sitja.

Þá sagði þessi hv. þm., að ríkisstj. hefði lofað nýjum leiðum í efnahagsmálunum. Við framsóknarmenn gerðum fulla grein fyrir þessu máli í fyrravetur og greindum, að það hefði ekki orðið samkomulag um annað en að fara uppbótaleiðina áfram, en á nýjan hátt, og að nýmælið væri það mest, að um þessa lausn hefði orðið víðtækt samkomulag við alþýðustéttirnar í landinu og samtök þeirra. Það var hið stórkostlega nýmæli, sem þá varð.

Þessi hv. þm. kvartar yfir því, að ekki skuli vera taldar með ríkisútgjöldum greiðslur útflutningssjóðs, sem sé það fé, sem safnað er saman og skilað aftur til framleiðendanna, sem sé það, sem of mikið er af þeim tekið og því skilað til þeirra til baka. Þetta fé vill Sjálfstfl. nú telja sem ríkisstyrk. Honum er sem sé áhugamál að setja þetta við hliðina á öðrum ríkisútgjöldum. Það mun þá vera skilningur hans á þjóðarbúskapnum, að þetta sé í raun og veru

ríkisstyrkur. Við hinir lítum svo á, að með þessu sé í raun og veru verið að skila framleiðslunni til baka því, sem of mikið hafi verið af henni tekið, og að þetta eigi ekki skylt við venjuleg ríkisútgjöld eða ríkisstyrk. En Sjálfstfl. virðist líta öðruvísi á.

Þá var þessi hv. þm. að tala um það hér hvað eftir annað, hvað ómyndarlegt það væri af núverandi ríkisstj. að leggja fram fjárlagafrv. með greiðsluhallanum, að hún skyldi ekki hafa gert ráðstafanir til þess að jafna hann á einhvern hátt, áður en frv. væri lagt fyrir hv. Alþingi.

Þetta er sjálfsagt ákaflega einkennilegt frá sjónarmiði sjálfstæðismanna, sem eru vanir því, að lítil klíka hér í Reykjavík ráði öllu um afgreiðslu mála í flokknum, þingmála jafnt sem annarra mála, og eru vanir því, að þingmenn flokksins séu ekki kallaðir til annars en segja já og amen við því, sem þessi klíka hefur ákveðið fyrir fram. En í stjórnarflokkunum er annar háttur á þessu hafður. Hingað koma þingmenn stjórnarflokkanna til þess að ráða raunverulega fram úr þessum málum, en það er ekki ráðið fram úr þeim af klíku hér í Reykjavík, áður en þeir koma þar nærri. Sjálfstfl. getur undrazt þetta eins mikið og honum sýnist, en þetta gefur okkur bara kærkomið tækifæri til þess að sýna innan í Sjálfstfl., hvernig þeir hugsa þar og álita að afgreiðsla þingmála eigi að vera. Þingmenn eiga að koma hingað að öllu ákvörðuðu og fullgerðu til þess að segja já og amen.

Við höfum ekki þessa skoðun, og þess vegna skömmumst við okkar ekkert fyrir það, þótt við leggjum þessi mál fyrir eins og þau standa í dag, og við ætlum þingmönnunum einmitt að verja þingtímanum með okkur til þess að reyna að finna lausn á þessu máli.

Þá var þessi hv. þm. að tala um niðurskurð verklegra framkvæmda. Þó hafði ég upplýst, að þrátt fyrir lækkun á fjárfestingarútgjöldum, sem sett hafa verið á þetta frv., eru fjárveitingar til verklegra framkvæmda á því mun hærri en í stjórnarfrv. í fyrra, og ef við berum saman við 1952, þá eru fjárveitingar til verklegra framkvæmda stórhækkaðar á öllum sviðum.

Þá var þessi hv. þingmaður að tala um fjölgun starfsmanna ríkisins. Ég gerði grein fyrir því. Ég efast um, að það hafi nokkurn tíma verið lagt fram fjárlagafrv., þar sem gert hefur verið ráð fyrir minni fjölgun starfsmanna í ríkiskerfinu en þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ég þekki vinnubrögð sjálfstæðismanna í þeim efnum og veit það manna bezt, að þeir hafa ekkert hikað við að færa út starfsmannakerfi ríkisins og hafa haugað utan að sér starfsmönnum, oft og tíðum án þess að spyrja nokkur önnur ráðuneyti ráða í því efni, og mætti færa að því mörg dæmi, ef tími væri til, og getur orðið gert síðar.

Ég gerði grein fyrir því, að núverandi ríkisstj. ætlar sér að reyna að standa með öllum ráðum á móti óeðlilegri útþenslu í ríkiskerfinu. En við getum ekki við því gert, þó að það eigi sér stað eðlileg lögboðin fjölgun starfsmanna t. d. í skólum og annars staðar, þar sem farið er eftir föstum ákveðnum reglum, sem Alþingi hefur sett.

Þá sagði þessi hv. þm. m. a., að það hefði verið dregið úr framkvæmdum í raforkumálum frá því, sem hefði verið undanfarin ár. En það mun sannast í þessu, að það hefur aldrei á einu ári verið unnið jafnmikið að framkvæmdum í raforkumálum dreifbýlisins eins og einmitt á þessu ári, sem nú er að líða.

Hv. þm. ræddi um afkomuna í ár, og sagði, að aflaleysi hefði ekkert verið. Það er ekki þægilegt að eiga orðastað við menn, sem neita staðreyndum, eins og þessi hv. þm. hefur með þessu gert. Ég sýndi fram á, að það hefur orðið stórfelldur aflabrestur, og þetta kemur gleggst í ljós, þegar athugaður er heildaraflinn og tala bátanna og úthaldsdagar hins vegar.

Þá sagði hv. þm., að Sjálfstfl. hefði haft eitt úrræði á reiðum höndum, sem menn hefðu ekki viljað notfæra sér, og það hefði verið hægt að komast hjá þeim vanda, sem við höfum verið að glíma við í efnahagsmálunum, ef það hefði verið nýtt. Og hvert var þetta úrræði? Jú, það voru tillögur Ingólfs Jónssonar hér um árið, sem hann kastaði fram, um að greiða niður verðlag á afurðum innanlands. Til þess að koma þá fram stöðvun með niðurgreiðslu mundi fyrst hafa þurft að greiða niður sem svaraði 12 vísitölustigum. Það kostaði nú ekki nema um 72 millj. kr. Þar næst hefði þurft að greiða niður önnur 4 vísitölustig til viðbótar, þannig að niðurgreiðslurnar hefðu ekki þurft að hækka nema um litlar 100 millj. kr., ef það hefði átt að gera þetta. Og annað er eftir þessu í þessum málflutningi sjálfstæðismanna í framleiðslu- og efnahagsmálunum.

Þetta voru hreinar yfirskinstillögur, sem bornar voru fram, án þess að vottaði fyrir því af hendi flutningsmanna eða annarra, hvernig ætti að afla fjár til þess að koma þessu í framkvæmd.

Síðan sjálfstæðismenn fóru úr ríkisstj., hafa þeir sífellt verið að tala um háa skatta, en þeir hafa gleymt að taka fram, að aldrei hafa beinir skattar á Íslandi verið nándar nærri því eins háir og þegar sjálfstæðismenn fóru með forustuna í fjármálunum 1939—50. Síðan 1950 hef ég haft forustu um það fyrir hönd Framsfl. að lækka beina skatta stórkostlega frá því, sem þeir voru þegar sjálfstæðismenn skiluðu af sér.

Talsmaður Sjálfstfl. kom hér nokkuð inn á hin háu ríkisútgjöld og hinn mikla vöxt þeirra.

Það er svo sem ekki að furða, þó að sjálfstæðismönnum komi ríkisútgjöldin á óvart, eða hitt þó heldur. Þeir hafa sem sé ekki staðið að ráðandi þingmeirihluta nema í 17 ár og aðeins eitt ár rúmlega liðið, síðan þeir fóru úr ríkisstjórninni. En ríkisútgjöldin eiga sér tvær rætur: Annars vegar verðbólguna, sem vitaskuld hefur hækkað ríkisútgjöldin gífurlega á undanförnum árum. Á hinn bóginn umfangsmikla nýja löggjöf og aukna starfsemi ríkisins, eins og ég sýndi fram á í fjárlagaræðunni. Verðbólgan hefur aukið útgjöld ríkisins eins og allra annarra gífurlega að krónutali.

Sjálfstæðismenn segja nú, að fjmrh. hljóti að hafa ráðið mestu á undanförnum árum um alla þróun efnahagsmálanna og þess vegna hljóti hann að bera sérstaka ábyrgð á verðbólguþróuninni. Ekki er þetta nú raunar í sem beztu samræmi við látlaust gort þeirra um það, að þeir hafi hér öllu ráðið á undanförnum árum um allt,

sem lýtur að stórfelldum framkvæmdum og framförum.

Fjmrh. fjallar í sínu starfi um sjálfan ríkisbúskapinn. Eins og hér er ástatt og hefur verið um verkaskiptingu á milli ráðherra og stofnana, fjallar fjmrh. ekki sérstaklega um aðra þætti þjóðarbúskaparins en sjálfan ríkisbúskapinn og er þó auðvitað ekki einn um hann. En þessir aðrir þættir efnahagsmálanna hafa ekki minna að segja um það, hvort komizt verði hjá verðbólgu, en *búskaparlag ríkissjóðs.*

Á undanförnum árum hefur tekizt þannig til um ríkisbúskapinn, að hann er eini þátturinn í efnahagsmálunum, sem hefur verið þannig á haldið, að stuðlað hefur að jafnvægi í fjárhagsmálum og gegn verðbólgu, enda hafa sjálfstæðismenn af og til verið að eigna sér þetta sérstaklega og m. a. ræðumaður hér áðan, þótt að því hafi að sjálfsögðu verið brosað.

En hinir þættirnir, sem engan veginn ráða minna um þróun efnahagsmálanna í heild, eins og gjaldeyrismál, viðskiptamál, bankamál og sjávarútvegsmál, hafa verið á vegum sjálfstæðismanna á undanförnum árum, og þeir hafa þess utan sjálfir hrósað sér af því, að þeir hafi haft úrslitaorðið í fjárfestingarmálunum eftir 1953 og ráðið því, að hömlum var aflétt og ný fjárfestingaralda þar með reist.

Það er stjórn sjálfstæðismanna á þessum þáttum þjóðarbúskaparins, sem ásamt öðru fleiru hefur orðið til þess að magna verðbólguna og þar með stórhækka ríkisútgjöldin, en fjármálastjórn ríkisins hefur ekki stuðlað að aukinni verðbólgu, heldur þvert á móti verkað í jafnvægisátt. Þetta er viðurkennt af öllum sérfræðingum, sem hafa íhugað þessi mál.

Ég er alls óhræddur að láta fara fram hlutlaust mat á því, hversu mitt starf í fjmrn. undanfarin ár hefur verkað á þróun efnahagsmálanna annars vegar og störf sjálfstæðismanna hins vegar að hinum þáttum þessara mála.

Það voru sjálfstæðismenn, sem 1954 reistu fyrstu stóru verðbólguölduna, þegar þeir komust til valda í nokkra mánuði, með þeim afleiðingum, að dýrtíðin óx um 89 stig á einu sumri. Þá sköpuðu þeir í rauninni það vandamál, sem hefur *nagað* rætur framleiðslu og efnahagslífs á Íslandi síðan, og árin 1944—46 höfðu þeir forustuna og juku dýrtíðina um 44 stig, eða samtals um 133 vísitölustig í þessi tvö skipti. Loks náðu þeir forustu 1953 og státuðu þá af því, að þeir hefðu notað aðstöðu sína til þess að slíta allar hömlur af fjárfestingunni, en gífurleg aukning hennar strax á eftir varð önnur aðalundirrót þeirrar verðbólguöldu sem nú síðast reis og enn er verið að glíma við.

Varðandi afskipti sjálfstæðismanna af útgjaldalöggjöf síðustu ára og aukinni starfrækslu ríkisins á öllum sviðum mætti margt segja, en það er ekkert ofsagt, að þeir hafa bókstaflega státað af þátttöku sinni í þessu öllu og verið allra manna frekastir í því að heimta og reka fram nýja útgjaldalöggjöf og útþenslu í starfsemi ríkisins á öllum sviðum, enda mun þetta verða ljósara en áður af upplýsingum þeim, sem ég hef gefið um ástæðurnar fyrir því, að ríkisútgjöldin hafa hækkað.

Fjmrn. hefur á undanförnum árum sífellt óskað eftir tillögum um sparnað í ríkisrekstrinum, en frá sjálfstæðismönnum hefur yfirleitt ekki komið neitt annað en kröfur um ný og ný útgjöld á öllum sviðum, sem þeim hefur verið falið að fjalla um. Alkunnugt er svo og alþekkt, að þegar þannig stóð á, að ekki þótti tiltækilegt að samþykkja kröfur sjálfstæðismanna um aukin ríkisútgjöld í öllum greinum, en eftir var sótt af einhverjum að fá framlög, þá var viðkvæði *sjálfstæðismanna mjög oft:* Við viljum þetta, en það stendur á Eysteini.

Sannleikurinn er sá, að þeir tala nú mest um sparnað og mikil ríkisútgjöld, sem með mestri frekju hafa barið fram aukin ríkisútgjöld á undanförnum árum. Einstök framlög áttu að vera sjálfstæðismönnum að þakka, en hækkun útgjaldanna Eysteini að kenna. Allur er þessi áróður sjálfstæðismanna svo lítilmótlegur og svo furðulegur, að fremur mætti álíta, að þeir væru að búa til skrýtlur en að flytja mál í alvöru, enda mun leitun á, að þessi áróður þeirra sé tekinn alvarlega.

Kjarni áróðursins er í rauninni þessi: Stundum *heita útgjöldin framfarir, og þá eru þær allar* á vegum sjálfstæðismanna, en stundum heita framfarirnar útgjöld, og þá eru þau öll að sjálfsögðu á vegum Eysteins og framsóknarmanna. Og afstaðan er sú, að sjálfstæðismenn hafa verið með hverri einstakri fjárveitingu út af fyrir sig og heimtað meira og meira, þegar það þótti láta vel í eyrum, sbr.: það stendur á Eysteini, — en þegar búið er að leggja dálkana saman, þá þykjast þeir vera á móti útkomunni. Ég held, að það verði helzt að vorkenna þeim, sem ekki eiga nein önnur úrræði *en þvílíkan málflutning.*

Það hefur komið í ljós í umræðunum, eins og reyndar áður, að sjálfstæðismenn hafa ekkert — ekkert til landsmálanna að leggja annað en pólitísk yfirboð og neikvæðan áróður. Það vottar ekki fyrir því, að þeir hafi nokkrar tillögur fram að færa um úrlausnir í framleiðslu- og efnahagsmálum. Það bólar ekki á því, eins og nærri má geta, að þeir geri hina minnstu tilraun til þess að sýna fram á, hvaða ávinningur gæti verið að því yfir höfuð, að þeim yrðu veitt meiri áhrif en þeir hafa nú. Mun mönnum yfirleitt og það einnig mörgum, sem fylgt hafa sjálfstæðismönnum að málum, blöskra fullkomlega framkoma þeirra í *stjórnarandstöðunni og hafa* orðið fyrir stórfelldum vonbrigðum í því sambandi.

Það verður að gera þá kröfu til þeirra, að þeir geri sér ljóst, að það er ábyrgðarstarf að vera í stjórnarandstöðu. Stjórnarandstöðunni ber skylda til að segja, hvað hún vill, ef hún ekki fellst á það, sem ríkisstj. og flokkar hennar aðhafast. Geri stjórnarandstaðan það ekki, þá sviknst hún um að gera skylda sína.

Í þingsköpunum er ákveðið, að fjárlagaumræðunni skuli útvarpað. Þetta er gert til þess að tryggja, að þjóðin öll fái tækifæri til þess að heyra grg. fjmrh. um fjárlögin og ríkisbúskapinn og einnig raddir frá þingflokkunum. Svo mikla áherzlu leggur löggjafinn á þetta, að það er beinlínis lögboðið að útvarpa framsögu um fjárlögin. Ég veit ekki, hvort þetta er svona

annars staðar. En hvað sem því líður, þá er það víst, að hér er þetta ekki að ófyrirsynju gert. Fjármálaafgreiðslan snertir hvert mannsbarn á landinu, og ekki nóg með það, fjárlögin eru einn þáttur þjóðarbúskaparins og verða að samrýmast öðrum þáttum hans. Eins og ég hef bent á nú við þessar umræður og margoft áður, eru sumir þeirra þátta engu þýðingarminni og sumir hinna þýðingarmestu í rauninni í höndum annarra en ríkisvaldsins. Enn fremur er það þýðingarmikið, að Alþingi og ríkisstj. geti byggt sínar ákvarðanir í efnahagsmálum á heilbrigðu almenningsáliti um þessi efni og ríkum skilningi á því, hvað hyggilegt og fært sé að gera. Framsögu mína um fjárlögin hef ég reynt að miða við þetta. Og hafi tekizt að gera þessi efni ljósari en áður, er tilganginum náð. Og það er vitaskuld þetta, sem fyrir löggjafanum hefur vakað, þegar lögskipað var að útvarpa framsögu um fjárlögin. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 4. fundi í Sþ., 17. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (EmJ): Það hefur orðið samkomulag um að fresta hinum svokölluðu eldhúsumræðum þangað til eftir þinghlé það, sem væntanlega verður ákveðið nú fyrir jólin. Verður því leitað afbrigða frá þingsköpum um þessa frestun eldhúsumræðnanna svokölluðu.

ATKVGR.

Afbrigði um að fresta útvarpsumr. leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þegar þessari 1. umr. fjárl. var frestað á sínum tíma, var fjárlfrv. jafnframt vísað til fjvn., og hefur hún haft það í athugun. Á þessu stigi málsins, þ. e. a. s. við þetta frh. 1. umr., óskar n. ekki eftir að gera neinar aths. við frv., en hefur, eins og þm. er kunnugt um, lagt fram till. sínar, sem vænta má að teknar verði fyrir og ræddar við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv..

Á 19. fundi í Sþ., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 147 og 150, 145, 165).

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fjárlfrv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., var útbýtt í þingbyrjun, eins og venja er til, og hinn 17. okt. var því, um leið og 1. umr. var frestað, vísað til fjvn., og hefur hún síðan unnið að athugun á frv. og brtt. við það.

Nefndin hefur, eins og frá greinir í nál. meiri hl., haldið rúmlega 40 fundi, og n. höfðu borizt, um það bil sem nál. meiri hl. var samið, um 350 skrifleg erindi. Þau erindi eru nú orðin allmiklu fleiri, og verða þau athuguð, sem þegar eru komin, og máske einhver fleiri fyrir 3. umr. málsins. Þá hafa komið í heimsókn til fjvn. ýmsir aðilar til þess að skýra málefni sitt eða þeirra stofnana, sem þeir voru fulltrúar fyrir í sambandi við afgreiðslu fjárl. Alls hafa í slíka heimsókn komið 46 menn til n. auk alþm., sem meira og minna hafa heimsótt nefndina.

Ákvarðanir um einstaka þætti í afgreiðslu frv. hófust ekki fyrr en laugardaginn 7. des. og þá fyrst um það, hverjar heildarupphæðir þær skyldu verða, sem viðkomandi embættismenn, sem hafa með að gera nýbyggingu vega, brúargerðir og hafnarmannvirki, skyldu beðnir að gera till. um skiptingu á í fjárlfrv.

Atkvgr. um brtt. við fjárlfrv. sjálft hófust ekki fyrr en mánudaginn 9. þ. m., og hefur n. því notað skemmri tíma til afgreiðslu mála af sinni hendi en jafnan áður.

Minni hl. n. finnur mjög að þessu í sínu áliti, og skal ég taka undir það, að æskilegt hefði verið að hafa hér rýmri tíma til stefnu. En hinu, sem minni hl. heldur fram, að hér sé um óþinglegar aðfarir að ræða, verð ég að mótmæla, því að hvergi er í þessum vinnubrögðum vikið frá þeim reglum, sem tíðkazt hafa um meðferð mála, heldur aðeins styttir nokkuð frestir þeir, sem viðkomandi embættismönnum voru settir til þess að ganga frá drögum sínum að skiptingu fjár til einstakra mannvirkja, og frestur þm. til að skila listum yfir óskir um framlög til framkvæmda í sínum héruðum. En þingsköp mæla í engu fyrir um þessi atriði. Það er því eingöngu um styttingu fresta, sem hér hefur verið farið að nokkru hraðar en tíðkazt hefur jafnan áður við afgreiðslu fjárl. En hinu verð ég að mótmæla, að þar sé um að ræða, að öðruvísi hafi verið farið að í einu eða neinu en tíðkazt hefur, svo langt sem ég til þekki um vinnubrögð hjá Alþingi við meðferð fjárlfrv.

Í n. hefur orðið takmörkuð samstaða, þannig að n. stendur öll að þeim brtt., sem fluttar eru á þskj. 145, með þeim fyrirvara, sem sjálfstæðismenn í n. hafa gert og birtur er m. a. í nál. meiri hl., en hann er á þessa leið:

„Fulltrúar Sjálfstfl. óska tekið fram, að hækkun á framlögum til verklegra framkvæmda sé í meginatriðum í samræmi við þeirra afstöðu. En varðandi sumar till. n. telja þeir sig hafa óbundnar hendur" — enda eru þær till., sem fluttar eru á þskj. 145, samþ. af meiri hl. í n., frá því að vera samþ. með 5 atkv. og upp í það að vera samþ. með atkv. allra viðstaddra nm.

Það skal tekið fram enn fremur, að í þeim till., sem hér koma fram, er ekki nema hluti þess. sem fyrirsjáanlegt er að gera verður brtt. um við frv. Frestað er til 3. umr. af n. hálfu að gera till. um breytingar á tekjuhlið frv. Einnig er frestað að gera brtt. um ýmsa útgjaldaliði, sem fyrirsjáanlega verður þó að gera brtt. við, og er þar fyrst að nefna framlög til skólabygginga. Þeim er frestað til 3. umr., og hefur n. þau mál enn til athugunar og hefur fengið allmikið af gögnum frá bæði fræðslumálaskrif-

stofunni og skrifstofu þeirri, sem hefur með að gera fjármálaeftirlit skólanna og hefur ekki fullunnið sínar till. enn. Einnig er fyrirsjáanlegt, að einhverjar breyt. verður að gera á 18. gr. fjárl., þeirri sem fjallar um eftirlaun ríkisstarfsmanna o. fl., bæði til hækkunar og lækkunar, en samkvæmt venju bíða allar breytingar við þá grein 3. umr.

Þá má gera ráð fyrir, að brtt. verði gerðar við liði 20. gr. fjárl., svo að nokkuð sé nefnt, en á 20. gr. er um að ræða þær framkvæmdir, sem ríkið leggur sjálft til fé í og eru í eign ríkisins.

Enn fremur skal tekið fram, að meiri hl. n. vinnur að því að gera till. til sparnaðar á útgjaldaliðum og hefur sent ýmsum aðilum beiðni um upplýsingar varðandi þær till., sem enn eru ekki svo undirbyggðar, að þær gætu komið fram við þessa umr. málsins, en eru væntanlegar við 3. umr. Auk þess, sem hér hefur verið nefnt og flokkað niður á greinar, má gera ráð fyrir því, að um till. verði að ræða til breytinga á ýmsum greinum og framkvæmdaliðum.

Þær till., sem hér liggja fyrir frá n., gefa því mjög takmarkaða mynd af því, hvernig fjárlög ársins 1958 verða endanlega, þar eð svo mörg og mikilvæg atriði bíða 3. umr. En meiri hl. vill taka það fram, að við það er miðað og að því stefnt, að endanlega geri meiri hl. till. um, að fjárl. verði afgr. án greiðsluhalla.

Varðandi einstakar till., sem fyrir liggja á þskj. 145, vil ég fara nokkrum orðum til skýringar.

Brtt., sem þar liggur frammi við 11. gr. frv., er þess efnis, að lagt er til, að liðurinn „annar kostnaður“ hjá tollgæzlunni í Reykjavík verði hækkaður um 84 þús. kr. Þessi hækkunartill. stafar af því, að í gildi er reglugerð um það, að tollgæzlumenn þeir, sem vinna á næturvöktum, skuli fá nokkra greiðsluuppbót á kaup sitt vegna næturvinnunnar, þeir skuli fá greitt svokallað næturvinnuálag. Þetta er tiltölulega nýtilkominn liður, eftir reglugerð, sem gefin var út fyrir um það bil tveim árum, og hefur verið áætlaður í fjárl. áður. En reynslan sýnir, að á þessum lið hlýtur kostnaður að fara fram úr áætlun, og hefur n. því viljað ætla fyrir þeirri hækkun á fjárl. og gerir till. um það, að liðurinn „annar kostnaður“ hjá tollgæzlunni í Reykjavík hækki úr 1 millj. 160 þús. kr. í 1 millj. 244 þús. kr.

Varðandi brtt. við 12. gr. er fyrst till. um að hækka launalið Hjúkrunarkvennaskóla Íslands um 56547 kr. samtals, bæði grunnlaun og verðlagsuppbót. Sú brtt. er þannig til komin, að skóli þessi hefur lítið fastráðið starfslið og of lítið til þess, að hann geti með því einu saman sinnt þeim óhjákvæmilegu verkum, sem til falla í stofnuninni, og hefur stofnunin þess vegna keypt til aukafólk, en jafnan sótt um það, bæði á s. l. ári og aftur nú, að fá að fjölga fastráðnu starfsfólki, og er hér gengið að nokkru móts við þá ósk þessarar stofnunar, hjúkrunarkvennaskólans. Hann hefur að vísu óskað eftir að fá að fastráða fjóra nýja starfsmenn, en hér er aðeins um það að ræða, að hann fái að ráða til viðbótar í sitt fasta starfslið eina hjúkrunarkonu í 10. fl. launalaga.

Enn fremur er hér við 12. gr. brtt. smávægileg um 800 kr. hækkun á framlagi til norrænnar lyfjaskrárnefndar, og er það nánast leiðrétting. Í frv. var gert ráð fyrir, að til þessa yrði varið 5 þús. kr., en áætlun ársins 1958, sem nú liggur fyrir, sýnir, að til þess muni þurfi 5800 kr.

Á 13. gr. fjárl. er fjallað um samgöngumál, vegamál, brúargerðir, hafnargerðir og lendingarbætur og flugmál, rekstur flugmála o. fl. Það eru jafnan hvað fyrirferðarmestar till. fjvn. um atriði 13. gr. fjárl., því að í frv. er jafnan lögð fram ein upphæð fyrir hvern þessara liða, akvegagerðina, brýrnar, hafnirnar, en fjvn. tekur upp till., sem skipta þessu á einstakar framkvæmdir.

Varðandi gerð nýrra akvega gerir frv. ráð fyrir, að til þeirra verði varið 12 millj. kr. N. ákvað að gera till. um að hækka þessa upphæð um 3 millj. 980 þús., þannig að í heildinni verði skipt á milli einstakra framkvæmda í vegum 15 millj. 980 þús. kr., og er það sama upphæð og fjárl. yfirstandandi árs heimila.

Skipting þessa fjár fer fram með þeim hætti, að eftir að fyrir liggja till. vegamálastjórans um það, hvernig skipta skuli fénu í fyrsta lagi á milli einstakra sýslna í landinu og í öðru lagi á milli framkvæmda innan hverrar sýslu, hefur viðkomandi alþm. verið gefinn kostur á því að gera sínar aths. við skiptingu til einstakra vega, og eiga þeir því mestan hlut að því, hver upphæð kemur til framkvæmda hjá hverjum einstökum vegi í hans héraði, innan þess ramma, sem n. hafði gert till. um eða gert ráð fyrir að kæmi til skiptanna í hverju einstöku héraði fyrir sig.

Það er á allra vitorði, að svo hagar til á okkar landi, að við erum fámenn þjóð, sem búum í mjög stóru landi, og vegakerfi það, sem við þurfum að leggja og annast viðhald á, er meira á hvern íbúa landsins en þekkt er í nokkru öðru landi heims. Þar af leiðandi verður það ærið takmarkað fé, miðað við þarfir, sem hverju sinni er hægt að leggja af árlegum tekjum þjóðarinnar til nýbyggingar þjóðvega og til viðhalds þjóðvegum, enda verður þess jafnan vart við afgreiðslu hverra fjárl., að ýmsum þykir þar þrengri stakkur skorinn en hæfilegt sé. En það hefur að þessu sinni orðið algert samkomulag í fjvn. um það, hver heildarfjárhæð til veganna skyldi verða í till. n., og er því í rauninni hér um meira samkomulag að ræða en oft hefur verið áður. Um skiptingu í fyrsta lagi á milli sýslna og í öðru lagi á milli einstakra framkvæmda innan hverrar sýslu eru vafalaust fyrir hendi deildar meiningar nú eins og jafnan fyrr.

Varðandi framlög til brúargerða hefur fjvn. lagt til,, að þar yrði einnig hækkað verulega framlagið frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og haldið þar sömu fjárupphæð og er á núgildandi fjárl., og var einnig samkomulag um það í fjvn. allri, meðal allra nm. þar. Skipting fjárins á einstakar brýr kann hins vegar að valda einhverjum ágreiningi. En það er vert að greina frá því sérstaklega, að nú hefur verið svo að farið, að sumar af þeim brúm, sem gert er ráð fyrir að leggja fé til skv. brtt. fjvn., eru þegar fullgerðar, og fjárframlag til þeirra er vegna

þess, að kostnaður við þær hefur farið fram úr áætlun, og eru 760 þús. kr. af því fé, sem ætlað er til brúargerða skv. till., ætlaðar til þess að greiða upp umframkostnað á brúnum, í fyrsta lagi á Norðurá hjá Glitstöðum 100 þús. kr., á Bakkaá í Hörðudal 100 þús. kr., á Norðurá í Skagafirði 230 þús. kr., á Hrolleifsá á Siglufjarðarleið 100 þús. kr. og á Húsá í Mýrdal 230 þús. kr. Þetta fé dregst því raunverulega frá því fé, sem á komandi ári verður varið til framkvæmda um brúargerðir.

Þá vil ég einnig vekja athygli á 35. liðnum í brúargerðartillögum nefndarinnar. Liðurinn heitir virkjanabrýr í Vestur-Ísafjarðarsýslu og í Suður-Múlasýslu, 320 þús. kr. Ég vil gefa þær skýringar á þessum lið, að hér er um að ræða brýr, sem gerðar hafa verið í sambandi við raforkuvirkjanirnar í Mjólkám í Arnarfirði og á Austurlandi í Grímsá. En svo er málum háttað, að rafmagnsveitur ríkisins hafa til bráðabirgða lagt fram mestan hluta af því fé, sem í þessar brúargerðir var varið, og segir í skýringum vegamálastjórans til fjvn. um þetta efni:

„Á árunum 1955 og 1956 voru byggðar þrjár brýr í Arnarfirði á Vestfjarðavegi, til þess að unnt yrði að hefja virkjunarframkvæmdir við Mjólká. Kostnaður við þessar brýr varð kr. 824 327.30. Þar sem engar fjárveitingar voru fyrir hendi, buðust rafmagnsveitur ríkisins til þess að leggja fram kostnaðinn í bili. Árið 1956 var að beiðni rafmagnsveitna ríkisins endurbyggð brúin á Gilsá í Skriðdal, þar sem gamla brúin á Gilsá var of veikbyggð fyrir flutning véla að Grímsárvirkjun. Varð kostnaður brúargerðarinnar kr. 705 638.92. Einnig var að beiðni rafmagnsveitna ríkisins endurbyggður vegur um Ketilsstaðatún og einnig lagður vegarspotti að Grímsárvirkjun. Kostnaður við þessa vegargerð nam alls kr. 118 004.40. Buðust rafmagnsveitur ríkisins einnig til þess að leggja fram fé þetta, þar sem engar fjárveitingar voru fyrir hendi. Alls nemur þessi brúa- og vegagerðarkostnaður vegna virkjananna því kr. 1648 070.62."

Það er skemmst frá að segja, að um þetta fé hefur myndazt nokkur togstreita á milli rafmagnsveitna ríkisins annars vegar og vegamálaskrifstofunnar hins vegar, og hefur staðið í þófi um það, hvor aðilinn ætti að greiða þetta. Af þessari fjárupphæð hafa rafmagnsveiturnar í bili greitt kr. 1210 000.00, en hitt stendur eftir í rauninni sem skuld við kassa hjá vegagerð ríkisins.

Vegamálastjóri hefur mjög leitað eftir því, að úr yrði skorið, á hvern þessi kostnaður ætti að falla endanlega, til þess að hægt væri að gera hann upp með eðlilegum hætti og afgreiða hann svo sem annan kostnað vegna vega- eða raforkuframkvæmda.

Um slík atriði sem þessi er til nokkurt fordæmi, og þykir sýnt, að vegagerðin, sem hér um ræðir, eigi að koma beinlínis á kostnað vegagerðar ríkisins, en brúarframkvæmdirnar eru þess eðlis, að þar hefðu ekki verið byggðar brýr svo snemma sem raun varð á, ef ekki hefði verið vegna virkjananna.

Þegar Sogið var virkjað á sínum tíma, var byggð á það brú, sem síðar varð samkomulag um að kostnaður af skyldi skiptast að hálfu á milli vegamálaskrifstofunnar og rafmagnsveitnanna, með því að sýnt þótti, að þótt brúin væri á þjóðvegi, þá mundi hún ekki verða byggð í nálægri framtíð, nema vegna þess að til virkjunarinnar kom. Á hinn bóginn er annað fordæmi norðan frá Laxá í Þingeyjarsýslu, þar sem endurbyggðar voru brýr á þeirri á vegna Laxárvirkjunarframkvæmdanna. En þar var alveg að því komið, hvort sem var, að brýrnar þyrfti að endurbyggja, og var þess vegna á sínum tíma samkomulag um það, að sú brúargerð skyldi borgast að ¾ hlutum af fé til brúargerðar og að ¼ hluta af fé til raforkuvirkjunar. Nú hefur vegamálastjóri lagt til, að á sama hátt verði hér að farið. Það verði litið svo á, að brúargerðir á Vesturlandsveginum, þær sem byggðar voru í sambandi við Mjólkárvirkjunina, hafi verið óhjákvæmilegar á næstunni og verði þess vegna greiddar af fé til brúargerða að ¾ hlutum. En hins vegar lítur vegamálastjóri svo á, að nokkuð mundi enn hafa dregizt um endurbyggingu brúarinnar á Gilsá, þeirrar sem gerð var vegna virkjunarinnar í Grímsá, og þar af leiðandi er það hans till., að þeim kostnaði verði skipt að hálfu á milli brúargerðanna og virkjananna.

Fjvn. hefur, að svo miklu leyti sem þetta kemur til hennar kasta, viljað líta svo á, að hér væri um nokkuð eðlilega skiptingu að ræða. En með því að líta svo á, að þannig beri að afgreiða málið, reynist skuld vegna brúargerða hjá þessum virkjunum vera samtals 971 064.94 kr., en í till. fjvn. er gert ráð fyrir að veita fé í þessar brúargerðir, þannig að þær verði greiddar á 3 árum eða því sem næst, og hefur þess vegna verið gerð till. um það, að 320 þús. kr. verði á næsta ári veittar til þessara brúargerða, og kemur það fram í 35. tillögulið n. um brúargerðir.

Smábrýr teljast þær brýr, sem eru skemmri en 10 m að lengd, og eru þær ekki sundurliðaðar á frv., enda talið, að vegagerðin verði að hafa nokkuð óbundnar hendur um það, hvar ráðizt er í slíkar framkvæmdir, og fara þar frekar eftir því, hvar þörfin reynist vera mest til smábrúargerðar, heldur en eftir fyrirframgerðri áætlun.

Alls er því gert ráð fyrir að fjárveiting til brúargerða, þeirra sem taldar eru upp undir þeim lið í fjárlagafrv., verði 9 millj. 840 þús., eða sama tala og á gildandi fjárlögum.

Endurbygging gamalla stórbrúa hefur verið á fjárl. að undanförnu með sérstaka fjárveitingu og er á gildandi fjárl. með 1½ millj. kr. fjárveitingu. N. hefur gert brtt. við þennan lið, þannig að hann verði áfram 1½ millj. kr., en liðurinn verði framvegis ekki bundinn við að endurbyggja stórbrýr. Nú þegar er lokið eða að ljúka verulegu átaki í endurbyggingu stórbrúa, þar sem eru brúin á Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljótsbrúin, en að kallar fjöldi brúa, sem ekki geta talizt stórbrýr, og eru þar helztar gamlar járnbitabrýr, sem flestir, sem ferðast um þjóðvegi landsins, hafa veitt athygli að eru þegar orðnar mikill farartálmi á þjóðvegum landsins, miðað við það, sem farartæki nútímans heimta. Það er þess vegna gert ráð fyrir því í till. fjvn., að liðurinn heiti bara: til

endurbyggingar gamalla brúa — og ekki verði bundið við það, að um stórbrýr sé að ræða, sem endurbyggðar verða af þessu fé.

Þá hefur n. gert till. um skiptingu þess fjár, sem veitt er til ræktunarvega, en sú skipting er algerlega óbreytt frá því, sem var á fjárl. yfirstandandi árs.

N. hefur einnig gert till. um það, að 200 þús. kr., sem verið hafa á fjárl. undanfarinna ára til vegagerðar vegna nýbýlamyndunar í landinu, verði teknar upp í frv. enn.

Á þessari samgöngumálagrein frv. eru einnig fjárveitingar til ferðaskrifstofu ríkisins, og einn liðurinn í því er svolítil ferðaskrifstofa eða upplýsingaskrifstofa fyrir ferðamenn, sem rekin er á Akureyri og hefur til þessa haft 20 þús. kr. framlag. Það er gerð till. um, að það framlag hækki í 30 þús. kr., enda að athuguðu máli talin þörf á þeirri skrifstofu og hún svo mörgum landsmönnum til fyrirgreiðslu, að ekki sé hægt að láta hjá líða að tryggja það, að hún haldi áfram störfum.

Er þá komið að till. n. um hafnargerðir og lendingarbætur. N. leggur til, að sá liður verði, um það er lýkur, með svipaða eða sömu heildarútkomu og er nú í gildandi fjárl. Hins vegar má segja, að þar sé mikill vandi á höndum um till. um skiptingu á því fé, enda fara skuldir ríkissjóðs skv. hafnarlögum vaxandi við hafnargerðir landsins ár frá ári og hafa gert nú að undanförnu. Það er yfirleitt unnið við hafnargerðir hér á landi núna árlega fyrir um eða yfir 30 millj. kr. Ríkið er á þessum lið greiðsluskylt fyrir ⅔ hlutum kostnaðar í flestum tilfellum, en í sumum tilfellum er það þó skylt til þess að greiða kostnað að hálfu. 10 millj. kr. fjárveiting eða 10½ millj., eins og nú er gert ráð fyrir í frv. skv. till., hrekkur þess vegna ekki fyrir árlegum hlut ríkissjóðs í þetta, og dregur því í sundur með framlögum ríkisins og framkvæmdunum, og er viðbúið, að svo geti ekki staðið um langa framtíð, enda er það svo, að við sumar hafnarframkvæmdirnar hefur myndazt svo há greiðsluskylda af hálfu ríkisins, að í þeim till., sem hér liggja fyrir, er ekki gert ráð fyrir, að greitt verði nema lítið brot af því framlagi, sem ríkið er raunverulega skylt að leggja fram, þótt ekki séu ríkinu sett tímatakmörk um það. Þess eru dæmi, að með því framlagi, sem gert er ráð fyrir hér í till., og miðað við greiðsluskyldu ríkisins skv. hafnarlögum mundi það taka um 15 ár fyrir ríkið að borga upp þær skuldir, sem myndazt hafa hjá ríkinu við viðkomandi hafnargerðir, miðað við það, að borgaðar væru þær skuldir, sem fyrir eru í lok þessa árs, og ríkissjóðshlutinn af þeim framkvæmdum, sem áætlaðar eru á næsta ári. Á öðrum stöðum er þessu ekki svona varið, heldur er ríkið um það bil skuldlaust við ýmsar aðrar hafnir. En hér er sem sagt um verulegan mismun að ræða, og heildarafstaða til þess máls má kannske segja að sé nokkuð á reiki, en vitamálastjórnin gerir hins vegar till. og undirbyggir þær og rökstyður fyrir fjvn., og þær till. eru undirstaðan í þeim till., sem hér liggja fyrir.

Skal þá vikið aðeins að till. varðandi breytingar á 14. gr. fjárlagafrv.

Þar er fyrst till. um, að læknadeild háskólans fái heimild til þess að leita til nokkurra sérmenntaðra lækna um kennslu, þó að ekki séu þeir sérfræðingar prófessorar við háskólann, heldur er ætlunin, að þeir framkvæmi tímakennslu, hver í sinni sérgrein. Er ráðgert, að þetta muni auka útgjaldalið háskólans um 70 þús. kr., og er gerð till. um, að ráð verði fyrir því gert í fjárl.

Þá er gert ráð fyrir, að framlagið til bændaskólans á Hvanneyri — eða nánar tiltekið til framhaldsdeildar bændaskólans á Hvanneyri — verði hækkað um 15 þús. kr.

Þá er till. um, að niður verði felld 10 þús. kr. sérstök fjárveiting til útgáfu námsbóka fyrir gagnfræðaskóla. Ríkisútgáfu námsbóka hefur nú verið fengið það verkefni að gefa út þessar námsbækur, sem hér um ræðir, og þykir því ekki ástæða að ætla fyrir þeim í sérstökum fjárlagalið, þar sem ríkisútgáfa námsbóka er aðili á fjárlögum.

Íþróttasjóður hefur mikla bagga á baki sér og er einn þeirra sjóða, sem hafa ekki nægar tekjur til að standa undir þeim greiðslum, sem raunverulega falla á hann árlega, en hann var á yfirstandandi ári með 1.6 millj. kr. fjárframlag úr ríkissjóði. Fjárlagafrv. gerði ráð fyrir 1.3 millj. til hans. Fjvn. gerir till. um, að hann fái sömu greiðslu úr ríkissjóði og í fyrra, 1.6 millj.

Fyrir nokkru var byggð mjög myndarleg sundlaug á Akureyri. Þegar það verk hófst, varð samkomulag um það, að ríkið greiddi vissan hluta af stofnkostnaði sundlaugarinnar skv. áætlun um kostnaðinn vegna menntaskólans á Akureyri, sem er ríkisskóli, og ríkið leit á sundlaugina sem hluta af skólanum að því leyti, að nemendum þar yrði tryggð aðstaða til hluta af því námi, sem í skólanum átti að fara fram. Framkvæmdum við sundlaugina er lokið fyrir nokkru. Verkið fór fram úr áætlun, varð dýrara en áætlað var, og að undanförnu hefur verið nokkur deila um það, hvort ríkissjóði bæri skylda til þess að borga einnig sinn hluta í umframkostnaði sundlaugarinnar, eins og ríkið hafði áður tekið að sér að greiða hluta af áætluðum kostnaði. Sá umframkostnaður, sem á ríkið félli, ef litið yrði svo á, að ríkið hefði greiðsluskyldu vegna hans í sama hlutfalli og vegna áætlaða kostnaðarins, mundi verða um 100 þús. kr. Hér er gerð till. um, að mál þetta verði afgr. með 100 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði, þannig að á árinu 1958 verði greitt til þess arna 50 þús. kr. sem fyrri greiðsla af umframkostnaði og síðari greiðslan fari þá fram á árinu 1959.

Íþróttasamband Íslands er eitt af fjölmennustu félagssamtökum ungs fólks á Íslandi, og hefur styrkur til þess úr ríkissjóði staðið óbreyttur um mörg ár. Er nú lagt til, að hann verði hækkaður um 25 þús. kr., úr 75 þús. kr. í 100 þús. kr.

Á síðustu fjárl. var 40 þús. kr. styrkveiting til Frjálsíþróttasambands Íslands, sem er deild innan Íþróttasambands Íslands, til þess að taka þátt í Evrópumeistaramóti í frjálsum íþróttum. Var þá gert ráð fyrir því, að þar væri um að ræða fyrri greiðslu af tveimur, og í samræmi við það hefur n. gert hér till. um, að 40 þús.

kr. fjárveiting verði upp tekin sem síðari greiðsla til þessa frjálsíþróttasambands til þess að taka þátt í umræddu Evrópumeistaramóti, sem fram á að fara á komandi sumri í Svíþjóð. En svo sem öllum er kunnugt, hefur landi og þjóð verið mikill sómi að frammistöðu okkar íþróttamanna úti í umheiminum nú að undanförnu, og leit n. svo á, að það væri ekki verri landkynning en hvað annað að leggja nokkurt fé af mörkum, til þess að okkar íþróttamenn gætu verið með í þessu Evrópumeistaramóti.

Við 15. gr. fjárl. hefur n. gert nokkrar brtt., en þar er ekki um neinar stórvægilegar breytingar að ræða.

Það er lagt til, að heimiluð verði 20 þús. kr. fjárveiting, til þess að tryggt megi verða, að áfram verði haldið þýðingu á Kalevalaljóðunum finnsku, sem Karl Ísfeld blaðamaður hefur haft með höndum og fyrra bindi kom út af á yfirstandandi ári.

Lagt er til, að viðurkenningarstyrkur, sem William Craigie hefur haft á fjárl. undanfarin ár, 20 þús. kr., falli niður, enda er Craigie nú látinn.

Samband ísl. esperantista vinnur að útgáfu orðabókar til hagræðis fyrir þá Íslendinga, sem nota vilja alþjóðamálið esperantó, og hefur beðið um nokkurn stuðning af ríkisins hálfu til útgáfu þeirrar orðabókar. Hefur n. lagt til, að komið yrði svolítið til móts við óskir þessa sambands með því, að veittur verði 10 þús. kr. styrkur til nefndrar útgáfu.

Til er í okkar landi félag eitt, sem ekki er mjög fjölmennt og ekki hefur látið mjög mikið á sér bera að undanförnu, Íslenzka stærðfræðifélagið. Í því eru um 20 íslenzkir stærðfræðingar, mest eru það kennarar hér við menntaskólana og háskólann. Þeir eru þátttakendur í norrænu samstarfi og tímaritaútgáfu um stærðfræðileg efni og hafa farið fram á, að félagi þeirra verði sýndur nokkur sómi og fjárhagsstuðningur, einkum til þess að þeir geti staðið undir sínum skuldbindingum varðandi útgáfustarfsemi á norrænum stærðfræðitímaritum tveimur, sem þeir eru þátttakendur að. Hefur n. lagt til, að þessu félagi verði veittur 10 þús. kr. styrkur, en frv. gerði ráð fyrir 2500 kr. styrk þeim til handa.

Ingimar Óskarsson er mikill fræðimaður um íslenzkt plöntulíf og hefur lagt mikla vinnu við rannsóknir og athuganir á íslenzku Flórunni og hefur gefið út rit um þau efni, sem hlotið hefur mikla viðurkenningu fræðimanna. Lagt er til, að Ingimar Óskarssyni verði veittur 8 þús. kr. styrkur til þessara rannsókna.

Varðandi lúðrasveitir og leikfélög gerir fjvn. þá brtt., að félögunum verði í öllum tilfellum gert að skila árlegri starfsskýrslu til menntmrn. og sanna þar með, að þau séu í lifandi starfi. En það vill við brenna, að slík félög leggi niður störf, deyi, og til tryggingar því, að ekki verði samt tekinn ríkisstyrkur til handa félögunum, þó að þau starfi ekki, hefur n. þótt vert að setja þetta ákvæði inn sem formála fyrir fjárveitingunni og sem skilyrði fyrir henni.

Af nýjum aðilum á þessum liðum leggur n. til, að tekin verði upp í frv. þrjú ný leikfélög, leikfélögin í Ólafsvík, Eskifirði og á Selfossi, og tvær nýjar lúðrasveitir, önnur á Ólafsfirði, hin á Selfossi, með sömu fjárveitingar og félög yfirleitt hafa, sem að svipuðum málefnum starfa, en það er 8 þús. kr. til leikfélaganna hvers um sig, en 10 þús. kr. til lúðrasveitanna hverrar um sig.

Árni Bjarnason fræðimaður á Akureyri ráðgerir að safna æviskrám Vestur-Íslendinga, gefa þær síðar meir út. Hann ásamt fleiri mönnum hefur í hyggju að ferðast gagngert þessara erinda vestur um haf á næstunni til þess að vinna að þessu, svo að fróðleikur um þessa Vestur-Íslendinga megi varðveitast, eftir því sem föng eru á, í okkar sögum og í okkar bókmenntum. Er lagt til, að til þessa verks verði veitt 30 þús. kr. á næsta ári.

Þorfinnur Kristjánsson prentari í Kaupmannahöfn mun vera mörgum Íslendingum, sem þar í borg hafa dvalið, kunnur. Hann hefur um langt skeið gefið út rit á íslenzku, eins konar fréttablað fyrir Íslendinga, og hefur haft til þess 3500 kr. styrk á fjárl. En sá styrkur er bundinn við þetta blað hans, sem hét „Heima og erlendis“. Nú er Þorfinnur hættur að gefa út þetta blað, en tekinn að gefa út annað, sem að vísu er gefið út á dönsku, en eru fréttir frá Íslandi og er nú ekki síður við það miðað, að Danir geti fylgzt með því, þeir sem áhuga hafa á Íslandsmálum, hvað á Íslandi gerist. Er lagt til, að umorðaður verði liðurinn um þetta, þannig að þar verði ákveðið, að styrkur þessi verði veittur Þorfinni Kristjánssyni til útgáfustarfsemi, en ekki, að styrkurinn verði bundinn við nafn á ákveðnu blaði, einnig að styrkurinn verði hækkaður úr 3500 kr. í 5 þús. kr.

Varðandi 16. gr. fjárl. gerir n. nokkrar till. Er þar fyrst, að komið er að því, að víðs vegar um landið valda bæði vötn og sjávarágangur tjóni, ýmist á ræktuðu landi eða landi þannig, að mannvirkjum stafar hætta af, og hefur á undanförnum árum verið veitt fé í þessu skyni til varnar. Umsjón með þessum verkum hefur ýmist vegamálastjórnin eða vitamálastjórnin. Ef um sjávarágang er að ræða, er það í flestum tilfellum vitamálastjórnin, sem stjórnar fyrirhleðslum eða sjóvarnargarðagerð, en vegamálaskrifstofan, þegar um er að ræða ágang vatna. Þó getur út af þessu brugðið, og hefur vegamálaskrifstofan nú framkvæmd þessara mála sums staðar, þó að um sjávarágang sé að ræða, ef svo hagar til, að það eru vegir, sem í hættu eru eða niður hafa brotnað. Þessir liðir hafa farið hækkandi ár frá ári að undanförnu, og svo er enn varðandi fyrirhleðsluliðina. Gerir fjvn. till. um, að þeir hækki í heildinni talið um 55 þús. kr., þ. e. a. s., að frá frv. lækki liðurinn um fyrirhleðslu í Jökulsá í Lóni úr 150 þús. kr. í 100 þús. kr., hins vegar verði teknir upp tveir nýir liðir í þessum fyrirhleðslum, þ. e. í Hofsá í Vopnafirði 35 þús. kr., en það er þannig til komið, að á s. l. ári var gerð áætlun um fyrirhleðslu þar upp á 70 þús. kr. og veitt í það í fyrra 35 þús. kr., og er þetta þess vegna áframhald og síðari hluti af þeirri fjárveitingu, og í fyrirhleðslu hjá Héraðsdal, þ. e. í Héraðsvötnum í Skagafirði, 40 þús. kr. Þar hafði áður verið hlaðið fyrir. Á s. l. ári

var engin fjárveiting til þess, en var þó unnið fyrir eldri fjárveitingu, sem var geymslufé. Það verk fór eitthvað fram úr áætlun, og þykir þurfa að ætla fyrir því 40 þús. kr. á þessu ári. Með í þessari 55 þús. kr. hækkun, sem ég talaði um, er einnig til sjóvarnargarðs í Búðardal 30 þús. kr. En því hef ég talið það með fyrirhleðslunum, að það verk er undir yfirstjórn vegamálaskrifstofunnar. Og ég get vakið athygli á því, að í grg. meiri hlutans fyrir till. er ekki alveg nákvæmlega skipt í fyrirhleðslur og sjóvarnargarða, vegna þess að sjóvarnargarðurinn í Búðardal er talinn með fyrirhleðslum, þar sem í grg. hefur meiri hl. haldið sig við það að skilgreina sem fyrirhleðslur það, sem vegamálaskrifstofan hefur umsjón með, en sjóvarnargarða það, sem vitamálaskrifstofan sér um.

Um sjóvarnargarða er það að segja, að þar gerir n. till. um 1 millj. kr. hækkun frá frv. Er þar um að ræða fyrirhleðslu á Akranesi, sem þykir mjög aðkallandi og gerð er till. um að veitt verði 100 þús. kr. í, til sjóvarnargarðs í Bessastaðaós á Álftanesi 100 þús. kr., til sjóvarnargarðs í Borgarfirði eystra 25 þús. kr., til sjóvarnargarðs í Borgarnesi 50 þús. kr., til sjóvarnargarðs á Flateyri, sem ekki hefur verið veitt til áður, 200 þús. kr. Vitamálaskrifstofan skýrir svo frá, að þar sé á ferðinni mjög alvarlegt landbrot, sem varð sérstaklega mikið vart við í því hafróti, sem víða gerði um miðjan s. l. vetur, í janúarmánuði aðallega. Það er talin nokkur hætta á því samkvæmt upplýsingum vitamálaskrifstofunnar, að sjór flæði yfir innan við Flateyrina, þannig að Flateyrin gæti orðið eyja, ef ekki væri að gert. Þar er um að ræða verk, sem vitamálaskrifstofan áætlar að kosta muni ekki minna en 1.3 millj. kr., og er þetta sem sagt fyrsta fjárveiting í það, 200 þús. kr., sem nefndin gerir till. um.

Um sjóvarnargarð á Garðskaga, sem áætlað er í 50 þús. kr., og sjóvarnargarð í Grenivík, sem áætlaðar eru í 25 þús. kr., einnig um sjóvarnargarð á Ísafirði með 100 þús. kr. fjárframlagi og sjóvarnargarð í Ólafsvík, 50 þús. kr., þarf ekki að fjölyrða, enda hafa öll þessi mál komið hér fyrir áður.

Sjóvarnargarður á Seltjarnarnesi, sem nú er ætlað í 100 þús. kr., er nýr og er einn af þeim stöðum, sem lét verulega undan í fyrravetur, og er nú ekki vitað, hversu miklar framkvæmdir muni þurfa að framkvæma þar, um það er lýkur, til þess að ekki verði spjöll á landi að verulegu ráði.

Þá er það einnig kunnugt, að Eiðið í Vestmannaeyjum hefur lækkað að undanförnu, og gengur sjór yfir það í aftökum og hafnarmannvirkin í hættu, ef Eiðið ætti að brotna niður. Á s. l. ári voru veittar í það 200 þús. kr., og gerð er hér till. um, að sama framlag verði til sjóvarnargarðs í Eiðinu í Vestmannaeyjum í ár.

Þá er till. um, að sandgræðslan fái 30 þús. kr. styrk til þess að gefa út afmælisrit í tilefni af því, að hún er fimmtíu ára gömul á þessu ári, eins og menn kannast við. Ég get vakið athygli á því, að áður en till. á þskj. 145 voru prentaðar upp, var þarna prentvilla, sem hugsazt gæti að misskilningur gæti af hlotizt. Þar stóð, að það væri skógræktin, sem þessi fjárveiting væri ætluð, en er sem sagt sandgræðslan. Skógræktin er þegar búin að gefa út sitt rit, en hún er einnig fimmtug á þessu ári.

Samkvæmt lögum um dýralækna fjölgar dýralæknum í landinu á næsta ári. Það er gert ráð fyrir því, að fjórir nýir dýralæknar taki til starfa um n. k. áramót, og var ekki annað að gera en áætla fyrir þeim kostnaðarauka, sem af því stafar, og hækka launalið hjá dýralæknum í samræmi við þetta. Alls nemur sú hækkun, sem lögð er til vegna þessa liðs, 188 þús. kr. rúmlega.

Einnig er gerð ein brtt. um launaliðinn hjá sauðfjársjúkdómavörnunum, að hann hækki, vegna þess að rangt hafi verið flokkaður eftir launalögum einn starfsmaður stofnunarinnar, og hækkar framlagið til sauðfjárveikivarnanna því um 13 þús. kr. rúmlega samkvæmt þessari brtt.

Íslendingar eru aðilar að alþjóðahvalveiðiráðinu. Hefur það sent áætlun sína um framlög aðila til ráðsins, og sýnir sú áætlun, að liðurinn verður að hækka, framlag Íslendinga verður að hækka úr 6855 kr., sem áætlaðar voru í fjárlagafrv., í 8300 kr., og er gerð hér till. um, að svo verði gert.

Þá er komið að 17. gr. frv., en við hana hefur nefndin lagt til að gerðar verði tvær breytingar: Að Barnaverndarfélag Akureyrar fái byggingarstyrk til dagheimilisbyggingar, 20 þús. kr. Félagið hafði á síðustu fjárlögum 20 þús. kr. styrk, og nú er lagt til, að það fái jafnháa upphæð í ár sem byggingarstyrk. Og endurreiknað hefur verið tilllag Íslands til Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, og kemur í ljós, að ekki nægja til þess 69 þús. kr., eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, heldur muni til þess þurfa 77661 kr.

Þrjár brtt. gerir nefndin við þessa umr. við 22. gr. frv., heimildagreinina:

Að ríkisstj. sé heimilað í fyrsta lagi að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að einnar millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku. Slík ábyrgð hefur verið í fjárlögum að undanförnu og er í gildandi fjárl.

Enn fremur að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f til smíði nótabáta úr deborine-efni, en í Njarðvík er nú farin af stað skipasmíðastöð eða réttara sagt: það er gömul skipsmíðastöð þar, sem byggt hefur allmarga mótorbáta, en nú er tekin til að byggja báta úr glerkenndu efni, gerviefni, sem nefnist deborine og hefur rutt sér mjög til rúms í Englandi á síðustu árum og margir þeir, sem að sjávarstörfum vinna og til skipasmíða þekkja, telja að eigi fyrir sér mikla framtíð, enda væri sannarlega ekki vanþörf á því, að til sögunnar kæmi eitthvert haldbetra efni en sú eik, sem á undanförnum árum hefur verið notuð til skipasmíða aðallega. En eins og öllum er kunnugt, sem til þeirra mála þekkja, hafa komið fram verulegar skemmdir í bátaeik, þannig að fjölmargir bátar, sem nú eru 10—15 ára gamlir, — mest verður þess nú vart í þeim, — reynast vera með bráðafúaskemmdum eða þurrafúaskemmdum, eins og þær hafa verið nefndar, og hefur það eitt valdið ríkissjóði verulegum útgjöldum, enda hefur hann til þessa tekið að sér að bæta

í mjög mörgum tilfellum tjón manna, sem þurrafúinn hefur herjað á. Þessi skipasmíðastöð, sem hér um ræðir, er þegar að byrja að smíða smærri skip, þ. e. a. s. nótabáta, og einstaka hluta í vélbáta, svo sem stýrishús og yfirbyggingar, og getur þessi skipasmíðastöð ekki notið ríkisábyrgðar eftir þeim gildandi lið, sem nú er í fjárlögum um ríkisábyrgð til skipasmíðastöðva, því að það er bundið því, að ríkið ábyrgist ekki aðrar skipasmíðar en þær, sem eru veðhæfar og eiga aðgang að lánum úr Fiskveiðasjóði Íslands. En svo er ekki um nótabáta og tæplega líklegt, að svo verði litið á, að einstakir hlutar í vélbáta geti fallið undir þau ákvæði.

Þá er gerð till. um það, að ríkisstj. verði heimilað að afhenda Keflavíkurkaupstað til eignar svonefnda Miðbryggju í Keflavík, og enn fremur, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán til viðgerða á þeirri bryggju, allt að 60 þús. kr.

Ríkið eignaðist þessa bryggju á sínum tíma með þeim hætti, að hún var afhent sem greiðsla upp í stóreignaskatt, en svo sem öllum er kunnugt, hefur ríkið komizt yfir ýmislegt góss með þeim hætti á undanförnum árum, sem hefur orðið lítil tekjulind fyrir ríkissjóð, enda hefur ríkið aldrei haft neinar tekjur af þessari umræddu Miðbryggju í Keflavík. Hún er svo að segja eingöngu notuð sem höfn eða sem afgreiðslustöð fyrir trillubáta, og hefur ekki þótt fært að leggja sérstakan skatt eða afgreiðslugjöld á þau skip, þótt þau noti bryggjuna. Hún er hins vegar allmikið skemmd og hefur lítt verið haldið við að undanförnu, og liggur nú fyrir, að ef hún á að geta sinnt þessu hlutverki sínu, að vera afgreiðslustöð fyrir smábáta, sem þeim Keflvíkingum þykir nokkur nauðsyn til bera, muni þurfa að fara fram á henni viðgerð, og er í ráði að leyfa ríkinu að afhenda þessa eign til Keflavíkurkaupstaðar, sem þá framvegis viðhaldi bryggjunni og annist rekstur hennar.

Þá eru upp taldar þær till., sem nefndin að svo stöddu gerir við fjárlagafrv. En ef þær væru allar samþ., mundi það leiða til þess, að útgjöld ríkisins mundu hækka um 12429485 kr.

Nú er það öllum kunnugt, að fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, var með rekstrarafgangi, sem nam sem næst 9.4 millj. kr. Ef till. fjvn. yrðu samþ., mundi það þýða, að enginn rekstrarafgangur yrði hjá ríkissjóði, heldur yrði rekstrarhalli, sem næmi rúmlega 3 millj. kr., og vil ég vekja athygli á því, að í yfirliti um þetta efni á bls. 4 í nál. meiri hlutans á þskj. 147 er ein prentvilla, þar sem segir, að rekstrarhallinn mundi þá nema 30007902 kr. Þar er einu núlli ofaukið í tölunni, á að vera 3007902 kr. Verður það væntanlega leiðrétt í endurprentun.

Á sjóðsyfirliti var frv. með 71 og nærri ½ millj. kr. óhagstæðum greiðslujöfnuði. Að samþykktum till. nefndarinnar mundi óhagstæði greiðslujöfnuðurinn nema 83.8 millj. kr. rúmlega. En þennan halla og þá útgjaldaaukningu, sem meiri hlutinn hyggst enn gera tillögur um, er, eins og áður er fram tekið, ætlunin að rétta bæði með brtt. á tekjuhlið frv. til hækkunar og brtt. til lækkunar á gjaldahliðinni, og er það ætlun meiri hlutans, að um það er lýkur afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1958, verði af meiri hlutans hálfu gerðar till. um það, að fjárlög verði afgr. greiðsluhallalaus.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. meiri hluta fjvn. ber með sér, er á þessu stigi málsins ógerlegt að ræða efnislega um afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1958.

Það er því ekki auðið að fylgja þeim reglum, sem almennt gilda um meðferð mála á Alþingi. Er þar ótvírætt gert ráð fyrir því, að öll meginatriði máls liggi fyrir til athugunar við 2. umr. og sé hvert þingmál þá rætt lið fyrir lið. Hins vegar er enn þá allt á huldu um veigamestu atriði fjárlagaafgreiðslunnar, og hefur því sú staðhæfing minni hluta fjvn. í nál. við full rök að styðjast, að óþinglegt sé að afgreiða fjárlagafrv. frá nefndinni og taka það til 2. umr. Furðar mig á, að formaður nefndarinnar skuli treysta sér til að andmæla svo ótvíræðri staðreynd. Fullyrðum við í minni hl. nefndarinnar og höfum þar við að styðjast eigin reynslu, að undirbúningur fjárlagafrv. til 2. umr. í þetta sinn muni algert einsdæmi. Svo þverbrotnar hafa verið þær starfsreglur og venjur, sem fylgt hefur verið í sambandi við afgreiðslu fjárlaga í fjvn. Mun ég síðar í ræðu minni gera grein fyrir því, hversu óhæfileg þau vinnubrögð hafa verið.

Ræða mín við þessa umr. hlýtur að mótast af því, að enn skortir allar forsendur til þess að ræða efnislega um afgreiðslu fjárlaga og fjármálastefnu ríkisstj. í heild á næsta ári.

Þegar hæstv. núverandi ríkisstj. lagði fram fyrsta fjárlagafrv. sitt haustið 1956, var á það bent af hálfu Sjálfstfl., að þar örlaði í engu á þeirri algeru stefnubreytingu í fjármálum og efnahagsmálum, sem stjórnarflokkarnir höfðu af miklu yfirlæti boðað og hæstv. forsrh. verið stórorðastur um. Hvergi bólaði á þeim niðurskurði kostnaðar við ríkisreksturinn, sem talsmenn Alþfl. og Sósfl. höfðu árum saman talið hina brýnustu nauðsyn.

Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1957 var lagt fram, mun hæstv. ríkisstj. hafa nokkuð fundið til þess, að mönnum mundi þykja lítið fara fyrir hinni nýju fjármálastefnu, og var því borin fram sú afsökun, að þar sem ríkisstj. væri nýtekin við völdum, hefði henni ekki unnizt tími til að marka hina nýju stefnu. Til þess að hafa þó af einhverri nýbreytni að státa fann stjórnin það þjóðráð að lækka framlög til lagningar vega, brúargerða, hafnargerða og skólabygginga um 8.2 millj. kr. Hefur þetta væntanlega átt að vera einn þátturinn í að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem ríkisstj. auglýsti að væri eitt aðalstefnumál sitt.

Fyrstu fjárlög vinstri stjórnarinnar voru ekki afgreidd frá Alþingi fyrr en í lok febrúarmánaðar á þessu ári. Einu sjáanlegu merki hinnar nýju stjórnarstefnu voru seinagangur í afgreiðslu fjárlaga og niðurskurður fjárveitinga til mikilvægra framkvæmda víðs vegar um landið, sem stjórnarliðið á Alþingi treysti sér að vísu ekki að standa að baki stjórninni um vegna eindreginnar andstöðu Sjálfstfl.

Meiri hluti fjvn. reyndi við afgreiðslu fjárlaga á síðasta þingi að hlaupa undir bagga með ríkis-

stj. við að afsaka, hvers vegna ekki væri framfylgt loforði stjórnarflokkanna um að draga úr ofþenslu efnahagslífsins og tryggja jafnvægi í fjármálum þjóðarinnar og öryggi, eins og meiri hluti fjvn. komst að orði í nál. sínu. Segir meiri hluti nefndarinnar um þetta efni:

„Sá maður, sem bjargar sér úr vagni, sem er á hraðri ferð, kemst ekki hjá því — til þess að forða sér frá að missa fótanna — að hlaupa fyrst í sömu átt og vagninn stefnir."

Síðan þessi skáldlega lýsing á stjórnarstefnunni í fjármálum landsins var gefin, eru nú liðnir tæpir 10 mánuðir, og er því næsta fróðlegt að athuga, hvar hið fótfráa stjórnarlið er statt á hlaupabrautinni.

Þótt stjórnarliðinu gangi að vísu illa að halda jafnvæginu á efndabraut kosningaloforða sinna, ætti ekki að vera ósanngjarnt að ætlast til þess, að það hafi hlaupið svo lengi í öfuga átt við stefnumið sín, að hægt sé með réttu að ætlast til, að ríkisstj. og lið hennar snúi inn á þá braut, sem lofað var að fara, án þess að þurfa að eiga á hættu að missa fótanna. Og hvernig er þá ferill hlauparanna?

Fjárlagafrv. fyrir árið 1958 var lagt fyrir Alþingi 10. okt. Þá hafði ríkisstj. setið rúma 14 mánuði að völdum og ekki með nokkrum frambærilegum rökum hægt að halda því fram, að ríkisstj. hefði ekki haft aðstöðu til þess að móta það eftir sinni vild. Og nú hefst metasaga hlauparanna, þegar undan er skilið stóra metið, 300 millj. kr. álögurnar um síðustu áramót. Í stað tugmilljóna greiðsluafgangs á undanförnum árum er nú gert ráð fyrir 71 millj. kr. greiðsluhalla og þó raunar 20 millj. betur, þegar með eru teknar niðurgreiðslur, sem ekki er gert ráð fyrir í frv., en ríkisstj. hefur ákveðið að greiða. Er greiðsluhallinn meira en þrefaldur á við það, sem hann hefur áður mestur verið í fjárlagafrv. Niðurstöðutölur frv. eru 40 millj. kr. hærri en fjárlög þessa árs, en þó raunverulega 60 millj. kr. hærri, ef niðurgreiðslurnar eru meðtaldar. Enn bólar ekki á neinum sparnaði í ríkisrekstrinum, heldur er vegið í sama knérunn og á síðasta þingi, nema hvað stjórnin gerist nú enn stórtækari á því sviði og lækkar framlög til vega, hafna, brúa og skólabygginga um 13.6 millj. kr. En um leiðir til að brúa hið mikla bil milli tekna og gjalda er algert úrræðaleysi. Og nú er afsökunin sú, að ríkisstj. hafi ekki haft tækifæri til þess að ráðgast við stuðningslið sitt á Alþingi um það, hversu mæta ætti þessum vanda. Vandræðalegri afsökun hygg ég enga ríkisstj. áður hafa borið fram. Það var heldur lægra risið á hetjunum en þegar riðið var úr hlaði í fyrrasumar.

Ég get ekki stillt mig um að svara örfáum orðum útúrsnúningi hæstv. fjmrh. í svarræðu hans við 1. umr. fjárlaga. Átaldi ég þá ríkisstj. fyrir vandræðafálm hennar og hélt því fram, að henni hefði verið innan handar að ráðgast við stuðningslið sitt, áður en þing kom saman. Þessi orð mín lagði hæstv. ráðh. svo út, að ég vildi láta fámennan hóp forustuliðs flokkanna hér í Reykjavík taka allar ákvarðanir, en ekki leita álits þingmanna almennt. Um þetta fór ráðh. mörgum orðum og hugðist með því sanna einræðishneigð mína. Þessi útúrsnúningur hæstv. fjmrh. var vægast sagt óráðherralegur, því að ég tók það skýrt fram, að ég teldi, að ríkisstj. hefði verið innan handar að kveðja þingmenn sína saman fyrir þing til skrafs og ráðagerða um svo mikilvægt mál, því að raunverulega væri fjárlagafrv. lítils virði, eins og það væri fram borið. Hins vegar er auðvitað ástæðulaust fyrir okkur sjálfstæðismenn að vera að benda ríkisstj. á leiðir til að halda uppi heiðri sínum, úr því að henni virðist það kappsmál að bera hann fyrir borð og eyðileggja allt álit sitt hjá þjóðinni.

En þá er komið að næsta þætti hlaupaleiks stjórnarliðsins.

Um tveggja mánaða skeið hefur ríkisstj. nú haft góða aðstöðu til samráðs við stuðningslið sitt um úrræði til afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárlaga. E. t. v. væri réttara að segja, að ríkisstj. hefði haft þetta góða tækifæri til þess að spyrja stuðningslið sitt, hvað hún ætti til bragðs að taka, því að sjálf sagðist hæstv. ríkisstj. engin úrræði hafa. Tækifæri til fundarhalda með liði sínu hefur ríkisstj. sannarlega haft nægileg, því að ekki mun Alþ. í mannaminnum hafa verið svo starfslaust og jafnilla undirbúið af ríkisstj. En hvað er svo að segja af samráðum hæstv. fjmrh. og ríkisstj. yfirleitt við þingmannalið stjórnarflokkanna? Þau samráð virðast ekki hafa verið meiri en svo, að fram til síðustu helgar var stjórnarliðið í fjvn. algerlega andvaralaust og hafði engar ráðstafanir gert til þess að undirbúa afgreiðslu á ýmsum veigamestu liðum fjárlaga, þegar yfir það kemur sem þruma úr heiðskíru lofti bein fyrirskipun frá ríkisstj. um að afgreiða fjárlagafrv. til 2. umr. á tveimur dögum. Allt til þess tíma kváðust stjórnarliðar í n. ekkert um það vita, hvort fjárlög yrðu afgreidd fyrir áramót, enda engir tilburðir í þá átt.

Tilvera hæstv. núverandi ríkisstj. byggist á misnotkun laga, þótt hún hafi látið þinglið sitt leggja blessun sína yfir þessi lögbrot. Og henni virðist oft vera í mun að lifa í samræmi við þann grundvöll. Eitt lakasta dæmi þeirra nýju starfshátta, sem nú eru innleiddir hér á Alþingi, er vinnubrögðin við afgreiðslu fjárlagafrv. nú til 2. umr.

Fjárlög eru, eins og áður segir, eitt veigamesta, ef ekki mikilvægasta málið, sem hvert þing hefur til meðferðar. Fjárlög eiga að túlka fjármála- og efnahagsmálastefnu ríkisstj. á hverjum tíma. Hæstv. núverandi fjmrh. hefur að vísu komið því svo fyrir, að vandamál atvinnuveganna vegna verðbólgunnar í landinu hafa verið aðskilin fjármálum ríkisins að verulegu leyti, þótt tekna til að halda útflutningsframleiðslunni gangandi sé aflað með sama hætti og fjár til þeirra þarfa, sem fjárlög ná til. Er þessi aðgreining samt harla ógreinileg. En hvað sem þessu líður, bera þó fjárlög jafnan glögg merki ríkjandi stjórnarstefnu. Af þessum sökum er augljós nauðsyn þess, að fjárlagaafgreiðsla sé sem vönduðust og íhugaðir séu rækilega í nefnd einstakir útgjaldaliðir og þess gætt eftir megni, að því fé, sem hverju sinni er til ráðstöfunar til margvíslegra þarfa, sé varið á sem hagkvæmastan hátt. Þetta hygg ég að allir hljóti að vera sammála um.

Það er háttur fjvn. að kynna sér eftir föngum rekstur ríkisstofnana. Eru forstöðumenn þessara stofnana kvaddir til viðtals við n., og hefur svo einnig verið nú. Fjárveitingar til þessara stofnana eru í svo föstum skorðum, að þar verður litlu um þokað nema með algerri skipulagsbreytingu.

Helztu viðfangsefni n. og það, sem snertir hag flestra landsmanna, er ákvörðun fjárveitinga til svokallaðra verklegra framkvæmda og skipting þess fjár. Nýtur n. í því sambandi ráðuneytis vegamálastjóra, vitamálastjóra, fræðslumálastjóra og fjármálaeftirlitsmanns skóla og enn fremur póst- og símamálastjóra, þótt þær fjárveitingar séu ekki eins margbrotnar. Og hér er ég kominn að öðrum þætti hinna óhæfilegu vinnubragða við undirbúning og meðferð fjárlaga í þetta sinn. Það liggur í augum uppi, að þessir trúnaðarmenn n. þurfa að hafa rúman tíma til þess að undirbúa till. sínar til nefndarinnar um skiptingu fjárveitinga til þeirra framkvæmda, sem undir þá heyra hvern um sig. Það hefur því verið föst venja að ákveða með góðum fyrirvara tillögur n. um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo að þeir gætu undirbúið till. sínar um skiptingu fjárins sem bezt til leiðbeiningar fyrir nefndina.

Nú var beitt þeirri vinnutilhögun, sem við í minni hl. verðum harðlega að átelja: Fyrst s. l. laugardag tók n. sínar fyrstu ákvarðanir um afgreiðslu mála í nefndinni. Voru þá ákveðnar fjárveitingar til verklegra framkvæmda og viðkomandi embættismönnum ætlað að skila till. sínum á mánudag, þ. e. þeir höfðu eins dags fyrirvara. Þingmönnum gafst ekkert tækifæri til að skila tillögum sínum til að koma ábendingum sínum á framfæri við þessa embættismenn né heldur gafst þeim tóm til að ræða við einstaka þingmenn.

Þá var þess krafizt, að þm, skiluðu óskalistum sínum til n., áður en tillögur embættismannanna lágu fyrir, og sjálfum gafst nm. ekkert tóm til að athuga tillögurnar um skiptingu á einstaka framkvæmdaliði, svo að viðunandi væri.

Er vafalaust, sem betur fer, einsdæmi, að svo flausturslega hafi verið unnið að fjárlagafrv. í fjvn., því að raunverulega var málið afgreitt í n. á tveimur dögum, eftir að búið er að sitja við eintóm formsatriði í margar vikur.

Hinn þáttur hinna óhæfilegu vinnubragða varðar tekjuhlið fjárlagafrv. Eins og áður segir, er frv. raunverulega með yfir 90 millj. kr. greiðsluhalla, eins og ríkisstj. lagði það fyrir Alþ., og nú við 2. umr. flytur fjvn. tillögur um 12.4 millj. kr. ný útgjöld. Þetta er gert án þess að benda á nokkur úrræði til þess að brúa hið stóra bil milli tekna og gjalda í frv. Það er að sjálfsögðu hlutverk ríkisstj. að gera tillögur í þessu efni, og það var víst fyrst og fremst um þetta atriði, sem átti að ráðgast við stuðningslið ríkisstjórnarinnar. Hvað eftir annað höfum við í minni hl. innt eftir því í nefndinni, hvernig fyrirhugað væri að brúa þetta bil, en fengið þau svör, að enn lægju ekki fyrir neinar tillögur um það efni. Ég trúi því að vísu ekki, að meiri hl. n. hafi ekki einhverja hugmynd um væntanleg úrræði ríkisstj., en formlega hefur n. enga vitneskju fengið um þetta atriði, sem er frumskilyrði þess, að hægt sé að taka nokkra afstöðu til fjárlagaafgreiðslunnar í heild. Er að sjálfsögðu hin mesta óhæfa að ætla fjvn. að afgreiða fjárlagafrv. til 2. umr., án þess að n. hafi fengið nokkra yfirsýn yfir málið í heild.

Þegar þetta tvennt er athugað, liggur ljóst fyrir, hversu óhæfilega hefur í þetta sinn verið unnið að afgreiðslu fjárlagafrv. í n. og hversu ógerlegt er fyrir minni hl. n. að minnsta kosti að mynda sér nokkra heildarmynd af fjárhagsafkomu ríkissjóðs á næsta ári.

Svo sem tekið er fram í nál. minni hl., munu upptök þessara óhæfilegu vinnubragða vera hjá ríkisstj., sem krafðist fyrirvaralausrar afgreiðslu málsins af stuðningsliði sínu í nefndinni. En meiri hl. n. á þó sína sök fyrir að hafa ekki neitað svo ótilhlýðilegum fyrirmælum.

Hv. frsm. meiri hl. n. hefur gert grein fyrir tillögum n. í heild við þessa umræðu, en þær till. eru fluttar af n. sameiginlega, en þó með þeim fyrirvara af hendi okkar sjálfstæðismanna, að við erum ekki samþykkir ýmsum einstökum liðum tillagnanna. Ríkisstj. hefur aftur neyðzt til að hverfa frá þeirri eftirlætisstefnu sinni og einustu sparnaðarúrræðum að skera stórlega niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Leggur n. til, að þær fjárveitingar verði hækkaðar í sömu upphæðir og eru í fjárl. þessa árs, og er hér um að ræða yfir 11 millj. kr. hækkun. Þá er enn fremur lagfærður niðurskurður ríkisstj. á fjárveitingu til íþróttasjóðs, sem býr við mikinn fjárskort. Um rökstuðning fyrir ýmsum styrkveitingum vísa ég í framsöguræðu formanns nefndarinnar.

Við 1. umr. fjárl. lýsti ég því yfir af hálfu Sjálfstfl., að við teldum eins og í fyrra eigi fært að byrja samdrátt ríkisútgjalda á þessum liðum og mundum við því ekki sætta okkur við þessa niðurskurðarstefnu ríkisstj. Var þá einnig tekið fram af talsmanni Alþfl., að hann teldi þennan niðurskurð varhugaverðan, en hæstv. fjmrh. varði í sinni framsöguræðu niðurskurð verklegra framkvæmda. N. var sammála um hækkun þessara liða. Vegna aukinnar dýrtíðar þyrftu þessar fjárveitingar að vísu að hækka meira, ef auðið á að vera að halda í horfinu með framkvæmdir.

Þótt við í minni hl. n. gerum ekki frekari till. um heildarhækkun þessara fjárveitinga, erum við ekki ásáttir meiri hl. um einstaka liði í skiptingu fjárupphæðanna. Við fluttum í n. ýmsar till., sem ekki hlutu stuðning meiri hl. n. og ég rek ekki frekar á þessu stigi. Aftur á móti flytjum við engar sjálfstæðar till. um útgjöld úr ríkissjóði við þessa umr. Forsenda þeirrar afstöðu okkar er sú, að okkur skortir allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta gert okkur raunhæfa grein fyrir gjaldgetu ríkissjóðs á næsta ári. Það eina, sem við er að styðjast, er mjög ósamhljóða yfirlýsingar aðalforingja stjórnarliðsins við 1. umr. fjárl. Þar lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að mikill greiðsluhalli væri óhjákvæmilegur, ef ekki yrði aflað nýrra tekna. Hæstv. félmrh. og hv. þm. Hafnf. héldu því hins vegar fram, að ekki væri þörf nýrrar tekjuöflunar, ef skynsamlega væri að fjárl. unnið.

Sjálfstæðismenn eru jafnt í stjórnarandstöðu sem stjórnaraðstöðu þeirrar skoðunar, að af-

greiða beri greiðsluhallalaus fjárlög. Að sjálfsögðu höfum við sjálfstæðismenn ýmsar óskir um fjárveitingar til brýnna nytjamála, sem við unum ekki við að séu fyrir borð bornar. En við viljum geta rökstutt það, að gjaldgetu ríkissjóðs sé ekki ofboðið með þeim óskum út af fyrir sig. Munum við því fresta okkar till. til 3. umr. En vissulega verður fróðlegt að sjá, hver áður greindra stjórnarforingja hefur réttast fyrir sér.

Við 1. umr. fjárlfrv. talaði hæstv. félmrh. mjög fjálglega um sparnaðarúrræði, sem hann hefði á reiðum höndum, og einnig tók formaður Alþfl. í sama streng. Auglýsti hæstv. félmrh. sérstaklega eftir aðstoð sjálfstæðismanna við að koma þessum tillögum fram. Er það að vísu harla einkennilegt, ef hæstv. fjmrh. er ekki treystandi til að styðja sparnað í ríkisrekstri. En hvað sem því líður, töldum við í minni hl. n. mikla nauðsyn að taka til rækilegrar athugunar í n., hvort eigi væri auðið að fá samstöðu um einhver raunhæf úrræði til sparnaðar í ríkisrekstrinum, a. m. k. til að vega upp á móti þeim útgjaldaliðum, sem n. ber fram. Var ætlun okkar sú, að innan fjvn. yrði sett undirnefnd til að athuga þetta mál. Stjórnarliðið í n. kvaðst hafa rætt sín á milli um ýmsar leiðir til sparnaðar, en hafnaði samstarfi við okkur um þessa athugun. Vonum við þó, að meiri hl. n. breyti þeirri afstöðu sinni, því að hér er vissulega um mál að ræða, sem ástæða er til að taka til rækilegrar athugunar í fjvn., en óhæfileg vinnubrögð, að menn séu að pukra með hugsanleg úrræði í þessu mikla vandamáli eins og feimnismál hver í sínu horni.

Útgjöld ríkissjóðs vaxa ár frá ári með meiri hraða en hæfilegur er, miðað við aukningu þjóðartekna og fjölgun þjóðarinnar, og er mikið alvörumál, ef árlega þarf að leggja á nýja skatta til að koma í veg fyrir greiðsluhalla hjá ríkissjóði. Er því þjóðarnauðsyn, að unnið sé af fyllstu alvöru að því að finna sparnaðarúrræði, án þess þó að skerða um of þá mikilvægu þjónustu, sem ríkisvaldið veitir þjóðfélagsborgurunum á ýmsum sviðum. Það er þó ljóst, að þjóðin verður í því efni sem öðrum að sníða sér stakk eftir vexti.

Skiljanlega er torvelt fyrir stjórnarandstöðuna að vinna að þessum málum eina, og því töldum við æskilegt að efna til allsherjarsamvinnu um málið. Við getum þó ekki neytt stjórnarliðið til samstarfs, en munum fyrir 3. umr. íhuga, hvort við teljum fært að leggja fram sjálfstæðar till. um sparnað á einhverjum liðum fjárlfrv.

Heildarmyndin af fjárlfrv. eftir þessa umr. verður væntanlega sú, að það verður með 83—84 millj. kr. greiðsluhalla, og hafa þá ekki verið meðtaldar 20 millj. kr. í auknum niðurgreiðslum á vöruverði.

Enn fremur bíða til 3. umr. hækkanir á fjárveitingum til skólabygginga, sem hljóta að verða töluverðar, auk ýmissa annarra mála, sem enn eru óafgreidd hjá nefndinni.

Hið fótfráa stjórnarlið virðist því ekki draga úr sprettinum í þá átt, sem það vildi þó forðast. Sýnist svipað ástatt fyrir því og manni, sem hleypur niður bratta brekku og á erfitt með að stöðva sig á sprettinum. Er ekki annað sýnna en fæturnir hafi algerlega tekið við stjórn hjá hlaupagörpunum, svo að notuð sé áfram mynd sú af fjármálastefnu stjórnarliðsins, sem dregin var upp í nál. meiri hl. fjvn. á síðasta þingi.

Hér eins og á öðrum sviðum er stefnt með síauknum hraða út í fullkomna ófæru.

Herra forseti. Svo sem ég í upphafi máls míns benti á, hefur þannig verið hagað undirbúningi fjárlfrv. til 2. umr., að þess er enginn kostur að draga upp nokkra heildarmynd af fjárlagaafgreiðslunni, því að nauðsynlegar forsendur skortir algerlega til þess að fá yfirsýn yfir fjármálaviðhorfið. Staðfesti frsm. meiri hl. n. þetta í framsöguræðu sinni, því að hann sagði, að fjárlfrv., eins og það lægi fyrir, gæfi litla mynd af fjárl., eins og þau verða.

Ræða mín hefur því fyrst og fremst snúizt um ýmis almenn atriði í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna og svo um hin óhæfilegu vinnubrögð við undirbúning frv. til 2. umr. Áskil ég mér rétt til að ræða málið nánar í einstökum atriðum við 3. umr., þótt að vísu allar horfur séu á því, að stjórnarandstöðunni sé ekki ætlað mikið svigrúm til að kynna sér væntanleg úrræði ríkisstj.

Það skal skýrt tekið fram, að við í minni hl. n. erum því sízt andvígir, að fjárl. séu afgr. fyrir áramót, því að fjárlög eiga auðvitað jafnan að vera tilbúin, áður en fjárlagaárið byrjar. Við hljótum hins vegar að mótmæla harðlega þeim óverjandi vinnubrögðum, sem beitt hefur verið í þetta sinn við afgreiðslu fjárlaga.

Alþingi hefur setið aðgerðalaust í tvo mánuði, en samt kemst hæstv. ríkisstj. ekki að neinni niðurstöðu varðandi hin veigamestu vandamál, fyrr en allt er komið svo í eindaga, að setja verður til hliðar allar venjur og þingreglur um hæfilega afgreiðslu mála. Slík vinnubrögð á Alþingi ekki að þola.

Eins og ég hef skýrt frá, hefur hæstv. ríkisstj. varizt allra fregna um úrræði sín til að jafna greiðsluhallann á fjárlfrv., og enn er heldur ekkert vitað um úrræði hennar til að leysa vandamál útflutningsframleiðslunnar um næstu áramót. Hv. frsm. meiri hl. komst að vísu svo að orði í lok ræðu sinnar áðan, að ætlunin væri að brúa þetta bil með einhverjum tilfæringum, að mér helzt skildist, en ekki beint með nýrri tekjuöflun. Á annan veg urðu orð hans naumast skilin. Þetta gefur ástæðu til að minnast hér nokkuð á orðasveim, sem á kreiki hefur verið meðal þm. nú síðustu daga og ég hef einkum orðið var við í dag, að fyrirhugað væri að leysa vandann varðandi fjárlagaafgreiðsluna á þann einfalda hátt að taka allar fjárveitingar til niðurgreiðslu á vöruverði út úr fjárlfrv. og láta þar við sitja fram yfir bæjarstjórnarkosningar a. m. k.

Ég skal taka það fram, að ég á mjög erfitt með að trúa því, að hæstv. fjmrh. hafi komið til hugar svo fáránleg lausn á þessu vandamáli, því að hér væri að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en stórfellda fölsun á fjárl., því að ríkissjóður verður eftir sem áður að standa straum af þessum útgjöldum, nema þá gengislækkun sé fyrirhuguð.

Þar sem hér er hins vegar um talsvert útbreidd-

an orðróm að ræða, þætti mér æskilegt, ef hæstv. fjmrh. gæti nú staðfest, að þessi fjarstæða lausn kæmi ekki til greina.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. fjvn. fyrir samstarfið, það sem af er. Þá vil ég næst taka það fram, að ég er sammála því, að ekki sé annað fært en hækka fjárveitingar til verklegra framkvæmda upp í það, sem þær voru í fyrra.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ), frsm. minni hl., hefur sagt um þetta atriði, bæði núna og áður, að sýnilega væri stjórninni það mikið kappsmál, eða mér sérstaklega, að lækka þessar fjárveitingar, þar sem þær hefðu verið lægri í frv. en þær voru í gildandi fjárl. Þetta hefur hv. 2. þm. Eyf. hvað eftir annað lagt áherzlu á og það sé þess vegna núna verið að taka fram fyrir hendurnar á stjórninni eða mér í þessu efni, bjarga verklegum framkvæmdum frá þessum niðurskurði.

Út af þessu vil ég benda hv. 2. þm. Eyf. og frsm. minni hl. á það, sem hann þó veit, að undanfarið — um áratugi, má víst segja — hefur það verið föst venja, að það hafa verið settar lægri fjárhæðir í stjórnarfrv. til fjárl. til verklegra framkvæmda, vega, brúa, hafnargerða og slíkra framkvæmda, en voru í gildandi fjárl., en þetta hefur verið gert vitandi það, að þingið mundi breyta þessu.

Ef hv. þm. meinar nokkuð með því, sem hann segir um afstöðu stjórnarinnar í þessu sambandi, mundi eiga að draga af því þær ályktanir einnig, að það hefði verið alveg sérstakt áhugamál þeirra stjórna, sem setið hafa undanfarið og Sjálfstfl. hefur átt þátt í velflestum, að skera niður verklegar framkvæmdir, en þingið hafi alltaf bjargað málinu á síðustu stundu, því að það, sem hefur gerzt í þessu efni nú, er nákvæmlega það sama, sem ævinlega hefur áður átt sér stað. Þessi áróður hv. 2. þm. Eyf. fellur því alveg dauður.

Ég mun við 3. umr. fjárl. gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra almennt, því að það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. tók fram, að það verður ekki fyrr en við 3. umr., sem fram kemur ljós mynd af því, hvernig hugsað er að afgr. fjárl., og mun ég þess vegna geyma það atriði til þess tíma.

Hv. 2. þm. Eyf., frsm. minni hl., fann að því og sagði, að það mundi vera jafnvel einsdæmi, að það lægi ekki fyrir við 2. umr. fjárl., hvernig endanleg afgreiðsla þeirra yrði, a. m. k. í stórum dráttum. Ég held, að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Ég held, að þetta hafi oft eða a. m. k. komið fyrir áður. Og misskilningur var það hjá honum, að það sé til þess ætlazt, að fjárl. eða önnur lagafrv. séu rædd almennt við 2. umr., heldur er 2. umr. einmitt alveg sérstaklega ætluð til þess að íhuga og ræða einstakar gr. frv., en almennt sé rætt við 1. og 3. umr. Það er því vitaskuld ekkert óþinglegt við það, þótt ekki liggi fyrir núna við 2. umr., hvernig endanlegar till. um fjárlögin verða. Ég held, að það hafi oftast verið þannig, að það hafi ekki verið fyrr en við 3. umr., eftir að menn sáu, hvernig 2. umr. tókst, að fjallað hafi verið t. d. um tekjuliði fjárl. og ýmis önnur atriði, sem úrslitum valda um það, hvernig frá þeim er gengið. Í þessu er því ekkert óvenjulegt á ferðinni.

Þá talaði hv. þm. um, að orðrómur væri á sveimi um, að það ætti að skilja að afgreiðslu niðurgreiðslumálsins og fjárl., og spurðist fyrir um það, hvort það væri fyrirhugað. Þetta kemur að sjálfsögðu fram fyrir 3. umr., og er mjög auðvelt fyrir hv. þm. að þreyja þorrann og góuna þangað til, því að það er ekki langt þangað til 3. umr. fer fram, ef allt fer eftir áætlun um starfið að fjárl.

En það er auðvitað augljóst mál, að annaðhvort verður að afla nýrra tekna til þess að brúa bilið á fjárl. eða taka einhverja verulega útgjaldapósta út af fjárlögunum. Það er ekki nema um tvennt að ræða til þess að ná endunum saman.

Hv. 2. þm. Eyf. eru sýnilega nokkuð minnisstæð þau orðaviðskipti, sem við áttum hér við 1. umr. fjárl., þar sem hann deildi á ríkisstj. fyrir það að leggja fjárlfrv. fram með halla, og ég benti á, að þetta væri furðulegt sjónarmið, þar sem það ætti einmitt að vera starf hv. þm. að ráða fram úr því ásamt ríkisstj., hvernig ætti að mæta vanda eins og þeim, þegar ekki er hægt fyrir fram að koma saman fjárlfrv., svo að hallalaust sé.

Hv. þm. var eitthvað að tala um það núna, að hann vildi svo sem ekki gera lítið úr því, að þm. ættu að vera þarna með í ráðum, en það ætti þá að kalla þá saman utan þings. Á þingi mega þeir ómögulega vera, að dómi hv. þm., þegar þeir eiga að taka þátt í því að ráða fram úr máli eins og þessu. Það má alls ekki vera á Alþingi. Ætla ég, að þetta bendi enn í sömu átt og ég sagði þá um hugsunarhátt þeirra hv. sjálfstæðismanna, að þeir ætlast ekki til þess, að ráðið sé fram úr stórmálunum á Alþingi sjálfu í samráði við þingmennina, heldur beri að gera það utan þingsins. Ég benti á það þá ýtarlega, hvílík óhæfa þessi hugsunarháttur væri, og ég vil nota þetta tækifæri frá hv. 2. þm. Eyf. til þess að undirstrika það á nýjan leik.

Hv. 2. þm. Eyf. kvartaði nokkuð yfir því, eins og ég kom að áðan, að það væri látið bíða til 3. umr. að sýna, hvernig ætti að brúa bilið á fjárl., taldi, að það hefðu verið miklu heppilegri vinnubrögð, að þetta hefði legið fyrir við 2. umr.

Nú vil ég bara skjóta því hér fram eða spyrja hv. 2. þm. Eyf., hvernig á því stendur, fyrst hann hefur þessa skoðun, að stjórnarandstaðan eða Sjálfstfl. skuli þá ekki hafa lagt áherzlu á að láta koma fram af sinni hendi við 2. umr., hvernig þeir vilja afgr. fjárl. endanlega, því að þeir geta þó aldrei komizt fram hjá því, að þeir hafa fullkomlega tillögurétt á Alþingi ekki síður en ríkisstj. og þeir þm., sem hana styðja.

Það er vitaskuld skylda stjórnarandstöðunnar, ef hún vill láta taka sig alvarlega og gera nokkurt gagn og hún er ekki sammála því, sem stjórnin leggur til og stjórnarliðið, að leggja fram till. um það, hvernig þeir vildu fara að. Og þegar hv. 2. þm. Eyf. er að tala um, að það hefði átt að liggja fyrir við 2. umr. fjárl., hvernig þau ættu að afgreiðast endanlega, þá er hann ekki síður að deila á sjálfan sig og minni hl. fjvn., sem hefur látið þetta undir höfuð leggjast, en

ríkisstj. eða stjórnarmeirihlutann í fjvn. Ef Sjálfstfl. hefur, eins og hann telur sig hafa, ráð undir hverju rifi og þá einhverja skoðun um það, hvernig eigi að afgreiða fjárlögin og fjárhagsmálin, hvers vegna leggur hann þá ekki fram einmitt við 3. umr. till., sem sýna það, hvernig hann vill afgreiða fjárlögin? Hv. 2. þm. Eyf. þarf ekki að halda, að þeir geti bara leikið þann leik hér að krefjast till. af öðrum. Þeim ber skylda til þess að sýna hv. alþm. og þjóðinni, hvernig þeir vilja afgreiða höfuðmálefni þingsins, ef þeir vilja ekki gera það á sama hátt og stjórnin og þeir flokkar, sem hana styðja. Fram hjá þessu er ómögulegt að komast, hversu langar ræður sem menn flytja. Það er ekki hægt.

Þá minntist hv. 2. þm. Eyf. á það, sem hann kallaði alveg óhæfileg vinnubrögð við fjárlögin. Hann sagði, að það hefði verið svo lítill tími til þess að fjalla um þau og allt væri þetta svo seint á ferðinni. Í þessu sambandi vil ég aðeins benda á það, að nál. var útbýtt núna 12. des. Ég var að gá að því áðan að gamni mínu, að t. d. 1955 var nál. útbýtt nákvæmlega sama dag, 12. des. Má vafalaust finna mörg dæmi fyrir því, að fjárlög hafa verið afgreidd í nokkrum spretti fyrir jólin. En það var heldur ekki þetta kannske, sem hv. 2. þm. Eyf. átti við, heldur hitt, að þingmenn hefðu haft svo litinn tíma til þess að koma málum sínum á framfæri við fjvn. En ég spyr: Ætli það verði ekki alveg ofvaxið hv. 2. þm. Eyf. að telja mönnum trú um, að hv. alþm. hafi ekki frá þingbyrjun, í tvo mánuði, haft nægilegan tíma til þess að koma á framfæri áhugamálum sínum við fjvn.? Og hvað hafa hv. þm. Sjálfstfl. verið að gera, sem hafa kvartað hér yfir stuttum þingfundum, ef þeir hafa ekki einu sinni hirt um það á þessum tíma að koma á framfæri við fjvn. áhugamálum sínum? Ég held, að það sé alveg vonlaust að telja mönnum trú um, að tveggja mánaða þingseta sé of stutt til þess, að hv. þm. hafi getað verið búnir að koma á framfæri við fjvn. höfuðáhugamálum sínum.

Þá sagði hv. 2. þm. Eyf. líka, að þingmenn hefðu ekki haft tíma til þess að kynna embættismönnum þeim, sem eiga að gera till., áhugamál sín. Það er vitanlega alveg sama um þetta að segja. Það er furðulegt, ef þessir tveir mánuðir hafa ekki dugað til þess, að hv. þm. gætu komið áhugamálum sínum á framfæri við þessa embættismenn.

Ég held, að þetta sé á misskilningi byggt hjá hv. frsm. minni hl. og meira svona til fundið af því, að hann hafi viljað hafa eitthvað, sem hann vildi telja fram, til þess að finna að vinnubrögðunum. Sannleikurinn er sá, að sú algenga starfsvenja er þannig, að það er unnið að fjárlögunum fyrst nokkrar vikur í fjvn. með ýmsu móti og síðan er tekinn lokasprettur um afgreiðslu þeirra. Þannig verður þetta ævinlega, og þannig hefur þetta orðið núna.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hafði um það mjög sterk orð og espaði sig, að ef stjórnarandstaðan væri ekki sammála ríkisstj. um það, hvernig ætti að afgreiða mál, þá ætti hún að bera fram sínar eigin till. Það fyrsta, sem til þess þarf að átta sig á, hvort maður sé stjórninni sammála eða ekki, er það, að till. stjórnarinnar sjálfrar liggi fyrir, en erindi hæstv. fjmrh. hingað í stólinn var fyrst og fremst að tilkynna, að enn getur hann ekki sagt, hvaða till. ríkisstj. ætli að gera í heildarafgreiðslu fjárlaganna. Þegar Alþingi kom saman, var það borið fyrir, að ríkisstj. hefði ekki getað gert till. um þetta, af því að hún hefði þurft að hafa samráð við sína fylgismenn. Önnur eins uppgjöf hefur aldrei þekkzt í stjórnmálasögu Íslendinga, annað eins afsal frá þeim, sem hafa tekið að sér forustu: Að gefast upp með þeim hætti, að þeir hafa ekki einu sinni manndóm til þess sjálfir að gera till. eftir sínum eigin vitnisburði. En það er í samræmi við annað hjá hæstv. fjmrh., þá starfshætti, sem hann hefur nú tekið upp, að auðvitað var það ekki það, að þeir hefðu ekki haft samráð við sína fylgismenn, heldur var það, að þeir voru sjálfir gersamlega úrræða- og áttavilltir um það, hverja stefnu skyldi taka, og það er opinbert mál og af öllum þingheimi vitað, að stjórnarliðar, venjulegir þingmenn, hafa ekki allan þann tíma, sem Alþingi nú hefur setið, fengið neitt að fylgjast með, hvaða ráðagerðir væru uppi hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, og hv. fjvn. var svo afskipt frá vitneskju um þessi efni, að jafnvel á laugardag voru fjvn.-menn með öllu óvissir um það, hvort ætti að afgreiða fjárlög fyrir jól, hvað þá eftir hverjum meginreglum skyldi farið, og það var ekki fyrr en á sunnudaginn, sem þessir hv. nm. fengu beina fyrirskipun frá hæstv. fjmrh. og félögum hans í ríkisstj. um, að afgreiðslan skyldi fara fram, og þeir tóku til óspilltra málanna. Mér er það ókunnugt, hvort þessir menn vita enn þá, hvert er verið að stefna, hvaða till. þeir eiga að gera nú að fáum dögum liðnum, a. m. k. tala þeir í fullkomnum hálfyrðum, og öll þeirra hegðun er eins og hæstv. fjmrh., eins og manna, sem staddir eru í þoku og vita ekki sitt rjúkandi ráð, þekkja hvorki hvað snýr fram né aftur.

Hæstv. fjmrh., — og það sýnir sannsögli þessa hæstv. ráðh. og hverju hann leyfir sér að halda fram hér á Alþingi — hann segir: Það er engin ný bóla, það er ekkert nýtt, að fjárlög séu afgreidd í spretti fyrir jólin. Það var síðast 1955. Þá var nál. ekki útbýtt fyrr en 12. des. En voru fjárlögin þá 1955 afgreidd fyrir jól? Voru þau afgreidd fyrir jól? Hæstv. fjmrh. veit ósköp vel, að þó að hann talaði þannig, að þeir áheyrendur, sem ekki vissu betur, hlytu að skilja það svo, að hann væri að fræða þingheim á því, að fjárlögin væru afgreidd fyrir jól, þá voru þau einmitt ekki afgreidd fyrir jól, heldur eftir jól. Þau voru ekki afgreidd fyrr en um mánaðamótin jan.—febr. Það kemur ótvírætt fram í þingtíðindunum frá því þingi, og hæstv. fjmrh. þarf ekki að láta svo, að minni hans sé svo gersamlega bilað og allur hugsanagangur úr skorðum genginn, að hann muni ekki það, sem þá gerðist í þessu, en þá lagði hæstv. fjmrh. einmitt sérstaka áherzlu á það, að fjárlögin yrðu afgreidd fyrir áramót án tillits til þess, hvernig færi með afgreiðslu og meðferð efnahagsmálanna að öðru leyti. Við sjálfstæðismenn neituðum þessu algerlega. Við töldum, að hér væri um eitt og sama málið að

ræða. Við höfum ætíð verið því andvígir, þó að við til samkomulags féllumst á að taka greiðslur til atvinnuveganna út úr fjárlögum á þann veg, sem hæstv. núv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir. En þó að við féllumst á það til samkomulags, þá var okkur ljóst, að hér var í raun og veru um eitt og sama málið að ræða, og það var alveg útilokað að ætla að láta meðferð efnahagsmálanna, eins og þá stóð til að afgr. þau, bíða, en afgr. fjárlögin.

Hæstv. fjmrh. var ákaflega andsnúinn því, að þessi háttur skyldi verða viðhafður. Það kynni þó svo að vera, að nú hefði hann fengið vilja sínum framgengt. Það var ljóst, og okkur var ljóst, að hann undi samstarfinu við okkur sjálfstæðismenn illa og í vaxandi mæli illa, vegna þess að þar átti hann við menn, sem höfðu sjálfstæðar skoðanir og þorðu að fylgja þeim eftir og létu þessum hv. herra ekki haldast uppi að beita þeirri hlutdrægni og einsýni, sem hann er svo áfjáður í. Það var vegna þessa, sem hann var orðinn óþolinmóður í samstarfinu. Ef hann hefur nú fengið þeirri firru framgengt að láta afgreiða fjárlögin ein út af fyrir sig, en slá vanda efnahagsmálanna á frest án tillits til afgreiðslu fjárlaga, þá sýnir það, að hann á nú við þá, sem lúta að minnu en við sjálfstæðismenn gerðum, og var það raunar vitað áður.

Hæstv. fjmrh. var svo hér að halda því fram, að það væri ekkert nýtt, að það væri lagt fram fjárlagafrv. með lægri fjárveitingum til verklegra framkvæmda en að lokum yrðu samþykktar. Að svo miklu leyti sem hér er um venju að ræða og það, sem áður hefur skeð, í hvern er hæstv. fjmrh. að vitna annan en sjálfan sig? Hver hefur allra Íslendinga lengur verið fjmrh. en einmitt þessi hæstv. ráðh., og hver hefur gegnt fjármálaráðherraembætti látlaust nú frá 1950? Og ef þessi venja hefur komizt á, hver ber þá mesta ábyrgð á henni? Annars er það sannast sagt meira en hlálegt og skoplegt af hæstv. ráðh. að koma nú hér upp dag eftir dag og kunna það ráð eitt sér til varnar og afsökunar, að það sé alveg sama regla, sem þeir fylgi, eins og fyrrverandi ríkisstj. gerði, að allt hið illa, sem fyrrverandi stjórn gerði, og vissulega var hún ekki fullkomin frekar en aðrir menn, allt það, sem helzt má gagnrýna, það hefur þessi hæstv. stjórn af trú og dyggð haldið við og gert enn verra og magnað út í öfgar, miðað við það, sem áður var. En svo skal hæstv. fjmrh. þar fyrir utan ekki ætla, að Íslendingar, hvorki almenningur né þingheimur, séu svo gleymnir, að þeir muni ekki, þegar hann brýndi raustina hér við 1. umr. fjárlaga og sagði, að það yrði að ganga hægt um framkvæmdanna dyr og að við hefðum á undanförnum árum ráðizt í of miklar framkvæmdir og umbætur á þessu landi. Það var sá boðskapur samdráttarins í verklegum framkvæmdum, umbótum fyrir allan almenning í þessu þjóðfélagi, sem þessi hæstv. fjmrh. þá gerði sig að talsmanni fyrir. Nú skortir hann kjark til þess að fylgja þessu eftir. Þessi hæstv. ráðh. gerir sig minni mann, með hverjum degi sem líður, þó að hann hafi að vísu ekki afrekað það enn í dag, sem hann gerði í gær, þegar hann hrópaði hótun fram til eins þm. um, að það skyldi ekki borga sig fyrir hann að halda hér fram sjálfstæðri skoðun. Vonandi kemst hæstv. fjmrh. aldrei neðar en hann komst þá.

Nei, hæstv. fjmrh. gerði mikið af því um það bil, sem Alþingi kom saman, og nokkru áður að prédika, að nú væru varanlegu úrræðin alveg að koma, og talaði mikið um það, að ástandið í þjóðmálunum, efnahagsmálunum, væri slíkt, að þessi varanlegu úrræði mættu alls ekki bíða, enda væri það mjög í lófa lagið fyrir núverandi stjórnarflokka að finna þau úrræði. Það reyndist nú svo í það skiptið, að hæstv. félmrh. varð meiri forspármaður en hæstv. fjmrh., og „var því þó aldrei um Álftanes spáð, að ættjörðin frelsaðist þar.“ Engum hafði komið til hugar, að hæstv. félmrh. væri snjallari fjármálaspekingur en hæstv. fjmrh. En hæstv. félmrh. sagði við 1. umr. fjárl., að það væri ekkert að marka það, sem hæstv. fjmrh. hefði verið að segja um slæmt ástand í fjármálum eða iskyggilegar horfur í atvinnumálum. Það væri bara, að hæstv. fjmrh. væri svo mikill búmaður, að hann teldi, að það þyrfti að berja sér, en það væri allt í lagi, bara ef sömu úrræðum væri fylgt og verið hefði.

Samkvæmt því, sem menn heyra, er það þessi skoðun hæstv. félmrh., sem nú hefur orðið ofan á í ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. telur sér fært að afgr. fjárlögin, án þess að nokkrar varanlegar ráðstafanir séu gerðar. Nú mun að vísu vera farið að tala um, að það eigi að standa einhver ósköp til í febrúar eða marz og þá eigi allt að umsteypast til góðs í þessu þjóðfélagi. En það spáir ekki góðu, úr því að sú eða ef sú bið verður, því að þá er skapningurinn þess eðlis, að hæstv. ríkisstj. telur sér og sínum flokkum augsjáanlega ekki til framdráttar, að hann verði sýndur fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Hins vegar er það eftirtektarvert, að aðalfjármálaráðunautur ríkisstj., kommúnisti að nafni Haraldur Jóhannsson, sem hefur skrifað margar og ýtarlegar greinar til þess að sanna bæði að það væri mjög misráðið að hafa ráðizt í svo miklar framkvæmdir í sveitum landsins, að það væri óhófseyðsla að leggja rafmagnsleiðslur til sveitafólksins og að íslenzka krónan væri ofskráð, — það er þessi maður, sem þennan boðskap flytur, sem er aðalráðunautur hæstv. ríkisstj. nú í efnahagsmálum, og hann hefur látið uppi þá skoðun, að óhjákvæmilegt væri, ef ætti að fá fólkið aftur til þess að sinna framleiðslu, að gera margar ráðstafanir, þ. á m. þá að gera útflutningsframleiðsluna arðbæra, og það yrði ekki gert nema með nýrri gengislækkun. En hann sagði: Það tekur marga mánuði að reikna út, hvernig nýja gengislækkunin á að vera. — Þetta var sagt fyrir einum eða tveimur mánuðum. Það stóðst á endum, að það þurfti þessa mánuði fram yfir bæjarstjórnarkosningarnar, til þess að þetta snjallræði yrði út reiknað, og manni skilst, að það sé nú helzt slíkt haldreipi, sem stjórnin hafi í huga varðandi lausn efnahagsmálanna. Það mun koma á daginn, hvort þau leysast til frambúðar fyrir áramót, a. m. k. að hve miklu leyti afgreiðslu þeirra mála verður blandað inn í afgreiðslu fjárlaga, þar sem þau eiga vitanlega heima, eða hvort þarna verður algerlega skilið á milli.

En víst var það rétt, sem hv. frsm. minni hl.

fjvn., hv. 2. þm. Eyf., sagði, að það er brot á öllum þinglegum reglum að viðhafa slíka meðferð á fjárl. sem hér er ráðgerð. Hæstv. fjmrh. svaraði þessu svo: Það er alveg rangt, að það eigi að tala almennt um málið við 2. umr. Það á að tala almennt um málin við 1. umr. og 3. umr. — Það er dálítið til í þessu. En til þess að hægt sé að tala um einstök atriði mála, verða þau einstöku atriði að liggja fyrir. Nú heyrðum við hv. frsm. meiri hl. fjvn. í sinni ræðu alveg réttilega gera grein fyrir því, að það væri ekki nema að litlu leyti, sem mynd fengist af raunverulegri afgreiðslu fjárl. við þessa umr. Hann gat þess m. a., að jafnveigamikið atriði eins og hverju á að verja til skólamála og skólabygginga er með öllu óútkljáð. Hann gat þess einnig, að sparnaðartill., sem manni skilst að séu allvíðtækar í undirbúningi, ættu fyrst að koma fram við 3. umr.

Ég vil fullyrða, að þetta sé á móti reglum þingskapa, þó að það stangist að vísu ekki við þennan bókstaf. Ég játa það. En það er á móti þeim reglum, sem þingsköpin halda uppi, og tilætlun þeirra, að um jafnveigamikil einstök atriði sem þetta liggja ekki fyrir tillögur frá ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar strax við 2. umr.

En mestu máli skiptir þó, að til þess að þrjár umr. geti farið fram um mál, verður málið að liggja fyrir í heildarmynd strax við 1. umr. En ég fullyrði, að þetta fjárlfrv., sem ég held á hér í hendinni, er ekki eðli sínu samkvæmt eiginlegt fjárlfrv. Það kann að vera efniviður í hluta af fjárlfrv. eða rytjur af væntanlegum till. hæstv. fjmrh. til tillagna um fjárlfrv., en það er alls ekki sú mynd af fjárlagaafgreiðslu, sem þingheimur þarf að hafa í huga til þess að átta sig á, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir um fjármálastjórnina á næsta ári, jafnvel fjármálastjórnina í þeirri þröngu merkingu, sem hæstv. fjmrh. helzt vill tala um hana, sem sagt eingöngu þann hluta, er sjálfan ríkissjóðinn varðar.

Samkvæmt játningu hæstv. fjmrh. sjálfs vantar í þetta frv. nú nær 100 millj. kr. tekjur, til þess að það geti staðizt, eins og frv. er. Sjálfur segir hann: Til þess að fá jafnvægi á þetta með þeim auknu útgjaldatillögum, sem nú eru gerðar till. um og von er á, þarf annaðhvort að afla verulega mikilla meiri tekna eða taka veruleg útgjöld út. — Þetta er mikill fróðleikur. Er það nú stefna. Það er von, að Framsfl. sé hreykinn af þessum manni sem helzta fjármálasnillingi, sem hann hafi alið og á að vera hátindur framlags þess flokks til íslenzkra stjórnmála, að hæstv. fjmrh. skuli leyfa sér að koma hér á Alþ. við 2. umr. fjárlagafrv. og hafa ekki annað fram að færa um það, hvernig eigi að afgr. það mál, sem á að vera hans aðalstarf milli þinga að undirbúa till. í hendur Alþingis um, svo að Alþingi geti gengið að og tekið þær til athugunar, strax og það kemur saman. Hinn 13. des., örfáum dögum áður en málið á að afgreiðast í heild frá Alþingi, er þetta öll sú vizka, sem við fáum að heyra um snjallræði ríkisstj. í þessum efnum.

Svo segir fjmrh. hæstv.: Af hverju koma ekki sjálfstæðismenn með till. um afgreiðslu fjárl.? Hvar hefur hæstv. fjmrh. yfirleitt verið? Af hverju heldur hann, að það sé sérstakt fjmrn.? Af hverju heldur hann, að hann hafi þegið laun af íslenzku þjóðinni nú sem fjmrh. hátt á annan áratug? Það er til þess að gera þessar till. ár hvert, og til þess hefur hann hið mikla ríkiskerfi í sínum höndum, vegna þess að enginn þm. né þingheimur í heild getur gert slíkar till. án þess að hafa þær upplýsingar, sem hér er um að ræða. Og þegar hann er spurður um upplýsingar, jafnvel einföldustu upplýsingar, hæstv. fjmrh., þá svarar hann út í hött. Eilífðarsvarið, sem við fáum, er þetta: Það var eins og það var áður, það er ekkert verra hjá mér en það hefur verið undanfarin ár. — Það er nánast eins og: þú getur farið til afa þíns og langafa, sem eru dánir og grafnir, og spurt þá. Hvers konar rökfærsla er þetta og hvernig er hugsanlegt, að íslenzka ríkinu geti vegnað vel undir forustu slíkra manna? Og verðum við ekki að játa það, sem okkur marga tekur sárt, mig ekki sízt, sem hef að ýmsu leyti enn mætur á þessum manni persónulega og hef ekkert nema allt gott um hann að segja sem einstakling, að mig tekur sárt að sjá, hvernig fyrir þessum manni er komið. Ég sé, að það er engin tilviljum, að hann getur ekki komið svo í opinbert hóf á Akranesi án þess að verða sér þar til skammar með því að fara að gefa Akurnesingum fyrirskipun um það, hvern þeir eigi að velja fyrir bæjarstjóra við næstu kosningar. Hann getur ekki hlustað hér á mál manna á Alþingi, venjulega er hann eins og fló á skinni, hoppandi til og frá og þolir ekki við inni í salnum. En ef hann er inni í salnum dálitla stund, þarf hann að hrópa hótanir til þm. um að beita þá fjárkúgun, eins og hv. 1. þm. Rang. (IngJ), eða þá að hann kemur hér upp í ræðustólinn og segir aðra eins dómadagsvitleysu og hann hefur haldið hér fram í dag, ýmist hrein ósannindi eða algerar blekkingar.

En þegar slíkt hendir mann eins og hæstv. fjmrh., þá er það vegna þess, að hann er lentur í ræningjahöndum og er að flytja mál, sem hann trúir ekki sjálfur á. Hann veit sjálfur, að hann hefur rangt fyrir sér, að hann hefur gert ófyrirgefanlega skyssu gagnvart þjóðinni um forsjá hennar mála, brugðizt því trausti, sem ýmsir menn höfðu til hans borið. Hann skammast sín fyrir að játa mistök sín og yfirsjónir, og í stað þess að koma sem iðrandi syndari fram og játa hreinlega sín glappaskot, forherðist hann í bili í yfirgangi og frekju, sem brýzt svo fram með þessum furðanlega hætti, frumhlaupi hans gagnvart Akurnesingum, hótunum hans hér í Alþ. í gær, beinum ósannindum hans í gær og aftur í dag.

Nei, auðvitað er það skylda stjórnarandstöðu að gera grein fyrir sínum till. og gagnrýna það, sem fram kemur. En það er fyrst og fremst skylda stjórnarinnar að leggja fram till. um þau mál, sem enginn annar en ríkisstj. getur undirbúið, þannig að frambærilegt sé, vegna þess að hún ein hefur þá þekkingu, þann efnivið, sem smíða verður till. úr, enda er það vitað, að fjárl. umfram allar aðrar till. eru fyrst og fremst og hljóta eðli sínu samkvæmt að vera till. ríkisstj. Það er meira að segja í sumum þjóðþingum svo, að þm. er óheimilt að gera hærri fjárveitingartill. en sjálf ríkisstj., af því að fjárl. eru þannig til komin, að það er umsögn ríkisstj. um það, hvað hún þurfi á miklu fé að halda til þess

að halda ríkisbúskapnum við næsta fjárhagstímabil. Það er enginn annar en ríkisstj. sjálf, sem getur lagt fram þessar till., lagt fram þessa beiðni til þjóðþingsins um að fá henni svo og svo mikið fé í hendur. Það er alveg eins og þegar hæstv. ráðherrar eru að ásaka sjálfstæðismenn fyrir það, að þeir skyldu ekki í fyrra koma með sjálfstæðar tillögur um lausn efnahagsmálanna í samkeppni við jólagjöfina alræmdu, till., sem byggðar eru þannig upp samkvæmt margra ára viðtekinni reglu, að það er ómögulegt að semja þær án þess að hafa aðgang að gögnum, sem ríkisstj. ein og hennar trúnaðarmenn og margar ríkisstofnanir hafa yfir að ráða. Það eru þessir aðilar einir, sem gögnin hafa, og þess vegna geta engir, eins og fyrirkomulagið nú er, — við getum gagnrýnt sjálft fyrirkomulagið, — en eins og fyrirkomulagið er nú, getur enginn gert heillegar till. um þetta annar en sjálf ríkisstj. Þetta er vituð staðreynd, sem allir þm. auðvitað gera sér grein fyrir. Þrátt fyrir það leyfir hæstv. sjútvmrh. sér öðru hvoru og aðrir hæstv. ráðh. að segja: Af hverju komu sjálfstæðismenn ekki fram með sjálfstæðar till. um það, sem stjórnin ein hafði eðli málsins samkvæmt færi á að forma?

Það, sem var vítavert hjá ríkisstj. í fyrra, var ekki það, að hún loksins kom fram með till., en hitt, að Alþingi var gefinn allt of skammur tími til þess að átta sig á, hvað í till. fælist, og ég þori að fullyrða, að það er með öllu óvíst, að sjálfur sjútvmrh. hafi vitað með nokkurri vissu, hvað hann var þá að leggja til að Alþingi samþ. Og ég þori að fullyrða, að það er með öllu víst, að margir ráðh. og nær allir þm. höfðu ekki hugmynd um, hvað þeir voru að samþ., þegar þessar álögur voru samþ., hvernig þessu fé skyldi varið, enda er það að koma í ljós smám saman, eftir því sem á árið hefur liðið, að ríkisstj. er með nýjum og nýjum hætti að gera grein fyrir, hvað í þessum till. frá í fyrra hafi fólgizt, því, sem hún átti að gera grein fyrir strax og till. voru fram bornar. Vitanlega á Alþingi, áður en því er ætlandi að taka ákvörðun um mál, að fá fullnaðargreinargerð um, hvað í till. ríkisstj. felst, hver sem hún er og á hvaða tíma sem er. Og fyrst þegar slíkar fullnægjandi grg. liggja fyrir, þannig að ljóslega sé hægt að átta sig á, hverjar till. valdhafanna eru, kemur að þm., hvort sem eru stjórnarstuðningsmenn eða stjórnarandstæðingar, að taka afstöðu til málsins.

Það slæma er, að stjórnarliðið hér hefur í fyrra og ætlar eins nú að sætta sig við að taka ákvarðanir til samþykktar á fyrirskipunum frá ríkisstj., án þess að nokkur fullnægjandi grein sé gerð fyrir, hver fyrirætlunin raunverulega sé hjá ríkisstj., og þess vegna samþykkja þm. till., sem þeir hafa ekki hugmynd um, hvað í felst, og þeir standa alveg ráðalausir uppi gagnvart sínum kjósendum að skýra, hvað þeir raunverulega hafi samþ.

Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram, að ég á töluvert eftir af minni ræðu. Ég hef einungis svarað hæstv. fjmrh., en hafði kvatt mér hljóðs áður, og sá hluti ræðunnar er eftir. En hér eru, ef svo má segja, nokkur kaflaskipti, af því að ég ætla að víkja að einstökum atriðum frv., eins og það liggur fyrir nú, þannig að ef fundarhlé á að verða, þá kæmi það sér e. t. v. bezt. (**Forseti:** Er þá ekki bezt að hafa fundarhlé nú, ef hv. þm. vildi fresta síðari hluta ræðu sinnar þangað til.) Já, þangað til á eftir, ég vildi benda á það. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Svo sem ég lýsti nokkuð og þó ekki eins og vert væri, er undirbúningur fjárl. að þessu sinni með alveg einstæðum hætti og á annan veg en venjur standa til. Ég skal þó ekki rekja þá sögu lengur, heldur snúa mér að einstökum atriðum í frv., þar sem ég tel, að til athugunar hljóti að vera ýmist auknar eða breyttar aðferðir, fjárveitingar eða aðferðir frá því, sem verið hefur.

Í gær bar ég fram till. um það að ætla sérstakt fé til bygginga lögreglustöðva og umbóta á fangelsum. Samkv. fyrirmælum hæstv. fjmrh. var þessu umbótamáli synjað í Nd. Alþ. Ég tel, að hér sé þó um slíkt nauðsynjamál að ræða og raunar fullkomið mannúðarmál, að ekki megi láta við svo búið standa, og vil því skjóta því til hv. fjvn., ef hún yfirleitt hefur eyru opin og vill sinna till. einstakra þm., hvað þá þeirra, sem í stjórnarandstöðu eru, að mikil þörf er á aukinni fjárveitingu í þessu skyni, og læt mér að öðru leyti nægja að vísa til þeirrar grg., sem ég flutti um þetta í gær.

Þá vildi ég benda á, að mikil þörf er á því, að fé til nýrra skólabygginga sé stórlega aukið frá því, sem lagt er til í stjfrv. Á þeim tíma, sem ég gegndi starfi menntmrh., fékk ég því áorkað, að sett var ný löggjöf um fjármál skóla, þar sem bæði var tryggt betra eftirlit en áður hafði verið, og hafði þó fyrirrennari minn, Björn Ólafsson, átt mikinn þátt í stórkostlegum umbótum í þessum efnum, en lögfesting á því fyrirkomulagi fékkst í þeirri löggjöf, sem ég beitti mér fyrir.

Jafnframt var í þeirri löggjöf gerð ráðstöfun til þess, að ekki yrðu framvegis sömu vanskil af hálfu ríkisins varðandi nýjar skólabyggingar og verið hafa að undanförnu, en þau vanskil eru langt komin með að sliga fjárhag margra sveitarfélaga. Með þeim reglum, sem þarna voru teknar upp, vonast ég til þess að takist að ráða bót á þessu á tiltölulega stuttum tíma, ef ekki verður breytt til hins verra frá því, sem þá var samkomulag um. En það er ekki nóg, þó að gamlar skuldir séu greiddar upp, ef úr hömlu verður látið dragast óhæfilega að reisa nýjar skólabyggingar. Þeirra er þörf víðs vegar úti um byggðir landsins, en með eðlilegum hætti ekki síður í þéttbýlinu og þar sem fólksfjöldi er nú mest að aukast. Til þess að hægt sé að standa undir þörfum í þessum efnum, þarf verulega aukið fé frá því, sem verið hefur, og ég vil treysta því, að þegar hv. fjvn. nú hefur tekið sér frest enn til að gera ákveðnar till. um þessi efni, þá sé það með þessi höfuðsjónarmið í huga.

Um þessar mundir hefur mikið verið talað um nytsemi fræðslulaganna frá 1907, og víst voru þau stórmerk nýjung, og ekki verður of mikið gert úr almenningsfræðslu. En hún getur því aðeins haldizt uppi, ef nauðsynlegar skólabyggingar eru til. Þær eru þar frumskilyrði, alveg eins og segja verður, að góð almenningsmennt-

un er frumskilyrði nú á dögum, ekki aðeins fyrir því, að æðri vísindi verði stunduð, heldur einnig fyrir hagsæld þjóðarinnar. Án góðrar menntunar og þess, að rækilega sé kannað, að engir miklir hæfileikar fari forgörðum í þjóðfélaginu, vegna þess að unglingum sé ekki gefinn kostur á að menntast eins og kostir þeirra standa til, er vonlaust, að hvort heldur stórt eða lítið þjóðfélag fái staðizt á þeim tímum tækni og vísinda, sem nú eru upp runnir.

Ég tel því, að það sé eitt hið allra mest áríðandi málefni, sem úrlausnar bíður, að séð sé fyrir nægu fé til skólabygginga, og þá á ég fyrst og fremst við til barnaskólabygginga víðs vegar um landið.

Því miður voru áður fyrr nokkur misstig stigin í þessu. Reistir voru með ærnum kostnaði á sumum stöðum á landinu skólar fyrir unglinga, sem ekki hafa reynzt lífvænlegar stofnanir. Með þessu hefur nokkru fé verið sóað, en það eru misstig, sem menn verða að taka og telja það fé glatað, og það má ekki verða til þess, að menn horfi í það, sem nú skiptir mestu máli, að koma þessu skólabyggingamáli í sæmilegt horf: í fyrsta lagi að greiða upp samkv. þeirri áætlun og samkomulagi, sem gert var, þær skuldir, sem á eru fallnar, en jafnframt að láta skuldagreiðsluna ekki verða til þess að stöðva nýjar nauðsynlegar byggingar, því að þá má segja, að nærri sé verr farið en heima setið, og er algerlega andstætt þeim tilgangi, sem vakti fyrir mönnum, þegar þessi lög um fjármál skólanna voru sett.

Í því sambandi vil ég einnig benda á, að það muni vera þörf á auknum fjárveitingum bæði til menntaskólans í Reykjavík og ekki síður til kennaraskólans, ef það er alvara, sem hæstv. menntmrh. lét í veðri vaka fyrir skömmu, að ríiksstj. ætlaði nú ekki lengur að láta úr hömlu dragast að koma þeirri byggingu upp.

Hins vegar vil ég benda á, að í frv. er ætlað fé — að vísu heldur takmarkað — til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni. Ég hef borið fram till. um, að athugað verði, hvort ekki sé fært að flytja þennan menntaskóla til Skálholts. Það er víst, að það muni kosta of fjár að koma þessum húsum á Laugarvatni í það horf, að þau verði sæmilegur húsakostur fyrir menntaskóla, og það væri áreiðanlega hyggilegt að ganga nú þegar úr skugga um það með fullkominni rannsókn, hvort eigi muni vera hyggilegra að breyta þegar í stað til og flytja skólann að Skálholti, þar sem hægt er að byggja hann upp frá grunni með þarfir menntaskóla eins fyrir augum, en ekki er verið að bæta gamalt fat í meira og minna ráðleysi, eins og ofan á hefur orðið á Laugarvatni, enda hefur sú raun á orðið, að sambúð skólanna á Laugarvatni hefur engan veginn, a. m. k. ætíð, verið svo góð sem skyldi. Það mundi vera hægt að nota núverandi húsakost á Laugarvatni til annarra skóla, sem þar eru, ef fljótt yrði brugðið til, en auðsæ ástæða af þjóðlegum ástæðum og sögulegum einmitt að láta menntaskóla í sveit rísa í Skálholti, þeim stað, þar sem skólahald þvílíkt hefur lengst verið á landi hér.

Þá vil ég einnig benda á, að nauðsynlegt er að bæta við fé til leikvangsins í Laugardal. Sú mikla framkvæmd er nú orðin öllum auðsæ. Jafnframt var það ljóst á s. l. sumri, að ríkið hefur mjög vangoldið til þess stórvirkis, sem þar er um að ræða, og því mjög eðlileg ósk Reykvíkinga, að þar verði metin jöfnuð nú sem allra bráðast.

Ég sé í till. n., að þar er ráð fyrir því gert, að felldur sé niður smástyrkur, sem veittur hefur verið til námsbóka í unglinga- eða gagnfræðaskólum. Þetta er rökstutt með því, að það sé sérstök fjárveiting til námsbókaútgáfu á öðrum stað í fjárlögunum, og þar sem þessir skólar komi nú undir námsbókalögin, sé ástæðulaust að hafa sér fjárveitingu í því skyni. En þá vil ég spyrja hv. frsm. fjvn. og hæstv. menntmrh.: Dugir sú fjárveiting, sem nú er í frv., til þess að gegna þeirri viðbótarskyldu, sem lögð var á sjóðinn, — viðbótarskyldu, sem einmitt var lögð á sjóðinn ekki síst fyrir framgöngu núverandi hæstv. menntmrh.? Ef ég hef skilið þetta mál rétt, fer því fjarri, að núverandi fjárveiting sé fullnægjandi í þessu skyni. Eftir þeim gögnum, sem ég hef aflað mér, mun ekki veita af því fé, sem nú er veitt, til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem á þessum sjóði voru áður, og alls ekki vera fé aflögu til þeirra nýju þarfa, sem skapaðar eru og verið er að veita enn ávísun á með þessari annars tiltölulega litlu brtt. hv. fjvn. Ég hygg, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn að athuga það mál betur en gert hefur verið.

Þá vil ég benda á það, sem ég hreyfði innan ríkisstj. og gagnvart Alþingi, meðan ég var menntmrh., að verja ætti nokkru fé til þess að greiða fyrir, að máluð yrðu nokkur málverk úr sögu Íslands, — málverk, sem síðan mætti geyma t. d. hér í Alþingi, svipað og er með hið mikla málverk af þjóðfundinum, sem er komið hér í forsalinn nú, og eins prýða aðrar opinberar byggingar með. Eitt af því, sem vekur mesta athygli ferðalangs, sem fer um erlendar stórbyggingar, er að sjá hin mörgu málverk úr sögu þjóðanna, sem eru til prýði í þeirra sögulegu byggingum. Eins hafa sumar þjóðir, t. d. Danir, gefið út yfirlitsbækur um helztu málverk þessarar tegundar, þar sem hægt er að rekja sögu þjóðarinnar af þessum málverkum. Ég þori að fullyrða, að einmitt slík málverk eigi meiri þátt en flestir menn gera sér grein fyrir í því að gera líðna atburði lifandi og þannig tengja æskulýð og núlifandi kynslóð við fortíðina. En öll erum við öðru hvoru að tala um rótleysi æskunnar og þörfina á því að tengja fortíð og nútíð sterkari böndum en menn í bili telja að sé. Ég mundi telja æskilegast, að þessu yrði fyrir komið með því, að nokkrir valdir menn, t. d. prófessorar við háskólann, listfræðingar eða sérstakir trúnaðarmenn ríkisins í þeim efnum, væru látnir bæði velja verkefni og síðan meta þau listaverk, sem gerð væru í þessu skyni, en þau, sem talin yrðu hæf til að þjóna þessum tilgangi, væru mjög ríflega borguð, þannig að til einhvers verulegs væri að vinna. Til þess arna mundi ekki þurfa neitt verulegt fé, kannske 100—200 þús. á ári til að byrja með. En ég hef mikla von um og byggi það á því, sem ég hef séð annars staðar, að slíkt mundi verða til meira

gagns en menn í fljótu bragði gera sér grein fyrir, enda er það svo, að við sjáum það sjálfir, þm., að þó að okkur þætti t. d. myndin af þjóðfundinum í fyrra nokkuð stór fyrir forsalinn hér niðri og ef til vill þætti ekki öllum hún gallalaus, þegar við litum hana í fyrstu, þá mundu mjög fáir okkar nú vilja missa af henni. Og ég þori að fullyrða, að margir gestir þinghússins fá miklu meiri vitneskju um þennan mikla atburð, þjóðfundinn, eftir að hafa séð þetta málverk heldur en ella. Sjálfur hef ég orðið þess áhorfandi, að erlendir menn, sem hér hafa komið, bæði sendimenn og eins menn, sem hafa verið hér á milliríkjafundum, hafa allir spurt eftir, af hvaða atburði þessi mynd væri, og einmitt það hefur gefið nokkuð færi á að skýra, þótt í fáum orðum væri, baráttu okkar Íslendinga fyrir frelsi, baráttu, sem alls ekki ætið var svo létt eða auðveld sem sumir nú virðast halda. Ég vona því, að þetta mál, sem er eitt af þeim, sem hæstv. fjmrh. ásakaði mig fyrir á sínum tíma að væri óhæfileg ágengni á fé úr ríkissjóði að vilja fá fram, — ég vonast til þess, að það nái fram að ganga, hvort það verður á þessu þingi eða síðar, skiptir ekki öllu máli, en ég er sannfærður um það, að þegar menn athuga þetta hlutlaust, sjá þeir, að hér er um gott mál að ræða, sem vert er að greiða fyrir.

Þá tel ég mjög mikilsvert, að verulegu fé verði varið til þess að koma á móti Reykjavíkurbæ, Reykjavíkurkjördæmi, til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Öll bæjarstjórn Reykjavíkur sameinaðist um áskorun til þingsins um veruleg fjárframlög í þessu efni, þannig að ríkið léti ekki sitt eftir liggja frá því, sem ráðgert hafði verið, þegar húsnæðismálalöggjöfin var sett í tíð stjórnar Ólafs Thors. En því miður hefur raunin orðið sú, að við þau fyrirheit, sem þá var ætlunin að framfylgja, hefur af síðari valdhöfum og fjármálastjórninni ekki ætíð verið staðið.

Ég sé litla till. frá hv. 5. landsk. þm. um styrk til þess að gefa Íslendingum, sem vinna við erlend sendiráð, og fjölskyldum þeirra, kost á því að koma til landsins öðru hvoru, á þriggja ára fresti, hygg ég vera. Ég tel, að þessi till. sé sanngjörn. En í því sambandi vil ég hreyfa máli, sem kannske sumum finnst hégómamál, en er þó að mínu viti ekki svo, og það er, að ég tel, — ég á hægara með að stinga upp á því nú, vegna þess að ég er í andstöðu við hæstv. ríkisstj., — að ég tel, að það væri til mikilla bóta, ef ríkisstj. hefði yfir að ráða einni laxá til þess að gefa erlendum gestum og þá ekki sízt erlendum sendimönnum, sem hér dveljast, kost á því að fara til veiða. Sannleikurinn er sá, sem við megum ekki loka augunum fyrir, að land okkar er fámennt, þjóðin lítil og þeir menn, sem hér dveljast sem fulltrúar frá öðrum löndum, hafa ekki jafnmikið við að vera af heimsins gæðum og víðast hvar annars staðar. Flestir af þessum mönnum eru hneigðir til útilífs og til veiða. Það tilheyrir þeirra uppeldi frá æsku, að þeir eru vandir við þetta, jafnvel meira en við ýmsir Íslendingar, og þess vegna þykir þeim meira til koma að eiga kost á slíkum veiðum og dvöl þar nokkra daga heldur en menn í fljótu bragði skyldu ætla. Eins er enginn vafi á því, að erlendir fyrirmenn, sem hingað koma, og marga fýsir að koma, þótt þeir hafi enn ekki átt þess kost, — við skulum segja utanríkisráðherrar stórveldanna, sem Íslandi gæti orðið stórmikið gagn af, ef hingað kæmu og kynntust nokkuð landshögum, — þeir mundu frekar gera það og dveljast hér, þótt stuttan tíma væri, ef hægt væri að gefa þeim kost á slíkum veiðum, þótt ekki væri nema stuttan tíma. Mér er þeim mun hægara að tala um þetta, sem ég er sjálfur algerlega frábitinn veiðimennsku og mundi ekki leggja stund á það, þótt ég ætti þess kost. En ég hef séð, að þarna hefur verið vöntun. Ég hygg, að ríkisstj. hafi á sínum tíma, á fyrstu stríðsárunum, átt nokkurn kost á þessu, en það síðan lagzt niður. Ég tel það illa farið og það sé ekki um svo mikið kostnaðaratriði að ræða, að í allri þeirri eyðslusúpu, sem nú er fyrir hendi, ætti að taka þetta til athugunar, enda er það vitað mál, að eitt fyrirtæki hér, Samband ísl. samvinnufélaga, hefur eina eða tvær laxár með miklum og glæsilegum aðbúnaði til risnu fyrir þá gæðinga, sem því fyrirtæki eða vildarmönnum þess þykir henta að sýna sérstaka greiðasemi. Ég veit það, að hæstv. fjmrh., sem þar er mikill ráðamaður, gerir það áreiðanlega ekki af neinni útspilunarsemi að halda uppi þeim veglegu útlátum, sem þar eru í frammi höfð, heldur vegna þess, að hann telur fyrirtæki það, sem hann er settur til að veita forstöðu, hafa af því hag, þótt óbeinn sé. En ef eitt verzlunarfyrirtæki, jafnvel þótt stórt sé og fær ávenjulegan gróða öðru hvoru, eins og 15 millj. kr. okurgróðann í fyrra, sem hæstv. ríkisstj. lét þetta fyrirtæki fá, — ef eitt slíkt fyrirtæki getur haft eina eða tvær laxár í þessu skyni, þá ætti ríkinu ekki að vera það ofvaxið. Og sérstaklega vil ég nú beina því til þeirra hv. þm., sem ráðgera að samþykkja að taka áfengi úr opinberum veizlum, en hv. 1. þm. Eyf. taldi, að það mundi einkum bitna á útlendingum og þess vegna vera utanríkismál, að vísu mundi það þessum mönnum vera mikil bragðbót, ef þeir fengju að fara á laxveiðar í staðinn, ef þeir fengju engar áfengisveitingar lengur, þegar þeir heimsæktu hæstv. ríkisstj.

Ég tel rétt að hreyfa þessu hér. Þetta er ekki eitt af stórmálunum, en þó þess eðlis, að ég tel rétt, að á það sé drepið.

Þá vil ég benda á það, að nú er áætluð allstór upphæð í fjárlagafrv., ég hygg 13½ millj., til ráðstöfunar nánast óbundið fyrir hæstv. ríkisstj. til atvinnubóta. Það kom fram í umr. hér í gær, að við sjálfstæðismenn lögðum á það mikla áherzlu, meðan við vorum í ríkisstjórn, en hæstv. þáverandi og núverandi fjmrh. stöðvaði það, að sett yrði 5 manna þingkosin n. til þess að úthluta slíkum fjárveitingum. Þá hafði hæstv. fjmrh. ekki á móti því, að sjálfstæðismenn hefðu nokkur ítök í úthlutuninni, en það voru mennirnir úr flokknum með langa nafninu, Sameiningarflokki alþýðu, Sósialistaflokknum, sem ekki máttu þar nærri koma. Nú eiga þeir eftir þessari till. að hafa sín áhrif, en við sjálfstæðismenn sennilega engin. En það er í fullu sam-

ræmi við það, sem við áður töldum og eitt er rétt og sanngjarnt, að þegar svona stór upphæð er veitt af þinginu, sé það þingnefnd, þar sem hlutföll þingflokka komi rétt fram, eftir því sem hlutfallstala nær til, sem ráði úthlutuninni. Ég tel því, að það sé mjög mikilsvert, að bætt verði inn, að 5 manna þingkjörin n. úthluti þessu fé, en ekki ríkisstj., og ég segi það ekki af sérstöku vantrausti á hæstv. núverandi ríkisstj., þó að það sé ærið, heldur vegna þess, að ég hef talið, taldi áður og tel enn, að sá háttur sé betri og hæfilegri, sem ég nú nefni, heldur en sá, sem ráðgerður er í frv.

Það hafa verið boðaðar sérstakar sparnaðartill., og um þær verður náttúrlega að taka ákvörðun, þegar þær liggja fyrir, en ég vil benda nú þegar á tvennt, sem ég tel að mjög miklu máli mundi skipta.

Annað er það, að það er höfuðnauðsyn að setja löggjöf um sjálft stjórnarráðið og starfsemi þess, og ég tel langeðlilegast, að slík löggjöf væri sett eftir till. frá mþn., sem kosnir væru í 5 menn hlutfallskosningu í Sþ. Það er ekki heppilegt, eins og verið hefur, að við hver stjórnarskipti sé sjálfu skipulagi stjórnarráðsins meira og minna umturnað. Það væri miklu heppilegra, ef flokkarnir, allir þeir, sem líklegt er að um sinn hafi einhver veruleg áhrif, hvort sem þeir eru utan eða innan stjórnar á hverjum tíma, kæmu sér saman um það, hvert fyrirkomulag hins æðsta fasta stjórnvalds í landinu ætti að vera. Það var sett löggjöf um þetta efni 1904, þegar stjórnin varð innlend. Sú löggjöf er fyrir löngu orðin úrelt og algert brotasilfur. Niðurstaða seinni ára hefur verið sú, að hver ráðh., sem vildi gera sig sætan í augum tiltekinnar stéttar, hefur stofnað ráðuneyti yfir hennar málum með sérstökum mönnum og sérstökum skrifstofustjóra. Ef það hefur þótt erfitt að veita skrifstofustjóra embætti, hefur ráðuneyti verið skipt í tvennt til þess að geta komizt hjá því óþægilega vali, sem verður þó það minnsta, sem stjórnendur verða að gera, að velja á milli tveggja manna í aðeins eitt embætti. Til þess að verðlauna enn sérstaklega þá, sem í náðinni eru hjá ráðh. hverju sinni, hefur verið fundið upp á því að hafa deildarstjóra í ráðuneytum, mjög eftir tilviljun og geðþekkni hvers um sig. Allt þetta bákn, stjórnleysisbákn, sem á að stjórna öðrum, hlýtur að leiða til miklu meira loss í allri framkvæmdastjórn ríkisins en menn í fljótu bragði gera sér grein fyrir. Ef menn sjá, að í sjálfri hinni æðstu stjórn er fullkomið los og hver ráðh. breytir til og hagar eftir því, sem annaðhvort persónuleg geðþekkni hans eða flokkshagsmunir réttir eða ímyndaðir segja til um, þá hlýtur það að hafa áhrif í gegnum allt stjórnkerfið. Það er gömul regla, sem á við ekki síður um þetta en annað, að eftir höfðinu dansa limirnir, og það er enginn vafi á því, að sú óhæfilega aukning ríkisbáknsins, sem allir tala öðru hvoru um, en hefur farið vaxandi og það án tillits til þess, hverjir hafa verið við stjórn núna síðustu tvo, þrjá áratugina eða lengur, á ekki sízt rætur sínar að rekja til þeirrar lausungar, sem hefur verið í sjálfu stjórnarráðinu og á hinni föstu stjórn þar. Með þessu er ég ekki að færa að neinum tilteknum manni þar. Ég vil taka það fram, að allir þeir, sem ég hafði þar samvinnu við, reyndust mér hinir prýðilegustu menn og á þann veg, að ég kann ekki nema allt gott um þá að segja. En því aðeins er hægt að bæta um, að menn læri af reynslunni, og ég er sannfærður um, að þetta atriði er eitt þeirra, sem mikla þýðingu geta haft.

Enn fremur vildi ég benda á eitt áhrifaríkt atriði, og það er það, ef sett yrði í fjárl., að allar umframgreiðslur væru óheimilar, nema samþykki allrar ríkisstj. kæmi til. Eins og verið hefur undanfarið, hefur fjmrh. talið sér heimilt að hafa þær umframgreiðslur, sem honum þóknast, án þess að spyrja kóng eða klerk, ef svo má segja, og jafnvel án þess að gera grein fyrir því fyrr en eftir dúk eða disk. Þvílíkt sjálfræði einstaks ráðh. til þess að fara sínu fram um fjármál ríkisins kann ekki góðri lukku að stýra og á verulegan þátt í þeirri mjög miklu og óhæfilegu þenslu, sem orðið hefur.

Á meðan ég þekkti til, var það svo, að bráðabirgðalög voru ekki gefin út, nema öll ríkisstj. væri sammála um þá lagasetningu. Fjárveitingar umfram fjárl. eru í raun og veru í eðli sínu ekkert annað en bráðabirgðafjárlög, og þess vegna er það engin ósvinna eða lítilsvirðing á fjmrh. sem slíkum, þó að hann um sín embættisstörf verði í þessu að lúta sömu reglum og aðrir ráðh., sem ekki mega breyta lögum skv. viðtekinni reglu, þó að þeir megi gera það eftir stjórnarskránni, nema með samþykki sinna samráðherra.

Þetta eru þau einstök atriði, sem ég vildi skjóta fram á þessu stigi. Eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, er frv. svo illa úr garði gert, að það er ekki hægt að segja, að þetta sé eiginlega 2. umr. Menn vita ekkert enn þá, hvernig fjárlagaafgreiðslan í heild er hugsuð, og þess vegna er ekki tímabært að bera fram brtt. fyrr en lengra er komið, og áskil ég mér rétt til þess að gera það við 3. umr., en vildi nú þegar hreyfa þessum atriðum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 165, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla að fá að segja nokkur orð í tilefni af eldhúskafla þeirrar ræðu, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) var að flytja hér áðan, þ. e. a. s. þeim kafla ræðunnar, sem hann flutti hér fyrir kaffihléið, en áður en ég vík að málfærslu hans þá, vil ég aðeins minnast á tvö eða þrjú atriði af því, sem hann tók fram nú eftir kaffihléið.

Það er þá fyrst, að það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði, og stafar sjálfsagt af misgáningi, að Samband ísl. samvinnufélaga hafi laxár á sínum vegum. Hefur því aldrei neitt komið til minna kasta sem stjórnarnefndarmanns í Sambandinu að ákveða eitt eða annað um það, hvort slíkt væri heppilegt eða ekki.

Þá vil ég taka eftirfarandi fram út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði varðandi úthlutun atvinnuaukningarfjár: Hann sagði, að það hefði verið áhugamál sjálfstæðismanna, að úthlutun

atvinnuaukningarfjár gæti farið fram þannig, að sem flestir þingflokkanna ættu þar fulltrúa. Ég segi það alveg hiklaust, að ég varð ekki var við þann áhuga hjá sjálfstæðismönnum fyrr en hillti undir það, að þeir ættu að fara úr ríkisstj. Og ég vil upplýsa það í þessu sambandi, vegna þess að hv. þm. var að tala hér eins og einhver sérstakur sanngirnispostuli að þessu leyti og eins og það hefðu verið aðrir vondir menn, sem hefðu komið því til leiðar, að stjórnarandstæðingar hefðu hér á árum áður ekki verið kvaddir þarna með eða í önnur efni hliðstæð, þar sem um stórar ákvarðanir væri að ræða, að það var alveg sérstök krafa Sjálfstfl., að stjórnarandstæðingar t. d. kæmu ekki til greina í innflutningsnefnd, þar sem þó eru teknar einhverjar veigamestu ákvarðanir.

Hitt er svo annað mál, að þegar sjálfstæðismenn eru komnir í stjórnarandstöðu, þá finnst þeim þetta vera skakkt og vilja hafa það öðruvísi. Ég er ekki að segja, að mönnum sé ekki leyfilegt að skipta um skoðun, en það er dálítið óviðkunnanlegt, þegar þeir, sem hafa svona forsögu að baki sér, eru að koma fram eins og einhverjir sérstakir sanngirnispostular, en það hafi staðið á öðrum að sýna þá sanngirni, sem þeir hafi endilega viljað koma við.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að fjmrh. hafi á undanförnum árum tekið sér vald til þess að ákveða umframgreiðslur einn út af fyrir sig.

Þetta er nú ekki alveg rétt, því að yfirleitt hefur það verið þannig, að umframgreiðslur eru að heita má aldrei inntar af höndum nema eftir kröfu annarra ráðuneyta. Það eru þau, sem sækja á um að fá umframgreiðslurnar, því að útgjaldabálkurinn heyrir yfirleitt undir þeirra umsjón, og þess vegna er það venjulega þannig, að það eru a. m. k. tveir ráðherrar, sem eiga hlut að umframgreiðslum. Annars væri ég ekki á móti því, að það væri erfiðara en nú að fá umframgreiðslur, og t. d. hefði þessi hv. þm., sem hér var að tala, 1. þm. Reykv., áreiðanlega haft gott af því að hafa meira aðhald en hann gat haft frá fjmrn. einu um það að stofna ekki til umframgreiðslna, þegar hann var ráðh. Ég held það séu engar ýkjur eða neitt purkunarlaust, þó að það sé sagt, að ég hef a. m. k. fáa ráðh. þekkt, sem hafa verið ýtnari við að auka útgjöld á öllum sviðum en þessi hv. þm., bæði heimil og óheimil, og í mörgum greinum staðið fyrir því að efna til útþenslu í ríkisrekstrinum.

Ég sagði, að ég hefði kvatt mér hljóðs vegna þeirrar dæmalausu ræðu, sem hv. þm. flutti hér fyrir kaffihléið. Ég mun ekki í þessum umr. þreyta mikið kappræður við menn og því síður fara að svara hér málþófsræðum. En þar sem þessi hv. þm. mun eiga að heita eins konar forustumaður stjórnarandstöðunnar, vil ég sýna honum þann sérstaka sóma að svara fáeinum orðum strax því almenna, sem hann beindi að mér sérstaklega. En eins og hv. þm. heyrðu, var sá hluti ræðu hv. þm. botnlausar, sundurlausar, rakalausar skammir og svívirðingar og brigzl, og er þá sízt ofsagt um innihald ræðunnar. Og svo á þetta að heita forusta stjórnarandstæðinga. Þá er von á góðu eða hitt þó heldur úr þeim herbúðum, þegar þetta á að heita liðsoddurinn. Það er ómögulegt að verjast þeirri hugsun, þegar maður hlustar á hv. þm., að hann missi óvart af munni sér margt af því, sem þaðan kemur og hann vildi í raun og veru alls ekki hafa sagt. Það er eins og eitthvert afl, sem hv. þm. hefur ekki vald á, mæli fyrir munn honum. Manni dettur stundum í hug, að hv. þm. sé einna líkastur hátalara, sem óvandaður strákur hefur náð í og noti til þess að senda mönnum tóninn. Ég er alveg hissa á málflutningi hv. þm., og ég býst við, að svo sé um fleiri.

Hann þrástagast hér á því, að þessi eða hinn hafi sagt ósatt eða flutt beinar blekkingar o. s. frv., og í raun og veru er þetta aðalefni í ræðum hv. þm. Ég ætla að nefna hérna aðeins þrjú örlítil dæmi um málflutning hv. þm. sjálfs.

Eitt af því, sem hann sagði, var, að ég hefði farið upp á Akranes og fyrirskipað Akurnesingum, hvern þeir skyldu kjósa þar til forustu í bæjarmálunum. Ég hefði gefið út fyrirskipun um það til Akurnesinga, sagði hv. þm. Hann kom að þessu tvisvar í ræðu sinni. En hvað var það, sem gerðist. Ég sagði það í hófi, sem haldið var á Akranesi til að fagna þar mikilli framkvæmd, að Akurnesingar hefðu borið gæfu til að velja sér formann í bæjarmálum mann, sem sækti af álíka kappi málefni þeirra fyrir bæinn eins og þeirra beztu formenn sæktu sjóinn. Þetta var það, sem ég sagði, og ekkert annað um þennan forustumann bæjarmálanna á Akranesi. Hv. þm. segir mönnum það svo hér, að ég hafi fyrirskipað Akurnesingum, hvern þeir skyldu kjósa, — fyrirskipað, og tvítók þetta.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði hótað að beita fjárkúgun, — ég hefði hótað því hér í þingsölunum að beita fjárkúgun. Ég held, að hann hafi tvítekið þetta líka, og mér er sagt, að hann hafi sagt þetta einnig í gær. Honum þykir þetta svo snjallt: að ég hafi hótað því að beita fjárkúgun, hótað því, ef tiltekinn þm. leyfði sér að halda fram sjálfstæðri skoðun. Þetta segir hann við ykkur hér, sem heyrðuð, hvað gerðist. Það, sem gerðist, var, að við hv. 1. þm. Rang. deildum um tiltekið atriði. Ég sagði, að úthlutun atvinnuaukningarfjár færi fram af hendi ríkisstj., en hv. 1. þm. Rang. sagði, að þetta væri rangt. Þá kallaði ég fram í fyrir hv. þm. og sagði, að það borgaði sig ekki fyrir hann að halda þessu fram. Allir vissu, hvað var að gerast. Ég var að vara þm. við því að halda því fram, sem rangt var, vegna þess að það mundi koma honum í koll. En þetta segir hv. 1. þm. Reykv. að hafi verið hótun til þm. um fjárkúgun fyrir það að halda fram sjálfstæðri skoðun. Þetta segir hann ykkur, sem heyrðuð þetta. Hvernig mundi þessi hv. þm. segja frá því, sem ekki væri hægt að sannreyna?

Það er svo mál út af fyrir sig, að ekki getur þessi hv. þm. hugsað sér neitt tjón nema fjárhagslegt tjón. Ekki getur hann hugsað sér, að þessi aðvörun mín gæti átt við nokkuð annað en einhvern fjárhagslegan skaða. Það gat ekki verið, að honum dytti í hug, að menn yrðu fyrir álitshnekki út af því að halda fram röngu máli. Nei, það hlaut að vera fjárhagslegt, sem hér var átt við, það hlaut að vera hótun um að beita fjárkúgun.

Þá er enn eitt lítið dæmi um það, hvernig þessi hv. þm. gerir mönnum upp orðin og svarar síðan, en um það eru svo mýmörg dæmi í máli hans, að ég minnist ekki að hafa heyrt annað eins á Alþ. Hann sagði, að ég hefði sagt við 1. umr. fjárl., að menn yrðu að ganga hægt um dyr framfaranna. En hvað sagði ég? Ég sagði, að menn yrðu að sækja skipulega fram um framfaranna dyr. Og hvernig lagði svo hv. þm. út af þessu, þegar hann var búinn að laga það til? Jú, það var vottur þess, hvað þessi hæstv. ráðh. er íhaldssamur, er á móti framförum og annað þar fram eftir götunum. Þetta er málflutningur í lagi. Hvað mundi svona maður leyfa sér af því, sem ekki er hægt að sannreyna?

Svo er það út af fyrir sig, að það skuli vera til formaður stjórnarandstöðu, sem ekki viðurkennir, að hér sé um ofþenslu í fjárfestingu að ræða. Það ber vott um það, hvern skilning þessi hv. þm. hefur á hlutverki sínu sem formaður í stjórnarandstöðunni. Hann telur, að hann beri enga ábyrgð og geti sagt hvað sem honum sýnist og þurfi ekki að taka neitt tillit til staðreynda. Það er eins og honum finnist það vera sérréttindi stjórnarandstöðunnar að tala svart og taka ekkert tillit til þess, hvernig ástatt er, enda er það raunar ekkert einkennilegt, þegar maður athugar, hvernig flokkur hans hagar sér í stjórnarandstöðunni.

Þá var það eitt af því, sem þessi hv. þm. bauð mönnum upp á, að segja, að stjórnarliðið, þ. e. a. s. hv. þm. stjórnarflokkanna, sem sátu hér fyrir framan hann og aftan og allt umhverfis, — við þá sagði hann, að þm. stjórnarflokkanna hafi ekkert fengið að fylgjast með ráðagerðum ríkisstj. um fjárlögin og efnahagsmálin. Hver einasti þm. stjórnarflokkanna, sem hér er og á þetta hlustar, veit, að þetta er ósatt. Hv. þm. veit sem sé ekkert, hvað hann er að segja, og hefur í þessu dæmi engin skilyrði til þess að vita það. Samt sem áður leyfir hann sér að fullyrða þetta upp í opið geðið á þeim, sem hér sitja allt umhverfis hann. Svo fyllir þessi hv. þm. allar sínar ræður af tali um ósannindi, sem hinir og aðrir haldi fram, blekkingar og annað þar fram eftir götunum. Ég held, að það væri ráð fyrir þennan hv. þm. að reyna að komast upp á hærra „plan“ í málflutningi sínum en honum hefur tekizt.

Ég skal ekki nefna fleiri dæmi um þetta. Ég vil svo aðeins benda á það út af þessum umr., að hv. þm. deildi mjög á mig og ýmsa fleiri fyrir, að fjárl. væru afgr. sér í lagi og útflutningssjóðurinn væri aftur hafður í öðru lagi. En ég verð að segja, að mig rekur ekki minni til, að sjálfstæðismenn væru nokkuð neyddir til þess að hafa framleiðslusjóðinn sér og fjárl. sér. Ég man ekki til, að um það væri neitt ósamkomulag. Ég man ekki til annars en það væri samkomulag um að hafa þetta hvort í sínu lagi, enda var það ekkert óeðlilegt, að þetta væri hvort í sínu lagi, því að það er auðvitað allt annað mál, hvaða ráðstafanir eru gerðar til þess að færa fjármagn frá þjóðinni yfir til atvinnuveganna, en hitt, hversu há ríkisútgjöld eru höfð.

Ég skal svo ekki hafa þessa ræðu miklu lengri. En ég vil þó minnast hér á einn þátt í málflutningi hv. þm. að lokum. Hv. þm. hafði hér hin mestu stóryrði við í garð ríkisstj. og í minn garð alveg sérstaklega út af því, að ég hefði leyft mér að gera ráð fyrir, að sjálfstæðismenn gerðu till. um það, hvernig ætti að afgr. fjárhagsmálin. Og hvað sagði hv. þm. um þetta atriði, sem er vitanlega kjarninn í öllu þessu máli, sem sé þetta, að hv. stjórnarandstæðingum er skylt að gera till. um það, hvernig afgr. skuli höfuðmálin, ef það á að taka alvarlega málflutning þeirra? Hann sagði m. a.: Hvar hefur hæstv. ráðh. verið, að láta sér detta aðra eins fjarstæðu í hug og það, að stjórnarandstæðingar geri till. um, hvernig á að afgreiða fjárhagsmálin? — Það má kannske segja, að það sé undarlegt, að mér skuli hafa dottið í hug, að Sjálfstfl. gerði þetta. Það má kannske segja það. En ég ætla að leyfa mér að halda því fram, að það sé ekki einkennilegt, að fram á þetta sé farið og á þetta sé bent, því að þetta er skylda stjórnarandstæðinga að gera. Hv. þm. sagði, að ég væri launaður til þess að gera till. Stjórnarstuðningsmenn og ríkisstj. munu líka gera sínar till. um þetta efni. En ég er ekki launaður til þess að gera till. fyrir stjórnarandstæðinga. Þeir verða að gera svo vel að gera sínar till. sjálfir og standa við sinn málflutning sjálfir. Ég á að gera till. fyrir ríkisstj., og það mun verða gert. Ríkisstj. mun gera sínar till.

Þá sagði 1. þm. Reykv. að lokum, að það sjái allir, að stjórnarandstæðingar geti ekki gert till., af því að þá vanti upplýsingar. Þeir hafa alveg sömu upplýsingar og stjórnarstuðningsmenn hafa um þessi mál.

Og hv. þm. sagði. meira. Hann lækkaði sig meira á flóttanum, því að hann sagði, að hv. stjórnarandstæðingar hefðu ekki þekkingu til þess að gera till. Þeir eru búnir að vera í stjórnaraðstöðu í 17 ár og eru nýlega farnir úr stjórninni. Þeir hafa aðgang að öllum sömu upplýsingum í fjvn. og annars staðar um fjármál ríkisins og annað og stjórnarstuðningsmennirnir. En samt heyrum við, að þeirra flótti er svo hraður, að þeir segjast ekki hafa upplýsingar og þeir segjast ekki hafa þekkingu til þess að gera till. um fjárhagsmálefni landsins. En þeir hafa þekkingu til þess að fella hvern sleggjudóminn öðrum þyngri um aðra og til þess að fella hvern sleggjudóminn öðrum þyngri um fjárhagsmálin yfir höfuð. Þá vantar ekki upplýsingarnar og þekkinguna. Halda menn, að það sé hægt að bjóða mönnum upp á málflutning af þessu tagi? Er hægt að hugsa sér aumari frammistöðu en þessa hjá mönnum, sem allt þykjast vita hversdagslega og öllu þykjast hafa ráðið undanfarið, að því er mönnum skilst? Ég held, að það sé ekki hægt, og það mun verða tekið eftir því, hvaða till. koma frá stjórninni eða stjórnarstuðningsmönnum um þessi mál, en það mun líka verða tekið eftir því um allt land og í þingsölunum, hvort það koma till. frá stjórnarandstæðingum eða ekki.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var eitthvað að tala um auma frammistöðu. Þegar þingið kom saman, lét hæstv. ríkisstj. þann boðskap út ganga: Við getum ekki gert

tillögur í efnahagsmálunum, við höfum ekki getað talað við stuðningsflokka okkar. — Svo situr þingið á þriðja mánuð. Það situr við það sama: Við erum ekki reiðubúnir til að gera tillögur í efnahagsmálunum, við erum ekki reiðubúnir til að gera heildartillögur um afgreiðslu fjárl., en við ætlum nú samt sem áður að gera það, við erum ekki alveg búnir að gefast upp. — Ef þetta er ekki aum frammistaða og svo aum, að það mun eftir henni verða tekið, þá skýtur eitthvað skökku við.

Það er ekki að furða, þó að inn í þessa 2. umr. fjárl. blandist almennar umr. um fjárhagsmálin og efnahagsmálin. Og þeir, sem muna eftir hinum háspenntu yfirlýsingum núverandi stjórnarliðs fyrir kosningarnar á s. l. ári um það, að nú ættu að koma ný úrræði í efnahagsmálunum, hverfa inn á nýja braut varanlegra úrræða, — þeir, sem muna eftir öllu þessu, eru ekkert undrandi yfir því, þó að stjórnarliðið sitji heldur dapurt nú við þessar umr. fjárl. og sé alls ekkert upplitsdjarft.

Jú, það var lofað nýjum tillögum í efnahagsmálum, varanlegum úrræðum. Það var byrjað á *því að festa kaupið að vissu leyti strax á síðastliðnu hausti*, um það bil eða skömmu áður en þing kom saman, og þessi stjórn ætlaði að hafa samvinnu um það við vinnustéttirnar í landinu, enda var hún stjórn hinna vinnandi stétta, eins og hún kallaði sig, og hún lofaði líka, að hún mundi tryggja vinnufriðinn.

Það samkomulag, sem gert var við stærstu verkalýðssamtökin í landinu, Alþýðusambandið, var bundið því skilyrði, að stjórn þessara stéttasamtaka mundi fyrst í stað ljá aðgerðum ríkisstj. fylgi, veita henni einhvern frest, meðan sæist, hvernig fram úr rættist, en það var þó eitt skilyrði, og það væri það, að við lausn efnahagsmálanna, þegar að þeim kæmi, mundu þessi samtök alls ekki fella sig við minnstu álögur til viðbótar í útflutningsuppbætur. Það var eitt af skilyrðunum, sem fram voru sett. Svo biðu menn átekta. Svo komu nýju tillögurnar og varanlegu úrræðin með jólagjöfinni: 200—300 millj. kr. nýjar álögur. Engar nýjar tillögur eða nýjar leiðir, hvað þá varanlegar, og skilyrðið, sem stjórn Alþýðusambandsins hafði sett fyrir fylgi *sínu við ráðstafanir ríkisstj., var alveg þverbrotið* og freklega farið út í nýjar álögur til þess að yfirfæra til útflutningsframleiðslunnar miklu freklegar en nokkru sinni áður. Þetta voru fyrstu efndirnar í efnahagsmálunum.

Og það var lofað að tryggja vinnufrið í landinu, og aldrei hafa verið fleiri verkföll, tíðari verkföll eða lengri en í stjórnartíð núverandi hæstv. ríkisstj., og það sem verra er, að þegar loksins hefur komið að því, að deilurnar hafa verið leystar, hafa þær verið leystar alveg með sérstökum hætti af núverandi hæstv. ríkisstj., með þeim hætti að dylja fyrir almenningi hina raunverulegu lausn málanna. Þær hafa verið leystar með þeim hætti, og ríkisstj. hefur vitað um, að sú lausn, sem hún beitti sér fyrir, hljóti að fela í sér bæði það, að menn gerðust sekir um skattsvik og gjaldeyrissvik. Ég hygg, að aldrei fyrr hafi alvarleg mál verið leyst í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna með slíkum hætti eins og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Hún ætlaði líka að endurskoða bankalöggjöfina. Það átti að koma alveg spánný bankalöggjöf í landinu. Við munum eftir því, að á síðustu dögum þingsins var breytt bankalöggjöfinni. Hvað var það, sem gerðist nýtt í sambandi við þá bankalöggjöf? Jú, það voru um það bil 13 ný embætti og stöður fyrir stjórnargæðingana, bankastjóraembætti og bankaráðsstörf. En hvar er nýja stefnan í bankamálunum? Hver hefur orðið var við hana? spyr ég. Ég sagði hér, þegar þessi mál voru rædd á s. l. þingi: Það er vísvitandi rangt, þegar stjórnarsinnar eru að bera okkur sjálfstæðismönnum á brýn, að við höfum misnotað okkar aðstöðu pólitískt innan bankanna. — En það var höfuðástæðan fyrir því, að það þyrfti að breyta bankalöggjöfinni og taka upp nýja stefnu. Alveg á sama hátt, eins og ég vitnaði til þess þá, að það hefðu aldrei orðið nein pólitísk átök milli þess banka, sem ég var bankastjóri í, og ríkisvaldsins annars vegar eða bankastjóranna innbyrðis, á sama hátt hefur nú heldur ekki orðið neinn pólitískur ágreiningur eða átök á milli bankastjóranna í bankanum, eftir að bankastjóraskipti voru, og ég kannast ekki við neina nýja stefnu, og mér þætti nokkuð merkilegt, ef einhver gæti lýst henni. Það eina, sem má segja að nokkurt nýmæli eða nýbreytni sé í því, er það, að gerð hefur verið tilraun til þess að gera seðlabankann að einhverju leyti — litlu leyti — sjálfstæðari en hann var áður, en þó með þeim hætti, að það er full og brýn nauðsyn að taka þá löggjöf og það atriði allt upp til nýrrar endurskoðunar, því að það er hvorki fugl né fiskur.

Þegar fjárl. komu fram í fyrra, var náttúrlega ekki mjög skemmtilegt að sýna fjárl., fjárl. stjórnar hinnar nýju stefnu og varanleg úrræði í efnahagsmálunum. Þau stórhækkuðu frá því, sem áður hafði verið. Og hvernig átti þessi nýja stjórn hinna vinnandi stétta, sem ætlaði að búa til nýja stefnu í efnahagsmálunum, nýja stefnu í fjármálunum, — hvernig átti hún að verja þetta fyrir almenningi í landinu? Höfuðvörnin kemur fram í því, að einum af fjvn.-mönnum, sem er nokkuð hnyttinn maður, datt í hug það, sem í raun og veru var fyndni: Ja, ef við ætlum að stökkva af bíl eða vagni, þá verðum við að stökkva fram með honum. Þetta er eðlislögmál. Við skulum bara halda áfram strikið út í meiri dýrtíð og meiri verðbólgu. Það er eðlislögmál. Þetta skilja allir. Stökkvum bara af vagninum og hlaupum bara áfram. — En þegar þetta eðlislögmál er fært inn í pólitíkina og stjórnmálin, verður það auðvitað hin versta háðung, og það er merkilegt, að þetta skildu ekki samflokksmenn þessa fyndna þm. og fjvn.-menn og settu þetta bara sem alvarlegt atriði í sameiginlegt nál. meiri hl. fjvn. frá því í fyrra. Þetta var afsökunin, sem hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðið í fyrra færði fyrir því, að hún hafði ekki fundið neina nýja stefnu og nýjar leiðir: Sá maður, sem bjargar sér út úr vagni, sem er á hraðri ferð, kemst ekki hjá því til þess að forða sér frá því að missa fótanna að

hlaupa fyrst í sömu átt og vagninn stefndi. — Mennirnir, sem voru búnir að segja: Það verður að stinga við fótum, það verður að hverfa frá þessari stefnu, sem nú er farin, fara inn á nýjar leiðir og varanlegar leiðir, — þeir leggja fram fjárl. og segja: Við skulum bara stökkva og helzt láta okkur alls ekki dragast aftur úr dýrtíðarvagninum. Og svo, eins og hv. 2. þm. Eyf. benti réttilega á í sinni ræðu: Nú er liðið heilt ár, og maður mætti ætla, að þeir séu nokkuð farnir að mæðast, þessir hlaupagarpar, því að þegar þetta nýja fjárlfrv. fyrir árið 1958 er borið fram, þá er áfram sama stefnan, stórkostlegar hækkanir frá síðustu fjárl., sem þá voru afsökuð, að þau væru svo há, af því að stjórnin væri nýbúin að taka við og yrði bara vegna eðlislögmálsins að halda áfram. Hvað ætlar stjórnin lengi að fylgja eðlislögmálinu í fjármálunum?

Nei, hafi ríkisstj. haft nokkra afsökun, þegar hún lagði fram fjárlfrv. fyrir 1957, þá er sú afsökun auðvitað ekki fyrir hendi lengur. Það er ekki vitnað heldur í þetta í nál. nú, að menn verði, ef þeir ætla ekki að missa fótanna, að passa sig að hlaupa nógu hart í kapp við dýrtíðarvagninn. Það er ekki vitnað í það, en allar aðgerðirnar bera þess vitni, að engin viðleitni er önnur hjá hæstv. stjórnarliði.

Það er víst ekki ofmælt, sem fram hefur komið í ræðu hv. 2. þm. Eyf., að meðferð og afgreiðsla fjárl. nú er alveg með einstökum hætti. Ég skal viðurkenna, að mér hefur um langan tíma fundizt, að meðferð fjármálanna yfirleitt og almennt í þinginu væri með öðrum hætti en vera ætti, og ég tel, að það sé komið of langt samkv. gamalli venju, að fjvn. í raun og veru sé sá hluti þingsins, sem nær eingöngu fjallar um fjármálin og meðferð þeirra, og aðrir þm., sem þar utan standa, telji yfirleitt, að á undanförnum árum hafi það færzt of mikið í þá átt, að þm. almennt létu of lítið til sín taka um meðferð og afgreiðslu fjárl. En fyrr má nú vera, þegar svo er komið, að jafnvel fjvn. sjálf er meira og minna höfð utan við afgreiðslu fjárl. og gersamlega a. m. k. sniðgenginn og hunzaður minni hl. fjvn.

Bara hin einföldu atriði, sem koma fram í meirihlutaáliti fjvn. nú og í fyrra, sýna auðvitað svipinn af þessu. Hv. frsm. meiri hl. sagði áðan, að það hefði ekki verið fyrr en á laugardaginn var, þá hefðu fyrstu ákvarðanir verið teknar í fjvn. í sambandi við þau málefni, sem fyrir henni liggja. (**Gripið fram í:** Mánudag.) Á laugardaginn voru fyrstu ákvarðanir teknar, eftir því sem ég tók eftir. Hvort það hefur verið á laugardag eða mánudag, þá skiptir það ekki aðalmáli, en hitt er aðalatriðið, að í þessu felst, að það er í raun og veru sáralítill undirbúningur af hálfu fjvn. til afgreiðslu málsins, sem nú er ætlazt til að afgreitt sé á örfáum dögum.

Þegar litið er á skýrslugerð meiri hl. fjvn., kemur það fram, að í fyrra heldur fjvn. 61 fund, áður en hún skilar þessu áliti, nú heldur hún 41 fund. Það eru sem sagt 50% fleiri fundir í fyrra en nú. Henni hafa nú borizt á þessum tíma — og vafalaust vegna þess, að það hefur ekkert bólað á henni og það hefur ekki bólað á afgreiðslu fjárl., og menn hafa ekki getað séð það fyrir — 350 erindi á móti 572 í fyrra, eða 222 fleiri. Á fundi n. nú hafa komið 46 utanþingsmenn, en 67 í fyrra, og það er sama sagan, það er næstum því 50% fleiri en nú.

Öllum er það ljóst og ekki síður stjórnarliðinu, að það hefur algerlega verið kastað höndunum til afgreiðslu þessa máls, og maður furðar sig á því, að ríkisstj., sem afsakar sig í upphafi þings með því, að hún geti ekki látið fylgja fjárlfrv. neina grg. eða áætlanir um heildarafgreiðslu þeirra, vegna þess að hún hafi ekki haft samráð við sína samflokksmenn eða stuðningsmenn, skuli nú eftir á þriðja mánuð koma og geta þá ekki gert grein fyrir því, að eftir það samráð, sem hún hafi haft við sína stuðningsmenn, muni hún taka þessa eða hina stefnu varðandi heildarafgreiðslu fjárlaga.

Og það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að hér er algerlega gengið á snið við þingsköpin með þessari meðferð mála og er í fyllsta máta óþinglegt, því að þegar á að hafa þrjár umr. um mál, þá er forsendan fyrir því, að hægt sé að segja, að mál sé rætt við 3 umr., að meginatriði málsins liggi fyrir strax við 1. umr. En hér er það svo, að meginatriði málsins eiga að ræðast við lokaumr., við 3. umr. málsins, og þá er ekki uppfyllt það ákvæði þingskapa, að 3. umr. fari fram um mál.

Þetta er þess eðlis, eins og ég hef áður sagt hér í þinginu, að það væri miklu nær, að hæstv. núverandi ríkisstj. tæki upp þann hátt að bera fram fjárl. í lok þingsins, en ekki í upphafi þings, og a. m. k. mundi háðung og smán stjórnarliðsins verða minni af þeirri meðferð málsins heldur en af hinu að leggja fram eitthvert slitur, sem kallað er frv. til fjárl., í upphafi þings og koma svo eftir á þriðja mánuð og hafa þá í raun og veru engu við að bæta. Þetta er áreiðanlega einsdæmi í þingsögunni og áreiðanlega vinnubrögð, sem mjög verður tekið eftir meðal almennings í þessu landi.

Hæstv. fjmrh. ræddi nokkuð almennt um efnahagsmálin. Veigamesta yfirlýsingin í ræðu hæstv. fjmrh. var sú, að hann taldi, að nú væri ekki nema um tvennt að gera: að afla nýrra tekna eða taka út útgjaldaliði. Ég bið hv. þm. um að taka eftir: Það var ekki verið að tala um að fella niður útgjöld eða draga úr útgjöldum, heldur var það beinlínis orðað þannig, að það ætti að taka út útgjaldaliði. Hvað felst í því? Hæstv. fjmrh. sagði þetta, eftir að hann hafði verið inntur eftir því af hv. 2. þm. Eyf., hvort meiningin væri að kippa út úr fjárl. einhverjum útgjaldaliðum eins og niðurgreiðslum í sambandi við dýrtíðina, sem ef til vill ætti svo eftir að skjóta aftur inn í aukafjárl., sem hæstv. sjútvmrh. á svo víst heiðurinn af að bera fram í þinginu, en víst ekki fyrr en eftir bæjarstjórnarkosningar.

Og svo leyfir hæstv. fjmrh. sér að segja: Af hverju hafa ekki sjálfstæðismenn af sinni hendi látið koma fram tillögur, hvernig afgreiða beri fjárlög? Við búum við það stjórnarfar og þá stjórnskipun í okkar landi, að til þess eru ríkisstjórnirnar og ráðherrarnir að hafa forustu og forgöngu um tiltekna málaflokka. Og það er meginskylda fjmrh. að leggja fyrir þingið frv. til fjárl. og till. þær, sem ríkisstj. hefur að gera

um afgreiðslu þessara mála. Stjórnarandstaðan getur síðan tekið afstöðu til þessa máls, verið með eða móti tillögunum og markað á grundvelli þess, sem fram hefur komið, sjálfstæðar tillögur, ef verkast vill. Þó er það rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að í sumum öðrum löndum, sem byggja á sömu stjórnarskipun og stjórnarfari og við, hafa þm. ekki rétt til þess að bera fram till. til breyt. á fjárl. Það er svo rík skylda ríkisstj. sjálfrar, og þeim hæstv. fjmrh., sem ekki veit, hvernig á að afgreiða fjárl., ber skylda til eins samkv. okkar stjórnskipun, ef hann hefur ekki till. að gera um það, hvernig fjárl. eigi að vera, — þá hefur hann ekki nema eitt að gera, þá á hann að viðurkenna það, sem rétt er, að hann eigi ekki lengur að vera fjmrh., það eigi annar maður að koma og uppfylla þessa skyldu, sem á honum hvílir, ef hann ekki getur gert það sjálfur. Það þýðir ekkert að hrópa framan í stjórnarandstöðuna, eins og þessum málum er komið, og segja: Komið þið með tillögur, segið þið mér, hvernig á að afgreiða fjárl.

Þetta lagði ráðh. verulega mikla áherzlu á og nú aftur í sinni síðustu ræðu, og það er í samræmi við það, sem stjórnarsinnar hafa áður sagt og ekki sízt blaðakostur stjórnarliðsins: Ja, hvar eru till. sjálfstæðismanna í efnahagsmálunum og í fjárl.? — En þessu hygg ég að menn verði að gera sér fulla grein fyrir, að það fær með engu móti staðizt, að einn fjmrh. í landi, sem býr við þá stjórnarskipun, sem við búum við, geti ætlazt til þess, að stjórnarandstaðan segi honum, hvernig hann eigi að afgreiða fjárlög.

Það er þess vegna tilgangslaust að reyna að snúa þessu máli, þegar vandræðin og úrræðaleysið er jafnmikið og það er, — snúa því á þann vettvang, að það sé komin röðin að því, að sjálfstæðismenn geri tillögur um afgreiðslu fjárl. og hvernig heildarsvipur þeirra eigi að vera.

Stjórnarliðið ætlar ekki að gera till. um afgreiðslu fjárl. fyrr en í allra síðustu lög. Það gerir ekki till. um nýju leiðirnar í efnahagsmálunum. Það er byrjað að skrifa um það, eins og kunnugt er, af ráðunautum þeirra, eins og fram hefur verið tekið, að eina leiðin sé gengislækkun, en þeir ætli ekki að bera fram till. um gengislækkun. Nei, framsóknarmenn og hæstv. fjmrh. sem oddamaður í fjármálunum hefur aldrei haft áhuga fyrir því að bera fyrst fram till., sem óþægilegt er að bera fram. Framsfl. hefur jafnan haft þann háttinn á að hlaupa úr ríkisstj. rétt fyrir kosningar og segja þá sem svo: Ja, ekki ber ég ábyrgð á neinu af því, sem í þessu og þessu tilfelli er óþægilegt og óvinsælt hjá hinum almenna borgara og kjósanda í þessu landi. Ég gat ekki lengur setið í þessari ríkisstj. og varð að rjúfa stjórnina, og það er auðvitað fyrst og fremst samstarfsflokkurinn, sem ber ábyrgð á öllu. Við erum hvítu englarnir og syndlausu mennirnir á þessu sviði.

Hvað gerði Framsfl. 1949? Jú, hann rauf stjórnarsamstarfið þá við Sjálfstfl. og Alþfl. Auðvitað var þá ekkert honum að kenna af þeim mörgu málum, sem þá voru mjög umdeild og vafasöm. Það var ekki Framsfl. að kenna, biðraðirnar og vöruskorturinn í landinu, og það var ekki Framsfl. að kenna, það mikla haftakerfi, sem í skjóli fjárhagsráðs hafði þroskazt í þjóðfélaginu. Nei, nei, það var ekki Framsfl. að kenna. Hann fór úr ríkisstj., þvoði hendur sínar eins og Pílatus forðum. Og Sjálfstfl. myndaði svo minnihlutastjórn eftir kosningarnar, og það er rétt að rifja upp þá sögu, og Sjálfstfl. lagði fram, þegar hann var einn, þó að hann væri í minni hluta, till. til úrlausnar í efnahagsmálunum, viðreisnartillögur í efnahagsmálum landsmanna.

Hvernig brást Framsfl. við tillögunum? Jú, hann bar fram vantraust á Sjálfstfl. fyrir till. í efnahagsmálunum, gengislækkunina o. fl., og vantraustið var samþykkt. Og hvað gerði Framsfl. þá? Jú, þá myndaði hann stjórn með Sjálfstfl. Sjálfur hafði hann forustuna í þeirri stjórn til þess að framkvæma viðreisnartillögurnar í efnahagsmálunum, sem sjálfstæðismenn höfðu borið fram. Það var nóg, að sjálfstæðismennirnir voru búnir að eiga frumkvæðið að því að bera fram till. um gengislækkunina. Þá var það fram komið. En fyrst þurfti að samþ. á það vantraust og svo að taka að sér stjórnarforustu til þess að framkvæma þær till., sem felldar höfðu verið með vantrausti. Svona hundakúnstum í efnahagsmálum og fjármálum er Framsfl. alveg einstaklega laginn í, því að þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki það síðasta.

Á þessum árum, eftir 1950, eftir gengisfellinguna og aðrar þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar í efnahagsmálunum, skapaðist hér jafnvægi og festa um nokkurra ára skeið. Verðlag varð stöðugt í landinu, sparifjáraukningin varð gífurleg, nýr vöxtur færðist í sparifjármyndunina, sem varð grundvöllurinn undir meiri framkvæmdum á skemmri tíma en nokkru sinni áður hafa átt sér stað í okkar þjóðfélagi, og velmegun almennings varð meiri en nokkru sinni áður.

Sjálfur hefur fjmrh. lýst þessu glöggt á sínum tíma, meðan hann var í stjórnarsamstarfi við sjálfstæðismenn. Kommúnistar unnu auðvitað að því öllum árum að raska þessu jafnvægi í efnahagslífinu, sem skapað hafði verið fyrir frumkvæði sjálfstæðismanna, og hæstv. fjmrh. lýsti því mjög greinilega hér á sínum tíma í þingsölunum, hvernig kommúnistum, eftir að þeir hefðu fengið forustu í verkalýðssamtökum landsins, tókst með verkfallinu langa 1955 og öðrum kaupkröfum að raska jafnvæginu, sem verið hafði og Sjálfstfl. hafði átt frumkvæðið að á undangengnum árum í efnahagslífi landsmanna. Þessu lýsti hæstv. fjmrh. mjög greinilega á sínum tíma. Nú er hann farinn að umskrifa hina pólitísku sögu, og menn hafa heyrt það á síðustu tímum: Ja, þetta var nú eiginlega ekki kommúnistunum að kenna, sem voru þó mjög útmálaðir á sínum tíma af hæstv. fjmrh., heldur var það fjárfestingaræðinu að kenna, sem sjálfstæðismenn stóðu fyrir. Sjálfstæðismenn stóðu fyrir fjárfestingaræðinu, en framsóknarmennirnir fyrir framkvæmdunum.

Það er alveg á sama hátt eins og þegar hæstv. fjmrh. og flokkur hans hefur hælt núverandi hæstv. fjmrh. hvað mest fyrir það að skila góðum fjárhag ríkissjóðs, miklum greiðsluafgangi. Þá var það á sama tíma sem við sjálfstæðismenn vorum skammaðir fyrir það að hafa beitt okkur

fyrir því, sem við ekki gerðum umfram aðra flokka, að flytja inn bíla til landsins, sem mikil þurrð hafði verið á, til þess að afla aukatekna, svo að togaraútgerðin gæti gengið í landinu. Á sama tíma, sem við vorum skammaðir fyrir þetta, þó að ég segi, að við höfum ekki átt um þetta tillögur umfram aðra flokka, hældi hæstv. fjmrh. og flokkur hans sér yfir greiðsluafgangi hjá ríkissjóði um 50 millj. kr., sem var aukatekjur ríkissjóðs af bifreiðainnflutningnum. Þarna var kristalliseruð fjármálaspeki hæstv. núverandi fjmrh.

Út af einstökum atriðum, sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh. í tilefni ræðu hv. 1. þm. Reykv. vil ég segja það, að þegar hann minntist á Akranesveizluna, var það auðvitað ekkert annað en hártogun hjá hæstv. fjmrh., að 1. þm. Reykv. hefði sagt, að hann hefði farið upp eftir til þess að gefa Akurnesingum fyrirskipun. Hv. 1. þm. Reykv. benti á, hversu óviðurkvæmilegt það hefði verið, að hæstv. fjmrh. sem gestur á Akranesi hefði notað aðstöðuna skömmu fyrir bæjarstjórnarkosningar til þess að gefa Akurnesingum ekki aðeins vísbendingu, heldur mjög ákveðnar tillögur um, hverjir það væru, sem þeir skyldu kjósa sem sína fyrirsvarsmenn í bæjarstjórninni. Og þó að hæstv. fjmrh. finni nú, að þetta var mjög ósmekklegt, verður ekki þetta af skafið, og allir vita, að veizluhöldin um síðustu helgi voru auðvitað tilbúin eingöngu vegna bæjarstjórnarkosninganna. Hvenær hefur það skeð um stórframkvæmd, sem er í smíðum, eins og sementsverksmiðjan, að það er haldið boð og veizla til að sýna hana, meðan hún er í smíðum og löngu áður en vígsluathöfn fer fram? Þá er verið að bjóða mönnum opinberlega í slík veizluhöld. Það er ekki aðeins að sýna sjálft fyrirtækið, heldur einnig að fá sér góðan málsverð á eftir. Sementsverksmiðjan varð auðvitað að vera með í leiðinni. Nei, sannleikurinn er sá, að hæstv. fjmrh. gerir sér grein fyrir, að menn sjá í gegnum þetta, að hann fer þar upp eftir ásamt öðrum ráðherra sem meðlimur í bankaráði Framkvæmdabankans, sem nokkra milligöngu hefur haft um þetta mál, og allt er þetta úthugsað áður í þeim tilgangi einum að reyna að misnota aðstöðu sína til þess að hafa áhrif á bæjarstjórnarkosningar, sem fram undan eru. Fram hjá þessu verður með engu móti gengið, og þegar þeim svo í þokkabót verður það á að kunna ekki það, sem almennt eru taldir mannasiðir í veizlum, eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., þá furðar mann ekkert á, að þeir séu nokkuð sárir, þó að þeir séu á það minntir.

Alveg á sama hátt fór hæstv. fjmrh., þegar hann fór að segja: Þó að ég kallaði fram í hjá þm. og segði: Það borgar sig ekki að halda þessu fram, — ja, þá meina ég ekkert með því. — En hæstv. fjmrh. verður að gera sér grein fyrir því, að það er ekki daglegur viðburður, að ráðherrar kalli fram í mál þm. og segi: Það borgar sig ekki fyrir þig að vera að tala. — Og ef hæstv. fjmrh. finnur ekki sjálfur, hvílík frekja þetta er og hvílíkur dónaskapur, þá held ég, að hann sé búinn að vera of lengi í jafnábyrgri stöðu eins og ráðherrastöðu og ætti að reyna að fá sér svolitla hvíld frá því, því að það skortir þá á, að hann kunni í þeirri stöðu að temja sér þá hæversku, sem eðlileg er. Eftir á, þegar menn verða varir við yfirsjónir sínar, má náttúrlega koma og með öllu móti draga úr þeim og segja sem svo: Ja, ég meinti ekkert með þessu annað en allt annað en ég sagði. En sannleikurinn var sá, að ráðherrann var mjög ákveðinn í máli sínu og dró ekkert úr áherzlunum um, að það borgaði sig ekki fyrir þm. að vera að tala í þessu máli og hann skyldi bara hafa sig hægan.

En það er ekki aðeins, að hæstv. fjmrh. sé orðinn nokkuð uppbelgdur í seinni tíð, heldur er það á miklu fleiri sviðum þjóðfélagsins, að menn verða varir við það, að ýmsir teljast vera orðnir miklir menn og miklir riddarar í þessu þjóðfélagi í skjóli þess stjórnarvalds og þeirrar ofstjórnar, sem við búum við. Það er æ að tíðkast meira og meir, að hinir og þessir fylgifiskar hæstv. ríkisstj. úti um land setji sig upp á háan hest. Það er sagt við opinberar stofnanir sem aðra: Ef þið ekki gerið eins og ég segi, þá klaga ég bara fyrir í þessu tilfelli fjmrh., hinu tilfelli fyrir félmrh. — Ég hef nýlega séð bréf, sem einum sparisjóði þessa lands hefur verið skrifað af einum kaupfélagsstjóra þessa lands. Það væri fróðlegt, að þm. fengju að kynnast þeim tóni, þeim gorgeir og þeim rembingi, sem er í slíku bréfi eins og þessu. En það, sem á bak við stendur, er þetta, og það er það, sem byggir upp gorgeirinn, það er það, að ef ekki sparisjóðurinn fer að eins og lántakandanum líkar, ja, þá skal ég bara kæra þig fyrir fjmrh. Og það er dálítil von, að þeir espist svolítið upp, þessir smákóngar úti á landinu, hin nýja stétt, þessir ungu kaupfélagsstjórar, sem eru að sínu leyti ekkert ólíkir hinni nýju stétt hjá Kremlverjum, — það er von, að þeir espi sig upp, þegar þeirra forustumenn gera sig seka um annan eins ruddaskap, frekju og dónaskap og hér kom fram í fari hæstv. fjmrh. á þingfundi í gær.

Hæstv. fjmrh. sagði, að 1. þm. Reykv. hefði farið algerlega rangt með, því að hann hefði haft það eftir sér, að það ætti að ganga hægt um dyr framfaranna. Svo segir hæstv. fjmrh.: Ég sagði bara alls ekki, að það ætti að ganga hægt um dyr framfaranna, ég sagði, að það ætti að ganga skipulega um dyr framfaranna. — Jú, jú, það getur vel verið, að orðalagið hafi verið þetta. En hvenær var þetta orðalag viðhaft, að það ætti að ganga skipulega um dyr framfaranna? Eftir það að hæstv. fjmrh. í ræðu sinni er margbúinn að ítreka það og leggja á það megináherzlu, að það hafi verið framkvæmt allt of mikið á of skömmum tíma. Þetta gengur ekki lengur, við verðum að ganga skipulega um dyr framfaranna, við höfum farið allt of hart. Er rangt að leggja þetta út þannig, að hæstv. ráðh. hafi meint: Við verðum að ganga hægar um dyr framfaranna? Rétt þegar hann er að sleppa orðinu og finna að hv. 1. þm. Reykv. fyrir, að hann hafi rangfarið með mál sitt, segir hann svo: Það er undarlegt, að þessi hv. þm. skuli ekki viðurkenna ofþensluna í þjóðfélaginu. Þeir, sem viðurkenna ofþensluna og eru sí og æ að vara við henni, eru líklega mennirnir, sem vilja, að menn fari hægar en áður var farið, fari hægt um framfaranna dyr.

Því hefur verið haldið hér fram, að stjórnarliðið muni ekki hafa fengið miklar upplýsingar um ráðagerðir ríkisstj. í efnahagsmálunum og till. um heildarafgreiðslu fjárlaga. Ja, ég spyr. Vita hv. þm. stjórnarflokkanna, hvernig á að afgreiða fjárlögin? Hver verður endanleg heildarafgreiðsla þeirra? Vita þeir, hvaða till. á að gera í efnahagsmálunum? Vita þeir, hvernig á að leysa vandræði útvegsins? Vita þeir það? Þeir vita þá meira en í fyrra, því að þá var það hæstv. menntmrh., sem var svo hreinskilinn að viðurkenna það, þegar frv. um útflutningssjóð var lagt hér fyrir þingið og okkur var gert að afgreiða það á 2 eða 3 dögum eða nóttum og við sjálfstæðismenn bárum okkur upp undan því og sögðum: Við höfum ekki þá sömu aðstöðu eins og stjórnarliðið í þessum efnum, því að við höfum engar upplýsingar fengið og fyrir okkur hefur ekkert verið lagt fyrr en nú, að ætlazt er til að við afgreiðum þetta á engum tíma, — þá sagði hæstv. menntmrh.: Stjórnarsinnarnir, þingmennirnir, hafa heldur engar upplýsingar fengið. Þeir hafa ekkert fengið meiri upplýsingar en þið og standa ekkert betur að vígi. — Og skyldi þessu vera mikið öðruvísi varið nú? Og svo loksins endaði hæstv. fjmrh. mál sitt á því, að það væri annað mál, fjárlögin eða efnahagsmálin. Ja, þetta er fjármálaspeki, sem er eðlilegt að menn furði töluvert á, þegar sjálfur hæstv. fjmrh. segir: Það eru allt önnur mál, fjárlögin og efnahagsmálin. — Og hvernig hæstv. fjmrh. getur í sjálfu sér rökstutt þetta, það held ég sé erfitt að skilja. Hitt vitum við, að það má búa til sýndarfjárlög í þjóðfélaginu, sem gefa enga hugmynd um þróun efnahagsmálanna og stefnuna í efnahagsmálunum, og að því hefur enginn stefnt öruggar en núverandi hæstv. fjmrh. En engu að síður verða þessi mál aldrei aðskilin, og jafnvel þó að þau séu flutt í tveimur frv., eru þetta greinar á sama meiðinum og hljóta eðli málsins samkvæmt að vera það, og það er hörmulegt, að hæstv. fjmrh. skuli gefa svo vanhugsaðar yfirlýsingar eins og þessar í þingsölum.

Eins og fram hefur komið, flytjum við sjálfstæðismenn ekki einstakar till. nú við þessa 2. umr. vegna þess, með hverjum hætti hún er, og þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það. En ég vil leyfa mér að hreyfa atriðum, sem ég tel að þurfi að taka til nánari meðferðar, áður en lýkur, og a. m. k. freista þess að fá lagfærðar frá því, sem nú er.

Í sumar, þegar íþróttavöllurinn í Laugardalnum var opnaður með fyrsta kappleiknum og ég flutti þar örstutta ræðu sem form. Laugardalsnefndar og tíundaði þar, að íþróttasjóður ætti vangoldnar svo og svo miklar upphæðir til leikvangsins, varð það tilefni þess, að hæstv. menntmrh. fór á stúfana í blöðunum og ég var lýstur ósannindamaður bara af því, sem ég hefði sagt í þessari ræðu, og eitthvað þaðan af verra. Sannleikurinn er sá, að það vita allir, að íþróttasjóður á stórkostlega vangoldnar greiðslur bæði til þessa mannvirkis og margra annarra, og það var fjarri því, að ég í minni ræðu væri í þessu efni að vega nokkurn skapaðan hlut að núverandi hæstv. ríkisstj., heldur tók ég það beinlínis fram í ræðu minni, að hér væri ekki um að sakast fremur við þessa ríkisstjórn en aðrar, sem á undan hefðu verið. En samt var mér borið á brýn, að ég hefði beinlínis verið að saka þessa ríkisstj. um einhverjar ávirðingar og þannig, að það hefði verið ósatt. Ég skal ekki nú rekja það mál lengra. En eftir þetta varð ég hissa, þegar kemur svo fjárlagafrv. og framlag til íþróttasjóðs almennt er lækkað úr 1.6 millj. niður í 1.3 millj. kr.

Það er virðingarvert, að fjvn. leiðréttir þetta í till. sínum og leggur til, að framlagið verði hækkað aftur upp í 1.6 millj. kr. Ég tel alveg nauðsynlegt að freista þess að fá þingið til þess að viðurkenna sérstaka fjárveitingu til íþróttaleikvangsins í Laugardalnum fyrir utan þessa 1.6 millj. kr., alveg á sama hátt eins og í fyrra, og það fyrst og fremst vegna þess, að hér er um að ræða aðalleikvang landsins. Hann á að vígjast á n. k. vori með almennu íþróttamóti íþróttamanna hvaðanæva af landinu og mun í framtíðinni verða aðalíþróttaleikvangur landsins. Hvort sem það eru þrjár eða á fjórðu millj. kr., sem íþróttasjóður á vangoldið í þessu mannvirki, þegar svo stendur á, og vígsla þess stendur fyrir dyrum og hér er um aðalíþróttaleikvang landsins að ræða, þá er ekki ofrausn að ætlast til þess, að nokkur aukafjárveiting verði sett í þetta mikla íþróttamannvirki, sem ég vona að eigi eftir að verða æsku þessa lands til mikillar uppbyggingar. Ég vildi a. m. k. mega vænta þess, að hæstv. menntmrh. mundi vilja standa við hlið mér og annarra, sem vilja styðja þetta mál, áður en yfir lýkur, og mér þykir ekki einskis vert í þessu sambandi, að æska þessa bæjar fái um það vitneskju og þá um þetta mál eins og önnur, áður en bæjarstjórnarkosningar fara fram, hvernig við slíku máli verður brugðizt. Ég skal nánar gera grein fyrir því við 3. umr. málsins.

Ég kem svo að húsnæðismálunum, þar sem 1. þm. Reykv. vék einnig að því, að við teldum nauðsynlegt að hækka framlagið til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis úr 4 millj. og upp í 12 millj. kr. Nú er ekki hægt að flytja um það till. á þessu stigi málsins a. m. k., að framlagið samkvæmt 16. gr. þeirra laga, sem nú eru, eins og þetta er í fjárlögunum, verði hækkað, nema gengið verði inn á að samþ. frv. okkar, en við 3. umr. má auðvitað bæta við þessar 4 millj. einhvers konar aukafjárveitingu, sem mundi þá standa í fjárl. til móts við það, sem meiri hluti þings síðar kynni að koma sér saman um að ákveðið væri um framlög í þessu skyni, áður en þingi lýkur.

Þá vil ég vikja nokkrum orðum að ábyrgðum ríkissjóðs, sem eru miklar og við höfum — tel ég — allt of litlar upplýsingar um. Það eru í ríkisreikningunum upplýsingar um það, en ég teldi alveg eðlilegt og sjálfsagt, að þm. fengju á hverjum tíma, þegar fjárlög eru lögð fram, vitneskju um, hversu miklar ábyrgðir ríkissjóðs eru og að hve miklu leyti ábyrgðir eru á það fallnar. Auk þess tel ég, að alveg á sama hátt og eðlilegt sé að setja aðra skipan á úthlutun atvinnuaukningarfjár, væri rétt að koma nýrri skipan á það, með hverjum hætti ábyrgðir eru teknar af hálfu ríkisvaldsins. Í þessum orðum

minum felst ekki ásökun um misferli í sambandi við ábyrgðir ríkissjóðs af hálfu núverandi hæstv. fjmrh., en það er ómögulegt að ganga fram hjá því, að þetta færist æ í vöxt, að ríkissjóður taki á sig æ meiri og meiri ábyrgðir, og ekki leyni ég því, að oft fær maður í eyra, að það sé misjafnlega greitt, misjafnlega auðvelt að sækja undir hæstv. fjmrh. um þessa ábyrgð eða hina. En ég fer ekki út í þá sálma og ásaka hæstv. ráðh. ekki í þessu sambandi, en ég tel, að eðli málsins samkvæmt ætti að skipa þessu með öðrum hætti en er og þingið gerði á því einhverja skipan svipaða því að setja þingkjörna nefnd í úthutun atvinnuaukningarfjárins.

Um atvinnubótafé vil ég segja það, að ég tel ekki aðeins nauðsynlegt, að það sé sett sérstök stjórn þingkjörinnar nefndar eða þingkjörin nefnd til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu, eins og við lögðum til, heldur að framfylgt sé till. um, að myndaður sé sérstakur jafnvægissjóður. Og eðlismunurinn yrði þá sá, að þegar endurgreiðist og að svo miklu leyti sem endurgreiðist þetta atvinnuaukningarfé, fer það aftur inn í þennan sjóð til endurútlána þar, sem þörfin er meiri, eða þar, sem þörfin einhvers staðar annars staðar er fyrir hendi, og innan tíðar er hægt að byggja upp atvinnuaukningarsjóð, sem sjálfur getur undir þessu staðið og þarf ekki á hverjum tíma að vera að ákveða með árlegum framlögum í fjárlögum fjárveitingu ríkissjóðsins, hvernig svo sem henni er úthlutað. Þess vegna legg ég engu að síður áherzlu á það, að sem allra fyrst verði tekin upp sú skipan mála, sem við sjálfstæðismenn *höfum lagt til, að sérstakur jafnvægissjóður* hafi með þessi mál að gera.

Ég skal svo ekki á þessu stigi málsins hafa um þetta fleiri orð. En eins og ég sagði, mun ég gera nánar grein fyrir þessum einstöku atriðum, annaðhvort sjálfstætt eða í sambandi við aðra þm. í tillöguflutningi við 3. umr. fjárlaga.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég er nú orðinn það gamall í hettunni hér á Alþ., að ég er búinn að vera hér á 30 þingum á undan þessu. En ég leyfi mér að fullyrða það, að á þessum 30 þingum hefur aldrei verið beitt þvílíkum vinnubrögðum eins og hér er verið að gera í sambandi við aðalmál þingsins, sem alltaf eru fjárl. Þessu er þegar búið að lýsa nokkuð, og skal ég ekki langt fara út í það. En aðalatriðið er það, að aðalnefnd og virðulegasta nefnd Alþ. hefur setið að störfum í 2 mánuði að því leyti aðgerðalaus, að hún hefur enga till. afgreitt og svo allt í einu fær hún fyrirskipun frá hæstv. ríkisstj. að afgreiða fjárl. til 2. umr. á tveimur dögum.

Ef þetta er ekki svipur af einræðisbrölti, þá veit ég ekki, hvað er hægt að kalla slíkt, enda hefur það sýnt sig í morgu á síðustu tímum, að sá er andinn, sem á bak við er.

Við erum nú þannig gerðir, flestir menn-irnir, að við eigum bágt með að gera okkur nægilega grein fyrir því, hvað það er, sem við höfum, og hvað það er, sem við njótum, fyrr en við fáum einhvern samanburð við annað. Það segir gamalt máltæki, að enginn veit, hvað átt hefur, fyrr en misst hefur. Og það þarf ekki einasta það að missa, heldur fá samanburð við eitthvað annað, sem fram undan er. Þetta gildir ekki sízt um valdamenn í þjóðfélagi okkar og þá fyrst og fremst um ríkisstjórnir. Eins og kunnugt er, var ég einn af fylgismönnum fyrrverandi ríkisstj., og ég verð að segja það, að mér þótti oft sem hún hefði getað gert betur en hún gerði og margt færi öðruvísi en ég mundi kjósa í hennar fari. En ég hef ekki gert mér grein fyrir því, hvað þetta var góð stjórn, fyrr en ég hef komizt í kynni við þá ófreskju, sem *núverandi ríkisstj. hefur sýnt sig* að vera í starfi sínu. Og ég skal færa að þessu nokkur fleiri rök en hér hafa áður verið gerð í þessum umr., og það er eðlilegt, að þau rök komi fram, þegar verið er að ræða aðalmál þingsins, fjárl., og þegar til þeirra er stofnað á þann hátt, sem nú er gert.

Ég hef hérna í höndunum tvö fjárlfrv. Annað er það, sem við erum hér að ræða, frv. til fjárl. fyrir árið 1958, hitt er frv. til fjárl. fyrir árið 1956, síðasta frv., sem lagt var fram af hæstv. fyrrv. ríkisstj., og það ætti að vera enn meira að marka samanburðinn á þessum tveimur frv. af því, að það er sami fjmrh., sem leggur þau bæði fram. Og hver er svo heildarniðurstaðan? Hún er ekki séð að fullu enn. En við sjáum þó, hvað frv. hefur að geyma. Heildarupphæð fjárlfrv. 1956 var 579 millj. Heildarupphæð þessa frv. er 851 millj. Nú hefur það verið upplýst, að fjvn. hefur orðið sammála um að hækka það um 12 millj. og það vanti inn á það a. m. k. 20 millj., sem þar hljóti að verða. En ég ætla *nú ekki að taka það með*. En það er annað, sem verður að taka með í þessu sambandi, og það eru útgjöld útflutningssjóðs.

Eins og kunnugt er, þá er útflutningssjóður ríkisstofnun og ætti auðvitað að vera á fjárl. sem sérstök stofnun þar, eins og margar aðrar stofnanir eru, og sá sjóður hét í tíð fyrrverandi stjórnar framleiðslusjóður, og gjöld hans voru ætluð á árinu 1956 152 millj. Nú voru þær áætlaðar 432 millj. 1957, á yfirstandandi ári, og þó að maður geri ráð fyrir, að það þyrfti ekkert að hækka, sem flestir telja að muni þurfa, þá er þó upphæðin að þessu meðtöldu komin í 1283 millj. úr 731. M. ö. o.: það eru 552 millj., sem er hækkunin, mismunurinn á útgjöldum þessara tveggja frv., og sýnir, hvaða stefna, hvaða aðferðir, hvaða útkoma það er, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur sýnt á fjármálasviðinu.

En það er fleira, sem taka má með í reikninginn og sýnir svipinn á því, hver breytingin er á þessum tveimur árum. Ég hef tekið hérna saman rekstrargjöld fyrir 7 af stærstu stofnunum ríkisins, sem eru á 3. gr. fjárl. og eru ekki tekin með í samningu fjárl., vegna þess að útkoma þessara stofnana er gerð upp á hverri fyrir sig og mismunurinn eingöngu færður inn á fjárl. Þetta er í fyrsta lagi póstsjóður, útgjöld hans voru áætluð 14.2 millj. 1956, en 21.6 millj. nú. Þá er það síminn, rekstrargjöld hans voru áætluð 46.6 millj. 1956, en 75.6 millj. nú. *Áfengisverzlunin, rekstrargjöld hennar voru* áætluð 10.9 millj. á fjárlfrv. 1956, en 13.4 millj.

nú. Tóbakseinkasalan, hennar rekstrargjöld voru áætluð 5.4 millj. 1956, en 6.9 nú. Útvarpið, rekstrargjöld þess voru áætluð 9 millj. 1956, en 11.8 millj. nú, og er þó ekki viðgerðarstofan talin með, annars er það yfir 12 millj. Ríkisprentsmiðjan, hennar rekstrargjöld voru áætluð 4.1 millj. 1956, en 5.3 millj. nú. Landssmiðjan, hennar rekstrargjöld voru áætluð 3.7 millj. 1956, en 4.5 nú. Á þessum 7 stofnunum er hækkunin á rekstrargjöldum samkvæmt áætlun á þessum tveimur frv. hvorki meira né minna en það, að það fer úr 93.9 millj. í 139.1, eða hefur hækkað á þessum 2 árum um 45.2 millj. Þegar þetta er lagt við hina upphæðina, er hækkunin öll á þessu tímabili hvorki meira né minna en 597 millj. kr., og er þó ekki þar innifalið, eins og ég tók fram, það, sem fjvn. leggur nú til að hækka frv., eða hitt, sem vantar á það.

Það er ástæða til að líta svolítið til baka í sambandi við þessar tölur, og við sjálfstæðismenn getum ekki annað en hugsað til þeirra tíma, þegar verið var að afgr. fjármálin á því síðasta þingi, sem fyrrv. ríkisstj. réð. Þá var mikill hamagangur í fulltrúum Sósfl. og Alþfl., hamagangur um það, hvað þetta væru ægileg útgjöld, og víst voru þau það og miklu hærri en mönnum líkaði, mörgum fleiri en þeim. En hamagangur þessara flokka, þáverandi stjórnarandstöðuflokka, var svo mikill, að þeir þóttust allt geta lagað, ef þeir kæmust til valda. Nú er það svo, að stjórnarandstaða er alltaf stjórnarandstaða og maður getur búizt við ýmsu frá þeim mönnum, sem eru að berjast til þess að fella þá, sem völdin hafa. Hlutur þessara tveggja flokka, sem hömuðust mest 1955, er slæmur. Þeir hafa sýnt í verki, að þeir hafa ekki meint neitt með því, sem þeir sögðu þá. Það hefur komið fram, að það er ekki nóg með það, að þeim ofbjóða ekki, þegar þeir eru komnir til valda, þau útgjöld, sem eru sambærileg við það, sem þá var, heldur hafa útgjöldin á þessu tímabili hækkað um hundruð milljóna.

En þó að hlutur þessara manna sé slæmur, er hann í rauninni hátíðlegur hjá því, sem hlutur hæstv. fjmrh. er. Yfir honum og hans atferli gnapir skömmin, þannig að slíks eru engin dæmi um nokkurn ráðamann, nokkurn ráðherra, síðan hér fékkst innlend ríkisstj. Þessi hæstv. ráðh. var, eins og kunnugt er, ráðh. í fyrrv. ríkisstj., og það er orðið kunnugt nú, að hann sat þar allan tímann á svikráðum við sína samstarfsmenn, málefnislega og persónulega. Þegar þessi herra var búinn að vefa svikavefinn svo vel, að honum þótti vel fara, beitti hann sér fyrir því að fá samþykkt á 400 manna flokksþingi framsóknarmanna, að það væri ekki hægt að vera í samstarfi með sjálfstæðismönnum, það væri ekki hægt að leysa nein efnahagsmál með þeim, þar þyrfti að fá aðra betri menn, þar þyrfti að fá aðra menn, sem hægt væri að vinna með til þess að leysa efnahagsmálin. Hafði hann þar fyrst og fremst kommúnista í huga, eins og komið hefur rækilega fram. Nú hefur reynslan fengizt af þessu samstarfi, hvernig efnahagsmálin eru leyst með því, að það er sannanlegt með tölum, að á tveimur árum, síðan þessir menn tóku við, frá því að þessi ráðh. lagði fram sitt fjárlagafrv. fyrir árið 1956, er það hvorki meira né minna en 600 millj. kr. hækkun. Þar eru hin varanlegu ráð í efnahagsmálum, sem ekki var hægt að koma fram í samvinnu við Sjálfstfl. Og ég segi alveg hiklaust, að það hefði aldrei verið mögulegt í samvinnu við Sjálfstfl. að koma fjárhag ríkisins og landsins niður í slíkt fen eins og nú blasir við.

Ég skal nefna nokkur fleiri dæmi. Ef það er meiningin að halda áfram fundinum, þangað til minni ræðu er lokið, þá skal ég nefna hér nokkur fleiri dæmi af þessari sömu tegund og taka vissa kafla úr þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, og frv. 1956.

Þá er það fyrst stjórnarráðið sjálft. Gjöld þess voru áætluð 1956 9.2 millj. Núna eru þau áætluð á árinu 1958 12.4 millj. Innheimta tolla og skatta var áætlað 1956 að kostaði 14.4 millj., en núna 20.6 millj. Kennslumál voru áætluð að kosta 83.4 millj. 1956, en 106.8 millj. nú. Skipaútgerð ríkisins og flóabátar var áætlað að hefðu í rekstrarhalla 1956 13.7 millj., en 18.5 millj. nú. Atvinnubætur, það er mál, sem hér hefur verið nokkuð rætt um og er ástæða til að ræða miklu frekar en gert hefur verið, en það voru ætlaðar 5 millj. á árinu 1956 til atvinnubóta, en það var strax í fyrra fært upp í 15 millj., nú er það aftur fært niður í 13.5 millj. En auk þess er ætlað til atvinnuleysistrygginga 22.5 millj. Mismunurinn á þessum upphæðum, þessum fáu liðum, sem ég hef hér nefnt, er þannig, að það er samanlögð upphæð úr 125.7 millj. í 204.3 millj. Það er hækkun upp á 78.6 millj.

Ég skal fara fáeinum orðum um þetta mál með atvinnubætur. Það er hækkað um hvorki meira né minna en 36 millj. frá því, sem var 1956, því að í raun og veru er það ekkert annað en til atvinnubóta, það sem á að fara í atvinnuleysistryggingasjóð. Eftir þessu mætti mjög vel ætla, að hér væri mikið atvinnuleysi í okkar landi og það þyrfti að gera stórar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það. En því er nú þannig farið, að það fást ekki menn á skipin nema fá þá frá útlöndum. Það hefur verið upplýst, að 1954 hafi verið 174 Færeyingar á skipaflotanum, en á þessu ári 1400. Nú er þetta með svipuðum hætti í landbúnaðinum, að það er helzt ekki hægt að fá fólk, a. m. k. ekki yfir veturinn, nema fá það frá útlöndum. Ég átti nýlega tal við þann mann, sem hefur með það að gera að útvega bændum fólk yfir veturinn, sem er Gísli Kristjánsson, ritstjóri Freys, og spurði hann, hvernig þessu væri varið. Jú, hann sagðist hafa getað fullnægt öllum pöntunum, sem komið hefðu á þessu hausti. Eru það þá innlendir eða útlendir menn? sagði ég. Ekki að tala um nema útlenda menn. En ríkisstj. ætlar 36 millj. í atvinnubætur, og þar er ekki verið að skera við nöglina fjárreiðurnar. 5 millj., sem áður voru veittar í tíð fyrrverandi stjórnar, var úthlutað, eins og hér hefur verið lýst, af þremur ráðuneytisstjórum, og var um það allt sæmilega gott samkomulag. Þeirri úthlutun hefur nú verið mjög breytt, og skal ég ekki fara nánar út í það, af því að það hefur verið gert hér bæði í gær og í dag.

En það er margt annað, sem vert er að minnast á í sambandi við þetta fjárlagafrv. Það lítur út fyrir, að hæstv. fjmrh. hafi sérstaka andúð á samgöngubótum til sveita, því að það kemur fyrir ár eftir ár, að hann lækkar framlög til þjóðvega og brúargerða úti um landsbyggðina, og það eru næstum einu liðirnir, sem þessi hæstv. ráðh. lækkar. Hann lýsti því nú hér að vísu yfir í ræðu áðan, þessi ráðh., að það væri ekkert að marka sínar till. í sambandi við vegi og brýr og hafnir, það væri ekkert að marka þær. Það vissu allir, að þær ættu að breytast, af því að þetta hefði verið gert áður, að leggja þar fram lægri till. til þessara mála en ætlað væri að samþykkja. Ja, hver hefur gert það? Það er sami ráðh. Hann hefur gert þetta oft áður og sýnt fram á, að þetta er sú stefna, sem gengur alveg í öfuga átt við það, sem talað er um að auka jafnvægi í byggð landsins, því að það er komið svo, að það er lífsbjargaratriði fyrir mörg heimili víðs vegar um landið að komast í akfært vegasamband. Og það er komið svo, að hæstv. fjmrh. leyfir sér að leggja fram frv. til fjárlaga, þar sem er jafnhá upphæð ætluð *til allra þjóðvega á Íslandi eins og til útvarpsins, gjalda útvarpsins*, og heldur lægra en stjórnarráðið sjálft kostar. Hv. fjvn. hefur nú að vísu hækkað þessa upphæð til þjóðvega um nærri 4 millj., og er það að vísu þakkarvert, en *þar er allt of skammt gengið, borið saman við* flest eða jafnvel allt annað á þessu fjárlagafrv. Í mínu héraði, Austur-Húnavatnssýslu, eru vegir, allir flokkar af vegum, eitthvað á fimmta hundrað km, þar af hátt á þriðja hundrað km þjóðvegir. Þar eru margir tugir km, sem eru ólagðir vegir á og brýn þörf að leggja. Mínu héraði eru í þessu frv., í till. fjvn., skammtaðar 500 þús. kr. til vegabóta í öllu héraðinu, og það svarar til þess, að það eigi á árinu 1958 að vera mögulegt að leggja milli 4 og 5 km af vegi, því að samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra kostar fullkominn vegur á km nú orðið frá 80 þús. upp í 200 þús. eftir því, hvernig landið er. Og ef við gerðum ráð fyrir, að það væri hægt að leggja km að meðaltali fyrir 100 þús. kr., sem kann að vera í mínu héraði, þá er það þó hámarkið, að það eigi að vera hægt að leggja 5 km veg á árinu 1958 fyrir þá upphæð, sem þarna er ætluð því héraði.

Annars er það svo, og það er ein sönnunin fyrir því, hver áhrif öfgastefna ríkisstj. hefur haft á framkvæmdirnar í landinu, að vegamálastjórnin upplýsti það í fyrra, að vegagerðin kostaði 20% meira 1957 heldur en var 1956, og ég hef fengið upplýsingar um svo tiltölulega lítið fyrirtæki eins og brúasjóð, að tollarnir, sem á voru lagðir um þetta leyti í fyrra, tollarnir og skattarnir, kostuðu brúasjóð á s. l. sumri um 900 þús. kr. Þetta þýðir það, að brýrnar, sem byggðar voru fyrir fé brúasjóðs á þessu s. l. sumri, eru vegna tollanna og skattanna, sem á voru lagðir af þessari hæstv. ríkisstj., 900 þús. kr. dýrari en ella hefði verið, ef hefði verið haldið í sama horfi og var, þegar fyrrv. ríkisstj. skildi við.

Þá er það annað mál, sem snertir mitt hérað mjög rækilega og ég hlýt að bera fram till. um, ef ekki fæst leiðrétting á við 3. umr., og það er framlag til Skagastrandarhafnar. Ég hef afhent hv. fjvn. rækilega áætlun um það, hvað þar þurfi að gera, og það er hvort tveggja til þess að bjarga því, sem þar er til, og sömuleiðis til þess að bæta þannig við, að höfnin sé þannig, að það bagi ekki þá útgerð, sem þar er nú. En till. hv. fjvn. um framlag til þessa fyrirtækis er einar 50 þús. kr., og þó er það tekið fram, að það sé ætlunin að vinna þarna á næsta sumri fyrir milljón, en það sé komin á skuld hafnarinnar við ríkissjóð, og hún er þannig til komin, að það var gert út úr vandræðum á s. l. sumri að lána dýpkunarskipið Gretti þarna norður til þess að dýpka höfnina eða moka upp úr henni, þannig að síldarbræðslan gæti verið í lagi. Og þetta er fært sem skuld á höfnina, en hæstv. sjútvmrh. segir mér, að það hafi verið ætlunin, að meginhlutinn af þessum kostnaði yrði færður á síldarverksmiðjur ríkisins.

Nú er það svo, að það er kunnugt, að hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því — og má að sjálfsögðu þakka fyrir það — að útvega þrjá stóra báta til Skagastrandar, sem gert er ráð fyrir að kosti samtals 3½ millj. kr. Þar voru fyrir 5 smábátar, og er ætlazt til þess, að þeir verði reknir áfram, og er þá nokkur vafi um það, þegar þessir stóru bátar eru komnir, hvort þar fæst mannskapur á í þorpinu sjálfu, til þess að *þessi útgerð geti verið í lagi. En um leið og* það er ákveðið að verja 3½ millj. til bátakaupa á þennan stað, þá sést það á till. fjvn., að það eru ætlaðar einar 50 þús. kr. til þessa mannvirkis. Ég get alveg búizt við því að verða að hafa þetta eins og fleira, sem hér er rangt, en ég mun þó freista þess við 3. umr. þessa máls að bera fram brtt. þarna við.

Þá er það þetta: Ja, hver er heildarsvipur þessara fjárlaga? Hver er heildarsvipurinn á þessu fjármálakerfi, eins og það horfir við eftir tæpra tveggja ára starf núverandi ríkisstj.? Mér sýnist, að hæstv. stjórn hafi, síðan hún tók við, hagað sér á mjög svipaðan hátt og maður, sem veit, að hann er orðinn gjaldþrota, og hugsar á þessa leið: Ja, það skiptir ekki svo miklu máli, ég er gjaldþrota og verð gjaldþrota, og það skiptir ekki svo miklu máli, hvort gjaldþrotið verður minna eða stærra. — Þó hefur gjaldþrotasvipurinn aldrei verið eins greinilegur og fram kemur á því frv., sem hér liggur fyrir, því að þar er alveg greinilegur gjaldþrotasvipur, sem mætir augum manna. Svo kemur hér hæstv. fjmrh. hvað eftir annað upp í þennan ræðustól og þenur sig yfir því, sem er endurtekning á því, sem hann hefur verið að skrifa í blað sitt, Tímann: Hvernig stendur á því, að sjálfstæðismenn koma ekki með till.? Því koma þeir ekki með till. um afgreiðslu efnahagsmála? — Og þetta segir sami ráðh. sem er búinn að láta samþykkja það á 400 manna þingi fyrir tæpum tveimur árum, að hann geti ómögulega unnið með sjálfstæðismönnum, af því að það sé ekki hægt að leysa nein efnahagsmál með þeim. Nú skal það játað, að undir venjulegum kringumstæðum og þegar allt er með eðlilegum hætti í fjárhag eins þjóðfélags og líka okkar, þá er það í sjálfu sér eðlileg krafa, að stjórnarandstaða

geri till. um afgreiðslu efnahags- og fjármála. En hér er ekki því til að dreifa. Og það er þrennt, sem takandi er fram í því sambandi. Í fyrsta lagi það, að ef sjálfstæðismenn hefðu verið í ríkisstj. fram að þessu, hefði aldrei fjárhag ríkisins og atvinnuveganna og stofnana ríkisins verið sökkt niður í slíkt díki sem það er komið nú. Það er víst. Í öðru lagi er það nokkuð einkennileg krafa af hálfu fjmrh. að gera ráð fyrir því, að við sem stjórnarandstæðingar, sem hann hefur unnið að því að sparka frá öllum störfum og völdum, förum að leika okkur að því að segja til um það, hvernig við mundum hafa hagað okkur, ef við værum í sporum núverandi hæstv. ríkisstj. Það væri nokkuð fávíslegt, ef við færum að gefa fram einhverjar bollaleggingar um það, hvernig við mundum hafa hagað okkur, ef við værum í sporum þessara manna. En þetta er þó ekki í rauninni aðalatriðið. Aðalatriðið er það þriðja, og það er, að það er engin eðlileg krafa til þess, þó að við sjálfstæðismenn séum stærsti flokkur þjóðarinnar, engin eðlileg krafa til þess að heimta það, að við förum að leggja fram till. um, hvernig skuli fara með þrotabúið, þegar núverandi ríkisstj. er búin að koma hér öllu í það kaldakol, sem nú er orðið og við blasir. Það er sama sem að þeir, sem engin áhrif hafa átt á það, hvernig einu fyrirtæki hefur verið stjórnað, og því hefur verið stjórnað þannig, að það er orðið gjaldþrota og komið á kaldan klaka, og þá ættu þeir, sem utan við það eru, að leggja fram till. um það, hvernig á að fara með þrotabúið, löngu áður en þeir, sem hafa komið í gjaldþrotaástandið, hafa snautað frá. Og ég ætla að enda þessi orð með því, að þá fyrst er eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem verða að taka við, hvort sem það verða sjálfstæðismenn eða aðrir, verði að gera sínar till. um það, hvernig á að fara með það þrotabú, sem núverandi ríkisstj. sýnilega ætlar að skilja eftir sig, þegar hún snautar frá því, — þá fyrst er ástæða til að kalla eftir fjármálatill. frá þeim, sem við taka og völdin fá, hverjir sem það kunna að verða.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Yfir stendur 2. umr. fjárl., enda þótt nú sé með nokkuð öðrum hætti en tíðkazt hefur þau fimmtán ár, sem ég hef átt setu á Alþ. Fjárl. hafa aldrei verið eins illa undirbúin og nú, og er það rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði hér í dag, að allur tilbúnaður þessa frv. og þessara fjárl. er með þeim hætti, að ekki er möguleiki á því, eins og nú standa sakir, að gera sér grein fyrir fjármálaástandinu.

Hæstv. fjmrh. hefur talað við þessa umr., og hann hefur þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir ekki viljað svara því, hver væri stefna stjórnarinnar eða hvað hún ætlaði að gera til þess að koma fjárl. saman greiðsluhallalausum. En eins og kunnugt er, þá lítur frv. þannig út nú, að greiðsluhalli nemur 120—130 millj. kr. Það er að sjá, að hæstv. fjmrh. sé í vandræðum með að benda á leiðir til þess að brúa þetta bil. Ekki er að sjá neina tilraun hæstv. ríkisstj. á þessu frv. til þess að draga úr kostnaði við rekstur ríkisbúskaparins eða neinum kostnaðarliðum. Eina tilraunin, sem gerð var, þegar frv. var lagt fram, var að draga úr verklegum framkvæmdum, að lækka framlög til vega, til brúa og til hafna. Vegna þess að sjálfstæðismenn gerðu kröfu til, að þetta yrði nokkuð leiðrétt, lét stjórnarliðið undan og hefur fallizt á, að framlög til þessara framkvæmda skuli verða hin sömu að krónutölu á næstu fjárl. og á þeim fjárl., sem gilt hafa fyrir yfirstandandi ár. Eigi að síður er þetta lækkun, þetta er lækkun til verklegra framkvæmda, vegna þess að engar líkur eru til, að eins mikið fáist unnið fyrir sömu upphæð á næsta ári og fékkst fyrir þetta ár. Dýrtíðin hefur vaxið á þessu ári, seinni hluta þessa árs, eftir að framkvæmdum var lokið, og líkur eru til og reyndar vissa, með þeirri stefnu, sem nú er fram haldið af hæstv. ríkisstj., að dýrtíðin vaxi mjög á næsta ári. Framlag til verklegra framkvæmda er þess vegna stórum lækkað, þótt varið sé jafnmörgum krónum til framkvæmdanna á næsta ári sem þessu ári, og er það mjög slæmt, vegna þess að vegamálin, brúamálin og hafnamálin eru það, sem kalla að og verður að teljast til brýnustu nauðsynja fyrir landsbyggðina alla.

Þegar dregið er úr þessum framkvæmdum, mætti ætla, að fyrir hendi væri sparnaðarvilji hjá hæstv. ríkisstj. til þess, sem er síður nauðsynlegt. Ég ætla ekki að segja, að Skipaútgerð ríkisins og ferðir með ströndum fram séu ekki nauðsynlegar, og það er ekki mín till. að draga úr þeim ferðum eða gera aðstöðu þeirra, sem búa að aðdráttum á sjó, lakari, en ég vil gera kröfu til, að gerð sé tilraun til að gera rekstur Skipaútgerðar ríkisins hagkvæmari en hann nú virðist vera, því að gert er ráð fyrir, að hallinn á þessum rekstri verði á næsta ári allt að 20 millj. kr. Hallinn á þessum rekstri fer stöðugt vaxandi, og virðist hér vera um botnlausa hít að ræða. Ég vil halda því fram, þó að þekking mín á skipaútgerð sé nokkuð takmörkuð og það eðlilega, að reksturinn á þessu fyrirtæki sé staðnaður og það sé ekki fylgzt með þeirri breytingu, sem hefur orðið á ýmsum staðháttum og aðstæðum í þjóðfélaginu hin síðari árin. Svo sem kunnugt er, rekur Skipaútgerð ríkisins tvö farþegaskip með ströndum fram. Fyrir 20 árum, jafnvel fyrir 15 árum, gat þetta verið nauðsynlegt og var nauðsynlegt, vegna þess að þá var takmarkað, hvað fólk gat ferðazt á landi í bifreiðum, vegna þess að vegir voru illfærir og ekki til víða á milli landshluta. Þá voru flugvélar lítið í notkun á meðal landsmanna, og menn ferðuðust ekki á milli landsfjórðunga í flugvélum. Eini möguleikinn þá var að fara með ströndum fram með farþegaskipum, og það var þess vegna, sem Skipaútgerðin eignaðist Heklu og Esju. En tap á þessum skipum nú er mjög mikið, vegna þess að fólksflutningar með ströndum fram hafa nú næstum horfið, vegna þess að fólkið ferðast nú milli landshluta annaðhvort með bílum eða flugvélum. Þrátt fyrir þessar staðreyndir, þótt farþegarúm þessara skipa sé ekki notað og rekstur þessara skipa mun dýrari en ef notuð væru til flutninga með ströndum fram önnur skip hentugri fyrir vöruflutninga

og ódýrari í rekstri, — þrátt fyrir þessar staðreyndir hafa forráðamenn Skipaútgerðarinnar ekki gert tilraun til þess að breyta rekstri fyrirtækisins i hagkvæmara horf, heldur hefur taprekstur inn stöðugt hækkað ár frá ári, og hæstv. fjmrh. hefur stöðugt lagt blessun sína yfir þessa óstjórn og þessa eyðslu.

Ég tók það fram, að ég væri ekki talsmaður þess að gera samgöngurnar á milli hafna og vöruflutninga með ströndum fram erfiðari en nú er. En ég vil gera kröfu til, að þessi rekstur verði endurskoðaður og að til þessara flutninga verði notuð þau skip, sem henta bezt og unnt er að reka án tilfinnanlegs taps. Það hefur verið fullyrt, að ef hagsýni væri með í Skipaútgerð ríkisins, væri unnt að veita nauðsynlega og góða þjónustu í vöruflutningum milli hafna með ströndinni, án þess að tapið væri yfir 4—5 millj. kr., í stað þess að það mun nálgast á næsta ári með sama áframhaldi nærri 20 millj. Væri ekki betra að láta þessar 12—15 millj., sem látnar eru í óþarfataprekstur Skipaútgerðarinnar, ganga til vegagerða og brúargerða og hafna í kringum landið, sem nauðsynlegt er að framkvæma, en neitað er um fé til undir því yfirskini, að ekki fáist fé til þessara framkvæmda?

Ég vona, að hæstv. fjmrh. heyri það, sem ég er að segja, og vilji beita sér fyrir því, að þetta mál verði tekið til athugunar.

Það eru vitanlega fleiri liðir á fjárl., sem nauðsynlegt er að endurskoða, ekki sízt þegar augljóst er, að hallinn á fjárl. er stórkostlegur og fé vantar og fjárl. fara stöðugt hækkandi undir stjórn og forustu hæstv. fjmrh. Hv. þm. A-Húnv. las upp nokkrar tölur hér áður og minnti á, hversu útgjöld ríkisins hafa farið hraðvaxandi nú síðustu 2 árin. Ég ætla einnig að minna hér á nokkur dæmi og geta þess, að fjárlögin fyrir árið 1956, síðustu fjárl., sem fyrrverandi ríkisstj. átti þátt í að semja, voru aðeins 661 millj. kr., en hin fyrstu fjárl., sem núverandi hæstv. ríkisstj. samdi, urðu 811.6 millj. kr., eða 150.6 millj. kr. hærri en síðustu fjárl. fyrrverandi ríkisstj. Það er því með rétti hægt að segja, að núverandi hæstv. ríkisstj. er ríkisstj. eyðslu og ráðleysis, ríkisstjórn dýrtíðar og rekstrarhalla.

Og hvað er svo með það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til umr.? Er að sjá einhverja bót, einhverja betrun frá því, sem var, þegar síðustu fjárlög voru fram lögð? Ef við flettum þessum frv., sjáum við niðurstöðutöluna, og hún er 851.8 millj. kr. En þá vantar inn á frv. 20 millj. kr., sem á að verja til niðurgreiðslu á ýmsum vörum eða verja til dýrtíðarráðstafana, eins og það er kallað, og hæstv. ríkisstj. er farin að greiða, enda þótt þessi upphæð hafi ekki verið látin inn í frv.

Þá má geta þess, að fjvn. hefur samþ. 12.4 millj. kr. hækkun. Það má einnig geta þess, að mikil viðbót hlýtur hér að koma við 3. umr., því að eins og kunnugt er, eru skólamálin enn óafgreidd, og ef að líkum lætur, verður eitthvað samþ. af brtt. frá einstökum þm. og brtt., sem hæstv. ríkisstj. hlýtur að standa að til leiðréttingar ýmsum liðum fjárlaga. Mætti nefna nokkur dæmi, sem auðsjáanlega verður að leiðrétta, ef fjárl. eiga að vera á nokkurn hátt rétt mynd af því, sem greiða verður út á næsta ári. Það er þess vegna mjög sennilegt, að fjárl. við 3. umr. hækki til viðbótar þeim 12.4 millj., sem nú liggja fyrir skv. brtt. fjvn., um a. m. k. 20 millj., kannske meira. Verða þá fjárl. fyrir árið 1958 904.2 millj. kr., eða hækka um 93 millj. frá fyrra ári. Hæstv. fjmrh. getur nú sagt: Ég hækkaði fjárl. í fyrra um 150 millj., en nú ætla ég ekki að hækka þau nema um 93 millj., og þið getið verið ánægðir með það. — En hvað sem hæstv. fjmrh. segir um þetta, hvort sem hann telur þetta *mikla* eða *litla* hækkun, 93 *millj.* á einu ári, eða ef til vill 100, þá mun þjóðin telja þetta mikla hækkun og allt of mikla hækkun. Þjóðin mun telja, að gjaldgetu hennar sé ofboðið með slíku framferði og að þannig verði ekki mögulegt að halda áfram ár frá ári, að fjárl. hækki sum árin um 100 millj., annað árið um 150 millj. og að þannig sé stefnt vitandi vits út í foræði og fen, sem íslenzk fjármál geta ekki komizt úr.

Margur undrast, að hæstv. ríkisstj., að hæstv. fjmrh. skuli bera höfuðið sæmilega hátt og koma fram fyrir hv. Alþ. og alþjóð kinnroðalaust eftir að hafa staðið sig í fjármálunum eins og raun ber vitni. Margur undrast, að sú ríkisstj., að sá hæstv. fjmrh., sem stendur að slíkri lausn fjármálanna, sem hér er stefnt að, skuli ekki segja af sér og játa, að það sé þjóðfélagsleg nauðsyn að skipta um fjmrh., að skipta um fjármálastefnu, það sé nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið. Og ég hafði ætlað það, að hæstv. fjmrh. ætti innst inni þann drengskap að viðurkenna þetta, að hann vildi þjóð sinni svo vel, að hann teldi nauðsynlegt að breyta til, til þess að það þjóðfélag, sem Ísland byggir, geti haldið áfram uppbyggingu landsins og stefnt að bættum lífskjörum, tryggt frelsi sitt efnahagslega og pólitiskt. Og ef hæstv. fjmrh. skoðar hug sinn, gefur sér tíma til þess að hugsa þessi mál, þá efast ég ekki um, að honum verður ljóst, hver skylda hans er. Skylda hans er augljós, það er að játa uppgjöfina, það er að viðurkenna, að hann er ekki maður til þess að leysa fjárhagsmálin, að það verða nýir menn og ný úrræði til að koma til þess að forða þjóðinni frá fjárhagslegum háska. Ég hef vonað, að hæstv. fjmrh. ætti þennan manndóm, og ég vona, að hann gefi sér tíma til að rökhugsa og skoða huga sinn í þessu efni og gera skylduna við þjóðfélagið, þ. e. að losa íslenzkan þjóðarbúskap við hans ráðsmennsku.

Þetta er mín skoðun á hæstv. fjmrh. Aðrir hafa ekki þessa skoðun á honum. Aðrir segja, að hæstv. fjmrh. ætli að halda blekkingunum áfram, hann ætli að segja við íslenzku þjóðina: Fjárlögin fyrir árið 1958 verða ekki hærri en fjárl. þessa árs. — Aðrir segja það, sem ég ekki trúi, að hæstv. fjmrh. ætli að kippa út úr fjárlagafrv. liðnum til dýrtíðarráðstafana, sem er í frv. 105 millj., og auk þess 20 millj., sem ég áður nefndi, samtals 125 millj., og að hann ætli á þann hátt að fá greiðslujöfnuð á fjárlögin og segja við alþjóð, eftir að þessum lið hefur verið kippt í burtu: Fjárlögin hafa ekki hækkað. — Þessi liður, sem áður hefur verið inni í fjárlögunum, verður þar ekki lengur. Kannske

yrði hann þá settur í sama sjóðinn og stendur undir útflutningsframleiðslunni. Ef til vill er hæstv. fjmrh. öðruvísi en ég hef haldið og vill reyna að blekkja þjóðina á þennan hátt og halda því fram, að fjárl. fyrir árið 1958 verði engu hærri en fjárl. fyrir árið 1957 með því að kippa út 125 millj., sem ráðgert er að verja til dýrtíðarráðstafana, og leggja til hliðar, kannske saman við útflutningssjóðinn. Ég vona, að hæstv. fjmrh. taki ekki þetta skref, vegna þess að þá bregzt hann trausti margra, og hann má ekki við því að missa það litla, sem hann á eftir af því.

En eitt er það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í dag, — hefur ef til vill verið sagt í fljótfærni og óhugsað. Hann sagði, að það þyrfti að afla tekna, aukinna tekna til fjárl., ef ekki væri kippt einhverjum útgjaldalið burt úr frv. Ef einhverjum útgjaldalið er kippt í burtu alveg og hann hverfur úr útgjöldum ríkisins, þá þarf ekki að afla tekna. En sé útgjaldaliðnum kippt í burtu, t. d. dýrtíðarráðstöfunum, og settar til hliðar á annan reikning og fjárhæðin notuð eigi að síður til dýrtíðarráðstafana, þá þarf að afla tekna alveg eins og þessi liður væri á fjárl. Það er meginatriðið, að hvort sem upphæðin til dýrtíðarráðstafananna verður á fjárl. eða tilraun verður gerð til þess að fela hana, þá verður að útvega fé til dýrtíðarráðstafananna eigi að síður.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í dag, að við sjálfstæðismenn höfum talið það ágætt að hafa tvenns konar fjárlög. Þegar framleiðslusjóðurinn var myndaður, vildum við sjálfstæðismenn, að hann væri í fjárl., en það var krafa hæstv. fjmrh., að hann væri þar ekki, vegna þess að hann vildi þá ekki láta fjárl. hækka sem þessu nemur. Framleiðslusjóðurinn var undanfari útflutningssjóðsins, og það er þess vegna ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér í dag. Við sjálfstæðismenn höfum verið óánægðir með það alla tíð að hafa þetta í tvennu lagi. Það er vitanlega ekkert nema blekking að vera að hafa tvenn fjárl. Það er alveg rétt, sem hv. þm. A-Húnv. sagði hér í kvöld, að hvort sem þessar upphæðir eru hafðar í tvennu lagi eða í einu lagi, eru þetta eigi að síður jafnhá útgjöld, og hæstv. ríkisstj. getur ekki tekizt á neinn hátt að fela hinar miklu hækkanir fyrir landsmönnum, jafnvel þótt þriðju fjárl. yrðu mynduð með því að halda því fé, sem verja skal til dýrtíðarráðstafana, sér og mynda þar að við segjum dýrtíðarráðstafanasjóð eða hvað sem hæstv. ráðh. mundi nú vilja kalla það. Þetta verður ekki hægt að gera. Það er staðreynd, að hæstv. núverandi ríkisstj. hefur hækkað álögur á landsmönnum um 600 millj. kr. á þessum stutta valdaferli sínum.

Ég gat um það, að greiðsluhallinn á fjárl. yrði sennilega 120—130 millj. kr., og þótt þau verði samþ. núna fyrir áramótin greiðsluhallalaus með því að taka þessar 125—130 millj., sem á að verja til dýrtíðarráðstafana, frá, þá eru þau samt sem áður afgr. með greiðsluhalla, því að alþjóð hlýtur að vera kunnugt um það, að þessi upphæð er fyrir hendi. Hæstv. ríkisstj. heldur áfram að greiða niður og það í auknum mæli, þörfin fer stöðugt vaxandi með aukinni dýrtíð, og til fjárl. vantar stjórnina á annað hundrað millj. kr., jafnvel þótt reynt verði að blekkja þjóðina með því að hækka tekjuáætlunina fram yfir það, sem nokkurt vit er í, til þess að hægt sé að byggja á henni.

En hæstv. ríkisstj. kemur nú til með að vanta meira en þetta. Útlit er fyrir, að þarfir útflutningssjóðsins vaxi mjög. Eins og fjármálaástandið er slæmt í þjóðfélaginu, svo er einnig um atvinnuástandið, ef við athugum það í dag. Taprekstur útgerðarinnar fer stöðugt vaxandi, sjómannafélögin hafa boðað verkföll, og ekki er vitað, hvernig þeir samningar verða, sem hæstv. ríkisstj. gerir við sjómenn og gerir við útgerðarmenn, og ekki heldur vitað, hvenær vertíðin getur hafizt.

Það er ekki ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. vanti 250 millj. kr. til þess að jafna greiðsluhalla fjárl., til þess að afla nauðsynlegra tekna í útflutningssjóð. E. t. v. verða sumir hæstv. ráðh. allánægðir með þetta, því að sumir halda því fram, að hæstv. fjmrh. sé harla ánægður nú, ef fjárl. hækki ekki nema um tæpar 100 millj., af því að þau hækkuðu um 151 millj. s. l. ár. Það væri þess vegna rökrétt að hugsa, að sumir ráðh. gætu verið harla ánægðir nú, ef ekki þyrfti að bæta á í nýjum sköttum að þessu sinni nema 250 millj. kr., af því að við síðustu áramót voru lagðir á skattar fyrir 300 millj. En séu þessir hæstv. ráðh. ánægðir og einhverjir af hv. stuðningsmönnum stjórnarinnar hér á Alþ., þá er áreiðanlega upp talið það fólk, sem er ánægt með þessa stefnu og þessar niðurstöður.

Ég held, að flestum hugsandi mönnum sé ljóst, að svona er ekki hægt að halda áfram, að það verður að breyta um stefnu, það verður að finna nýjar leiðir og það verður að skipta um stjórn og þá ekki sízt þann mann, sem forustuna hefur haft í fjármálunum undanfarin ár, eftir að fór að síga svo mjög á ógæfuhliðina eins og raun ber vitni.

Hæstv. fjmrh. má muna tvenna tímana. Hann var í stjórn með sjálfstæðismönnum. Þá voru fjárlög samin greiðsluhallalaus. Þá voru fjárlögin samin varlega, tekjuáætlunin ekki spennt óeðlilega hátt, þegar fjárl. voru samin, og þá var stöðugt tekjuafgangur hjá ríkissjóði. Hæstv. fjmrh. var þakkað þetta, en ekki okkur sjálfstæðismönnum, sem stóðum með honum í því að semja fjárl., stóðum með honum í því að afgr. fjárl. og gera mögulegt að skapa heilbrigt og öruggt fjármálaástand. Hæstv. fjmrh. má minnast þess, að þegar hann var í ríkisstj. með sjálfstæðismönnum, var unnt að nota tugmilljóna tekjuafgang fjárl. til þess að verja í ræktunar- og byggingarsjóð Búnaðarbankans, til þess að verja í byggingarsjóð kaupstaðanna, til þess að verja í fiskveiðasjóð, og þá þurfti ríkisstj. ekki að vera sníkjandi og snapandi út um öll lönd til þess að hafa nokkurt fé til umráða í þessum sjóðum.

Ég hygg, að flestir geri sér ljóst eftir þá reynslu, sem nú er fengin, eftir að við sjálfstæðismenn hættum að vera í stjórn með hæstv. fjmrh., að það hefur ekki verið hæstv. fjmrh. fyrst og fremst að þakka, hvernig fjárlagaafgreiðslan hefur verið undanfarin ár, hvernig

fjármálaástandið var undanfarin ár, heldur var það því að þakka, að hann var í stjórn með ábyrgum stjórnmálaflokki, sem studdi hann með ráðum og dáð og markaði stefnuna og hafði það að fyrirheiti að skapa hér öruggt fjármálaástand og tekjuhallalaus fjárl. hverju sinni.

Þetta gerðu sjálfstæðismenn, þótt fjmrh. væri ekki sjálfstæðismaður, og er rétt að minna á það hér, þar sem öðruvísi var að farið hjá framsóknarmönnum, þegar fjmrh. var sjálfstæðismaður, því að fjmrh. Sjálfstfl. fékk ekki slíkan stuðning hjá Framsfl. eins og fjmrh. Framsfl. hjá Sjálfstfl.

Þegar menn líta á fjármálaástandið og atvinnuástandið, eins og það er nú í landinu, mun mönnum verða minnisstætt, hvernig núverandi stjórnarflokkar töluðu fyrir síðustu kosningar, hverju þeir lofuðu þjóðinni, og mönnum verður minnisstætt, þegar Framsfl. af hræsni sinni og vandlætingu taldi ekki mögulegt að leysa vandamál atvinnu- og fjármálanna með Sjálfstfl., það þyrftu nýir aðilar að koma til, því að þess má geta, að um það leyti sem Sjálfstfl. og Framsfl. slitu stjórnarsamstarfinu, voru vitanlega ýmsar blikur á lofti í atvinnulífinu, sem komu vegna verkfallsins 1955, verkfallsins, sem ekki var háð vegna kjarabaráttu, heldur einungis pólitískt verkfall til þess að spilla fyrir þáverandi ríkisstj. Og óheilindin hjá ýmsum framsóknarmönnum í sambandi við samstarfið við sjálfstæðismenn sjást ljósast á því, að sumir framsóknarmennirnir áttu sinn þátt í að kynda undir þessu verkfalli í þeirri von, að sú stjórnarsamvinna, sem þá var, yrði sprengd, í þeirri von, að formaður Framsfl. fengi tækifæri til þess að taka höndum saman við hina svokölluðu vinstri flokka og mynda stjórn með þeim.

Verkfallið 1955 breytti viðhorfinu og skapaði margs konar erfiðleika, og í ársbyrjun 1956 virtust ýmsir erfiðleikar vera fram undan. En ef Framsfl. hefði skilið þá ábyrgð, sem á honum hvíldi, og viljað starfa áfram af heilindum með Sjálfstfl., þá voru þessir erfiðleikar yfirstíganlegir. Ef þeir hefðu í byrjun árs 1956 viljað starfa af ábyrgð og heilindum í stað þess að reka ævintýrapólitík, eins og hann hefur gert síðan, hefði mátt stöðva dýrtíðina og forða þjóðinni frá því að fá á sig skatta, 300 millj. við síðustu áramót og e. t. v. 250 millj. nú í febrúar n. k., ekki við áramótin, heldur í febrúar. Hvers vegna ekki fyrr en í febrúar? Vegna þess að það eru bæjarstjórnarkosningar í janúarlok, og það á að koma aftan að fólkinu, það á að reyna að blekkja það og fá það til þess að kjósa, áður en gjafirnar verða réttar að því, en það er önnur saga. Það er þó aðeins í samræmi við það, sem áður hefur gerzt, þá blekkingastarfsemi, sem hefur verið rekin af núverandi stjórnarflokkum, síðan þeir hugsuðu sér að ná saman því samstarfi, sem þeir nú búa við.

Ef farið hefði verið að till. okkar sjálfstæðismanna í ársbyrjun 1956 og dýrtíðin stöðvuð, hefði mátt losa þjóðina við þessa bagga, sem hún nú ber. Hagstofustjóri reiknaði út, hvað það kostaði á árinu 1956 að halda dýrtíðinni niðri, eins og hún var, eftir að álögurnar höfðu verið lagðar á í ársbyrjun 1956, og það voru rúmar 20 millj., að halda dýrtíðinni óbreyttri á árinu 1957 kostaði eftir útreikningum hagstofustjóra rúmar 40 millj. Þetta eru samtals 60 millj., sem hefði þurft að leggja á þjóðina í staðinn fyrir þær 550 millj., sem ýmist er búið að leggja á eða fyrirhugað er að leggja á þjóðina nú á næstunni.

Ég segi þess vegna: Ábyrgð framsóknarmanna er mikil, þegar þeir illu heilli í stað þess að vera staðfastur flokkur, sem vildi byggja á raunsæi, reka ævintýrapólitík undir forustu síns formanns, sem píndi alla þm. flokksins undir þetta merki, þrátt fyrir það þótt margir þessir þm. sæju, að hér væri rangt stefnt.

Ég held, að öllum sé ljóst, að það loforð stjórnarflokkanna að stöðva dýrtíðina, en því var lofað með miklu yfirlæti, hefur verið svikið. Það efast enginn um það, og það er alveg tilgangslaust fyrir Tímann, fyrir Þjóðviljann eða Alþýðublaðið að reyna að telja fólki lengur trú um það, að núverandi ríkisstj. og stjórnarflokkar hafi rekið verðstöðvunarpólitík, síðan þeir tóku við völdum.

Sannleikurinn er sá, að dýrtíðin hefur aldrei vaxið örara en síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum. Það hefur verið reynt að fela dýrtíðina, það hefur verið reynt að hylja hana með því að hækka niðurgreiðslurnar, með því að greiða mest niður þær vörur, sem ganga inn í vísitöluna, en greiða ekki niður þær vörur, sem ekki ganga inn í vísitöluna. Og fólkið, sem hefur alltaf haft takmörkuð auraráð til þess að veita sér brýnustu nauðsynjar, finnur það bezt nú, hvað núverandi ríkisstjórn hefur gefið því, og það er þess vegna, sem núverandi stjórnarflokkar eru óttaslegnir, þeir eru óttaslegnir vegna þeirra kosninga, sem í hönd fara, og það er þess vegna, sem þeir munu draga það að leggja skattana á, þangað til kosningarnar eru liðnar, og það er þess vegna, sem þeir koma hér á Alþingi nú með frv. til kosningalaga til þess að torvelda fólki að greiða atkvæði á kjördegi.

Ég hélt þó, að það ætti að vera stefna í lýðræðisþjóðfélagi að gera sem flestum mögulegt að greiða atkvæði, að nota atkvæðisrétt sinn. Ég hefði haldið, að það væri ekkert aðalatriði, að sá tími, sem fólkið hefur til þess að fara á kjörstað, væri allt of naumur. Ég held, að það mættu alveg eins vera tveir dagar eins og einn dagur, að það væri aðalatriðið, ef við viljum viðurkenna lýðræðið, ekki aðeins í orði, heldur einnig á borði, að sem flestir gætu greitt atkvæði. En það er ekki það, sem núverandi stjórnarflokkar vilja. Þeir vilja kosningahömlur. Þeir vilja setja hömlur á kosningarrétt manna, vegna þess að þeir eru hræddir við kjósendurna. Þeir eru að hverfa frá lýðræðinu. Þeir eru að aðhyllast þröngsýni. Þeir eru að taka sér einræði til fyrirmyndar. Og þetta skeður á elzta löggjafarþingi þjóðarinnar. Það má þess vegna segja, að núverandi hæstv. ríkisstj. taki upp nýja stefnu, því að við Íslendingar höfum fram til þessa miklazt af því að vera lýðræðisþjóð, að eiga eitt elzta löggjafarþing veraldar. Ég vil vona, að þeir hv. þm., sem hafa látið villa sig og jafnvel aðhyllast þröngsýni og einræði, skoði hug sinn og taki höndum saman um það að

vernda lýðræði í þessu landi og virða þá stofnun, sem við erum kosnir til, Alþingi Íslendinga.

Ég var að tala um verðlagið áðan, og ég hef staðhæft og fært rök að því, að ríkisstj. hefur svikið það loforð, svikið það raunalega mikið að stöðva dýrtíðina, og hún hefur fengið á sig stimpilinn „dýrtíðarstjórnin“. Og jafnvel þótt kunningi minn, hv. form. fjvn., komi hér á eftir, af því að ég held, að hann hafi hug á því, og reyni að afsanna þetta, þá getur hann ekki og enginn þvegið þennan stimpil af ríkisstj. Hann verður ævarandi á henni, stimpillinn „dýrtíðarstjórn“, mesta dýrtíðar- og óhappastjórn, sem á Íslandi hefur verið.

En hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokkar gáfu fleiri loforð fyrir síðustu kosningar og við stjórnarmyndunina heldur en að stöðva verðlagið, því að þeir voru ósparir á loforðin. Þeir ætluðu að tryggja vinnufriðinn, og hæstv. forsrh. kom í útvarpið haustið 1956 og tilkynnti þjóðinni, að nú yrði vinnufriður, ríkisstj. hefði samið við vinnustéttirnar.

Það hefur verið talað um þetta og síðast í gær, og öllum hv. þm. og öllum landsmönnum eru í fersku minni verkföllin mörgu á því ári, sem nú er að kveðja, og hæstv. ríkisstj. hefur fengið á sig átakanlegan og raunalegan stimpil, stimpilinn, sem er með stórum stöfum og merkir hana „verkfallastjórn“, því að aldrei hafa verið eins langvinn og mörg verkföll á Íslandi eins og síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum.

Að þessu leyti hefur hæstv. ríkisstj. skaðað þjóðfélagið meira en nokkru sinni áður hefur verið gert, og að þessu leyti hefur hún svikið kosningaloforðið eftirminnilegast.

Og það var fleira, sem lofað var. Það var lofað að vernda verðgildi peninganna, vernda verðgildi sparifjárins og skapa traust almennings á myntinni. En hvað hefur hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar gert í þessu? Skyldi almenningur í þessu landi hafa meira traust á myntinni nú en þegar stjórnin tók við völdum? Skyldi verðgildi peninganna hafa verið verndað? Skyldi núverandi hæstv. ríkisstj. hafa staðið við það loforð sitt að hafa ekki fellt gengið, ekki fellt peningana? Ég held, að það blandist engum hugur um það, að krónan hefur hríðfallið, síðan núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum, með því að nú fæst mun minna vörumagn, minna verðmæti fyrir hverja krónu en fyrir hálfu öðru ári, og hvort sem það er viðurkennt eða ekki, að krónan sé fallin, með því að skráningunni hefur ekki verið breytt, þá hafa peningarnir lækkað í verði, og þannig hefur hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar átakanlega einnig svikið þetta kosningaloforð. Og ekki síst vegna þess er fjármálaástandið í landinu í dag eins og það er, og einmitt vegna þess að peningarnir hafa lækkað í verði, hafa fjárl. hækkað, við síðustu áramót um 150 millj. og sennilega við þessi áramót um 100 millj. kr., og skattarnir, sem núverandi stjórnarflokkar eru að leggja á að þessu sinni og lögðu á við síðustu áramót, leiða vitanlega til þess að minnka verðgildið og fella gjaldeyrinn.

Átakanleg svik, átakanleg reynsla er það, sem þjóðin hefur fengið af þessu ævintýra- og valdabrölti núverandi stjórnarflokka, og það er þjóðfélagið í heild, sem á eftir að gjalda þunga skuld fyrir það, að þessir ævintýramenn komust til valda og hafa hagað sér eins og þeir hafa gert síðan.

Og margt fleira er það, sem lofað var, en ég skal ekki telja miklu fleira upp. Þó væri ekki úr vegi að minna á varnarmálin, till. frá 28. marz, það væri ekki úr vegi að minna á, að núverandi stjórnarflokkar reyndu fyrir síðustu alþingiskosningar að stimpla okkur sjálfstæðismenn sem landráðamenn, vegna þess að við vildum ekki svíkja samtök þeirra þjóða, sem við töldum rétt að hafa samstarf við.

Núverandi stjórnarflokkar samþykktu till. um það á Alþingi að reka varnarliðið í burtu, sögðu kjósendum fyrir alþingiskosningar, að þetta yrði gert, en eftir kosningarnar voru þeir ráðnir í að svíkja þetta. Meiri óskammfeilni, meiri fyrirlitning á kjósendum hefur aldrei komið fram á Íslandi áður, og það má merkilegt heita, ef fólkið í landinu lætur ekki þessa menn, sem skrökvuðu að þessu leyti eins og svo mörgu fyrir kosningarnar, fá makleg málagjöld fyrir þetta.

Frá mínu sjónarmiði er það ekki skaði, að varnarliðið hefur ekki verið látið fara. En það er raunalegt, að stjórnmálamenn Íslands skuli ekki bera meiri virðingu fyrir sjálfum sér og fyrir kjósendum en svo að skrökva þannig fyrir kosningarnar og vera ráðnir í því að svíkja kosningaloforðin svo eftirminnilega. Ég tel, að eins og það er sjálfsagt að hafa varnarliðið í landinu um sinn, svo er það fráleitt að haga sér eins og núverandi stjórnarflokkar hafa gert í sambandi við varnarmálin. Það að binda saman varnarmálin og lánsútveganir fyrir ríkissjóð og þjóðfélagið er hættulegt. Það er ekki hættulegt fyrir okkur Íslendinga að gera samninga við lýðræðisþjóðir um dvöl varnarliðsins á Íslandi um ákveðinn tíma, á meðan við teljum rétt og nauðsynlegt að vera í þessum samtökum til þess að tryggja okkar öryggi, en það er hættulegt að binda dvöl varnarliðsins við fjármál og við lánsútvegun, og það er glæpur gagnvart sjálfstæði þjóðarinnar og framtíð. En það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú gert með útvegun lánsfjár í fyrra. Í sambandi við það kom greinilega fram, að varnarliðið vildi tryggja sér raforku á Keflavíkurflugvelli um ókomin ár, tiltekinn tíma, og það er háskalegt að taka lán eins og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert, þ. e. matar- og eyðslulán.

Við síðustu áramót tekur hæstv. ríkisstj. 4 millj. dollara lán í Bandaríkjunum, sem er matarlán, eyðslulán. Þessu fé var ekki varið til framkvæmda, sem skyldu auka útflutningsframleiðsluna, framkvæmda, sem síðar gætu borgað þessi lán. Nei, þessu fé var varið til venjulegs innflutnings til þess að draga úr gjaldeyrishallanum. Sogslánið, um 5 millj. dollara, var tekið með þeim hætti, sem ég áður nefndi, að nefna varnarliðið og raforku til þess í sambandi við þá lántöku, og 2.7 millj. dollara lánið, sem nota skal til þess að borga innlenda kostnaðinn við Sogið, er matarlán, vegna þess að út á það fáum við korn og fleiri nauðsynjavörur, sem við senni-

lega þurfum ekki að borga seinna. Og nú er talað um, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið 7 millj. dollara lán, NATO-lán, sem hæstv. stjórn hafi fengið m. a. í því skyni að tryggja það, að við Íslendingar værum nothæfir og fullgildir félagsmenn í samtökum Atlantshafsþjóðanna. Þetta lán, ef það hefur verið tekið á þennan hátt, er þess vegna óbeint bundið við varnarliðið.

Ég þarf ekki að fara öllu fleiri orðum um þetta, til þess að öllum sé ljóst, að þetta er vægast sagt óviðeigandi, að þetta stefnir í nokkra hættu okkar sjálfsforræði og að ýmsir taka að efast um það, að við höfum, eftir að þetta hefur skeð, eins skýlausan möguleika til þess að losna við varnarliðið, hvenær sem við sjálfir óskum, eins og við áður höfðum, því að það höfðum við örugglega áður. Ég vil vona, að þrátt fyrir þessar óviðeigandi ráðstafanir hæstv. ríkisstj. sé nú ekki svo langt komið enn, að við séum ekki frjálsir að segja upp samningum og láta varnarliðið fara, þegar við sjálfir teljum það heppilegt og nauðsynlegt, og ég hef aldrei viljað skrifa undir það, að varnarlið eigi að vera á Íslandi um framtíð alla. Ég hef talið, að það væri hættulaust fyrir okkur, eins og málin standa nú, og að það væri nauðsynlegt fyrir okkur öryggis vegna, eins og viðhorfið er í heiminum í dag, að hafa hér varnarlið frá okkur vinveittri þjóð, sem tryggir þau samtök, sem lýðræðisþjóðirnar í vestri hafa myndað með sér.

Hæstv. fjmrh. hefur oft talað um það, að fyrrv. ríkisstj. hafi hvergi fengið lán og þess vegna hafi aðkoman verið slæm hjá núverandi hæstv. ríkisstj., það hafi vantað fjármagn til þess að halda þeim framkvæmdum áfram, sem fyrrv. ríkisstj. hafi byrjað á. En það var nú svo, á meðan fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, að þá var framkvæmdunum haldið áfram af fullum krafti. Það var ekki hætt við neitt af því, sem byrjað var á. Að raforkumálum var unnið hraðar en 10 ára áætlunin gerði ráð fyrir. Að sementsverksmiðjunni var unnið af fullum krafti. Að byggingu fiskiðjuvera var unnið að fullum krafti. Fiskiskipastóllinn var endurnýjaður. Hafnir voru byggðar, og framkvæmdir og uppbygging hafði aldrei verið örari en á þessu þriggja ára tímabili fyrrverandi ríkisstj. Og það er þess vegna, sem hæstv. fjmrh. og framsóknarmenn hafa oft talað um það, að einmitt á þessu tímabili hafi fjárfestingin verið of ör, og þeir hafa kennt því um, að við sjálfstæðismenn höfum losað um hömlur og ýtt of mikið á framkvæmdirnar. En þegar hæstv. fjmrh. kemur út á land, þar sem framkvæmdum hefur verið lokið, t. d. upp á Akranes, þá þakkar hann sér og sínum flokki fyrir hinar miklu og öru framkvæmdir, bæði hafnarframkvæmdirnar og sementsverksmiðjuna. En fjárfestingin, það var Ingólfur Jónsson, sem átti þátt í því, m. a. með því að undirskrifa *heimild til handa bæjarstjórn* Akraness til þess að taka erlent lán til þessara framkvæmda. Og ég býst við því, að hæstv. fjmrh. hafi gleymt því í hófinu á Akranesi að þakka minn hlut í þessu máli, sem var talsverður, vegna þess að það var mér að þakka, að þetta lán var tekið með 5% vöxtum, en ekki 6%, eins og hæstv. fjmrh. og bæjarstjórinn á Akranesi höfðu ákveðið að gera.

Það var að vísu aldrei nein tregða hjá okkur sjálfstæðismönnum að taka lán til þessara framkvæmda, vegna þess að við vissum, að það þurfti að byggja höfn á Akranesi, og við gerðum okkur ljóst, að Faxaflói hefur verið og verður vonandi gullkista, sem ber að nota. En það þótti dýrt að taka 6% lán, og ég sagði: Reynið að fá vextina lækkaða, og þá skuluð þið strax fá lánið. — Og það var gert. Þetta sparar ekki aðeins Akranesi mikla peninga, þetta sparar þjóðinni erlendan gjaldeyri, og ég verð að segja það, að hæstv. fjmrh. má muna þátt okkar sjálfstæðismanna í fyrrv. ríkisstj. í uppbyggingu hafnarinnar á Akranesi eins og uppbyggingu og framkvæmdum öðrum víðs vegar um landið frá þessum tíma. En það er ekki stórmennska í því að fara út á land og þakka aðeins sér og sínum fyrri framkvæmdir og störf, sem unnin hafa verið að eins miklu eða kannske meira leyti af mönnum úr öðrum flokkum.

Ég get minnzt á aðra framkvæmd á Akranesi, sem er sementsverksmiðjan. Ég man ekki, hvort það var í Tímanum eða Alþýðublaðinu, kannske í báðum þeim blöðum, sem talað var um, að það væri nú fyrst og fremst hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnmrh. að þakka, að sementsverksmiðjan væri komin svo langt sem raun ber vitni. En það verður að minna hæstv. fjmrh. og aðra, sem segja þetta og trúa þessu, á það, að hæstv. fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, vann manna ötullegast að því að koma sementsverksmiðjunni upp. Það er hins vegar rétt, að um það leyti sem stjórnarskiptin urðu, vantaði peninga til þess að halda sementsverksmiðjunni áfram, enda þótt aldrei hafi neitt hlé orðið á vinnu þar. En fyrrv. ríkisstj. átti kost á að fá peninga til sementsverksmiðjunnar eins og annarra framkvæmda, ef hún hefði setið áfram að völdum. Og hæstv. fjmrh. hefur guggnað á því upp á síðkastið að þræta fyrir það, að fyrrv. ríkisstj. hafi átt kost á 100 millj. marka láni eða 390 millj. kr. láni í Vestur-Þýzkalandi samkvæmt skeytum og skjölum, sem um þetta mál fjalla og eru fyrir hendi og eru óvefengjanleg, og jafnvel þótt hæstv. fjmrh. sé stundum kaldrifjaður og þræti og neiti því, sem satt er, þá hefur hann a. m. k. í dag ekki haft kjark til þess að neita þessu nú, þótt hann hafi gert það áður. Hvort hann sækir í sig veðrið nú í nótt, veit ég ekki, en ég vona það hans vegna, að hann fari nú ekki að skrökva að okkur hér vísvitandi hvað þetta mál snertir. Nóg hefur hann samt á samvizkunni.

Það er þess vegna ljóst, að þótt ekki hafi allir sjóðir verið fullir, þegar stjórnarskiptin voru, og þótt þörf hafi verið að afla fjár þá til ýmiss konar framkvæmda, þá hefði engin stöðvun orðið í því, þótt stjórnarskipti hefðu ekki orðið, því að nokkuð mátti nú gera við 392 millj. kr. eða 100 millj. marka. Það hefði verið hægt að byrja á að virkja Sogið. Það hefði verið hægt að halda áfram byggingu sementsverksmiðjunnar. Það hefði verið hægt að láta nokkrar milljónir í ræktunarsjóð og byggingarsjóð Búnaðarbankans. Það hefði verið mögulegt að láta nokk-

uð í byggingarsjóð ríkisins til íbúða í kaupstöðunum. Og það hefði verið unnt að láta nokkuð í fiskveiðasjóðinn. Það er þess vegna undarlegt, þegar menn eru að reyna að berja höfðinu við steininn og halda því fram, að fyrrv. ríkisstj. hafi gefizt upp við að afla fjár og hún hafi skilið við framkvæmdirnar í óreiðu og ráðaleysi. Sannleikurinn er, að fyrrv. ríkisstj. vann lengst með innlent fjármagn, vann að uppbyggingunni með innlendu fjármagni, sem þjóðin sjálf aflaði, en með því að byggja sementsverksmiðjuna, virkja Sogið og gera ýmislegt fleira, sem fyrir lá, var ekki unnt að nota innlent fjármagn eingöngu. Ekki einu sinni þótt fyrrv. stjórn hefði verið og fólkið hefði haldið áfram að hafa traust á stjórnarfarinu og sparifjármyndunin hefði haldið áfram, þá var ekki hugsanlegt að gera það, nema útlent fjármagn kæmi til, og þess vegna var leitað eftir fjármagni í Vestur-Þýzkalandi, og Vestur-Þjóðverjar vildu lána fyrrv. stjórn, af því að þeir höfðu traust á borgaralegu samstarfi og því stjórnarfari, sem þá var. En hvers vegna núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengið þetta lán, veit ég ekki, en trúlegast er, að það stafi af því, að sú stjórn, sem nú situr, hafi ekki verið eins geðþekk Vestur-Þjóðverjum eða sú stefna, sem hún fylgir, eins og fyrrv. stjórn, enda má geta þess, að það var ekki til álitsauka og það var ekki traustvekjandi á erlendum vettvangi, þegar sá boðskapur er látinn berast út um allan heim frá Íslandi, að Íslendingar ætli að svíkjast undan merkjum og þeim skyldum, sem þeir hafa með undirskrift skuldbundið sig til þess að fullnægja, en það var gert með samþykktinni 28. marz og með kosningaprógramminu, þegar ákveðið var og lofað að svíkjast undan merkjum og láta varnarliðið fara úr landi og slíta þann hlekk, sem hafði verið smíðaður hér til styrktar samtökum vestrænna þjóða. Kannske hefur þetta átt nokkurn þátt í því, að þetta kostalán, sem við áttum kost á, hefur ekki fengizt, að stjórnarfarið í landinu virtist vera komið á það stig, að það væri ekki hægt að treysta íslenzkum ráðamönnum til drengskapar eða samstarfs.

Ég hef ekki frekar en aðrir sjálfstæðismenn flutt brtt. við þetta frv. við þessa 2. umr. málsins. Ég mun eins og aðrir hv. sjálfstæðismenn hér á þingi áskilja mér rétt til þess að gera það við 3. umr., ef ég tel til nokkurs að gera það eða viðhlítandi með því viðhorfi, sem nú er til fjármálanna yfirleitt. En við sjáum nú, hvað setur. Að þessari umræðu lokinni kemur 3. og síðasta umræðan, og þá kemur ef til vill einhver boðskapur frá hæstv. fjmrh. um lausn fjárhagsmálanna. Ég segi: ef til vill. Ég a. m. k. vil vona það. Ég tel það engan boðskap, og ég tel það ekki heldur lausn, þótt tekjuliðir fjárlagafrv. verði hækkaðir út í bláinn, meira en svo, að nokkrar líkur séu til, að þeir standist. Ég tel það ekki heldur neina lausn á þessu máli, þótt sá útgjaldaliður 19. gr. fjárlaganna, sem ætlaður er til dýrtíðarráðstafana, verði tekinn út úr fjárlögunum og lagður til hliðar fram í febrúar og þannig fengin greiðsluhallalaus fjárlög. Ég tel, að það sé hin argasta tilraun til blekkingar, tilraun, sem vitanlega tekst ekki, vegna þess að það er vitað, að þótt þessi liður væri tekinn út úr frv., verður eigi að síður að afla tekna í því skyni, að unnt sé að inna þær greiðslur af hendi, sem til þess eru ætlaðar.

Það er raunalegt, hvernig hag okkar er komið. Það er raunalegt að sjá það, að á tveimur árum hefur hæstv. ríkisstj. hækkað fjárlögin um 250 millj. kr. og að það virðist svo sem hæstv. stjórn hugsi sér enga stefnubreytingu. Það virðist svo, að þegar þyngir undir hjá hæstv. stjórn, þá bara bæti hún á katlana og stími því hraðar upp á skerið. Er það meiningin að fara alveg upp á skerið? Er ekki eðlilegra að hægja á ferðinni, svo að unnt sé að sveigja til hliðar? Ef hæstv. fjmrh. hugsar sér að keyra upp á skerið og vill ekki breyta til, þá skora ég á hann að fara úr fjármálaráðherrastólnum, til þess að unnt sé að bjarga íslenzku þjóðlífi frá vandræðum og bágindum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég mun ekki fara að svara þessari málþófsræðu hv. 1. þm. Rang. (IngJ). En það eru tvö atriði, sem ég mun ekki láta hér ómótmælt, vegna þess að ég man ekki til þess, að þau hafi áður komið fram hér á hv. Alþ. og því ekki tækifæri gefizt til þess að mótmæla þeim hér.

Það fyrra var, að hv. þm., eins og hann var líklegastur til, endurtók hér þau ósannindi, sem hvað eftir annað hafa verið borin á borð í blöðum sjálfstæðismanna, að það hafi verið útveguð hér á s. l. ári eða í fyrravetur erlend lán og þau hnýtt við dvöl varnarliðsins á Íslandi, sem sé, að það hafi verið tekin erlend lán með því skilyrði, að varnarliðið ætti að vera hér kyrrt. Ég lýsi því yfir, að þetta eru tilhæfulaus ósannindi. Og það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði svo til viðbótar þessu, að þetta sæist m. a. á því, að það hefði verið bundið við þetta bygging raforkulínu suður á Keflavíkurflugvöll og sú bygging væri eingöngu byggð á áframhaldandi dvöl varnarliðsins, er rangt. Það vita allir, og er gleggstur um það vitnisburður raforkumálastjórnarinnar íslenzku, að þessi lína eða afnot hennar eru ekkert bundin við dvöl varnarliðsins. Það þarf á henni að halda, hvort sem nokkurt erlent varnarlið er þar syðra eða ekki. Þetta er lína, sem við þurftum hvort sem er að fá til afnota.

Á sama hátt vil ég hér á þessum stað lýsa það tilhæfulaus ósannindi, að til mála komi að taka ný lán, sem blandað sé saman við dvöl varnarliðsins á Íslandi.

Þá sagði þessi hv. þm., — það var dálítið athyglisvert, að hann hélt því hérna fram, ég bara skýt því nú inn í leiðinni, — að það væri eyðslulán að taka 2—3 millj. dollara erlendis til þess að leggja í Sogið.

Þá sagði hv. þm. enn eitt, sem ástæða er til þess að fara um örfáum orðum. Hann sagði: Fyrrv. stjórn átti kost á 390 millj. kr. láni í Vestur-Þýzkalandi, og ég held, að hann hafi einhvers staðar í tali sínu um þetta talað um, að það hefði verið með góðum kjörum. Hann sagði: Fyrir þetta hefur hæstv. fjmrh. þrætt, en er nú guggnaður á því.

Allt, sem ég hef sagt um þetta mál á Alþ.,

er það, sem nú skal greina, og það sagði ég hér í fyrravetur:

„Þá er það um þýzka tilboðið, sem sjálfstæðismenn hafa svo oft talað um, en ég hef ekki gert að umtalsefni fyrr, en ég ætla að gera það með örfáum orðum núna.

Hingað kom einn af aðstoðarmönnum dr. Adenauers í orlofsferð — að ég hygg — s. l. vor. Utanrrh. og forsrh. hittu hann að máli. Þar barst í tal, að Ísland þyrfti á erlendum lánum að halda. Kvaðst hann mundu vekja athygli dr. Adenauers á því sérstaklega. Út af þessu kom síðar orðsending frá dr. Adenauer til forsrh. þáverandi, þar sem segir, að lánbeiðni frá Íslandi skyldi verða rannsökuð af vandvirkni og vinsemd — eins og það er þýtt af löggiltum skjalaþýðanda. Að sjálfsögðu var þessu fylgt eftir af núverandi ríkisstj., og hefur verið unnið í málinu síðan. En ég mun ekki á þessu stigi málanna gefa frekari skýrslu, þar eð það er ekki tímabært, eins og þau mál standa.

Annars minna þessar sögur um það, hvernig lánatilboðin áttu að hafa drifið að úr öllum áttum, þegar Ólafur Thors var að fara eða jafnvel kominn út úr dyrunum, helzt á sögu laxveiðimannanna um laxana, sem þeir misstu. Þeir voru alltaf stærstir."

Þetta sagði ég í fyrra um þetta mál. Allt, sem ég sagði um þetta þá, er rétt, og ekkert í því er rangt. En hvernig stendur þá á því, að stórfelldar lántökur hafa orðið síðan, en þær hafa ekki orðið í Vestur-Þýzkalandi? Það mun bráðlega að því koma, að það verði skýrt frá því, og þá verður þetta allt saman til ósköp lítillar gleði fyrir sjálfstæðismenn. Þá munu blekkingar þeirra um þessi efni koma í ljós, þegar frá þessum málum er tímabært að skýra öllum í heild. En það er auðvitað engin tilviljun, að lán hafa verið tekin, stór lán, en þau hafa verið tekin annars staðar en í Vestur-Þýzkalandi.

Loks gat þessi hv. þm. ekki á sér setið að drótta því hér að vestur-þýzku stjórninni, að ástæðan til þess, að ekki hafi orðið stórfelldar lántökur í Vestur-Þýzkalandi, síðan stjórnarskiptin urðu, muni vera sú, að stjórnin í Vestur-Þýzkalandi hafi ætlað að lána fyrrv. stjórn stórfé með góðum kjörum, en algerlega fyrir það synjað að lána Íslandi, ef núv. stjórn sæti þar að völdum. M. ö. o.: þessi hv. þm. dróttar því að stjórn Vestur-Þýzkalands, að hún vilji skipta sér af innanlandsmálum á Íslandi með því að segja: Ég skal gefa Íslandi kost á stórfelldu láni, ef það hefur þessa stjórn, en alls ekki, ef Íslendingar leyfa sér að hafa hina stjórnina. — Þessu leyfir þessi hv. þm. sér að drótta að stjórn Vestur-Þýzkalands.

Þetta mun allt saman skýrast síðar, eins og ég segi, en það er vel í stíl við smekkvísi þessa hv. þm. að öðru leyti og heppni hans yfirleitt að verða til þess að bera fram þessar aðdróttanir.

En hann gerði meira, — hann gerði betur. Hann var nýbúinn að tala um það sem höfuðhneyksli, sem það líka væri, ef dvöl varnarliðsins væri fléttuð inn í lántökur. En hvað sagði hann svo? Svo fór hann að gera því skóna í sambandi við lánamálin, að það mundi vera vegna þess, að núv. stjórn hefði staðið að samþykktinni um varnarliðið frá því í fyrravetur, að stjórn Vestur-Þýzkalands hefði kippt að sér hendinni, að því er hann hélt, um stórfelldar lánveitingar til Íslands. M. ö. o.: hann er að saka stjórn Vestur-Þýzkalands um það, að hún hafi tekið til greina í þessu sambandi þær ályktanir, sem gerðar voru hér um varnarliðið ásamt því, hvaða stjórn sæti á Íslandi. Það væri þokkaleg iðja eða hitt þó heldur, ef stjórn stórveldis færi að skipta sér af málefnum Íslands með því að segja: Ef þið hafið þessa stjórn, sem mér líkar, þá skuluð þið fá 390 millj. með góðum kjörum, en ef þið gerið það ekki og farið öðruvísi að, þá er ekkert hér að hafa, þá er hér engin lán að hafa. — En þetta er það, sem þessi hv. þm. og náttúrlega Sjálfstfl. óneitanlega líka með þessum þokkalega málflutningi sínum um þetta mál hefur alla tíð verið að gefa í skyn.

En sem ég hef sagt, þessi mál eru enn í athugun. En þegar um þessi efni verður gefin heildarskýrsla og yfirlit, mun það ekki verða til neinnar gleði fyrir hv. 1. þm. Rang. eða þá, sem hafa verið að kasta þessu máli á milli sín.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Mitt erindi upp í ræðustólinn hér nú er aðeins að vekja athygli á nýju viðhorfi í hafnarmálum okkar, nýju viðhorfi, að því er til þess tekur, að nú um nokkurt skeið hefur verið veitt nokkuð svipuð upphæð á fjárl. til hafnarframkvæmda á hverju ári án tillits til þess, um hve stórtækar framkvæmdir á vegum einstakra bæjar- eða sveitarfélaga hefur verið að ræða.

Nú er það svo um hafnarframkvæmdir, eins og raunar fleira á því sviði, að það getur verið hagkvæmt og miklu hagkvæmara að taka fyrir nokkuð stóran áfanga í einu heldur en vera að skipta þessu niður á lengri tíma, og það er einmitt það, sem nú hefur gerzt á nokkrum stöðum hér á landi á undanförnum tveimur árum, og þó alveg sérstaklega á einum stað, á Akranesi, að þar hefur verið tekinn fyrir mjög stór áfangi, sem nú er verið að ljúka við. En þetta skapar mikinn vanda fyrir þá, sem að slíkum verkum vinna, að ekki skuli vera hægt að mæta þessum framkvæmdum með auknu framlagi frá ríkissjóði, þ. e. a. s. að hægt sé að standa við ákvæði hafnarlaganna um það, að %, eins og greitt er til allra stærri hafnarframkvæmda hér á landi, skuli vera greiddir á ekki allt of löngum tíma.

Ég ætla þess vegna að skýra hér frá viðskiptum hafnarsjóðs á Akranesi og ríkissjóðs, miðað við lok þessa árs og líka miðað við áætlanir, sem gerðar hafa verið um framkvæmdir á næsta ári, og hvernig sakirnar muni standa við þau áramót, í lok þess fjárhagsárs, sem nú er verið að semja fjárlög fyrir.

Í lok þessa árs var vangoldið af ríkissjóðsframlagi til þessara framkvæmda á Akranesi 6 millj. og 950 þús. kr. eftir upplýsingum, sem vitamálastjóri hefur gefið fjvn. um þetta efni. Í lok næsta árs, þ. e. 1958, sem við erum nú að afgreiða fjárl. fyrir, er gert ráð fyrir, að þessi upphæð verði komin upp í 7 millj. og 70 þús. kr., sem þá er vangoldið af framlagi ríkissjóðs.

Nú er það svo, að samkv. þeim till., sem ég hef hér fyrir framan mig og fyrir liggja hér um greiðslur til hafnarframkvæmda á fjárlögum fyrir árið 1958, er gert ráð fyrir því, að framlag til hafnarsjóðs Akraness verði 450 þús. kr. upp í þessar rúmu 7 millj., sem þá stendur upp á ríkissjóð að greiða samkvæmt hafnarlögum. Þetta er nú það hámark til einstakra hafnargerða, 450 þús. kr., sem tekið hefur verið upp í þær till., sem nú liggja hér fyrir frá fjvn., og ekki er gert ráð fyrir, að farið verði fram úr því. Það sjá allir, að 450 þús. kr. upp í rúmlega 7 millj. kr. vangreitt framlag er ákaflega létt á metunum fyrir þá, sem standa undir slíkri framkvæmd. Hjá þeim tveim höfnum, sem næstar standa Akranesi um framkvæmdir á þessu tímabili, sem eru Vestmannaeyjar og Þorlákshöfn, standa sakirnar þannig, að til Vestmannaeyja er vangoldið framlag úr ríkissjóði í árslokin 1958 — eða gert ráð fyrir því — 2 millj. 660 þús. kr., til Þorlákshafnar nokkru meira, eða 3 millj. 270 þús. kr. Til þessara hafna er einnig gert ráð fyrir í till. fjvn. að veita hámarksupphæðina, sem er, eins og ég nefndi áðan, 450 þús. kr., eins og greiða skal til Akraness. En það gefur auga leið, að svo lág greiðsla þeim til handa veldur að sjálfsögðu hjá þessum aðilum einnig miklum örðugleikum. En af því má þá líka marka, hvernig þetta kemur við hafnarsjóð Akraness, sem nú á í lok þessa árs, eins og ég skýrði frá áðan, inni hjá ríkissjóði í sambandi við vangoldin framlög 6 millj. 950 þús. kr., sem gert er ráð fyrir að í lok næsta árs verði komið upp í rúmar 7 millj. kr.

Það er náttúrlega svo með Akraneshöfn, ekki síður en aðrar hafnargerðir hér, að þetta er unnið að langsamlega mestu leyti fyrir lánsfé, og hvað Akraneshöfn snertir eða lántökur til þeirra framkvæmda, þá eru þetta tiltölulega stutt lán. Þessi trega greiðsla á ríkisframlaginu veldur því að sjálfsögðu miklum og mjög torleystum vanda fyrir Akranes. Þessi upphæð, 450 þús. kr., hrekkur engan veginn fyrir þeim árlegu vaxtagreiðslum, sem nú hvíla á hafnarsjóði Akraness. Þar vantar allmikið til. Ef ekki koma aðrar greiðslur til en þessar 450 þús. kr., þá tekur það full 15 ár að fá framlagið greitt, og á þetta benti mjög réttilega hv. frsm. meiri hl. hér fyrr í dag til upplýsingar um það, hvernig þessum málum væri nú komið.

Ég bar fram till. í fjvn. til úrbóta á þessu, sem fól það í sér, að þetta vangoldna framlag ríkissjóðs yrði greitt a. m. k. á 7 árum. Og þetta fólst í því, að ég lagði til, að 750 þús. kr. yrðu teknar upp í till. n. og inn í fjárlögin, en gerði ráð fyrir, að 250 þús. kr. mundu fást á næsta ári úr hafnarbótasjóði og þannig væri fengin sú upphæð, sem nægði til þess að greiða þetta framlag að mestu leyti á 7 árum. En þessi till. náði ekki samþykki. Það þótti ekki fært að hverfa frá því, sem till. hljóðuðu um, að hækka þetta hámark, 450 þús. kr. Síðan ég bar fram þessa till. í fjvn. hef ég frétt, að það væri búið að ráðstafa að heita má öllu fé hafnarbótasjóðs fyrir árið 1958, án þess að Akranes fengi þar nokkra hlutdeild í, eftir væri aðeins óráðstafað af því fé, sem hafnarbótasjóði fellur til til úthlutunar á því ári, um 90 þús. kr., þetta væri gert með loforðum, sem búið væri að gefa, og auk þess einhverjum fyrirframgreiðslum úr sjóðnum til ýmissa annarra framkvæmda. Þessar upplýsingar ættu að vera réttar, því að þær eru fengnar hjá ráðuneytisstjóra, Páli Pálmasyni, en hann hefur þessi mál í sínum höndum.

Mér var það ljóst eftir undirtektir fjvn., að það mundi ekki þýða að bera fram nú hér brtt., sem hefði það í för með sér að hækka framlagið til þessara framkvæmda einna fyrir sig. Þess vegna er það, að hér verður að leita annarra úrræða, því að þessi mál standa þannig að því er Akranes snertir, að svona langur frestur á því, að þetta verði greitt, mundi skapa þau vandræði og erfiðleika þar, sem ekki er hægt að sjá, hvernig hægt verði fram úr að komast.

Ég hef þess vegna hugsað mér að bera fram, þegar við förum að ræða þessi mál aftur í fjvn. til undirbúnings fyrir 3. umr., till. í þá átt og leita eftir, hvort ekki er hægt að fá um það samkomulag til þess að jafna þessi met a. m. k. að einhverju leyti framar því, sem enn er gert, með því t. d. að taka upp till. um, að ríkisstj. verði veitt á 22. gr. fjárlaganna heimild til lántöku í þessu skyni.

Ég vona, að allir geti verið mér sammála um það, að þessi mál standi þannig, a. m. k. hvað Akranes snertir, að þá verði að greiða fram úr þeim vanda. Auk þess eru ýmsar aðrar hafnargerðir, sem einnig fá ekki nema nokkurn hluta af því, sem þær eiga vangoldið hjá ríkissjóði, og þyrftu sannarlega á aukinni fyrirgreiðslu að halda fram yfir það, sem felst í þeim till. um fjárveitingar, sem hér liggja nú fyrir.

Ég vænti þess, að um þetta geti orðið samkomulag.

Fjvn. barst nýlega bréf frá hv. þm. Vestm. og hv. 2. landsk. þm., formanni fjvn., þar sem mjög er óskað eftir því, að hægt verði að greiða frekar úr fyrir Vestmannaeyjakaupstað í þessu efni en till. liggja frammi um. Og þetta er ekki neitt undarlegt, því að það er náttúrlega erfitt fyrir þau bæjarfélög, sem standa í þessum framkvæmdum og verða að taka til þeirra dýr lán, að þurfa að bíða svo lengi eftir þessum greiðslum, en borga háa vexti af því fé, sem annars væri hægt að létta á með skjótari greiðslum af framlagi ríkisins.

Það væri líka mjög vel þess vert, og hef ég nú minnzt á það við hv. formann fjvn., að ef til vill væri ástæða til að taka til athugunar breytingar á hafnarlögunum að því er þetta snertir. Við vitum, að því fyrirkomulagi hefur verið komið á með breyttri löggjöf að því er snertir framlög til skólabygginga, að innt sé að fullu af hendi hjá ríkissjóði innan fimm ára það framlag, sem ríkissjóður á að inna af hendi til þessara bygginga. Það er alveg sýnilegt, að það verður sjálfsagt hafður sá háttur á um hafnarframkvæmdir eða hafnarbyggingar eftirleiðis í vaxandi mæli, að þar verði á hverjum stað teknir stærri áfangar en enn hefur verið gert. Þetta er miklu verkdrýgra, og sparast áreiðanlega mikið fé við að hafa þennan hátt á. En það leiðir náttúrlega af sjálfu sér, að ef ríkissjóður á að inna af hendi sitt framlag, þá

verður að haga framlagi á fjárlögum í þessu skyni með tilliti til þess, hve þessar framkvæmdir eru breytilegar og fjárfrekar á hverju ári fyrir sig, en þetta hefur ekki komið fram nú, því að fjárveitingarnar hafa verið nokkrar þær sömu nú um nokkurt skeið að undanförnu án tillits til þess, hversu miklu hefur verið kostað til á hverjum stað.

Ég vil svo vænta þess, að tekizt geti gott samkomulag um lausn á þessum málum. En mér skilst, að sakir standi þannig nú, að þar verði að koma breyting á frá því, sem er, ef ekki á að leiða af því alveg fullkomin vandræði, a. m. k. að því er Akraneskaupstað snertir, og þá er og hitt líka alveg eins og ekki síður athugunarefni að athuga það, hverjar breytingar á lögunum er nauðsynlegt að gera til samræmis við hagkvæma framkvæmd í hafnarmálunum yfirleitt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að fara hér nokkrum orðum um í fyrsta lagi mál, sem varða mitt kjördæmi, og í öðru lagi nokkrum orðum um viðhorfin í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt.

Áður en ég kem að þessum tveim atriðum, finnst mér ástæða til þess að víkja lítillega að nokkrum ummælum hæstv. fjmrh., sem nýlega hefur lokið máli sínu.

Hæstv. ráðh. var mikið niðri fyrir, þegar hann lýsti því hátíðlega yfir, svo hátíðlega, að það var eins og hv. þm. fyndist öðrum þræði, að þeir væru komnir í kirkju, að það væru hrein ósannindi, að erlendar lántökur hefðu nokkru sinni í tíð hæstv. núverandi ríkisstj. verið tengdar áframhaldandi dvöl varnarliðsins í landinu. Þetta lýsti hæstv. fjármálaráðherra tilhæfulaus ósannindi.

Ég skal ekki fara að skattyrðast lengi við hæstv. ráðh. um þetta, en ég vil leyfa mér að leiða vitni í þessu máli, — vitni, sem hæstv. ráðh. hlýtur að taka allmikið tillit til, þar sem er málgagn og málsvari stærsta flokksins, sem styður núverandi hæstv. ríkisstj.

Blaðið Þjóðviljinn, málgagn Alþýðubandalagsins, Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., kommúnistaflokksins, komst þannig að orði hinn 11. des. 1956, er yfir stóðu samningar milli fulltrúa íslenzku ríkisstj. og fulltrúa Bandaríkjastjórnar um áframhaldandi dvöl hersins á Íslandi, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt er þetta mjög alvarlegt. Og þó er sagan aðeins hálfsögð. Svo brá við, þegar búið var að gera nýju hernámssamningana, að Bandaríkjastjórn bauð Íslendingum allstórt dollaralán, en hafði þá ekki léð máls á slíku örlæti árum saman. Fylgdi það með, að lánið skyldi að nokkru lánað til að tryggja herstöðinni í Keflavík rafmagn eftir 1960. Utanrrh. hefur neitað því að hafa nokkuð rætt þessi atriði í hernámssamningunum við Bandaríkin, og ætti því þarna að vera um stórmerkilegar tilviljanir að ræða. En Íslendingar hafa lært að leggja saman tvo og tvo í samskiptum sínum við Bandaríkin á undanförnum árum og vita fullvel, að ekkert er eins vandlega undirbúið og tilviljanirnar."

Enn segir málgagn stærsta stjórnarflokksins um svipað leyti, í desember:

„Og það liggur í augum uppi, að hér er náið samband milli þess, sem gerzt hefur í hernámsmálunum, og þessa óvænta lánstilboðs. Ætlunin er að greiða fyrir nýjum hernámsframkvæmdum með því að veita Íslendingum lán. Síðan er ætlazt til þess, að tekjur af þeim framkvæmdum gangi til þess að greiða aðstoðina, þegar séð er, að eðlileg kaup á afurðum okkar hrökkvi ekki til. Allt á þetta að binda land og þjóð fastara á hernámsklafann og tryggja Bandaríkjunum sem lengsta og öruggasta dvöl á Íslandi með herlið sitt og bækistöðvar."

Ég verð að segja, að það eru mikil brjóstheilindi hjá hæstv. fjmrh. að láta eins og hv. 1. þm. Rang. hafi farið með einhverja goðgá, er hann bendir á það, sem allir vissu, og það, sem eitt af aðalmálgögnum og stuðningsblöðum hæstv. fjmrh. hefur fyrir rúmlega ári staðhæft. Ég segi: það þarf mikil brjóstheilindi hjá hæstv. fjmrh. að tala um yfirlýsingu hv. 1. þm. Rang. í þessu máli, sem allir vita að er sannleikanum samkvæm, eins og hann hafi farið með einhver höfuðósannindi.

Hæstv. ráðh. hefur svarað þessu með því, að nú séu sjálfstæðismenn farnir að vitna í Þjóðviljann sem sannleiksvitni. Því fer víðs fjarri, að ég haldi því fram nú frekar en áður, að málgagn kommúnista sé sérstaklega óljúgfrótt. En ég fæ ekki séð, þegar spurt er, hverjum það sé til góðs, þá eigi Þjóðviljinn að hafa sérstakra hagsmuna að gæta í því að segja rangt frá þessu. Það er hans eigin ríkisstj., sem hann ber fulla ábyrgð á, sem hefur framkvæmt þetta. Kommúnistaflokkurinn ber nákvæmlega jafnmikla ábyrgð á því, að tengdar eru saman lántökur og varnarmál Íslands, eins og Alþfl., sem á utanrrh., og eins og Framsfl., sem á fjmrh. Ég held, að hæstv. fjmrh. verði að gera svo vel að taka aftur allar fullyrðingar sínar og gífuryrði, sem hann viðhafði hér í þessum ræðustól áðan, og lesa biblíuna betur, — lesa Þjóðviljann betur, hlusta á það vitni, sem leitt hefur verið gegn honum úr hans eigin herbúðum. Það eru ekki vondir menn, eins og sjálfstæðismenn og hv. 1. þm. Rang., einir, sem segja það, að tengd hafi verið saman varnarmál og lántökur. Það er sjálfur stærsti flokkur ríkisstj. Það sýnir, hvað hæstv. fjmrh. grípur oft til þess að belgja sig þá mest út og þykjast vera sem hneykslaðastur, þegar hann er að verja sem verstan og hrapallegastan málstað.

Á það má enn fremur benda, að það eru ekki liðnir nema örfáir dagar, síðan einn af þm. Alþfl., Benedikt Gröndal, hv. 5. landsk. þm., ritaði grein í blað sitt, þar sem hann sýndi fram á, að þróunin gengi í þá átt innan Atlantshafsbandalagsins, að þjóðirnar víkkuðu samstarfssvið sitt, í staðinn fyrir að starfa eingöngu saman um landvarnir og öryggismál, þá hnígi það nú meira og meira í þá átt, að þær starfi saman að pólitískum málum og efnahagsmálum. Þetta upplýsir hv. þm. af því tilefni, að rætt hefur verið mikið um það undanfarið, að efnt hafi verið til samskota fyrir Ísland meðal NATO-þjóða. Í þessari grein staðfestir hv.

5. landsk. þm. nákvæmlega það, sem öll blöð stjórnarandstöðunnar hafa haldið hér fram, að ríkisstj., sem hóf feril sinn á því að lofa Íslendingum því að reka NATO-varnarsveitirnar burt frá Íslandi, hefur nú leitað lána meðal NATO-þjóða, og sjálf stjórnarblöðin hafa lýst því yfir, að vilyrði hafi fengizt fyrir lánum hjá tveim þessara þjóða, Bandaríkjamönnum og Vestur-Þjóðverjum.

Til viðbótar kemur svo þessi staðfesting hv. 5. landsk. þm. á því, að allt það hafi verið satt, sem málgögn stjórnarandstöðunnar hafa sagt um hina aumlegu samskotabeiðni vinstri stjórnarinnar á Íslandi til meðlimaríkja Atlantshafsbandalagsins.

Svo kemur hæstv. fjmrh. hér, eins og „María mey með hjartað utan á“, og ætlast til, að nokkur einasti maður trúi því, að ekkert slíkt hafi verið orðað.

Ég get ekki varizt því, að mér virðist sú kápa, sem hæstv. fjmrh. hefur íklæðzt á þessari stundu, fara honum frekar illa, og mér kemur í hug gömul vísa, sem mun vera ættuð að austan, um mann, sem var „skrýddur kápu Krists að ofan, klæddur skollabuxum neðan“. Um atferli hæstv. fjmrh. í þessu máli má segja, að hann hafi haft á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneitað hennar krafti.

En allt tal um það, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. og hæstv. fyrrv. forsrh. fyrst og fremst hefði átt kost á allháu láni hjá Vestur-Þjóðverjum, ætlaði hæstv. fjmrh. sér að afsanna, en með hverju? Með því að lesa ársgamla ræðu eftir sjálfan sig, og þá fyrst áttu nú alvarlega að síga tvær grímur á hv. þingheim, þegar hæstv. fjmrh. las upp ársgamla ræðu eftir sjálfan sig.

Hæstv. fjmrh. veit, að það liggja fyrir skjallegar sannanir um, að fyrrv. ríkisstj., sem hann einnig átti sæti í, sællar minningar, átti kost á tæplega 400 millj. kr. láni í Vestur-Þýzkalandi. Staðreyndin er, að þetta lán hefur ekki verið tekið. Ég skal ekkert fullyrða um það, hver er ástæða þess. Hins vegar er það ekkert óeðlilegt, þó að menn velti því nokkuð fyrir sér, hver orsökin sé, vegna þess að menn vita, að þörfin er jafnt fyrir hendi nú eins og í fyrra fyrir lánsfé til margvíslegra nauðsynlegra framkvæmda í þessu landi.

Ég fæ heldur ekki séð, að það sé nein goðgá, þó að hv. 1. þm. Rang. komi það til hugar, að ef til vill muni nú stjórn, sem kommúnistar eiga sæti í á Íslandi, ekki njóta eins mikils trausts og ríkisstj., sem byggist á borgaralegu samstarfi.

Ég býst ekki við því, að hv. þm. finnist, að ég sé að tala eins og ég hafi fundið púðrið, þegar ég segi þetta. Ég býst við, að mönnum finnist, að það, sem hv. 1. þm. Rang. og ég segjum um þetta, sé eðlilegur og sjálfsagður hlutur.

Að öðru leyti skal ég ekkert fullyrða um það, hver ástæðan er fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengið þetta lán. En sem betur fer, er hún nú að fá eitthvert lán í Vestur-Þýzkalandi, ef trúa má hinum ágætu og óljúgfróðu málgögnum hennar, sem hafa upplýst það einmitt fyrir skömmu, að lántökur séu í burðarliðnum bæði í Bandaríkjunum og í Vestur-Þýzkalandi.

Ég hef nú e. t. v. fjölyrt um of um staðhæfingar hæstv. fjmrh. um þessi lánamál, vegna þess að mér virðist, að af þeim megi draga nokkrar ályktanir um trúverðugleik annarra ummæla hans, sem í raun og veru snerta meira kjarna þessa máls, sem hér er rætt um, fjárlagafrv. fyrir árið 1958 og efnahagsmál þjóðarinnar almennt.

En mér liggur við að taka mér í munn orð hæstv. ráðh., er hann viðhafði hér fyrr í dag. Hann spurði, eftir að hafa svarað ræðu leiðtoga stjórnarandstöðunnar, hv. 1. þm. Reykv.: „Er hægt að bjóða mönnum upp á annað eins?“ Ég spyr, eftir að hafa gert nokkuð að umtalsefni ummæli hæstv. ráðh. um þessi lánamál, þann eindæma tvískinnung, ósannsögli og hræsni, sem fram kemur í þeim: Er hægt að bjóða hv. þm. upp á annað eins af hálfu hæstv. fjmrh.? Ég held ekki.

Áður en ég skilst við hæstv. fjmrh., vil ég benda á það, að hann hefur ekki enn þá svarað þeirri fyrirspurn, sem hv. 2. þm. Eyf. bar fram til hans í framsöguræðu sinni fyrir minni hl. fjvn. í dag, um það, hvort það væri ætlunin að jafna greiðsluhalla fjárlaganna með því að kippa út af frv. framlögunum til niðurgreiðslu á verðlagi. Hæstv. ráðh. hefur, að ég hygg, haldið þrjár ræður síðan, en hann hefur í engri þeirra svarað þessu meginatriði, sem þessar umr. ættu í raun og veru að snúast að verulegu leyti um, vegna þess að þetta atferli, sem hv. 2. þm. Eyf. benti á, er ekkert annað en skefjalaus tilraun til þess að falsa niðurstöður fjárlaga.

Hvaða trygging er fyrir því, ef niðurstaðan verður sú, að þessi háttur verður á hafður nú, að einum stærsta útgjaldalið fjárlaganna sé kippt út úr fjárlögunum, — hvaða trygging er fyrir því, að næst þegar hæstv. fjmrh. leggur frv. til fjárlaga fyrir með greiðsluhalla og næst þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga, þá verði ekki kippt út einhverjum öðrum stórum lið og þannig jafnaður greiðsluhallinn? Mér kemur í hug, að það mundi vera handhægt fyrir hæstv. ráðh. um næstu áramót að kippa t. d. út framlögunum til félagsmála, framlögunum til heilbrigðismála, jafnvel til atvinnumála og leggja svo fyrir þing og þjóð frv., sem virðist vera greiðsluhallalaust.

Ég viðurkenni, að það stendur nokkuð sérstaklega á nú, þar sem bæjarstjórnarkosningar eru fram undan. Þess vegna er þessi skollaleikur hafinn, að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess að sýna þjóðinni framan í hinn rétta svip þeirra fjárlaga, sem afgreidd verða fyrir þessi jól. Hæstv. fjmrh. treystir sér ekki til þess að koma hreinlega til þings og þjóðar og segja: Þetta miklar tekjur þarf ég að fá til viðbótar, áður en ég get tekið við fjárlögum, og ég ætla að afla þeirra tekna þannig, með því að leggja á þennan skatt og með því að leggja á þennan toll. — Það er þetta, sem hæstv. fjmrh. leggur ekki til, af því að það eru kosningar fram undan. Þess vegna er þessi skollaleikur leikinn, að kippa út einum hæsta út-

gjaldaliðnum og láta hann svífa í lausu lofti, enginn veit enn hér á hv. Alþingi hve lengi.

Ég vil nú samt vænta þess, að áður en þessari umr. lýkur, upplýsi hæstv. fjmrh. þingheim um það, hver sé ætlun hans í þessum efnum. Og ég fæ ekki betur séð en Alþingi sem stofnun eigi skýlausan rétt á því að fá slíkar upplýsingar. Mundi fjmrh. í nokkru lýðræðislandi líðast það að mæta fyrirspurn eins og þeirri, sem hv. frsm. minni hl. fjvn. beindi til hans, með þögn einni og axlaypptingum? Mundi það ekki verða talið til hreinna embættisafglapa af fjmrh. í löndum, þar sem ábyrgðartilfinning ríkir og nokkur staðfesta er í meðferð opinberra mála? Ég er hræddur um það.

Ég er þá kominn að því að minnast örfáum orðum á mál míns kjördæmis, en mun að því loknu fara nokkrum orðum um efnahagsmál og stefnu hæstv. ríkisstj. almennt.

Ég hefði vænzt þess, þar sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur sérstaklega lýst því yfir, að hún hafi mikinn áhuga fyrir að stuðla að svokölluðu jafnvægi í byggð landsins, að hún hefði hlustað nokkuð á þær raddir, sem uppi hafa verið um það á þessu þingi og raunar á mörgum undanförnum þingum, að nauðsyn beri til þess að veita fjármagn til lífsnauðsynlegra framkvæmda í þeim héruðum, sem við erfiðasta aðstöðu búa, en þó hafa mikla og góða aðstöðu til mikillar framleiðslu og jákvæðrar þátttöku í sköpun verðmæta þjóðarbúsins.

Því miður bera ekki þessi fjárl., hvorki síðustu fjárl. né frv. að fjárl. fyrir næsta ár, neinn nýjan skilning á þessu með sér.

Ég nefni það sem dæmi, að Vestfirðir eru sá landshluti, sem nokkuð hefur orðið aftur úr í vegagerðum. T. d. brestur allmikið á það, að Ísafjarðarkaupstaður, einn stærsti kaupstaður landsins, sé kominn í akvegasamband og að vegir hafi verið lagðir um nærliggjandi sveitir þess kaupstaðar. Þannig vantar upp undir 100 km á það, að akvegur hafi verið lagður meðfram sunnanverðu Ísafjarðardjúpi til Ísafjarðar.

Hv. fjvn. hefur ekki treyst sér til þess að verða við ósk minni um það, að sérstaklega yrði snúizt við vandamáli þessa landshluta í þessum efnum og lagðar fram allháar fjárveitingar, þannig að myndarlegt átak yrði gert til þess að skapa akvegasamband við Ísafjarðarkaupstað og innbyrðis milli sveitanna í nágrenni kaupstaðarins. Þess vegna eru veittar sömu fjárupphæðir til vega í sýslunni og á s. l. ári. Ég harma það, að þessi hefur orðið niðurstaðan, en ég vænti, að sú till., sem við nokkrir þm. Sjálfstfl. flytjum um framkvæmdaáætlun um vegagerð í þeim landshlutum, sem hafa orðið eftir á í þeim efnum, kunni að geta bætt úr þessu vandamáli og Alþingi eigi síðar á þessu þingi eftir að sýna skilning sinn á því.

Ég mun því sennilega ekki gera tilraun til þess að fá þær fjárveitingar hækkaðar, sem hv. fjvn. hefur áætlað til nýrra þjóðvega í mínu kjördæmi, og yfirleitt hef ég ekki flutt neinar brtt. við fjárlfrv. við þessa umr. frekar en aðrir þm. Sjálfstfl. hafa gert.

Hins vegar mun ég freista þess að fá nokkuð aukin framlög til hafnarmála. Fram undan eru stórframkvæmdir í þeim efnum, bæði í Bolungavík og Hnífsdal. Hv. fjvn. hefur að vísu mælt með nokkrum fjárveitingum í því skyni, en engan veginn fullnægjandi.

Enn fremur hefur hv. n. ekki treyst sér til þess að taka upp nokkra fjárveitingu til ferjubryggna, sem eru sérstaklega nauðsynlegar við Ísafjarðardjúp, þar sem, eins og ég sagði, stór hluti sveitanna nýtur ekki samgangna á landi, en verður að byggja alla flutninga sína, bæði framleiðslu sinnar frá sér og allra nauðsynja sinna, á flutningum á sjó.

Ég mun skrifa hv. fjvn. milli umr. og freista þess að fá aukinn skilning og hljómgrunn hjá hv. n. fyrir fjárveitingum í þessu skyni og vil geta þess, að á undanförnum árum hefur ríkt skilningur á þessari sérstöðu þessara afskekktu sveita. Og ég vænti, að þegar situr stjórn, sem sérstaklega vill hjálpa hinum dreifðu byggðum og stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði ekki þyngra undir fæti en áður var.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um mál, sem varða mitt kjördæmi. En ég vil leggja áherzlu á það í sambandi við hafnarmálin, að til þess ber alveg brýna nauðsyn, að þau mál verði á næstunni tekin nýjum tökum. Þess vegna er það einnig, að við nokkrir þm. Sjálfstfl. höfum borið fram till. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir í landinu og um endurskoðun á þeirri löggjöf, sem gildir um þessar þýðingarmiklu framkvæmdir. Það er auðsætt orðið, eftir að dýrtíðin hefur vaxið eins gífurlega og raun ber vitni, að efnalítil kauptún og bæjar- og sveitarfélög geta engan veginn risið undir greiðslu hafnarkostnaðar í þeim hlutföllum, sem nú er gert ráð fyrir í hafnarlögunum. Það verður að finna einhverjar nýjar leiðir í þessum efnum, ef hægt á að vera að halda í horfinu um framleiðslu á mörgum þeim stöðum, sem nú leggja drjúgan skerf fram í þjóðarbúið.

Ég sagði áðan, að þessi fjárl. bæru ekki mikinn svip af þeim vilja eða stefnuskráryfirlýsingum hæstv. ríkisstj. að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Á það hefur verið bent áður í þessum umr., að framlög til verklegra framkvæmda eru raunverulega lækkuð með þessum fjárl. Það vita allir hv. þm., að t. d. verðhækkun á verkfærum til vegagerða ein ásamt nokkurri kaupgjaldshækkun hefur a. m. k. í för með sér 5—8% hækkun á vegagerðarkostnaði. Sömu upphæðir í fjárlögum til þessara þýðingarmiklu framkvæmda þýða þess vegna raunverulega lækkuð framlög til þeirra, enda þarf ekki nema tala við vegaverkstjórana, þeir ljúka upp einum rómi um það, að hverjar 10 þús. kr. endist allmiklu verr til framkvæmdanna en var fyrir einu eða tveimur árum. En það er staðreynd, sem allir þm. vita, að einmitt samgöngurnar á landi eru hyrningarsteinninn undir framleiðslu landbúnaðarins og sveitanna. Það er því vissulega illa farið, að hæstv. ríkisstj., sem að sjálfsögðu hefur í mörg horn að líta, eins og allar ríkisstj., skuli ekki hafa talið sér fært að halda í horfinu um þessar fjárveitingar.

Þá vekur það nokkra furðu, að í fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir því, að lækkuð séu framlög til atvinnujöfnunar.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar í því skyni 15 millj. kr. Nú mun vera í fjárlagafrv. 13.5 millj. kr. fjárveiting í þessu skyni. Ég held, að það sé nauðsynlegt við 3. umr. að hækka þessa upphæð a. m. k. upp í sömu upphæð og á yfirstandandi fjárlögum. Enn fremur held ég, að það sé nauðsynlegt að fela sérstökum mönnum að annast úthlutun þessa fjár, því að á því munu vera mjög miklir misbrestir, að því hafi nú á þessu ári verið úthlutað réttlátlega. Því miður eru mörg dæmi um mjög mikla hlutdrægni í úthlutun þessa fjár, og það þarf ekki nema líta yfir þann lista, sem fjvn. hefur borizt um þetta, til þess að sjá, að þar muni vera einhver maðkur í mysunni.

Í þriðja lagi vil ég benda á það, að hæstv. núv. ríkisstj. lofaði því að kaupa skip til eflingar atvinnulífinu víðs vegar um land, og það átti að vera ein fegursta rósin í hennar hnappagati. Fyrir tiltölulega skömmum tíma, líklega 1½ mánuði, var það upplýst af hæstv. sjútvmrh. hér á hv. Alþingi, að þessum málum er nú ekki lengra á veg komið en svo, að enginn samningur hefur verið gerður um kaup á einum einasta þeirra 15 togara, sem ríkisstj. var fyrir um það bil ári heimilað að semja um kaup og smíði á.

Hæstv. sjútvmrh. var allönugur í svörum við mig, þegar ég krafði hann sagna um þetta fyrir um það bil 1½ mánuði, og hann upplýsti með allmiklum þjósti, að samninganefnd væri á förum næstu daga. Það var svona nálægt. Samninganefnd var á förum næstu daga til að semja um smíði togaranna. En þó varð hæstv. ráðh. að viðurkenna, að enginn eyrir hafi verið fenginn að láni til smíði þessara skipa, en engu að síður var samninganefnd á förum næstu daga til þess að semja um smíði og kaup skipanna.

Ég vildi nú mega spyrja hæstv. ráðh. að því, hvernig hann skilgreini hugtakið „næstu daga“. Mér er ekki kunnugt um, að þessi ágæta sendinefnd, skipuð sérfróðum mönnum, stórkostlegum vísindamönnum á sviði skipabygginga, að því er mér skildist á hæstv. ráðh., og ég efa ekki, að hann hefur valið góða menn til þess að annast þessi þýðingarmiklu mál, væri á förum til útlanda. Ég veit, að hv. þm. vita ekki til þess, að þessir menn séu farnir út fyrir landssteinana enn þá. Þeir fara kannske næstu daga.

Um 250 tonna skipin upplýsti hæstv. ráðh., að búið væri að gera samninga um smíði 6 þeirra af 12 eða nokkru fleiri, en ekkert lán hefði heldur verið fengið til þeirra nema til eins eða tveggja ára. Og það kallaði hæstv. ráðh. lán, en það mundu aðrir menn alls ekki kalla lán.

Þannig standa nú þessi mál, sem áttu að bjarga atvinnulífi sjávarsíðunnar úti um land. Það er ekki búið að semja um smíði eins einasta togara. Það hefur ekkert lán verið fengið til þeirra. Það er orðað af hæstv. ráðh., að það sé búið að semja um smíði 6 af 12 eða fleiri 250 tonna skipa, en það hefur heldur ekkert lán nema eins til tveggja ára lán verið fengið til smíði 6 þessara skipa. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann sé nærri lokum sinnar ræðu.) Ef hæstv. forseti gæfi mér 10 mínútur — eða 5—10 mínútur — þá mundi ég freista þess að stytta mál mitt. (**Forseti:** Umræður virðast nú dragast svo á langinn, að þörf sé einhverrar hressingar, áður en lengra verði haldið.) Ég mun freista þess að ljúka máli mínu innan 10 mínútna, e. t. v. fyrr.

Það væri fróðlegt, að hæstv. sjútvmrh. gæfi nú nýjar upplýsingar um það, hvernig þessi skipasmíðamál standa. Ég held, að það væri mjög gagnlegt, ekki síst vegna þess, sem ég einnig benti á við umr. um fyrirspurn mína fyrir nokkrum vikum, að allmörgum byggðarlögum hefur verið gefið í skyn, að þau ættu von á þessum skipum, ýmist stærri eða minni skipunum. Hæstv. ráðh. vildi að vísu ekkert upplýsa um það þá, hvaða byggðarlög eða hvaða aðilar og með hvaða kjörum hafi komið til mála í þessu sambandi.

Ég vildi svo þessu næst fara örfáum orðum um það atriði, sem náttúrlega skiptir mestu máli fyrir afkomu alls almennings við sjávarsíðuna og þá ekki hvað sízt úti um land, þar sem fólkið fyrst og fremst vinnur framleiðslustörf, þar sem svo að segja hver einasti maður í sjávarþorpunum á afkomu sína undir því, hvernig fiskast og hvernig aðstaða sjávarútvegsins er. Hvernig er ástand sjávarútvegsins, sem á að standa undir atvinnu fólksins í dag?

Við minnumst þess, að á síðasta Alþ., nokkru fyrir jól, voru lagðar á um það bil 300 millj. kr. í nýjum sköttum og tollum til þess að nota það fé til þess að borga upp hallarekstur sjávarútvegsins. Þetta þýddi u. þ. b. 9500 kr. skatt á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. En látum nú vera, ef þetta hefði nægt til þess að tryggja rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, eins og hæstv. ríkisstj. lét í veðri vaka á s. l. þingi, fyrir réttu ári, þegar verið var að afgreiða „jólagjöfina“. Því miður hefur það ekki reynzt sannmæli. Á aðalfundi L. Í. Ú. fyrir skömmu var því lýst yfir, að miðað við óbreytt fiskverð og óbreytta aðstoð hins opinbera reiknuðu samtökin, afurðasölunefnd og verðlagsráð L. Í. Ú., með því, að 140 þús. kr. rekstrarhalli yrði á meðalvélbát á komandi vertíð. Enn fremur var upplýst, að 1.1 millj. kr. halli mundi verða á rekstri meðaltogara, miðað við óbreyttar aðstæður, þ. e. a. s. óbreytt fiskverð og óbreyttan stuðning hins opinbera.

Meiri árangur hafa þá efnahagsmálaráðstafanir hæstv. núverandi ríkisstj., sem gerðar voru fyrir u. þ. b. einu ári til bjargar sjávarútveginum, ekki borið. Stórfelldur rekstrarhalli er fyrirsjáanlegur á meðalvélbát og á meðalútgerð togara. Frammi fyrir þessari staðreynd stendur Alþ. og núverandi hæstv. ríkisstj. í dag.

Í sambandi við ráðstafanir hæstv. ríkisstj. til stuðnings útgerðinni á s. l. ári vil ég vekja athygli á því, að því var þá heitið, að hinum nýju álögum skyldi haga þannig, að þær legðust ekki á nauðsynjar útvegsins, enda var það eðlilegt fyrirheit, því að það var útgerðin, sem átti að bjarga með þessum nýju álögum. Það hefði þess vegna verið fáránlegt að vera að leggja álögurnar á útgerðina sjálfa. En því miður hefur hæstv. ríkisstj. ekki haldið þetta loforð sitt frekar en önnur. Það var upplýst á fundi útvegsmanna, að nauðsynjar útgerðarinnar hefðu hækkað um hvorki meira né minna en 8—38% af

völdum hinna nýju tolla og skatta ríkisstj., sem sagt, ríkisstj. leggur hinar nýju álögur einnig á útgerðina til þess að „bjarga“ útgerðinni. Minnir þetta ekki nokkuð á manninn, sem brauzt um í mýrinni og reytti hár sitt og hélt, að hann gæti dregið sjálfan sig á hárinu upp úr feninu? Ég get ekki varizt þess, að mér virðist hæstv. sjútvmrh. minna átakanlega á þennan vesalings mann.

En það er ekki einungis það vandamál, að stórkostlegur rekstrarhalli sé hjá útgerðinni eftir þessi nýju úrræði hæstv. ríkisstj. Annað vandamál verður stöðugt meira aðkallandi. Það er skortur á mannafla.

Árið 1954 voru ráðnir í fyrsta skipti, að ég hygg, svo að nokkru næmi, útlendingar til þess að manna íslenzka fiskiskipaflotann, og þá voru ráðnir skv. upplýsingum Landssambandsins 172 færeyskir sjómenn á íslenzk fiskiskip, á árinu 1955 voru ráðnir 470, á árinu 1956 943 og á árinu 1957 1344, og samkvæmt upplýsingum, sem einnig komu fram á Landssambandsfundinum, var talið, að allt að því 40% af sjómönnunum, þeim mönnum, sem á sjóinn fara á flotanum, væru útlendingar. Í þessu sambandi get ég ekki varizt þess að minna á það, að þegar Sjálfstæðisfl. fór með stjórn varnarmálanna, var það eitt aðaláðeiluefni Framsfl. og fleiri manna á Bjarna Benediktsson og Sjálfstfl., að þeir sæju ekki um það, að varnarliðsvinnan drægi ekki vinnuafl frá framleiðslunni. Sannleikurinn er svo sá, að eftir að Framsfl. tekur við stjórn varnarmálanna, þá fyrst tekur úr um vandræði framleiðslunnar vegna fólksleysis. Og enn keyrir um þverbak, þegar vinstri stjórn er mynduð. Þá er það hvorki meira né minna en allt að því 40% sjómanna, sem á sjóinn fara, sem eru útlendingar, og borga verður 15 millj. kr. á ári í erlendum gjaldeyri til þess að launa erlenda sjómenn á fiskiskipaflota okkar. Enn virðist eitthvað hafa mistekizt við framkvæmd hinna fögru loforða, sem flokkar núverandi hæstv. ríkisstj. gáfu um það að kippa öllu í lag, ef þeir aðeins fengju völdin.

Ég vil ekki vanefna fyrirheit mitt við hæstv. forseta og því ljúka máli mínu. En undir lokin vil ég aðeins benda á það, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi vanefnt mörg loforð, hefur hún þó vanefnt það einna hrapallegast að stöðva hækkun verðlags og aukningu dýrtíðar og verðbólgu í landinu. „Verðstöðvunarstefna“ hennar er að engu orðin. Það sést bezt á því, ef litið er á örfáar tölur. Vísitalan hefur á þessu ári hækkað um 5 stig, en átti að hækka um 1—2 stig, að því er sagt var af hálfu hæstv. ríkisstj. um síðustu áramót. Niðurgreiðslurnar á verðlagi hafa hækkað úr 25 millj. kr. árið 1952 og 57 millj. kr. árið 1956 upp í 125 millj. kr. samkvæmt því, sem lýst er yfir í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. En sú hækkun, 68 millj. kr. hækkun á niðurgreiðslunum frá árinu 1956, þýðir hvorki meira né minna en 11 vísitölustig, 11 stiga hækkun vísitölunnar. Svo kemur hæstv. ríkisstj., eftir jafnframt að hafa lagt á almenning 9500 kr. gjaldabyrði á hverja einustu 5 manna fjölskyldu í landinu, og segist hafa stöðvað vöxt dýrtíðarinnar og standa með verðstöðvunarstefnuna eins og pálmann í hendinni.

Ég segi: þeir menn eiga vissulega gott, sem þetta hafa afrekað, en trúa því sjálfir, að þeir séu að vinna sinni þjóð vel, trúa því einlæglega í sínu hjarta, að þeir hafi stöðvað kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags og vöxt dýrtíðarinnar. Ef þeir trúa því hins vegar ekki, en halda áfram að segja þjóðinni það, þá mætti segja mér, að þessir menn svæfu oft illa.

Ég vil svo endurtaka það, að ég mun við 3. umr. flytja brtt. um þau atriði, er ég nefndi sérstaklega í fyrri hl. ræðu minnar og varða mitt kjördæmi. — [Fundarhlé.]

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., sem þegar eru orðnar nokkuð langar. Ég ætla aðeins að víkja örfáum orðum að einu atriði, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) gerði að umtalsefni. Ég mótmælti því hér alveg, að dvöl varnarliðsins á Íslandi hefði nokkru sinni verið blandað inn í samninga um lántökur eða efnahagsmál. Hv. þm. N-Ísf. vildi vefengja þetta, og hann sagðist hafa vitni og vitnið var blað Sósialistaflokksins, Þjóðviljinn. Vill nú ekki þessi hv. þm. N-Ísf. lesa sér ofur lítið til um það, sem Þjóðviljinn sagði um Bjarna Benediktsson, Marshallaðstoðina og dvöl varnarliðsins á Íslandi á sínum tíma, og leggja síðan ofur lítið út af því?

Þá sagði þessi hv. þm., að stjórnin hefði nú lotið svo lágt að leita nú lána meðal NATO-þjóða. Ja, þvílíkt ódæði, að stjórnin skuli hafa leyft sér að leita lána hjá NATO-þjóð eða NATO-þjóðum. Langt eru menn nú komnir í villunni og vandræðunum, þegar svona lagað heyrist frá hv. stjórnarandstæðingum.

Þá sagði þessi hv. þm. loks, að hv. þm. Benedikt Gröndal hefði einhvers staðar verið að skrifa um aukið samstarf NATO-þjóðanna í efnahagsmálum og öðrum málum. Þetta þótti hv. þm. tíðindi. Þó veit hv. þm. það vel, að á undanförnum árum hefur verið unnið að auknu samstarfi NATO-þjóðanna í efnahagsmálum, og það er ekkert leyndarmál, það vita allir, að Íslendingar hafa á undanförnum árum notið góðs af auknu samstarfi NATO-þjóðanna í efnahagsmálum, og er það vitanlega engin uppgötvun. Meðan hv. núverandi stjórnarandstæðingar voru í stjórn, voru þeir mjög hrifnir af þeirri hugmynd, að NATO-þjóðirnar ættu að vinna meira saman í efnahagsmálum og öðrum þess háttar málum. Þetta læt ég nægja til þess að sýna fram á, hvílíkar fjarstæður hv. stjórnarandstæðingar hafa fram að færa í sambandi við þessi efni.

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Hv. sjálfstæðismenn hafa sýnt það og sannað í þessum umr., að þeir eru vel liðtækir málrófsmenn, þegar því er að skipta, og verður að segja það eins og er, að þeirra ræður hér í kvöld hafa eiginlega ekki nema að ívafi verið um fjárlagaafgreiðsluna, en uppistaðan öll hefur verið um önnur efni, og verð ég þó að segja, að ástæða hefði verið til þess að taka eitt kvöld í það að ræða afgreiðslu fjárl., eins og þau eru í pottinn búin, og þeir hafa mjög bent á, að undirbúningur þeirra væri með þeim hætti, að nokkur hraði hefði verið hafður á þeim efnum

umfram það, sem venja er til, og gæfi það enn frekar ástæðu til að ræða þau af gaumgæfni hér í kvöld. Þetta hafa þeir hins vegar ekki gert, en fundið miklu frekar ástæðu til þess að ræða um allt önnur efni. Máske er þetta svolítil arfleifð af því, að hér hefði máske átt að hafa bara eldhúsumræður, svo sem eins og þingsköp gera ráð fyrir, en þeir voru áður búnir að samþykkja að hafa hér á annan hátt og ræða fjárl. í kvöld. Þeir hafa blandað hinum ólíkustu efnum inn í sínar ræður, m. a. var það að skilja t. d. á hv. 1. þm. Rang. (IngJ), að hann teldi allt eins koma til mála að ákveða lengd kosningadags eða fjölda kosningadaga í fjárlfrv. eða eitthvað þess háttar. En að svo miklu leyti sem ég get séð tilefni til, vil ég sem frsm. fyrir meiri hl. þessarar n. víkja örlítið að þeim umr., sem hér hafa farið fram, og þá einkum að ræðum þeirra hv. sjálfstæðismanna.

Sigurður Bjarnason, hv. þm. N-Ísf., hélt hér allanga ræðu og kom nú víða við í henni. M. a. gerði hann mjög að umtalsefni rekstrargrundvöll fyrir sjávarútveginn. Hann átti það sameiginlegt hv. 1. þm. Rang. að fullyrða hér, að rekstrargrundvöllur bátaflotans og fiskiskipanna yfirleitt hefði stórkostlega versnað á yfirstandandi ári. Ég vil minna hv. þm. N-Ísf. á, að það er ekki nóg til þess að verða sérfræðingur í útgerðarmálum að láta flokksskrifstofu Sjálfstfl. útvega sér umboðsbréf til þess að sitja fund hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, eins og þessum hv. þm. hefur tekizt nú á umliðnu hausti. Það, sem hann fór hér með í ræðustól um þessi efni, er svo fullkomin vitleysa, að hann hefði ekkert verið verr að sér í þeim málum, þó að hann hefði setið þennan fund. Fullyrðing hans um, að dýrtíð hafi vaxið og rekstrargrundvöllur bátaflotans sé allur annar og verri nú en hann var í upphafi s. l. árs, er á misskilningi byggð fullkomlega. Ég vil benda þessum hv. þm. á, að hér sem fyrr hættir honum við að rugla saman óskyldum efnum. Hann vitnar til þess, að á Landssambandsfundinum var talað um, að rekstrartap á hvern fiskibát næmi verulegum upphæðum og að rekstrartap á hvern togara næmi 1½ millj. Þetta er miðað við það aflaleysi, sem nú er yfirstandandi, var á síðustu vertíð við Faxaflóa og hefur verið hjá togaraflotanum á þessum haustmánuðum. En rekstrargrundvöllur bátaflotans er ekki miðaður við aflamagn einnar vertíðar, og það væri gott fyrir þennan hv. þm. að vita þetta, ef hann skyldi lenda inn á Landssambandsfundi aftur eða hann skyldi einhvern tíma eignast í útgerð eða þurfa eitthvað á vísdómi um þessi mál að halda. (SB: Ég held, að þm. viti ekkert, hvað hann er að tala um.) Það verður þá leiðrétt hér síðar væntanlega af þessum hv. þm.

Pétur Ottesen, hv. þm. Borgf., hélt hér mjög efnislega ræðu um hafnarmál Akraneskaupstaðar, og skal ég taka það fram, að flest af því, sem hann sagði þar, var satt og rétt. Og ég get ósköp vel skilið það, að sá hv. þm. sé ekki ánægður með það framlag, sem gert er ráð fyrir til Akraneshafnar. Hann hefur fært að því fullkomin rök, og það er raunar hverjum manni ljóst, sem á þau mál lítur, að sanngirni mælti með, að þar væru veittar til hærri fjárhæðir, miðað við það, sem tíðkast um aðrar hafnir. En það er nú einu sinni svo, að framlag til hafnanna, hinna stærri hafna, hefur verið bundið hámarki, og hefur verið haldið þeirri reglu enn þá Ég fyrir mitt leyti vil ekki halda því fram, að það sé endilega það réttasta eða sanngjarnasta, sem hugsazt geti í afgreiðslu hafnarmálanna, en till. um hafnarmál frá fjvn. eru að sjálfsögðu eins og aðrar till. byggðar á því samkomulagi, sem þar hefur fengizt, en segja ekki endilega, að þar séu farnar að allra nefndarmanna dómi hinar ákjósanlegustu leiðir.

Varðandi það, sem aðrir menn hafa hér sagt um ónógt framlag til þeirra hafna, sem þeir bera helzt umhyggju fyrir, eins og t. d. um höfnina í Hnífsdal, í Bolungavík, og það, sem hv. þm. A-Húnv. (JPálm) minntist á um höfnina á Skagaströnd, þá get ég upplýst, að þessar hafnir hver um sig eru ekki verr settar, miðað við þann grundvöll, sem lagður hefur verið, heldur en gerist og gengur um hafnir. Hnífsdalshöfnin og Bolungavíkurhöfn eru báðar þannig settar nú, að ríkið skuldar þeim ekkert, en ráðgerðar framkvæmdir í Hnífsdalshöfn telur vitamálaskrifstofan að muni verða það miklar, að ríkið verði skylt fyrir 350 þús. kr. greiðslu þeirra vegna. En ekki er ráðgert að greiða nema tæpan þriðjung af því, þ. e. a. s. 100 þús. kr., og svipað hlutfall gildir um Bolungavíkurhöfn. Ríkið skuldar ekkert til þeirrar hafnar nú, áætlaðar framkvæmdir í þeirri höfn á næsta ári eru um 2½ millj., og ætti því ríkið að greiða 1 millj. til þeirra mannvirkja, en það er ráðgerð 300 þús. kr. greiðsla, þ. e. a. s. tæpur þriðjungur, og er nokkurn veginn jafnvægi á milli þessara tveggja hafna. Hvað snertir Skagaströnd, þá er hún nokkru betur sett en þessar tvær hafnir, miðað við þann grundvöll, sem vitnað er í. Það er ráðgert, að það, sem ríkið skuldar Skagaströnd á yfirstandandi ári, nemi 50 þús. kr., en samkvæmt skýrslu vitamálastjórans verður ríkið ekki á næsta ári greiðsluskylt til þeirrar hafnar nema fyrir 69 þús. kr., svo að það má heita, að þar standi til að borga upp framlag ríkissjóðs. Hitt hefur hv. þm. A-Húnv. bent á, að skekkja kunni að vera í þeirri skrá, sem til grundvallar er lögð, og er það þá allt annað mál, ef til leiðréttingar gæti komið í þeim efnum.

Svo að ég víki sérstaklega að ræðu hv. 1. þm. Rang., þá verð ég í heild um hana að segja, að hún var málefnalega fjær sanni en ég átti von á af þeim hv. þm. Hann kom víða við. Meðal þess, sem hann hélt fram, var það, að tekjur hefðu ævinlega verið varlega áætlaðar í tíð fyrrv. ríkisstj. Með þessu „varlega“ átti hann reyndar við, að þær hefðu verið rangt áætlaðar, lægra en fyrir fram var vitað að þær mundu verða. Hann lét liggja að því, að nú hefðu tekjur ríkissjóðs verið rangt áætlaðar á hinn veginn, að þær mundu ekki standast. Það getur vel verið, að það hryggi hv. 1. þm. Rang., en mér sýnist, að heildarupphæð tekjuhliðar núgildandi fjárl. muni standast, enda þótt það sé rétt, að ekki standist allir einstakir liðir og verði sumir nokkru lægri en áætlað var, en aðrir verða líka fyrirsjáanlega hærri, og ég á von á því, að heildarupphæðin verði ekki langt frá sanni.

Rekstrarhalli á ríkinu, ef hann kann að verða

einhver frá þessu yfirstandandi ári, vænti ég þá að stafi ekki af því, að tekjurnar hafi verið rangt áætlaðar, svo að neinu nemi, heldur þá frekar af hinu, að ekki hefur verið komizt hjá því að greiða nokkru meira í útgjöld en áætlað hafði verið.

Þessi hv. þm. lét liggja að því, að stjórnarliðið í fjvn. eða hér á Alþ. yfirleitt hafi látið undan síga þrýstingi frá sjálfstæðismönnum um það að gera hækkunartill. á framkvæmdaliðum frv. til vega, brúa og hafna, eins og gert hefur verið. Ég get aðeins sagt honum, að það hafði engin till. frá neinum verið sýnd í fjvn., þegar ég fyrir hönd okkar, sem styðjum ríkisstj. í fjvn., lagði fram till. um þessa hækkun, sem síðan var samþ. í n. Það er því ekki um það að ræða, að þarna hafi verið um neinn þrýsting að ræða eða sjálfstæðismenn hafi ráðið ferðinni í þessum efnum að þessu sinni.

Hv. frsm. minni hl., Magnús Jónsson, lét að því liggja í sinni ræðu, að á s. l. ári hefði þetta verið þannig, og hefur hann það til síns máls, að sjálfstæðismenn gerðu þá till. um hærri framlög í fjvn. Það er rétt. Þeir fengu þær hins vegar ekki samþ., og eins og menn muna, þeir sem rifja upp afgreiðslu þeirra fjárl., sem nú eru í gildi, gerði Sjálfstfl. meira að segja hækkunartill. um hvern einasta vegarspotta á landinu og lét greiða atkv. um það sérstaklega, af því að honum fannst hækkunin ekki nægilega mikil. En menn muna það líka væntanlega, að allar þær till. voru felldar, svo að Sjálfstfl. réð því ekki heldur, hverjar upphæðir voru þá ákveðnar til vega, brúa og hafna. Það er þess vegna alveg ástæðulaust og vafasamur heiður að reyna að eigna það Sjálfstfl., hvernig sú afgreiðsla var ákveðin á síðasta þingi, og enn er það nú fráleitara að ætla að gorta af því hér, að þær till., sem hér eru fram komnar, séu einhverjar einkatill. Sjálfstfl. eða undan hans rifjum runnar frekar en annarra. Hitt skal að sjálfsögðu játað, að fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. studdu strax þessar till. og sögðu, að þessar hugmyndir féllu saman við það, sem þeir létu sér detta í hug að leggja til í þessum efnum.

Hv. 1. þm. Rang., Ingólfi Jónssyni, hættir mjög til þess að vitna í það, að hann hafi fundið eitthvert eilífðar-„patent“ gegn dýrtíðinni með því að leggja fram, vorið sem hann fór úr ríkisstj., till. þar um niðurgreiðslu á ákveðnum vörutegundum með sérstökum hætti til þess að halda vísitölunni niðri. Því hefur verið haldið fram, og ég hef ekki heyrt því mótmælt, að þessar till. hans mundu hafa kostað ríkið á einu ári 70 millj. kr., og mig minnir einna helzt, að hann hafi vitnað í þá tölu sjálfur og borið hana saman við það, sem nú hefði orðið í útgjaldaaukningu hjá ríkinu, og honum fannst það vera eitthvað á milli 500 og 600 millj. kr. Og það var á honum að heyra, að hér hefði ríkið orðið fyrir því alvarlegasta skakkafalli, að fyrir það að missa út úr stjórnarráðinu Ingólf Jónsson hafi á ríkið fallið sem eins konar slys eða skaði mismunurinn á 70 millj. og rúml. 500 millj. kr. Ég hef aldrei dregið ágæti Ingólfs Jónssonar í efa, en að ríkinu hafi verið slíkur skaði að brottför hans úr Arnarhvoli, það er ég ekki trúaður á. Ég hneigist frekar að því að láta mér detta í hug, að rétt sé, sem haldið hefur verið fram í ræðum manna, en ég var reyndar ekki áheyrandi að, að maðurinn hafi verið beittur einhverju því, sem orkað hefur á hans taugakerfi með þeim hætti, að hann segir ýmsa hluti, sem manni virðast vera furðulegir og dálítið utan við allan veruleika.

Svo að tekið sé eitt lítið hlutlægt dæmi, vildi ég spyrja þennan hv. þm., vegna þess að það stendur dálítið sérstaklega á á þeim slóðum, þar sem hann er kunnugur mjög í skólamálum, að þar var byrjað fyrir tveimur árum eða um það bil að byggja svolítið skólahús. Það var áætlað, að þetta skólahús ætti að kosta 1½ millj. kr. Ríkið samþykkti fyrir sitt leyti þessa áætlun og veitti til þess fé og hafði í hyggju að greiða þennan skólakostnað eftir þeim reglum, sem um skólakostnað gilda í lögum þar um. En af einhverjum ástæðum lenti annað skólahús utan á þessu skólahúsi, þannig að nú berast fjvn. í hendur plögg um það, að til viðbótar við þetta upphaflega áætlaða skólahús sé verið að reisa stækkun á þessu skólahúsi, sem ráðgert er að muni kosta 2.1 millj., þ. e. a. s. töluvert miklu meira en hin upphaflega áætlun var upp á. Nú hefur þessi hv. þm. talað um það bæði við mig og aðra, að það sé hin mesta nauðsyn að hækka framlag til þessara bygginga af þessum sökum, og ég get ósköp vel skilið það, og ég vanmet ekkert þörfina, sem á þessu er. En ég vildi spyrja þennan hv. þm.: Hefðu nú þessar 70 millj. líka komið til með að bjarga svona vandræðum, eða er máske einhver hluti af þessum rúml. 500 millj., sem hann talar um, að komast hefði mátt hjá með því að taka „patent“-milljónirnar hans, utan við það svið, sem hinar umtöluðu 70 millj. hans, þessar galdramilljónir, hefðu getað varðveitt ríkissjóð frá sem útgjöld?

Hann heldur því fram, þessi hv. þm., að hækkanir hafi aldrei verið meiri á verðlagi en nú í tíð þessarar núverandi ríkisstj. Hann telur, að það muni a. m. k. þurfa 250 millj. til þess að bjarga fjárhag þjóðarinnar, til þess að efnahagskerfið hrynji ekki, og hann tekur undir það með sérfræðingnum af Landssambandsfundi ísl. útvegsmanna, að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar sé svo gersamlega í rúst, að það sé ekkert sambærilegt við það, sem áður hefur sézt, því að útgerðin muni þurfa svo miklu meira nú en nokkru sinni fyrr, skilst mér, til þess að geta haldið útgerð sinni áfram.

Þessum hv. þm., þm. N-Ísf. og 1. þm. Rang., vil ég sameiginlega benda á það, að þeir ættu að ganga á fund formanns Varðarfélagsins í Reykjavík, sem jafnframt er fiskimálastjóri og heitir Davíð Ólafsson, og spyrja hann að því, hvort rekstrargrundvöllur fyrir útgerðina sé margfalt verri í ár en hann var á s. l. ári, og áður en þeir leggja á stað í þessa för, skal ég gefa þeim það veganesti, og þeir mega hafa það eftir mér, að búið sé að líta yfir reikninga meðalbáts og þeir reikningar sýni, að það sé ekki um að ræða neitt verri rekstrargrundvöll fyrir útveginn nú en á s. l. ári, ef ekki þá betri.

En ég er ekki viss um, að þessir hv. þm. taki það mjög trúanlegt, þó að Davíð Ólafsson mundi

segja þeim, að þetta, sem ég er að segja þeim nú, væri rétt. Þeir væru ekki alveg ólíklegir til þess að rísa hér enn upp á Alþ., ef þeim býður svo við að horfa og ef þeim finnst endilega, að þeir þurfi að skamma ríkisstj., og halda enn fram sömu firrunum sem þeir hafa haldið hér fram í kvöld. En þó þykir mér nokkur fróðleikur í því að vita, hvort þeir hafa manndóm í sér til þess að leiðrétta það, sem þeir kunna að sannfærast um að þeir hafi hér skakkt sagt í kvöld.

Hv. þm. A-Húnv., Jón Pálmason, hélt hér líka eina mikla dómadagsræðu um ástandið hjá íslenzka þjóðarbúinu. Hann taldi það yfirleitt vera gjaldþrota með öllu, hann taldi þar allt ganga aftur á bak, og það var fátt, sem hann þekkti til af misferli, sem hann taldi ekki tilheyra núverandi ríkisstj. En í leiðinni í þessu gjaldþroti öllu saman segir hann frá því, að á Skagaströnd, sem er helzti útgerðarstaðurinn í hans kjördæmi, sé nú allt að fyllast af nýjum fiskibátum, það séu bara að koma þrír fiskibátar þangað. Allir vita, að þar hefur legið við landauðn af atvinnuleysi að undanförnu. Áhyggjur þessa hv. þm. snerust núna um það, hvort staðurinn hefði nægilegan mannskap til þess að manna þessa báta og til þess að vinna úr þeim fiski, sem þeir mundu draga að landi. Ég verð nú að segja það, að af jafnágætum dreng og þessum hv. þm. hefði ég sannast að segja óskað betra hlutskiptis en að láta skrifstofu Sjálfstfl. hafa sig út í það að halda svona endemisræðu hér, og næst þegar hann verður beðinn um það, þá held ég, að hann ætti að skoða hug. sinn tvisvar um að láta hafa sig út í svona fen og foræði. Þeirri stjórn, sem hefur lagt til helzta sjávarþorpinu í hans sýslu atvinnutæki, sem eru nóg handa því fólki, sem þar býr, og hann má máske eiga von á innflutningi fólks í þetta hérað, ætti hann að unna þess sannmælis að telja henni ekki alls varnað. Að sjálfsögðu gæti hann fundið að við hana, en hann gerði það bara með þeim hætti, að engin sanngirni var þar finnanleg í. Hvað gerði gamla ríkisstj. fyrir hann? Lagði hún honum til báta? Bjargaði hún atvinnuástandinu á Skagaströnd? Nei, hún gerði það ekki. En þessi hv. þm. taldi sig samt hafa alla ástæðu til þess að fylgja henni að málum, og hann beit nú í rauninni hausinn af skömminni með því að gefa henni þau eftirmæli, að enginn vissi, hvað átt hefði, fyrr en misst hefði. Ja, hann missti atvinnuleysið af Skagaströnd.

Hv. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, hélt hér einnig langa ræðu og kom víða við. Hann taldi, að við byggjum við þess háttar stjórnarfar, að það væri beinlínis verkefni ráðuneyta að leggja fram till. og allir aðrir væru í rauninni undanþegnir þeirri skyldu. Hann sagði: Það þýðir ekkert að hrópa á stjórnarandstöðuna og segja: komið þið með till. — Það fannst honum vera fullkomin ósvífni. Ég man nú þá tímana, að aðrir voru í stjórnarandstöðu en hv. Sjálfstfl. M. a. minn flokkur var það síðasta kjörtímabil, og það var í engu sparað af hv. sjálfstæðismönnum að heimta af okkur till., og við komum líka með þær. Og við lögðum þær fram, t. d. í sambandi við afgreiðslu málefna framleiðslusjóðs á öndverðu ári 1955 lögðum við fram okkar till. um, hvar taka bæri þær tekjur, sem til þyrfti. Það þótti ekki tiltækt þá að skoða þær að vísu. Þær gerðu ráð fyrir útgjöldum hjá bönkum og hjá olíufélögum, og á meðan þeir hrópuðu eftir till., sögðust þeir mundu skoða þær, en þegar þeir fengu till., töldu þeir ekki vera á þær lítandi. Þannig er afstaða þessa hv. flokks, að hún er breytileg frá degi til dags. Hann nennir ekki að gera till., þegar hann er í stjórnarandstöðu. Hann veigrar sér við því og segir, að aðrir menn séu til þess launaðir. Ég veit ekki betur en þm. séu launaðir. Og til hvers eru þeir launaðir? Þeir eru máske launaðir til þess að sitja í bönkum eða á flokksskrifstofum eða einhvers staðar allt annars staðar en í þinginu. A. m. k. telur þessi hv. flokkur, að Alþingi launi ekki sína menn til þess að gera till. um úrlausn þjóðmála. En ég verð að segja: Ég er þeim ósammála um þetta og tel það á fullri sanngirni reist að spyrja um það, hverjar séu þeirra till. Jafnvel þó að þeir þyrftu aukakaup fyrir þær, þá ættu þeir bara að gera Alþingi eða þingfararkaupsnefnd reikning fyrir því og sjá, hvernig því reiddi af. En að skjóta sér undan allri tilögugerð, ég sé ekki, að það sé nokkur grundvöllur fyrir því, og ég sannast að segja verð að furða mig á því, að flokkurinn skuli lúta svo lágt að telja sig undan slíkri skyldu þeginn.

Einn kaflinn í ræðu hv. þm. Reykv., Jóhanns Hafsteins, var sá, að hann taldi, að jafnvægi og festa hefði náðst í þjóðarbúskapnum eftir þær ráðstafanir, sem á vegum Sjálfstfl. og að hans frumkvæði voru gerðar á öndverðu ári 1950, en það var gengislækkunin. Þá byrjaði að myndast sparifé. Þá féll allt í ljúfa löð. Og ef hér væru einhverjir, sem myndu ekki aftur til ársins 1950 eða tímanna, sem komu þar næst á eftir, þá gætu þeir haldið, ef þeir tækju þennan þm. trúanlegan, að hér hefði risið upp hrein gullöld og blómatíð eftir þetta.

Ég vil minna hv. sjálfstæðismenn á það, að einu ári eftir að þeir gerðu gengisbreytinguna, eða í upphafi árs 1951, stöðvaðist allur bátaflotinn og lá í heilan mánuð, á meðan ríkisstj. var að útbúa nýja gengislækkun, sem var bátagjaldeyriskerfið. Ég hirði ekki að rekja þá sögu lengri. Það er nú viðurkennt af öllum þeim, sem yfirleitt ekki temja sér að neita staðreyndum, að gengisbreytingin verkaði með allt öðrum hætti en fyrir fram var boðað, og hún bjargaði í rauninni ekki neinu þá. Og gengislækkun út af fyrir sig getur í eðli sínu ekki breytt neinu um það að bjarga fjárhag þjóðarinnar. Hún hefur aðeins áhrif á skiptingu þjóðarteknanna inn á við, og þá skiptingu má að sjálfsögðu gera með gengislækkun, en það má einnig gera hana með ýmsum öðrum ráðum. Gengislækkun eykur ekki framleiðslu Íslendinga og bætir þess vegna ekki stöðu íslenzka þjóðarbúsins út á við, en hún er að vísu ráðstöfun til þess að breyta tekjuskiptingunni í landinu sjálfu.

Sjálfur æðsti presturinn í þessum herbúðum, formaður þingflokks Sjálfstfl., 1. þm. Reykv. (BBen), hafði hér ærið margt um að tala. En hann var nákvæmlega sammála Jóhanni Hafstein, samþingismanni sínum, um það, að ráðuneytinu bæri einu að gera allar till. um af-

greiðslu stórmála. Ráðherrar eru á launum til þess, sagði hann, og hann endurtók það enn þá eða gaf þeirri skoðun mjög byr undir vængina, að þeir einir, sem væru sérstaklega launaðir til þess að gera tillögur, ættu að gera það hér á Alþingi.

Ég vil benda á það, að sá hv. þm., Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., er launaður til annarra hluta. Hann er launaður til þess að skrifa í Morgunblaðið, og það er undirritstjóri hans líka, hv. þm. N-Ísf. (SB), og það verður þess vegna skiljanlegt, að þeir eru launaðir til allt annarra hluta utan þings en að gera till. um bjargráð fyrir þjóðina. Þeir eru launaðir til þess að bíta í hælana á ríkjandi ríkisstj., þeir eru launaðir til þess að afflytja hennar mál, og það gera þeir svikalaust. Og ef maður skoðar framferði þeirra hér í kvöld í því ljósi, verður það ekkert undarlegt, en það er líka eina skýringin, sem finnanleg er á því.

Ég kem þá að lokum í máli mínu — því að ég vil ekki vera langorður, þegar liðið er svona á nótt — að ræðu hv. frsm. minni hl. fjvn., sem er 2. þm. Eyf. (MJ). Hann vék nokkuð að vinnubrögðunum í fjvn. Ég kom sömuleiðis að þeim í minni frumræðu í dag, og er í rauninni ekkert, sem okkur ber þar málefnalega á milli, annað en það, að hann telur okkur, sem að meiri hl. stöndum, hafa hafnað allri samstöðu við þá sjálfstæðismenn um afgreiðslu á málum, sem horfa til sparnaðar á ríkisútgjöldunum, og ég get ekki fallizt á, að þetta sé rétt hjá honum. Þeim var boðið, að þær till., sem þeir legðu fram til sparnaðar, skyldu fá afgreiðslu á sama hátt og það, sem fulltrúar stjórnarflokkanna legðu þarna fram, en það var með þeim hætti, að því var öllu saman safnað saman til formanns og sent til umsagnar til þeirra aðila, sem bezt máttu vita um, hverjum sparnaði yrði við komið eða hverjar lögbindingar væru á því, að ekki væri hægt að koma við sparnaði.

Þessu vildu þeir hv. fulltrúar Sjálfstfl. ekki sinna og töldu, að þetta jafngilti því að hafna við sig samvinnu um þessi mál, sem ég get ekki fallizt á að sé rétt. Þessi hv. þm., 2. þm. Eyf., taldi, að allt pukur með sparnaðartillögur væri fráleitt. En mér er nú samt ekki alveg grunlaust um það, að þessi afstaða þeirra í fjvn., að hafna því að fá sams konar fyrirgreiðslu um athugun á sínum till. hjá stjórnarvöldum og aðrir þm. þar ráðgerðu að fá og höfðu sent frá sér, sé ekki alveg saklaus af því að vera svolítið pukur með sparnað. En máske á þetta nú allt saman eftir að leiðréttast, og við sjáum hvað setur með það.

Eitt smávægilegt atriði annað þykir mér ástæða til að leiðrétta í hans framsögu. Hann telur, að þm. hafi orðið að gera sínar till. um verklegar framkvæmdir án þess að sjá till. viðkomandi embættismanna um þessi efni. Ég geri ráð fyrir, að þarna eigi hann fyrst og fremst við vegagerðartillögur, því að það hefur nú ekki verið vani að senda aðrar till. beinlínis til þm. Hins vegar hafa náttúrlega flokksbræður þeirra í fjvn., því að allir flokkar eiga fulltrúa í þeirri n., fengið að sjá slíkar till. og getað komið þeim, eftir því sem samflokksmenn þeirra kynnu að óska eftir, til þeirra.

Það er rétt, frestur var stuttur fyrir þm., eftir að vegamálastjóri hafði gert sínar till. um skiptingu vegafjár, en þó var það svo, að þeir áttu þess kost að skoða þær, áður en þeir legðu inn sína óskalista.

Allir þm. Sjálfstfl. eða vel flestir af þeim, sem talað hafa hér í kvöld, hafa mjög gert það að umtalsefni, að meðferð fjárlfrv. hjá fjvn. sé óþingleg og í marga staði ámælisverð.

Ég hef áður gert hér grein fyrir því, að um meðferð þessa máls var hafður á sami háttur í fjvn. og áður. Eini munurinn var sá, að frestir til þess að afgr. mál og gera till. voru nokkru styttri nú en tíðkazt hefur jafnan áður.

Nú veit ég ekki vel, hvað þeir góðu menn eiga við með orðinu „óþinglegt". Það kann að vera minn misskilningur, að ég hef jafnan skilið við það orð, að þar væri um að ræða, ef vinnubrögð eða framkoma manna væri óþingleg, — að þar væri um að ræða hluti, sem brytu í bága annaðhvort við þingsköpin sjálf eða við þær sjálfsögðu reglur um framkomu manna, sem tíðkazt hafa á Alþingi.

Ég sé þess vegna ekki, að það hafi við nein rök að styðjast hjá þeim, að meðferð málsins í fjvn. hafi verið óþingleg. Hún var aðeins nokkru hraðari en verið hefur að undanförnu. Ef það er hins vegar svo, að með því að meðferð mála sé þingleg, eigi þeir við það, að á málunum sé seinagangur, þá er það að vísu rétt hjá þeim, að þá hefur meðferð málanna eða atkvgr. í fjvn. verið óþingleg. En ég vil fyrir mitt leyti ekki fallast á það, að þinglegt eða óþinglegt eigi að markast af því, hve hratt það gengur, og lýsi því yfir, að ég get ekki fallizt á og ég mótmæli þeirri skoðun, sem hér hefur verið haldið fram af mörgum hv. sjálfstæðismönnum, að í nokkru hafi verið óþinglega að farið. Ef þeir hins vegar vilja hafa seinaganginn fyrir hið þinglega, þá er það þeirra mál.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er vissulega margt, sem ástæða væri til að minnast hér á, en ég get tekið mér þau sömu orð í munn eins og hv. frsm. meiri hl., að það sé ekki ástæða til að vera að halda hér langa ræðu, þegar komið er fram á nótt. Það eru þó nokkur atriði, sem ég get ekki annað en minnzt á með nokkrum orðum, og ég vil þá leyfa mér að byrja á ræðu hv. frsm. meiri hl., sem hann var að ljúka hér áðan.

Hann fann mjög að því, að ræður sjálfstæðismanna hér í dag og kvöld hefðu ekki verið nema að ívafi, eins og hann orðaði það, um fjárlagaafgreiðsluna, heldur um allt önnur mál og ýmis fjarskyld fjárlögunum.

Ég hygg nú sannast sagna, að flest það, sem sagt hefur verið hér í þessum umr., hafi að einhverju leyti snert fjárl. beint eða óbeint, þ. e. a. s. efnahagsmál og fjármál ríkisins almennt. En hér er einmitt um þann vanda að ræða, sem ég gat um í minni framsöguræðu og eðlilega hefur mótað alla meðferð málsins hér í dag og kvöld, að undirbúningur fjárlfrv. til

2. umr. er ekki þannig úr garði gerður, að það séu tök á að ræða málið nema út frá almennum sjónarmiðum. Það vantar algerlega upplýsingar um hin veigamestu atriði, sem þarf að hafa fyrir sér til þess að geta rætt um málið í einstökum atriðum og samhengi og mynda sér yfirsýn yfir það, eins og nauðsynlegt er að gera, ef á að vera hægt að ræða fjárlögin á takmörkuðu sviði. Þessu gerði ég grein fyrir í minni framsöguræðu, og ég held sannast sagna, að allir hv. þm. hljóti að gera sér grein fyrir því, að eins og málið liggur fyrir, er ekki hægt að haga umr. á þann veg, eins og gert er ráð fyrir í þingsköpum, við þessa umr. Og það var blátt áfram staðfest af frsm. meiri hl. í hans frumræðu, að frv., eins og það lægi fyrir nú, væri mjög ófullkomin mynd af fjárl., eins og þau endanlega hlytu að verða.

Hv. 2. landsk. virðist hafa þá hugmynd, að það, sem þm Sjálfstfl. segi hér á Alþingi, eða yfirleitt það, sem þeir taki sér fyrir hendur, sé samkvæmt fyrirmælum frá skrifstofu flokksins.

Ég veit nú ekki, eftir hvaða starfsreglum er lifað í flokki þessa hv. þm. Það eru að vísu sagnir um, að þar sé æði strangur agi, og a. m. k. las ég fyrir nokkru frá æðsta presti þess flokks, að hann var vinsamlega að benda einum óþjálum flokksmanni sínum á það, að hann skyldi lesa flokksreglurnar, áður en hann skrifaði næst, og gera sér grein fyrir, hvernig hann ætti að haga sér. En ég get frætt þennan hv. þm. um það og tel mig hafa á því nokkra þekkingu, þar sem ég á að heita framkvæmdastjóri míns flokks, að það er ekki tíðkað, að þm. komi á flokksskrifstofuna til okkar þar til þess að sækja sín fyrirmæli um það, hvorki á hvaða fundum þeir eiga að mæta í það og það skiptið né heldur að fá sig búna út í umr. við fjárl. eða önnur tækifæri, enda sannast sagna verð ég að segja, að það mætti æra óstöðugan að eiga að standa í slíkri stjórnsemi, þannig að það er algerlega ofmetið hið mikla vald skrifstofu Sjálfstfl. að þessu leyti.

Þetta skiptir að sjálfsögðu ekki máli, en ég minnist aðeins á þetta út af orðum hv. þm. Hann vék að því, að það væri mjög fráleitt hjá hv. 1. þm. Rang. (IngJ) að tala um, að það hefðu verið skynsamlegar áætlaðir tekjuliðir fjárl. hér fyrr á árum en nú síðustu árin, þ. e. a. s. á þessu ári, fyrsta ári vinstri stjórnarinnar, vegna þess að einmitt það, að afgangur hefði orðið á ríkisbúskapnum, sýndi það og sannaði, að tekjur ríkissjóðs hefðu verið rangt áætlaðar. Það kann vel að vera. En ég held nú, að sú ranga áætlun hafi þá verið til góðs. Það er auðvitað ekkert við því að segja, að tekjur ríkissjóðs séu áætlaðar í hámarki, eins og gert er ráð fyrir að þær verði, en það verður þá jafnframt að gæta þess að hafa nægilegt svigrúm, nægilegan greiðsluafgang til að mæta þeim gjöldum, sem jafnan eru á hverju ári umfram fjárl. Það, sem gerzt hefur á þessu ári nú, er blátt áfram það, að tekjurnar hafa verið áætlaðar það háar, að það er ekkert svigrúm fyrir slík aukin útgjöld, þannig að þau verða öll umfram fjárl., og af því kemur greiðsluhallinn hjá ríkissjóði. Slíkur búskapur og afgreiðsla fjárl. held ég að sé mun ófarsælli fyrir ríkissjóð og afkomu hans heldur en hinn fyrri afgreiðslumáti.

Hv. frsm. meiri hl. tók það fram hér og taldi það vera rangt gefið í skyn af hv. 1. þm. Rang., að það væri fyrir einhvern þrýsting frá sjálfstæðismönnum, að hækkaðar hefðu verið fjárveitingar til verklegra framkvæmda bæði nú í till. n. og á fjárl. í fyrra.

Ég hef bent á það, og það stendur óvefengt, að bæði í fyrrahaust, þegar fjárlfrv. var lagt fram, og einnig nú í haust var því lýst yfir af hálfu Sjálfstfl., að hann væri andvígur þeim niðurskurði, sem væri á framlögum til verklegra framkvæmda á frv., eins og ríkisstj. lagði það fram.

Í fyrra lögðum við fram formlega till. um hækkun þessara liða. Sú till. var felld, það er rétt hjá frsm. n., en síðan var þó í stórum dráttum fallizt á af meiri hl. n., hvort sem það hefur verið frá innri innblæstri þeirra eða einhverjum áhrifum frá okkur, að þó skyldu hækkaðar þessar fjárveitingar mjög nálægt lagi því, sem við lögðum til, eða um 20%, að öðru leyti en því, að framlög til vega voru hækkuð minna, sem leiddi af því, að við fluttum till. um hækkun á vegafé, sem nam misræmi þess, sem var á till. meiri hl. n. og okkar tillagna.

Ég held, að það sé engin goðgá að segja, að við höfum a. m. k. átt einhvern þátt í því, — ég hef ekki haldið því fram hér, að við höfum knúið nú í þetta sinn meiri hl. n. til þess að gera sínar till. um það efni. Það er rétt hjá frsm. meiri hl., að af hálfu þeirra var lögð fram till. um þá afgreiðslu, sem nú var gerð, og við lýstum því yfir af okkar hálfu, fulltrúa sjálfstæðismanna, að við gætum eftir atvikum sætt okkur við þær till. um hækkanir. Og enda þótt við gerum okkur grein fyrir, að þessar hækkanir eru ekki nægilegar til að halda í horfinu um framkvæmdir, vildum við a. m. k. á þessu stigi málsins, meðan ekkert lægi fyrir um afkomuhorfur ríkissjóðs, ekki stíga stærri spor eða stærri skref í þessu efni, því að það leit sannarlega ekki út fyrir eða lítur ekki út fyrir, að afkoma ríkissjóðs muni verða það glæsileg.

Ég held því, að ekki sé neitt rangt með farið í þessu efni, og það liggur ótvírætt og afdráttarlaust fyrir, að við sjálfstæðismenn höfum lýst yfir þegar við framlagningu fjárlfrv. bæði skiptin, að við vildum stuðla að hækkun þessara fjárveitinga, þannig að það stendur óhaggað.

Ég skal ekki fara hér að eyða tímanum í að svara hv. frsm. meiri hl. varðandi ummæli hans um árangur gengisbreytingarinnar, sem framkvæmd var 1950. Hvað snertir fjárlagaafgreiðsluna sjálfa, vitum við það mætavel, að sú ráðstöfun, sem þá var gerð, lagði grundvöllinn að þeirri mjög góðu afkomu ríkissjóðs, sem síðan hefur verið. A. m. k. hvað snertir það mál, sem við erum hér með til umr., þá er það engum efa bundið og óvefengjanlegt, að með þeirri stefnubreytingu, sem þá var tekin upp, var mjög bætt öll afkoma ríkissjóðs, og það var ekki fyrr en eftir að afleiðingar verkfallanna

1955 komu í ljós, sem fór mjög að halla undan fæti fyrir ríkissjóði og raunar þjóðarbúskapnum í heild.

Hv. frsm. meiri hl. vék að ummælum minum í frumræðu minni varðandi afstöðu meiri hl. til sparnaðartillagna, sem við höfðum óskað eftir samvinnu um.

Ég sé, að við frsm. meiri hl. höfum nokkuð mismunandi skoðanir um það, hvernig að málum eigi að vinna í n. Hann telur, að það hafi verið eitthvert kostaboð af hálfu meiri hl. að bjóðast til þess að koma hugmyndum okkar um sparnað á framfæri við ríkisstj. og spyrja hana um það, hvort hún gæti á þetta fallizt. Ég get ekki talið það fela í sér neitt tilboð um samvinnu og að það sé algerlega óeðlilegur starfsmáti í n. að starfa á þeim grundvelli. Fyrsta skilyrðið var að sjálfsögðu, að n. sjálf sameiginlega reyndi að leggja niður fyrir sér, hvaða till. hún ætti að gera, en ekki, að hver og einn nm. afhenti þær í einhverja hrúgu til formanns n., án þess jafnvel að hver um sig hefði vitneskju um annars hugmyndir í því efni, þannig að eitt kynni að rekast á annars horn á því sviði. Það var ætlun okkar, að sameiginlega væri unnið að athugun á þessu í n. sjálfri og síðan að sjálfsögðu haft samráð við ríkisstj. um það, hvort þetta fengi staðizt eða ekki, og leitað eftir samkomulagi um að koma þeim málum fram í þessu efni, sem samkomulag yrði um í nefndinni.

En minn skilningur á nefndarstörfum er sá, að það beri fyrst að leita eftir því í n. sjálfri, hvaða grundvöllur sé þar til samvinnu, en ekki hlaupa til ríkisstj. fyrir fram til þess að spyrja hana, hvað henni þóknist að styðja af hugmyndum í því efni. A. m. k. vona ég, að okkur verði ekki láð það sérstaklega, þó að við sem stjórnarandstæðingar hlaupum ekki upp til handa og fóta og afhendum okkar hugmyndir formanni n. til að skila þeim upp í stjórnarráð. Ég kysi heldur að eiga samvinnu við hann og aðra meðstarfsmenn í n. um þær hugmyndir.

Hv. frsm. meiri hl. endurtók það hér, sem hann flutti í frumræðu sinni í dag, að hann geti ekki séð, að það væri í neinu óþingleg meðferð á fjárlfrv. nú fremur venju, annað en að því leyti, að það væri hraðari afgreiðsla en verið hefði.

Ég vil leyfa mér að halda því fram og endurtaka, að hér sé um mjög óþinglega afgeiðslu að ræða. Það er alls ekki mín skoðun, að það eigi að vera seinagangur á málum í n., en það er mín skoðun, að mál eigi að fá nauðsynlega yfirvegun í n., og það hlýtur, held ég, að liggja í augum uppi, hverjum sem á það lítur með raunsæi, og ég veit, að hv. form. n. er mér sammála um, að það hafi verið allt of mikil fljótaskrift á undirbúningi og afgreiðslu tillagna n. nú, þar sem í raun og veru fór öll afgreiðsla mála fram í n. á tveimur dögum. Og það er ekki aðeins þetta, að hér hafi verið að málum unnið í slíku flaustri, sem óþekkt er áður, heldur einnig hitt, sem er óþinglegt, að ætlast til þess að leggja málið fram til 2. umr. á þann hátt, að fullkomin leynd hvíli yfir öllum hugmyndum ríkisstj. og meiri hl. n. um það, hvernig eigi að afgr. fjárlfrv. Það er væntanlega ætlazt til þess, og maður a. m. k. heyrir það æði oft, og það er ekkert að undra, að það sé ætlazt til þess *af hálfu stjórnarandstöðunnar*, að hún miði till. sínar við greiðslugetu ríkissjóðs, og ég hygg, að við höfum fyllilega gætt þess að haga okkur eftir því. Það má segja kannske, eins og atvik málsins eru nú um afkomu ríkissjóðs, að tillögur okkar á síðasta þingi við afgreiðslu fjárl. þá hefðu orðið til þess að auka þann halla. En hvað sem því líður, þá held ég, eftir því sem ég hef bezt getað séð á síðustu árum, að þess séu engin dæmi, að stjórnarandstaða hafi ekki lagt fram till. um hækkanir nema um tæpt 1% af fjárl., eins og við gerðum á síðasta þingi.

Nú var gersamlega útilokað fyrir okkur að hafa nokkra hugmynd um það og fengum um það engar upplýsingar, þótt við hvað eftir annað spyrðum um það í n., hvað væri fyrirhugað um afgreiðslu fjárl. nú, hverjar væru horfur um afkomu ríkissjóðs á næsta ári með hliðsjón af þeim leiðum, sem fara ætti. Það liggur ekkert fyrir um þetta efni, og það að afgr. mál úr n. án þess að hafa nokkra forsendu til þess að geta skapað grundvöll undir brtt., sem nm. kynnu að vilja flytja, það álít ég að sé fullkomlega óþinglegt. Það er alveg rétt, að í einstaka tilfellum á undanförnum árum hafa ekki alltaf verið teknar inn í fjárlfrv. við 2. umr. að fullu þær tekjuáætlanir, sem lögin endanlega hafa verið afgreidd með, en ég man ekki til þess, síðan ég fór að fást við þessi mál, að það hafi ekki legið fyrir við 2. umr. í stórum dráttum, hvaða fé muni verða til ráðstöfunar. Að vísu var n. í fyrra neitað um nauðsynlegar upplýsingar um það efni varðandi afkomu ríkissjóðs árið áður, þótt fjárl. væru ekki afgr. fyrr en síðast í febrúar, en það lá þó þá ljóst fyrir um það þegar við 2. umr., hvaða nýir tekjustofnar væru fyrirhugaðir til þess að jafna fjárl. með.

Nú liggur ekkert slíkt fyrir. Og það er ekki nóg með, að það liggi ekki fyrir, heldur smeygir hæstv. fjmrh. sér algerlega undan því, sem er þó tvímælalaust skylda hans gagnvart Alþingi og gagnvart n., sem hefur mál til meðferðar og er ætlað að ræða það við 2. umr., eftir að því hefur verið skilað úr n., að gefa upplýsingar um ákveðin atriði, sem hann er spurður um varðandi afgreiðslu málsins í heild. Og síðan er hneykslazt yfir því, að við getum ekki efnislega rætt málið eins og þingsköp gera ráð fyrir.

Þetta er náttúrlega fullkomlega hneykslanlegt framferði af hæstv. ráðh. og hv. þingmeirihluta, ef þeir þá sjálfir vita, hvað á að gera. Ég skal ekkert um það segja. Þeir eru a. m. k. mjög hljóðir um það, og ekki ber að lasta þagmælskuna, úr því að þetta á að vera eitthvert hernaðarleyndarmál, og kannske eigum við í stjórnarandstöðunni ekki að fá að heyra það fyrr en daginn sem 3. umr. fer fram. Það væri eftir öðru, að því yrði þá laumað inn, svona rétt áður en atkvgr. verður, til þess að það væri nokkurn veginn öruggt, að það væri ekki hægt að ræða það einu sinni. Ég gæti vel trúað því

eftir öðru, að þannig yrði vinnubrögðunum hagað, svo að það virðist sannarlega ekki vera neitt fallegt, sem á að gera, úr því að það má ekki sjá dagsins ljós einu sinni 4—5 dögum áður en endanlega á að afgr. málið, að manni er sagt.

Ég held, að ekki sé hægt að segja, að það sé nein ósanngirni, þó að maður haldi fram, að þetta framferði verði að víta harðlega.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að hæstv. fjmrh. Ég hef að vísu svarað með þessum orðum mínum nokkru einnig af því, sem hann mælti í sinni ræðu. En það eru örfá atriði, sem ég sérstaklega vildi víkja að, þar sem hann í sumum tilfellum algerlega rangfærði mín orð, og mig satt að segja undrar, hvað hæstv. fjmrh. er orðið gjarnt að rangfæra þau ummæli, sem viðhöfð eru. Ég held, að hann sé eitthvað miður sín, því að ég minnist þess ekki sérstaklega hér áður fyrr, meðan okkar samstarf var, að þessi vankantur á hans málflutningi væri svo áberandi. Hann t. d. segir það í upphafi síns máls, til svars því, að ég hafi talað um óþingleg vinnubrögð, að það eigi alls ekki að ræða mál, — að ég hefði sagt, að það ætti að ræða mál almennt við 2. umr. Því fer alveg víðs fjarri. Ég sagði einmitt, að það ætti að ræða mál við 2. umr. í einstökum atriðum, en það væri gersamlega útilokað að gera það, eins og málið lægi nú fyrir. Þetta voru mín orð.

Þá segir hann, að það hafi ekki ætíð legið fyrir við 2. umr. um tekjuhliðina. Ég vék að því áðan, að það sem ég man a. m. k., — ég hef að vísu ekki átt mjög langa setu hér á Alþingi, en hef þó um allmörg ár fengizt við afgreiðslu fjárlaga, — þá man ég ekki eftir því, að það hafi ekki nokkurn veginn legið fyrir um tekjuhliðina, þegar 2. umr. fjárlaga hefur farið fram. Og a. m. k. hefur stjórnarandstöðunni ekki mér vitanlega, meðan ég var í stjórnarliði þar, nokkurn tíma verið neitað um þær upplýsingar, sem hún hefur beðið um varðandi þessi efni.

Varðandi fsp. mína um, hvort ætti að fara þá leið að taka niðurgreiðslur á vöruverði út úr fjárlagafrv. og ná þannig greiðsluhallalausum fjárlögum á pappírnum, svaraði hann því einu, að það mundi koma í ljós á sínum tíma, en auðvitað yrði annaðhvort að afla nýrra tekna eða taka útgjaldaliði út af frv., um það mundum við fá að vita við 3. umr. Það atriðið að afla nýrra tekna er að sjálfsögðu skiljanlegt, en hitt, að hugsa sér að leysa þetta vandamál með því að falsa niðurstöður fjárlaga á þann hátt að halda ákveðnum liðum utan við fjárlög og greiða þau eftir einhverjum öðrum leiðum, ég hélt fram í minni frumræðu, að það væri svo stórvítaverð afgreiðsla fjárlaga, að ég vildi ekki trúa því fyrr en í lengstu lög, að það væri hugmynd hæstv. ráðh. að afgreiða málið á þann hátt. Og ég satt að segja var ekki ýkja trúaður á það, þegar ég skýrði hérna frá þessum orðrómi, að það væri ætlun hæstv. fjmrh. að haga afgreiðslu fjárlaga á þennan hátt. En undanbrögð hæstv. ráðh. hafa nú vakið hjá mér nokkurn grun um, að það hafi ef til vill ekki verið svo fjarri lagi, að þetta hafi að honum hvarflað. Og sé svo, þá verð ég að segja, að honum er mjög aftur farið.

Þá sagði hæstv. ráðherra og hélt áfram mistúlkun sinni á orðum mínum um samráð við þinglið stjórnarflokkanna, að ég hefði haldið því fram, að þingmenn ættu ekki að vera á þingi, þegar samráð væri við þá haft um þessi mál, heldur vildi ég, að þeir væru kallaðir saman utan þings, því að á þingi ættu málin alls ekki að gerast, eftir minni skoðun. Þetta er algerlega rangt og rangfærsla á mínum orðum. Ég sagði það eitt, að það væri enginn máti á undirbúningi fjárlagafrv. að leggja það fyrir þingið eins og fjárlagafrv. var lagt fram í haust. Og ef ríkisstj. hefði ekki haft nein úrræði sjálf handbær, þá hefði hún heldur átt að kveðja þm. sína saman sér til ráðuneytis og ábendingar fyrir þing, til þess að hún gæti lagt fjárlagafrv. fram með einhverri stefnu varðandi lausn þessara mála. Mér hefur aldrei hugkvæmzt, að vinnubrögð við meðferð málsins sjálfs yrðu færð út fyrir veggi þingsins, því fer víðs fjarri. En úr því að hæstv. ríkisstj. er svona ráðalaus, þá held ég, að það yrði ekki af neinum talin goðgá, heldur blátt áfram eðlileg vinnubrögð, að hún kallaði sína þingstuðningsmenn saman fyrir þing til þess að aðstoða sig við undirbúning fjárlaga fyrir Alþingi. Annars hefur það litla þýðingu að leggja fjárlögin fram við 1. umr., leggja fjárlögin fram í þingbyrjun.

Og þá kom hæstv. fjmrh. með þá kenningu, sem raunar hv. frsm. meiri hl. fjvn. tók einnig undir, að það væri ástæðulaust fyrir okkur sjálfstæðismenn hér á þingi að vera að fjargviðrast yfir því, að ríkisstj. hefði engar till. lagt fram, við ættum þá sjálfir að leggja fram till. — Það skyldi nú fara svo, að þrautaráðið hjá ríkisstj. yrði að biðja Sjálfstfl. að ganga frá þessu máli fyrir sig. Það var varla hægt annað að hugsa sér, því að hvers konar forusta er það hjá ríkisstj. og hjá meiri hl. þings, ef þessir aðilar, sem hafa óskað eftir því að taka við völdum í þjóðfélaginu og vera forsjá þjóðarinnar, ætla að smokra sér undan að gera till. og ætla stjórnarandstöðunni að bera fram sínar till. Þegar hún fær ekki upplýsingar, sem hún biður um, um úrræði stjórnarinnar, þá er því bara svarað: Ja, blessaðir góðu, leggið þið fram ykkar eigin till. Lofið okkur að sjá þær, þá skulum við sýna ykkur okkar till. á eftir.

Ég er nú sannast sagna mjög hissa á því, að jafnglöggir og greindir menn og hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. n. skuli halda fram slíkri firru sem þessari, að það hvíli ekki á ríkisstj. á hverjum tíma tvímælalaus skylda til þess að hafa forgöngu um að leggja fram úrlausn vandamála þjóðfélagsins. Ef hún getur ekki lagt þessar till. og úrræði fram, á hún að fara frá völdum og láta þá aðra taka við, sem treysta sér til þess að leggja till. fram um lausn vandamálanna. En það þýðir ekki að sitja og kveina yfir því, að stjórnarandstaðan í þinginu leggi ekki fram tillögur.

Það er ekki eftir þingræðisskipulagi skylda stjórnarandstöðu að hafa forgöngu um tillöguflutning um lausn vandamálanna, enda hefur hún ekki aðstöðu til þess. Það er hennar skylda að gagnrýna með skynsamlegu móti það, sem gert er, og vera aðhald ríkisstj. og þingmeirihl. á hverj-

um tíma. Það er hennar skylda, Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að stjórnarandstaða komi fram með sínar hugmyndir um lausn mála, ef þau eru þannig fyrir þing lögð og undirbúin af stjórnarliði og ríkisstj. á hverjum tíma, að það sé aðstaða til þess. En það fer að færast skörin upp í bekkinn, ef krafa er gerð til stjórnarandstöðunnar um það, að hún eigi að hafa algerlega vit fyrir ríkisstj., þegar hana brestur getu til þess að leysa vandamálið.

Hv. 2. landsk. þm. sagði hér áðan, að Sjálfstfl. nennti nú ekki að gera till., en það hefði ekki staðið á sósíalistum að gera sínar till., þegar fyrrv. ríkisstj. lagði fram frv. sitt um framleiðslusjóð. Nei, það stóð ekki á sósíalistum þá að gera till. En ég held nú sannast sagna, að það sé betra að gera engar till. heldur en till., sem eru svo fjarri öllu lagi, að eftir að menn koma sjálfir í stjórn, þá dettur þeim ekki í hug að hafa þau bjargráð og úrræði að leiðarljósi við úrlausn vandamálanna. Og það var dálítið gaman í því sambandi, þegar hv. þm. fór að tala um, að þeir hefðu viljað láta leysa þennan vanda með því að láta olíufélögin leggja töluvert mikið af mörkum. Maður þekkir nú nokkur dæmi um það, *hvernig það hefur verið framkvæmt af þeirra* ráðherrum, aðhaldið að olíufélögunum í þessu efni, þar sem þeir hafa rétt að einu olíufélagi alveg sérstaka gjöf, sem er víst æði miklu meiri en nokkurn tíma hefur verið gefin einu fyrirtæki hér á okkar landi og jafnvel þótt fleiri væru saman, þannig að eitthvað hefur þetta nú snúizt við í höfðinu á þessum hv. núverandi stjórnarstuðningsmönnum, eftir að þeir komust í ríkisstj. Ég held því, að það sé ekki til fyrirmyndar að benda á þessa till. En látum það vera. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að benda á það, sem hv. stjórnarliði virðist alltaf stöðugt gleymast, og það er, að þeir hafa lýst því yfir mjög ákveðið, að sjálfstæðismenn væru ófærir um að leysa þessi vandamál, og þeir hafa gengið fram fyrir þjóðina og tekið við stjórnarforustu með því loforði og kjörorði, að þeir skyldu leysa þetta eftir alveg nýjum leiðum og stefna inn á nýjar brautir og taka upp nýja starfshætti. En nú er svarið jafnan þetta hjá þessum ágætu mönnum: Ja, var þetta ekki eins hjá fyrrv. stjórn? Af hverju eruð þið að finna að þessu núna? Og svo eiga það allt í einu að vera sjálfstæðismenn, þessir menn, sem voru ófærir til að leysa allan vanda, sem nú eiga að vera ríkisstj. leiðarljós, þegar hún er komin algerlega í strand með öll sín úrræði. Hver hefði ímyndað sér, að svo illa væri komið hjá hæstv. ríkisstj. eftir þó ekki lengri stjórnarferil en hún á að baki. Og það skyldi jafnvel ekki vera svo, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, að það yrði úrræði stjórnarinnar að bjóða sjálfstæðismönnum sérstaka kaupgreiðslu fyrir það, ef þeir vildu nú setjast niður og reyna að finna einhverja leið út úr þessum vanda, sem stjórnin er í.

Hæstv. fjmrh. sagði í sinni ræðu áðan, fyrstu *ræðu sinni, að það væri enginn* mælikvarði á afgreiðslu í fjvn., hvenær nál. væri útbýtt, og gat um, að því hefði áður verið útbýtt seint og ekki fyrr en undir miðjan desember og þm. hefðu átt nægan tíma frá þingbyrjun til þess að koma fram sínum óskum. Það er eins og hæstv. fjmrh. hafi ekki hugmynd um, hvernig að málum er unnið í fjvn. Ég hélt, að hann vissi mætavel, að það, sem er mælikvarði á vinnubrögðin í n., er ekki endilega það, hvenær nál. er útbýtt, heldur hitt, hvernig málin eru undirbúin, og það, sem ég var að víta, eins og nú er ástatt, var það, að afgreiðsla mála í n. er ekki hafin fyrr en tveimur dögum áður en á að skila nál., og það er þetta, sem ekki hefur þekkzt áður. Og það, að þm. hafi haft nægan tíma frá þingbyrjun til að koma óskum sínum að, er auðvitað jafnfráleitt, vegna þess að það er venja, eins og ég gat um í minni frumræðu, að þeim trúnaðarmönnum, sem þm. hafa aðallega áhuga á að ræða við, er með rúmum fresti veitt aðstaða til þess að gera sínar till. til n., en nú var ekki um neitt slíkt að ræða. Og þm. biðu einmitt eftir því að fá vitneskju um það frá n., hvenær þessir viðkomandi embættismenn mundu hefja sín störf um skiptingu væntanlegrar fjárveitingar, en það var engu líkt til að dreifa nú, að nokkur tími væri til samráðs við þessa trúnaðarmenn n., þannig, að allt þetta stendur, sem ég hef sagt um hin fráleitu vinnubrögð í nefndinni.

Það voru ýmis önnur atriði, sem fróðlegt gæti verið að ræða, en ég ætla ekki að lengja tímann með lengri ræðu nú við þessa umr. málsins. Hæstv. fjmrh. sagði, að stjórnarandstæðingar hefðu aðgang að sömu gögnum í fjvn. og stjórnarliðið og hefðu því jafna aðstöðu til þess að ganga frá sínum till. Mig furðar mjög á því, að hæstv. ráðh. skuli fullyrða annað eins og þetta, því að þessu fer mjög víðs fjarri. Meiri hl. fjvn. hefur á hverjum tíma náið samband við ríkisstj. og fylgist með þeim hugmyndum, sem hjá henni eru um afgreiðslu einstakra mála. Þau erindi koma ekki fyrir fjvn., og ég benti á það við afgreiðslu fjárlaga á síðasta þingi og gæti einnig nefnt dæmi um það nú, að einstakir liðir, sem inn í fjárlagafrv. voru teknir, voru sendir n. og teknir upp af meiri hl. hennar, án þess að fyrir lægju nokkrar sérstakar greinargerðir eða skýringar hjá fjvn., og það jafnvel um upphæðir, sem skiptu milljónum króna. Og það sést bezt nú, þegar á að fara við þessa umr. að ganga frá fjárlagafrv. og gera sér grein fyrir öðrum höfuðþætti þess, tekjuhliðinni, sem er að sjálfsögðu undirstaða fjárlaganna, að þá hefur minni hl. n. engar upplýsingar, ekki einar einustu, og er neitað um þær upplýsingar, sem um er beðið.

Ég skal ekkert segja um það, hvort það er rétt hjá hæstv. ráðh., sem ég þó leyfi mér fullkomlega að efast um og vefengja, að það geti verið rétt, að meiri hl. n. hafi ekki meiri vitneskju um þetta en við. Ég held, að það sé algerlega útilokað, að meiri hl. n. *viti ekki nú í dag nokk*urn veginn um það, hvernig ætlunin er að afgr. fjárlagafrv., þó að þeir viti ekki nákvæmlega tölulega um það, hvort það skiptir einni, tveimur eða þremur milljónum til eða frá. En í meginatriðum hljóta þeir að vita það í dag, því að mér skilst, að ætlunin sé að afgr. frv. endanlega sem lög í næstu viku.

Það liggur því í augum uppi og hefur sjaldan verið staðfest betur en einmitt við meðferð fjárlaga nú, að það er mjög mikill munur á aðstöðu

meiri hl. og minni hl. í fjvn. að þessu leyti. Það hafa því miður verið tekin upp vinnubrögð nú við afgreiðsluna, sem ber að harma að skuli hafa verið upp tekin. Eins og ég tók fram í minni frumræðu, er ég ekki á neinn hátt að víta það, að fjárlög séu afgreidd fyrir áramót. Það eiga þau jafnan að vera. En það á að haga málunum þannig, að það þurfi ekki að afgr. þau með jafndæmalausu flaustri og nú er gert ráð fyrir. Og það að neita minni hl. n. um nauðsynlegar upplýsingar til þess að geta myndað sér heildarsýn yfir fjármálaástandið og vera síðan jafnframt að víta okkur í stjórnarandstöðunni fyrir að hafa ekki rætt málið eins og gert er ráð fyrir við 2. umr., það finnst mér nálgast fullkomna ósvífni, þegar þannig er í pottinn búið eins og allir sjá.

Við höfum ekki, sjálfstæðismenn, flutt við þessa umr. neina brtt., sem er alger nýlunda, en er glöggt dæmi um þau einstæðu vinnubrögð, sem hér hefur verið fylgt, og hversu við teljum gersamlega útilokað að byggja brtt. á nokkrum raunhæfum grundvelli.

Ég vil leyfa mér að lokum að vonast til þess um upplýsingar þær, sem þarf til þess að geta myndað sér heildarskoðun um fjárlagaafgreiðsluna, að ekki verði dregið fram á síðasta dag að leyfa okkur í minni hl. n. að fá vitneskju um þau leyndardómsfullu úrræði, sem eiga að vera hér til þess að jafna metin. Ég held, að það hafi ekki áður komið fyrir, að Alþingi hafi staðið andspænis þeim vanda, að það vantaði yfir 100 millj. kr. til þess að jafna halla á fjárlagafrv., svo að það hlýtur að vekja æði mikla eftirtekt og vera forvitnilegt að heyra, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að leysa þennan vanda eða hvort hún blátt áfram gefst upp við að leysa hann, sem ég vil þó ekki trúa á þessu stigi málsins að minnsta kosti. En ég get ekki stillt mig um í lok þessarar umr. að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi míns máls hér í dag, að ég verð að harma það og átelja, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa gripið til þeirra vinnubragða, sem hún fylgir hér nú við afgreiðslu þessara fjárlaga, og sérstaklega harma það, að okkar ágætu samstarfsmenn í fjvn. skyldu ekki rísa gegn slíkum vinnubrögðum.

Emil Jónsson: Herra forseti. Þegar ég í gær bar hér upp till. um, að afbrigði yrðu veitt frá þingsköpum, til þess að eldhúsumræðum, sem svo eru kallaðar, yrði frestað þangað til síðar, gekk ég út frá því, að þessar eldhúsumræður yrðu þá líka látnar bíða, eins og farið var fram á og eins og mér var sagt að samkomulag hefði náðst um. Þetta hefur oft verið gert áður, og fjárlagaumr. hefur þá farið fram venjulega málefnalega og án þess að almennum umr. um stjórnarathafnir eða athafnaleysi væri blandað þar í. Nú hafa þessar umr., sem hér hafa farið fram við 2. umr. fjárlaga, að meira og minna leyti og ég vil segja að heldur meira en minna leyti verið nákvæm eftirmynd af því, sem eldhúsdagsumr. venjulega eru. Það hefur verið ádeila á ríkisstj. og flokka þá, sem styðja hana, fyrir ýmislegt, sem alls ekki kemur fjárlögunum við. Ég satt að segja kann ekki meira en svo við þetta eftir það samkomulag, sem ég taldi að gert hefði verið um þetta mál. Það er ekki sagt vegna þess, að ég sé nokkuð að mælast undan eða mæla stjórnina undan því, hæstv. ráðherra, að svara til saka um þessi mál. En þegar ákveðið hefur verið að gera það á öðrum vettvangi, er líka rétt, að sú umræða fari þannig fram, en sé ekki blandað inn í þessa umr., 2. umr. fjárlaganna, sem ávallt er og á að vera um einstakar greinar fjárlagafrv. Ég mun þess vegna ekkert út í þessi mál fara og ekki ræða þau sérstaklega, því að ég geri ráð fyrir, að tækifæri gefist til þess síðar.

Annað atriði, sem mjög hefur verið rætt um í þessum umr., er það, að afgreiðsla fjárl. hafi í þetta sinn verið með allt öðrum hætti en áður hefur verið. Ég segi nú eins og hv. þm. A-Húnv. sagði hér áðan, að ég er nú búinn að vera æði mörg ár hér á Alþingi, — við erum víst búnir að vera hér álíka lengi, — en hann taldi, að hann myndi ekki eftir því, að fjárlagaafgreiðsla hefði verið á þann hátt, sem nú er. En ég tel mig ekki minnast þess, að hún hafi verið mikið öðruvísi öll þessi ár heldur en hún einmitt er núna. Það hefur æ ofan í æ komið fyrir, að verulegum atriðum eða atriðum, sem verulegu máli skipta, væri frestað til 3. umr. Ég fletti hér upp af tilviljun þingtíðindum, sem lágu við hliðina á mér, frá 1954, þegar hv. sjálfstæðismenn og framsóknarmenn fóru hér með stjórn, og þá sé ég ekki betur en komið hafi frá fjvn. við 3. umr. milli 60 og 70 brtt. og sumar mjög verulegar, þannig að það er sannarlega ekki ný bóla, að fjárlögunum sé ekki í öllum atriðum lokið við 2. umr.

Um vinnubrögð fjvn. veit ég náttúrlega ekki sérstaklega, en ég hygg þó, að þau hafi verið með svipuðum hætti og gerzt hefur áður, þ. e. a. s. nefndin fær fjárlagafrv. í upphafi þings, sem mjög hefur þó skort á oft og tíðum að hún hafi fengið, en hún gat strax í upphafi þings nú tekið til við frv. og gert sínar athuganir á því. Síðan fær hún til viðtals ýmsa embættismenn ríkisins, sem hún telur sig þurfa að ræða við um málið, og hún fer í gegnum erindi, sem borizt hafa. Þannig var þetta a. m. k. þann tíma, sem ég var í fjvn., og ég geri ráð fyrir, að það sé svo enn. Fyrstu vikurnar fara í það hjá n. ávallt að gera sér grein fyrir einstökum liðum frv. og einstökum atriðum, en afgreiðsla fer svo fram með mismunandi skjótum hætti, þegar undir áramótin er komið, og þó að það hafi meira að segja oft dregizt fram yfir áramótin, sem við erum víst allir sammála um að sé til hins verra og óeðlilegt, ef hægt er að ljúka afgreiðslunni fyrir áramót. Hvort það er einhver einn tekjuliður, sem stendur á að ákveða, eða einhver stór gjaldaliður, sem eftir er að ákveða, þá skiptir það ekki mjög miklu máli. Það hefur nákvæmlega sömu áhrifin á útkomu eða niðurstöðu fjárlaganna, hvort það er eftir að ganga endanlega frá, að tekjur fáist á móti gjöldum, eða það er eftir að ákveða svo og svo marga gjaldaliði, sem krefjast aukinna útgjalda. Ég sé ekki, að í því felist neinn verulegur munur. Og ég held, að ég megi fullyrða, að það hafi oft verið gengið frá fjárlögum við 2. umr., án þess að fyrir lægi alger vissa um það, hvernig endanleg niðurstaða frv. mundi verða við þá 3. Ég þekki kannske ekki

nægilega mikið til vinnubragða n., en ég hygg þó eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um það fengið, að þau séu ekki mjög mikið á aðra lund en þessi vinnubrögð hafa verið jafnan áður.

Að hæstv. ríkisstj. hafi samband við stuðningsmenn sína í n., það er heldur engin nýlunda. Og að þeir beri fram vissar óskir á ákveðnum tíma, það er heldur engin nýlunda. Þetta hefur tíðkazt, ævinlega, svo lengi sem ég man eftir a. m. k., og það er alveg sama, hver sú ríkisstj. hefur verið, hún hefur á vissu stigi málsins borið fram sínar till. við fjvn.-mennina, sem þeir þá að athuguðu máli í flestum tilfellum, að ég ætla, hafa tekið fullkomið tillit til og hagað sér eftir.

Ég tel þess vegna, að þessi fjárlagaafgreiðsla sé ekki ólík þeim, sem áður hafa átt sér stað, nema að þessu leytinu, að það er reynt að gera 2. umr. fjárlaganna að eldhúsdagsumræðu. Það er bæði á móti þingsköpum og samkomulagi, sem um þetta mál hefur verið gert, og það álít ég óviðurkvæmilegt.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. En mín meining með því að biðja um orðið var aðeins sú að mæla nokkur orð fyrir þeim till., sem ég hef borið fram á þskj. 165, eins og venja er að gera við 2. umr. fjárlaganna. Ég hafði nefnilega í minni einfeldni haldið, að við þessa umr. mundu frá fleiri en mér koma fram ýmsar till. til breytinga. Það er nú það almenna og venjan, að menn beri fram sínar aðalbreytingar við 2. umr., þó að stjórnarandstaðan hafi nú algerlega látið það undir höfuð leggjast. En þessar till., sem ég hef leyft mér að bera hér fram á þessu þskj., eru aðeins tvær, og ég skal stuttlega gera grein fyrir þeim.

Það er þá í fyrsta lagi brtt. við 13. gr., um skiptingu á fénu til hafnargerða, að í stað 200 þús. kr. til Hafnarfjarðar komi 250 þús. Það mætti segja ýmislegt og raunar margt um þessa hafnargerð, og hún hefur nú staðið yfir í 15—16 ár, en orðið að fara miklu hægar en æskilegt hefði verið, vegna þess að ekki hefur verið nægilegt fé til ráðstöfunar. Þó hefur það oft og tíðum verið þannig, að hafnarsjóður þar hefur átt inni fé hjá ríkissjóði, svo að hundruðum þús. kr. hefur skipt og jafnvel milljónum, vegna þess að unnið hefur verið meira en ríkissjóður hefur stundum a. m. k. talið sig geta lagt á móti. En þetta verk er enn langt frá því að vera að fullu lokið, enda þótt unnið hafi nú verið fyrir nokkuð á annan milljónatug og með þeim árangri, að þar geta nú stærstu skip, sem til landsins koma, olíuskipin, lagzt að bryggju, og er það eini staðurinn á landinu, þar sem það er hægt. En allur útbúnaður er þó eins og er ófullkominn, sérstaklega við afgreiðslu þessara skipa, og verður mjög fljótlega að bæta úr því. Það verk kostar margar millj. kr., og nú er meiningin að snúa sér að því á næstunni og reyna að þoka því verulega áleiðis.

Ég sé í till. vitamálastjóra, að það er gert ráð fyrir að vinna fyrir 2 millj. kr. á næsta ári, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið nýjastar um það efni, er talinn vera möguleiki á því, að þessi upphæð geti orðið mjög verulega hærri, og það þarf hún líka að vera. Mér þykir það þess vegna illt, að sú fjárveiting, sem Hafnarfjarðarbær eða sjóður Hafnarfjarðar hefur notið á fjárl. undanfarið, hefur verið færð svo niður, sem gert hefur verið, eða niður í 200 þús. kr., og það þrátt fyrir að vitamálastjóri hefur lagt til hærri fjárhæð. Það er að vísu rétt, að á síðasta ári var ekki að fullu unnið fyrir það fé, sem þá var fyrir hendi, og voru víst eitthvað um 100 þús. kr. afgangs, eða rétt ríflega það. En það var vegna þess, að bærinn hafði þá með höndum annað verkefni mjög fjárfrekt, sem var bygging hraðfrystihúss, sem kostaði á annan milljónatug, en er nú að mestu lokið, svo að hægt er að snúa sér aftur að þessu verki.

Ég vildi mjög mælast til þess, að hv. Alþ. sæi sér fært að samþykkja þessa brtt.

Ég hef einnig á þessu þskj. flutt brtt. við 17. gr., að þar komi nýr liður, um framlag til byggingar dagheimilis verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði. Það hefur verið byggt mjög myndarlegt dagheimili af verkakvennafélaginu, og sú nýbygging, sem reist hefur verið nú, kostar um 540 þús. kr. þegar, og það er raunar viðbótarbygging við annað eldra hús, sem þar var fyrir og hefur verið notað í þessu skyni nú í yfir 20 ár. Verkakvennafélagið Framtíðin starfrækir þarna dagheimili í tveim deildum nú, aðra fyrir tveggja ára börn og hina fyrir þriggja til fimm ára börn, og auk þess leikskóla og getur með þessari viðbyggingu tekið um 100 börn til dvalar að sumri, þegar þau að mestu leyti eru úti, en um 70 að vetri. Ég sagði, að byggingin hefði kostað um 540 þús. kr. þegar, en eftir er enn að ganga frá henni, og er ætlað, að sá kostnaður nemi um 70 þús. kr. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefur lagt fram í þessa byggingu 300 þús. kr., og á fjárl. fyrir yfirstandandi ár voru veittar til byggingarinnar 30 þús. kr., sem er eina framlag Alþ. í þessu skyni. Með hliðsjón af því, að félagið á nú í kröggum og þarf nauðsynlega að ljúka þessu verki og hefur notið mjög góðrar fyrirgreiðslu bæjaryfirvaldanna á staðnum, hef ég leyft mér að fara fram á í þessari brtt., að veittar yrðu 50 þús. kr. á fjárl. fyrir árið 1958 í þessu skyni, og vænti ég, að því verði vel tekið.

Ég skal svo ekki tefja umr. með lengri ræðu. Ég hef þegar lýst þessum tveim till., sem ég flyt. Ef hv. fjvn. sæi sér fært eða gæfi mér til kynna, að hún mundi taka þær til athugunar á milli umr., væri ég eftir atvikum fús til þess að draga till. til baka til 3. umr., svo að n. gæfist tóm til að athuga þær, og mundi þá hafa um það samráð við formann nefndarinnar.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Á þskj. 165 ber ég fram 2 brtt., sem báðar miða í hækkunarátt.

Önnur till. er um, að styrkur til elliheimilisins Grundar verði hækkaður úr 40 þús. upp í 60 þús. Þetta elliheimili, sem er langstærsta elliheimili landsins, hefur nú um 350 vistmenn, sem eru hvaðanæva að af landinu. Flest af þessu fólki er heilsuveilt og margt af því farlama. Á elliheimilinu Grund mun vera lægra daggjald en á nokkru öðru hjúkrunarheimili í

landinu. Það er nú 55 kr. á dag fyrir þá, sem eru rólfærir, og 65 kr. á dag fyrir sjúklinga.

Þessi hækkun, sem ég fer fram á, er vissulega óveruleg, þegar miðað er við stærð heimilisins, einar 20 þús. kr., og það má því segja, að lítið muni um það til eða frá. En mér finnst þetta þó vera nokkurt réttlætismál og ekki sanngjarnt, eins og nú er gert ráð fyrir, að þetta heimili, sem er mörgum sinnum stærra en nokkurt annað samsvarandi heimili í landinu, skuli ekki fá nema 10 þús. kr. meira en fámennustu heimili þessarar tegundar.

Ég fer svo ekki fleiri orðum um þessa till., en sný mér að hinni, sem er um aukningu á rekstrarstyrk til St. Jósefsspítalanna. Ég legg til, að þeim styrk verði komið upp í 750 þús. úr 525 þús., eins og reiknað er með nú í frv.

Raunverulegur kostnaður við rekstur almennra sjúkrahúsa er nú orðinn mjög hár, reiknaður í krónutali. Nákvæmar tölur get ég þó ekki nefnt, en á landsspítalanum mun kostnaðurinn á legudag vart vera undir 250 kr., en meira eða minna þar undir hjá einkaspítölunum. Á St. Jósefsspítalanum í Reykjavík er kostnaðurinn nálægt 140 kr. á legudag. Af þessum kostnaði greiða sjúkrasamlög rúmlega 90 kr. daggjald, en mismuninum verða einkasjúkrahúsin að ná með öðru móti, sumpart með viðbótargjaldi, sem lagt er á sjúklingana, og sumpart með opinberum styrkjum. Að sjálfsögðu verða þau sjúkrahús, sem ekki eru rekin fyrir opinbert fé, að spinka og spara, stundum sjúklingunum til mikils óhagræðis. Ég tel, að það mundi hvorki vera ríkissjóði né þjóðinni í heild neinn hagur, að sá aðili, sem nú rekur St. Jósefsspítalana hér á landi, yrði að gefast upp vegna fjárskorts. Enn sem komið er verður ekki komizt af án þeirra liðlega 200 sjúkrarúma, sem þessir spítalar hafa. En ef kaþólska trúboðið í Landakoti gefst upp, sem vel gæti komið fyrir, þá er hætt við, að byrðin legðist með öllum sínum þunga á hið opinbera, ríki og sveitarfélög. Og sé þetta ekki talið æskilegt, þá ber að koma í veg fyrir það með því að auka nokkuð þann litla stuðning, sem þessir spítalar nú fá. Hann mun vera um 7 kr. á legudag, en í till. minni er lagt til, að hann sé hækkaður upp í um það bil 10 kr. á dag.

Á þinginu í fyrra lagði ég til, að sama upphæð yrði veitt. Það náði ekki fram að ganga þá. Þörfin var þá til staðar, og hún er það ekki síður nú í ár. Ég gat þess í fyrra, að vel mættum við vera minnugir þess, að Landakotsspítali veitti allri þjóðinni einstæða þjónustu árum eða áratugum saman, á meðan yfirvöld landsins vanræktu að reisa nokkurt almennt sjúkrahús, sem það nafn verðskuldaði. Fyrir framtak kaþólska trúboðsins fengu íslenzkir sjúklingar á þeim árum hjúkrun og læknishjálp, sem þeir ella hefðu ekki fengið. Þar fengu líka íslenzkir læknar, eins og Guðmundur Magnússon prófessor og Matthías Einarsson, viðunandi skilyrði til starfs, og þar hlutu ungir læknar faglega þjálfun sína. Þessu framlagi St. Jósefsspítalanna er óþarft að gleyma. Enn getum við ekki verið án þessara sjúkrahúsa, og þess vegna verðum við að láta okkur hag þeirra nokkru skipta, ekki vegna þeirra, sem þessi sjúkrahús reka, heldur vegna þeirra sjúklinga, er þangað verða að leita.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess eins að gera stutta grein fyrir brtt., sem ég flyt og prentuð er á þskj. 165. Þessi till. er viðkomandi utanríkisþjónustunni og er á þá lund, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess á 22. gr. að greiða þriðja hvert ár ferðakostnað heim og heiman fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og fjölskyldur þeirra, er búa erlendis, ef þeir vilja eyða sumarleyfi sínu á Íslandi. Utanrrn. skal ákveða, hve margir og hverjir fá slíka ferðastyrki á ári hverju.

Ég vil taka það fram, að þetta mál á ekkert skylt við það, hvort utanríkisþjónustan er skipuð fleiri eða færri mönnum og stöðum en er í dag.

Þjónusta þessi er 10—15 ára gömul og því kornung. Eru að koma fram í henni ýmis vandamál, sem verður að leysa. Eitt þeirra er það, hvernig við getum tryggt, að fulltrúar okkar erlendis hafi nægilegt samband við heimalandið, að þeir fylgist nægilega vel með hér heima, og einnig, að fjölskyldur þeirra hafi það mikið samband við heimalandið, að ríkt geti ómengaður íslenzkur andi á heimilum þeirra. Mér er kunnugt um, að þetta er þegar orðið nokkurt vandamál, því að ferðalög eru dýr. Mér er líka kunnugt um, að Ísland muni vera eina landið, sem til þekkist í þessum hluta heims, sem ekki hefur það fyrir fasta reglu, ekki aðeins að tryggja sínum utanríkisþjónum, að þeir geti komið heim nægilega oft, heldur í flestum tilfellum að fyrirskipa þeim að gera það. Mér er líka kunnugt um, að alþjóðlegar stofnanir hafa margar hverjar fyrirskipað starfsmönnum sínum, að þeir verði að fara heim með vissu millibili, vegna þess, eins og einn maður orðaði það við mig, að þessar stofnanir vilja ekki hafa í þjónustu sinni þjóðlaus viðrini, eins og menn geta orðið, ef þeir dveljast með fjölskyldum sínum langdvölum að heiman.

Þetta er ástæðan fyrir því, að ég hef hreyft þessu máli. Ég hef sett skilyrði í þessa till. eða þessa heimild, sem mundi hafa það í för með sér, að utanrrn. gæti haft nokkurn hemil á þessu, þannig að útgjöld hrúguðust ekki upp og allir starfsmenn þjónustunnar kæmu heim á fyrsta ári. Það væri hægt að byrja í smáum stíl og þreifa sig áfram, unz utanrrn. sér, hver þörf er til að leysa þetta mál.

Ég vil nefna hér annað svipað vandamál, sem ekki er þessari till. viðkomandi, en kemur til lausnar mjög fljótlega. Það eru börn þessa fólks. Við megum ekki með okkar utanríkisþjónustu dæma börn þeirra manna, sem þar vinna, til þess að verða útlendingar. Þess vegna verðum við einhvern veginn að sjá fyrir því, að það fólk, sem árum saman dvelst í öðrum löndum að starfi fyrir íslenzka ríkið, geti forðazt þetta, t. d. með því að hjálpa því til að senda börn sín hingað heim til skólasetu. Ég vænti þess, að þm. skilji það, að hér er í raun og veru um þjóðernismál að ræða, sjálfsagt mál, til þess að

þessi utanríkisþjónusta, sem ýmsum þykir nú vera stór og dýr, geti fullnægt því hlutverki fyrir okkur, sem hún á að gera.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki verða langorður, en ég sá ástæðu til þess að segja nokkur orð í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan í sambandi við lánstilboð frá Vestur-Þýzkalandi, sem fyrir lá, áður en fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum. Það er ekki rétt, sem hæstv. ráðh. vildi láta í skína, að ég hefði verið með einhverjar aðdróttanir í garð stjórnar Vestur-Þýzkalands um það, að hún hefði viljað setja einhver óvenjuleg skilyrði fyrir þessari lánveitingu hingað. Það er á engan hátt rétt. En ég staðhæfði það, sem hæstv. fjmrh. er nú þegar ljóst, þótt hann vilji ekki við það kannast, að þetta lánstilboð var fyrir hendi, en af einhverjum ástæðum hefur núv. hæstv. ríkisstj. ekki tekið þetta lán eða fengið þetta lán, hverjar sem þær ástæður kunna að vera. Ég benti á, að það mætti vera, að Íslendingar hefðu ekki aukið traust sitt á erlendum vettvangi með þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur eða boðaði í utanríkismálum og atvinnu- og fjármálum. Og Vestur-Þjóðverjar eru það miklir fjármálamenn, að þeir kynna sér stefnu þess ríkis í atvinnu- og fjármálum, sem væntanlegt er að lána. Það er áreiðanlegt, að heimurinn, a. m. k. hinn vestræni heimur, fylgist með því, sem er að gerast á Íslandi, þótt þetta ríki sé fámennt og lítið, og stefna núverandi hæstv. ríkisstj. í fjármálum og atvinnumálum hefur áreiðanlega veikt traust okkar út á við, og það eitt út af fyrir sig gæti verið þess valdandi, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengið þetta þýzka lán. Ég sagði einnig, að það gæti verið, — ég sagði ekki, að það hafi verið, — að það hefði haft einhver áhrif, hvernig ríkisstj. var samansett og hvernig stefnu hún boðaði í utanríkismálum, um leið og hún var sett á laggirnar.

Það er ástæðulaust að vera að karpa við hæstv. fjmrh. um það, hvort þetta lánstilboð hafi legið fyrir. Skjöl, skeyti og önnur gögn eru til sannindamerkis um þetta, og það er beinlínis óskynsamlegt fyrir hæstv. fjmrh. að vera að reyna að þræta fyrir það, sem hægt er að sanna með vottfestum skjölum og skeytum. Læt ég svo útrætt um það, sérstaklega vegna þess, að ég vil vera stuttorður, þegar svo er liðið á nóttu.

En hv. form. fjvn. gaf mér tilefni til þess að segja örlítið við hann. Hann var að tala um, hv. formaður, barnaskóla í minu kjördæmi, og tilkynnti, sem rétt er, að upphafleg kostnaðaráætlun við þennan skóla hafi verið 1.5 millj. kr. Ég veit ekki, hvenær þessi upphaflega kostnaðaráætlun var gerð, en hitt er augljóst á skýrslum frá skólaeftirliti ríkisins, að hin nýja kostnaðaráætlun hefur hækkað um 2.1 millj., þannig að kostnaðaráætlun þessa skóla nú, eins og liggur fyrir í skjölunum, er 3.6 millj., en ekki 1.5 millj. Að nokkru leyti mun þetta stafa af því, að hin fyrri áætlun er gömul. Í öðru lagi mun það stafa af því, að upphaflega ætluðu aðeins 2 hreppar að vera saman um þennan skóla, en niðurstaðan varð sú, að hrepparnir urðu 3. Nú gerðu sveitarstjórnir eða skólanefndir þessara hreppa ráð fyrir því, þegar hafizt var handa um byggingu skóla, að þeir fengju þann styrk, sem ákveðinn er samkvæmt skólalöggjöfinni, vegna þess að allt, sem hefur verið gert í sambandi við skólann, hefur verið gert í samráði við stjórnarvöldin, í samráði við menntmrh., í samráði við fræðslumálastjóra og í samráði við skólaeftirlitið. Það er áreiðanlegt, enda þótt þessar áætlanir séu svo einkennilegar sem raun ber vitni, að það er ekki ástæða til þess að saka skólanefndirnar um það. Ég veit ekki, hvort fyrsta áætlunin hefur verið gerð í tíð stjórnar Steingríms Steinþórssonar eða í tíð síðustu ríkisstjórnar, en ég hygg, að seinni áætlunin hafi verið gerð á þessu ári eða seint á því síðasta. Byrjað var á þessari byggingu á s. l. vori með leyfi allra þeirra stjórnarvalda, sem þessi mál snerta. Ég vænti þess því, að styrkur til byggingarinnar miðist við hina raunverulegu kostnaðaráætlun, 3.6 millj., en ekki við hina upphaflegu og gömlu áætlun, 1.5 millj., sem miðaðist við allt aðra byggingu og allt annað hús en hefur verið byrjað að byggja og nú þegar er komið undir þak. Ég er hv. form. fjvn. þakklátur fyrir að minnast á þetta mál hér, enda þótt ég geti nú ekki séð, hvaða erindi þetta mál átti í sambandi við hans ræðu og það, sem hann var að tala um, því að það var út í hött. En eigi að síður er ég honum þakklátur fyrir að hafa komið þessu máli á dagskrá nú inn í umr., enda þótt ég hafi ætlað að geyma það til 3. umr.

Hv. form. fjvn. var að tala um það hér áðan, að við sjálfstæðismenn, stjórnarandstaðan, kæmum ekki með bjargráðatill. til lausnar þeim vanda, sem Alþ. horfir nú upp á í sambandi við fjármálin og atvinnumálin. Það er nú svo komið, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hrópa til stjórnarandstöðunnar og segja: Komið með bjargráðatillögur. — En hvað eru margar vikur síðan við sáum í stjórnarblöðunum yfirlýsingar með feitu letri um það, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir ætluðu að koma með tillögur í þessum málum og ekki hafa samráð við Sjálfstfl.? En það er áreiðanlegt, að það mun ekki á okkur sjálfstæðismönnum standa, þegar hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokkar senda út neyðarkallið til bjargar þeim, og við munum koma með till., þegar á daginn kemur, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir vilja leysa þessi mál í samráði við okkur og með aðstoð okkar. En þeir hafa lýst því fyrir skömmu, að þeir ætluðu ekki að hafa samráð við stjórnarandstöðuna. Það kemur sennilega greinilegar í ljós næstu daga, hvort skilja ber það, sem hv. form. fjvn. sagði hér áðan, sem neyðarkall og beiðni til stjórnarandstöðunnar um að koma með bjargráð og úrræði, af því að hæstv. ríkisstj. hafi gefizt upp.

Hv. form. fjvn. sagði, að Sósfl. hefði komið með till., þegar hann var í stjórnarandstöðu. En ég held, að hv. form. fjvn. hefði ekki átt að minnast á þessar till., því að till. voru ekki raunhæfar. Eða hvers vegna hafa sósialistar nú, þegar þeir hafa aðstöðu til, ekki reynt að framkvæma þær till., t. d. að skattleggja bankana, eins og var þeirra bjargráð í stjórnarandstöð-

unni, t. d. að skattleggja oliufélögin, sem var þeirra bjargráð, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu? Í stað þess að skattleggja oliufélögin hafa þeir og núverandi hæstv. ríkisstj. búið miklu betur að oliufélögunum en áður var í tíð fyrrv. ríkisstj., þannig að oliufélögin hafa nú aðstöðu til þess að reka sín fyrirtæki jafnvel með hagnaði eða án þess að tapa. En í tíð fyrrv. ríkisstj., síðustu tvö árin a. m. k., var það sýnt og sannað, að þau töpuðu, vegna þess að þau fengu ekki að hækka verðlagið á oliunni eins og þau töldu nauðsynlegt vera.

Ég lofaði því að vera stuttorður, og það vil ég enda. En ég vil segja það, áður en ég lýk máli minu, að ég hefði getað unnt hv. þm. Hafnf. þess og hæstv. forseta Sþ., að hann hefði látið það vera að afsaka meðferð fjárlaganna að þessu sinni, vegna þess að það er óafsakanlegt, hvernig meðferðin á þessu máli er. Ég fullyrði, að þótt hv. þm. Hafnf. hafi sagt, að þetta væri ekkert óvenjulegt, þá er það í fyrsta sinni, sem meðferð fjárl. er á þann hátt, sem nú gerist. Eða hvenær hefur sliku stórmáli verið flaustrað af eins og nú á að gera? Og hvenær hafa hv. þm. séð framan í 120 millj. kr. greiðsluhalla eða allt að því, þegar fjárl. hafa verið komin á lokastigið? Og hvenær áður hafa Íslendingar átt svo úrræðalausa ríkisstj., að hún hefur ekki á síðasta stigi við afgreiðslu fjárl. getað látið þm. vita, hvernig eigi að afla tekna til þess að afgreiðsla fjárlaganna verði greiðsluhallalaus? Það hefur alltaf verið gert undanfarin ár og aldrei komið til mála annað en afla tekna á móti gjöldunum, en nú virðist svo vera, þar sem hæstv. fjmrh. hefur ekki á móti því mælt, að meiningin sé að blekkja alþjóð, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarlið ætli einnig að blekkja sig með því að taka þann liðinn, sem á að verja til dýrtíðarráðstafana, út úr frv., leggja hann til hliðar og afla teknanna eftir bæjarstjórnarkosningarnar í febrúarmánuði, gera það til þess að skattlagningin eða gengislækkunin, hvort sem það verður nú, komi ekki í ljós fyrr en að kosningum loknum.

Hv. stjórnarliðar treysta ekki betur en svo á kosningalagafrv., sem þeir hafa borið hér fram til þess að torvelda kosningarnar, að þeir telja, að það þurfi líka til að koma að fresta þessum óvinsælu aðgerðum, sem eru skattlagning eða gengislækkun, sem eiga að koma síðar í vetur.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, sem hér hefur verið margsagt og staðfest af hv. þm., er setið hafa áratugi á þingi, að afgreiðsla fjárlaganna er nú með meira flaustri en áður hefur þekkzt.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn., 2. landsk. þm., staðfesti þetta einnig, en það varð ekki á honum skilið annað en hann kynni vel við þetta. Hann nefndi að vísu ekki beint, af hverju það væri, en e. t. v. er það af því, að honum finnst eðlilegt, að hér sé tekið upp svipað fyrirkomulag og talið er að sé austan tjalds, það lýðræði, sem er í því fólgið, að ríkisstj. ákveður skipun mála, en liðsmenn hlýða síðan möglunarlaust. (Gripið fram í.) Ríkisstj. svíkst ekki um að gera till. þar, segir hann, nei. Hún er búin að lofa að gera einhverjar till. hér, þó að það standi nú eitthvað í henni enn þá.

Ég verð líka að hryggja hæstv. fjmrh. með því, að ég mun ekki hvísla að honum lausnarorðinu, sem leysi hann úr þeim álögum, sem hann hefur yfir sig leitt. Hitt getur satt verið, sem á honum mátti heyra, að lausnarinnar sé helzt að vænta frá sjálfstæðismönnum. Það væri a m. k. ekki í fyrsta sinn, sem hann hefur verið feginn að leita þangað til bjargar.

Hæstv. ráðherra staðfesti það einnig, að hv. þm. stjórnarflokkanna vissu ekki meira um undirbúning fjárlfrv. en stjórnarandstæðingar og væru því jafnvarbúnir að gera brtt. við fjárl. Hann vísaði okkur á embættismenn ríkisins um upplýsingar. Sjálfur hefur hann margsinnis verið ófáanlegur til að gefa þær upplýsingar, sem um hefur verið beðið. En gallinn er bara sá, að embættismennirnir vita ekki, hvar þeir standa, á meðan þeir hafa ekki fengið tækifæri til að ræða áætlanir sínar við hv. fjvn. Af þessu leiðir, að nú eru till. embættismannanna nánast frumdrög að till. eða jafnvel óskalistar, án þess að þeim hafi gefizt kostur á að ræða þær við fjvn. á svipaðan hátt og verið hefur á undanförnum árum. Eins er um svokallaða óskalista, er hv. alþm. hafa lagt fram. Þar hefur verið meira flaustur og handahóf á en venja er til. Þegar svona er í pottinn búið, er ekki undarlegt, þótt erfitt sé fyrir fjvn. að afgreiða fjárl. frá sér á miklu skemmri tíma en hún áður hefur haft til þess að athuga þessi mál.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, en snúa mér að því að minna á nokkur atriði, sem ég tel að leiðrétta þurfi í frv. og till. hv. fjvn., en geymi mér rétt til að bera fram um það brtt. við 3. umr. fjárlaganna.

Það er þá 13. gr., 4. liður. Ég tel, að það þurfi að bæta við til stækkunar flugvellinum á Skipeyri við Ísafjörð 1 millj. kr.

Það er að vísu komin fram hér á Alþingi till. til þál. um flugsamgöngur Vestfjarða. Ég var því miður ekki viðstaddur, þegar sú till. var hér til umr., var þá fjarverandi úr bænum. En ég hef lesið þær umr., sem hér fóru þá fram, og af þeim virðist sem þessi mál séu skemmra á veg komin en þau raunverulega eru. Það hefur raunverulega verið miklu meira um þessi mál hugsað og miklu meira að þeim starfað en þar kemur fram eða í þessari till., sem hv. þm. Barð. og hv. þm. V-Ísf. lögðu hér fram til þál. Til sanninda um það vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér till., sem samþ. var með öllum greiddum atkv. á fjórðungsþingi Vestfirðinga nú í haust:

„Fjórðungsþingið skorar eindregið á flugmálastjórnina að hefja hið allra fyrsta flugvallargerð á Skipeyri við Skutulsfjörð. Enn fremur skorar þingið á flugmálastjórnina að láta fara fram rannsókn á flugvallarstæðum víðar á Vestfjörðum, eftir því sem henta þykir, til að tryggja viðunandi flugsamgöngur. Flugfélag Íslands, sem annast flugsamgöngur til Vestfjarða, hefur til þess tvær gamlar sjóflugvélar. Telur það ekki fært að kaupa nýjar sjóflugvélar. Þess vegna er brýn nauðsyn til þess að hraða flugvallargerð

til þess að tryggja bættar loftsamgöngur við Vestfirði.“

Þessi till. var, eins og ég sagði áðan, samþ. í einu hljóði af fulltrúum Vestfirðinga á þessu fjórðungsþingi, en þar voru saman komnir fulltrúar úr öllum sýslunum á Vestfjörðum.

Þetta mál hefur verið athugað nokkuð á undanförnum árum. Það er öllum ljóst, sem hafa þurft að notast við þessar flugsamgöngur, sem verið hafa til Vestfjarða, að flugvélarnar eru orðnar gamlar og úr sér gengnar. Þar að auki má geta þess, að þegar þessi till. var samþ. í sumar eða haust á fjórðungsþingi Vestfirðinga, var ekki annað vitað eða þá var a. m. k. von um það, að tvær flugvélar væru til umráða til þessa flugs. En þó er raunin sú, að allt s. l. ár hefur flugvélin ekki verið nema ein. Það var talið, að hin flugvélin, sem Flugfélagið á af svipaðri gerð, væri í viðgerð og mundi brátt koma í brúk, en árangur hefur ekki orðið af því, hvort sem það hefur verið nauðsynlegt að taka hluti úr henni í varahluti í þá, sem verið hefur í gangi. En árangurinn hefur sem sagt orðið sá, að flugvélin, sem notuð hefur verið til þess að halda uppi flugsamgöngum við Vestfirði, hefur aðeins verið ein allt s. l. ár, og það eru engar horfur á því, að úr því rætist. Þar að auki er sú flugvél orðin gömul og úr sér gengin, eins og hér hefur komið fram, og er þetta því algerlega óviðunandi til frambúðar. Og satt að segja er ekki vitað, hvenær það getur að borið, að ekki verði hægt lengur að halda þessari vél við, og falla þá flugsamgöngur til Vestfjarða niður í því formi, sem þær eru nú. En þessi flugleið til Vestfjarða, sérstaklega til Ísafjarðar, er ein mikilvægasta og fjölfarnasta flugleið hér á landi. Það munu vera flugleiðirnar til Akureyrar, Egilsstaða og Vestmannaeyja, sem eru fjölfarnari eða meira notaðar, en þar næst kemur Ísafjörður. Flugvöllurinn, sem nú er á Ísafirði, er nýbyggður, en hann er svo lítill enn, að þar geta aðeins lent litlar flugvélar, sem allsendis eru ófullnægjandi til þess að anna þeim miklu farþega- og flutningaþörfum, sem hafa sýnt sig að vera á þessari leið.

Á undanförnum árum hefur verið að sumarlagi a. m. k. ein ferð daglega til Ísafjarðar, og oft hefur það ekki nægt og ferðirnar hafa þurft að vera tvær með þeim flugvélakosti, sem verið hefur, en það eru allstórar flugvélar, taka í kringum 20 farþega og allmikið af farangri. Er því augljóst, að með þeim flugvélakosti, sem getur lent á þeim flugvelli, sem nú er fyrir hendi á Skipeyri við Ísafjörð, er ekki nokkur leið að anna þeim flutningum. Stærsta vél, sem þar hefur lent enn, tekur ekki nema þrjá farþega.

Það hefur því á undanförnum árum farið fram veruleg athugun á því, hvað hægt væri að gera til úrbóta á þessum stað, því að bæði Flugfélagi Íslands og þeim, sem þar búa í kring, hefur verið það ljóst, að þetta gæti ekki verið til frambúðar, þessi lausn, sem verið hefur núna undanfarið, að halda uppi þessum flugsamgöngum með sjóflugvélum. Og það hefur verið unnið allmikið að því að finna þar heppilegan stað til flugvallargerðar, sem hægt væri að gera á flugvöll, er fullnægði þeim kröfum, sem þarf fyrir farþegaflug með svo stórum flugvélum sem nauðsyn er til að nota á þessari leið.

Það kom fram sú hugmynd að gera þarna flugvöll á rifi, sem liggur meðfram eyrinni, sem kaupstaðurinn stendur á, og leizt sérfræðingum flugmálastjórnarinnar og flugmönnum, sem þarna voru vanir að fljúga, mjög vel á staðinn.

Það kom að vísu í ljós, þegar verkfræðileg athugun fór fram, að þarna mundi verða alldýrt að gera nægilega langan flugvöll. Það hefði að vísu verið mun ódýrara, ef sú leið hefði verið farin, sem stungið var upp á í sambandi við dýpkun innsiglingarinnar til Ísafjarðar, að nota uppmoksturinn að nokkru til þess að fylla þarna á rifinu. Þá hefði sennilega fengizt í kringum þriðjungur af þeirri fyllingu, sem þarna þurfti til þess að gera 1200 m langan flugvöll. En því miður var það nú ekki tiltækilegt. Það skip, sem fengið var til þess að annast uppmoksturinn, eða þau tæki, skip og prammar, sem til þess var notað, gat ekki komið því við að skila uppmokstrinum á þennan stað, og varð því að fleygja sem því svarar einum þriðjungi af því, sem þurft hefði þarna til uppfyllingar, út á haf eða út á dýpið. En þetta hefði verulega breytt máli til lækkunar kostnaðar, ef þarna hefði fengizt fyrir lítið þriðjungur af fyllingunni, sem þurfti til þess að gera flugvöll á þessum stað.

En það kom sem sagt í ljós, að með því að gera ráð fyrir, að fylling væri jafndýr og reynzt hefur í uppfyllingum, sem gerðar hafa verið fyrir hafnirnar, mundi þessi flugvöllur kosta yfir 20 millj. kr. þarna á rifinu, en væri að vísu ákjósanlegur frá flugtæknilegu sjónarmiði.

Það þótti ekki líklegt, að unnt mundi að fá fjárframlög til þess að gera svona mikið átak þarna á næstu árum, og var því farið að líta betur í kringum sig til þess að vita, hvort ekki væri tiltækilegt að gera a. m. k. viðunandi flugvöll á Ísafirði eða við Ísafjörð með minni kostnaði. Og það hefur líka komið í ljós, að það er hægt. Flugmálastjórnin hefur í sumar og haust látið vinna að undirbúningi þess máls, og það liggja þegar fyrir tillöguuppdrættir Ólafs Pálssonar, verkfræðings flugmálastjórnarinnar, af flugvelli á þessum stað, og ég veit ekki betur en flugmálastjórnin hafi í till. sínum til hv. fjvn. lagt til, að 1 millj. kr. væri varið til byrjunarframkvæmda á þessum stað.

Það hefur líka í sumar farið fram tilraunaflug á þennan stað, tilraun með flugtak og lendingu á staðnum, bæði með Katalínuflugvél, eins og þeirri, sem notuð er til þess að fljúga til Ísafjarðar venjulega núna, og lenda á sjónum þar, en lendir hér á flugvellinum, og einnig með Douglasvélum, eins og mest eru notaðar hér annars í innanlandsfluginu. Þessar tilraunir hafa leitt í ljós, að þarna muni vera hægt að fá nothæfan flugvöll.

Það kom fram hér í umr. áður í kvöld, — ég held, að það hafi verið hv. 1. þm. Rang., sem gat nokkuð um strandferðirnar í sambandi við samgöngumál og gagnrýndi nokkuð, hvernig þeim væri hagað.

Það er svo um samgöngur til Ísafjarðar, að Ísafjörður mun vera verr settur en flestir aðrir kaupstaðir á landinu um samgöngur. Það er, eins

og allir vita, enginn vegur á landi, sem tengir saman veginn í kringum Ísafjörð og aðalþjóðvegakerfi landsins, eins og kom fram hjá hv. þm. N-Ísf. í hans ræðu hér áðan, og virðist vera alllangt í land með, að það samband náist. Það eru því engar samgöngur á landi. Að vísu er að sumrinu fær vegur yfir Þorskafjarðarheiði í Ísafjarðardjúp, en verður síðan að nota ferju þaðan til Ísafjarðar, og það er meira að segja alllangt, sem þarf að fara á ferju. Ef farið er að Arngerðareyri, tekur ferðin í kringum 3 klukkutíma. Það er álíka löng vegalengd og héðan úr Reykjavík og upp í Borgarnes, svo að það er skiljanlegt, að það sé nokkuð löng ferjuleið. Nokkru skemmra er, ef farið er að Melgraseyri, en samt er það svo, að alltaf tekur það á þriðja klukkutíma á ferjunni, og auk þess er ekki aðalstarf ferjunnar að ferja bíla og farþega, sem þurfa að komast landveg suður eða annað út á land, heldur er hún einnig í mjólkurflutningum til Ísafjarðar og vöruflutningum um Djúpið, og það tekur því oft miklu lengri tíma að komast til lands, ef svo mætti segja, frá Ísafirði í samband við þjóðvegakerfi landsins fyrir þá, sem þurfa að fara hingað suður. Ég held, að það sé ekki rangt með farið hjá mér, að nú, þegar við hv. þm. V-Ísf. komum til þings, höfðum við verið nærri sjö tíma á ferjunni, áður en við komumst á þjóðveginn, sem er í sambandi hingað, svo að við kæmumst til Reykjavíkur.

Þannig er sem sagt ástatt með samgöngur á landi.

Með samgöngur á sjó kynni einhver að ætla, að þær væru betri en var hér áður fyrr. Ég er nú búinn að vera þarna á Ísafirði í aldarfjórðung, og samgöngur á sjó eru miklu verri nú fyrir farþega, sem þurfa að fara til eða frá Ísafirði, heldur en þær voru fyrir aldarfjórðungi. Þá voru sem næst tvær ferðir í viku, allgóðra farþegaskipa, og venjulega bein leið frá Ísafirði til Reykjavíkur eða Reykjavík til Ísafjarðar. Ferðin tók ekki nema í kringum fjóra klukkutíma. En nú er það svo, að þegar ferðir eru með Ríkisskip, Esju eða Heklunni, þá tekur ferðin venjulega í kringum 36 klst. skemmst, vegna þess að viðkomustaðir eru nú miklu fleiri en þá var og jafnt sumar og vetur, þó að fært sé á milli fjarðanna á bílum að sumrinu, enda er að sumrinu stundum hægt að nota sér það að fara í land, eftir að komið er til Þingeyrar, og fara þá landleiðina til Ísafjarðar.

Vegna þessa, hvað ástandið í samgöngumálunum er slæmt við Ísafjörð, er nauðsynin á því, að ekki kippi verulega úr flugsamgöngunum, miklu meiri en við flesta aðra staði hér á landinu, og þess vegna vildi ég mega vænta þess, að hv. fjvn. taki til athugunar þessa till. mína, sem liggur þar fyrir á óskalista, sem ég lagði inn til nefndarinnar, og vildi sömuleiðis mega vænta fyrirgreiðslu þm. um að fá hana samþ.

Þá hafði ég hugsað mér að flytja brtt. við 3. umr. við 13. gr. A. IX, til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti, sem er og nú hefur verið um mörg undanfarin ár 100 þús. kr., en breytist í 1 millj. kr.

Þegar bifreiðaskatturinn var settur á, — ég hygg, að það hafi verið 1934, — var, ef ég man rétt, lagt til, að allverulegur hluti hans gengi til malbikunar vega eða til að steypa vegi í kaupstöðum og verzlunarstöðum. En síðar var þetta numið úr lögum, og í stað þeirrar upphæðar, sem var ákveðin upphæð af lítra, sem átti að ganga til þessa, hefur á fjárlögum mörg undanfarin ár aðeins staðið 100 þús. kr.

Það kann að vera, að fyrst eftir að lögin voru sett um bifreiðaskattinn, hafi kaupstaðirnir ekki notað sér þetta. Þá var fjárhagsástand kaupstaðanna mjög erfitt, og þeir gátu ekki lagt í malbikun vega eða lagt í það að steypa þá, sem er mjög dýrt. Auk þess var þá bifreiðaumferð ekki neitt í líkingu við það, sem hún er nú, og málið því ekki eins aðkallandi. Bifreiðaeign landsmanna hefur, eins og við vitum, farið stórkostlega vaxandi á undanförnum árum, og vegirnir, sem áður gátu haldizt sæmilegir, með því að þeir væru heflaðir stöðugt og litið eftir þeim, standast ekki við við þá auknu umferð, sem nú er, og verða jafnótt holóttir og illfærir, auk þess óþolandi ryk, sem verður af þeim, ef þurrviðri er. Ég veit, að það er þannig hjá okkur á Ísafirði a. m. k., að ef þurrkar ganga, þá er moldeða sandrykið jafnhátt húsunum, eins og blindbylur væri. Og það er hjá okkur alveg óhjákvæmilegt að ráðast í að malbika eða steypa göturnar hið allra fyrsta. Sama máli hygg ég að gegni í flestum stærri kaupstöðum landsins, þar sem bílaeign kaupstaðarbúa hefur vaxið verulega á undanförnum árum, og virðist mér því eðlilegt og mjög hóflegt að hækka þennan lið, sem hefur verið mörg undanfarin ár 100 þús. kr., í eina milljón kr. Það er miklu lægri upphæð en upphaflega var ætlazt til, þegar bifreiðaskatturinn var settur, að til þessa gengi. Ég hygg, að það mundi ekki vera undir 2 millj. kr., ef sömu reglum væri fylgt eins og þá var, og jafnvel hærri upphæð, sem til þessa gengi. Og raunar mundi ekki veita af þeirri upphæð, til þess að vel væri fyrir séð, því að ég veit, að kaupstaðirnir hljóta hver af öðrum að þurfa að byrja á malbikun gatnanna hjá sér núna alveg á næstunni. Sumir hafa þegar byrjað. Hafnarfjörður og Keflavík eru þegar byrjuð. Hafnfirðingar hafa steypt nokkurn hluta af þeim götum, sem mest umferð er um. Vestmanneyingar eru einnig byrjaðir að malbika hjá sér göturnar. Siglfirðingar hafa að nokkru leyti steypt hjá sér göturnar. Á Akureyri mun þetta eitthvað byrjað líka, og þetta hlýtur að verða í vaxandi mæli á næstu árum, og það er ekki óeðlilegt, að kaupstaðirnir, sem eru mjög illa settir flestir fjárhagslega, fái þarna nokkurn hluta af bifreiðaskattinum og meiri hluta en þeir hafa fengið undanfarin ár til þess að mæta þessum auknu kröfum, enda mjög eðlilegt, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, að nokkur hluti bifreiðaskattsins falli til vegabóta í kaupstöðunum, þar sem langmest umferð bifreiðanna mun vera.

Þá mun ég einnig við 3. umr. bera fram till. um, að 13. liður A. XI hækki nokkuð. Það er styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum. Sá liður er nú 75 þús. kr. Mér hefur dottið í hug að leggja til, að hann hækkaði í 100 þús. kr. Það er eitt sérstakt

gistihús, sem ég hef þar í huga. Það er gistihúsið Bjarkarlundur í Reykhólasveit. Það er mjög mikilsvert gistihús fyrir samgöngurnar við Vestfirði. Leiðin liggur nú um Þorskafjarðarheiði, sem er skammt frá gistihúsinu, og það er eina gistihúsið, sem er þar í námunda við langan og erfiðan fjallveg.

Þetta gistihús gengur mjög vel um hásumarið, en strax og fer að hausta, telja þeir, sem hafa rekið gistihúsið, ekki borga sig að halda því opnu. Því var í haust komið í kring, að gistihúsið væri opið nokkru lengur en gistihússhaldararnir höfðu ætlað sér. Sýslufélögin þarna í nágrenninu og Ísafjarðarkaupstaður bundust samtökum um að styrkja gistihúsið nokkuð, til þess að það gæti haldið lengur opnu en til stóð. En það er auðskilið, að það er mikilsvert, þar sem það liggur svona nálægt þessari fjallaleið yfir Þorskafjarðarheiði, sem er því miður, þó að hún sé vel fær og geti verið ágæt að sumrinu, þá er verulegur hluti leiðarinnar þannig, að það er aðeins ruddur vegur, sem mjög fljótlega getur teppzt, ef eitthvað snjóar. Ég hef nokkuð oft farið þessa leið undanfarin haust, og það hefur stundum komið fyrir, að þurft hafi að snúa við. Ég hef nú farið í venjulegum fólksbíl, og það hefur komið fyrir, að ég hef komizt á bílnum og þeir, sem mér hafa verið samferða, utan við veginn, þó að ófært væri á sjálfum veginum. En það er skiljanlegt, þegar svo er ástatt, að ekki má mikið út af bera, og því mikilsvert, að menn þurfi ekki að leggja þar á tæpasta vað, en geti átt vísa gistingu í námunda við heiðina.

Það hefur að vísu bætt verulega úr þeirri hættu, sem er því samfara að vera þarna á ferðinni að haustlagi, að vegamálaskrifstofan hefur sett þarna upp mjög myndarlegt og gott sæluhús á miðri heiðinni, en þar sem heiðin er upp undir 50 km á lengd, er það alllangur vegur samt, sem þarna er í algerri óbyggð, og ég veit, að allir þeir, sem eiga þarna leið um að haustlagi, leggja mikið upp úr því, að þarna geti verið opið fram eftir haustinu, á meðan vegurinn er fær. Sá áhugi, sem sýslufélögin þarna og Ísafjarðarkaupstaður sýndu í haust, er þau lögðu fram fé, til þess að gistihúsið gæti verið opið, ber líka vott um þörfina.

Ég ætla svo ekki, af því að svona er orðið áliðið nætur, að tefja þessar umr. frekar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þótt hér séu ekki eldhúsdagsumræður, gefur stjórnarstefna sú, sem birtist í framlagningu þessa frv. hér og meðferð þess, ærið tilefni til gagnrýni, og það er skylda stjórnarandstöðunnar að gagnrýna athafnir ríkisstj. og engin ástæða til, hvorki fyrir hv. þm. Hafnf. (EmJ) né aðra hv. þm. stjórnarflokkanna að mælast undan þeirri gagnrýni.

Meðferð þessa fjárlagafrv. er einn aðalþátturinn í þeim sjónhverfingaleik, sem hæstv. ríkisstj. sýnir íslenzku þjóðinni um þessar mundir.

Leikur þessi var upphaflega settur á svið með misbeitingu kosningalaga og loforðum um, að engin hlutverk yrðu fengin fulltrúum þess flokks, sem ógnar nú lýðræðinu hvarvetna í heiminum, enn fremur með loforðum um verðstöðvun og varnarleysi í landinu, svo að nokkuð sé nefnt.

Fólk, sem í sakleysi sínu trúði orðum hv. núverandi stjórnarflokka, var því að kjósa yfir sig allt annað en það hélt.

Fulltrúar þess flokks, sem nú ógnar frelsinu og lýðræðinu í veröldinni, gegna því mikilvæga hlutverki innan hæstv. ríkisstj. að hreinsa samráðh. sína af því óorði, sem á hæstv. ríkisstj. hefur komizt meðal annarra Atlantshafsbandalagsþjóða. Þessum tilgangi hyggjast þeir m. a. ná með bréfaskiptum um varnarmálin, sem áttu sér stað fyrir nokkru og sýna skyldu opinberlega það hyldýpi skoðanamunar á utanríkismálum, sem á að ríkja innan hæstv. ríkisstj.

En það gildir um varnarsamninginn eins og annað, að það er mjög vandasamt bæði að halda og sleppa. Þetta er almenningi vel ljóst, og því fyllist hann andúð á hæstv. ríkisstj., sem vílar ekki fyrir sér að tvístíga svo í þessum viðkvæmu málum, að fullkomin óvissa ríkir um, hvert stefnir.

Þetta kemur óþyrmilega í ljós, ef rifjað er upp efni þessara bréfa annars vegar og skrif stjórnarblaðanna um þau hins vegar. Í bréfunum sjálfum virðast koma fram sæmilega ljósar stefnur. Efni bréfs Alþýðubandalagsins var á þá leið, að nú skyldi ríkisstj. þegar hefja viðræður um uppsögn herverndarsamningsins með það fyrir augum, að varnarliðið hyrfi þegar úr landi. En inntakið í bréfum hinna stjórnarflokkanna tveggja var hins vegar, að það samrýmdist engan veginn öryggi Íslands, að viðræður yrðu nú teknar upp um þessi efni.

S. l. sunnudag skrifuðu stjórnarblöðin athyglisverð ummæli hvert um sig um þessi bréf.

Í ritstjórnargrein Þjóðviljans er stjórnarseta kommúnista þrátt fyrir útreið varnarmálanna í fyrra mjög afsökuð á þá lund, að það sé nú sem fyrr kommúnistum nauðsynlegt að sitja í ríkisstj. til að geta unnið sjálfstæðismálinu verulegt gagn, og það muni verða hér eftir sem hingað til. Ég hygg, að þessi ummæli séu nokkurn veginn rétt eftir höfð, a. m. k. er meining þeirra áreiðanlega hin sama og var í blaðinu. En ritstjórnargreininni lauk með því, að sagt var, að kommúnistum yrði nú áreiðanlega nauðsynlegt að sitja áfram í ríkisstj. til þess að geta bjargað við sjálfstæðismálum Íslendinga.

Þannig átti að vega upp á móti þeirri undrun, sem komið hefur fram meðal ýmissa saklausra kjósenda eða kannske öllu heldur fyrrverandi kjósenda þessa flokks, yfir því, að svik í svo mikilvægu máli skuli ekki hafa verið látin varða stjórnarslitum.

Það þarf talsverða hreysti til, að mann hrylli ekki við þessum orðum blaðsins og hugsunum þeim, sem í verður ráðið.

Hin heimspekilega síða í blaði hæstv. forsrh. og fjmrh., sem þeir kalla „Skrafað og skrifað“, að ég held, gerði einnig þessi bréfaskipti að umtalsefni með nokkuð undarlegum hætti. Útskýrt var, að viðræður um varnarmálin samrýmdust ekki öryggi Íslendinga nú og bréf kommúnista kæmi á óheppilegum tíma. Það var kannske sannleikanum öllu samkvæmara, að þetta var

ekki sá hentugi tími fyrir þennan hv. stjórnarflokk til að bregðast NATO.

En stjórnarblaðið Tíminn vill augljóslega gera báðum til hæfis, fylgjendum samstarfs lýðræðisþjóðanna annars vegar og hins vegar svonefndum hernámsandstæðingum, því að litlu síðar í sömu grein sagði blaðið, að þrátt fyrir þetta væri það augljóst, að þál. frá 28. marz 1956 væri enn í fullu gildi og yrði framkvæmd, bara síðar, þegar henta þætti.

Þriðji þátturinn í þeim aðgerðum ríkisstj., sem vita að kjósendum þessa dagana, er frv. um frelsisskerðingu kjósendanna, eða á máli stjórnenda: frv. um friðun kjördagsins. Hv. stjórnarherrum er vafalaust hugþekkari sá friður, sem fæst með frelsisskerðingu í einræðisþjóðfélagi, en gustur frelsisins í lýðræðisþjóðfélagi.

Allir þessir þættir eru settir upp með það fyrir augum að slá ryki í augu kjósendanna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í janúarmánuði. Mikils þykir við þurfa hér í Reykjavík, höfuðvígi Sjálfstfl. í landinu. Það er auðséð, að hv. stjórnarherrar þekkja illa reykvíska kjósendur, ef þeir ætla skynsemi þeirra ekki meiri en svo, að blekkja megi þá með þeim hætti, sem ríkisstj. reynir að gera sí og æ. Nei, reykvískir kjósendur og almenningur yfirleitt vill láta segja sér sannleikann, allan og umbúðalausan.

Þetta frv., sem til umr. er, og meðferð þess er nýjasta dæmi um það undarlega og óheila stjórnarfar, sem við eigum við að búa. Það er lagt fram með þrefalt meiri greiðsluhalla en hann hefur hæstur verið áður, tekið síðan til 2. umr. af mikilli skyndingu með 12 millj. kr. hækkunartill. frá fjvn., en án þess að vitað sé, hverra úrræða verði leitað til að vega upp hallann. Það á sem sagt með einhverju móti að afgr. fjárl. ríkisins fyrir áramót og benda svo kjósendunum á það í janúarmánuði, hve dæmafár dugnaður fjármálaspekinga ríkisstj. sé. Um það hins vegar, hvað hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir í febrúarmánuði, mun áreiðanlega verða þagað. Þetta frv., sem að vísu er ófullkomin mynd af fjárl. eins og þau verða, er hins vegar ömurleg mynd af fjármálastefnu hæstv. ríkisstj.

Svo er mál með vexti, að ég hef með höndum daglegan rekstur einnar af þeim stofnunum, sem fjármálastefna hæstv. ríkisstj. kemur hvað harðast niður á, en þessi stofnun er eitt af mörg þúsund heimilum í landinu. Þótt fæstir skilji upp né niður í því, hvert ríkisstj. stefnir, og hjalað sé fjálglega aftur og aftur um verðstöðvunarstefnu, mun ekki finnast sú húsmóðir, sem ekki hefur orðið vör við þau lamandi áhrif, sem álögur hæstv. ríkisstj. hafa haft á fjárhag heimilanna. Við förum nú heim með léttari pyngju að loknum kaupum á heimilisnauðsynjum en var, áður en fjármálastefna ríkisstj. komst í algleyming. Ég tek undir það með öðrum hv. þm. Sjálfstfl., að það er síður en svo af ánægju með þetta frv., sem ég flyt ekki við það brtt., heldur eru þm. Sjálfstfl. sammála um það, að á þessu stigi málsins sé ótímabær tillöguflutningur, eins og öllum málatilbúnaði er hér háttað.

Ég vil taka fram um nokkur einstök atriði þessa máls, að ég tek eindregið undir ósk hv. þm. Reykjavíkur, sem hafa talað hér í dag um, að heimild verði hækkuð til framlags til útrýmingar heilsuspillandi íbúða úr 4 millj. upp í 12, og legg eindregið til, að um það verði farið eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Annars vil ég lítillega minnast hér á tvö önnur mál, sem brýn nauðsyn er á að fjárveitingavaldið sinni. Annað málið varðar frv., sem við hv. þm. Ísaf. fluttum á þinginu í fyrra, en efni þess var, að farið var fram á fjárhagslegan stuðning ríkisins til að koma á fót öryrkjaheimili fyrir fyrrverandi geð- og taugasjúklinga. Þarna var ekki gert ráð fyrir stórri stofnun, en sýnt var fram á, að hún mundi þó bæta úr brýnni þörf og um leið losa nokkuð af sjúkrarúmum, sem mikill skortur er á. Segja má, að frv. þetta hafi efnislega hlotið fylgi á þinginu í fyrra, og hlaut það góð meðmæli heilbrigðisyfirvalda. Landlæknir sagði í umsögn sinni um það, að hér væri farið fram á hóflegan stuðning til þarflegs máls og að sér væri ljúft að styðja það hið bezta. Þessu máli var vísað til ríkisstj. í þeirri von, að hún hlutaðist til um fjárveitingu á fjárl. Það hafa þó ýmsir haft takmarkað traust á ríkisstj. í því efni sem fleirum, fleiri en við sjálfstæðismenn höfðum, því að ef ég man rétt, fengum við liðsauka frá þm. stjórnarflokkanna, og aðeins munaði einu atkv. um, að felld yrði tillaga frá meiri hl. heilbr.- og félmn. um, að þessu frv. yrði vísað til ríkisstj. Hins vegar, þegar litið er til þess fylgis, sem þm. stjórnarflokkanna vildu gjarnan veita þessu máli, mátti búast við, að nú yrði tekin upp fjárveiting í þessu skyni En svo hefur þó ekki orðið, og munum við sennilega flytja till. um það við 3. umr., ef ekkert kemur frekar um þetta frá fjvn.

Hitt málið, sem um var að ræða, var um uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur, sem ríkisvaldinu er skylt að koma á fót og starfrækja samkvæmt l. um vernd barna og ungmenna, nr. 29 frá 1947. Meðferð hæstv. ríkisstj. á þessu máli er því miður til mestu hneisu. Nauðsyn þessa máls er ótvíræð, og hafa verið gerðar um það fjöldamargar samþykktir utan þings og innan. Skortur á þeim skóla, sem hér um ræðir, háir mjög starfi þeirra, sem vinna að vernd barna og ungmenna, og veldur því, að aftur og aftur fá þeir aðilar til meðferðar mál sömu unglinganna, sem lent hafa í vandræðum hvað eftir annað, einmitt af þeim sökum, að hvergi er til staður til þess að vista þessa unglinga á Fyrir nokkrum árum var stofnsett svipað heimili fyrir drengi, og hefur orðið af því mjög góður árangur, svo að ekki ætti það að fæla frá þessari framkvæmd, heldur mun hitt ráða hér meiru um, að eitt „útgjaldaráðuneytanna“ hefur þessi mál með höndum, og er leitt til þess að vita, að hæstv. núverandi menntmrh. skuli vera eftirbátur fyrirrennara síns í að sækja af kappi um fé til síns ráðuneytis. En eins og hv. þm. muna, veittist hæstv. fjmrh. að hv. 1. þm. Reykv. fyrir að hafa sótt af of miklu kappi um fé til síns ráðuneytis, þegar hann var menntmrh. En því verður ekki á móti mælt, að það, sem gerzt hefur í þessum málum, var framkvæmt í hans ráðherratíð, og væri vel, ef héldi áfram á þeirri

braut. Ég flutti á s. l. þingi brtt. við fjárlög um fjárveitingu til þessa skóla. Sú till. var felld að viðhöfðu nafnakalli, en hins vegar var samþ. brtt. fjvn. við 22. gr. fjárl. um heimild til landkaupa í þessu skyni fyrir ríkisstj.

Ég flutti fjárveitingatill. mína við 3. umr. engu að síður, taldi ekki minni nauðsyn þess, að hægt væri að hefja framkvæmdir á því landi, sem keypt yrði, ef til kæmi. En sú till. var felld og hæstv. ráðh. hafði um atkvæði sitt fyrirvara, sem var eitthvað á þá leið, að hann teldi máli þessu mjög vel borgið, þar eð nú hefði verið veitt heimild til að kaupa land í þessu skyni, og ætti það að vera nóg á þessu ári, því að þá væri sjálfsagt hægt að hefja framkvæmdir á næsta ári. En það hryggilega kom fram í þessu máli, þegar leið á árið, að aldrei hafði verið ætlunin að nota þessa heimild, heldur aðeins að kaupa sér stundarfrið. Alveg nýlega var skipuð nefnd í þetta mál, að vísu með ýmsu vel hæfu fólki, en málið hafði þegar áður verið vel undirbúið af nefnd, sem fyrrverandi menntmrh. hafði skipað. Hæstv. menntmrh. tjáði mér, að skipun þessarar n. hefði verið vegna þess, að nú ætti ef til vill að hefjast handa um fjárveitingu, og þess vegna væri nauðsynlegt, að ný n. hefði athugað málið. Þess var tæplega að vænta, að svo nýlega skipuð nefnd lyki störfum fyrir fjárlagaafgreiðslu, því að augljóslega er ætlunin að sneiða hjá fjárveitingu. Þegar ljóst var, að hverju rak, flutti ég þáltill. um málið, en hún hefur ekki komið til umr., sem kunnugt er. Það hefur sem sé verið augljóst, að það var aldrei ætlunin að nota þessa landkaupaheimild, enda hafði aldrei verið við jarðeiganda nokkuð talað, sem gefið hafði nokkrum árum áður góð orð um að láta land sitt falt í þessu skyni, en það land var jörðin Ormsstaðir í Grímsnesi, sem er nágrannajörð við Sólheima. Og nú hefur hvorki verið tekin upp aftur þessi landkaupaheimild né heldur fjárveiting verið veitt í þessu skyni. Þess vegna mun ég áskilja mér rétt til að flytja um þessi mál till. við 3. umr. fjárl., en vona þó, að hv. n. sjái sér fært að taka þessi mál upp áður.

Ég mun annars ekki reifa þessi mál nánar nú að sinni, því að færi mun gefast til þess við 3. umr.

Ég minnist þess, að tveir hv. þm. úr flokki hæstv. fjmrh. kvörtuðu mjög hér á þinginu ekki alls fyrir löngu um það, að uppeldismálum væri ekki nægur gaumur gefinn á Alþ. Þess væri óskandi, að þessir hv. þm. gætu haft einhver áhrif á samherja sína í þá átt, að þessum þætti uppeldismálanna yrði nú sá gaumur gefinn, að eitthvert raunhæft spor yrði stigið í þessum efnum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins til að svara einni fullyrðingu hv. 2. landsk. þm., frsm. meiri hl. fjvn., sem ég tek hér til máls öðru sinni. Mér þykir að vísu leitt, að hv. frsm. er horfinn af hólmi, en ætla má, að ástæða þess kunni að vera sú, ef hann ekki birtist innan skamms, sem ég nú sé að hann gerir, að hann fýsi ekki að heyra orð hans tekin til athugunar og krufin til mergjar. En hv. frsm. meiri hl. komst þannig að orði við upphaf ræðu sinnar, að flokksskrifstofa Sjálfstfl. hefði útvegað mér umboð til þess að sitja aðalfund Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var fyrir skömmu. Ég veit ekki, hvaðan hv. frsm. hefur þessar upplýsingar, en ef þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hæstv. Alþ. um störf fjvn. á þessu þingi, eru byggðar á álíka trúverðugum grundvelli, hefur Alþ. ekki verið sýndur mikill sómi með því, að þessi hv. þm. skuli hafa verið valinn til formennsku í fjvn. og til þess að hafa á hendi framsögu fyrir fjölmennustu og ráðamestu n. Alþingis. Af því að ég er nú heldur góðgjarn maður, vil ég samt ekki halda því fram, að hv. þm. hafi sagt þetta gegn betri vitund. Það getur vel verið, að það hafi einhver drýsill hvíslað þessu í hans eyra, og það má vel vera, að hann sé svo auðtrúa maður, að hann hafi hlaupið eftir hvísli hans, og ég vil þá heldur trúa því. En sannleikurinn í málinu er auðvitað sá, að útgerðarmenn í einu kauptúna þeirra, sem eru í kjördæmi mínu, fólu mér umboð til þess að sitja þennan fund fyrir þá, eins og þeir hafa falið mér umboð til þess að annast margvísleg störf og fyrirgreiðslu, bæði fyrir byggðarlag sitt, útgerð þeirra og þá persónulega á mjög svipaðan hátt og ég geri ráð fyrir að umbjóðendur hv. 2. landsk. í Vestmannaeyjum hafi falið honum hliðstæð störf.

En aðalatriði málsins er þó ekki það, að hv. frsm. fjvn. fer með rakalaust fleipur um svona lítið atriði og hreinan uppspuna. Hitt er verra, að hann fer með grófa málefnalega fölsun í leiðinni. Hann heldur því fram, að það rekstrartap, sem ég nefndi hjá útgerðinni samkv. upplýsingum, sem gefnar voru á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, hafi verið miðað við það aflaleysi, eins og hv. þm. orðaði það, sem verið hefur á síðustu vertíð. Ég vænti, að það fari ekkert á milli mála, að það var þetta, sem þm. sagði, og hann viðurkennir það. Ég hef hv. þm. hins vegar grunaðan um, að þetta segi hann gegn betri vitund, vegna þess að hann hefur áreiðanlega í höndunum og hefur örugglega haft greiðan aðgang að þeim skýrslum, sem lágu fyrir aðalfundi útvegsmanna, þar sem allur vafi er tekinn af um þetta atriði, og sannleikurinn í málinu er sá, að þarna var ekki miðað við aflaleysi síðustu vertíðar, heldur við meðalafla og meðalróðrafjölda undanfarinna 5 ára, þegar um var að ræða útreikning á rekstrarafkomu bátanna, og þegar um var að ræða rekstrarafkomu togaranna, var miðað við meðalafla og úthald s. l. þriggja ára, hvort tveggja reiknað út af mönnum, sem samtök útvegsmanna höfðu falið það starf sérstaklega. Það, sem ég hafði sem sagt eftir forráðamönnum útvegsmanna á aðalfundi L. Í. Ú., var þetta, að miðað við meðalafla og meðalróðrafjölda undanfarinna 5 ára, óbreytt fiskverð og opinberan stuðning við útgerðina mundi rekstrarhalli meðalbáts, þ. e. 60 tonna báts, hér í Faxaflóa verða 140 þús. kr. eða tæplega það á næstu vertíð, hins vegar mundi rekstrartap togara verða 1.1 millj. kr., miðað við óbreyttar aðstæður og meðaltalsafla og úthald s. l. 3 ár. Ef hins vegar miðað væri við 9 fyrstu mánuði þessa árs, mundi tap á togara á næsta ári nema hvorki meira né minna en 1.6 millj. kr.

Það er nauðsynlegt, að þessar tölur liggi fyrir

réttar og óbrjálaðar, þegar rætt er um þessi mál á hv. Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl. Og ég verð að harma það, að formaður og frsm. meiri hl. fjvn. skuli leyfa sér í slíkum umr. eins og þeim, sem hér fara fram, að fara með hreinar falsanir og jafnstaðlausa stafi og hann leyfði sér í síðustu ræðu sinni hér áðan. Það, sem ég sagði um þetta, var sannleikanum einum samkvæmt.

Það, sem þetta sýnir svo, benti ég einnig á í fyrri ræðu minni, að rekstrargrundvöllur er ekki fyrir hendi fyrir bátaútveginn né heldur togaraflotann. Útgerðarkostnaðurinn hefur hækkað stórkostlega, sem m. a. sprettur af því, að nauðsynjar útvegsins hafa vegna nýrra tolla og skatta frá hæstv. ríkisstj. hækkað allt upp í 38%, sem vélar og varahlutir og ýmsar aðrar nauðsynjar útgerðarinnar hafa hækkað um á þessu ári. Þetta er dapurlegur sannleikur, en engu að síður staðreynd. Það sýnir þess vegna furðulega óskammfeilni, þegar þessi kommúnistaþingmaður ætlar að halda því fram á Alþ., að það sé allt í lagi með rekstrargrundvöll sjávarútvegsins í landinu, enda þótt þessar upplýsingar liggi fyrir frá fulltrúum útvegsmanna og sjómanna.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að það var ekki á s. l. ári með 300 millj. kr. jólagjöfinni og 9500 kr. skatti á hverja fimm manna fjölskyldu fundin nein ný og varanleg leið til lausnar á vandamálum sjávarútvegsins. Það voru bráðabirgðaúrræði af verstu tegund, sem til var gripið. Það var vaðið lengra út í verðbólgufen og styrkjastefnu. Það var það, sem gerðist. En að ætla sér að telja nokkrum manni með fullu viti trú um, að það hafi verið fundin nokkur ný og varanleg úrræði, það tekst hv. 2. landsk. þm. áreiðanlega ekki.

Ég hef ekki fengið neitt svar við því frá hæstv. sjútvmrh., hvaða ráðstafanir væru í undirbúningi til þess að mæta auknum hallarekstri hjá sjávarútveginum. Ég hef heldur ekki fengið neitt svar um það, hvað liði skipasmíðasamningum hæstv. sjútvmrh., sem hann fyrir hálfum öðrum mánuði sagði að væru að hefjast, enda þótt engin lán hefðu fengizt. Eina svarið, sem ég og hv. Alþ. fær frá hæstv. sjútvmrh. í þessum efnum, er það, að hann hverfur og skilur þá eftir ekki trúverðugri málsvara fyrir sig en hv. 2. landsk. þm. hefur reynzt að vera, sem gengur hér fram með rakalausar blekkingar, vitandi það, að fyrir liggja gögn um sannleikann í málinu.

Það fást ekki svör við mörgu af því, sem hv. þm. hafa spurt hæstv. ríkisstj. um hér í dag og í kvöld. Það fást ekki svör vegna þess, að frammi fyrir Alþ. stendur nú ráðþrota ríkisstj., sem lofaði miklu, en hefur efnt lítið, ákaflega lítið. Það sætir þess vegna engri furðu, að þótt frestað hafi verið útvarps-eldhúsumræðum, komi fram mikil gagnrýni á slíka ríkisstj. En verst er, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa manndóm til þess að taka þessari gagnrýni.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frv. þetta almennt, enda hefur það þegar verið rætt allrækilega. Það er ekki árennilegt að gera brtt. til aukinna útgjalda við frv., eins og það er úr garði gert, til þess er baggamunurinn allt of mikill og útlitið óljóst í meira lagi. Hins vegar hafa þeir tveir menn, sem eiga að vera öllum hnútum kunnugastir, hinir nánu samstarfsmenn, hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjvn., báðir gefið ótvírætt í skyn, að töfraorðið verði sagt fyrir eða við 3. umr. og fjárl. endanlega afgreidd greiðsluhallalaus. Verður þá útlitið væntanlega eitthvað bjartara, og mun ég þá hreyfa brtt., sem ég tel horfa til bóta fyrir hérað mitt, m. a. freista þess í samvinnu við fleiri þm. að fá eitthvað aukna fjárveitingu til Heydalsvegar, en sú leið er ekki einungis til hagsbóta fyrir Dalasýslu eina, heldur getur hún einnig komið tveimur landsfjórðungum að miklu gagni. En ég mun geyma mér rétt til að ræða þetta frekar við 3. umr.

Hins vegar langar mig til að hreyfa hér einni athugasemd eða öllu heldur beina fyrirspurn til hv. fjvn. og þá væntanlega einna helzt til formanns n., hv. 2. landsk. þm., en þetta er varðandi ákvæði fjárlagafrv. um dýralækna. Í athugasemdum við fjárlagafrv., við 16. gr. A, segir svo, það er 36. liður, með leyfi hæstv. forseta: „Til dýralækna, liðurinn hækkar um 82500 kr., vegna þess að gert er ráð fyrir, að dýralæknum fjölgi um einn á næsta ári.“ — Í nál. frá meiri hl. fjvn. um þessa sömu gr. segir hins vegar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fjórir nýir dýralæknar munu taka til starfa á næsta ári, og er fjárlagaliðurinn laun dýralækna hækkaður í till. n. af þeim sökum.“ — Svo sem kunnugt er, er landinu skipt í 12 dýralæknisumdæmi, en nú standa 5 þeirra auð, m. ö. o.: það vantar 5 dýralækna. Mér er kunnugt um það, að nú um næstu áramót útskrifast 5 dýralæknar og koma hingað til lands. Að vísu hef ég heyrt því fleygt, að einn þessara ungu manna muni þegar ráðinn um eins árs skeið til starfa erlendis, en fróðir menn hafa tjáð mér, að tveir menn nýútskrifaðir muni bætast í hópinn snemma á næsta ári. Þess vegna finnst mér næsta varhugavert að miða fjárveitingu fjárlagafrv. í þessu skyni einungis við fjóra menn. Ég hef að vísu ekki rætt við yfirdýralækni um þessi mál til að fá hjá honum upplýsingar, en ég hygg, að einhverjar upplýsingar um þessi efni hafi hlotið að liggja fyrir hv. fjvn., þegar hún gekk frá þessum gjaldalið eða þessari áætlun.

Það er alkunna, hversu mikilvægt mál það er fyrir dreifbýlið að fá þessa nauðsynlegu starfsmenn í sína þjónustu. Það verður heldur ekki annað sagt en þjóðin hafi lagt áherzlu á að fá menntaða dýralækna til starfa, því að styrkur til dýralæknisnáms erlendis hefur verið sérstakur liður á fjárl., og í fjárlagafrv. því, sem hér liggur frammi, er gert ráð fyrir 30 þús. kr. í þessu skyni. Ég vildi því ekki láta þetta tækifæri ónotað til þess að hreyfa þessu máli. Ég álít alveg sjálfsagt, að við bjóðum þessa kærkomnu, ungu menntamenn og nauðsynlegu starfsmenn velkomna, þegar þeir nú útskrifast frá námi, og reynum að búa þeim eins góð skilyrði og kostur er á. Ég varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki sé varlegra að gera ráð fyrir fjárveitingu til 5 nýrra dýralækna heldur en 4, eins og í frv. stendur. En ef til vill hafa einhverjar upplýsingar um þetta mál legið fyrir hv. n., og ég vænti svars frá n. eða formanni hennar, annað-

hvort nú eða seinna, áður en 3. umr. fjárl. fer fram.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það skulu nú aðeins vera örfá orð, sem ég segi í þetta sinn, enda er við fáa að tala og orðið áliðið nætur. En ég vildi segja hér örfá orð í tilefni af ummælum hv. frsm. fjvn., og ég byrja á því að þakka hv. frsm. fyrir það, að hann gaf loforð um það — ég tók það svo — að taka til nánari athugunar fjárveitingar til Skagastrandarhafnar, enda er á því mikil þörf, eins og ég hef lýst og mun ræða nánar við nefndina og vonast eftir góðum undirtektum hjá hv. frsm. og nefndinni í heild.

Hv. frsm. sagði, að það væri rangt, sem hefði verið haldið fram, að það hefði verið nokkur þrýstingur af hálfu sjálfstæðismanna til þess að hækka fjárveitingar til þjóðvega. Þessi hv. þm. hlýtur þó að muna, að það er búið að ræða um það ekki einu sinni, heldur mörgum sinnum í samgöngumálanefndum þingsins, hvílíkt vandræðamál væri þarna um að ræða, og þar eru 4 sjálfstæðismenn, sem hafa aðallega um það rætt, hvílík nauðsyn væri á að hækka þessa fjárveitingu mjög stórkostlega. Ég hef lagt þar fram fyrir löngu, löngu áður en hv. fjvn. tók þetta mál fyrir, till. um það, að samgöngumálanefndir þingsins skoruðu á hv. fjvn. að hækka þennan gjaldalið í 20 millj. úr 12. Nú hefur það aldrei fengizt afgreitt, ekki einu sinni borið upp í samgmn. af stjórnarliðanna hálfu, þessi till., og þess vegna hefur hún ekki komizt sína eðlilegu leið. En þar sem 3 hv. nm. úr fjvn. eru í samgmn., vita þeir vilja okkar í þessu efni og það fyrir löngu, enda mátti það gefa auga leið, að það er að því hert enn þá meir, að þessi liður, sem landsbúum úti á landsbyggðinni er meira áhugamál en flest annað, yrði ekki látinn óhreyfður eins og hann var í frv. Nú hefur hv. fjvn. tekið inn á frv. — ekki alla þessa till. og ekki einu sinni hálfa, heldur svona tæplega hálfa, og má segja, að það sé þó töluverð framför frá því, sem í frv. stendur.

Hv. frsm. sagði, að í því væri mikið ósamræmi varðandi mína ræðu hér í kvöld að halda því fram, eins og ég gerði, að það væri gjaldþrotasvipur yfir þessu fjárlagafrv., en lýsa því jafnframt, að það væru nýkomnir tveir nýir bátar til Skagastrandar og von á þeim þriðja innan skamms. Í þessu er ekkert ósamræmi. Ég tók það þá strax fram og get endurtekið það, að ég er þakklátur fyrir, að þessir bátar eru þangað inn fluttir, og ég býst við, að hæstv. félmrh. eigi þar kannske mestan hlutinn að. En þó að ég sé þakklátur fyrir þetta, þá veit ég, að þarna fylgir böggull skammrifi, vegna þess að þeir bátar, sem fyrir hafa verið á þessum stað, hefðu ekki getað starfað, og svo verður væntanlega um þessa, nema með mjög miklum styrk vegna þess aflabrests, sem verið hefur á okkar flóa að undanförnu. Og ég vil mega vænta þess, að þessi útgerð fái áfram að njóta svo góðrar aðstoðar, að það sé hægt að reka hana, en hún verði ekki látin gefast upp, eins og líkur hefðu verið til, ef hún hefði ekki fengið þá aðstoð, sem nauðsynlegt var.

En varðandi hitt stóra atriðið, sem ég hélt hér fram og hvika ekki frá, er það, að það er fullkominn gjaldþrotasvipur ekki einasta yfir þessu fjárlagafrv., heldur og yfir hinum opinberu fjármálum yfirleitt, því að það er þar um meira að tala en fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, þar sem eftir er útflutningssjóður og fleira í því sambandi. Það hefur aldrei staðið svo á undanförnum árum, að það lægi fyrir fjárlagafrv., sem á vantar yfir 100 millj. kr., til þess að það væri greiðsluhallalaust, enda er það kunnugt mál, að það er ekki líklegt, að það sé hægt að halda því áfram ár eftir ár að hækka tolla og skatta um hundruð milljóna. Og þegar komið er inn á þá leið, sem nú er komið, þá er það kannske ekkert svo mjög undarlegt, þó að hæstv. ríkisstj. standi ráðalaus yfir þeim vanda, sem hún hefur átt mikinn þátt í að koma þessum málum í.

Út í þetta skal ég ekki fara nánar nú, ég gerði það nokkuð með tölulegum röksemdum hér í kvöld og skal ekkert af því ítreka, en ég veit, að þegar jafnglöggur maður og hv. frsm. fjvn. hugsar vel um það, þá sér hann, að í þessu efni er ekkert frá minni hálfu ofmælt, því að útlitið er því miður ískyggilegra en almenningur enn gerir sér grein fyrir.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara hér út í umr. þær, sem farið hafa hér fram almennt um stjórnarathafnirnar eða athafnaleysið, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, þær tilheyra öðrum stað, þó að ærið tilefni væri til þess að fara um það nokkrum orðum. En það er aðeins eitt atriði, sem ég get ekki látið fara þegjandi fram hjá mér.

Því hefur verið haldið fram í kvöld oft, að þessi fjárlagaafgreiðsla væri mjög á annan veg en oftast áður og helzt alveg einsdæmi. Það hefði aldrei komið fyrir, að fjárlög hefðu komizt á þetta stig með greiðsluhalla þvílíkum, sem hér væri um að ræða, og væri þetta ákaflega óvenjulegt og eiginlega algert einsdæmi. Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Rang. (IngJ) vildi halda þessu sama fram, eftir að ég hafði fullyrt það gagnstæða, og það var nánast út af hans ræðu, sem ég kvaddi mér hljóðs nú. Hann hélt sér fast við, að þetta hefði ekki komið fyrir áður og væri — eins og ég sagði — alveg sérstakt. En ég leit hér ofan í þingtíðindin frá 1955, frá síðasta þinginu, sem samþykkti fjárlög, áður en þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Þar er við 3. umr. fjárlaga framhaldsnefndarálit frá fjvn., og í því nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — ég bið hv. þm. að taka eftir því, að hér er ekki um 2. umr. að ræða, heldur 3. umr., þ. e. a. s. þegar fjárlagaafgreiðslan er komin alveg á lokastig, — í þessu framhaldsáliti hv. fjvn. segir svo:

„Svo sem frá var skýrt í nál. meiri hl. n. við 2. umr. frv., hafði n. frestað afgreiðslu ýmissa erinda, og enn fremur var vitað um nokkra háa útgjaldaliði, sem talið var rétt að láta bíða til 3. umr., ef þá kynni að liggja ljósar fyrir, hversu há útgjöld leiddi af þeim.“ Og svo enn: „Nefndin hefur að undanförnu unnið að lokaathugun á fjárlagafrv. Þar eð endanleg afgreiðsla fjárlaganna var tengd lausn verðlagsmála útflutningsatvinnuveganna, gat nefndin ekki lokið störfum

fyrr, en leggur nú fram breytingar sínar á sérstöku þskj. samhliða þessu framhaldsnál.“

Í yfirliti, sem fylgdi þessu framhaldsnál. hv. fjvn. þá, er gert ráð fyrir hækkun gjalda um 53 millj., þannig að með till. n., eins og þær koma umfram lækkun 46 millj.; tekjuhækkun aftur upp á 13 millj., eða gjaldahækkun umfram tekjuhækkun 33 millj. og greiðsluhalli eftir 2. umr. 11 millj., þannig að með till. n., eins og þær koma fram við 3. umr., er gert ráð fyrir greiðsluhalla upp á 45½ milljón þá. Þó að þessi upphæð sé ekki alveg jafnhá því, sem um er að ræða í þetta sinn, sýnir hún þó, að þar hefur verið um mjög verulegan greiðsluhalla að ræða, þegar málin komu frá n. við 3. umr., og var þá, að því er skildist, ekki séð fyrir því, hvernig þessum greiðsluhalla yrði mætt. Það reyndist svo að vísu auðveldara þá en kannske ýmsir höfðu gert ráð fyrir, þar sem það var einfaldlega gert með því að hækka tekjuáætlunina. En eigi að síður, þegar framhaldsnál. kemur frá hv. fjvn. við 3. umr., birtist það með 45 millj. kr. greiðsluhalla.

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þennan þingfund lengi. Það er aðeins í tilefni af því, sem komið hefur fram í ræðum nú allra síðast í þessum umr., sem ég sé ástæðu til þess að taka hér aðeins til máls að nýju.

Það er fyrst varðandi það, sem hv. 11. landsk. þm. (FÞ) bar hér fram sem fsp. til n. eða mín. Það var varðandi hækkunartill., sem við gerum á liðnum um laun dýralækna, og þar gerir hann nokkurn samanburð á því, sem segir í fjárlagafrv. sjálfu og skýringum við það, og okkar till. Ég skal taka fram, að sú upphæð, sem við í fjvn. leggjum til að tekin sé inn á frv., er laun þriggja nýrra dýralækna. En þar er sagt, að fjórir nýir dýralæknar taki til starfa á næsta ári, og er skýringin á því sú, að frá því er skýrt í athugasemdum við sjálft fjárlagafrv., að þar sé þegar gert ráð fyrir launum eins dýralæknis.

Hvort ástæða er til þess að hafa þessa upphæð hærri, vegna þess að fleiri munu taka til starfa á árinu en þarna er gert ráð fyrir, skal ég ekkert um segja. Þessar till. n. eru gerðar samkvæmt tilmælum landbrn., sem í sínum till. vitnar til þess, sem yfirdýralæknir hefur um málið að segja, og þetta er hans áætlun. Annars er mér — og ég veit ekki annað en sama gildi um aðra nm. — ekki kunnugt um, hvernig þessum málum er háttað, en við höfum gert till. okkar eftir þeim upplýsingum, sem yfirdýralæknir og landbrn. hafa okkur sent, og vænti ég þess, að það mál teljist upplýst af okkar hálfu, eins og það nú stendur.

Í sambandi við ræðu þá, sem hv. 1. þm. Rang. flutti hér nú í síðara sinn, er hann tók til máls, þá vék hann mjög að því, og það gerði raunar Magnús Jónsson, hv. 2. þm. Eyf., líka, að það hefði verið vanhugsað af mér að minnast á þær till., sem við þm. Sósfl. á s. l. kjörtímabili gerðum í sambandi við afgreiðslu laganna um framleiðslusjóð, t. d. till. um að skattleggja banka og olíufélög, því að við höfum ekkert sinnt um þær till., eftir að við höfðum aðstöðu til þess að ráða einhverju um framgang mála með því að taka þátt í ríkisstj. Báðir þessir menn létu eins og þeir vissu alls ekki, að neinn skattur hefði verið lagður á banka í þessu skyni. En það má nú raunar rifja það upp, að svo hefur verið gert. Þeir bera árlega 10 millj. kr. skatt af sinni gjaldeyrisverzlun til útflutningssjóðs. Þetta er að vísu lægri upphæð en ég og flokksmenn mínir teldum eðlilegt að leggja á þessar stofnanir, en skattur er það engu að síður. Og þeir vildu a. m. k. á þeim tíma, sem hann var á lagður, ekki telja sanngjarnt að taka skatt með þessum hætti, þó að þeir muni nú ekki lengur eftir því, að hann sé til.

Um skattlagningu á olíufélögin er það að segja, að hún er að vísu óbein með verðlagsákvæðum, en á sínum tíma voru olíufélögin látin sæta verðlagsákvæðum, sem a. m. k. Sjálfstfl. mundi hafa talið jafngilda 30 millj. kr. árlegri skattlagningu á þau félög.

Það er sama um það að segja, að ég og mínir flokksbræður höfum yfirleitt talið, að ganga mætti þó lengra í þessum efnum. En þótt við tökum þátt í ríkisstjórnarsamstarfi, ráðum við þar vissulega ekki einir öllu og hljótum að fara þær leiðir, sem samkomulag næst um innan þeirra takmarka, sem við teljum þó að hægt sé við að una.

Varðandi það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði hér og endurtók að nokkru og þó með öðrum hætti nú en áður álit sitt um það, hvert útlit væri í fjármálum þjóðarinnar, þá get ég vissulega verið honum sammála um, að þegar horft er fram á veginn um efnahags- og fjármál þjóðarinnar, er sú braut ekki öll blómum strá. Það er vissulega alveg rétt. En það er dálítið annað, hvort glíma þarf við einhverja örðugleika eða hvort menn sjá ekkert nema svartnætti eitt fram undan.

Ég vil benda á, að þrátt fyrir það, að þessi hv. þm. málar ástand okkar fjármála með mjög dökkum litum og telur hér upp í umr. langar þulur um hækkanir á útgjöldum ríkisins til eins og annars, og sumt af því gerir hann nú vissulega án þess að gæta fullrar sanngirni, — svo að ég aðeins taki dæmi um það, þá telur hann það að því er virðist óeðlilegt, að það hækki rekstrarútgjöld fyrirtækis eins og t. d. landssímans, sem bætir árlega við sitt kerfi mjög verulegu og við sinn rekstur mjög verulegum stækkunum. Auðvitað þarf hann meira til sinna útgjalda, en hann fær líka meiri tekjur. Tekjunum sleppti nú alveg þessi hv. þm. í sinni upptalningu, en taldi alla útgjaldaaukninguna sanna það, að núverandi ríkisstj. væri óalandi og óferjandi.

Og nú í þessari upprifjun sinni um fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, getur hann þess, að hann hafi sjálfur og í eigin persónu gert till. um það í samgmn., að framlag til þjóðvega yrði fært í frv. úr 12 millj. kr. upp í 20 millj. kr. Ja, það hefði orðið svei mér góður póstur fyrir hann í upptalninguna um hækkanir og ávirðingar núverandi ríkisstj., ef samþ. hefði verið.

Þannig getur jafnvel hinum ágætustu mönnum fatazt í röksemdafærslu og sinni upptalningu, þegar um það er að ræða, að ofurkapp er lagt á að deila á ríkisstj. fyrir hennar fjármálastefnu, jafnvel þó að hún gangi í þessu tilfelli í sömu

átt og nokkru hægar en viðkomandi þm. vill sjálfur viðhafa á einum ekki ómerkum pósti fjárlaganna.

Er ég þá kominn að ræðu hv. þm. N-Ísf., sem lagði hér á það mikla áherzlu í þessum ræðustóli, að ég mundi hafa farið með rakalausar blekkingar og uppspuna að því leyti, sem ég sneri máli mínu til hans hér fyrr í nótt.

Hann tekur upp þær tölur, að 140 þús. kr. halli sé á útgerð meðalstórs vélbáts hér við Faxaflóa samkvæmt útreikningum Landssambands ísl. útvegsmanna, miðað við þann rekstrargrundvöll, sem reiknað er út frá, og þar með sé tekið meðaltal aflamagns s. l. fimm ára. Og á sama hátt með meðaltali þriggja ára sé rekstrartap togara 1½ millj. kr.

Það má vera rétt hjá honum, að slíkur sé útreikningur Landssambands ísl. útvegsmanna, eins og í hliðstæðum útreikningum þessa sama landssambands í fyrra. Var þá útgerðin hallalaus? mætti ég spyrja. Sannar þetta eitthvað um það, að enginn grundvöllur sé eða versnandi grundvöllur sé fyrir útgerð í landinu?

Ég gaf þessum hv. þm. eitt heilræði, þegar ég talaði til hans hér fyrr, og það var, að hann skyldi spyrja um það flokksbróður sinn, Davíð Ólafsson, hvort það væri rétt, sem þessi hv. þm. N-Ísf. hafði hér haldið fram, að enginn grundvöllur væri fyrir rekstri bátaflotans á komandi vertíð eða hann færi hríðversnandi frá s. l. ári. Ekki hafði hann uppi nein orð um, að hann hefði prófað að hafa samband við þennan flokksbróður sinn og spyrja hann, og ég vænti þess, að hann hafi ekki gert það. Það gæti líka verið, að hann hefði gert það, þó að hann sé ærið hljóður um það og geti ekki um það samtal í einu eða neinu. En málin standa sem sagt svo, að það liggja fyrir útreikningar mjög mætra manna, þ. á m. þess manns, sem ég hef hér nefnt, fiskimálastjórans, um það, að miðað við núgildandi rekstrargrundvöll fiskibátaflotans, sem samið var um um s. l. áramót, sé ekki um að ræða neitt rekstrartap á meðalbát á vetrarvertíð, ef ekki bregðist aflinn.

Þær 140 þús. kr. í tap á vélbát og 1½ millj. kr. tap á togara, sem reynt er að halda fram að sé raunverulegt um þessi skip, gæti ekki byggzt á neinu öðru en afla, sem væri verulega fyrir neðan meðallag nú. Þessu vil ég leyfa mér að halda fram, jafnvel þótt þessi hv. þm. leyfi sér að telja þetta vera rakalausar blekkingar.

Ég hef farið fram á það við hann, að hann tali um þessa hluti við menn, sem eru bæði honum og mér fróðari um þessi efni, og ég vænti þess, að þó að hann hafi ekki glöggvað sig á því í kvöld, að ég fer hér með rétt mál, en hvorki rakaleysur né blekkingar, þá muni hann síðar komast að raun um, að svo er ekki, og hann hafi þá á sínum tíma manndóm í sér til þess að viðurkenna, að hér er alls ekki um neinar blekkingar að ræða, heldur þann raunveruleika, sem út kemur úr dæminu að fróðra manna yfirsýn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd.

Mér þykir mjög vænt um það, að hv. 2. landsk. þm., framsögumaður fjárveitinganefndar, hefur viðurkennt, að hann fór með rangt mál í ræðu sinni hér áðan.

Nú sagði hann, að það mætti vel vera, að slíkur útreikningur sem ég fór með væri réttur. Ég tók það alveg greinilega fram, að ég hefði rætt um útreikninga þá, sem lagðir voru fram á aðalfundi L. Í. Ú. og gerðir voru af trúnaðarmönnum þeirra samtaka, af útvegsmönnum sjálfum.

Það er svo allt annað mál, sem bæði ég og hv. 2. landsk. þm. þekkjum mjög vel, að í hvert skipti sem útvegsmenn hafa verið að semja við ríkisstj. á undanförnum árum um aukinn stuðning við atvinnurekstur sinn vegna sívaxandi rekstrarhalla, hafa trúnaðarmenn ríkisstj. lagt á borðið tölur og útreikninga, sem hafa vikið mjög verulega frá útreikningum útvegsmannanna sjálfra. Og þetta er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt. Útvegsmennirnir sækja á um að fá sem mestan fjárhagslegan stuðning og sem tryggastan grundvöll fyrir atvinnurekstur sinn, en umboðsmenn ríkisvaldsins reyna að komast hjá að veita nema sem minnstan stuðning, þannig að reksturinn sé rétt aðeins tryggður.

En það var alls ekki þetta, sem hv. 2. landsk. þm. var að ræða um í upphafi málsins. Hann fer að ræða um þetta núna, þegar hann sér, að hann fór í upphafi með rangt mál.

Ég þarf ekkert að spyrja minn ágæta flokksbróður og góða vin, Davíð Ólafsson fiskimálastjóra, um það, hvaða reiknings hafi verið lagðir fram á aðalfundi L. Í. Ú. Ég hef þá reikninga fyrir mér, og hv. 2. landsk. þm. hefur þá líka. Þess vegna var það rangt af honum áðan að segja, að ég hefði miðað mínar upplýsingar um það tap, sem ég nefndi, á bátum og togurum við það aflaleysi, sem ríkt hefur á einni einustu vertíð. Ég miðaði við það, sem lagt var til grundvallar á þessum fundi, sem sagt fimm ára meðaltalsafla, fimm ára meðalróðrafjölda og þriggja ára úthald og þriggja ára meðaltalsaflamagn, þegar um togarana var að ræða.

Hins vegar er það algerlega rangt og röng ályktun, sem dregin er af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, sem hv. 2. landsk. þm. sagði hér, rétt í því er hann lauk máli sínu. Hann sagði, að versnandi afkoma útgerðarinnar gæti ekki sprottið af neinu öðru en aflaskorti. Þetta veit ég að hv. þm., sem er alinn upp í sjávarútvegskjördæmi og er þm. fyrir eitt þróttmesta sjávarútvegshérað landsins, veit að er rangt. Hann veit t. d. það, að allt að 38% hækkun á vélum og varahlutum til bátaflotans og margvíslegra annarra nauðsynja hefur ekki lítil áhrif á rekstrarafkomuna. Olíuverðið, beitukostnaðurinn, fjölmargir liðir, sem til greina koma hjá útgerðinni, hafa auðvitað áhrif á heildarafkomuna. Og það er það, sem hefur gerzt á þessu ári, að stóraukin dýrtíð og verðbólga hefur haft ásamt með aflabresti í einstökum landshlutum mjög óheillavænleg áhrif á rekstur útgerðarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 145,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 165,I tekin aftur.
— 145,2—3 samþ. með 30 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 145,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 145,5 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 145,6—9 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 145,10.1—20 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 165,II tekin aftur.
— 145,10.21—66 samþ. með 32 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 145,11—17 samþ. með 33 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 145,18—26 samþ. með 32 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 145,27—33 samþ. með 34 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 165,III—IV teknar aftur.
— 145,34—35 samþ. með 29 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 165,V tekin aftur.
— 145,36—38 samþ. með 28 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 168, frhn. 190 og 198, n. 197, 189, 192, 199).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur unnið að málinu á milli 2. og 3 umr., svo sem venja er til. Hún hefur athugað þau erindi, sem til viðbótar hafa borizt n., frá því að 2. umr. lauk, og tók til athugunar öll þau erindi, sem borizt höfðu n. fram til hádegis s. l. þriðjudag, en eftir þann tíma var í rauninni hætt að taka á móti erindum til afgreiðslu, eða þau erindi, sem eftir þann tíma hafa borizt, hafa ekki fengið afgreiðslu hjá n., þar eð of stuttur tími var til stefnu, til þess að þau yrðu athuguð, svo sem með þótti þurfa.

Samstaða hefur ekki orðið í n. um tillöguflutning við 3. umr. Í n. voru allar þær till., sem meiri hl. flytur á þskj. 189, bornar upp og samþ., sumar með öllum atkv. nm., en minni hl. n., þ. e. a. s. fulltrúar Sjálfstfl., taldi sig andvígan sumum till., og er því ekki samstaða um flutning þeirra, og þýðir það að sjálfsögðu ekki, að minni hl. sé andvígur öllum till., sem á þskj. 189 eru fluttar af hálfu meiri hl.

Um þennan þátt undirbúnings fjárl. og þær till., sem hér eru gerðar, má segja svipað og um undirbúning fjárl. í heild, að ég geri ráð fyrir því, að enginn nm. í hv. fjvn. vildi nú persónulega óska eftir því að taka ábyrgð á eða beita sér persónulega fyrir öllum þeim till., sem þar eru lagðar fram, en till. og samstaðan um þær er að sjálfsögðu árangur af samstöðu, sem leitað hefur verið eftir.

Við 2. umr. málsins var þess getið, bæði í framsögu og einnig í nál. meiri hl., að n. eða nefndarmeirihl. ynni að því að leggja fram nokkrar till. um sparnað á útgjaldaliðum ríkissjóðs við þessa umr. Það er gert hér á umræddu þskj., og nema þær till., sem heyra beint til sparnaði á ríkisrekstrinum, 2½ millj. kr. eða því sem næst. Að sjálfsögðu er þá ekki um það að ræða að telja til sparnaðar þá niðurfærslutill., sem gerð er við 19. gr. fjárl. vegna dýrtíðarráðstafana, því að hún er ekki hugsuð sem sparnaður, heldur er þar um að ræða óleyst verkefni, sem komið verður að síðar í sambandi við skýringar á einstökum tillögum meiri hl.

Meiri hl. n. hafði boðað, að við endanlega afgreiðslu fjárl. mundu verða af meiri hl. hálfu gerðar till. um, að jöfnuður næðist á greiðslum og tekjum ríkissjóðs, og er svo ráð fyrir gert í þessum till., eins og yfirlit í nál. sýnir.

Varðandi einstakar till. skal nokkuð á þær minnzt, og er þar fyrst til að nefna brtt. við 2. gr. frv., en hún er um tekjur ríkisins af sköttum og tollum. Þar er gert ráð fyrir að hækka þessar áætlunartölur, sem þar um ræðir, um samtals 16 millj. kr. Er þar hæst hækkun á söluskatti, sem áætlaður er 110 millj. í frv., en meiri hl. leggur til að áætlaður verði 115 millj., en verðtollurinn hækki frá frv. um 4 millj. kr. og verði 174 millj. í staðinn fyrir 170, sem frv. gerir ráð fyrir. Á nokkrum öðrum liðum í þessum skatta- og tollabálki er gert ráð fyrir einnar millj. kr. hækkun á liðum, og eru till. á þessari gr. samtals um hækkun, sem nemur 16 millj.

Við 3. gr. frv. eru gerðar tvær brtt., sem snerta tekjuáætlun ríkissjóðs. Eru þær viðkomandi Áfengisverzlun ríkisins og tóbakseinkasölunni. Með hliðsjón af fenginni reynslu yfirstandandi árs þykir fært að hækka tekjuáætlun Áfengisverzlunar ríkisins um 6 millj. kr. og tekjuáætlun tóbakseinkasölunnar um 4 millj. kr. Þarna er því um að ræða till. til hækkunar á tekjum ríkissjóðs, sem nema 10 millj. kr.

Að öðru leyti er gerð brtt. við 3. gr. fjárl. varðandi póst og síma. Sú till. byggist, eins og í skýringum framhaldsnál. meiri hl. segir, á því, að á rekstri landssímans hafa á yfirstandandi ári orðið umframgreiðslur, sem nema 1 millj. 140 þús. kr. N. þótti ekki fært að hækka útgjöld ríkissjóðs sem þessu nemur á árinu 1958 frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og gerir því till. um, að fjárveitingar til eignabreytinga landssímans, þær sem greiddar verða á n. k. ári, lækki nokkuð frá frv., eða samtals sem nemur 900 þús. kr., en hins vegar þótti fært að hækka tekjuáætlun landssímans, að því er rekstur hans varðar, um 240 þús. kr. Breytingarnar, sem gerðar eru við eignabreytingalið landssímans, eru þess vegna þess eðlis, að fyrst eru nokkrir tilteknir liðir lækkaðir til samræmis við það, sem áætlað er að greiða til þeirra á næsta ári, en síðan er umframgreiðslunum bætt ofan á, eins og liðirnir voru þá orðnir. Stærsta breytingin, sem þar um ræðir, er afborganir af lánum og til húsakaupa. Þar kemur ofan á áætlaða upphæð 370 þús. kr.,

sem gerð er till. um í brtt. meiri hl. Enn fremur er II. liður í eignabreytingabálki landssímans fyrst lækkaður niður í 2 millj. kr., þ. e. til viðauka við símakerfi og til smærri efnis- og áhaldakaupa, en síðan bætt ofan á þann lið umframgreiðslunni, sem á þessu ári hefur orðið, 150 þús. kr. Ofan á III. og IV. lið í eignabreytingum landssímans, sem eru til talstöðvakaupa í báta og skip og til loftskeytastöðva í skip, er bætt umframgreiðslunum, sem orðið hafa á yfirstandandi ári, en það er á hinn fyrri lið 40 þús. kr. og á hinn síðari, loftskeytastöðvar í skip, er um að ræða 30 þús. kr. Liðurinn til nýrra landssímalína og fjölgunar talrása er lækkaður um 100 þús. kr., úr 900 þús. kr. í 800 þús. kr. VI. liðurinn, til notendasíma í sveitum, er fyrst lækkaður úr 1.3 millj. kr. niður í 900 þús. kr., en á þeim lið varð umframgreiðsla á yfirstandandi ári, sem nemur 200 þús. kr., og er henni síðan bætt ofan á liðinn, svo að gerð er till. um, að hann verði 1 millj. og 100 þús. kr. Um þennan lið er það helzt að segja, að svo langt er komið lagningu notendasíma í sveitum, að segja má, að það verkefni sé komið að lokum, að svo nálægt sé komið því marki, að allir þeir sveitabæir, sem óskað hafa eftir að komast í símasamband, hafi fengið það, að líkur séu til, að þessi liður fari lækkandi á næstu árum. Þá er gerð brtt. við liðinn til póst- og símahúss á Raufarhöfn, að hann lækki úr 400 þús. kr. í 300 þús. kr. Enn fremur er gerð till. um, að inn komi þarna við eignabreytingar landssímans nýr liður: til stuttbylgjusambands við Borgarnes 350 þús. kr. Þeim framkvæmdum er lokið, og þessi liður er eingöngu til að heimila þá umframgreiðslu, sem orðin er.

Þær breytingar, sem ég nú hef lýst og gerðar eru af hálfu meiri hl. varðandi landssímann, valda þess vegna ekki neinni röskun á fjárframlögum ríkissjóðs til þessarar stofnunar, þar eð mismunurinn á tekjuafgangi stofnunarinnar sjálfrar og eignabreytingarliðnum er sá sami og áður, en það er einmitt hann, sá mismunur, sem greiddur er úr ríkissjóði samkvæmt fjárl.

Við 5. gr. fjárl. gerir meiri hl. brtt., sú grein er áætlun um óvissar tekjur ríkissjóðs, að sú áætlun verði hækkuð úr 6 millj. kr. í 6½ millj.

Tekjuáætlun ríkissjóðs hefur þar með verið hækkuð af hálfu meiri hl. í þeim brtt., sem hér liggja fyrir, um 26½ millj. kr. samtals.

Við 11. gr. fjárlfrv. eru gerðar nokkrar brtt. á þskj. 189. Er þar fyrst till. um, að fjárveiting til sakadómaraembættisins, annar kostnaður, hækki um 70 þús. kr., og þykir sakadómari hafa sýnt fram á það, að áætlunarupphæðin, sem frv. gerir ráð fyrir embættinu til handa á þessum lið, sé of lág sem þessari upphæð nemur.

Varðandi embætti sýslumanna og bæjarfógeta er liðurinn „annar kostnaður“ hækkaður um 20 þús. kr., vegna þess að sýnt þótti fram á, að vart yrði hjá því komizt að greiða sem svarar þessari upphæð eða örlítið hærri vegna lögreglubifreiðarkaupa í Kópavogskaupstað, en áður hafa alloft verið veittir styrkir úr ríkissjóði til lögreglubifreiðakaupa, og er hér ekki um neitt nýmæli að ræða.

Varðandi 11. gr. B, um opinbert eftirlit, eru gerðar brtt. við rekstrarliði tveggja stofnana, skipaskoðunar ríkisins og öryggiseftirlitsins. Varðandi skipaskoðun ríkisins er launaliðnum breytt með tilliti til þess, að stofnuninni verði heimilað að ráða nýjan skipaskoðunarmann, þ. e. a. s. mann, sem hefur sérstaklega með að gera skoðun véla í skipum, og einnig, að gerð verði leiðrétting á launagreiðslum féhirðis stofnunarinnar. Nema þessar breytingar til hækkunar samtals um 70 þús. kr., en hins vegar er gerð áætlun um, að tekjur þessarar stofnunar hækki nokkuð. Hún tekur skoðunargjöld af skipum, og er gert ráð fyrir, að tekjur hennar af þeim skoðunargjöldum hækki frá því, sem fjárlfrv. áætlar, og að rekstur þessa embættis verði ríkissjóði hagkvæmari um rúmlega 100 þús. kr., nánar tiltekið 111 þús. kr., á næsta ári heldur en frv. gerir ráð fyrir.

Öryggiseftirlit ríkisins hefur farið fram á að fá að ráða tvo nýja starfsmenn. Öryggiseftirlitið er talið innheimta sjálft fullar greiðslur fyrir störf þessara manna, og á það þess vegna ekki að raska niðurstöðutölum öryggiseftirlitsins að því er ríkissjóð varðar. Stofnuninni er heimilað að fastráða tvo nýja starfsmenn og tekjur stofnunarinnar hækkaðar til samræmis við það, en tekjur þeirrar stofnunar og gjöld standast á, svo að ríkissjóði er ekki ætlað að bera kostnað af þeirri stofnun.

Varðandi 12. gr. fjárl., sem er um heilbrigðismál, eru gerðar brtt. varðandi rekstur landsspítalans. Er gert ráð fyrir, að landsspítalanum verði heimilað að ráða einn lækni til viðbótar því starfsliði, sem þar er nú, og hefur stofnunin fært að því rök, að slíkt sé nauðsynlegt og óhjákvæmilegt. Er gert ráð fyrir, að launaliður þeirrar stofnunar verði hækkaður með tilliti til þessa.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, að annar kostnaður landsspítalans verði hækkaður um 220 þús. kr., þar eð forráðamenn stofnunarinnar hafa gert grein fyrir því, að mikla nauðsyn beri til, að í landsspítalann verði keypt sérstakt rannsóknartæki vegna hjartasjúkdóma, sem nú þykir mjög skorta þar, enda er talið, að æði margir sjúklingar með hjartasjúkdóma séu sendir erlendis upp á von og óvon um það, hvort þeir geta fengið þar nokkra bót meina sinna eða ekki, vegna þess að fullkomin rannsókn á sjúkdómi þeirra geti ekki farið fram hérlendis. Þykir sem það sé ekki alls kostar við það unandi, að menn séu látnir taka á sig verulegan kostnað af slíkum ferðum, ef hægt væri að ganga úr skugga um það, áður en í slíka för er lagt, að hún yrði máske ekki til neins gagns, eins og stundum hefur við brunnið. Enn fremur er líklegt, að þetta megi verða til þess, að slíkar aðgerðir verði í fleiri tilfellum gerðar hérlendis en nú tíðkast.

Varðandi fjárveitingu til heilsuverndarstöðva utan Reykjavíkur, sem áætlað er til ½ millj. kr. í fjárlfrv., er gerð brtt. um, að þessi upphæð verði færð niður í 150 þús. Ástæðan fyrir þessari lækkun er ekki sú, að þetta sé sá liðurinn, sem eðlilegast væri að spara á, heldur hitt, að þessar greiðslur hafa ekki verið sóttar. Heilsuverndarstöðvar úti á landi hafa ekki komið rekstri sínum í það horf, að þær séu styrkhæfar fyrir allri þeirri upphæð, sem fjárl. hafa gert ráð fyrir, og

þykir því fært að færa þessa upphæð niður af þeim sökum, enda er hér um að ræða áætlunarupphæð.

Þá er einnig lagt til, að liðurinn til héraðshjúkrunarkvenna verði lækkaður um 50 þús. kr. Það hefur ekki reynzt auðið að fá hjúkrunarkonur til þeirra starfa, sem hér er gert ráð fyrir. Ekki þykir þó fært að má liðinn út úr fjárl. með öllu, ef einhver breyting kynni að verða hér á næstunni, þó að hún sé því miður ekki fyrirsjáanleg, og eru því látnar standa á þessum lið 25 þús. kr.

Er þá komið að 13. gr. frv., en þar gerir n. nokkrar brtt., fyrst varðandi hafnarmannvirki. Þar er gert ráð fyrir, að Hafnarfjarðarhöfn fái 250 þús. kr. framlag í staðinn fyrir 200 þús. kr., sem nú standa í frv., einnig að hafnargerðin í Grindavík, Járngerðarstaðir, eins og hún heitir í frv., verði hækkuð úr 200 þús. í 250 þús. kr., að inn komi framlag til Kópavogshafnar, 100 þús. kr., hún hafði það framlag í fyrra, enn fremur að gerð verði lítils háttar breyting við hafnarframlagið til Þórshafnar, sem nú er í frv. með 275 þús. kr., að hún fái 300 þús. kr. framlag. Þá er gert ráð fyrir, að inn í frv. komi nýr liður: til Seyðisfjarðarhafnar í samráði við vitamálastjóra, 100 þús. kr. Er hér um að ræða hafnarframkvæmdir, sem eiga að sjálfsögðu að falla undir hafnarlög og greiðast að % af ríkissjóði, en að % af viðkomandi hafnarsjóði, eins og önnur hafnarframlög.

Þá er gerð till. um að lækka framlag það, sem í frv. stendur til ferjuhafnarinnar á Brjánslæk, úr 365 þús. í 165 þús. kr.

Gert er ráð fyrir, að inn komi nýr liður í lendingarbótalið frv.: til lendingarbóta á Skálmarnesi, Skálanesi og Reykjanesi, samtals 100 þús. kr.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur lagt fram brtt. varðandi framlög til flóabáta, og mun verða gerð grein fyrir þeirri till. af hálfu þeirrar nefndar.

Gert er ráð fyrir í sambandi við brtt. við 14. gr., að framlag til framkvæmda í Skálholti lækki úr 1.7 millj. kr. í 1.2 millj., enda er allt óráðið um framtíð þess staðar, og þykir ekki ástæða til að hraða framkvæmdum þar örar en svo, að 1.2 millj. geti vel nægt á næsta ári. En það eru hitaveitufram kvæmdir á staðnum, sem fyrirhugaðar eru, til þess að halda við og hita upp þau hús, sem þegar eru risin þar á staðnum.

Gerð er till. um að hækka lítillega framlag til bændaskólans á Hvanneyri til kaupa á kennsluáhöldum, um 15 þús. kr. Talið er, að þann skóla vanti sérstaklega kennsluáhöld í eðlisfræði.

Þá er gerð till. um að hækka nokkuð framlög til verzlunarskólanna í landinu, til verzlunarskólans í Reykjavík um 40 þús. og til samvinnuskólans í Bifröst í Borgarfirði um 20 þús. kr., en báðir þessir skólar eru reknir með tapi. Þeir eru í eigu annarra aðila en ríkisins og ekki reknir af því, og er hér aðeins um styrk að ræða.

Er þá komið að brtt. þeim, sem varða skólabyggingarnar í landinu. Um þær byggingar gilda sérstök lög um greiðslu skólakostnaðar, og er efni þeirra laga í megindráttum það, að um leið og ríkissjóður ákveður fjárveitingu til skólabyggingar, skuldbindur ríkið sig til þess að greiða kostnaðinn við bygginguna á fimm árum eftir þeirri áætlun, sem fyrir hefur legið, þegar fyrsta fjárveiting var ákveðin. Það er greinilegt, að fram um 1961 mun þessi kostnaður fara vaxandi, jafnvel þótt farið yrði mjög sparlega í eða jafnvel fellt niður að veita fé til nýrra skólabygginga, sem flestum mun nú þykja lítt hugsanlegt. Fjvn. hefur því reynt að fara eins sparlega í það og mögulegt þótti að veita leyfi fyrir nýjum skólabyggingum, og er ekki að efa, að margir þeir aðilar, sem synjun hafa fengið, þ. e. a. s. þeir aðilar, sem ekki hafa fengið fjárveitingu til nýrra skóla á næsta ári, en eiga inni umsóknir um það, munu verða fyrir nokkrum vonbrigðum. N. hefur þó reynt að teygja sig eins langt og hún sá mögulega fært í þessu efni og hefur lagt til, að leyfðar verði fjárveitingar til 9 nýrra barnaskóla og eins gagnfræðaskóla á n. k. ári. Þær fjárhæðir, sem hér ræðir um, eru því til nokkurrar hækkunar frá gildandi fjárl. og til mikillar hækkunar, miðað við fjárlagafrv. Samtals nema þær hækkanir um 5.2 millj. frá frv., eins og það liggur fyrir. Samtals verða því fjárveitingar til skólabygginga á frv. að samþykktum þessum till. 9 millj. 760 þús. kr. varðandi barnaskólana, en varðandi gagnfræðaskólana 3 millj. 599 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði á þessari gr., 14. gr. B, 200 þús. kr. til byggingar fjóss og hlöðu á Laugarvatni, en þar er um að ræða framkvæmdir, sem þegar hefur verið samið um og eru í tengslum við héraðsskólann á Laugarvatni. Þær framkvæmdir eru nú yfirstandandi, og þótti ekki fært, þó að fallið hafi niður úr frv., að fella fjárveitinguna til þeirra niður á þessu stigi.

Gerð er till. um, að fjárframlagið til byggingar húsmæðraskóla verði lækkað úr 760 þús. kr., eins og gert er ráð fyrir í frv., niður í 500 þús. kr.

Varðandi farkennslu í íþróttum, sem einkum fer fram í þeim skólum, sem ekki hafa aðstöðu til leikfimiskennslu, verði sá liður hækkaður úr 45 þús. kr. í 60 þús. kr.

Till. er gerð um það, að styrkur til Skáksambands Íslands verði hækkaður um 10 þús. kr., úr 20 þús. í 30 þús., en það samband hefur aukið mjög starfsemi sína á síðari árum, og í sambandi við aukna starfsemi þarfnast það að sjálfsögðu aukins fjármagns. Er lítillega komið til móts við óskir sambandsins með þessari till.

Í brtt. meiri hl. við 15. gr. fjárl. er gert ráð fyrir, að þeir Sigurður Þórarinsson og Finnur Guðmundsson, sem báðir eru starfsmenn náttúrugripasafnsins, fái sérstaka greiðslu, 8 þús. kr. hvor, vegna ritstarfa í þágu safnsins.

Þá er gert ráð fyrir því í brtt. n., að veittur verði 5 þús. kr. bókakaupastyrkur til Fiskebókasafnsins við Cornell-háskólann í Íþöku í Bandaríkjunum, en það safn er talið hafa algera sérstöðu meðal íslenzkra bókasafna við erlenda háskóla, t. d. er þar íslenzkur bókavörður.

Bandalag íslenzkra listamanna hefur ekki haft neinn styrk á fjárl. að undanförnu, en hafði það þó raunar fyrr á árum. Það hefur sótt um að verða tekið inn í fjárl. að nýju, og gerir meiri hl. n. till. um, að svo verði gert og því verði veittur 20 þús. kr. styrkur.

Magnús Guðnason, aldraður hugvitsmaður, sem nýlega hefur verið skrifað mjög um í blöðum,

þýr við þröngan kost með þau tæki, sem hann hefur gert, teiknað og smíðað, og mörgum þykja hugvitssamleg að ýmsu leyti. Hann hefur á fjárl. undanfarinna ára haft 5 þús. kr. styrk vegna tækja sinna, og er hér lagt til, að sá styrkur verði hækkaður í 10 þús. kr.

Þá er lagt til, að inn í bálkinn um leikfélög verði bætt Leikfélagi Bolungavíkur með 8 þús. kr. framlagi, svo sem tíðkast um flest leikfélög, og inn í bálkinn um tónlistarskóla verði bætt tónlistarskólanum í Keflavík með 10 þús. kr. styrk.

Þá leggur n. til, að Friðrik Ólafsson skákmeistari, sem haft hefur 15 þús. kr. styrk á fjárl., fái styrk sinn hækkaðan um 10 þús. kr., þannig að hann nemi 25 þús. kr. á næsta ári, en óþarfi mun að eyða orðum að því, að Friðrik hefur mjög orðið landi sínu til sóma erlendis á undanförnum mánuðum og þykir líklegur til að verða það áfram.

Niður hafði fallið við samningu frv. samningsbundið framlag Íslands til norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvísindum, en það er talið nema 15 þús. kr., eða 15775 kr. nákvæmlega tiltekið, og er lagt til, að það framlag verði tekið hér upp, enda var það á fjárl. síðasta árs.

Varðandi 16. gr. fjárl. er gerð till. um, að í A-lið, sem fjallar um landbúnað, verði tekinn upp svolítill styrkur, 14 þús. kr., til að standa straum af stofnkostnaði við tilraunauppeldisstöð fyrir æðarfugl. Í ráði er að koma upp útungunarstöð og stöð, sem elur upp æðarunga til þriggja vikna aldurs, en selur þá síðan þeim bændum, sem hug hafa á því að auka æðarvarp á jörðum sínum eða koma því á fót, og standa vonir til, að hægt verði með þessu móti að auka æðarvarpið í landinu, en dúntekja hefur farið minnkandi á undanförnum árum, svo sem kunnugt er.

Þá eru gerðar nokkrar brtt. varðandi fyrirhleðslur til varnar gegn landbroti, og er þar um að ræða samtals 65 þús. kr. hækkun frá því, sem nú er í frv.

Nú þykir svo langt komið greiðslum ríkissjóðs vegna iðnskólabyggingarinnar í Reykjavík, að ekki sé knýjandi nauðsyn að leggja til þess á næsta ári 900 þús. kr. úr ríkissjóði, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur muni fært að lækka þá upphæð í 500 þús. kr., og gerir meiri hl. n. það að till. sinni.

Elliheimilin í landinu hafa á undanförnum árum fengið lítils háttar styrk úr ríkissjóði, en hann hefur staðið óhreyfður nú um sinn, og gerir n. till. um, að honum verði breytt nú, þannig að elliheimilið Grund, sem er stærsta elliheimili landsins, fái hækkun á styrk sínum úr 40 þús. kr. í 60 þús. kr., en önnur elliheimili utan Reykjavíkur, sem munu vera 9 talsins, fái hækkun á sínum styrk 10 þús. kr. hvert, þ. e. a. s. styrkur þeirra hækki úr 30 þús. kr. í 40 þús. kr. Nema því till. meiri hl. n. að því er þennan lið varðar, elliheimilin, samtals 110 þús. kr. til hækkunar.

Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði hefur með höndum byggingu myndarlegs dagheimilis fyrir börn í Hafnarfirði og fékk á gildandi fjárl. nokkurn styrk til þeirra framkvæmda. Það var ekki tekið upp í frv. að nýju, en hér er lagt til, að félagið fái 40 þús. kr. byggingarstyrk. Er það 10 þús. kr. hærri styrkur en í fjárlögum er nú.

Gerð er brtt. varðandi rekstur dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga. Hér er um að ræða rekstur Breiðavíkurheimilisins, en sýnt þykir, að ekki sé hægt að reka heimilið fyrir það framlag, sem því nú er ætlað á fjárl. og stendur óbreytt í fjárlagafrv. Er því gerð hér till. um, að rekstrarstyrkur heimilisins verði hækkaður úr 250 þús. kr. í 450 þús. kr.

Þá er gert ráð fyrir, að tekinn verði upp nýr liður í frv.: til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi Vestmannaeyjakaupstaðar, 150 þús. kr. Það er alkunna, að aukin vatnsöflun kallar mjög að í Vestmannaeyjum. Það eru ekki fyrst og fremst íbúarnir sjálfir, sem til heimilisnota eru verr settir nú en áður, en fiskvinnslustöðvarnar eru að komast í mikil vandræði, vegna þess að þróun fiskiðnaðarmálanna er með þeim hætti, að sífellt er þörf á meira vatnsmagni með hverju nýju ári, sem líður, til afnota hjá fiskvinnslustöðvunum. Hinar nýju vélar, flökunarvélar og aðrar fiskvinnsluvélar, þurfa mikið vatn, þegar þær eru í notkun, og ef notaður er á þær sjór, hættir mjög við, að þær verði fyrir tæringu og endingarlitlar. Er nú svo ástatt á flestum vinnslustöðvunum í Vestmannaeyjum, að reynt er að nota vatn á þessar vélar fyrsta klukkutímann, sem unnið er, og aftur þann síðasta, en sjó þar í milli, og er það ákaflega erfitt og óhentugt. En auk þess þarf til þessa mikið vatn og meira en hægt er með skaplegu móti að afla, eins og nú standa sakir. Í sumum vinnslustöðvunum hefur því orðið að nota eingöngu sjó á þessar vélar, en því fylgir sá annmarki, að óhugsanlegt er að halda vélunum nothæfum nema gangsetja þær daglega, einnig þá dagana, sem þær eru ekki í notkun, ef eingöngu er notaður sjór, og verða þær þó fyrir mikilli tæringu, og ending þeirra verður vafalaust miklum mun minni en ef hægt væri að nota vatn á þær með sama hætti og ætlazt er til. Vestmanneyingar ráðgera nú, eftir að þeir hafa fengið úr því skorið, að ekki muni unnt að afla aukins vatns með borunum, eins og vonir manna stóðu þó til, að taka vatn úr fjallshlíð mikilli með skurðum og nýjum vatnsbólum, sem mun verða kostnaðarsöm framkvæmd.

Þá er gerð brtt. um það, að upp verði tekin fjárveiting fyrir stofngjaldi og tillagi Íslands í Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, en Íslendingar gerðust aðilar að henni á fundi, sem haldinn var hjá þeirri stofnun í Vínarborg á s. l. sumri. Er hér gerð till. um, að upp verði tekið í þessu skyni 46116 kr., en það er tillag Íslands fyrir yfirstandandi ár og næsta ár. Íslandi er gert að greiða sama hlutfall kostnaðar stofnunarinnar og Íslendingar greiða við kostnað Sameinuðu þjóðanna.

Við 18. gr. fjárl. eru gerðar allmargar breytingar, bæði til að taka út nöfn og framlög, sem inni eru á þeirri gr., og einnig að bæta þar nýjum nöfnum og nýjum fjárframlögum inn á gr. Á eftirlaunagreinina hafa stöku sinnum verið teknir einstakir embættismenn með fjárveitingu, sem samsvarar að meðtöldum lífeyrissjóðs-

greiðslum þeirra óskertum embættislaunum þeim, sem viðkomandi menn höfðu, áður en þeir létu af embætti. Varðandi nýja aðila, sem n. gerir till. um, er tekin upp sú regla, að 80% fullra launa skuli vera algert hámark. Með fullum launum er þá átt við embættislaun að frádregnu lífeyrissjóðsgjaldi. Meiri hl. n. telur rétt, að þegar samið verði frv. til fjárlaga fyrir næsta reglulegt Alþingi, þ. e. a. s. til fjárlaga fyrir árið 1959, verði endurskoðaðar fjárveitingar þær, sem á greininni hafa staðið. Það munu sjaldan hafa verið gerðar jafnlitlar hækkunartill. við þessa grein og nú, en samtals mun hækkunin á gr. þó nema rúml. 130 þús. kr. umfram lækkanir. Er þar bæði um að ræða grunnframlög og verðlagsuppbót á þau.

Varðandi 19. gr. fjárl. eru gerðar tvær brtt., og mun sú fyrri þeirra varðandi liðinn dýrtíðarráðstafanir þykja dálítið með sérstökum hætti. Það er till. um, að niður verði felldar af þeim 105 millj. kr., sem frv. gerir ráð fyrir í þeim lið, 65 millj. kr. og eftir standi 40 millj. kr. Það er þó ekki ætlunin, að niðurgreiðslum, sem þetta fé var ætlað til, verði hætt. Hins vegar myndast hér verkefni, sem síðar verður að ráða fram úr, að svo miklu leyti sem greiðslur fjárlagafrv., eins og þær yrðu að samþykktri þessari till., hrökkva ekki fyrir greiðslunum.

Þá er gerð till. um það, að liðurinn óviss útgjöld, einnig á 19. gr. fjárl., verði hækkaður um 100 þús. kr., m. a. vegna þess, að með brtt. meiri hl. n. er ráðgert að leggja niður vistheimilið á Kvíabryggju, en ríkið rekur það nú, og má búast við, að einhver kostnaður falli á ríkið á næsta ári, þótt ákveðið sé að leggja ríkisrekstur á heimilinu niður. Einnig er ráðgert í frv., eins og það var upphaflega samið og ekki hafa verið gerðar neinar brtt. um, að ríkið hætti rekstri á upptökuheimilinu í Elliðahvammi, og gæti einnig fallið kostnaður á ríkið á næsta ári af þeim rekstri, þótt honum verði hætt um áramót eða í upphafi næsta árs.

Um þá till. n. sérstaklega að leggja niður vistheimilið að Kvíabryggju, sem gerð er till. um við 11. gr., er það að segja, að ríkið hefur alls lagt til þess heimilis rúmlega 2½ millj. kr. á undanförnum árum. Á tveim síðustu árum hefur ríkið lagt því heimili til yfir 1.3 millj. kr., og fjárlfrv. áætlaði kostnað ríkissjóðs af rekstri þess heimilis á yfirstandandi ári 725 þús. kr. Þetta heimili er nánast tiltekið skuldafangelsi, sem rekið hefur verið til að auðvelda einu bæjarfélagi landsins innheimtu barnsmeðlaga, og sýnist meiri hl. n. sem vart sé verjandi, að ríkið leggi til sem svarar 170 barnsmeðlögum árlega til rekstrar á þessu skuldaheimili, eins og það nú er rekið, og gerir nefndarmeirihl. því till. um, að rekstur þessa heimilis verði lagður niður sem ríkisrekstur.

Er þá komið að fjárfestingarliðum ríkissjóðs, þ. e. a. s. 20. gr. fjárl. Við hana gerir n. þær breytingar, að vegna smíði Vestmannaeyjaskips verði fjárframlagið hækkað frá frv. um 200 þús. kr., úr 1.8 millj. í 2 millj., og verði jafnhátt í fjárl. næsta árs og það er nú í fjárl. Skipasmíð þessi er í undirbúningi, og munu teikningar vera því sem næst að verða fullbúnar, þannig að hægt verði að bjóða út smíði skipsins á næstu mánuðum.

Þá er gerð till. um, að framlag til byggingar eða viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna verði hækkað um 600 þús. kr. og verði 4 millj. 740 þús. Þessi till. þykir nauðsynleg, einkum með tilliti til þess, að landsspítalinn, sú stóra viðbygging, sem á döfinni er við hann, geti haldið áfram, þannig að einhver hluti úr þeirri byggingu verði gerður nothæfur á nálægum tíma.

Þá er gerð till. um, að framlagið til flugvallagerðar hækki um 600 þús. kr. og verði 6 millj. 135 þús. kr., eða svipað og er í núgildandi fjárl., en flugvallagerðir kalla víða mjög að og er fast eftir þeim sótt, einkum á þeim stöðum, sem ekki eru í sambandi við þjóðvegakerfið og þurfa meira að byggja á flugsamgöngum en þeir, sem notað geta aðrar leiðir. Einkum er þar um að ræða þjóðvegakerfið.

Þá er gerð till. um það, að tilraunastöð háskólans í meinafræði, tilraunastöðin á Keldum í Mosfellssveit, fái möguleika til þess að auka húsnæði sitt. Það eru ekki deilur um það, að sú rannsóknarstöð hefur þegar unnið gott verk og hefur mikilvæg verkefni með höndum, en býr nú orðið við þröngan húsakost, og þykir sýnt, að auka verði húsnæði hennar, til þess að eðlileg starfsemi hennar geti haldið áfram og þróazt nokkuð. Er því lagt til, að til viðbótarhúsnæðis á Keldum verði veitt 700 þús. kr., og er það hugsað sem þriðjungur af stofnkostnaði viðbótarhúsnæðis, þannig að ríkið standi undir þeirri greiðslu á þrem árum, en forráðamenn stofnunarinnar telja, að viðbótarbyggingin þar muni kosta nálægt 2 millj. kr.

Gerð er till. um, að niður falli fjárframlagið til byggingar vegna heimavistar íþróttakennaraskólans. Brýnni þörf hefur þótt, að bændaskólinn á Hvanneyri gæti komið upp nothæfri heimavist við sína skólastarfsemi, og er gerð till. um, að hann fái til þess 185 þús. kr. fjárveitingu.

Frv. gerir ráð fyrir, að 900 þús. kr. verði veittar til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík. Hér er um að ræða fé, sem til þessa hefur verið söfnunarfé, og ekki hafizt handa um byggingarframkvæmdir, og hefur meiri hl. þótt fært að gera till. um lækkun á þessu framlagi úr 900 þús. í 800 þús. kr.

Mörg ár eru nú liðin síðan hér á Alþ. var samþ. þáltill. um, að byggt yrði sérstakt Kjarvalshús í Reykjavík til heiðurs listmálaranum Jóhannesi Kjarval, hús, þar sem hann gæti haft aðsetur sitt og orðið til þess að lyfta undir list hans. Af mistökum hefur ekki enn verið hafizt handa um byggingu þessa húss, en nú þykir nógu lengi hafa dregizt, að svo verði gert, og er hér gerð till. um, að í framkvæmdir þessarar húsbyggingar verði varið 300 þús. kr. á næsta ári, en fyrir mun vera nokkurt geymslufé til framkvæmdanna, svo að sýnt þykir, að þá muni auðið að byrja á Kjarvalshúsi á næsta ári.

Varðandi ábyrgðarheimildir þær, sem gerðar eru till. um, tel ég ekki mikla ástæðu til að ræða. Þó skal ég aðeins víkja að þeim.

Fyrsta till. n. um heimild er það, að inn í heimildagreinina, 22. gr. fjárl., verði tekinn nýr liður, að heimila ríkisstj. að ákveða, að lands-

síminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1958 hjá allt að 10 blindum mönnum eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað. Það þarf að sjálfsögðu ekki að skýra það, hve blindir menn eru illa settir í tilverunni, og þykir hlýða að gefa þeim kost á því að hafa síma afnotagjaldalaust. Hér er þó ekki gengið lengra en svo að binda þetta við hámark, 10 menn alls, og einnig við það, að þeir, sem þessara hlunninda geti notið, séu eingöngu heimilisfeður eða menn, sem vinna einir á vinnustað.

Þá er gerð till. um það, að ríkinu verði heimilað að ábyrgjast 7½ millj. kr. lán fyrir Síldarvinnsluna h/f í Neskaupstað, sem hyggst koma upp síldarverksmiðju þar á staðnum, og eru þess mörg dæmi, að ríkið ábyrgist fé eða lánveitingar til stofnkostnaðar í slíkum atvinnufyrirtækjum.

Enn fremur er gerð till. um það, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast 1 millj. kr. lán til greiðslu á stofnkostnaði við að koma upp heilmjölsvinnslutækjum í Krossanessíldarverksmiðjunni, sem Akureyrarbær rekur, en heilmjölsvinnsla er mjög hliðstætt fyrirtæki og soðkjarnatæki, sem ýmsar síldarverksmiðjur hafa komið upp hjá sér og miða að því að fá fullkomnari vinnslu úr því hráefni, sem verksmiðjunni berast.

Þá er gerð till. um það, að hámark ábyrgðarheimilda ríkisstj. vegna þurrafúa í fiskibátum verði hækkað úr 4.8 millj. í 8 millj. kr. Þessi heimildarhækkun nemur 3.2 millj. kr., en þurrafúi í fiskibátum verður æ alvarlegra vandamál fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður hefur til þessa bætt, þegar eftir hefur verið leitað, eða ábyrgzt lán til viðgerðar í slíkum tilfellum, sem nemur 90% af viðgerðarkostnaði, og eru nú uppi ráðagerðir um það, þar sem þessar greiðslur fara vaxandi ár frá ári, að taka verði upp annan hátt á í þessum efnum og taka upp tryggingar, sem tryggja útgerðarmenn eða eigendur skipa fyrir tjóni af þurrafúa, á svipaðan hátt og skip eru tryggð fyrir ýmsum öðrum áföllum eða tjóni. En á meðan sú skipan kemst ekki á, þykir óhjákvæmilegt, að ríkissjóður hlaupi hér undir bagga með ábyrgðum, svo sem tíðkazt hefur, og er fullvíst, að þá verður ekki komizt af með öllu lægri upphæð en þá, sem hér er gerð tillaga um.

Þá er gerð till. um, að ríkissjóði verði heimilað að endurgreiða prestakallasjóði helming láns til kirkjubyggingasjóðs, 250 þús. kr., en sá sjóður sækir mjög á um aukin fjárframlög, sem ekki hafa verið gerðar till. um, en varðandi þessa skuld hans er gerð till. um þessa ábyrgðarheimild.

Ýmsir aðilar í Stykkishólmi hafa ákveðið að mynda með sér félag til kaupa á togara, og mun nú vera um það bil afráðið, að þeir kaupi togarann Jörund, og er ráðgert, að ríkið veiti ábyrgð fyrir þeim lánum, sem til þeirra kaupa þarf, allt að 90% af kaupverði skipsins eða að hámarki 5 millj. 850 þús.

Í fjárl. hefur á undanförnum árum verið heimild til ábyrgðar fyrir Hveragerðishrepp til þess að leggja hitaveitu þar í þorpið, og er sú heimildargrein tekin hér upp óbreytt frá s. l. ári í till. meiri hl.

Meiri hl. er ljóst, að hér er í rauninni teflt á tæpt vað um það, að greiðslujöfnuður verði á fjárlfrv., því að á rekstraryfirliti munu verða, að till. meiri hl. samþykktum og að samþykktri till. samvinnunefndar samgöngumála, en að öðru óbreyttu, tekjur, sem nema 804 millj. kr. rúmlega, og gjöld, sem nema 721 millj., eða rekstrarafgangur 83 millj. 627 þús. En á sjóðsyfirliti, þar sem einnig koma fram útgjöld ríkissjóðs vegna fjárfestingar, mun verða greiðsluafgangur, sem nemur aðeins 295 þús. kr., ef rétt er reiknað, en að sjálfsögðu vil ég hafa þann fyrirvara á, að þessar tölur eru ekki eins þaulprófaðar og skyldi. Þó á ég þess síður von, að þær séu rangar.

Með þessum till. telur meiri hl. sig hafa gert þær till., sem hann áður boðaði, — till., sem miða að því, að fjárl. verði afgr. án greiðsluhalla. Enn fremur hefur meiri hl. gert sínar till. um sparnað, þó að sá sparnaður nemi að vísu minnu en við, sem að þeim till. stöndum, hefðum gjarnan viljað, en margt af því, sem til mála kom að spara, er lögbundið og verður vart sparað með fjárlagaafgreiðslu einni saman. Á hinn bóginn þykir sjálfsagt að vinna að því, að sparnaði verði við komið á fleiri liðum en þeim, sem hér eru gerðar till. um, og mun verða að því unnið áfram.

Ég tel þá, að af meiri hl. hálfu hafi að sinni verið gerð grein fyrir þeim till., sem fyrir liggja, eins og ástæða þykir til, en aðrar till., sem fram hafa komið við málið, hefur meiri hl. ekki kynnt sér, enda er þeim nýlega útbýtt. En hitt þykir sýnt, að ekki verði samþ. neinar teljandi brtt. til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs, nema því aðeins að á móti komi samþykkt á sparnaðartill. eða til greiðsluhalla á fjárl. leiði.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. n. hefur nú gert grein fyrir þeim till., sem fluttar eru á þskj. 189 sem brtt. frá meiri hl. n. Mér þykir rétt í upphafi máls míns að víkja nokkuð að þessum till., til þess að það komi skýrt fram, hver afstaða okkar í minni hl. n. er til þeirra.

Þær till., sem fluttar voru við 2. umr., voru fluttar í nafni n. allrar, en við fulltrúar Sjálfstfl. gerðum hins vegar grein fyrir því, að um einstakar þeirra till. værum við ekki alls kostar ásáttir meiri hl., þótt við gerðum ekki ágreining um þær og féllumst á að flytja till. frá n. í heild, þar sem við höfum verið samdóma meiri hl. um allan þorra tillagnanna.

Í sambandi við brtt. meiri hl. n. nú við þessa umr. kom í ljós, að um sumar þeirra erum við svo mjög á öðru máli en meiri hl., að við töldum rétt, að till. í heild yrðu þá fluttar sem till. meiri hl. n., en við kæmum þá í nál. og framsögu að okkar afstöðu til þeirra.

Minni hl. n. hefur skilað allýtarlegu nál., þar sem vikið er að okkar afstöðu til till. í stórum dráttum, og get ég því verið fáorður. Mig langar þó til þess að víkja að þeim till. n., sem við höfum einhverjar aths. við að gera, en við erum sammála þeim till., sem ég ekki sérstaklega geri

hér athugasemdir við, eða a. m. k. teljum ekki ástæðu til að hreyfa andmælum gegn þeim.

Ég mun koma síðar í máli mínu að tekjuáætlun hv. meiri hl. n., en eins og allur sá málatilbúnaður var, liggur í augum uppi, að við getum enga ábyrgð tekið á þeim till. til tekjuhækkunar hjá ríkissjóði, sem þar eru fram bornar og deilt er niður á ýmsa tekjuliði, bæði tolltekjur og ríkisstofnanir.

Við erum algerlega andvígir till. þeim, sem fyrir liggja um eignabreytingar landssímans, en þær till. eru í því fólgnar að draga frá fjárveitingum til landssímans á næsta ári umframgreiðslur, sem orðið hafa á einstökum framkvæmdaliðum í ár. Þetta hefur ekki verið áður gert og hlýtur að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum á vegum símans, og erum við andvígir þessum aðferðum.

Ein af sparnaðartill. hv. meiri hl. n. er sú að fella niður rekstur vinnuhælis að Kvíabryggju, þ. e. a. s., að ríkið hætti að reka þetta hæli. Upphaflega var hæli þetta sett á stofn til þess, að þangað væri hægt að ráðstafa vanskilamönnum, sem ekki hirtu um að greiða lögboðin barnsmeðlög, og varð það að samkomulagi milli bæjarstjórnar Reykjavíkur annars vegar og ríkisstj. hins vegar, að bæjarstjórn legði fram stofnkostnað til þessa hælis, en ríkisstj. tæki síðan að sér að annast rekstur hælisins. Við lítum svo á í minni hl. n., að með þessari till. sé verið að rjúfa samkomulag, sem gert hefur verið, og hins vegar sé þann veg háttað ástandi í þessum málum, að ógerlegt sé með öllu að hætta rekstri þessa hælis. Það er vitað mál, að hælið hefur haft mjög góð áhrif varðandi innheimtu þessara óreiðuskulda, og það hlýtur að leiða til nýs ófremdarástands í þeim efnum, ef hælið verður lagt niður. Það er ekki aðeins Reykjavíkurbær, sem hér á hlut að máli, heldur hafa einnig önnur sveitarfélög notið góðs af þessari stofnun, og nú mun vera þannig ástatt, eftir því sem mér er tjáð, að mikil þörf er að koma þangað allmörgum mönnum vegna mjög mikilla vanskila á þeim gjöldum, sem þeir eiga að inna af hendi. Okkur í minni hl. sýnist því, að ógerlegt sé með öllu að hætta rekstri þessa heimilis og ótilhlýðilegt sé að samþykkja af ríkisins hálfu að falla frá uppfyllingu þess samkomulags, sem gert var á sínum tíma, nema þá að undangengnu nýju samkomulagi um það efni.

Meiri hl. n. leggur til að jafna að nokkru greiðsluhalla þann, sem er á skipaskoðun ríkisins, og ég vil taka það sérstaklega fram, að við í minni hl. n. erum mjög ásáttir þeirri till. og teljum í meginatriðum, að hinar opinberu eftirlitsstofnanir eigi að standa straum af tilkostnaði sínum.

Við í minni hl. n. erum algerlega andvígir 20. brtt. meiri hl. um að fella niður fjárframlag til leirbaða í Hveragerði. Hveragerðishreppur hefur ákveðin áform um framkvæmdir í þessu efni og hefur ekki horfið frá þeim áformum sínum, og það var gert ráð fyrir því á s. l. ári, að ríkið veitti nokkurn styrk í þessu skyni, og teljum við ekki fært á þessu stigi að fella niður þessa styrkveitingu.

Þá kem ég að þeim liðnum, sem er langstærstur í till. meiri hl. n. nú, en það er varðandi skólamálin. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, var komið hið mesta ófremdarástand á fjármál skólanna, þegar sérstök lög voru sett um það efni að tilhlutan fyrrv. menntmrh. Var þá komið föstu skipulagi á þessi mál og ákveðnar reglur settar um greiðslur ríkisins til skólabygginga. Hirði ég ekki að fara nákvæmlega út í þær reglur, þær eru öllum hv. þm. kunnar, en einmitt vegna þess skipulags, sem þá var tekið upp, eru nokkuð fastar reglur um það, hvernig haga skuli fjárveitingum til barnaskóla- og gagnfræðaskólabygginga í framtíðinni.

Það er um mjög verulega hækkun að ræða á framlögum til nýbyggingar skóla frá því, sem er í fjárlagafrv., eins og ríkisstj. lagði fyrir Alþingi, og teljum við í minni hl. n. þá hækkun mjög ánægjulega, þó að málið liggi þannig fyrir og þarfirnar séu svo brýnar, að það hefði vissulega verið þörf á að hækka þessar fjárveitingar enn meir. Það er þó ekki ágreiningur um þessa heildartölu, sem er meginatriði málsins, heldur er annað, sem ég vildi vekja athygli á, og það er aðferðin við úthlutun þessa fjár og skiptingu þess niður á einstaka skóla. Það er auðvitað alltaf álitamál, eftir hvaða reglum á að fara í því sambandi, en við í minni hl. n. teljum mjög varhugavert að fara inn á handahófsreglu í þessu efni, eins og gert hefur verið af meiri hl. n. Við álítum, að það sé mjög mikils um vert til þess að forðast óánægju og árekstra út af þeim takmörkuðu fjárveitingum, sem hér er um að ræða, að föstum reglum sé fylgt og enginn geti sagt með réttu, að hans hlutur sé fyrir borð borinn. Þess var enginn kostur á þeim nauma tíma, sem var til athugunar á till. meiri hl. um þetta efni, að mynda sér skoðun um það, hvaða reglum væri æskilegast að fylgja í þessu efni, það hefði þurft að ræða það nánar og ýtarlegar. En við í minni hl. teljum þó ástæðu til þess að láta það sjónarmið koma hér fram við þessa umr., að við teljum nauðsynlegt, að þessi úthlutun verði í föstu formi og fyrir afgreiðslu næstu fjárlaga komi menn sér saman um einhverjar ákveðnar reglur, sem eftir verði farið, þannig að allir aðilar, sem í skólabyggingum standa, viti, á hverju þeir mega eiga von og að hve miklu leyti þeir geta gert sinn rétt gildandi. Það var aflað um þetta mál upplýsinga, bæði frá fjármálaeftirliti skólanna, sem lét í té mjög glöggar sundurliðanir á fjárveitingum til skóla og þörfum í því efni samkvæmt gildandi lögum, og jafnframt frá fræðslumálastjóra, sem lét n. í té álitsgerð um það, hvar þarfir væru brýnastar á nýjum skólum. Ég verð að láta í ljós í því sambandi nokkra óánægju, vegna þess að í þeim efnum var ekki nema að nokkru leyti farið eftir þeirri niðurröðun, sem fræðslumálastjóri gerði um hinar brýnustu þarfir í þessu efni. Auðvitað má segja, að þetta sé alltaf nokkurt álitamál einnig, þannig að það megi rökstyðja það til og frá, en það verði þó hins vegar sem meginregla að leitast við að fylgja ábendingum þeirra trúnaðarmanna, sem bezta aðstöðu hafa til þess að meta þessi mál hlutlaust og ekki eru haldnir af neinum sér-

stökum sjónarmiðum í því efni, sem að sjálfsögðu hlýtur alltaf að gæta nokkru meira hjá þm., sem eru fulltrúar ákveðinna kjördæma og hafa jafnan allir, hver og einn okkar, margvíslegar óskir og teljum þá oft og tíðum, — og það er einnig mannlegt, — að þarfirnar séu þar mestar, sem við þekkjum bezt til.

Varðandi útgjöld í sambandi við fjárfestingarliðina tel ég ekki sérstaka ástæðu til þess að gera athugasemdir. Við erum sammála þeim öllum að því undanskildu, að ég tel rétt, að það komi fram, að við teljum ekki skynsamlega fjárfestingu þá, sem hafin hefur verið á Laugarvatni, og vorum í n. andvígir fjárveitingu til byggingar fjóss og hlöðu á Laugarvatni.

Ein sparnaðartill. hv. meiri hl. n. var um það að skera niður um meira en helming fjárveitingu til iðnskólans í Reykjavík, sem verið hefur á fjárlögum undanfarin ár. Það lágu nú ekki fyrir fullkomnar upplýsingar um, hversu sakir stæðu með eftirstöðvar þeirra skulda, en hins vegar var þó upplýst af meiri hl. n., að þessi niðurskurður stafaði ekki af því, að það mundi ekki vera réttur til þessarar greiðslu allrar úr ríkissjóði, heldur að það mætti bíða að greiða þetta framlag nema að hluta til. Við í minni hl. vildum ekki fallast á að skera niður þessa fjárveitingu, því að sannleikur málsins er sá, að fjárframlög til þessa skóla hafa mjög verið á eftir áætlun hjá ríkissjóði, þannig að bæjarsjóður Reykjavíkur hefur orðið fyrir fram að leggja fram stórar fjárhæðir upp í ríkishlutann.

Varðandi bjargráðin sjálf mun ég ræða nánar síðar, en enn einn sparnaðarliður hv. meiri hl. var að skera niður um 100 þús. kr. fjárveitingu til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík. Ég hygg nú, að það sé e. t. v. fátt, sem er nauðsynlegra af sambærilegum fjárfestingarliðum en einmitt bygging lögreglustöðvar hér í Reykjavík vegna þess öngþveitis, sem hér er ríkjandi í þeim efnum og margoft hefur verið að vikið á opinberum vettvangi. Úr þeim málum verður ekki bætt nema með því að koma hér upp nýrri lögreglustöð sem skjótast, og það er þess vegna mjög einkennilegt að leggjast sérstaklega á þennan fjárfestingarlið og draga úr honum, þegar þörfin er jafnbrýn og hér er tvímælalaust um að ræða. Við í minni hl. erum því andvígir þessari till.

Þá vil ég leyfa mér að víkja nokkuð að brtt. minni hl. n. á þskj. 192, en að því loknu mun ég ræða viðhorfin, eins og þau eru, eftir að bjargráðatill. hv. meiri hl. n. og ríkisstj. eru fram komnar.

Við í minni hl. n. leggjum fram 23 eða raunar 24 brtt. við fjárlögin. Ég skal taka það fram, að það eru að sjálfsögðu mörg önnur atriði, sem við hefðum mjög gjarnan viljað taka upp og teljum að brýn þörf sé að hrinda áleiðis, en við höfum viljað miða till. okkar við það, að það yrði hóf í þeim efnum, þótt hins vegar liggi í augum uppi, að það er óhjákvæmilegt, að bæði frá einstökum kjördæmum og einnig frá minni hl. n. hljóti að koma fram ýmis sérsjónarmið og séróskir, sem verði að taka tillit til og sé ekki hægt að lasta, þó að fram komi, ef þær eru í hófsemi fram bornar og með fullri hliðsjón af öllum atvikum málsins. Meiri hl. n. hefur haft aðstöðu til þess að móta till., sem fram hafa verið lagðar annaðhvort af n. allri við 2. umr. eða meiri hl. n. einum nú, og þó að þær falli saman í mörgum efnum við óskir okkar í minni hl., fer þó auðvitað ekki hjá því, að ýmis sjónarmið eru þar, sem ekki falla þar alveg saman, og sérstakar óskir, sem við hljótum að bera fram og ekki er óeðlilegt að komi fram.

Eins og ég gat um við 2. umr. fjárlagafrv., lögðum við sjálfstæðismenn til í n., að n. tæki til sameiginlegrar athugunar úrræði til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Þessari till. okkar um samstarf innan n. var hafnað, og hefur ekki úr því síðar orðið, enda hefur tími mjög verið naumur til stefnu og því lítið svigrúm til allra íhugana í því efni frá þeim tíma, sem raunveruleg afgreiðsla mála hófst í n. og fyrst var tilefni til að bera fram einhverjar ákveðnar till. Þrátt fyrir það, þó að aðstaða okkar í minni hl. n. hafi fyrir margra hluta sakir verið erfið í þessu efni, bæði vegna þess, að okkur hefur verið neitað um upplýsingar, svo sem ég mun síðar koma að, og enn fremur vegna hins, að fyrir stjórnarandstöðu í n. er að sjálfsögðu miklum mun erfiðara að afla í gegnum ríkisstofnanir og ráðuneyti ýmissa upplýsinga heldur en meiri hl. n., sem styðst við ríkisstj. og ríkiskerfi og getur fengið allar þær upplýsingar og leiðbeiningar, sem nauðsynlegar eru. Þrátt fyrir þetta höfum við í minni hl. viljað freista þess að flytja nokkrar brtt. til sparnaðar, sem ég skal stuttlega víkja að.

Fyrsta till. okkar er um tekjuauka. Það er ekki hægt að telja það sparnaðartill., heldur um það, að rekstrarhagnaður bifreiðaeftirlitsins verði tekinn inn sem sérstakur tekjuliður fyrir ríkissjóð. Þar er um að ræða 1 millj. kr. tekjur, sem líklegt er að fari fremur vaxandi en minnkandi, og er ástæðulaust annað en að reikna með því sem tekjum fyrir ríkið, úr því að útgjöld annarra eftirlitsstofnana eru allar færðar út, þar sem halli er á þeim.

Sú skoðun hefur jafnan verið uppi, að það væri nauðsynlegt, að þjónusta póstsins væri rekin hallalaust. Halli á póstsjóði er orðinn mjög mikill, og er nú gert ráð fyrir honum 1.1 millj. kr. í fjárlagafrv. Við í minni hl. n. leggjum til, að ráðstafanir verði gerðar til þess að lækka þennan halla um 750 þús. kr., sem gera má ráð fyrir að ekki sé hægt að gera nema með hækkun póstburðargjalda. En þessari þjónustu sýnist okkur óeðlilegt að sé haldið uppi af öðrum tekjustofnum ríkissjóðs eða það skuli þurfa að afla sérstakra tekna til þess að standa straum af þessari starfsemi.

Þá er þriðja till. okkar um það að lækka „annan kostnað“ ráðuneytanna um 400 þús. kr. Ég þykist mega ganga út frá því, að hæstv. ríkisstj. sé mjög ásátt um þessa till., vegna þess að henni muni vera umhugað að sýna í verki, að hún sé samkvæm sinni stöðvunarstefnu og vilji því ekki fara að hækka stórkostlega ýmsan kostnað ráðuneytanna sjálfra. Sparnaðartill. okkar gengur ekki lengra en það að leggja til,

að varið sé til þessara þarfa ráðuneytanna sömu fjárhæð og er í fjárlögum þessa árs, og samkvæmt kenningunni um það, að enginn tilkostnaður hafi hækkað, ætti ekki að vera þörf á því að hækka þessa fjárveitingu.

Þá leggjum við til, að lækkaðar séu um 160 þús. kr. fjárveitingar til þátttöku í ýmsum alþjóðaráðstefnum. Sparnaðarnefnd, sem starfandi var á árinu 1954, benti á það, að þátttaka í alþjóðaráðstefnum væri kostnaður, sem væri æði mikill, enda er hann yfir 1 millj. kr., og vakti athygli á því, að æskilegt væri að koma því þannig fyrir, að fulltrúar ríkisins í viðkomandi landi yrðu oftar látnir mæta á þessum ráðstefnum en nú er gert og hefur raunar einnig verið gert að undanförnu. Við verðum í þessum efnum sem öðrum að gæta hófs, þó að það sé hins vegar okkur fullkomlega ljóst í minni hl. n., að vegna þátttöku Íslands í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi, sem allir eru sammála um, sé nauðsynlegt, að við eigum okkar fulltrúa á þeim ráðstefnum, sem haldnar eru í sambandi við þau alþjóðlegu samtök. Hins vegar teljum við, þegar um það er að ræða að gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, að þá sé ekki óeðlilegt, að reynt sé að hafa nokkurt aðhald í þessu efni.

Ég vék áðan að viðhorfi okkar í minni hl. til tillagna meiri hl. um að lækka halla skipaskoðunar ríkisins með hækkuðum gjöldum. Við leggjum í minni hl. einnig til, að hækkuð verði gjöld löggildingarstofunnar eða dregið úr kostnaði hennar á annan hátt, þannig að greiðsluhalli hennar verði jafnaður.

Þá leggjum við til, að hið svokallaða matvælaeftirlit, sem er rekið sem sjálfstæð stofnun, verði lagt niður. Matvælaeftirlitið mun fyrst og fremst, ef ekki eingöngu hafa eftirlit með mjólkursölu. Það er vissulega þarft og nauðsynlegt að hafa slíkt eftirlit, en mjög vafasamt, hvort á að hafa sérstaka stofnun til slíks eftirlits. Okkar till. er sú, að þetta eftirlit verði falið iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, sem mun annast á ýmsum sviðum matvælaeftirlit, og verði iðnaðardeildinni veittar 150 þús. kr. vegna þessa nýja verkefnis, en hins vegar afgangurinn komi fram sem sparnaður hjá ríkissjóði.

Þá leggjum við til, að fjárveiting til húsaleigueftirlits verði felld niður. Með þessari till. er ekki verið á neinn hátt að leggja til, að dregið verði úr húsaleigueftirliti, en ég hygg, að það sé öllum hv. þm. kunnugt, að húsaleigueftirlit í því formi, sem það nú er, er gersamlega tilgangslaust og hefur enga minnstu þýðingu. Það er rétt, að til þess að fella niður þennan kostnaðarlið mun þurfa lagabreytingu, en ef samkomulag yrði um það hér á Alþingi að fella þennan útgjaldalið niður, ætti að mega skjótlega koma fram lagabreytingu í því sambandi, þannig að það gæti komið ríkissjóði til góða á næsta ári.

Samkvæmt fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að skattstofan í Reykjavík bæti við sig mjög auknu húsrými, þannig að húsaleiga hennar hækki um 320 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Nú er ekki kunnugt um, að starfsemi skattstofunnar hafi svo stórkostlega aukizt á þessu ári, að það geti verið nauðsyn að taka svo stórt nýtt húsrými til ráðstöfunar. Við í minni hl. teljum, að í þessu efni sé ástæða til að hafa nokkurt hóf, viðurkennum, að skattstofan muni þurfa eitthvað að rýmka við sig, en leggjum hins vegar til, að húsaleiguliður skattstofunnar verði lækkaður um 150 þús. kr.

Það eru jafnan uppi margar óskir um fjárveitingar til ýmiss konar heilbrigðisstofnana, og þarfirnar eru þar jafnan meiri en svarar þeim framlögum, sem ríkið hefur getað lagt til þeirra hluta. Ríkið mun skulda nú verulega til heilbrigðisstofnana í Reykjavík og einnig til sjúkrahúsa víðar. Í fjárlagafrv. eru ákveðnar fjárveitingar í þessu skyni, en við leggjum til, að þær fjárveitingar verði hækkaðar samtals um 750 þús. kr., sem skiptist þannig, að 500 þús. kr. verði til læknisbústaða og sjúkraskýla víðs vegar um landið, en 250 þús. kr. til heilbrigðisstofnana í Reykjavík, og er sú skipting í hlutfalli við þær fjárveitingar, sem nú eru í frv.

Náttúrulækningafélag Íslands hefur leitað til n. um aukinn byggingarstyrk vegna heilsuhælisins í Hveragerði. Meiri hl. n. hefur ekki talið sér fært að fallast á að veita aukinn styrk til þessarar byggingar. Við í minni hl. viljum hins vegar mæta óskum félagsins á þann hátt að veita því til viðbótar 100 þús. kr. á næsta ári.

Þá kem ég að 13. till. okkar, sem er veigamesta sparnaðartill., en hún er þess efnis að lækka fjárveitingu til Skipaútgerðar ríkisins um 3 millj. kr. á næsta ári. Þróunin í þessu efni hefur verið til sífelldrar hækkunar, og skipaútgerðin er orðin mjög þungur baggi á ríkissjóði. Hér á Alþingi hafa á undanförnum árum komið fram margar till. í sambandi við þetta mál. Hirði ég ekki að rekja þá sögu, en ég hygg, að öllum hv. þm., hvar í flokki sem þeir eru, sé ljóst, að hér sé um mikið vandamál að ræða. Samgöngur, bæði á landi og í lofti og raunar á sjó líka, hafa vaxið mjög mikið á undanförnum árum og batnað, en þetta hefur aftur leitt til þess, að skipaútgerðin hefur haft minna verkefni að gegna, og rekstrarhalli hennar hefur því farið vaxandi. Það hefur ekki þótt fært að draga úr skipaferðum skipaútgerðarinnar, enda þótt það liggi nú ljóst fyrir og hafi verið á undanförnum árum, að stóran hluta ársins sé engin þörf fyrir bæði hin stærri skip skipaútgerðarinnar, og hefur því sá kostur verið valinn að láta annað skipið vera í ferðum til útlanda, sem ekki hafa gefið skipaútgerðinni, a. m. k. ekki nú síðustu árin, neinn sérstakan hagnað, heldur jafnvel halla. Að halda uppi skipi með stórkostlegum rekstrarhalla til slíkrar starfsemi verður að teljast mjög óheppilegt og óeðlilegt, ef ríkið hefur ekki úr því meira fé að spila, sem það veit ekki, hvað það á að gera við.

Till. okkar um þennan sparnað byggist á því, að við leggjum til, að Esja verði seld. Það er í samræmi við þá skoðun, sem kom fram í áliti sparnaðarnefndarinnar frá 1954. Esja er elzt skipanna. Rekstrarhalli hennar á næsta ári er áætlaður rúmar 5 millj. kr. Við gerum okkur grein fyrir því, að halda verði út til vorsins þeirri áætlun, sem skipið gengur eftir, auk þess

náttúrlega að að sjálfsögðu þarf nokkra athugun á því, hvernig koma eigi fyrir sölu skipsins, þannig að við reiknum með því, að hún gangi áfram til vors. Í sumar er engin þörf fyrir skipið, það liggur óvefengjanlega upplýst fyrir, og mætti þá taka Heklu til þeirrar starfsemi hér í kringum landið. En miðað við þær stórauknu samgöngur, sem eru nú bæði á landi, í lofti og á sjó, ætti að vera hægt að koma því þannig fyrir með samningum við skipafélögin fyrir næsta haust, að ekki þyrfti að draga úr þjónustu við þá staði, sem sérstök nauðsyn hefur verið að halda uppi samgöngum við með ferðum Esju. Það mun nú vera þannig, að þarfirnar eru mestar, enda óskirnar alltaf háværastar um að fá þjónustu frá hinum minni strandferðaskipum, þannig að ég býst við, að ef ætti á einhvern hátt að bæta úr skipakosti skipaútgerðarinnar og auka hann á öðrum sviðum, þá yrði heppilegast að kaupa aftur heldur lítið skip, ef það yrði talið nauðsynlegt við nánari athugun. En ég hygg, að það sé á engan hátt óraunhæft að leggja til, að Esja verði seld. Með þessu reiknum við að sparist 2.5 millj. kr., en ½ millj. kr. upphæðin, sem eftir er, leggjum við til að spöruð sé á þann veg, að vöruafgreiðsla skipaútgerðarinnar sé rekin hallalaust. Hún er nú með um ½ millj. kr. halla, og hefur forstjórinn lagt á þetta áherzlu, enda sýnist það vera óverjandi með öllu að reka ekki þá starfsemi hallalaust og láta þjóðina verða að greiða til hennar með skattaálögum.

Hér höfum við í minni hl. endurflutt till. okkar frá s. l. ári varðandi ferðaskrifstofu ríkisins. Félag sérleyfishafa hefur ákveðnar óskir uppi um það, enda er þörfin brýn að koma hér upp afgreiðslumiðstöð í Reykjavík fyrir sérleyfisbifreiðar, en hér hafa sérleyfisbifreiðar víðs vegar að af landinu afgreiðslu á mjög mörgum stöðum, og fólk hefur ekki hugmynd um, hvar það á að hafa samband við þessar bifreiðar. Það er því hin mesta nauðsyn að koma þessari starfsemi allri á einn stað, og vel getur verið þörf á því að koma síðar upp afgreiðslustöðvum í minni stíl á öðrum stöðum á landinu. Eina vonin til þess, að þetta þokist eitthvað áleiðis, er að nota til þess sérleyfissjóðinn, en með þeirri ráðstöfun að láta sérleyfissjóðinn greiða halla af ferðaskrifstofunni safnast þessum sjóði ekkert fé.

Till. okkar er sú um þær fjárhæðir, sem ætlunin var að sérleyfissjóður greiddi af halla ferðaskrifstofunnar á árunum 1954—57, að þeim árum báðum meðtöldum, sem mun vera um 1.2 millj. kr., að ríkissjóður endurkrefji sjóðinn ekki um þetta fé og jafnframt verði felld niður úr fjárlfrv. nú ákvæði um það, að halli ferðaskrifstofunnar greiðist úr sérleyfissjóði. Ef þessar ráðstafanir verða gerðar, er lagður grundvöllur að því, að hægt verði að hefjast handa um framkvæmdir varðandi byggingu afgreiðslumiðstöðvar.

Stúdentaráð og stjórn lánasjóðs stúdenta hafa sótt um að fá hækkun fjárveitingar til lánasjóðsins vegna fjölgunar stúdenta og vaxandi fjárþarfar sjóðsins. Við leggjum til í minni hl., að fjárveitingin verði hækkuð um 150 þús. kr. og jafnframt verði styrkur til stúdentaráðs vegna aukinnar starfsemi ráðsins hækkaður um 10 þús. kr.

Þá leggjum við til, að nokkuð sé komið til móts við óskir góðtemplarareglunnar í Reykjavík, sem á undanförnum árum hefur sótt mjög fast á að fá nokkurn styrk til þess að koma upp húsi fyrir starfsemi sína hér í bænum, og leggjum til, að 100 þús. kr. verði veittar í þessu skyni, sem að sjálfsögðu er ekki stór fjárhæð. Ríkið hefur vitanlega engar skuldbindingar í sambandi við þessa byggingu, og það leiðir því ekki af sér neinar sérstakar kvaðir, þó að þessi fjárveiting væri veitt nú.

Fyrir nokkrn hefur verið rætt í Alþingi um hina miklu nauðsyn þess að koma áfram byggingu kennaraskólans. Ég þarf ekki að rekja það mál, það var rætt þá mjög ýtarlega, enda mun hv. þm. öllum vera kunn þessi mikla nauðsyn. Kennaraskólinn annar nú ekki einu sinni því að útskrifa nægilega marga kennara til þess að fullnægja eftirspurninni á hverju ári, og er því sjáanlegt, að það þarf að gera sérstakar ráðstafanir varðandi skólann og bæta aðstöðu hans á margan hátt, ef ekki eiga að verða alger vandræði í þessu efni. Það er að vísu ekki stór fjárhæð, 200 þús. kr., en þó nokkur viðleitni samanborið við aðrar fjárveitingar, og leggjum við til, að fjárveitingin í fjárlfrv. verði hækkuð um þessa upphæð.

Í fjárlfrv. var lækkuð um 1.5 millj. kr. fjárveiting til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu. Við í minni hl. n. leggjum til, að þessi fjárveiting verði aftur hækkuð í 15 millj. kr., sem er í samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. lýsti yfir sem vilja sínum á s. l. Alþingi, og enn fremur í samræmi við það, sem er lagt til í frv., sem er flutt hér á Alþingi og flutt hefur verið hér nokkur undanfarin ár af nokkrum þm. Sjálfstfl. varðandi fjárframlög til jafnvægissjóðs.

Það hefur verið allmikið rætt um ráðstöfun þessa fjár, og það hefur ekki náðst samkomulag um að koma neinni fastri skipan á úthlutun þess, heldur hefur ríkisstj. á hverjum tíma haft það til ráðstöfunar og getað úthlutað því að eigin vild. Þetta er að sjálfsögðu gersamlega óviðunandi ástand og því meir óviðunandi sem fjárveitingin er hærri. Í fyrra var þessi upphæð hækkuð í 15 millj., og miðað við sömu fjárhæð og raunar einnig þó að ekki væru veittar nema 13.5 millj., verður að teljast algerlega óhæfilegt að setja ekki nein ákvæði um úthlutun þessa fjár. Miðað við það, að Alþingi er hér að skipta margvíslegum smáfjárveitingum til ýmissa þarfa, teljum við í minni hl. ekki óeðlilegt, að þingið hafi afskipti af þessu máli, og leggjum því til, að sameinað Alþingi kjósi 5 manna n. til þess að ráðstafa þessu fé, og vonum við, að ef sú skipan kæmist á, að ákveðnir aðilar fengjust við þetta af þingsins hálfu, þá yrði auðveldara um vik að koma einhverju föstu skipulagi á þessi mál.

Þá er hér till. um að heimila Tóbakseinkasölu ríkisins að leggja 3% á heildsöluverð allra tóbaksvara, og er ætlunin, að þær tekjur renni að hálfu til Skógræktar ríkisins og að hálfu

til sandgræðslunnar. Það hefur verið í gildi heimild um að setja merki landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og að sá tekjuauki rynni til skógræktarinnar. Þetta mun nema á þessu ári um 1.2 millj. kr. og hefur að sjálfsögðu orðið skógræktinni til mjög mikils framdráttar, sem verðugt og maklegt er.

Fyrir fjvn. hafa legið óskir frá sandgræðslunni um auknar fjárveitingar í ýmsu skyni, m. a. til þess að kaupa flugvél, og er ætlunin að nota hana bæði til frædreifingar og til að dreifa áburði yfir beitilönd. Það er að sjálfsögðu hin brýnasta nauðsyn hér að auka gróðurlendið með auknum bústofni, og verður það eigi gert betur með öðru móti en efla þessa starfsemi, sem sandgræðslan hyggst nú færa út meir en gert hefur verið. Sérstök n. er starfandi að þessum málum nú, en þrátt fyrir það, þótt hennar till. liggi ekki fyrir, hefur n. mjög óskað eftir því að fá nú þegar aukin fjárráð til ákveðinna verkefna, svo sem kaupa á flugvél, eins og ég gat um. Það virðist ekki þægilegt um vik að leggja stórfjárhæðir úr ríkissjóði beint til þessarar starfsemi, en hér hefur verið rudd brautin með fjárveitingu til skógræktarinnar á þennan hátt, og við teljum ekki óeðlilegt, að sandgræðslan njóti sömu fyrirgreiðslu, og skiptist féð þá að hálfu milli þessara aðila og ætti, miðað við sölu á vörum tóbakseinkasölunnar nú, að geta numið um 1.5 millj. kr. til hvors aðila, þannig að hlutur skógræktarinnar mundi einnig batna að nokkru.

Ríkissjóður á stöðugt vangoldin framlög til hafnarframkvæmda, og fara þau vangoldnu framlög hækkandi. Á s. l. ári námu þau um 10 millj. Nú um næstu áramót munu þau nema um 13.5 millj. Allir hv. þm., sem hafa einhver afskipti af hafnarmannvirkjum og hafnargerðum, og það mun nú vera í flestum kjördæmum landsins, þekkja þá miklu erfiðleika, sem eru hjá sveitarfélögunum að afla síns hluta af framlagi til hafnargerða, hvað þá ef leggja á einnig út hluta ríkissjóðs. Því hefur verið hreyft af ýmsum aðilum, að gera yrði einhverjar ráðstafanir í þessu sambandi. Á síðasta þingi fluttum við í minni hl. n. till. um 25 millj. kr. lán, sem í senn skyldi varið til greiðslu vangoldinna framlaga og til nýrrar fjáröflunar til að endurlána sveitarfélögunum. Við takmörkum nú till. okkar við það að taka 10 millj. kr. lán til að greiða upp í hin vangoldnu framlög og teljum, að slíkt ætti að vera viðráðanlegt fyrir hæstv. ríkisstj., miðað við aðrar fjárútveganir, sem yfirleitt eru alltaf í gangi og eru leystar eftir venjulegum leiðum hér innanlands.

Að lokum er till. um að lána Geðverndarfélagi Íslands allt að einni millj. kr., ef félagið ræðst í að kaupa eða byggja hús til þess að reka þar heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma. Ég þarf ekki að útskýra nauðsyn þessa máls fyrir hv. þm. Það hefur áður verið rætt hér í Alþingi og flutt um það frv., og ég hygg, að allir hv. þm. séu á einu máli um, að það sé hin brýnasta nauðsyn að ráða fram úr því vandræðaástandi, sem ríkjandi er í þessum efnum, því að ekki er nándar nærri hægt að taka til meðferðar á heilsuhælum þeim, sem nú eru til, þá sjúklinga, sem haldnir eru geð- og taugasjúkdómum, og það er hin brýnasta nauðsyn að koma hér á sérstöku heimili, sem nokkuð sé svipað heimilinu í Reykjalundi, þar sem öryrkjar vegna þessara sjúkdóma geti notið nauðsynlegrar aðhlynningar.

Till. okkar í minni hl. n. til útgjalda nema 3.1 millj. kr., en till. til sparnaðar 5 millj. 46 þús., *og tekjuauki vegna bifreiðagjalda 1 millj.*, þannig að tekjuhliðin hækkar samkvæmt þessu um 6 millj. 48 þús., og greiðslujöfnuður, þ. e. a. s. tekjuauki umfram gjaldaauka á okkar till., ef samþ. yrðu, mundi vera tæpar 3 millj. kr. Held ég, að ekki verði með neinu móti sagt, að þær till. séu á ábyrgðarleysi byggðar, né heldur það, að sparnaðartill. okkar séu ekki byggðar á raunsæi. Það kann auðvitað vel að vera, að það séu einhver sérstök atvik, sem geti verið til trafala varðandi framkvæmd einstakra liða, sem okkur hefur ekki verið kunnugt um. En við höfum þó reynt að bera fram þær *till. einar, sem við* töldum að væri nokkurn veginn öruggt að hægt væri að koma í framkvæmd, því að vitanlega eru ýmsir aðrir liðir, sem komu til álita hjá okkur.

Ég orðlengi ekki frekar um þessar sérstöku till. okkar í minni hl. n., en leyfi mér þá að víkja að öðrum atriðum og þá fyrst að vinnubrögðum varðandi undirbúning frv. til 3. umr.

Þrátt fyrir aðfinnslur okkar við 2. umr. málsins hafa ekki orðið neinar úrbætur varðandi vinnubrögð í n. Þetta stafar auðvitað að meginhluta til af því, hversu til var stofnað við 2. umr. og ekkert tóm til athugunar milli 2. og 3. umr. En það verður þó mjög að átelja, að vissum atriðum málsins var haldið algerlega leyndum fyrir okkur í minni hl. n. þar til á síðustu stundu.

Ég gat þess í framsöguræðu minni við 2. umr. fjárl., að til þess að geta myndað sér einhverja heildarsýn yfir fjármálastefnuna og væntanlega afkomu ríkissjóðs á næsta ári, yrðu að liggja fyrir till. um, hvernig ætti að brúa bilið milli gjalda og tekna, og áætlanir um tekjuhorfur á næsta ári.

Upplýsingar um bjargráð ríkisstj. fengum við í minni hl. n. rétt fyrir kl. 11 að kvöldi á síðasta fundi n., og var það síðasta málið, sem fyrir n. var lagt, áður en hafizt var handa um að semja nál. Jafnframt var okkur tjáð um nál. okkar og till., að það væri ætlunin, að þeim yrði útbýtt daginn eftir á hádegi, þannig að til athugunar á þessum málum var okkur aðeins eftir skilin nóttin. Það var því sannarlega ekki vonum fyrr, að við fengum að sjá þessi snjöllu úrræði hæstv. ríkisstj., og kann nú að vera, að mönnum skiljist, þegar þeir sjá úrræðin, af hvaða ástæðu var dregið svo lengi að sýna þau.

Þá vil ég jafnframt geta þess í tilefni af ummælum hæstv. fjmrh. við 2. umr. fjárl., að við í minni hl. n. hefðum nákvæmlega sömu aðstöðu og meiri hl. til að fá upplýsingar um alla skapaða hluti, að þrátt fyrir óskir um að fá vitneskju um álit n., sem starfaði á vegum ríkisstj. í sumar til að kanna úrræði og leiðir til sparnaðar í ríkisrekstrinum, var það aldrei fengið okkur í hendur og hæstv. fjmrh. mun hafa neitað óskum for-

manns n. um að veita n. aðgang að þessu áliti. Þetta held ég að liggi nú í augum uppi að sé ekki beinlínis hægt að segja að sé að veita okkur sömu aðstöðu og meiri hl. n., nema þá það sé þannig, að meiri hl. n. hafi ekki fengið að sjá þetta heldur, þannig að þetta sé eitthvert leynivopn, sem eigi að notast einhvern tíma seinna og enginn megi sjá nema hæstv. fjmrh. og þá væntanlega sparnaðarnefndarmennirnir bundnir fullkominni þagnarskyldu.

Ef hæstv. ráðh. kæmi til með að segja hér, að þessi n. hefði verið sett ríkisstj. til ráðuneytis til þess að gera till. til hennar og því ekki eðlilegt, að n. fengi þetta til afnota, þá vil ég minna hann á, að 1954 var starfandi n., einmitt með nákvæmlega sama verkefni og skipuð af ríkisstj. sjálfri, einn fulltrúi fyrir hvert ráðuneyti. Álit þessarar n. var afhent fjvn. og engin leynd yfir því, enda engin ástæða til þess að vera að leyna slíkum plöggum, sem vissulega ættu að vera þm. og þá ekki hvað sízt fjvn. til leiðbeiningar um leiðir til raunhæfra ráðstafana til sparnaðar í ríkisrekstrinum. En af hvaða ástæðum sem það er, var nú þessu áliti svona vandlega leynt fyrir okkur í minni hl. nefndarinnar.

Varðandi tekjuáætlun hv. meiri hl. n. er það að segja, að sú áætlun var ekki lögð fyrir okkur fyrr en síðast á síðasta fundi n., eins og till. n. um úrræði til að jafna halla á frv. að öðru leyti. Ég verð að finna að þeim vinnubrögðum nokkuð, að þegar þessar till. voru lagðar fram, var ekki gerð hin minnsta grein fyrir því, á hverju þær byggðust. Við höfum að vísu fengið yfirlit um rekstrarafkomu ríkissjóðs til mánaðamóta nóvember—desember. Hins vegar er það yfirlit þannig, að það er ákaflega erfitt um samanburð við fyrri ár, bæði vegna þess, að tekjuliðir hafa breytzt nokkuð, vegna þess að skattaálögum hefur verið breytt, m. a. hefur söluskattur í smásölu verið felldur niður, og einnig vegna hins, að algerlega nýir tekjuliðir hafa komið inn. Á undanförnum árum hefur sú tilhögun verið á þessu höfð, að ákveðnir trúnaðarmenn n. hafa rannsakað þetta mál niður í kjölinn og gefið n. skýrslu um, hvaða horfur væru með afkomu ríkissjóðs á líðandi ári, og þá jafnframt gert grein fyrir, hvernig ástatt væri um horfur varðandi gjaldeyrisöflun og innflutning af þeim sökum, þannig að hægt væri, að svo miklu leyti sem unnt er, að mynda sér einhverja raunhæfa skoðun á afkomu ríkissjóðs og hans tekjuhorfum. Þetta var ekki gert nú, vafalaust vegna hins nauma tíma eða hæstv. fjmrh. hefur ekki haft sína pappíra tilbúna, heldur voru aðeins lagðar fram till. um að hækka um 1 og 2 og upp í 4 og 6 millj. einstaka tekjuliði án þess að gera nokkra grein fyrir heildarhorfunum. Þetta tel ég mjög miður farið og torvelda vinnubrögð.

Ég hef reynt lauslega að gera mér hugmynd um það, hvernig tekjuhorfur séu hjá ríkissjóði á þessu ári, og er sú áætlun þó með öllum fyrirvörum varðandi það, sem ég áðan sagði, að það eru margvíslegir erfiðleikar að mynda sér á þessu skoðun, eins og erfitt er um samanburð og ýmiss konar raskanir hafa verið í sambandi við innflutning á þessu ári. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er þannig ástatt, að tekjur ríkissjóðs til 30. nóv. nema 675.4 millj. kr. Tekjur í nóvembermánuði hafa farið nokkuð fram úr tekjum í nóvembermánuði í fyrra, eða um rúmar 3 millj. kr., eru 84 millj. í stað 81.1 millj. Í desembermánuði í fyrra urðu tekjur ríkissjóðs 140.8 millj., en það er vafalaust ekki óvarlegt að áætla, að tekjur ríkissjóðs nú verði allt að 150 millj., og sennilega verða þær meira. En um þetta er ákaflega erfitt að mynda sér skoðun nema hafa yfir þeirri þekkingu að ráða, sem rn. eitt hefur í sínum höndum. En ef ganga má út frá þessari tölu, virðast horfur á, að tekjur ársins í ár verði 825—830 millj. kr., en voru í fjárl. áætlaðar 811 millj., ef ég man rétt. Það sýnist því sem tekjur ríkissjóðs fari nú nokkuð fram úr áætlun, þó að það sé miklum mun minna en undanfarin ár, og útkoman verði að því leyti betri en hæstv. fjmrh. taldi horfur á, er hann flutti fjárlagaræðu sína í haust.

Samkvæmt áætlun meiri hl. n. nú eru tekjur á næsta ári áætlaðar 806.8 millj. kr., þannig að miðað við það, að tekjur yrðu sömu á næsta ári og má gera ráð fyrir að þær verði í ár, þá ætti að vera þarna mismunur 20—25 millj., sem gera má ráð fyrir að tekjuáætlunin fari fram úr áætlun. Auðvitað kann þetta að breytast margvíslega vegna gjaldeyrisástandsins. Það hefur hins vegar verið talið sérstaklega erfitt í ár og oft verið á það bent af hæstv. ríkisstj., að það væri óvenjulega erfitt ár.

Eftir því sem manni skilst, eru miklar lántökur í aðsigi erlendis, og slíkt hlýtur að sjálfsögðu að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs til hækkunar, ef innflutningur vex, sem vafalaust verður í sambandi við þær lántökur, eða a. m. k. verður þá meiri gjaldeyrir til ráðstöfunar, þannig að það virðist á engan hátt óvarlegt að gera ráð fyrir því, að tekjurnar verði a. m. k. ekki lægri á næsta ári. Þetta taldi ég rétt að kæmi hér fram, og þætti mér vænt um, ef hæstv. fjmrh. gæti hér upplýst mig um það, hvort þessar tölur mínar væru nærri sanni eða hvort vegna skorts á upplýsingum kunni myndin að vera eitthvað á annan veg.

Þegar fjárlfrv. var lagt fram í haust, var því yfir lýst af talsmönnum tveggja stjórnarflokka, hv. form. Alþfl. og hæstv. félmrh., sem talaði fyrir Alþb., að þeir teldu, að möguleikar væru til að afgr. fjárl. á þann einfalda hátt að spara á ýmsum liðum og jafnframt að hækka tekjuáætlunina meir en hæstv. fjmrh. hafði gert. Um þetta komst hæstv. félmrh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„En það er skoðun Alþb., að vandann beri að leysa með varlegri, en þó réttri tekjuáætlun, eftir þeim horfum, sem við kunna að blasa undir áramót, og síðan, ef með þarf, með niðurskurði útgjalda, þar til greiðslujöfnuði er náð. Slík fjárlagaafgreiðsla væri líka í fullu samræmi við þá viðnáms- og stöðvunarstefnu gegn verðþenslu og vaxandi dýrtíð, sem ríkisstj. fylgir.“

Hv. þm. Hafnf. sagði um þetta:

„Greiðsluhallabilið efast ég ekki um að megi brúa á venjulegan hátt við nákvæma yfirferð og endurskoðun hinna einstöku liða fjárlfrv. hjá

fjvn., sem nú fær málið til meðferðar. Þó að einstaka gjaldaliðir þurfi jafnvel að hækka, a. m. k. eitthvað, eins og ég hef áður bent hér á, virðist mér við fljótan yfirlestur aðrir liðir vera þannig, að þeir mundu þola nokkra lagfæringu, bæði tekjuliðir til hækkunar og gjaldaliðir til lækkunar í þá átt að ná endunum saman, ef vilji er fyrir hendi og án þess að rýra verulega gildi frv. nokkuð sem nemur fyrir alla alþýðu manna."

Hæstv. fjmrh. taldi hins vegar, að það mundi þurfa verulega nýja tekjuöflun. Varðandi úrræði til sparnaðar var hann ekki eins bjartsýnn og þeir hv. fulltrúar Alþb. og Alþfl., sem ég vitnaði til, því að hann sagði í sinni ræðu:

„Fjmrn. hefur á undanförnum árum sífellt óskað eftir till. um sparnað í ríkisrekstrinum."

Sjálfur flutti hann enga till. um það efni og hefur því væntanlega ekki talið, að mikil úrræði væru til sparnaðar. En ég get þó ekki látið það liggja á milli hluta, hversu kynlega það hlýtur að hljóma, að sá maður, sem á að hafa forgöngu um að benda á úrræði í þessu efni, skuli fyrst og fremst fara þá leið að auglýsa eftir till. annarra um þá hluti, sem hann hlýtur stöðu sinni samkvæmt að eiga að hafa forgöngu um að meta.

Við sjáum nú fyrir okkur í fjárlagafrv., eins og það er lagt fram af hv. meiri hl. fjvn. til 3. umr., hver hefur orðið útkoman á þessum sparnaðarboðskap hæstv. félmrh. og hv. þm. Hafnf. Það liggja fyrir frá meiri hl. n. sparnaðartill. upp á 2.5 millj. kr. Það er nú allt og sumt, þangað til kemur að stóra sparnaðinum, sem ég veit ekki, hvort þeir hafa átt við í byrjun, að þeir hafi þá haft í huga að leggja til, eða hvort það er samkvæmt þeirra till., að sú leið er farin að taka út úr fjárlagafrv. 65 millj. kr., eða raunar 85 millj. kr., því að það er upplýst í grg. frv., að ekki séu þar meðtaldar niðurgreiðslur, sem muni kosta ríkissjóð á árinu 20 millj. kr. Á þennan einfalda hátt hefur bilið milli tekna og gjalda verið brúað.

Ég held, að varla muni finnanleg í víðri veröld öllu lélegri brú. Og þó að maður hefði grun um, að þessa leið hafi átt að fara, þá sannast sagna vildi ég þó ekki í lengstu lög trúa því, að hæstv. fjmrh. hugkvæmdist að fara þessa leið. Það getur vel verið, að hæstv. ríkisstj. sé kappsmál að slá met og þá helzt heimsmet, og það hefur ríkisstj. og hæstv. fjmrh. áreiðanlega tekizt með þessari dæmalausu till., sem hér liggur fyrir, því að hafi fjárlagafrv. áður verið falsað og gefið ranga mynd af raunverulegri fjárhagsafkomu ríkissjóðs, eins og oft hefur verið bent á af okkur sjálfstæðismönnum, þar eð útgjöld til útflutningsframleiðslunnar eru ekki meðreiknuð, þá keyrir þó nú um þverbak. Það má þó á vissan hátt rökstyðja það að halda í sérstökum sjóði því fé, sem varið er til útflutningsuppbóta, því að það eru að sjálfsögðu gjöld, sem eru nokkuð sérstaks eðlis, þó að vísu tekna til þessara þarfa sé aflað á sama hátt og til annarra þarfa ríkissjóðs. En að láta sér hugkvæmast að taka út úr fjárlagafrv. hluta af fjárveitingu til niðurgreiðslna á vöruverði er eitthvert það furðulegasta uppátæki, sem hægt er að hugsa sér. Látum vera, að öll upphæðin hefði verið tekin. Þá mætti kannske segja að væri einhver heil brú í þeirri setningu í nál. meiri hl. n., þar sem þeir segja: „Verður að teljast eðlilegt og líklegast til samræmingar, að sá þáttur efnahagsvandamálanna, sem þessi fúlga var ætluð til, verði leystur samtímis öðrum þáttum þeirra mála á framhaldsþinginu eftir áramótin, að lokinni þeirri athugun framleiðslu- og efnahagsmálanna, er nú stendur yfir á vegum ríkisstj."

Hvernig í ósköpunum er nú hægt að bera það á borð fyrir nokkurn mann, að það sé til samræmingar að taka út úr frv. niðurgreiðslur á mjólk, en halda eftir í frv. niðurgreiðslum á kjöti? Það þarf sannarlega alveg sérstakt hugvit og sérstaka „innstillingu" til þess að láta sér hugkvæmast að hafa slík ummæli um hönd, hvað þá, svo að maður sleppi nú hugvitinu, að láta sér detta aðra eins endaleysu í hug.

Ég verð satt að segja að segja það, að ég hefði óskað hæstv. fjmrh. annars hlutskiptis eftir stjórn hans á fjármálum ríkisins um margra ára bil en hann kæmist inn á aðra eins óhappabraut og hér er gengið inn á. Það liggur við, að maður ímyndi sér, sem hefur haft kynni af hæstv. ráðh., að hann sé undir dáleiðsluáhrifum og sé alls ekki sjálfs sín húsbóndi, þegar honum hugkvæmist að leggja til aðra eins fásinnu og hér er á borð borin fyrir þjóðina. Hefði nú átt að lækka þessi útgjöld, þá væri ekkert nema gott um það að segja. En það er upplýst í nál. meiri hl. n., að það sé alls ekki ætlunin, heldur eigi að geyma þessa gjaldaliði, af því að ríkisstj. hafi nú gersamlega gefizt upp við að benda á leiðir til að brúa bilið. Það getur litið vel út á pappírnum, en ég veit ekki, hversu farsælt það yrði í búreikningum hvers og eins okkar, ef við tækjum upp á því, ef hölluðust þar metin, að taka t. d. kostnað við matvælakaup út úr reikningnum og segja svo: Ja, þetta lítur ljómandi vel út, þetta hlýtur að vera ágætt, nú get ég lagt þetta plagg fram til að sýna mína afkomu.

Það þarf í rauninni ekki að eyða mörgum orðum um þetta atriði, því að hvað sem hæstv. ríkisstj. og hv. meiri hl. fjvn. reynir að gera til að vefja þetta í einhverjar umbúðir, þá mun það áreiðanlega ekki takast. Með þessari játningu sinni og þessari till. sinni hefur ríkisstj. auglýst algert gjaldþrot sitt í þessum málum, og nú er það eina sagt, eins og hæstv. ríkisstj. er mjög tamt að segja, að málin séu í athugun og till. komi síðar. Og hver hefur átt þátt í þessum loddarabrögðum, veit ég ekki, en ábyrgðin hlýtur að sjálfsögðu að falla á hæstv. fjmrh. Niðurstöður fjárlaga í þessu efni með þessum aðferðum eru gersamlega falsaðar og þjóðin blekkt um afkomu ríkissjóðs í heild. Og það sem verra er, að með því að taka upp fjárlagaafgreiðslu sem þessa hlýtur að skapast hætta á tortryggni hjá erlendum fjármálastofnunum í garð Íslendinga, því að ég efast um, að slíkt þekkist í víðri veröld, að fjárlög séu afgreidd á þann máta, sem hér er gert. Og það er það alvarlegasta í þessu máli.

Hæstv. ríkisstj. hefur stundum verið að bera fram á hendur okkur sjálfstæðismönnum gersamlega að ástæðulausu sakir um það, að við

með ýmsum upplýsingum okkar varðandi ástandið í landinu værum að spilla fyrir lántökum þeim, sem ríkisstj. starfaði að erlendis. Ég held sannast sagna, að ef nokkuð getur spillt fyrir því, að aðrar þjóðir vilji veita okkur lán, sé það, ef farið er að gera af ríkisvaldsins hálfu tilfæringar í þá átt að blekkja og gefa algerlega rangar hugmyndir um fjárhagsafkomu ríkissjóðs. Þau úrræði, sem hér hefur verið gripið til af hæstv. ríkisstj., eru áður óþekkt í okkar fjármálasögu. Hæstv. fjmrh. hefur tekizt þar að slá met, sem ég hygg að sé heimsmet, en ég get ekki óskað honum til hamingju með og áreiðanlega þjóðin mun síður en svo gleðjast yfir sjálfs sín vegna, hvað sem því líður, að hve miklu leyti hún ber umhyggju fyrir hæstv. ríkisstj., sem fer nú tvímælalaust minnkandi dag frá degi. Og ég skil ekki í, að það verði margir, sem vilji ljá sig til þess að verja það dæmalausa fálm og úrræðaleysi, sem hæstv. ríkisstj. hefur gerzt ber að með þessum till. sínum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. við fjárlögin, sem ég vildi leyfa mér að gera að umtalsefni, þó að þær séu ekki komnar úr prentun enn þá.

Það eru í fyrsta lagi brtt. varðandi framlög til skólabygginga, og snerta þær þau framlög, sem ætluð eru í fjárlögum til byggingar barnaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík. Er þar skemmst frá að segja, að Reykjavíkurbær fær þar ekki nema tiltölulega lítinn hluta af því fé, sem óhjákvæmilegt er að veita til skólabygginga í bænum. Á s. l. ári vann fræðsluskrifstofa bæjarins ýtarlegt verk í því efni að gera áætlun um, hversu mikið af skólahúsnæði þyrfti að byggja á næstu 5 árum til þess að fullnægja fræðslulögunum, en eins og kunnugt er, hefur Alþingi sett skólalöggjöf með skólaskyldu, og er ætlazt til þess, að bæjar- og sveitarfélögin sjái m. a. fyrir húsnæði, til þess að slík kennsla geti farið fram. Athugun fræðsluskrifstofu bæjarins og sérstakrar nefndar sérfróðra manna, sem í þetta var sett, var á þá lund, að byggja þyrfti á ári hverju í Reykjavík næstu 5 ár skólahúsnæði, sem næmi a. m. k. 25 nýjum almennum kennslustofum á ári auk sérkennslustofa og annars slíks húsnæðis. Framkvæmdir hafa síðan verið við þetta miðaðar af bæjarstjórn Reykjavíkur á þessu ári, sem nú er að líða, í frv. því til fjárhagsáætlunar fyrir Reykjavíkurbæ, sem lagt verður fram í bæjarstjórn Reykjavíkur í dag. Er svo gert ráð fyrir, að byggðar séu á næsta ári ekki færri en 25 almennar kennslustofur til að fullnægja þessari þörf. Er þar skemmst frá að segja, að áætlanir um byggingarkostnað þessara skóla, sem eru bæði á barna- og gagnfræðastigi, munu vera um 19 millj. kr. Þetta fé á að skiptast til helminga milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs samkvæmt skólalöggjöfinni. Í frv. að fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar er því veitt 9½ millj. í þessu skyni á næsta ári til að standa undir helmingi þessa kostnaðar.

Til samræmis við þessar óhjákvæmilegu byggingarfyrirætlanir flyt ég svo ásamt 5 öðrum hv. þm. till. um að færa fjárveitingar í fjárlögum í það sama horf, þannig að ríkissjóður standi við sinn helmingshluta til þessara byggingarframkvæmda. Ástæðurnar fyrir þessari miklu byggingarþörf þarf að sjálfsögðu ekki að rekja. Þær stafa fyrst og fremst af skólalöggjöfinni annars vegar og hins vegar af þeirri miklu íbúafjölgun, sem hefur orðið og er í Reykjavík um þessar mundir. En þó að almenn íbúafjölgun sé allmikil, er þó fjölgun skólaskyldra barna og unglinga hlutfallslega miklu meiri. Þannig fjölgar skólaskyldum börnum á hverju ári um 4—5%, og mun þurfa á næsta ári eingöngu vegna þess a. m. k. 7 almennar kennslustofur. Unglingum á gagnfræðastigi fjölgar hins vegar hlutfallslega miklu meira, eða um 15% árlega, og þarf jafnmikinn skólastofufjölda til að mæta þeim þörfum. Auk þess hefur síðustu árin orðið að þrísetja í nokkrar kennslustofur, en það er mjög óæskilegt, að ég kveði ekki sterkara að orði, og þarf að koma í veg fyrir, að sama kennslustofan sé meira en tvísett.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en þó aðeins taka það fram, að við athugun skólafróðra manna hefur komið í ljós, að sú stefna, sem verið hefur ríkjandi, að aðgreina algerlega skólahús, barnaskólahús annars vegar og gagnfræðaskólahús hins vegar, sé ekki rétt eða heppileg. Svo er mál með vexti, að hver skólabygging þarf í rauninni, a. m. k. á hinum stærri stöðum, að vera margir smærri skólar, því að hér er svo margt sameiginlegt, eins og heilbrigðiseftirlit, samkomusalir, handavinnustofur, leikfimihús o. fl., þannig að það er talið hlutfallslega ódýrara að byggja stærri skólabyggingar saman, þar sem bæði yrði barnafræðsla og gagnfræðakennsla, en hins vegar yrði þessum byggingum skipt sundur, það yrði sameiginlegt allt, sem sameiginlegt yrði hægt að hafa, en skólarnir að öðru leyti aðgreindir. Af þessum ástæðum hefur Reykjavíkurbær nú sótt um leyfi til þess að byggja barna- og gagnfræðaskóla sameiginlega að nokkru leyti, og vil ég því segja, að ég tel, að sú skipting, sem nú er í fjárlagafrv. og till. fjvn., sé að sumu leyti úrelt orðin og þurfi að athugast nánar fyrir næsta þing.

Því miður hefur orðið á því mikill misbrestur, að meiri hl. fjvn. skildi þær þarfir, sem hér eru í höfuðborg landsins, og leggur til, að miklu minna fé sé veitt til skólabygginga en brýnustu þarfir krefjast. Og það er ekki aðeins, að það hafi verið skorið niður almennt, heldur gætir því miður ekki réttlætis milli byggðarlaganna innbyrðis í þessum till., og fer því fjarri. Ég vil nefna sem dæmi einu till. um byggingu nýs gagnfræðaskólahúss á öllu landinu, — það er nú öll rausnin hjá meiri hl. fjvn., að það er aðeins lagt til, að hafin sé bygging eins nýs gagnfræðaskólahúss, og það er í Kópavogi, og er ég sannfærður um, að það er nauðsyn á því. En á sama tíma sem fjvn. leggur það til, neitar hún um einn eyri í tvo nýja gagnfræðaskóla í Reykjavík, sem á að hefja byggingu á á næsta ári. Þegar maður nú athugar, að fjölgun gagnfræðaskólanemenda er varðandi 1. og 2. bekk, og á ég þá aðeins við skólaskylduna, fjölgunin ein í Reykjavík er 172 á einu ári, eða 50% meira en allir nemendur á gagnfræðastigi til samans í Kópavogi, þá sér

maður náttúrlega, hversu fráleitt það er, um leið og þessi fjárveiting er, sem ég tel nauðsynlega, til Kópavogs, að neita þá algerlega um að hefja byggingu nokkurs nýs gagnfræðaskóla í Reykjavík. Það náttúrlega fær ekki staðizt.

Ég vil taka það fram, vegna þess að stundum verður vart nokkurs misskilnings í sambandi við þessar skólafjárveitingar í fjárlögum, að með þessu er auðvitað ekki verið að fara fram á neina styrki eða ölmusu til Reykjavíkur eða annarra héraða. Málið liggur þannig fyrir, að Alþingi sjálft hefur sett skólalöggjöf, þar sem er ákveðin skólaskylda og sveitarfélögunum er lögð sú skylda á herðar að byggja skólahús og hafa nægilegt skólahúsnæði til að framfylgja þessum lögum gegn því loforði ríkisins að greiða helming byggingarkostnaðar. Það, sem hér er um að ræða, er eingöngu það, að Alþingi standi við gefin fyrirheit, samkvæmt skólalöggjöfinni, og er í rauninni ekki sæmandi, ef Alþingi ætlar ár eftir ár að skjóta sér undan þeirri lagaskyldu.

Þá er hér önnur brtt., sem ég flyt ásamt sömu hv. þm. Það er varðandi heilbrigðisstofnanir í Reykjavík. Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurbær haft tvær stórbyggingar í smíðum. Annað er heilsuverndarstöðin, sem nú er tekin til starfa, og hitt er bæjarsjúkrahús. Skv. lögum á ríkissjóður að greiða ⅝ af stofnkostnaði slíkra bygginga. Það hefur síðustu árin og m. a. í fjárlagafrv. nú verið veitt 1½ millj. kr. til þessara stofnana, og fer því fjarri, að það sé fullnægjandi til greiðslu á þessum ⅝ hlutum ríkissjóðs. Það er nú svo komið, eins og ég gat um, að heilsuverndarstöðin er tekin til starfa, en hinn mikli bæjarspítali, þar sem eiga að vera um 300 sjúkrarúm, er í smíðum. Um þessi áramót mun ríkissjóður vera á eftir með sinn hlut um 5½ millj. kr. Á næsta ári er gert ráð fyrir að vinna fyrir um 6 millj. kr. í bæjarspítalanum, og af því á þá ríkissjóður að greiða 2.4 millj. Ef aðeins er veitt 1½ millj. á næsta ári, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., mundi skuld ríkisins í árslok 1958 vegna þessara framkvæmda verða um 6.4 millj. kr. Með brtt. okkar er ekki farið fram á, að þetta sé greitt að fullu eða varið til þess fé að fullu, heldur aðeins að sýna þó lit á því að hækka þessa 1½ millj. upp í 2 millj.

Fleiri brtt. skal ég ekki gera hér að umtalsefni. Ég er meðflm. nokkurra annarra, sem aðrir hv. þm. munu gera grein fyrir. En mér þykir rétt út af einni brtt. meiri hl. fjvn. að segja nokkur orð. Það er 15. till. n. um að fella niður fjárveitingu til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju. Svo er mál með vexti, að í framfærslulögunum er svo ákveðið, að sveitarstjórn sé heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns, í Reykjavík sakadómara, um, að styrkþega, sem hefur ekki fyrir heimili að sjá, skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli meðlag eða barnalífeyri, sem sveitarsjóður hefur orðið að greiða með barni hans, skilgetnu eða óskilgetnu, enda þótt hann hafi verið til þess fær. Þetta ákvæði er í framfærslulögunum frá 1947. Nú hefur það orðið reynsla margra sveitarfélaga, að innheimta slíkra barnsmeðlaga gengur ákaflega erfiðlega. Hér er oft um að ræða einhleypa menn, sem jafnvel hafa ekki heimilisfang á föstum ákveðnum stað, og innheimtuaðgerðir reynzt mjög erfiðar. Sú eina ráðstöfun eða innheimtuaðgerð, sem verkað hefur verulega, hefur verið þessi, sem hér er heimild til í framfærslulögunum, þ. e. að fá slíka vanskilamenn úrskurðaða af valdsmanni eða sakadómara til að afplána þessa skuld á vinnuhæli.

Nú er það svo, að ríkinu ber skylda til þess að sjá fyrir vinnuhælum til þess að afplána bæði refsingar og m. a. þessi barnsmeðlög. Nú var svo komið fyrir nokkrum árum, að ríkið stóð ekki við sína lagaskyldu í þessu efni. Það eina vinnuhæli, sem ríkið rekur, er vinnuhælið að Litla-Hrauni, og það var ekki einu sinni hægt að koma þangað þeim refsiföngum, sem áttu að afplána refsidóma, og þurfti oft að láta slíka menn, sem biðu þess að afplána dóma, bíða árum saman, til þess að þeir afplánuðu þá. En þar sem svo stóð, var gersamlega loku fyrir það skotið, að hægt væri að láta á vinnuhælið nokkurn af þessum vanskila barnsfeðrum. Því miður var ekki skilningur fyrir því hjá fjárveitingavaldinu, að ríkið þyrfti að gegna sinni skyldu betur með því að sjá fyrir nægilegum vinnuhælum og fangelsum. Til þess hins vegar að reyna að koma einhverri hreyfingu á þetta mál, bauðst Reykjavíkurbær til þess að koma upp vinnuhæli á sinn kostnað, að Reykjavíkurbær byggði sjálfur eða greiddi allan stofnkostnað slíks hælis, sem skv. lögum ríkissjóður á að greiða, gegn því, að ríkið tæki að sér rekstur hælisins. Ríkisstj. tók þá — það var árið 1950 — þessu tilboði fegins hendi, taldi sig ekki hafa bolmagn til þess að reisa á ríkisins kostnað slíkt vinnuhæli, en sem sagt tók þessu tilboði Reykjavíkurbæjar fegins hendi og skuldbatt sig til þess að taka við rekstri þess á kostnað ríkisins, þegar slíkt vinnuhæli væri tilbúið. Þetta var samþykkt af þáverandi ríkisstj. og m. a. af núverandi hæstv. fjmrh., sem þá einnig var fjmrh. Nú hefur þetta hæli verið starfrækt í að ég ætla tvö ár eða á þriðja ár og kostnaður þess greiddur af ríkinu. Þetta er ekki aðeins til þess, að þeir barnsfeður, sem standa í skuld við bæjarsjóð Reykjavíkur, afpláni þar sínar skuldir, heldur hefur staðið opið öllum öðrum sveitarfélögum að nota það. Með því að hafa þennan möguleika hefur innheimta þessara vanskilaskulda að sjálfsögðu batnað stórlega og það svo mjög, að í stað þess að um tíma var innheimtuprósentan af þessum skuldum fallin niður í milli 20 og 30%, hefur hún nú upp á síðkastið komizt upp í 60% af þessum skuldum, sem endurgreiddar hafa verið, eingöngu fyrir áhrif þess, að þarna var fyrir hendi vinnuhæli, sem var hægt að úrskurða mennina á, og hótunin um það hefur þessi miklu áhrif til innheimtunnar.

Ég verð að segja, að það vekur því alveg stórkostlega furðu, að stjórnarflokkarnir og hæstv. fjmrh. skuli leyfa sér að leggja til, að ríkisvaldið gangi gersamlega á gerða samninga og á bak orða sinna með því að leggja niður þetta hæli, án þess þó að hægt sé að benda á annað vinnuhæli, sem geti við tekið. En því fer fjarri, að svo sé. Sakadómarinn í Reykjavík hefur skýrt mér svo frá seinast í gær, að það sé hvorki meira né minna en um

eitt hundrað dæmdir menn, refsifangar, sem bíða eftir plássi á Litla-Hrauni til þess að afplána sína refsingu, og meðan svo sé, komi auðvitað ekki til mála að hans dómi, og ég býst við, að það sé álit þeirra, sem um þessi mál fjalla, að vanskilamenn, sem skulda barnsmeðlög, verði látnir afplána. M. ö. o.: ríkið stendur ekki við sínar skuldbindingar um að sjá sjálft fyrir nægum vinnuhælum, en ætlar svo ofan á það að ganga á gerða samninga við Reykjavíkurbæ og hætta rekstri þessa hælis, sem ríkið hefur lofað að taka að sér og hefur starfrækt núna undanfarin ár.

Ég tel þetta svo langt fyrir neðan virðingu Alþingis og ríkisstj., að ekki tekur nokkru tali. Fyrir utan það að ganga þannig á gerða samninga og bregðast þeim skyldum, sem á ríkinu hvíla, er það náttúrlega fjarri öllu lagi að ætla sér að eyðileggja þannig þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið í þessu. Hins vegar er það auðvitað ljóst, að þessar tiltektir mundu vekja mikinn fögnuð í hjörtum allra þessara vanskilamanna, þessara barnsfeðra, sem hafa látið vangoldin barnsmeðlög hrúgast upp svo að þúsundum og tugum þúsunda skiptir. Nú munu þeir auðvitað hrósa sigri, þegar ríkisstj. hefur þannig og þingmeirihl. gengið í lið með þeim og bent þeim á, að nú sé engin þörf á því lengur að standa í skilum.

Ég sannast sagna kemst ekki hjá því að lýsa yfir sérstakri undrun minni yfir þessu framferði og þykir það furðulegt, ef stjórnarflokkarnir ætla að láta þá vansæmd um sig spyrjast ofan á allt annað að ganga þannig á gerða samninga og fella niður rekstur þessa hælis.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Áður en ég kem að því að tala um fjárlagaafgreiðsluna í heild, vildi ég minnast hér fyrst á tvær brtt. frá hv. minni hl.

Það er fyrst, að þá leggur hv. minni hl. til að heimila ríkisstj. lántöku vegna hafnargerða. Ég vil út af þessu máli minna hv. þm. á, að ríkisstj. álítur óhjákvæmilegt að láta útvegun lánsfjár til sementsverksmiðjunnar, til ræktunarsjóðs, til fiskveiðasjóðs og til raforkuáætlunar dreifbýlisins sitja fyrir öðru og hefur miðað lánsumleitanir sínar við þetta sjónarmið. Þær lánsumleitanir, sem standa yfir og hafa staðið yfir, miðast við það fyrst og fremst að fá fjármagn til þessara framkvæmda. Fjárþörf þessara framkvæmda er svo mikil, að lántaka til hafnargerða hefur ekki komizt að enn þá, en lánsvonir, sem hafa verið metnar, eins og þessi mál standa, einhvers staðar í kringum jafnvirði 7 millj. dollara eða eitthvað þar í kring. Það er náttúrlega allmikil fjárhæð, en þó sýnir það sig, þegar fjárþörf einstakra fyrirtækja er skoðuð, að það fé verður allt að ganga til þessara fjögurra framkvæmda, og mundi ekki verða hægt að taka neitt til hafnarlána af því. En ríkisstj. hefur lýst því yfir áður, og ég vil endurtaka það í tilefni af þessari till., að lántökur til hafnargerða koma í hennar starfsáætlun næst á eftir þessum fjórum framkvæmdum, sem ég þegar hef gert að umtalsefni, og togarakaupunum, og sú stefna er óbreytt. Enn fremur vil ég taka greinilega fram, að það skortir ekki lánsheimildir til þess að notfæra sér möguleika, sem kynnu að verða fyrir hendi til að taka lán í hafnargerðir. Lánsheimildir eru nógar fyrir hendi, bæði í einstökum hafnarlögum og eins hefur Framkvæmdabankinn miklar lánsheimildir ónotaðar, sem hægt væri áreiðanlega að nota í þessu sambandi, ef tækifæri gæfist til að útvega slíkt lán. Þessi till. hv. minni hl. er því óþörf og ástæðulaust að samþykkja hana.

Þá vil ég út af annarri till., sem hv. minni hl. flytur um að leggja ofan á tóbaksverð og verja því fé til sandgræðslu og skógræktar, taka það fram, sem raunar kom fram hjá hv. talsmanni minni hl. fjvn., að sandgræðslumálin eru til sérstakrar athugunar í mþn., og sýnist alveg sjálfsagt að bíða eftir till. þeirrar n. varðandi hvað gera skuli í þeim málum, og því sýnist ekki ástæða til að sinna þessari till. Sandgræðslumálin verða vafalaust tekin fyrir, þegar heildarálit n. liggur fyrir. — Þessar tvær till. vildi ég gera að umtalsefni.

Þá vil ég segja örfá orð almennt um afgreiðslu fjárl.

Fyrst vil ég taka fram um tekjuáætlun fjárl., eins og hún er gerð af hv. meiri hl. fjvn., að ég tel hana óvenjulega teygða orðna. Miðað við reynslu á þessu ári, mun þessi tekjuáætlun t. d. ekki gefa nægar umframtekjur til þess að standa undir óhjákvæmilegum umframgreiðslum á næsta ári, ef næsta ár verður ekki betra afla- og framleiðsluár en það, sem nú er að líða. Hér er því að mínum dómi komið á fremstu nöf um tekjuáætlunina, að ekki sé meira sagt. Næsta ár þarf sem sé að verða betra framleiðsluár en það, sem nú er að líða, til þess að áætlun þessara fjárl., sem nú er verið að ganga frá, fái staðizt.

Í þessu sambandi vil ég enn upplýsa það, að augljóst er, að það verður greiðsluhalli á ríkissjóði á þessu ári. Það er ekki hægt að nefna tölur enn þá í því sambandi, enda ekki von, þar sem árið er ekki einu sinni liðið. En það er þó augljóst, að það verður greiðsluhalli, og sýnilegt, að tekjur ríkissjóðs fara miklu minna fram úr áætlun en nokkru sinni hefur áður verið undanfarið, ef þær fara þá nokkuð fram úr áætlun. En á hinn bóginn eru talsverðar umframgreiðslur, eins og alltaf vill verða, þó að þær séu sízt meiri en áður hefur verið, að undanskildum greiðslum vegna niðurborgunar á vöruverði, sem fara talsvert mikið fram úr áætlun, því að það hefur verið aukin niðurgreiðsla á ýmsum vörutegundum einmitt á þessu ári umfram það, sem fjárl. gerðu ráð fyrir.

Hv. 2. þm. Eyf., frsm. minni hl., kvartaði yfir því, að minni hl. hefði vart haft sömu aðstöðu til þess að kynna sér um þessi mál eins og hv. meiri hl. En þetta er alveg á misskilningi byggt hjá hv 2. þm. Eyf., því að hv. meiri hl. hefur ekki haft annað við að styðjast í þessu en bráðabirgðauppgjör þau, sem til eru um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, og þar með upplýsingar um tekjur til nóvemberloka, og eru það sömu gögn og hv. minni hl. hefur aðgang að.

Ríkisstj. hefur lagt áherzlu á, að fjárl. gætu orðið afgr. fyrir áramót. Mikill halli var á fjár-

lagafrv., og ótaldar voru á því verulegar fjárhæðir vegna niðurgreiðslna, ef halda á áfram að greiða niður vöruverð innanlands, eins og nú hefur verið gert. Það hefur orðið að ráði að taka út af fjárl. verulegan hluta dýrtíðargreiðslnanna, en skilja þó eftir fé til þess að mæta þessum greiðslum næstu mánuðina, á meðan ráðið er fram úr þessum málum. Þetta er gert til þess, að unnt sé að afgreiða fjárl. nú fyrir áramót, enda þótt óákveðið sé, hvernig þetta vandamál verður leyst, hvernig það bil verður brúað, sem niðurgreiðslurnar valda, enda liggur ekki fyrir nú, hver niðurstaða verður þeirrar athugunar, sem fram fer á málefnum framleiðslunnar og efnahagsmálunum yfirleitt. En eðlilegt er, að saman fari sem mest afgreiðsla framleiðslumálanna og dýrtíðar- og efnahagsmálanna yfir höfuð. Verða því ákvarðanir um það, hvernig mæta skuli þeim vanda, sem fyrir liggur, að bíða framhaldsþingsins eftir áramótin, eins og svo oft áður, þegar svipað hefur staðið á um afgreiðslu framleiðslu- og efnahagsmála. Það gerir einnig þessa málsmeðferð tiltækilegri, að greiðslur til þess að lækka vöruverð innanlands eru alveg sérstaks eðlis og eiga ekki skylt við önnur ríkisútgjöld, en eru hliðstæðar uppbótagreiðslum og öðrum slíkum ráðstöfunum, sem uppbótakerfinu fylgja.

Samkvæmt því, sem fyrir liggur nú við þessa 3. umr. fjárl. og lokaafgreiðslu þeirra, er mikill vandi óleystur, því að það liggur nú fyrir, að það vantar nálega 90 millj. kr., til þess að hægt væri að greiða niður vöruverð innanlands, eins og nú er gert, allt næsta ár. Í þessu sambandi vil ég einnig rifja það upp, að ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um að lækka skatta á lágtekjum, enda samrýmist slíkt afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárl., og enn fremur hefur ríkisstj. lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir hækkun þess sérstaka frádráttar á skattframtölum, sem fiskimönnum er heimilaður vegna sérstöðu þeirra. Þá hef ég og ríkisstj. sem heild mikinn hug á að taka upp á framhaldsþinginu hjónaskattsmálið, eins og það er kallað, en það veltur m. a. á því, hvort hægt verður að ná samkomulagi um tekjuöflun á móti.

Allt þetta sýnir, að verulegir þættir í þessum málum eru óleystir og bíða framhaldsþingsins, og er það út af fyrir sig ekkert nýstárlegt, því að þannig hefur það oft verið á undanförnum árum.

Hv. talsmaður minni hl., 2. þm. Eyf., viðhafði talsvert stór orð um þá afgreiðslu, sem hér væri fyrirhuguð á fjárl., og það sama gerir hv. minni hl. í nál. Þar stendur, held ég, hvað eftir annað, að með þessu séu fjárl. fölsuð, og hv. 2. þm. Eyf. sagði, að með þessu væri þjóðin blekkt, sem sé með því að taka út úr fjárlagafrv. þessar dýrtíðargreiðslur, án þess að ráðið væri fram úr því, hvernig þeim skuli mætt. En ekkert af þessu fær staðizt hjá hv. minni hl. eða hv. frsm. Hér er ekkert dulið fyrir neinum, ekki farið dult með neitt. Þvert á móti liggur þetta mál núna miklu skýrara fyrir þjóðinni, af því að þessi háttur er á hafður, heldur en ef hin aðferðin hefði verið viðhöfð, að afgreiða fjárl. alls ekki fyrir áramót og láta þetta allt liggja í þoku. Með þessu móti er myndin alveg skýr á þessa lund, sem ég hef lýst. Hér hefur því ekki verið farið dult með neitt, og hér er einmitt enginn blekktur, heldur er með þessu móti brugðið upp skýrri mynd af vandamálinu, eins og það liggur fyrir.

Hv. minni hl. getur þess í nál. sínu, og hv. 2. þm. Eyf. kom að því einnig í framsöguræðu sinni, að hv. fjvn. eða a. m. k. minni hl. hefði ekki fengið aðgang að því, sem hann kallaði sparnaðarnefndarálitið. Um þetta efni er það að segja, að í fyrravetur fékk ríkisstj. sér til aðstoðar þrjá menn til að íhuga og gefa bendingar um, hvar tiltækilegt gæti þótt að gera ráðstafanir til sparnaðar í ríkisútgjöldum eða aðhalds í ríkisrekstrinum. Þessir menn hafa gefið ríkisstj. vissar bendingar í þessu efni, sem hún hefur haft til athugunar og hefur enn til athugunar, og á m. a. eftir að hafa samráð við þessa sömu menn um þessi efni, þannig að í þessum málum liggur ekkert fyrir endanlegt. Þess vegna hef ég ekki talið ástæðu til að efna til birtingar á þessum bendingum að svo vöxnu máli a. m. k.

Hv. 2. þm. Eyf. ræddi um, og það er getið um það líka í nál. minni hl., að minni hl. hefði erfiða aðstöðu til þess að kanna úrræði til sparnaðar. Ég held, að þetta verði nú að teljast fullkomin tyllirök, þegar þess er gætt, að forustumenn hv. minni hl. hafa setið í ríkisstj. samfleytt í 17 ár og eru nýlega þaðan komnir og fáir menn á landinu munu kunnugri ríkisrekstrinum yfir höfuð en sumir af forráðamönnunum í stjórnarandstöðunni. Þetta eru þess vegna fullkomin tyllirök hjá hv. minni hl., en á að gilda sem afsökun fyrir því, hversu magrar eru uppástungur þeirra um sparnað. Þessi röksemdafærsla fær sem sé á engan hátt staðizt, auk þess sem hv. minni hl. hefur að sjálfsögðu aðgang að upplýsingum margvíslegum til viðbótar þeirri þekkingu, sem þeir hafa á ríkisrekstrinum.

Ég vil þá aðeins víkja fáeinum orðum að sparnaðartill. hv. minni hl. eða lækkunartill., en skal ekki vera langorður um þær.

Það er fyrst, að þeir vilja minnka hallann á póstrekstrinum um 750 þús. kr. Því miður fór fram hjá mér það, sem hv. frsm. sagði um þetta atriði, en ég geri ráð fyrir því, að þetta hljóti að vera hugsað þannig, að það eigi þá að hækka póstgjöldin, því að um minnkaða póstþjónustu getur alls ekki verið að ræða. Þvert á móti er alltaf krafizt síaukinnar póstþjónustu. En póstgjöldin hafa nú ekki alls fyrir löngu verið hækkuð, að vísu með dálitlum undantekningum, og ég veit ekki, hvort það er hægt að kalla það nokkra sparnaðartill. að gera till. um að hækka afnotagjöldin fyrir póstþjónustuna. Það er mjög vafasamt, að það geti kallazt sparnaðartill., að ekki sé meira sagt.

Þá er næsta till. Hún er um að lækka þá fjárhæð, sem áætluð er fyrir ýmsum kostnaði í stjórnarráðinu eða ráðuneytunum, og þau rök færð fyrir henni, að þessi fjárhæð sé þarna sett hærri en í gildandi fjárlögum, en rétt sé, að stjórnin komist af með það sama og áður. Þessi fjárhæð mun nú vera miðuð við reynsluna í þessum efnum. Þetta er áætlunarfjárhæð, og mun vera sett miðað við reynsluna, og þess vegna hefur þessi till. náttúrlega engin áhrif í raun

og veru á það, hversu mikið fé er notað í þessu skyni.

Þá kemur næst till. um að lækka fjárveitingu til þess að standast kostnað við þátttöku í alþjóðaráðstefnum. Þetta er einn af þeim liðum, sem mjög hefur borið á góma í umr. á milli hv. meiri hl., stuðningsmanna stjórnarinnar í fjvn., og ríkisstj., og hefur komið fram í þeim umr. mikill vilji til þess að reyna að draga úr þessum kostnaði, ef það væri mögulegt. M. a. hefur hv. meiri hl. fjvn. verið þessa mjög hvetjandi, og ég hef fyrir mitt leyti verið þessa mjög hvetjandi, og ráðh. þeir, sem hér eiga hlut að máli aðallega, þeir sem ákvarða mest sendingar á slíkar ráðstefnur, hafa þetta mál til athugunar hjá sér í framkvæmdinni. Það verður þess vegna áreiðanlega reynt að draga úr, og ég vona, að það verði einhver árangur af því. En það hefur engin áhrif á þetta mál, hvort þessi till. hv. stjórnarandstæðinga verður samþ. eða ekki. Það verður reynt eins og mögulegt er að draga úr þessum kostnaði, og ef tækist að gera það, þá eyðist ekki öll fjárhæðin, sem á fjárlagafrv. er, og þá mætir það óhjákvæmilegum umframgreiðslum annars staðar. En það er út af fyrir sig engin sparnaðartill. að leggja til að lækka þennan lið. Reynslan ein getur skorið úr um það, hvort hér verður raunverulega komið við sparnaði eða ekki, og áreiðanlega hefur hv. meiri hl. fjvn. í viðræðum sínum við ríkisstj. veitt allt það aðhald í því og gert allar þær áskoranir um það efni, sem að haldi geta komið.

Þá er það fjórði liðurinn, að lækka fjárveitingu til mjólkureftirlits um 200 þús. kr. Verð ég að segja, að mér sýnist ekki röksemdafærsla hv. minni hl. benda neitt til þess, þótt þessi liður yrði lækkaður, að það yrði þá raunverulega hægt að komast af með þá fjárhæð, sem eftir væri á fjárlagafrv. Yrði þá aðeins stofnað til umframgreiðslu á liðnum.

Þá er till. um að lækka fjárveitingu til húsaleigu skattstofunnar um 150 þús. kr. Um þetta skal ég ekkert fullyrða. Forráðamenn skattstofunnar hafa talið sér alveg nauðsynlegt að hafa þetta húsnæði eins og það er og hafa talið, að þeir hafi undanfarið búið við algerlega óviðunandi húsnæðisskilyrði.

Um húsaleigueftirlitið er það að segja, að félmrn. telur ekki fært að fella þann lið niður, það verði að halda uppi þessum kostnaði, og ef það er nauðsynlegt, verður hann að vera á fjárl., því að annars verður umframgreiðsla, sem þessari lækkun svarar, enda skilst mér, að lögboðið sé að hafa þetta eins og gert er ráð fyrir í fjárl.

Loks kemur svo aðaltill. um að fella niður eða lækka um 3 millj. framlagið til strandferða. Það er fróðlegt að sjá, að þegar Sjálfstfl. loksins flytur örfáar smátill. til niðurfærslu, er aðaltill. um að skera niður strandferðaframlagið. Það er fróðlegt að sjá, að það er þarna, sem þeim finnst helzt vera hægt að skera niður. Það má vel vera, að það ætti að breyta til á næstunni eitthvað um skipakost skipaútgerðarinnar, en víst er, að þjónustan má ekki rýrna, og þá er óraunhæft að skera niður framlögin til strandferðanna, enda er þessi till. líka óraunhæf að því leyti til, að þessi sparnaður mundi aldrei koma fram á næsta ári, jafnvel þótt farið væri eftir till. tillögumanna um að kippa Esjunni úr umferð.

Sú stefna að selja bara Esju og ætla einu skipi farþegaflutningana mundi valda stórfelldri afturför í samgöngum á sjó við strendur landsins, og þetta mál allt saman, strandferðamálið, er miklu vandasamara og meira mál en svo, að það sé hægt að afgreiða það með till. eins og þessari, sem kastað er fram óundirbúið og verður raunar að teljast yfirskin eitt, eins og hún liggur fyrir, a. m. k. að því er varðar sparnað af framkvæmd hennar næsta ár.

Það kemur nú fram af þessu, sem ég hef sagt, alveg glöggt, að flestar af þeim till., sem hv. minni hl. telur sparnaðartill., eru einvörðungu málamyndatill., sem engin áhrif mundu hafa á ríkisbúskapinn og alls ekki hafa þau áhrif á næsta ári, sem látið er í veðri vaka af hv. tillögumönnum.

Ég vil svo að lokum aðeins benda á, að hv. minni hl. hefur mjög gagnrýnt þá afgreiðslu á fjárl., sem fyrirhuguð er, og fært fyrir því ástæður frá sínu sjónarmiði. En þeir eiga enn eftir það, sem mikilsverðast er, og það er að gera grein fyrir því, hvernig þeir vildu þá afgreiða fjárl., fyrst þeir telja slíka óhæfu að afgreiða þau á þann hátt, sem nú er gert ráð fyrir. Þeir telja alveg óhæfu að taka dýrtíðargreiðslurnar út að einhverju eða öllu leyti. Það er gert ráð fyrir að taka út 65 millj., sem þeir eru á móti, og þeir mundu sjálfsagt í framhaldi af því telja eðlilegt, að inn væru settar 20—23 millj. til að standa undir þeim niðurgreiðslum, sem ekki eru taldar á frv. Þetta eru samtals um 88 millj. Og þó að við tækjum málamyndatill. þeirra til lækkunar til greina, sem nema 5 millj., mundi eftir þeirra mati vera a. m. k. um 83 millj. kr. bil, sem ætti að brúa. Og þá kemur spurningin: Hvernig vilja þeir brúa þetta bil? Hvernig vilja þeir afgreiða fjárl., fyrst þeim finnst alger fjarstæða að afgreiða þau á þann hátt, sem meiri hl. stingur upp á? Það mun áreiðanlega verða tekið eftir því, hverjar till. þeir hafa um þetta, því að ég trúi því ekki, að það sé raunverulega þannig, að allar till. þeirra séu komnar fram og að þeir ætli ekki að leggja fram till. um það, hvernig eigi að afgr. fjárl., því að um það hefur engin till. komið af þeirra hendi. Þetta er allt í þoku, engin mynd af því, hvernig þeirra afstaða er í heild. Eins og afstaða þeirra liggur nú fyrir, endar þar allt í botnleysu.

Frsm. samvn. samgm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa unnið að því sameiginlega, eins og venja er, að undirbúa till. um framlög til flóabáta og vöruflutninga, og liggur álit samvinnunefndarinnar fyrir á þskj. 197.

Ekki er hægt að komast hjá því að hafa í rekstri báta á allmörgum stöðum kringum strendur landsins til þess að veita þjónustu þeim byggðarlögum, sem afskekkt eru og hafa mjög takmarkaða aðstöðu til þess að njóta samgangna á landi eða með flugvélum.

Ég skal fara örfáum orðum um þær till., sem

samvn. gerir að þessu sinni, og drepa á meginatriðin, sem þar koma til greina.

Djúpbáturinn annast ferðir um Ísafjarðardjúp til byggðanna, sem liggja inn með Djúpinu, og að vetrarlagi verður hann að halda uppi ferðum allt til Önundarfjarðar a. m. k., vegna mjólkurflutninga, þegar landleiðin er lokuð. Á þessu svæði eru vegasambönd mjög torveld, og er því ekki hægt að komast hjá að hafa þennan bát í förum.

Samvn. leggur til, að rekstrarstyrkur til Djúpbátsins verði ákveðinn hinn sami og s. l. ár, 460 þús. kr., en að auki verði veittar 75 þús. kr. vegna endurbóta á bátnum, sem óhjákvæmilegar eru. Enn fremur leggur n. til, að heimilað verði í 22. gr. fjárl. að greiða á næsta ári, ef óhjákvæmilegt reynist, rekstrarhalla vegna Djúpbátsins, allt að 50 þús. kr.

Strandabátur heldur uppi ferðum milli Hólmavíkur og nyrztu byggða Strandasýslu. Norðurlandsbátur heldur uppi ferðum um Skagafjörð og Eyjafjörð og m. a. til Grímseyjar. Framlagi vegna Haganesvíkurbáts hefur verið varið til þess að greiða fyrir samgöngum á því svæði, í Haganesvík og byggðunum þar í grennd, en Hríseyjarbátur heldur uppi ferðum milli Hríseyjar á Eyjafirði og byggðanna þar í grennd. Nefndin leggur til, að framlag til Hríseyjarbáts hækki um 2000 kr. frá því, sem var skv. fjárlögum þessa árs, en framlög til hinna bátanna, sem ég nefndi, standi óbreytt frá því, sem nú er.

Hið sama er að segja um Flateyjarbát á Skjálfanda, að hann heldur uppi ferðum milli Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda. En Flateyingar hafa ekki aðstöðu til þess að njóta flugsamgangna, og strandferðaskip ríkisins koma mjög sjaldan við í Flatey, svo að nær einu samgöngurnar, sem íbúar eyjarinnar njóta, eru þessi bátur, sem siglir til eyjarinnar frá Húsavík. Nefndin leggur til, að það framlag, sem veitt er til rekstrar þess báts, haldist óbreytt frá því, sem það er á þessu ári.

Loðmundarfjörður er fámenn byggð, en sú fámenna byggð er mjög illa sett að því er samgöngur snertir. Þangað liggur ekkert vegarsamband og ekki flugsamgöngur, svo að eina þjónustan, sem sú byggð hefur hvað samgöngur snertir, er bátur, sem gengur milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar. Samvn. leggur til, að framlag til þess báts haldist óbreytt að því er rekstrarkostnað snertir, en vegna sérstakra viðgerða, sem þurftu að fara fram á bátnum, leggur n. til, að veittar verði 10 þús. kr.

Um Mjóafjörð er mjög svipað að segja og Loðmundarfjörð, að það er fremur fámenn byggð og mjög einangruð. Ekki er hægt að komast hjá því að halda uppi samgöngum við það byggðarlag með bát, sem gengur milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar að staðaldri, m. a. vegna flutnings á afurðum bændanna í Mjóafirði. Nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til Mjóafjarðarbáts verði óbreyttur frá því, sem er á þessu ári, að styrkur, sem veittur hefur verið til vélakaupa, haldist að nokkru leyti, en lækki þó um 10 þús. kr. frá því, sem nú er. En upp í till. n. er tekinn nýr liður, 30 þús. kr., vegna ferða þessa báts milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar. En mikil þörf þykir á því yfir vetrarmánuðina að halda uppi þeim ferðum, þegar vegir eru tepptir vegna snjóalaga.

Vestur-Skaftafellssýsla hefur um mörg undanfarin ár notið nokkurs styrks vegna sérstakra erfiðleika á vöruflutningum svo langan veg sem Vestur-Skaftfellingar þurfa að fara til verzlunarstaða. Gert er ráð fyrir því í þessum till., sem hér liggja fyrir, að það framlag verði óbreytt frá því, sem er í fjárl. þessa árs.

Hið sama er að segja um framlag vegna vöruflutninga til Öræfa í Austur-Skaftafellssýslu og um styrk vegna bátaferða á Hornafirði, að n. gerir ráð fyrir, að það framlag haldist óbreytt frá því, sem nú er, og ferðunum verði hagað á sama hátt og verið hefur.

Vestmannaeyjar eru mjög illa settar að því leyti, sem snýr að framleiðslu landbúnaðarafurða. Óhjákvæmilegt er fyrir svo fjölmenna byggð sem Vestmannaeyjar eru orðnar að fá mjólkurafurðir fluttar eftir þörfum neytenda í Eyjum. Undanfarin ár hefur verið séð fyrir þeim flutningum á þann hátt að halda uppi ferðum báts að staðaldri milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Á næsta ári verður að sjálfsögðu að halda þeim ferðum uppi á sama hátt og verið hefur, og leggur samvn. samgm. til, að framlag vegna þeirra ferða verði hið sama og nú er veitt samkvæmt fjárl. þessa árs. En eins og kunnugt er, þá er unnið að því að láta smíða sérstakt skip fyrir Vestmannaeyjar og nálægar hafnir, og þegar það skip verður fullbúið og tekið í þjónustu eyjanna, má vænta þess, að þessar bátaferðir leggist niður.

Hlutafélagið Skallagrímur í Borgarnesi fékk nýtt skip og vandað á árinu 1956 í sína þjónustu, og heldur það skip uppi daglegum ferðum milli Reykjavíkur annars vegar og Akraness og Borgarness hins vegar. Sótt hefur verið til samvn. samgm. um mjög mikla hækkun á framlagi vegna þessara ferða. Umsókn stjórnar Skallagríms h/f er um 900 þús. kr. framlag vegna ferða skipsins. Hún er rökstudd með því, að í fyrsta lagi reynist halli á rekstri skipsins. Í öðru lagi hvíli á hlutafélaginu mikil skuldabyrði vegna stofnkostnaðar, eða hátt á 3. millj. kr., og standi sú skuld í Danmörku. Og í þriðja lagi hafi félagið orðið að ráðast í kaup á gúmmíbjörgunarbátum, sem því hafi verið gert skylt að tilhlutun stjórnarvalda að hafa sem öryggistæki í skipinu, það séu 12 20 manna bátar og kostnaður af því nemi um 150 þús. kr. Á hinn bóginn er á það að líta, að taxtar fyrir vöruflutninga á þessari leið eru mun lægri en taxtar hjá Skipaútgerð ríkisins. Stjórn hlutafélagsins, sem annast rekstur þessa skips, hefur gert grein fyrir því, að hún hafi oftar en einu sinni farið þess á leit við verðlagsyfirvöldin að fá að hækka taxtana að nokkrum mun og færa þá nær töxtum Skipaútgerðar ríkisins en nú er og auka tekjur fyrirtækisins á þann hátt. En þessari beiðni hefur fram að þessu verið synjað af verðlagsyfirvöldum, sjálfsagt með það sjónarmið í huga að halda þessum flutningatöxtum niðri og þar af leiðandi koma í veg fyrir verðhækkun þeirrar vöru, sem þannig er flutt.

Samvn. telur, að ekki sé hægt að komast hjá því til lengdar að leyfa útgerðarstjórn skipsins

að hækka taxta sína að nokkrum mun og færa þá nær töxtum Skipaútgerðar ríkisins en nú á sér stað. Og með sérstöku tilliti til þess hefur n. talið, að komast mætti af með að hækka styrkinn til Akraborgar um 50 þús. kr., og er till. n. byggð á því.

Á Breiðafirði sigla í raun og veru 3 bátar, sem halda uppi samgöngum við strönd Breiðafjarðar bæði að sunnan og norðan. Lagt er til, að svonefndur Langeyjarnesbátur, sem fer ferðir á Skógarströnd og til nokkurra staða í Dalasýslu, haldi óbreyttu framlagi eins og honum er veitt samkvæmt fjárl. þessa árs. Gert er ráð fyrir, að svonefndur Flateyjarbátur á Breiðafirði, sem heldur uppi ferðum á marga staði í Barðastrandarsýslu, fái hækkun á sínu framlagi, sem nemur 10 þús. kr. En n. hefur kynnt sér, að fjárhagur þess útgerðarfélags, sem rekur svonefndan Stykkishólmsbát, stendur mjög höllum fæti, m. a. vegna mikils viðgerðarkostnaðar, sem óhjákvæmilegt var að leggja í nú í haust. Með tilliti til þess leggur n. til, að framlag til þess báts hækki um 100 þús. kr. frá því, sem það er samkvæmt fjárl. þessa árs.

Þá hefur n. leyft sér að verða við eindregnum umsóknum, sem fyrir henni lágu um lítils háttar stuðning til bátaferða á Dýrafirði og Arnarfirði, og tekur upp í till. sínar 10 þús. kr. til hvors þeirra.

Samkvæmt till. samvn., sem ég hef nú gert grein fyrir í einstökum atriðum, nema framlög til flóabáta og vöruflutninga samtals 3 millj. 78 þús. og 600 kr., og er það 287 þús. kr. hærri fjárhæð en veitt er í sama skyni á þessu ári.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er rétt, að við sjálfstæðismenn höfum furðað okkur mikið á fjárlagaafgreiðslunni nú, en við 2. umr. var þó nokkuð í vændum, að stjórnarliðið ætti þess enn einhverja möguleika að rétta sig við, og a. m. k. minnir mig, að hæstv. fjmrh. hafi lofað því, að þeir skyldu þó, áður en lyki, koma með sínar till. En hefur hæstv. fjmrh. staðið við það? Það var töluvert meiri móður í hæstv. fjmrh. við 2. umr. en nú og er það ofur skiljanlegt.

Í fyrra, þegar fjárl. voru lögð fram, var hæstv. ríkisstj. ekki enn tilbúin með efnahagsmálatill. sínar. Og í haust, þegar fjárl. voru lögð fram eða þegar þing kemur saman, voru till. ekki til, af því að það vantar samráð við stjórnarflokkana. Þegar svo kemur fram undir jólin, eru ekki enn þá till. til, og nú, þegar verið er að ljúka þessari svokölluðu afgreiðslu fjárl., er ekki enn þá lokið athugun hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokka á efnahagsmálum þjóðarinnar og hvað til bragðs eigi að taka.

Það, sem síðast er svo haldreipið hjá hæstv. fjmrh., er þetta: Ja, enda þótt við séum nú komnir að því að ganga frá hinni svokölluðu afgreiðslu fjárlaga og enda þótt mönnum dyljist þá ekki, að við höfum í raun og veru ekki komið með þær till., sem með réttu er hægt að ætlast til og við í raun og veru lofuðum, þá verða menn þó að gera sér grein fyrir því, að þó að við höfum ekki staðið okkur vel, þá sé ég ekki, að hæstv. stjórnarandstaða standi sig miklu betur, því að ekki er hún farin að koma með till. enn um það, hvernig eigi að afgreiða fjárlög.

Því hefur verið haldið hér fram, að það hafi verið auglýst eftir úr fjmrn. till. í sambandi við afgreiðslu fjárl., og stjórnarflokkarnir hafa auglýst eftir till. frá hv. stjórnarandstöðu. En menn verða að átta sig á því, að í þessum efnum fara menn villir vegar. Það á ekki að auglýsa eftir till. um afgreiðslu fjárl. frá þeim, sem bera ábyrgð á afgreiðslu þeirra, heldur á að auglýsa eftir fjmrh.

Hæstv. fjmrh. segir: Það verður tekið eftir því, að stjórnarandstaðan hefur ekki komið með till. um það, hvernig á að brúa það djúp milli útgjalda og tekna, sem stjórnarsinnum og ríkisstj. hefur ekki tekizt að brúa. — Og hann sagðist ekki trúa því, að stjórnarandstaðan ætti ekki enn eftir að koma með till. um þetta, og ef hún kæmi ekki með till. um þetta, þá endaði allt í botnleysu. Þetta voru óbreytt orð hæstv. fjmrh. Ef nú hér eftir koma ekki fram till. frá stjórnarandstöðunni um það, hvernig raunverulega á að brúa djúpið, þ. e. a. s. greiðsluhalladjúpið, sem raunverulega er á fjárlfrv., þá segir hæstv. fjmrh.: Ja, þá lendir allt í botnleysu. — Við vitum þá, að það er í botnleysu, eins og gengið er frá þessu af hæstv. fjmrh. og hv. stuðningsflokkum ríkisstj. En við sjálfstæðismenn höfum marglagt áherzlu á það, að efni málsins er þannig, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að stjórnarandstaða, hvorki hér né í öðrum löndum, sem svipað stjórnarfar og stjórnskipun hafa og við, geri till. um, hvernig eigi að afgreiða fjárl., þegar úrræðaleysið hefur ráðið öllu hjá sjálfri ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. Og við höfum bent á það, að í sumum löndum, sem skyldast stjórnarfar og stjórnskipun hafa og við, hefur ekki stjórnarandstaðan einu sinni leyfi til þess að bera fram till. til breytinga á fjárl. Þar er þetta höfuðverkefni ríkisstj. Hún verður svo að standa og falla með því, hvernig þessar till. og hvernig fjárl. eru gagnrýnd af hálfu stjórnarandstöðunnar og hvaða dóm kjósendurnir fella um stjórnmálaforustuna á hverjum tíma eða þegar þeir hafa aðstöðu til þess.

Ég held, að í raun og veru sé naumast hægt að hugsa sér lélegri frammistöðu hjá neinum ráðh. í meðferð nokkurs málaflokks en þessum, sem fer með fjármál og auglýsir stöðugt eftir till. stjórnarandstöðunnar og ef þær ekki komi fram, þegar á að fara að ganga til síðustu atkvgr., þá lendi allt í botnleysu.

Hæstv. fjmrh. sagði: Það er engu leynt við meðferð þessa máls, eins og hún er. Ef fjárlagaafgreiðslunni hefði verið frestað fram yfir áramót, þá var verið að leyna almenning því, hvað verða mundi, því að þá vissi enginn, hvað við tæki.

Það er ekkert í þessari fjárlagaafgreiðslu, sem nú fer fram, sem máli skiptir, sem menn hefðu ekki getað gert sér grein fyrir, þó að fjárlagaafgreiðslu hefði verið frestað. Það, sem menn biðu eftir í sambandi við síðustu afgreiðslu fjárl., var meginstefnan í efnahags- og fjármálunum og hvernig ríkisstj., sem lagði fram fjárl. með greiðsluhalla upp á nærri 100 milljónir

króna, ætlaði að ráða fram úr þessum vanda. Það var það, sem menn ekki vissu, og það var það, sem menn biðu eftir með mestri eftirvæntingu. Og það er það, sem menn bíða eftir enn að sjá. M. ö. o.: almenningur hefur ekki orðið neins vísari við þá meðferð málanna, sem hér er um að ræða. Hins vegar er það von stjórnarflokkanna, að almenningur misskilji málsmeðferð þeirra þannig, að þeir hafi ekki látið standa upp á sig að afgreiða fjárlög næsta árs fyrir áramótin.

Það er engu leynt með þessu, segir hæstv. fjmrh. Hvað segja stjórnarblöðin? Hvað segir blað stærsta stjórnarstuðningsflokksins í morgun? Þjóðviljinn segir þar: „Fjárlagafrv. verður afgreitt án tekjuhalla.“ Hann segir enn fremur, að meiri hl. fjvn. hafi skilað framhaldsnál. í gær og lagt fram brtt. sínar, séu þær bæði við tekju- og gjaldabálkinn og miði við, að fjárl. verði afgr. með 83.6 millj. kr. rekstrarafgangi og 295 þús. kr. greiðsluafgangi. Þetta er það, sem fólkinu er boðað. Það er búið að ganga þannig frá fjárl. Það er enginn greiðsluhalli á þeim, mikill tekjuafgangur. Er þetta ekki nóg? Höfum við ekki staðið okkur vel? Það er ekkert verið að leggja áherzlu á það, að til þess að gera þetta er frestað því, sem máli skiptir. Það, sem hæstv. fjmrh. viðurkennir hér í ræðunni áðan fyrir framan þm., er alveg rétt. Honum dettur ekki í hug að fara að reyna að blekkja þm. í þessu sambandi. En það á að blekkja þjóðina. Það á að leyna þjóðina, það á að svíkjast aftan að þjóðinni í þessu máli eins og öðrum veigamiklum málum hjá hæstv. ríkisstj. Það er þess vegna, sem þessi fjárlagaafgreiðsla verður í sögu þingsins eftir á talin sú aumasta fram að þessum tíma, sem nokkru sinni hefur átt sér stað.

Mönnum geta að vísu verið mislagðar hendur við afgreiðslu fjárl og e. t. v. tekið stefnu, sem eftir á verður talin röng. En fjárlagaafgreiðslan nú byggist á fullkomnu stefnuleysi, úrræðaleysi og þögn fram á elleftu stund, því að því er frestað, sem máli skiptir, og það er gert með þeim stórfurðulega hætti, að það, sem nú á að kalla greiðsluhallalaus fjárl., er það, eins og fram kom hér við 2. umr., að teknir eru út úr fjárl. útgjaldaliðir upp á 65 millj. kr., ekki felldir niður og ekki tekin út öll útgjöldin til þess að greiða niður dýrtíðina í landinu, heldur brot af þeim og partur af þeim. Af hverju þetta brot? Af hverju ekki meira brot? Það er sama stefnuleysið og úrræðaleysið, fálmið og fumið, en samt skulu fjárl. fram, að nafninu til án greiðsluhalla, og sá boðskapur skal ganga yfir þjóðina, væntanlega í áramótaboðskap þessarar hæstv. ríkisstj.: Fjármálaspekingur Framsfl. og fjármálaspekingur ríkisstj. lét ekki á sér standa. Hann lét afgreiða fjárl. eins og vanalega, og þau voru greiðsluhallalaus. — Þetta verður látið klingja. Hitt má svo bíða, fyrst og fremst fram yfir bæjarstjórnarkosningar. En hvað á þá að gera? Um það er ekkert orð sagt. Um það fær enginn orð að vita, hvorki varðandi útflutningsframleiðslu þjóðarinnar, hvaða ráðstafanir á þar að gera, til þess að brúa bilið, sem enn er í fjárl. og hefur verið dregið út.

Stuðningsmenn Framsfl. eru þegar í dag farnir að tala um það hér á götunum á Reykjavík: ja, eftir bæjarstjórnarkosningar verður auðvitað ekkert um annað að gera en bara að fella gengið. — Þeir eru farnir að tala um það. En það verður auðvitað ekki gert fyrr en eftir bæjarstjórnarkosningar. Og þá þarf ekki þessa niðurgreiðslu, segja sumir. Þess vegna er þetta ágæt ráðstöfun. Engu skal ég spá um það, hvað verða vill, en eitt er víst og það liggur fyrir, að framan í till. stjórnarinnar í efnahagsmálum og í raunverulega afgreiðslu fjárl. fær þjóðin ekki að sjá fyrr en eftir bæjarstjórnarkosningar og sveitarstjórnarkosningar, sem nú fara í hönd.

Það má mikið bjóða mönnum í þessu landi, ef þetta á að þykja góð og gild vara, og sannast að segja heyrðist það nú ósköp glöggt á hæstv. fjmrh., að honum er farið að skiljast, að hér hefur verið skotið yfir markið, og hér hefur verið gengið of langt. Ég hef sjaldan heyrt hann bljúgari en í síðustu ræðu hér í ræðustólnum. Ég veit ekki, hvort hann reynir að spenna sig eitthvað upp hér eftir, svona eins og þegar menn eru í andarslitrunum. Þegar gripir eru í andarslitrunum, koma fjörkippir í þá undir lokin. Ég er ekki með þessu að spá því, að hæstv. fjmrh. hrökkvi upp af, ég óska honum alls góðs persónulega og vona, að hann hafi góða jólagleði, en hann er í andarslitrunum í hugskoti manna sem fjmrh., því að enda þótt hann komi til með að sitja áfram eitthvað í ráðherrastól, þá er þessi hæstv. ráðh. búinn fullkomlega að vanrækja meginskyldur sínar sem ráðh. Hann getur þess vegna setið áfram sem ráðh. og fjármálaráðherranefna, en meira getur hann ekki.

Það er líka margt annað, sem styður að því, að hæstv. fjmrh. mætti gjarnan taka sér frí frá störfum sem slíkur. Hann leyfir sér að segja hér í síðustu ræðu sinni: Það hefur engin áhrif á málið, hvernig Alþingi afgr. fjárl. Þegar sjálfstæðismenn, minni hl. í fjvn., bera fram till. til lækkunar í ákveðnum tilgangi, þá segir hæstv. fjmrh.: Það hefur engin áhrif á afgreiðslu málsins. — M. ö. o.: hann segir: Þetta verður bara afgr. eins og mér sýnist. Mér er alveg sama, hvernig þetta verður samþ. Það breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut, hvort við samþ. þessa till., hvort fjárveiting er hundrað eða hundruðum þús. kr. hærri eða lægri, það kemur ekkert málinu við, það hefur engin áhrif á málið, segir hæstv. fjmrh. Að hugsa sér slíka lítilsvirðingu fyrir þinginu, þegar það er að afgr. fjárl. Og þeir menn eru langt gengnir, sem láta sér verða annað eins og þetta á munni, að það hafi engin áhrif um það, hvað þingið segi í raun og veru um afgreiðslu fjárl., það fari bara eftir því, hvernig honum þóknist að haga málunum, þegar fjárlagaafgreiðslu er lokið. Hæstv. fjmrh. segir: Ja, meiri hl. hefur verið að ræða um það við stjórnina að haga þannig málum, að það verði sparað á þessum lið. Samt sem áður viljum við ekki lækka hann. Nei, nei, því að það hefur engin áhrif, hvað þingið ákveður í þessu sambandi.

Nei, þetta tvennt, að ef á síðustu stundu komi nú ekki einhverjar till. frá sjálfstæðismönnum eða stjórnarandstöðunni við afgreiðslu fjárl., þá lendi nú allt í botnleysu, og í öðru lagi hafi

það engin áhrif á málið, hvaða till. sjálfstæðismenn bera fram eða hvernig þær verða afgr., — það er ótrúlegt, að jafnþaulreyndum og gömlum þm. og jafnreyndum manni og hæstv. fjmrh. er skuli verða slíkt á eins og þetta og í ekki lengri ræðu en áðan var þó flutt og af ekki meiri móði. Ekki var hægt að segja, að hann hefði talað af sér í einhverjum æsingi, það var síður en svo. Þetta er bara svo fast í hugskoti hæstv. ráðh., þessir meingallar á meðferð fjármálanna, að þeir skjótast upp úr honum, án þess að hann hafi áttað sig á því.

Hæstv. fjmrh. segir, að tekjuáætlunin sé orðin teygð, — já, hún er orðin teygð, bara held ég yfirteygð. Hvenær höfum við ekki heyrt þetta hjá hæstv. fjmrh. á undanförnum árum við afgreiðslu fjárl.? Það má ekki fara lengra í að áætla tekjurnar hærri. Þetta er orðið teygt.

Ef við lítum á þessi mál á undanförnum árum, kemur í ljós, að á árinu 1956 eru tekjurnar áætlaðar í fjárl. 648 millj., verða 752 millj., eða tekjurnar verða 104 millj. meiri en áætlað var. 1955 eru tekjurnar áætlaðar 513 millj. í fjárl., fullteygðar, að dómi hæstv. fjmrh., reynast svo 646 millj., eða 133 millj. fram úr áætlun fjárl. 1954: 443 millj. kr., fullteygð áætlun að dómi hæstv. fjmrh., verða 551 millj. kr., eða 108 millj. kr. fram úr áætlun. 1953: 418 millj. kr. tekjuáætlun í fjárl. og verða 510 millj., eða 92 millj. kr. fram úr áætlun. Hæstv. fjmrh. hefur alltaf öll þessi ár sagt, að tekjuáætlun væri óvarleg og að hún væri fullteygð. Það verður þess vegna og ber að taka mjög varlega dóm hæstv. fjmrh. í þessu efni.

Hitt er svo rétt, að tekjurnar hafa ekki farið eins mikið fram úr áætlun á fyrsta ári hæstv. núverandi ríkisstj., vinstri stjórnarinnar í landinu, og munar þar miklu frá því, sem áður var. Og hæstv. fjmrh. heldur kannske, að það sé búið að teygja svo fjárþol manna í landinu og atvinnuveganna við hálfs annars árs stjórn núverandi hæstv. ríkisstj., að það sé betra að fara hér mun varlegar í þessum efnum en áður. Að því leyti get ég verið þessum hæstv. ráðh. sammála, að meiri varúðar þurfi að gæta nú í þessum efnum en áður. Hitt er svo augljóst mál, eins og hv. 2. þm. Eyf. sýndi fram á, að töluverður greiðsluafgangur verður á árinu 1957, þó að hæstv. fjmrh. léti í það skína við fjárlagaumræðuna á sínum tíma, að sennilega, ef ég man rétt, mundi upp á vanta þessar tekjur. Þess vegna er full ástæða til að ætla, enda þótt þessi stjórn fái að sitja við völd næsta ár, að vænta megi töluverðra tekna umfram það, sem nú er áætlað af stjórnarliðinu, og spurningin er þá um hitt, að viðkomandi aðilar, sem fara með ríkisfjármálin og bera ábyrgð á þeim, verða þá að kappkosta meir en verið hefur, að útgjöldin fari ekki fram úr því, sem áætlað er.

Við sjálfstæðismenn teljum því, að okkur sé fullkomlega réttmætt að bera fram viðbótartill. við þessi fjárl. í ljósi þeirrar reynslu, sem fyrir liggur, og þess bezta mats, sem við höfum aðstöðu til að hafa á því, hvað ætla megi tekjurnar, og þar af leiðandi munum við bera fram nokkrar till. til útgjaldahækkunar á fjárl. án þess að bera fram sérstakar till. til tekjuhækkunar. Það væri að vísu hægt að fara sömu leið og hv. meiri hl. fjvn., hækka 170 millj. kr. tekjur um 4—6 millj., 80—90 millj. kr. tekjur á þessum lið um 2—3 millj., 36—37 millj. kr. tekjur á þriðja liðnum um 1 millj. o. s. frv., þetta væri hægt og hægt að ná því marki, sem miðað er við í útgjaldatill. okkar, hvað sem það kann nú að verða, en við teljum það ástæðulaust. En við teljum líka alvarlegt að afgr. fjárl. hér á þann hátt, að það er full ástæða til þess að ætla, að tekjurnar verði umfram það, sem áætlað er, og að núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar fái fé umfram áætlaðar tekjur til að bruðla með. Þessum hæstv. herrum er ekki treystandi til þess. Það er betra að hafa það bundið og fyllilega bundið, sem ætla verður að tekjurnar geti orðið.

Mér finnst svo ekki ástæða til á þessu stigi málsins að hafa fleiri orð um þessa hlið afgreiðslu fjármálanna, hina almennu hlið hennar. Það er auðvitað að verða bæði þingheimi öllum og öllum almenningi ljóst, hversu gersamlega er hér farið að öðruvísi, hygg ég, en nokkru sinni áður fyrr og hversu áberandi úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. er.

Það hefur ekki enn þá verið útbýtt þeim till., sem ég ásamt nokkrum öðrum þm. Sjálfstfl. flyt, en ég mun engu að síður gera þær nú þegar að umtalsefni.

Ég vil þá í fyrsta lagi víkja að framlögunum til íþróttasjóðs. Ég hef á undanförnum þingum æ ofan í æ borið fram till. um hækkuð framlög almennt til íþróttasjóðs til þess að mæta hinni miklu þörf, sem fyrir hendi er í raun og veru alls staðar á landinu, og einnig borið fram sérstakar till. um aukin framlög til íþróttaleikvangsins í Laugardal, sem er aðalíþróttaleikvangur landsins. Þetta hefur því miður mætt litlum skilningi, bæði nú upp á síðkastið og eins af fyrrverandi hæstv. ríkisstjórnum, og hef ég í sjálfu sér ekki fram til þessa gert neitt þar upp á milli. Vil ég alveg sérstaklega taka það fram, að þegar svo var komið, að hinn nýi íþróttaleikvangur í Laugardalnum var á s. l. sumri opnaður hér til fyrstu leika, án þess að honum væri fullokið, þá tók ég það greinilega fram, að að mínum dómi hefði skort á það, bæði fyrr og nú, að nægjanlega mikið fé væri ætlað til íþróttasjóðs og einnig sérstaklega til íþróttaleikvangsins í Laugardalnum. Ég talaði um það þá, að það væri mikið fé, sem á vantaði, að íþróttasjóður gæti staðið við áætlaðar skuldbindingar sínar til íþróttaleikvangsins í Laugardal. Ég var sérstaklega víttur fyrir þetta af hæstv. menntmrh., sem ekki lét sér nægja að láta birta í öllum stjórnarblöðunum stóróðar fyrirsagnir um, að ranghermi mitt og fleipur og ósannindi í þessu máli væri leiðrétt af honum, heldur lét hann einnig birta það í ríkisútvarpinu.

Það, sem ég sagði um þetta, var það, með leyfi hæstv. forseta: „Laugardalsnefnd gerði tilraun til þess að fá fjárframlög umfram venju frá bæ og ríki. Bæjarstjórn Reykjavíkur lét ekki á sér standa, þó að fyrri fjárframlög hennar hafi af sumum verið talin eftir. Alþingi féllst ekki á að veita aukaframlag, og á þó íþróttasjóður

ríkisins vangoldnar fleiri millj. kr. til þessara framkvæmda.“

Út af þessum ummælum taldi hæstv. menntmrh. sig þurfa að leiðrétta mig, bæði í ríkisútvarpinu og öllum stjórnarblöðunum.

Ég hef sem formaður Laugardalsnefndar móttekið á hverju einasta ári frá íþróttanefnd undanfarið yfirlit yfir það, hvernig greiðslur stæðu bæði til íþróttamannvirkisins í Laugardalnum og einnig annarra íþróttaframkvæmda, og hefur ævinlega á þessum yfirlitum verið talið vangreitt og vangoldið svo og svo mikið til Laugardalsframkvæmdanna eins og annarra íþróttamannvirkja.

Þessi mál stóðu þannig í júlímánuði í sumar, að þá var hinn ógreiddi hluti íþróttasjóðs orðinn nærri 4 millj. kr. til þessa aðalíþróttaleikvangs landsins, eða 3.7 millj. kr. þann 18. júlí s. l. Hins vegar er það svo, að til þessara framkvæmda hefur íþróttanefnd ríkisins ekki talið sig geta varið nema eftirtöldum upphæðum vegna þess, hve framlögin til íþróttasjóðs hafa verið lág: Árið 1947 106 þús., 1948 94 þús., 1949 50 þús., 1950 40 þús., 1951 100 þús., 1952 420 þús., 1953 70 þús., 1954 110 þús., 1955 120 þús. og 1956 160 þús. 1957 var úthlutað af íþróttanefndinni 200 þús. kr.

Nú geta menn gert þetta reikningsdæmi upp við sig, ef þessu á að halda áfram svona, hversu langan tíma það muni taka, að hægt sé að uppfylla það, sem fyrir löngu hefur verið áætlað, að úr íþróttasjóði væru greidd 40% af kostnaði íþróttaleikvangsins, 40%, því að þegar vangoldið er í sumar um 4 millj. kr., þá er rétt að hafa í huga, að síðan var unnið nokkuð á kostnað bæjarsjóðs Reykjavíkur síðari hluta árs að þessum framkvæmdum, og nú eru á fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar aftur 2 millj. kr. á árinu 1958 til íþróttaleikvangsins í Laugardal. Og af því mundu 40% gera 800 þús. kr., þannig að ef ekki verður um að ræða önnur og meiri framlög en undanfarin ár, þá mundi skuldin við íþróttaleikvanginn í Laugardal, sem er aðalíþróttaleikvangur landsins, vera orðin í lok næsta árs nærri 5 millj. kr.

Ég tel, að hæstv. menntmrh. sérstaklega hafi haft gullvægt tækifæri til þess að leiðrétta það, hversu réttur annars vegar Reykvíkinga og hins vegar íþróttaæskunnar almennt í landinu hefur verið fyrir borð borinn í þessum málum, og ekki sízt vegna þess, að hann gerði sérstakan reka að því að reka af sér slyðruorðið á s. l. sumri í þessu sambandi. Mér er kunnugt um, að þing Íþróttasambands Íslands gerði ályktanir um það — og þær munu hafa borizt hæstv. ráðh. — að auka stórlega framlögin til íþróttasjóðs. En hvað skeði svo, þegar fjárlögin eru lögð fram? Þá er framlagið til íþróttasjóðs lækkað um 300 þús. kr. Þetta hefur verið leiðrétt, og var lagt til af meiri hl. fjvn., að það yrði aftur hækkað upp í það sama, eða 1 milljón og 600 þús. kr. En við munum nú, sjálfstæðismenn, þm. Reykv., gera tilraun til þess enn einu sinni, hvort ekki á að sýna þá sanngirni af hálfu þingsins að koma hér nokkuð til móts við annars vegar hin gífurlegu framlög Reykjavíkurbæjar og hins vegar íþróttaæskuna, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur á gervöllu landinu. Það eru þegar uppi ráðagerðir og áætlanir um að vígja þennan aðalíþróttaleikvang landsins á næsta vori með allsherjar íþróttamóti, þar sem mæta munu íþróttamenn úr öllum sveitum landsins, og þannig mun það einnig verða í framtíðinni, að um leið og byggðir eru íþróttaleikvangar víðs vegar úti um land, mun þessi leikvangur gegna því hlutverki að vera aðalíþróttaleikvangurinn, þar sem stærstu landsmótin verða háð og þar sem millilandakeppni við aðrar þjóðir mun fram fara.

Alþingi á þess enn kost að leiðrétta misfellur, sem átt hafa sér stað, og við leggjum til, að til viðbótar við þessa 1.6 millj. kr. verði ákveðið 2 millj. kr. framlag til íþróttasjóðs til þess að greiða hluta af þeim kostnaði, sem þessum sjóði ber að greiða til þessa mannvirkis og er ekki nema lítill hluti af því, því að eins og ég sagði áðan, er skuldin þegar orðin yfir 4 millj. kr.

Ég vil alveg sérstaklega mega vænta stuðnings hæstv. menntmrh. við þessa till. okkar eftir það, sem er á undan gengið, og einnig vegna þess, að hann er nú þm. Reykv., og það verður að ætla að a. m. k. þm. Reykv. í stjórnarliðinu reyni þó á einhvern hátt að sýna lit á því að standa með þeim sanngjörnu kröfum, sem fram eru bornar vegna þeirra kjördæmis. En sannleikurinn er sá, að þetta mál, sem hér er fram borið, á ekki aðeins við Reykjavík, heldur allt landið, eins og ég sagði, en á fjöldamörgum öðrum sviðum hefur réttur Reykvíkinga fullkomlega verið fyrir borð borinn við afgreiðslu þessara fjárlaga. Þessi núverandi hæstv. ríkisstj. hefur einkennt sig sem stjórn, sem er sérstaklega óvinveitt Reykvíkingum og hagsmunum þeirra. Hún vinnur sýknt og heilagt að því að gera aðstöðu Reykvíkinga erfiðari, og hún ann þeim ekki sama réttar og öðrum borgurum í þessu þjóðfélagi, og það má mikið vera, ef Reykvíkingar eru svo geðlausir menn, að endalaust geti það gengið svo, að þeir láti ekki hæstv. núverandi stjórnarsinna finna það, að þeir ætlast til þess, að þeir fái að njóta a. m. k. svipaðs réttar og aðrir borgarar í þessu þjóðfélagi, en það sé ekki sýknt og heilagt og í einu og öllu gengið á þeirra rétt. Og a. m. k. vænti ég þess, að þeir kunni að vera þess minnugir við þær kosningar, sem nú fara í hönd, og það er enginn vafi á því, að það er það, sem núverandi hæstv. stjórnarflokkar skilja bezt, þegar kjósandinn lætur til sín heyra.

Þetta er ein af þeim till., sem við þm. Reykv. berum fram. Önnur till. er við 17. gr. fjárlaga, en þar er ákveðið framlag 4 millj. kr. skv. 16. gr. laga nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis o. fl. Við höfum borið fram frv., sjálfstæðismenn, um að hækka þetta framlag upp í 12 millj. kr., og mundi það vera lágmark til þess að mæta þeim þörfum, sem fyrirsjáanlegar og augljósar eru, til þess að sveitar- og bæjarfélögin geti unnið sómasamlega að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, annars vegar Reykjavík og hins vegar aðrir staðir á landinu. Allir bæjarfulltrúar í Reykjavík, hvar í flokki sem þeir eru, stóðu að slíkri ályktun og áskorun og beindu sérstaklega til þm. Reykv. að beita

sér fyrir því og í samráði við fulltrúa sveitarstjórna, sem sæti eiga á Alþingi, að þeir freistuðu þess að fá þetta framlag hækkað. Ég leitaði hófanna um það að fá samstöðu við stjórnarflokkana um flutning þessa máls sérstaklega, en fékk ekki áheyrn. Engu að síður tel ég ekki rétt að gefa upp alla von um það, að þessir menn sjái að sér, og við sjálfstæðismenn freistum því að bera fram till. um það, að fyrir utan þetta framlag ákveði Alþingi viðbótarframlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögunum, 8 millj. kr., og yrði þá heildarframlagið 12 millj. kr. í samræmi við áskorun bæjarstjórnar Reykjavíkur og eins og ætla má og sýna má fram á að sé það minnsta framlag frá ríkissjóði, ef hann vill viðurkenna skyldu sína til þess að koma til móts við bæjar- og sveitarfélögin til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði.

Í dag eru aðstæðurnar þannig, eins og ég hef áður sýnt fram á í þessu máli, að á undanförnum þremur árum hefur bæjarsjóður Reykjavíkur varið til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis 34½ millj. kr., á sama tíma sem Reykjavík hefur fengið frá ríkissjóði í þessu skyni 10 millj. kr. Á enn við svo búið að standa, að í þessu máli eins og öðrum séu Reykvíkingar settir á annan bekk en aðrir borgarar þessa þjóðfélags? Það er greinilegt, að það verður ofvaxið getu bæjarsjóðs Reykjavíkur að halda þessu máli þannig áfram, og þegar einnig er vitað, að lánsfjármöguleikarnir eru takmarkaðir eða kannske engir til þess að mæta þörfunum, þá er það beinlínis á ábyrgð núverandi hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, ef komið verður í veg fyrir, að hægt sé að halda áfram þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði og fyrst og fremst til þess að rífa herskálana hér í höfuðstaðnum og annars staðar, þar sem þeir enn eru notaðir til íbúðar í landinu. Og vilja hæstv. stjórnarflokkar taka á sig þessa þungu ábyrgð, þverskallast stöðugt við jafnsanngjörnum kröfum og hér eru fram bornar af hálfu þeirra, sem búa í höfuðstaðnum, sem er þó jafnstór hluti og raun ber vitni um af borgurunum í landinu í heild, og einnig þegar haft er í huga, hversu mikill hluti af ríkistekjunum á hverjum tíma er einmitt tekinn af borgurunum í Reykjavík og þeirri atvinnustarfsemi, sem þar fer fram? Ef hæstv. stjórnarlið vill skella skollaeyrum við hverri einustu till., sem hér er fram borin til þess að rétta við aðstöðu Reykvíkinga aðeins til samræmis við aðra, þá mun heldur engum dyljast, að stjórnin hefur beinlínis tekið sér fyrir hendur að mismuna Reykvíkingum miðað við aðra borgara í þjóðfélaginu.

Það er alveg rétt, að sumum finnst vera byggt nægilega mikið í þessu landi og of mikið, en ég vil halda því fram, að af öllu því, sem byggja þarf, hvort sem það er mikið eða lítið, er þetta forgangskrafa, að bæjarfélögin og valdhafarnir í þjóðfélaginu beiti fyrst og fremst kröftum sínum, eins og nú standa sakir, til þess að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði, að útrýmt verði herskálunum frá stríðsárunum hér, sem ekki er sök — í þessu tilfelli Reykjavíkurbæjar — að standa enn sem ófullkomið íbúðarhúsnæði, ekki sök Reykvíkinga fremur en annarra borgara í þessu þjóðfélagi og utanaðkomandi áhrifa, sem engir gátu á sínum tíma fengið við ráðið.

Þá vil ég víkja að þriðju till., sem ég flyt einn og varðar ábyrgðir og ábyrgðarheimildir ríkisstj. Ég vék að því við 2. umr. fjárlaga, að ég teldi, að við værum komnir eða þingið væri komið allt of langt á þeirri braut að veita ríkisstj., hverri sem hún væri, stórfelldar heimildir, tugi milljóna króna til þess að takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar fyrir hina og aðra aðila í þjóðfélaginu, einstaklinga, félög eða bæjarfélög og hreppsfélög, og mér sýndist, að það væri fullkomin ástæða til, að þessi mál væru tekin fastari tökum en verið hefur. Fyrir um það bil 8 árum, þá held ég, að ábyrgðarskuldbindingarnar, sem ríkið stóð í af slíkum sökum, hafi verið um 250 millj. kr., en munu vera líklega um 500 millj. kr. í árslok 1955, þ. e. a. s. samkvæmt þeim ríkisreikningi, sem síðast hefur komið út. Síðan hefur stórlega við þetta bætzt, á árinu 1956 og á yfirstandandi ári, og í 22. gr. fjárlaganna núna er ríkisstj. heimilað að taka á sig ábyrgðarskuldbindingar allt að um það bil 80 millj. kr.

Ég ætla ekki nú fremur en á fyrra vettvangi, þar sem ég hef minnzt á þetta mál, að sakast við einn flokk eða einstaka menn, en ég held því fram, að þinginu beri skylda til að taka þessi mál öll traustari tökum en verið hefur, að á sama hátt og þegar ábyrgðarheimildir eru veittar í sérstökum lögum, þá hefur þingið fjallað um ábyrgðarheimildirnar á venjulegan hátt, við þrjár umr. í hvorri deild, og málið verið athugað í nefndum, að þá beri að setja almenna löggjöf um ábyrgðarskuldbindingar ríkissjóðs og hvernig hátta skal framkvæmdum þessa máls á hverjum tíma. Meðan hins vegar sú löggjöf hefur ekki verið sett, sem ég tel að þurfi að vinna mjög vandlega að, þá sé tímabært orðið nú, að Alþingi samþykki bráðabirgðaákvæði, sem lýtur að nokkru frekari afskiptum þingsins af þessum málum í framkvæmd en verið hefur.

Ég leyfi mér þess vegna að flytja brtt. við 22. gr., þar sem margvíslegar heimildir eru veittar af ríkisstj., að við hana bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Ábyrgðarheimildir samkv. fjárlögum má ríkisstj. ekki nota nema að fengnum till. fimm manna nefndar, sem kosin skal í sameinuðu Alþingi, þar til sett verða almenn lög um ábyrgðir ríkissjóðs og heimild ríkisstj. til að takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar fyrir ríkissjóð.

Það hefur verið ákvæði í fjárlögunum, bæði fyrr og nú, sem átt hefur að veita nokkuð svipað aðhald til bráðabirgða, meðan löggjöf hefur ekki verið um það sett á öðrum sviðum, eins og t. d. það, sem nú er í 25. lið 22. gr., að ríkisstj. er heimilt að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur. Þetta hefur staðið áður. Nú hefur verið flutt á þinginu frv. að slíkri löggjöf, og ég tel, að þetta bráðabirgðaákvæði hafi vissulega

minnt á mjög verulega og mikla þörf, sem þarna var fyrir hendi, og eins muni verða, ef þingmenn fallast á samþykkt slíkrar till. sem þessarar, hún geti þegar veitt nokkru meiri afskipti sjálfs Alþingis af framkvæmd málanna, sem ég tel ekki að neinn þurfi að sakast um eða til sín að taka, hvað þá sem nokkurt vantraust, heldur að þetta sé eðlileg skipan málanna, en til bráðabirgða, þangað til traustari meðferð þessa máls í heild verður upp tekin, því að ég fæ ekki betur séð en að alveg á sama hátt og það þykir hæfa og vera rétt í einstökum veigamiklum málum, að sett sé löggjöf, sérstök löggjöf um ríkisábyrgðir í tilteknum tilfellum, þá sé eins rétt, að það sé sett almenn löggjöf, sem skapar þann almenna ramma í löggjöfinni, sem fara beri eftir, þegar sérstök og tiltekin löggjöf hefur verið sett um málið. Ég vona, að hv. þm. taki vel þessari vísbendingu, og vildi mega vænta þess, að slík till. eins og þessi næði fram að ganga. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Öllum þessum till. verður útbýtt, eins og ég sagði, þó að útbýting hafi ekki enn fram farið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. gerði ég nokkra grein fyrir skoðun minni á þeirri stefnu, sem fram kæmi í þessu frv., og fjármálaástandinu yfirleitt. En þó að það hafi að engu leyti breytzt, síðan sú umr. fór fram, ætla ég ekki að fara neitt að ítreka af því, sem ég sagði þá, eða fara inn í almenna umræðu um frv. í heild sinni, en segja hér fáein orð út af tveimur atriðum.

Það er þá í fyrsta lagi brtt., sem ég flyt á þskj. 199, VIII., um nokkra hækkun á framlagi til Skagastrandarhafnar.

Svo undarlega hefur við brugðið, að hv. fjvn. flytur till. um, að það skuli einungis borga til þessarar hafnargerðar 50 þús. kr. á árinu 1958, og samkv. upplýsingum hv. frsm. meiri hl. var svona lág fjárveiting ætluð vegna þess, að höfnin átti svo lítið inni í ríkissjóði, einkum vegna þess, að það hafði verið varið til dýpkunar meðfram bryggjunum á s. l. sumri 360 þús. kr. og það lánað til bráðabirgða úr hafnarbótasjóði og lagt fram frá vitamálaskrifstofunni.

Nú hefur sú breyting á þessu orðið, að eins og ég upplýsti hér við 2. umr. og hæstv. sjútvmrh. hafði sagt mér, þá var gert ráð fyrir því, þegar þetta verk var hafið, að síldarbræðslur ríkisins borguðu það að meiri hluta til og höfnin að einhverju leyti.

Nú hefur sjútvmrn. staðfest þetta, og einnig hefur vitamálaskrifstofan með bréfi staðfest það sömuleiðis, að lagt er til, að þessi upphæð skiptist þannig, að síldarbræðslur ríkisins borgi ⅔ af upphæðinni, eða 240 þús., og hitt færist á höfnina, 120 þús. Náttúrlega má segja, að það skipti kannske ekki öllu máli í raun og veru, hvort það eru síldarbræðslur ríkisins eða höfnin, sem greiðir svona framkvæmd, því að hvort tveggja eru ríkisfyrirtæki, síldarbræðslurnar eru, eins og vitað er, eign ríkisins og Skagastrandarhöfn er þannig, að það má heita ríkisfyrirtæki. En ég get ekki unað því, að það sé svo langt gengið, að það sé alveg skorið niður framlag til hafnarinnar af þessum orsökum ofan í 50 þús. kr. Þess vegna hef ég flutt hér brtt. og einungis um það, að þetta sé hækkað upp í 150 þús. kr., sem er náttúrlega alls ófullnægjandi til þess, sem þarna þarf að gera.

Ég hef með bréfi sent hv. fjvn. skýrslu um það og áætlanir frá vitamálastjórninni um það, hvað þarna þurfi að gera, og það er nú hvorki meira né minna en það, sem þarna er áætlað, að það, sem þurfi að gera, kosti 2 millj. 560 þús. Þar af er að vísu meiri hluti viðbætur, en um það bil milljón í kostnaði er viðgerðir, sem er alveg óumflýjanlegt að gera til þess að tryggja þau mannvirki, sem búið er að setja þarna upp og áætlað er að þurfi að vinna fyrir á næsta sumri. Nú er það vitað, að svona fyrirtæki eins og Skagastrandarhöfn hefur ákaflega litla möguleika til lánsfjárútvegunar, og ef ekki er hægt að fá þar aðstoð frá ríkisins hálfu, þá eru möguleikarnir til þess mjög litlir, en þarna eru í veði miklu meiri fjármunir í þessu mannvirki en þessu nemur.

Ég vil þess vegna mega vænta þess, að þessum upplýsingum fengnum, að hv. þm. geti fallizt á þessa litlu brtt., sem ég flyt í þessu skyni. Að öðru leyti skal ég ekki um það fjölyrða.

En um leið vil ég hér segja fáein orð út af tillögum hv. samvn. samgm., sem ég er í, en ég hef skrifað undir nál. hennar með fyrirvara, — ekki af því, að ég álíti fært að óbreyttu skipulagi að halda uppi þessum bátaferðum, sem þarna er um að ræða, en eins og kunnugt er, var fyrir 2 árum samþykkt hér á Alþ. að skipa mþn. til þess að gera tillögur um breytingu á skipulagi á strandferðunum yfirleitt, og þessar sífelldu hækkanir, sem eru á því sviði, eru orðnar þannig, að ég get ekki leynt því, að mig hryllir við því ástandi að hækka þetta alltaf sí og æ frá ári til árs. Samkv. þessum tillögum er það hvorki meira né minna en í 19 liðum, sem þessar bátaferðir eru, og það er komið í það ástand, að það eru flóabátar til afnota fyrir allar sýslur í landinu nema þrjár, og þær þrjár sýslur, sem engin afnot hafa af þessum flóabátaferðum, eru Húnavatnssýslur og Norður-Þingeyjarsýsla. Alveg hringinn í kringum landið — alls staðar annars staðar — eru einhverjir flóabátar í gangi með síhækkandi kostnaði. Þá má náttúrlega segja um fjórðu sýsluna, sem er Rangárvallasýsla, að hún hafi þarna sáralitil afnot af, en hún hefur þó gagn af mjólkurflutningum, sem flóabátur flytur milli lands og Vestmannaeyja. En þessi kostnaður er í raun og veru að nokkru leyti mælikvarði á þá óhóflegu dýrtíðaraukningu, sem hefur gerzt síðustu tvö árin og aldrei hefur farið eins hratt á undanförnum árum, því að samkv. fjárlfrv. fyrir árið 1956 voru til þessara flóabáta áætlaðar 1700 þús. kr., en núna er það komið yfir 3 millj., sem þýðir, að það er 76% hækkun á þessu á tveimur árum.

Nú vil ég segja það, ekki einasta um flóabátana, heldur líka strandferðaskipin yfirleitt, að ég sé ekki nokkra skynsemi í því að láta allan þann kostnað og kostnaðarauka, sem við þetta er, falla með sívaxandi þunga á ríkissjóð og innheimta það með sköttum og jafnframt séu ekki hækkuð nein farmgjöld, sem hafa ekki verið

hækkuð mjög lengi, í stað þess að láta þessa starfsemi að sem allra mestu leyti, — það er náttúrlega ekki hægt alveg, maður getur aldrei búizt við því, — en meira en verið hefur standa undir sér með því, að farmgjöldin séu hækkuð. Það álítur líka forstjóri þessarar stofnunar mjög sanngjarnt og eðlilegt, en segir, að verðlagsyfirvöldin hafi alveg neitað því að fá þarna hækkun á.

En þegar svo er komið, að til strandferða, að flóabátunum meðtöldum, er ætlað á þriðju milljón hærra, eins og er í þessu frv., — á þriðju milljón hærra en til allra þjóðvegalagninga um allt land, þá þykir mér vera komið út í svo miklar öfgar, að ég sé ekki, hvernig á að halda þeirri starfsemi áfram. Það, sem verður að gerast í því sambandi, er það, að það þarf að breyta þarna verulega um skipulag á. En það geta allir menn séð, að ein þingnefnd, eins og hv. samvn. samgm., verður að taka þetta eins og það kemur fyrir og getur ekki annað en lagt þær tillögur til, sem hún hefur þó mjög dregið úr, samkv. því, sem sótt hefur verið um.

Ég vildi skýra frá því, að minn fyrirvari undir nál. er byggður á þessari skoðun, en ekki fyrir það, að ég sé í raun og veru í einstökum atriðum á móti þeim tillögum, sem hér hefur verið mælt fyrir af form. og frsm. hv. samvn. samgm.

Að öðru leyti skal ég ekki fara hér neitt inn á það að fjölyrða um frv. og láta þetta að þessu sinni nægja, en seinna í kvöld kann að vera, að ég segi fáein orð um brtt., sem ekki er komin fram eða ekki er búið að útbýta.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjárl. á þskj. 199, sem er sú XV. þar í röðinni, og vildi segja um hana nokkur orð, þó að ekki þurfi þar langt mál við.

Í lögunum um ferðaskrifstofu ríkisins frá 1947 mun ákveðið, að heimilt sé að greiða úr sérleyfissjóði þann halla, sem verða kann af rekstri ferðaskrifstofu ríkisins. Fyrst í stað var heimildin notuð, og samkv. athugun standa þessi mál nú svo sem hér segir:

Halli ferðaskrifstofunnar var fullgreiddur úr sérleyfisgjaldasjóði til ársloka 1951 og þó aðeins betur. Á árunum 1952—56, að báðum meðtöldum, var hallinn á ferðaskrifstofunni samtals kr. 902685.30, en sú upphæð hefur enn þá ekki verið greidd úr sjóðnum, það sem bezt er vitað.

Í sérleyfisgjaldasjóði voru um áramót s. l. kr. 1426778.00 sem innstæður í bönkum. Sérleyfisgjaldasjóður er þannig til kominn og fær tekjur sínar á þann hátt, að með lögum er sérleyfishöfum skylt að greiða svokallað sérleyfisgjald, sem er 3% af seldum farmiðum. Samkv. lögunum um skipulag fólksflutninga með bifreiðum skal þessu gjaldi aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstj. og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlag í þessu skyni.

Töluvert hefur verið gert að því á undanförnum árum ýmist að lána eða veita styrki úr sjóðnum til veitinga- og gistihúsa, þótt heimild til þess sé hvergi skýr í lögum. Til dæmis mun fyrrv. samgmrh. hafa veitt úr sjóðnum til þessa um 200 þús. kr. árið 1956, og á þessu ári mun vera búið að láta um 230 þús. kr. í sama tilgangi eða fyllilega það, sem eftir varð af tekjum sjóðsins á s. l. ári, þegar greiddur hafði verið kostnaður á því ári við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum, eins og skipulagslögin gera ráð fyrir.

Þar sem nú er vel á rekspöl komið, að því nauðsynjamáli verði hrundið í framkvæmd, að byggð verði afgreiðslustöð í Reykjavík fyrir sérleyfisbifreiðar, hópferðir, vöruflutninga o. fl., eru það eindregin tilmæli Félags sérleyfishafa til hæstv. fjvn. Alþ., að sérleyfisgjaldasjóður verði undanþeginn þeirri kvöð að greiða halla ferðaskrifstofunnar nú og framvegis og að sú upphæð, sem fallin er nú þegar í gjalddaga, verði ekki tekin úr sjóðnum. Þessari ósk Félags sérleyfishafa sá hv. meiri hl. fjvn. sér ekki fært að verða við, og þess vegna er brtt. þessi flutt.

Flutning till. þessarar ber þó ekki að skilja sem andúð gegn starfsemi ferðaskrifstofunnar, nema síður sé. Hér er einungis farið fram á, að sama ástand ríki í þessum málum um greiðslur úr sjóðnum og ríkt hefur frá árslokum 1951, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um tillöguna. Hún er lítil í sniðum og auðvelt að sjá, hver tilgangur hennar er.

Ég vænti að lokum stuðnings hv. alþm. við tillöguna til framgangs því, sem ég hef hér á drepið.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil aðeins með fáum orðum gera grein fyrir nokkrum tillögum, sem ég ber fram á þskj. 199. Þær eru 4 talsins og þó í rauninni ekki nema 3, því að 1. og 2. tillaga heyra saman, þannig að aðra leiðir af hinni.

Ein af þessum tillögum er í hækkunarátt. Það er till., sem ég flutti við 2. umr. og tók þá til baka og flyt nú enn. Hún fjallar um, að rekstrarstyrkur til St. Jósefs-spítalanna verði hækkaður úr 525 þús. upp í 750 þús. kr. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá till., því að eins og ég sagði, þá gerði ég grein fyrir henni við 2. umr. Ég vil aðeins taka það fram, að mér þykir það illt, ef hv. þingheimur hefur ekki skilning á þörfum annarra sjúklinga en þeirra, sem eiga því láni að fagna að komast í landsspítalann, þar sem ekkert er til sparað og hverri ósk um aukinn kostnað fullnægt. Í St. Jósefsspítölunum dveljast um 200 sjúklingar dag hvern. Til þeirra hefur opinber styrkur verið klipinn við nögl og talinn eftir til þessa, og auðvitað bitnar það á sjúklingunum fyrst og fremst. Þetta þarf að laga og leiðrétta, og í þá átt miðar þriðja till. mín á þskj. 199.

Ég flyt tvær till., sem miða í lækkunarátt, og vil nú fara um þær örfáum orðum.

Fyrri till. er þess efnis, að 9. liður í 10. gr. falli niður, en það er skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO. Ísland hefur í París ekki eitt sendiráð, heldur tvö. Kostar annað þeirra á aðra millj. kr. á ári. Hitt sendiráðið, sem heitir: skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO, kostar

þjóðina liðlega hálfa milljón. Er gert ráð fyrir því í fjárlfrv., að kostnaðurinn hækki nú um tæpar 48 þús. vegna sívaxandi dýrtíðar í Frakklandi, eins og það er orðað.

Ég hef heyrt marga og þ. á m. ekki svo fáa hv. alþm. halda því fram, að engin þörf væri á að hafa tvö sendiráð í París, eitt gæti sem bezt annað störfum beggja. Mín sannfæring er sú, að þetta sé rétt. Það er hrein sóun á verðmætum að halda uppi tveim sendiráðum í sömu borg eða sama landi. Stjórn fámennrar þjóðar á ekki að leyfa sér slíkt, og sízt af öllu getur stjórn hinna vinnandi stétta látið það viðgangast. Í þessu tilfelli er verið að skattleggja þjóðina um hálfa milljón króna að þarflausu.

Ég veit ekki sönnur á því, en heyrt hef ég, að í því Parísarsendiráðinu, sem árlega sogar til sín á aðra millj. kr. frá íslenzkum almenningi, séu störfin unnin af einni franskri stúlku. Ég hef aldrei komið í þetta sendiráð, en einhverjir hv. alþm. munu hafa komið þar og geta borið um, hvort þetta sé rétt. En hvað sem um það er, þá eru tvö íslenzk sendiráð í sömu borg hreinasta háðung. Því legg ég til, að kostnaðarsama sendiráðinu verði falin störf beggja og 586924 kr. þannig sparaðar. Þeim krónum má sannarlega verja betur.

Síðari lækkunartillaga mín fjallar um ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli. Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir rúmlega 3 millj. kr. fjárveitingu til ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli. Ókunnugir hljóta að reka upp stór augu, þegar þeir heyra þetta. Ekki er tollgæzla á vellinum með í þessu, því að henni er annars staðar í frv. ætluð tæp 1 millj. kr. Ríkislögreglukostnaður á Keflavíkurflugvelli er viðlíka hár og framlag ríkissjóðs til löggæzlu í Reykjavík. Ef finna ætti út með samanburði við Reykjavík tölu íslenzkra manna á þessum flugvelli og miða við lögreglukostnað á báðum stöðum, þá kæmi út, að um 15 þús. Íslendingar dveldust á vellinum að staðaldri. Ég veit ekki, hve margir þeir eru í rauninni, en efast um, að þeir séu meira en 1500 talsins, svo að mikið er þarna í borið um lögregluvernd.

Ég lít svo á, að kostnaðarliðurinn ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli nái engri átt, og legg til, að kostnaðurinn sé lækkaður um þriðjung. Mun samt sem áður fullvel séð fyrir nauðsynlegri löggæzlu þar.

Ég flyt aðeins þessar tvær brtt. um lækkun á útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári. Ég flyt þær, þótt ég geri tæpast ráð fyrir, að þær verði samþ.

Lækkunartillögurnar hefðu mátt vera fleiri og koma fyrr fram í umr., en áhuginn á slíku virðist ekki mikill þessa stundina hjá meiri hl. hv. þingheims.

Að mínu áliti hefði vel mátt lækka kostnað vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum um nokkur hundruð þúsundir króna öllum að skaðlausu. Það hefði mátt draga örlítið úr kostnaði við ríkislögreglu í Reykjavík. Þá þætti mér ekki ólíklegt, að minnka mætti nokkuð hinn geipilega skrifstofukostnað flugmálastjórnar, eins og hann er uppfærður í frv. Kennslumál eru viðkvæm, þegar um lækkun á kostnaði er að ræða. Námsstjórastöðurnar eru af mörgum taldar meira til skrauts en gagns og mættu þá gjarnan leggjast niður. Þessar stöður skipa nú mikilhæfir menn, sem vafalítið ynnu þó meira gagn sem skólastjórar eða yfirkennarar. En það er til lítils að telja upp fjárlagaliði, sem unnt væri að lækka, úr því að það verður ekki gert.

Ég stend í þeirri meiningu, að þjóðin ætlist til þess af hæstv. ríkisstj., að hún beiti sér fyrir sparnaði í ríkisrekstrinum og niðurskurði þeirra útgjalda, sem óþörf eru. En mér finnst hæstv. ríkisstj. enn ekki nógu mikilvirk í þessu efni. Ég veit þó, að hv. þm. Alþb. hafa beitt sínum áhrifum í þessa átt, bæði í hæstv. ríkisstj. og í hv. fjvn., og orðið nokkuð ágengt. En betur má, ef duga skal. Sparnaður í ríkisrekstri er eitt af áhugamálum hæstv. ríkisstj. Enn þá hefur hún ekki nema að mjög litlu leyti framkvæmt það áhugamál. Það þarf þó senn að fara að gerast. Það er góðra gjalda vert, að nú er fram komið frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við opinberan rekstur. Það felur í sér ákvæði, sem miða að því að koma í veg fyrir óþarflega fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana. Er það út af fyrir sig mikilvægt spor. En það þarf líka að skrúfa niður, þar sem hægt er, og það hefði mátt gera betur en gert var í sambandi við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. að mínum dómi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 204 og 206, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi mega byrja á því, að ég á hér á þskj. 206 eina brtt. um það að hækka tillag til verzlunarskólans frá því, sem er í fjárlagafrv. Hlutfallið á milli verzlunarskólans og samvinnuskólans hefur undanfarin ár verið 1 á móti 3. Nú er svo komið, að verzlunarskólanum eru ætlaðar 440 þús. kr. og samvinnuskólanum 320 þús. kr. í till. meiri hl. fjvn. Það hefur á undanförnum árum jafnan verið farið fram á það, að styrkur til þessara tveggja skóla á hvern nemanda væri hinn sami. Nú hefur því verið haldið fram og ef til vill að nokkru leyti með réttu, að samvinnuskólanum beri tiltölulega hærri styrkur vegna þess, að hann sé nú orðinn heimavistarskóli, en samkvæmt þessum till. fær samvinnuskólinn nú 5000 kr. á hvern nemanda, á sama tíma og verzlunarskólinn fær 1300 kr. á hvern nemanda. Þessi mismunur er orðinn svo gífurlegur og óréttlátur, að Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því að leiðrétta þetta. Eins og till. mín er, að verzlunarskólinn fengi 825 þús. á móti 320 þús. til samvinnuskólans, væri hlutfallið þannig, að verzlunarskólinn fengi 2500 kr. á nemanda, en samvinnuskólinn 5000 kr. á nemanda, og mundu margir hyggja, að þessi mismunur væri nægilegur til þess að vega á móti því, að samvinnuskólinn er nú orðinn heimavistarskóli. Ég flyt ekki þessa till. til þess að reyna að rýra hlut samvinnuskólans, síður en svo, en mér finnst það vera ranglæti að gera svo, eins og hér er gert, upp á milli tveggja alveg hliðstæðra skóla. Ég er að vísu ekki mjög bjartsýnn, að þessi till.

nái fram að ganga, en ég taldi sjálfsagt, að hún kæmi fram, til þess að vakin væri athygli á þessu ranglæti, sem hér kemur fram.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að frv. það, sem hér liggur fyrir, mundi mörgum þykja með nokkuð undarlegum hætti. Ja, ég verð að segja, að það er ekki furða, þó að maðurinn hafi fundið til þess, að einhverjum mundi þykja frv., sem hér er lagt fram, með dálítið undarlegum hætti. Hann sagði, að þó að þessar 65 millj. kr. væru teknar út úr frv., sem væru ætlaðar til dýrtíðarráðstafana, þá væri ekki ætlunin, að dýrtíðarráðstöfunum væri hætt að svo miklu leyti, sem ekki verða tök á að standa undir þessum útgjöldum að óbreyttu. Af þessu mætti ráða, að það sé meining ríkisstj. að reyna að róa eins lengi og hún getur með þessar 40 millj. í dýrtíðaruppbætur, sem n. hefur skilið eftir á frv., en mér telst til, að það mundi endast stjórninni í fjóra mánuði.

Hv. frsm. talaði mjög borginmannlega um þann sparnað, sem stuðningsflokkar ríkisstj. hefðu sýnt í meðferð fjárlaganna, og sparnaðurinn er 2½ millj. kr. Ekki var það lítið af 800 millj. kr. fjárlögum. Það má segja, að af nokkru sé að státa. En hann gat þess ekki í sömu andránni, að margfaldar útgjaldatillögur á við þessa fjárhæð hefðu verið fram bornar af þessum stuðningsmönnum stjórnarinnar um sama leyti, og svo sagði hann í sambandi við þessar 65 millj. kr., sem þeir taka út af fjárl., að þetta væri nú að vísu ekki sparnaður að taka út þessar 65 millj. kr. Það er ekki að furða, þótt hann þyrfti að skýra það fyrir hv. þm., að þetta væri nú í rauninni ekki sparnaður, þótt það væri tekið út af fjárl. Mér finnst það raunar furðulegt, að hann skuli afneita þessari fjöður í sparnaðarhattinn, því að svo virðist sem þessi fjöður hafi þó hreinsað úr hálsinum kökkinn, sem mest stóð í stjórnarliðinu.

Hæstv. fjmrh. bar fram sína gömlu spurningu, þegar hann talaði hér í kvöld: hvernig vilja sjálfstæðismenn afgreiða fjárl.? Það er mikið um þetta spurt, hvernig sjálfstæðismenn vilji afgr. fjárl., og það er ekki að furða, þó að ráðh. og stjórnarliðið spyrji um þetta, því að síðan 10. okt. og til þessa dags hefur stjórnarliðið með hæstv. ráðh. í broddi fylkingar ekki fundið neina leið til þess að brúa bilið, sem er á fjárl., og það má segja, að hæstv. fjmrh. hafi gefizt upp við þetta verk á mjög ömurlegan hátt. Ég vil nú spyrja: Til hvers eru þessir menn að taka að sér stjórn landsins, ef þeir geta ekki sjálfir ráðið fram úr þeim vandamálum, sem þeir hafa tekið að sér? Sjálfstæðismenn eru reiðubúnir að leysa vandamál efnahagsmálanna, ef þeim verður það falið eða ef hæstv. ríkisstj. vill viðurkenna formlega uppgjöf sína og vanmátt til þess að stjórna landinu og ráða fram úr þeim vandamálum, sem við er að stríða.

Mér þykir leitt, að hæstv. fjmrh. er ekki í salnum, vegna þess að mig langaði til þess að víkja til hans nokkrum orðum. Eysteinn Jónsson hefur nú verið fjmrh. í þessu landi í 12 ár, að vísu ekki samfleytt, en lengur en nokkur annar maður hefur haft á hendi stjórn fjármála á Íslandi. Það mætti því ætla, að hann hefði meiri reynslu í því en nokkur annar maður að fást við þessi mál. Hann er glöggur maður og greindur, enda venjulega varfærinn í slíkum málum, ef flokkahagsmunir villa honum ekki sýn. En það getur nú komið fyrir hann eins og marga aðra góða menn. Enginn maður hefur verið jafndásamaður af málgögnum flokks síns og Eysteinn Jónsson, sem jafnan hafa talið hann mesta fjármálasnilling þjóðarinnar. Enginn nema hann í þeirra augum getur farið með fjármál ríkisins, svo að vel fari, eða fetað hina réttu braut í þessum vandasömu málum. Fáum mönnum hefur verið hampað jafnmikið fyrir viturlega fjármálastjórn á undanförnum árum. En þrátt fyrir allt þetta mikla hól er fjmrh. sýnilega að missa tökin á sjálfum sér, síðan hann gekk í björg með kommúnistum. Varfærni hans og glöggskyggni virðist nú með öllu horfin. Hann gengur um þögull og þungbúinn, eins og hann sé undir fargi eða undir valdi einhvers dávalds, sem hafi ósýnilegt vald yfir honum. En stundum örlar þó á hans gamla varúðartón, sem að vísu nú hljómar aðeins sem hversdagslegur barlómur. En þá rís dávaldurinn upp og klappar á öxlina á honum og segir, að þetta sé nú ekki eins slæmt og hann heldur, og hæstv. fjmrh. róast þá og heldur áfram sinni krossgöngu. Þeir, sem starfað hafa með honum, hafa kunnað að meta það, sem hann hefur til brunns að bera, og harma nú einlæglega að sjá, hvert hlutskipti hans er orðið í þeim óholla félagsskap, sem hann hefur verið í um sinn. Ógæfan hefur setzt í götu hans, og hún hefur búið honum hlutskipti, sem fáir trúðu að hann mundi hljóta. Eftir 12 ára fjármálastjórn, sem að vísu er ekki hafin yfir gagnrýni, en hefur þó verið mörkuð að verulegu leyti af ákvörðunum, sem hann eftir beztu vitund taldi réttar, hefur nú hent hann það óskiljanlega lánleysi að leggja fram við 3. umr. á Alþingi herfilegustu og háðulegustu fjárl., sem Alþingi hefur nokkurn tíma verið beðið um að samþykkja. Þannig endar oft ferill merkra manna og jafnvel mikilla þingskörunga, þegar þeir af pólitísku ístöðuleysi ganga til samstarfs við erkióvini sína og lúta þeirra leiðsögn gegn samvizkunnar og skynseminnar mótmælum.

Hann byrjaði á því í upphafi þings, eins og kunnugt er, að leggja fram fjárl. með 71 millj. kr. halla. Það var fyrsta áfallið. Ég hygg, að Eysteini Jónssyni hafi aldrei komið til hugar, að það ætti fyrir honum að liggja að leggja fram á Alþingi fjárl. með slíkum greiðsluhalla. Þegar hann hélt ræðu sína á þinginu 16. okt. s. l. um fjárl., var tónninn mjög aumur, svo að vægt sé til orða tekið. Hann sagði sér til afsökunar m. a.: „Ríkisstj. hafði ekkert tækifæri til að ráðgast við stuðningsflokka sína á Alþ. um fjárlagafrv., áður en það væri lagt fram.“ Það var sem sé aðalástæðan hjá hæstv. fjmrh. fyrir því, að hann leggur fyrir þingið frv. með 71 millj. kr. greiðsluhalla, að hann hefur ekki haft tækifæri til að tala við stuðningsflokka sína um málið. En látum það gott heita. Síðan 16. okt. og til þessa dags er nú liðið á þriðja mánuð. Á þessum tíma hlýtur hann að hafa haft tækifæri til þess að tala við stuðningsflokka sína, og eftir því sem ég hef heyrt, hefur hann

setið á löngum ráðstefnum með þeim. En hver er árangurinn? Árangurinn er enginn. Eftir allan þennan tíma geta þeir ekki fundið lausnina á því, sem hæstv. ráðh. hafði ekki getað lagfært, af því að hann hafði ekki getað talað við fylgismenn sína.

En hæstv. félmrh. hélt líka ræðu 16. okt., og hann sagði m. a.: „Þeir flokkar, sem að stjórninni standa, munu áreiðanlega verða sammála um það og sjá örugglega um, að fjárl. næsta árs verði afgreidd frá þinginu greiðsluhallalaus.“

Þetta hefur þeim nú tekizt, því að eins og hæstv. félmrh. segir, kemur ekki til mála annað en „við“ afgreiðum frv. hallalaust frá þinginu. Og skoðum til, nú er þessi vandi leystur. En hann segir enn fremur: „Það er kunnugt, að fjmrh. Eysteinn Jónsson gætir jafnan fyllstu varfærni.“ Já, við getum víst tekið undir það líka. Það má segja, að þetta er ekki ljótur vitnisburður frá slíkum manni.

Hæstv. fjmrh. sagði meira 16. okt. Hann sagði m. a.: „Og svo kemur í ljós, eins og ég sagði, að tekjur hafa brugðizt verulega á þessu tímabili (þ. e. frá janúar til ágúst) og útlit er mjög alvarlegt.“ Og enn segir hann: „Er nú raunar þegar fyrirsjáanlegt, að greiðsluhalli verður hjá ríkissjóði.“ Ég vil nú gjarnan spyrja: Er þetta aðeins barlómur? Er hann að haga sér hér eins og góður bóndi, sem kann að berja sér? Ég skal engan dóm leggja á það, enda var ég jafnnær eftir þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf hér í deildinni í kvöld einmitt um þetta efni. Ég var sem sagt jafnnær eftir skýringar hans.

En eftir að hæstv. fjmrh. hafði málað ástandið svo dökkum litum eins og hann gerir í þessum setningum, þá kom hæstv. félmrh. á eftir með sína ræðu, klappar á öxlina á fjmrh. og segir m. a.: „Ég bíð rólegur, að reynslan skeri úr um það, hverjar verði tekjur þessa árs, um það er lýkur. Mætti þá svo fara, að rekstrarhalli fjárlagafrv. væri til muna minni orðinn undir áramótin en hann er nú talinn.“ Og svo segir hann enn fremur: „Mætti að skaðlausu skera nokkuð niður útgjöld fjárlaganna.“ Já, þá komum við brátt að því, það er niðurskurður kommúnista á fjárlögunum til þess að nema burt greiðsluhallann. Ég kem að því seinna.

Hér virðast koma fram greinilega tvær stefnur hjá ríkisstj. Önnur kemur fram hjá hæstv. fjmrh., sem segir, að ástandið sé mjög alvarlegt. En svo kemur annar ráðherra, sem segir, að hann bíði rólegur og það sé mjög auðvelt að skera niður útgjöldin í fjárlagafrv. til þess að ná jöfnuði á frv. Hann var ekki smeykur við slíkan vanda. Það er kunnugt, að kommúnistar hafa haldið því fram, að mjög auðvelt sé að skera niður ýmsa liði í frv. til þess að ná jöfnuði. Þeir hafa einnig skýrt frá því víða, að engin þörf sé á að greiða útveginum meiri styrk og þess vegna þurfi ekki að leggja á neina nýja skatta til þess að fá fé til þess að standa undir þeim styrk. En þetta stingur dálítið í stúf við það, sem hæstv. fjmrh. segir einmitt um sama efni. En sparnaður kommúnistanna hefur ekki séð dagsins ljós. Þessar 2½ millj. kr., sem formaður meiri hl. fjvn. var svo borginmannlegur yfir, brúa ekki bilið, sem er á fjárlögunum, og barlómur Eysteins hefur einnig litinn árangur borið.

Sá 71 millj. kr. tekjuhalli, sem var á frv., þegar hann lagði það fram, er nú orðinn að 90 millj. kr. greiðsluhalla, eins og hann hefur sjálfur skýrt frá hér í dag og eins og blað hans, Tíminn, skýrir einnig frá í morgun. En tekjuhallinn hefur verið tekinn út, því að Eysteinn lætur ekki fjárlög ganga í gegnum þingið með tekjuhalla. Slík fjármálasnilli sem hér kemur fram hefur víst aldrei fyrr verið sýnd á Íslandi. Það má segja, að fjárlögin hafi verið hv. stjórnarflokkum eins og óþægur foli, og folinn reyndist þeim svo erfiður að beizla, að þeir tóku upp þá gömlu aðferð hestamanna, þeir réðust í að gelda folann, og þá var burt numið það, sem hefur valdið óróanum, og nú er allt fallið í ljúfa löð. Þetta var náttúrlega þjóðráð, og a. m. k. verður að segja það, að stjórnarflokkarnir eru stóránægðir með þetta þjóðráð, sem þeir hafa fundið upp. Það leynir sér ekki í því, sem fram hefur farið.

Það er öllum vitanlegt, að þó að þessum 65 millj. kr. sé kippt út úr frv., verður að greiða þessar 65 millj. Að vísu getur stjórnin lifað eitthvað til að byrja með á næsta ári. Mér telst til, eins og ég sagði áðan, að hún gæti lifað í 4 mánuði. En ef hún hefur ekki peninga til áframhaldandi dýrtíðargreiðslu eftir þann tíma, þá getur hún ekki lifað deginum lengur. Þá eru hennar dagar taldir. Slík fjármálaafgreiðsla hefur held ég aldrei sézt hér á landi, og segja verður, að það er ekki vansalaust að leggja slíkar fjármálatillögur fyrir Alþingi.

Menn spyrja nú: Á að fella niður dýrtíðargreiðslurnar á næsta ári? Þeir segja nei. Það á ekki að fella þær niður. Þá er spurt aftur: Á þá að leggja þessar 90 millj. kr., sem nú eru teknar út úr fjárlögunum, sem nýja skatta á landsmenn eftir nýárið? Er þetta gert eingöngu til þess að blekkja þjóðina í tvo mánuði, blekkja þjóðina, meðan hún gengur til bæjarstjórnarkosninga, til þess að menn haldi, að þessir skattar séu ekki á leiðinni? Kommúnistar sögðu: Við ætlum að skera niður útgjöldin. — Þeir þorðu ekki að skera niður útgjöldin. Þeir komu með sinn sparnað, 2½ millj., sem ekki mun hafa nokkur áhrif á mismuninn á fjárlögunum.

Þeir sögðu: Útgerðin þarf ekki meiri styrk, og þess vegna þarf ekki heldur að leggja á skatta til þess að standa undir slíkum styrk. — Það er slúður, sem þeir þora heldur ekki að standa við. Útgerðin þarf að líkindum 90—100 millj. kr. viðbótarstyrk. Það er að vísu ekki hægt að fullyrða um þessa upphæð nákvæmlega, en eftir því sem kröfur útvegsmanna hafa verið undanfarið, telja kunnugir menn líklegt, að þörfin fyrir aukinn styrk til útvegsins sé eitthvað í námunda við þessa fjárhæð. En af hverju er þá ekki þingið látið fjalla um þetta vandamál? Af hverju er ekki fundin á þinginu leið til þess að komast út úr þessu vandamáli, í staðinn fyrir að senda þingið heim í hálfan annan mánuð, eða kalla þingið saman strax eftir áramótin og taka þá til óspilltra málanna til þess að leysa úr vandanum? Nei, það er ekki gert. Og af hverju er greiðsluhalli fjárlaganna tekinn út til geymslu? Það er af því, að stjórnarflokkarnir þora ekki

að afla nýrra tekna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Ef þeir þyrðu að afla nýrra tekna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, mundu þeir kalla þingið saman 6. eða 10 jan. og láta það ganga frá tillögum.

Ef hv. stjórnarflokkar hafa ekki nú neina hugmynd um það, hvernig þeir ætli að taka á málunum, eftir þann umhugsunartíma, sem þeir hafa haft, síðan hæstv. fjmrh. lagði fram fjárlögin, er þá nokkur, sem hefur von um, að þeir fái nokkrar nýjar hugmyndir, þangað til þingið kemur aftur saman? Þeir þora ekki að horfa framan í kjósendur, því að þá mundu þeir verða að koma eins og jólasveinar með pokann sinn fullan af álögum. Einmitt það þora þeir ekki að gera, vegna þess að bæjarstjórnarkosningarnar geta haft meiri áhrif á örlög ríkisstj. en menn vilja nú láta uppi. En þingið kemur saman eftir janúarlok, og þá verða líka kosningarnar um garð gengnar. Þá er hægt að samþykkja hvaða álögur sem eru, vegna þess að þá er langur tími til næstu kosninga, og það er sagt, að kjósendurnir séu yfirleitt fljótir að gleyma. Þá verður komið aftan að kjósendunum, og þá verður ekki hikað við að leggja nýja skatta á fyrir 200 millj. kr., ef þess er þörf, og það er allt, sem bendir til þess, að ekki verði hjá því komizt. Að vísu veit ég, að hæstv. útvegsmálaráðherra lofar öllum öllu fögru, en ég er ekki viss um, að það eitt út af fyrir sig brúi bilið, sem nú er á milli hans og útvegsins. En á meðan á þessu stendur, er neitað öllum sköttum. Því er neitað, að von sé á nokkrum nýjum sköttum frá stjórnarliðinu, þegar þingið kemur saman aftur. Við skulum sjá, hvernig þær efndir verða. En á meðan geymir hæstv. fjmrh. greiðsluhallann sinn í ís, svo að hann verði ekki fyrir skemmdum fram yfir kosningar. Ég segi eins og hæstv. félmrh.: það er kunnugt, að Eysteinn Jónsson gætir jafnan fyllstu varfærni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er fyrst og fremst til þess að mæla fyrir nokkrum brtt., sem ég flyt hér í sambandi við hagsmuni míns kjördæmis, sem ég kveð mér hljóðs að þessu sinni.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 204,V um, að teknar verði upp fjárveitingar til tveggja ferjubryggna, í fyrsta lagi að Mýri á Snæfjallaströnd, 70 þús kr., og í öðru lagi í Grunnavík. Ég vil gefa þá skýringu á þessum brtt., að unnið er að vegagerð út með Ísafjarðardjúpi norðanverðu. Endastöð þjóðvegarins er nú á Melgraseyri. Að vísu er orðið akfært lengra út með Djúpinu, allt út að Mýri, en fullkominn vegur hefur ekki verið lagður um leiðina frá Kaldalóni út í miðjan Snæfjallahrepp, en stefnt er að því, að á þessum stað, Mýri, verði um skeið endastöð fyrir langferðaleiðir að Djúpi. Mundi það stytta sjóleiðina yfir til Ísafjarðar um um það bil klukkutíma, þannig að í staðinn fyrir að langferðafarþegar verða nú að sitja 2—2½ klukkutíma í bát, áður en þeir komast til Ísafjarðar, mundu þeir þurfa að fara aðeins rúmlega klukkutíma sjóferð, ef unnt yrði að hafa endastöð á Mýri. Það er því aðeins hægt, að þar verði byggð ferjubryggja, sem Djúpbáturinn geti lagzt að.

Það er þegar byrjað að undirbúa þetta mál. Á þessu ári var veitt lítil upphæð af atvinnubótafé, 20 þús. kr., í þessu skyni, og ég hef leyft mér að fara fram á, að Alþingi veitti fé á móti. Ég geri þó ráð fyrir, að miklu hærri upphæð þyrfti til þess að byggja þetta mannvirki, enda þótt þarna sé fremur aðdjúpt, eða í nágrenni við þennan bæ, þannig að ekki muni þurfa að byggja þar langa bryggju.

Hv. þm. kann nú að virðast það hljóma einkennilega, að krafizt sé framlaga án mótframlags til bryggjugerðar, en ég vil aðeins minna á, að það er engin ný bóla hér á hv. Alþingi. Það hafa verið byggðar allmargar ferjubryggjur og þá fyrst og fremst á Vestfjörðum, þar sem samgöngur eru lélegastar á landi, þar sem ferjubryggjurnar verða hluti af vegunum, og það er staðreynd, sem ekki verður sniðgengin, að flóabátasamgöngurnar koma ekki að fullu gagni, nema því aðeins að bændur geti flutt afurðir sínar niður á ferjubryggjur og fengið nauðsynjum sínum skipað upp á slíkar bryggjur. Það hafa verið byggðar samtals 7 slíkar bryggjur við Ísafjarðardjúp, nokkrar í Barðastrandarsýslu og einhverjar í Suður-Múlasýslu, ein eða tvær, að mig minnir, í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hér er því ekki um neina goðgá að ræða, og ég vænti, að á því Alþingi, sem lýtur forustu ríkisstj., sem lýst hefur því sérstaklega yfir, að hún vilji berjast fyrir hagsmunum dreifbýlisins, eigi till. eins og þessi ekki að eiga erfitt uppdráttar, ekki sízt þegar á það er litið, að á undanförnum árum hafa fyrrv. ríkisstj. talið sjálfsagt og eðlilegt að sinna þessum verkefnum, sem hefur mjög mikla þýðingu fyrir heimilin að leyst verði.

Svipuðu máli gegnir um brtt. þá, sem ég flyt um Grunnavík. Þar hefur verið byggð bryggja, sem þarf að lengja. Þar er nokkur útgerð, og hefur nú verið keyptur þangað stærri bátur en áður, og er því nauðsynlegt að lengja nokkuð þessa bryggju. Sú byggð, sem þarna er, berst í bökkum. Það fólk, sem þar er nú, vill dveljast þar áfram, en á í miklum erfiðleikum vegna strjálbýlis, samgangnaleysis og þeirra erfiðleika, sem að hinum afskekktustu byggðum steðja á síðustu tímum.

Þá er 3. brtt. mín um, að tekin verði upp fjárveiting til viðbótarbyggingar við barnaskólann í Bolungavík. Þar er allmyndarlegur barnaskóli, sem þó er orðinn allt of lítill, og ákveðið hefur verið að byggja við hann viðbyggingu. Ég legg til, að veittar verði 150 þús. kr. í því skyni.

Aðrar brtt. hef ég ekki flutt við fjárlagafrv. eða við brtt. hv. fjvn. varðandi mitt kjördæmi. Ég vil þó segja það, að þetta sprettur ekki af því, að þörf sé ekki fyrir hendi fyrir allmiklu hærri fjárveitingar. Hitt er mála sannast, að ég hef ekki talið líklegt til árangurs að flytja hækkunartill., t. d. um aukin framlög til vega, hafnargerða o. s. frv.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur tekið upp í brtt. sínar till. um 8000 kr. framlag til leikstarfsemi í Bolungavík. Ég tel rétt, að hv. Alþingi viti það, um leið og það lítur með velvild á þessa till., að í þessu byggðarlagi er alveg sérstaklega mikil og fjölþætt leikstarfsemi. Á s. l. leikári voru í þessu

800 manna byggðarlagi sýnd hvorki meira né minna en 11 leikrit, mörg þeirra stór og löng, og um þessar mundir er verið að æfa leikritið Syndir annarra eftir Einar H. Kvaran.

Annað hef ég ekki að segja um fjárveitingar til míns kjördæmis, en ég vil aðeins taka undir það, sem sagt hefur verið um þann einstæða hátt, sem nú er á hafður um afgreiðslu fjárlaga. 85 millj. kr. útgjöldum er kippt út úr fjárlagafrv. og þannig náð saman endum gjalda og tekna. Ef til vill sýnir þetta greinilegar en nokkuð annað, út í hvílíkt öngþveiti fjármál ríkisins eru komin undir forustu núv. hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild. Hæstv. ríkisstj. settist á stóla sína með fögrum loforðum og fyrirheitum og þó fyrst og fremst um það að leggja fram till. um ný úrræði, nýja stefnu í efnahagsmálum. Hún hét því, að nú skyldi brotið í blað og rækileg „úttekt" fara fram á öllu þjóðarbúinu og allt það sukk krufið til mergjar, sem átt hafi sér stað á undanförnum árum.

Því miður hefur ekki enn þá bólað á þessari nýju stefnu. Það hefur hvorki farið fram úttekt á þjóðarbúinu né heldur verið brotið í blað í efnahagsmálum okkar. Niðurstaðan af allt að því eins og hálfs árs setu hæstv. núv. ríkisstj. er sú yfirlýsing, sem kemur fram í framhaldsnefndaráliti hv. meiri hl. fjvn., þar sem komizt er að orði á þessa leið:

„Verður að teljast eðlilegt og líklegast til samræmingar, að sá þáttur efnahagsvandamálanna, sem þessi fúlga var ætluð til, verði leystur samtímis öðrum þáttum þeirra mála á framhaldsþinginu eftir áramótin að lokinni þeirri athugun framleiðslu- og efnahagsmálanna, er nú stendur yfir á vegum ríkisstj."

Þetta er rökstuðningurinn fyrir þeim einstæðu vinnubrögðum, að til þess að jafna greiðsluhalla fjárl. er kippt 85 millj. kr. út úr frv. Og lengra er þá hæstv. ríkisstj. ekki komin með undirbúning hinnar nýju stefnu og nýju úrræða í efnahagsmálunum en svo, að athugun framleiðslu- og efnahagsmálanna stendur nú yfir á vegum ríkisstj. Þetta er vissulega raunaleg yfirlýsing fyrir hæstv.. ríkisstj., ekki sízt þegar á það er litið, að einn af ráðh. hæstv. stjórnar lýsti því yfir, um leið og fjárlfrv. var lagt fyrir á s. l. hausti, að í raun og veru væri hér ekki við neinn vanda að etja. Eins og hv. 2. þm. Reykv. benti á, sagði hæstv. félmrh. þetta: framleiðslan væri mikil, gjaldeyrisástandið væri ágætt, kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags væri stöðvað og ef eitthvað lítillega skyldi nú á bresta, að auðvelt væri að koma fjárl. saman endanlega, væri ekki um neitt annað að gera en skera lítillega niður af fjárl. Það mætti skera töluvert niður.

Mér virðist þessi yfirlýsing hæstv. félmrh. ekki vera í sérstaklega góðu samræmi við þær staðreyndir, sem liggja fyrir í nál. meiri hl. fjvn. og í ræðu hæstv. fjmrh. hér í kvöld.

Þá get ég ekki komizt hjá því að minnast lítillega á það, að nú er svo komið, að hv. stjórnarflokkar hafa gersamlega gefizt upp við að finna nokkrar leiðir til sparnaðar. Þangað til fyrir einu og hálfu ári voru kommúnistar og Alþfl. í stjórnarandstöðu. Þá fluttu þeir sífellt till. um að fella niður ýmis útgjöld. Þeir fluttu að vísu aðallega till. um að bæta á ríkissjóðinn nýjum útgjöldum, en þeir þóttust geta bent á allháar fjárfúlgur, sem unnt væri að spara. Minnist ég í því sambandi sérstaklega fjárveitinganna til utanríkismála. Þar voru þó ekki kommúnistar og Alþýðuflokksmenn einir um þrtt., því að þann rúmlega eina áratug, sem Ísland hefur verið sjálfstætt lýðveldi, hafa framsóknarmenn lagt mikla áherzlu á það, að auðvelt væri að spara stórlega í utanríkisþjónustunni. Þeir hafa bent á allmörg sendiráð, sem sjálfsagt væri að leggja niður, og spara mætti millj. kr. með því að framkvæma þessa breytingu á utanríkisþjónustunni. Nú hefur fyrrverandi stjórnarandstaða komizt í stjórn með hv. framsóknarmönnum, og hvers vegna skyldu þessir menn þá ekki hafa snúið sér að því að framkvæma þessar till.? Það bólar ekki mikið á þeim enn þá. Á skömmum tíma undanfarið hafa losnað öll sendiherraembættin á Norðurlöndum, í Stokkhólmi, Osló og Kaupmannahöfn. Á þessu tímabili hafa Framsfl. og Alþfl. farið með stjórn utanríkismálanna. Það hefur verið skipað í öll þessi embætti að nýju, og það orðar það enginn nú, að þau beri að leggja niður.

Ég vek ekki athygli á þessu vegna þess, að ég telji, að það hafi verið hægt að leggja þessi sendiráð Íslands niður, þó að af því leiddi allverulegan sparnað á ríkisfé. En ég bendi á þetta sem eitt lítið dæmi um það, hversu lítið þessir flokkar hafa meint með till. sínum um það á undanförnum árum, að gera bæri stórkostlega skipulagsbreytingu á einum þætti ríkisstarfseminnar. Þeir hafa þegar á fyrsta valdaári sínu étið þetta gersamlega ofan í sig.

Stefna þess fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst stefna vaxandi verðbólgu og dýrtíðar, og af þessari staðreynd ber allt atvinnulíf og efnahagslíf Íslendinga fyrst og fremst svip í dag. Á síðasta hv. Alþingi, nokkru fyrir jól, voru lagðir á 300 millj. kr. nýir skattar til þess að tryggja rekstur útflutningsframleiðslunnar, og var þá talið, að svo vel hefði verið gert við a. m. k. sjávarútveginn, að öruggt mætti telja, að ekki þyrfti að grípa til nýrrar tekjuöflunar um næstu áramót og nýrra ráðstafana til þess að auka stuðninginn við sjávarútveginn.

Hæstv. sjútvmrh. sagði fyrir nokkrum vikum á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, að hann áliti, að starfsgrundvöllur fyrir sjávarútveginn yrði að liggja fyrir um miðjan desember. Nú er kominn 19. des. og Alþingi að fara í jólafrí. Viðræður standa yfir milli fulltrúa útvegsmanna og fulltrúa frá hæstv. ríkisstj. Eftir þeirri vitneskju, sem ég hef, eru ákaflega litlar líkur til þess, að samkomulag hafi tekizt fyrir jól a. m. k. um nýjan starfsgrundvöll fyrir útgerðina, og ekki virðist mér það benda til þess, að skilningur sé fyrir hendi á aðstöðu framleiðslunnar hjá hv. stjórnarflokkum, að hv. frsm. meiri hl. fjvn. sagði við 2. umr. fjárlagafrv., að í raun og veru hefði ekkert gerzt, sem réttlætti kröfur útvegsins um aukinn stuðning, annað en það, að minna hefði aflazt á þessu ári en undanfarið. Ég benti honum þá á það, að samkvæmt upplýsingum, sem ekki hefðu verið vefengdar,

hefði tilkostnaður útvegsins á einstökum nauðsynjum hans hækkað um allt að 38% og það sem bein afleiðing af ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. sjálfrar, þeim sömu ráðstöfunum sem áttu að vera til þess að tryggja afkomu útvegsins. Því miður horfumst við í dag í augu við þá staðreynd, að þær gífurlegu skattaálögur, sem lagðar voru á þjóðina í fyrra og þyddu 9500 kr. skatt á hverja einustu fimm manna fjölskyldu í landinu, hrökkva nú engan veginn til þess að halda útflutningsframleiðslunni gangandi.

Ég skal ekki fullyrða neitt um það, að treysta megi fullkomlega þeim upplýsingum, sem útvegsmenn og samtök þeirra gefa sjálf um ástand útvegsins nú í dag. En á aðalfundi L. Í. Ú. var það upplýst, að að óbreyttu fiskverði og stuðningi ríkisins við bátaútveginn reiknaðist afurðasölunefnd og verðlagsráði samtakanna svo til, að 140 þús. kr. halli mundi verða á meðalvélbát á næstu vertíð, og var þá miðað við fimm ára meðaltalsafla og róðrafjölda. Jafnframt var því lýst yfir, að rekstrarhalli togara á næsta ári mundi verða um 1.1 millj. kr., að óbreyttu fiskverði og þeim stuðningi, sem ríkisvaldið hefur veitt togaraútgerðinni. Svo koma hæstv. ráðh. og aðrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. og segja, að framkvæmd hafi verið verðstöðvunarstefna, eins og þeir kalla það.

Ég held, að þessar tölur og þetta ástand hjá aðalútflutningsframleiðslu þjóðarinnar sanni það greinilega, að kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags hefur haldið áfram og það í ríkum mæli, því miður, enda er það staðreynd, sem ekki verður gengið á snið við, að á 14. þús. manns innan tuga verkalýðsfélaga og launþegasamtaka hafa fengið kauphækkanir, sem nema allt frá 4% upp undir 40% á þessu ári, og á þessu ári hafa staðið yfir lengstu verkföll, sem háð hafa verið í þessu landi. Einnig þetta er staðreynd, sem ekki verður sniðgengin. Í íslenzkum efnahagsmálum ríkir því meiri óvissa í dag en oftast áður. Þetta er undirstrikað af því örþrifaúrræði hæstv. fjmrh. að jafna greiðsluhalla fjárlaganna með því að kippa nærri 100 millj. kr. gjaldalið út úr þeim og láta liggja á milli hluta, enginn veit hve lengi, hvernig tekna verði aflað til þess að mæta þessum útgjöldum. Við höfum að vísu grun um það, að þess muni nú ekki verða miklu lengra að bíða en svona hálfan annan mánuð, rétt fram yfir janúarlok, að sýnt verði framan í nýja skatta og tolla af hálfu hæstv. fjmrh.

Ég segi: Þetta er mikill ósigur fyrir ríkisstj., sem byggir grundvöll sinn og tilveru og fyrirheit öll á því að taka upp nýja stefnu, láta fara fram allsherjarúttekt og brjóta í blað í efnahagsmálum. Ég efast um, að nokkurri ríkisstj. hafi á jafnskömmum tíma tekizt að vanefna jafnmörg loforð og þessari hæstv. ríkisstj., sem nú situr, og ég held, að það sé ekki ofmælt, að það fjárlagafrv., sem hér er til umræðu, sýni gleggst niður í það hyldýpi úrræðaleysis og stefnuleysis, sem allt starf núv. hæstv. ríkisstj. mótast af.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það á að láta það svo heita, að Alþingi ljúki afgreiðslu fjárlaga nú fyrir þinghléið. Í rauninni er slík afgreiðsla þó aðeins á pappírnum, því að öll vandamál, sem Alþingi ber að leysa í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, eru enn óleyst og skotið á frest.

Hv. þm. stjórnarflokkanna hefur orðið fátt um svör við gagnrýni okkar sjálfstæðismanna á þessari dæmalausu fjárlagaafgreiðslu, er nú fer fram, og er það að vonum. Eina hálmstrá þeirra virðist vera að segja sem svo, að sjálfstæðismönnum farist ekki að víta úrræðaleysi og eymd stjórnarliðsins í þessum málum, því að þeir geti ekki sjálfir bent á nein úrræði til lausnar efnahagsvandamálunum. Hæstv. fjmrh. innti m. a. mjög eftir því við 2. umr. fjárlaganna, hver væru úrræði Sjálfstfl. í efnahagsmálum. Þegar hann talaði hér við þessa umr., var hann að vísu ekki eins kröfuharður, en lét sér nægja að krefjast till. okkar um það, hvernig brúa eigi greiðsluhallabilið, en að því atriði mun ég lítillega víkja síðar.

Að gefnu þessu tilefni verður það meginefni máls míns hér að gera grein fyrir þeirri aðstöðu, sem stjórnarandstöðunni er búin til þess að gera heildartill. um lausn efnahagsvandamálanna og er slík, að þess verður ekki með neinni sanngirni af stjórnarandstöðunni krafizt að minu áliti, svo sem í pottinn er búið. En áður en rædd verður sú aðstaða, sem við stjórnarandstæðingar höfum til þess að bera fram till. þessum málum til úrlausnar, verður fyrst að gera sér grein fyrir því, í hverju það vandamál er fólgið, sem leysa þarf.

Það hefur mikið verið um það talað, að dýrtíðarmálin svokölluðu væru erfiðustu vandamál efnahagslífsins í okkar þjóðfélagi. Þetta má vissulega til sanns vegar færa. En þó er það ekki alltaf ljóst, hvað átt er við með dýrtíð eða hvaða mælikvarða á að nota á hana. Ráðstafanir þær, sem hv. stjórnarflokkar hafa gert til framkvæmdar verðstöðvunarstefnu sinni, er þeir nefna svo, hafa einkum verið í því fólgnar að hagræða vísitölunni þannig, að hún sýni ekki rétta mynd af þróun verðlagsins. Ef hlutirnir væru kallaðir sínu rétta nafni, en það forðast hv. þm. stjórnarflokkanna hér eins og á öðrum sviðum, væri í rauninni réttara að tala um vísitölustöðvunarstefnu en verðstöðvunarstefnu. En jafnvel þótt vísitalan væri ekki fölsuð á svo markvissan hátt sem átt hefur sér stað í tíð núv. hæstv. ríkisstj., væri ekki hægt að einblína á hana eina, sem óvefengjanlegan mælikvarða á dýrtíðina.

Grundvallarorsök aukinnar dýrtíðar er venjulega sú, að þjóðfélagsstéttirnar ætla sér að skipta á milli sín meiri verðmætum en nemur þjóðarframleiðslunni. Þetta getur m. a. komið fram á þann hátt, að framleiðslunni er ætlað að bera hærra kaupgjald og annan tilkostnað og álögur en samsvara þeim verðmætum, sem hún skapar. Afleiðingin verður þá aukin dýrtíð, hvort sem hún kemur fram í hækkaðri vísitölu þegar í stað eða ekki. Sama máli gegnir, ef bankarnir lána út meira fé en nemur því sparifé, innlendu og erlendu, er þeir hafa yfir að ráða. Þriðja orsökin til myndunar dýrtíðar er greiðsluhalli á fjárlögum. Þegar eitthvað af þessu þrennu á sér stað, myndast aukin dýrtíð eða fölsk kaupgeta,

eins og hinn glöggi fjármálamaður, Jón heitinn Þorláksson, nefndi það réttilega, því að það, sem raunverulega skeður, er, að falskar ávísanir eru gefnar út á verðmæti framleiðslunnar, — ávísanir, sem ekki er innstæða fyrir. Það ætti að vera ljóst, að þjóðfélagið sem heild bætir ekki hag sinn með þessu, en á hinn bóginn hefur þetta ýmsar óheppilegar afleiðingar. Þessar afleiðingar koma í fyrsta lagi fram sem verðhækkanir, en í öðru lagi í því, að framleiðslan ber sig ekki og stöðvast, nema til komi opinberir styrkir. Af þessu tvennu tel ég að ríkisframfærsla atvinnuveganna sé öllu skaðvænlegri en verðhækkanirnar, þótt þær séu auðvitað líka óæskilegar.

Styrkjafyrirkomulagið lamar allt framtak og framfaraviðleitni í atvinnurekstrinum, þegar það er komið í slíkan algleyming sem nú er hér á landi. Atvinnurekendur komast smám saman í sömu aðstöðu og fastlaunaðir embættismenn, þannig að það hefur ekki lengur nein áhrif á afkomu þeirra, hvort fyrirtækin eru vel eða illa rekin. Öllum hv. þm. er kunnugt, hvernig nú er komið með útflutningsframleiðsluna. Hún getur ekki borið sig nema með háum opinberum styrkjum, og sú regla, sem nú er fylgt við ákvörðun þessara styrkja, er yfirleitt sú, að hæð styrkjanna fer eftir þörf, eins og það er orðað, þannig að þeim mun afkastarýrari framleiðslu sem um er að ræða, þeim mun hærri verða uppbæturnar eða styrkirnir. Af þessu leiðir, að það kemur atvinnurekendunum í þessum greinum í sjálfu sér ekki að neinu gagni, þótt þeir fái t. d. hærra verð fyrir sína framleiðslu og leggi stund á að breyta framleiðslu sinni þannig, að hún gefi meira af sér, því að það leiðir aðeins til lækkunar á styrkjunum, þannig að fyrirhöfn þeirra í þessu sambandi verður ekki til neins eða kemur a. m. k. þeim sjálfum ekki til góða. Það er meira að segja komið þannig, að kaupmennirnir eða þeir, sem annast vörudreifingu, eru orðnir svipað settir og fastlaunamenn. Þeir fá skammtaðan sinn innflutning og skammtaða um leið þá álagningu, sem leggja má á vörurnar. Hins vegar er það þannig einmitt vegna innflutningshaftanna, að innflytjendur geta verið nokkurn veginn öruggir um að geta selt allt, sem þeir flytja inn. Ef verðlagsákvæði eru nú þannig, eins og raun er á hjá okkur, að þau verði ákveðin sem hámarksálagning, þá verður afleiðingin í rauninni sú, að þeim mun lakari innkaup sem kaupmaðurinn gerir, þeim mun meira ber hann úr býtum, en geri hann góð innkaup, þá leiðir það aðeins til þess, að álagningin verður lækkuð og hann fær minna fyrir þá þjónustu að dreifa vörunni. Af þessu leiðir, að innkaupakerfi okkar er í rauninni algerlega lamað, og hlýtur það að hafa í för með sér stórfellda gjaldeyrissóun, því að eins og réttilega hefur verið bent á, þá skiptir það í raun og veru engu minna máli fyrir gjaldeyrisafkomuna, að hagkvæm innkaup séu gerð, en hitt, að útflutningsvörurnar seljist á hagkvæmu verði.

Að áliti mínu og okkar sjálfstæðismanna er það kjarni efnahagsvandamálanna að fá því ófremdarástandi, sem nú hefur verið lýst í fáum orðum, kippt í lag. Framleiðslan þarf að geta borið sig án opinberra styrkja, þannig að áhætta sú, er atvinnurekstrinum fylgir, hvíli á herðum atvinnurekenda, en ekki almennings. En skilyrði þess, að atvinnurekendur fáist til að bera slíka áhættu, er það, að einhver von sé um hagnað, ef vel gengur. Skattarnir mega ekki vera svo háir, að þeir gleypi allt, sem fyrirtækin kunna að bera úr býtum umfram rekstrarkostnað.

En hvaða leiðir eru þá færar til þess að koma efnahagsmálunum þannig á kjöl, að stöðvuð sé aukning dýrtíðarinnar og atvinnuvegunum sé gert kleift að standa á eigin fótum án opinberra styrkja? Í því efni duga ekki neinar kákráðstafanir, heldur verður að gerbreyta ýmsum grundvallaratriðum efnahagskerfisins frá því, sem nú er. Ákveðnar till. í því efni verða ekki gerðar nema að undangenginni víðtækri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar og upplýsingasöfnun, sem stjórnarandstaðan hefur enga aðstöðu til að framkvæma. Þessu til frekari sönnunar skal það nokkuð rakið í megindráttum, hvaða upplýsingar það eru, sem safna þarf, áður en slíkar till. eru gerðar.

Það þarf þá í fyrsta lagi að gera sér grein fyrir því, hvað miklar tekjur útflutningsatvinnuvegirnir þurfa til þess að geta staðið á eigin fótum, en öllum upplýsingum um afkomu útvegsins, sem lagðar hafa verið til grundvallar ákvörðun þeirra uppbóta, er hann fær, hefur hingað til verið haldið stranglega leyndum fyrir öðrum en ríkisstj. og þeim sérfræðingum, er með henni hafa unnið að lausn þessara mála.

Þessi ástæða ein er næg til þess, að stjórnarandstaðan hefur enga aðstöðu til þess að leggja fram ákveðnar till. í þessu efni. En fleira kemur hér einnig til. Það er ekki nóg að gera sér grein fyrir því, hvað útgerðin þarf til þess að geta staðið á eigin fótum, heldur líka því, hvað útgerðin á að fá í stað uppbótanna. Hér koma margar leiðir til greina, svo sem niðurfærsla innlends verðlags, gengisbreyting, almennur gjaldeyrisskattur o. fl. Verður sú leið að sjálfsögðu valin, sem minnsta röskun hefur í för með sér fyrir efnahagsstarfsemina og minnstum óþægindum veldur almenningi, en til þess að gera sér grein fyrir því, hvaða úrræði hér verður að telja bezt, þarf að framkvæma viðamikla útreikninga og safna upplýsingum, — verk, sem ríkisstj. ein hefur aðstöðu til að láta framkvæma. Samkvæmt áður sögðu er það heldur ekki nóg, að atvinnuvegunum sé skapaður rekstrargrundvöllur. Það þarf líka að gera þær breytingar á skattakerfinu, að vel rekin fyrirtæki haldi einhverju eftir af hagnaði sínum, þannig að hann gangi ekki óskiptur til hins opinbera. En slíkar breytingar á skattakerfinu verða ekki framkvæmdar nema í samvinnu við embættismenn skattheimtunnar og á grundvelli upplýsinga frá þeim, sem þeir eðlilega telja sér hvorki skylt né heimilt að láta öðrum í té en ríkisstj. og trúnaðarmönnum hennar.

Af þessu öllu ætti að vera ljóst, að stjórnarandstöðunni er ekki mögulegt að gera till. um heildarlausn efnahagsvandamálanna og þá ekki heldur um einstaka þætti þeirra, þar sem slíkt er tilgangslítið nema sem liður í heildarlausn, og hér hef ég sérstaklega í huga einmitt till. um

það, hvernig brúað skuli nú tekjuhallabilið. Um það er ekki hægt að gera till. nema sem lið í heildarlausn efnahagsvandamálanna.

Ég býst nú við, að því verði til svarað við þessu af hálfu hv. stjórnarsinna, að þá sé heldur ekki hægt að heimta það af ríkisstj., að hún leggi fram till. um að brúa þetta greiðsluhallabil öðruvísi en í sambandi við þær heildartill., sem hún hafi að gera í efnahagsmálunum. En þessu skal ég svara strax. Aðstaða hæstv. ríkisstj. er hér auðvitað allt önnur en okkar stjórnarandstæðinga. Hæstv. ríkisstj. hefur í sínum fórum hina frægu úttekt, sem áður hefur verið nefnd hér, og auk þess hefði hún strax á miðju s. l. sumri eða jafnvel fyrr getað byrjað á undirbúningi undir það að leggja fram heildartill. sínar í efnahagsmálunum.

Nei, hæstv. ríkisstj. getur ekki borið fyrir sig tímaleysi í þessum efnum, enda er það öllum vitanlegt, að það er annað en það, sem veldur því, að hún hefur ekki lagt slíkar till. fram, áður en fjárlög voru afgreidd, en þessi ástæða er sú, að ekki þykir hagkvæmt að sýna kjósendum framan í þessar væntanlegu till. fyrir bæjarstjórnarkosningar þær, sem í hönd fara.

Það væri vissulega hægt að bæta aðstöðu stjórnarandstöðunnar í þessum efnum þannig, að kröfur mætti gera til þess, að hún legði fram heildartill. um lausn efnahagsvandamálanna, og í þessu efni hefur verið á það bent, að í nágrannalöndum vorum væru starfshættir flokka í stjórnarandstöðu öðruvísi en hér gerist, þar sé það siður, að stjórnarandstaða leggi að jafnaði fram um það till. í einstökum atriðum, hvernig hún vill leysa efnahagsvandamálin í heild og einstaka þætti þeirra. En í þessu sambandi ber þess að gæta, að aðstaðan hvað snertir aðgang að nauðsynlegum upplýsingum o. s. frv. er önnur þar en hér. Má þar í fyrsta lagi á það benda, að tölulegar upplýsingar um efnahagsmál, sem almenningi eru birtar, eru miklu ýtarlegri og aðgengilegri en hér. Í öðru lagi má á það benda, að hér hefur að jafnaði verið sá háttur hafður á, þegar gerðar hafa verið rannsóknir á efnahagsmálunum, — og skal það fúslega viðurkennt, að þar hafa starfshættir hæstv. núv. ríkisstj. yfirleitt ekki verið frábrugðnir því, sem tíðkazt hefur, — að slík rannsókn hefur aðeins verið falin þeim hagfræðingum, sem viðkomandi ríkisstj. hefur talið sér hliðholla, og svo embættismönnum, sem bundnir eru trúnaði við ríkisstj. sem slíkir, en stjórnarandstöðu er að jafnaði ekki veitt nein hlutdeild að slíkum rannsóknum.

Í okkar nágrannalöndum er þessu yfirleitt öðruvísi varið, þannig að slíkir rannsóknarnefndir, er þær eru skipaðar þar, eru jafnan skipaðar þannig, að sem flest sjónarmið komi fram. Þannig mundi það vera, ef maður tæki sem dæmi land eins og Svíþjóð, en þar fara jafnaðarmenn, sem kunnugt er, einir með stjórnina nú. Ef þar ætti að skipa rannsóknarnefnd hagfræðinga, mundi ríkisstj. ábyggilega ekki detta í hug að skipa hana eingöngu flokksbundnum sósíaldemókrötum, en hugsunarhátturinn er þar annar en hér. En hvað sem því atriði líður og hvað sem æskilegt er í þeim efnum, þá leiðir af þessu, sem hér hefur verið sagt, að ríkisstj. getur ekki gert þá kröfu á hendur stjórnarandstöðunni, að hún komi með heildartill. í þeim efnum, sem hér er um að ræða.

Að lokum vil ég nefna þriðja atriðið í sambandi við þetta, og í því efni hefur aðstaða stjórnarandstöðunnar, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, verið til mikilla muna lakari en aðstaða stjórnarandstöðu var í þessum efnum, t. d. meðan samstjórnir Framsfl. og Sjálfstfl. sátu að völdum. Í þessu sambandi mætti nefna gengislækkunarfrv. og undirbúning þess. Þar voru öll þau gögn, sem safnað hafði verið, birt, ekki eingöngu útreikningar um það, hver áhrif gengislækkunarleiðin mundi hafa, heldur líka útreikningar um það, hvernig aðrar hugsanlegar leiðir mundu verka á hag hinna ýmsu stétta og þjóðfélagið í heild. Aðstaða þeirra flokka, sem þá voru í stjórnarandstöðu, til þess að bera fram aðrar till. í því efni, var til mikilla muna betri en tilfellið er nú. Annað mál er það, að þeir munu ekki hafa haft fyrir því sérstakan áhuga, því að í hjarta sínu voru flestir stjórnarandstæðingar, sem þá voru, sjálfsagt sannfærðir um það, að þær till., sem þá voru fram lagðar, væru eftir atvikum þær beztu, sem völ var á, miðað við þær aðstæður, sem þá voru.

Í þessum efnum hefur hæstv. núv. ríkisstj. hins vegar haft annan hátt á, eins og kunnugt er. Að vísu var það básúnað út í blöðum hæstv. ríkisstj., eftir að hún tók við völdum, að nú ætti að framkvæma úttekt í augsýn alþjóðar, eins og það var orðað. Þessi úttekt mun að vísu að einhverju leyti hafa verið framkvæmd. Það voru kallaðir hingað til lands erlendir sérfræðingar í þeim tilgangi o. s. frv., en úttektin kom aldrei í augsýn alþjóðar. Hún mun ekki einu sinni hafa komið í augsýn þeirra hv. þm., sem ríkisstj. styðja. Hæstv. ríkisstj. hefur a. m. k. fram að þessu valið þann kost að halda algerðri leynd yfir öllum þeim gögnum og upplýsingum, sem hún hefur safnað í efnahagsmálunum, og meðan svo er, þá getur hæstv. ríkisstj. ekki krafizt þess með neinni sanngirni, að stjórnarandstaðan, sem algerlega hefur verið meinaður aðgangur að þessum upplýsingum, leggi fram neinar heildartill. í þessum efnum. Það getur skeð, að á þessu eigi eftir að verða breyting, en þá skapast ný viðhorf, sem ekki liggja fyrir nú.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt og mun ekki fara að kappræða hér mjög fram og aftur almennt um málið, en tvö höfuðatriði vil ég aðeins minnast á örfáum orðum.

Annars vegar virðist deilt um, að hv. stjórnarandstæðingar segja, að við, sem stöndum fyrir afgreiðslu fjárlaganna á þennan hátt, séum að gera það til þess að dylja þjóðina, hversu ástatt sé í efnahagsmálunum, og blekkja hana, og annað þar fram eftir götunum, sem hv. andstæðingar bera okkur á brýn. Og hv. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, lagði mikla áherzlu á þetta atriði, sem er vitaskuld stórt atriði. Hann sagði, að málflutningur málgagna ríkisstj. bæri þess vott, að til þess væri stofnað að dylja, hversu ástatt væri, einmitt með þessari afgreiðslu. En hann gat lítið um það, sá hv. þm., hvernig þessi mál-

flutningur væri. Ég ætla að bæta ofur lítið úr því til þess að sýna, hversu réttmæt þessi aðfinnsla er. Ég ætla að lofa mönnum að heyra um þetta. Hv. þm. kannast við það, en ég vil, að það sé bókfært í þingtíðindunum, hvernig sagt er frá þessu máli í Tímanum, málgagni Framsfl. Þar er fyrirsögnin á þessa lund:

„Verulegur hluti af dýrtíðargreiðslum tekinn út af fjárlögunum, og verður fjallað um það mál á framhaldsþingi. Að óbreyttum niðurgreiðslum vantar um 90 millj. til þess að mæta þeim."

Þetta eru aðalfyrirsagnir blaðsins um fjárlagaafgreiðsluna. Þá eru það hin stjórnarblöðin. Ég hef ekki gætt nákvæmlega að því, en ég sá, að í Þjóðviljanum var lögð mikil áherzla á, að 65 millj. af dýrtíðargreiðslunum hefðu verið teknar út og ætti að fjalla um það mál á framhaldsþinginu.

Þetta hvort tveggja stangast heldur illilega við þessar ásakanir hv. þm. Sjálfstfl. og sýnir glöggt, að einmitt með því að haga afgreiðslu fjárlaganna á þessa lund, er þjóðinni gefin rétt mynd af því, hvernig ástatt er. En ef þessum málum öllum hefði verið frestað, hefði þetta verið allt hulið móðu.

Þá er það aðalatriðið, sem um er deilt. Við höldum því fram, að hv. stjórnarandstæðingum sé skylt að gera till. um það, hvernig þeir vildu afgreiða fjárlögin, en hv. stjórnarandstæðingar eyða meginhluta ræðutíma síns hér til þess að sýna fram á, hvað það sé óskaplega ósanngjarnt að ætlast til þess, að þeir geri till. um það, hvernig afgreiða eigi fjárlögin. Út af þessu get ég ekki stillt mig um að minnast á það, að einu sinni var hér forsrh., sem var að ræða við stjórnarandstöðuna einmitt um þetta mál, sem nú er deilt um, og hann sagði svo, — það er tekið upp úr þingtíðindunum frá 1953, B-deild, dálki 507, — hann var að ræða við formann stjórnarandstæðinga, annan af tveimur, sem þá voru, og þessi hæstv. forsrh. sagði:

„Þessi hv. þm. gleymdi að segja, hvað hann vill láta gera. Ég skora nú á hann að leiða rök að því, að hægt sé að hverfa frá stefnu ríkisstj., og segja til, hvaða ráða hann ætlar að grípa þá til í staðinn. Þá dugir ekki að segja: Leiðir má finna, — eins og hann sagði hér áðan. Hann verður að finna þessar leiðir og sýna mönnum þær, því að á neikvæðum belgingi lifir enginn til lengdar."

Hver var þessi forsrh., sem þarna talaði á þessa lund um skyldur stjórnarandstöðunnar við annan formann stjórnarandstöðuflokksins? Það var form. Sjálfstfl., hv. þm. G-K., Ólafur Thors. Ég hygg, að það væri hollt fyrir talsmenn Sjálfstfl. að leggja sér á hjarta þessi orð formannsins í stað þess að reyna að fleyta sér hér á neikvæðum belgingi, — því að á neikvæðum belgingi lifir enginn til lengdar, eins og þessi hv. formaður þeirra svo spámannlega sagði.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir það, sem hún hefur tekið til greina af þeim tilmælum, sem ég og hv. 2. landsk. þm. beindum til hennar varðandi mitt kjördæmi. Þó er það nú svo, að ýmsar óskir, sem ég bar fram og við bárum fram, eru eftir óuppfylltar í hv. nefnd, og vildi ég þess vegna freista þess að bera fram nokkrar brtt. þetta mál varðandi, þær sem engum skilningi hafa mætt hjá hv. nefnd eða þá svo seint voru fram komnar, að ekki vannst tími til að leggja þær formlega fyrir nefndina.

Sumt annað, sem ég hef fram að færa, snertir ekki beinlínis mitt kjördæmi, en það er og getur sjálfsagt ekki heitið neitt stórmál. En það eru tveir dyggir og trúir starfsmenn þess opinbera, sem á þessu ári munu hafa orðið að hætta störfum fyrir aldurs sakir, það eru Þórhallur Gunnlaugsson, fyrrv. símastjóri í Vestmannaeyjum, og umdæmisstjóri fyrrv. á Seyðisfirði, Þorsteinn Gíslason. Þeir eru báðir sem sagt búnir að verja svo að segja mannsævi í þjónustu landssímans og höfðu báðir, annar með eigin hendi, en hinn fyrir milligöngu síns alþingismanns, farið fram á það við fjvn., að þeir yrðu, eins og venja hefur verið með slíka menn og raunar fleiri, teknir til greina á 18. gr. fjárlaganna með viðbótarstyrk við þeirra löglegu lífeyrissjóðslaun. Ég held, að menn í slíkri stöðu sem þessir menn hafa gegnt séu eins þarfir og störf þeirra beri að meta eins vel og ekki síður en margra annarra í þjóðfélaginu, sem hafa gegnt kannske betur borguðum störfum, sem minna snerta þó allan almenning, og eigi skilið, að það sé að fullu leyti tekið tillit til þeirra, þegar þeir eru komnir á þann háa aldur að geta ekki sinnt eða mega ekki sinna sínum störfum lengur. En hv. fjvn. hefur gengið fram hjá þessum báðum starfsmönnum, m. ö. o. skilið þá algerlega eftir úti í kuldanum að þessu leyti, og ég fyrir mitt leyti, bæði að því leyti sem ég er kunnugur öðrum þeirra og sem ég ber kennsl á störf hins mannsins líka, kann því illa og vil gjarnan, að hv. Alþingi ráði nokkra bót á. Mér hefur verið gefin sú skýring í viðtali við hv. fjvn.-menn, að þetta tómlæti gagnvart þessum tveimur velvirtu fyrrverandi starfsmönnum landssímans stafi af því, að hv. fjvn. hafi, að því er mér skilst, nú tekið upp einhverja nýja reglu í þessu efni, sem ekki hefur verið viðhöfð áður, og samkvæmt þeirri reglu var það hverfandi lág upphæð, sem þeir töldu að þeir hefðu getað átt, ef þeim hefði verið unnt svo mikils sannmælis að láta þá njóta þess fyllsta styrks, sem samkvæmt hinni nýju reglu hefur verið ákveðinn, eða 80% af embættislaunum, eins og þau voru. En annað tveggja hefur hv. n. ekki álitið þessa menn svo verðuga, að jafnvel þessu væri sinnandi, eða þá að henni hafa eitthvað mismetizt þeirra verðleikar, og þykir mér það undarlegt, því að næg persónuleg þekking á starfi a. m. k. annars þessa manns sem opinbers starfsmanns var fyrir hendi í hv. fjvn.

Ég vil ekki orðlengja mjög um þetta. Ég vil skjóta því til Sþ. að gera nokkra uppbót hér á og hef þess vegna á þskj. 199 leyft mér að bera fram brtt. við 18. gr. um það, að hvor þessara manna fái 5 þús. kr. á 18. gr., sem aðaltill., en sem varatill., ef þetta þætti of há upphæð, hef ég leyft mér að fara fram á 3 þús. kr. Og í þeim mikla fjáraustri, sem fjárlagafrv. fjallar um að öðru leyti, virðist mér það ekki vera óhóflegt, þó að menn, sem komnir eru á áttræðisaldur og hafa starfað allt sitt líf, meðan þeir gátu starfað, vel

og dyggilega í þjónustu landssímans, fái þessa viðurkenningu á 18. gr. Í þau 33 eða 34 ár, sem ég hef verið hér á hinu háa Alþingi, þá held ég a. m. k. að mér sé óhætt að fullyrða, að ég hafi upplifað það, að margir minna verðugir hafi verið teknir inn á þessa grein með hærri upphæðir en ég hef leyft mér hér að bera fram.

Það kann vel að vera, að þessi nýi siður hjá þeim nýju herrum eigi svo mikinn rétt á sér, að meiri hl. vilji ekki taka aðaltill. til greina, en jafnvel þó að hinn nýi siður væri í fullum heiðri haldinn, og hann er ekki enn þá samþykktur af Alþingi í heild sinni, ættu varatill. að geta farið í gegn.

Ég skýt því til réttdæmis hv. alþm. að sinna þessum mönnum nokkuð, sem mér finnst hafa mætt allt of kuldalegri meðferð í hv. fjvn.

Það hefur mikið verið talað um það, eins og eðlilegt er, hver vá atvinnuvegum landsmanna hér og ekki sízt sjósókninni stafar af því, hvað fáir fást til þess að ráða sig til sjós, og þykir margt og mikið á sig leggjandi bæði í skattaeftirgjöfum og öðru slíku til þess að fá breytingu á því og fá menn til að sinna meira þessum dýrmætu framleiðslustörfum, sem byggjast á sjósókn m. a. Og þá er sennilega óhætt að benda á, að eitt af því, sem rétt er að gera gagnvart sjómönnum og verkamönnum við framleiðslustörfin, er að freista þess að gera þeim lífið viðkunnanlegt og bærilegt á þeim stöðum, þar sem þeir stunda sína atvinnu, t. d. þeir, sem eru við land og ekki beint fastráðnir á togara eða því um líkt. Ég veit, að á Siglufirði er ákaflega mikil hjálp allra aðkomumanna, sérstaklega sjómanna og verkamanna, það sem templarar þar hafa framkvæmt til að halda uppi sjómannaheimili. Ég hef sjálfur heimsótt það sem aðkomumaður á Siglufirði og tel það mjög til blessunar, þeirra starf, og það gerir mikið til þess að gera aðkomumönnum, hvort þeir heldur eru sjómenn eða annars háttar aðkomumenn, vistina bærilegri en ella væri.

Í Vestmannaeyjum er það svo nú orðið, að það er algerlega breyttur aldarháttur á því, hvern aðbúnað aðkomusjómenn og verkamenn hafa á móts við það, sem var t. d. þegar ég var að alast upp í Eyjunum. Þá var það siður, að hver útvegsmaður tók sína menn, bæði landmenn og sjómenn, á sín heimili, og þeir höfðu þar sama aðbúnað sem annað heimilisfólk þann tíma, sem þeir dvöldust við störf sín. Þessi aldarháttur hefur breytzt ákaflega mikið, síðan útgerðin og fiskvinnslan komst meira í stóriðjuform, og þessir menn, sem áður höfðu ákveðin heimili í bænum að halla sér að í sínum tómstundum, hafa það ekki nú. Þeir hafa kannske svefnpláss á bærilegum stöðum, þeir geta matazt á matsöluhúsum eða í mötuneytum, sem ég skal engan veginn lasta, en það eru þó engin heimili fyrir þá. Á þessum stöðum hafa templarar reynt að hafa forgöngu til að byggja sjómanna- eða ég gæti eins vel sagt félagsheimili fyrir sjómenn og verkamenn. Bygging þess hefur staðið yfir í nokkur ár, og meðan ég mátti mín nokkurs á sviði fjárveitinga, stuðlaði ég að því, að þeir fengu talsvert drjúgan opinberan styrk í ein tvö, þrjú skipti. En þeir eru komnir að vísu langt með bygginguna, en eins og allir geta skilið, þá vantar mikið á það, að hún sé fullgerð. En hennar er á þessum stað sannarlega mikil þörf. Það er mjög nauðsynlegt fyrir hinn mikla fjölda aðkomumanna, sem dvelst vetrarvertíðina í Vestmannaeyjum og oft langt fram á vor, að þeir þurfi ekki að eyða tómstundum sínum annaðhvort á götunni, í sjoppum eða einhvers staðar þar, sem oftast nær fjöldi þeirra lendir í óreglu, að þeir geti leitað til almennilegs sjómannaheimilis eða félagsheimilis, sem hafi hlýleg og vistleg húsakynni til að bjóða þeim. Það er siðmenningarmál mikið fyrir þennan mikla hóp manna, og ég skal taka það fram, að það eru ekki búsettir menn í Vestmannaeyjum, sem þurfa sérstaklega þessa aðhlynningu. Það eru aðkomumennirnir, og þeirra tala er svo að segja „legió“ á vertíð, bæði norðan, austan og vestan af landi.

Ég ritaði hv. fjvn. ýtarlegt erindi um þetta og lagði enn fremur fram í afriti erindi húsbyggingarnefndar þeirrar, sem á vegum templarafélaganna þar austur frá stendur fyrir byggingunni, svo að hv. n. var engra upplýsinga um þetta mál dulin, og ég veit til þess, að vissir menn í n. beittu sér fyrir því, að erindi mitt yrði að einhverju litlu leyti til greina tekið, en meiri hl. n. gat ekki á það fallizt.

Ég vildi ekki láta þetta mál gersamlega niður falla og mun ekki, meðan ég stend uppi, og í þetta sinn hafði ég leyft mér að leggja hér fram till., brtt. við fjárlagafrv. um þetta efni, þar sem segir: Til framhaldsbyggingar félagsheimilis fyrir sjómenn og verkamenn í Vestmannaeyjum 200 þús. og til vara 150 þús.

Ég fullvissa hv. þm. um, að það er nauðsyn, að slíku heimili sé komið upp, og það yrði vel varið þeim 150 eða 200 þús., sem í þessu efni væru veittar, en að öðru leyti á ég þess engan annan kost en leggja það á vald hv. Alþingis, að hve miklu leyti þessu máli verður sinnt.

Ég hef litlu við að bæta mína ræðu, en vil þó gera skil þeim brtt., sem ég er með að öllu leyti.

Ég minntist á það í upphafi, að sum af erindum frá Vestmannaeyjum hefðu ekki borizt svo snemma, að hv. fjvn. hefði getað tekið þau til meðferðar á formlegan hátt, og átti ég þar við aðallega erindi frá Björgunarfélagi Vestmannaeyja, sem hyggst byggja þar dráttarbát og hjálparbát í félagi við slysavarnardeildina Eykyndil og sjálfsagt hafnaryfirvöldin að einhverju leyti. Það er ætlazt til þess, að þessi bátur hjálpi skipum, þegar þau eru að hafna sig og losa sig úr höfn, en sé að öðru leyti tiltækur sem björgunarbátur á næsta sviði við Eyjarnar þann tíma sér í lagi, sem hin samningsbundna varðgæzla ríkisskipanna, varðskipanna, er ekki fyrir hendi. Björgunarfélag Vestmannaeyja munu allir kannast við. Það er gamalt og virðulegt félag og hefur átt sinn stóra þátt í að hrinda af stað björgunarmálum þjóðarinnar og landhelgisvarnarmálefnum á sínum tíma. Ég skal ekki fara að segja sögu þess hér. Það verkefni, sem varð þess hlutskipti, varð þjóðhollustustarf, og mun það viðurkennt um allt land, að upphaf alvarlegrar sjóbjörgunar og landhelgisgæzlu átti sína vöggu í Vestmannaeyjum fyrir það, að þetta félag var á sínum tíma stofnað. Félagið lifir enn og sinnir eftir megni þeim málefnum heima í héraði, sem

eru aðkallandi hverju sinni, og þar ráða hinir mætustu menn, reyndir sjómenn, miklu í stjórninni og raunar mestu, og það er fyrir þeirra atbeina og bænarstað, að ég hef hreyft þessu máli hér á þingi, að hinn nýi bátur, sem félagið ætlar að beita sér fyrir að komist upp, er orðinn nauðsynlegur nú, einkum og sér í lagi vegna þess, að til Vestmannaeyjahafnar leita æ stærri og stærri skip og sá litli hafnarbátur, sem þar er til þess að aðstoða þau, er einskis megnugur orðinn í því efni, þegar veður eru hörð.

Annað atriði, sem ýtir undir framkvæmd þessa máls á þann veg, sem björgunarfélagið hefur hugsað sér, er það, að nú hin síðustu ár og ég vil segja jafnvel hin allra síðustu ár hafa fiskveiðar sjómanna í Vestmannaeyjum að vissu leyti breytzt að nokkru leyti, ekki í höfuðatriðum, þar er sóttur sjór náttúrlega á stórum og viðamiklum vertíðarbátum eins og var, og þeim mjög stórum og sjófærum. En nú hefur trillubátaútgerð aukizt ákaflega mikið hin síðari árin og var seinast á þessu hausti mjög arðvænleg fyrir fjölda manna. Trillubátar og litlir úreltir mótorbátar, sem jafnvel voru seldir í burtu úr plássinu, hafa verið keyptir aftur og eru nú í höndum þeirra manna, sem stunda handfæraveiðar á þessum litlu bátum. Og til þess að hjálpa þeim mundi öflugur hafnarbátur, sem um leið væri útbúinn sem björgunarbátur, fyllilega nægja, því að þeir leggja ekki svo langt á haf út, að þar þurfi varðskip að koma þeim til hjálpar.

Með því að erindi það, sem hér var um að ræða, barst ekki fyrr en gengið var tölulega í hv. fjvn. frá frv. og brtt., hef ég leyft mér að bera fram við 22. gr. heimildarbrtt., sem hljóðar svo:

„Að ábyrgjast fyrir Björgunarfélag Vestmannaeyja lán, er það kann að taka til þess að láta byggja eða kaupa dráttarbát til aðstoðar skipum á Vestmannaeyjahöfn eða utan hennar, allt að ¾ kostnaðar bátsins, gegn þeim tryggingum, er ríkisstj. metur gildar."

Ég hef farið þá leið í þessu að fara fram á ríkisábyrgð á ¾ hlutum kostnaðar skipsins. Ég skal geta þess, að fyrir utan það, að það eru valdir menn í stjórn Björgunarfélagsins nú eins og oft áður, hafa þeir haft ráð skipaskoðunar ríkisins og eins Péturs Sigurðssonar landhelgisgæzlustjóra um það, hvernig slíkur bátur sem þessi fyrirhugaði á að vera útbúinn, og er skipaskoðunin nú reiðubúin til þess að ganga frá vinnuteikningu. Skipulags- og útlitsteikningu hefur hún þegar útbúið eða Hjálmar Bárðarson fyrir þeirra hönd.

Þetta vil ég benda á til þess að sýna það og sanna, að hinir mætustu menn utan Vestmannaeyja á þessu sviði hafa skilið þörfina og vilja rétta Vestmanneyingum hjálparhönd í þessu máli og hafa fullan skilning á nauðsyn þess, svo að það ætti að vera alveg óhætt fyrir hið háa Alþ. að rétta Björgunarfélaginu þarna hjálparhönd, eins og það á sínum tíma gerði, þegar það hóf sitt aðalstarf fyrir mörgum árum.

Ég skal svo ekki lengja tímann með því að gera aðrar brtt. að sérstöku umtalsefni. Ég er samþykkur mörgum af þeim brtt., sem hv. minni hl. fjvn. hefur lagt fram á þskj. 192, og finnst, að þeirra röksemdir, sem færðar hafa verið fyrir þeim breytingum, séu það sterkar, að það ættu sem flestir að taka undir þær. Ég vil sérstaklega benda á brtt., sem er tölusett með 200 og er um úthlutun atvinnubótafjár, sem enn þá er í frv. gert ráð fyrir að séu 15 millj., en hv. minni hl. leggur til, að Sþ. kjósi fimm manna n., er ákveði um ráðstöfun þessa fjár, og má setja þau skilyrði um mótframlög og annað, er n. telur nauðsynlegt.

Ég tel þetta vera sjálfsagða ráðstöfun og hefði átt að vera gert fyrir löngu, að úthlutun atvinnubótafjár sé í höndum n., sem kosin er af Sþ. Það hefur borið allt of mikið á því í ýmsum framkvæmdum og það ekki eingöngu hjá þessari hæstv. ríkisstj., sem nú situr, og á ég þá t. d. sérstaklega við það, sem hefur verið afgangs. Þetta afgangsfé, sem hæstv. fjmrh. hefur haft upp á vasann núna nokkur ár, af því að tekjurnar hafa orðið miklu meiri en Alþ. ákvað á sínum tíma, hefur, eins og búið er að sýna hér fram á í þingræðum af öðrum en mér við þessa umr., núna undanfarin ár skipt tugum og hundruðum þús., sem hæstv. ráðh. hefur haft upp á vasann umfram það, sem hefur þurft til greiðslna, vegna þess, hve Alþingi hefur verið örlátt með þá tekjuöflun, sem fjmrh. hefur þurft að fá og talið sig þurfa að fá. Og ár eftir ár hefur Alþ. látið telja sér trú um, eða það virðist svo vera, að það hafi látið telja sér trú um, að áætlanir hæstv. fjmrh. og barlómur hans um það stæðust, að þessi tekjuliður mundi ekki nema nema svo og svo. Og það hefur orðið til þess, þegar Alþ. hefur fallizt á þetta, sem liggur við að hafi orðið fölsun á fjárl., — því að ég get ekki ímyndað mér marga, sem um þetta hafa fjallað í fjvn. á undanförnum árum, að þeir hafi verið svo blindir, að þeir hafi ekki getað séð vel, að tekjuliður a og b og c og d mundi skila miklu meiru en hæstv. fjmrh. hefur haldið fram, — að svo hefur þessu fé verið útbýtt, ekki á þann hátt, að Sþ. hefði þar hönd í bagga, heldur hefur orðið þarna nokkurs konar aukaríkissjóður beint í höndunum á ríkisstj. eða stjórnarflokkunum, sem Alþ. sem slíkt hefur eiginlega ekki ráðið um hvert færi.

Í þessa átt má ekki lengur halda á þessu sviði, og þess vegna er ég fyrir mitt leyti ákaflega fylgjandi því, að atvinnubótafé, sem skiptir mörgum milljónum, sé útbýtt á svipaðan hátt og segir í brtt. hv. minni hl. fjvn.

Hér hafa verið haldnar margar og miklar ræður um þessi fjárl. og afgreiðslu þeirra, og verð ég fyrir mitt leyti að kannast við það, að þetta mál ber nú að á nokkuð nýstárlegan hátt, og getur tæplega heitið, að það sé fjárlagaafgreiðsla, samanborið við þá fjárlagaafgreiðslu, sem Alþ. hefur tamið sér, svo að tugum ára skiptir, fram að því að hér er farið að taka upp algerlega nýja siði í afgreiðslu fjárlaga.

Það mun hafa verið í tíð fyrrv. stjórnar, að hæstv. fjmrh. fékk því framgengt að kljúfa útflutningssjóðinn frá hinum almenna ríkissjóði og afla svo tekna, eins og gerðist á síðasta þingi, með sérstökum álögum og tollum, sem fara í útflutningssjóðinn. Þegar ég frétti af þessu á því þingi, er það gerðist, — þá var ekki sú stjórn ríkjandi, sem nú er, — þá taldi ég það sízt af öllu til bóta. Ég vissi vel, að þetta

gæti orðið til þess að létta hæstv. fjmrh. afgreiðslu sjálfra fjárl., en ég vissi líka, að það mundi verða miklu verra fyrir almenning í landinu að átta sig á hinum opinberu útgjöldum, þegar þannig væri klofið á milli. Og þegar svo hæstv. ráðh. hafði upp á vasann umframtekjurnar til þess að láta í hvippinn og hvappinn, eins og gerðist, þá mátti segja, að það væru orðin þrenn fjárl. á ferðinni. Það var erfitt, ég vissi það vel, þann tíma sem ég var fjmrh., að koma fjárl. saman. Ég skal játa, að það var mjög erfitt verk, og ég gat ekki sett menn þannig upp við vegginn, þó að ég hefði haft metnað til þess, að heimta, að fjárl. væru afgreidd fyrir hátíðir, eins og hæstv. núverandi fjmrh. virðist hafa vald á að gera gagnvart sínum fylgismönnum. Þá voru fiskuppbæturnar og fjárl. afgreidd undireins, og það var heldur látinn líða nokkur tími fram yfir hátíðir og leið stundum langur — og allt of langur að mínum dómi — til þess að ná sáttum um það í þinginu yfirleitt, hvernig afla skyldi tekna til útflutningsuppbótanna og til annarra útgjalda ríkisins, og fjárl. svo afgreidd þannig, að í fjárl. mátti sjá öll útgjöldin og allar tekjurnar eins og þær voru áætlaðar. Nú verður að leita að þessu á mörgum stöðum. Ég vissi, að mér var sérstaklega af Framsfl. eða blaðakosti þeirra legið mjög á hálsi fyrir þetta, og hæstv. fjmrh. og sumir aðrir hv. alþm., sem líka voru til í mínum flokki, töluðu mjög háum rómi um það, að þess háttar styrkir við útvegginn og fiskuppbæturnar voru í stjórnartíð Stefáns Jóhanns væru komnir í það öngþveiti, að þeim yrði ekki haldið áfram. Hvað gerðist svo? Svo fóru þessir hæstv. herrar, ráðh. og stjórn, út í gengisfellingu, og hún var svo ekki nóg. Síðan hafa þeir komizt út á þá braut að hafa beinlínis greiðslur, ef ekki úr ríkissjóði, þá úr öðrum sjóði, sem ég er nú búinn að gleyma nafninu á, sem var í stjórnartíð Ólafs Thors og nú heitir útflutningssjóður. Þeir eru komnir sem sagt, bæði hæstv. fjmrh. og aðrir hans meðstarfsmenn, sem þá voru, úr öskunni í eldinn í þessum efnum. Og málið horfir enn þá flóknara við í dag en það hefur nokkurn tíma horft.

Ég vil taka undir það, sem kom fram í ræðu hv. alþm., er síðast talaði á undan hæstv. ráðh., Ólafs Björnssonar, að útlitið í efnahagsmálunum er nú í meiri óvissu en það hefur nokkurn tíma verið, að því er virðist. En klofningur hæstv. fjmrh. á fjárlfrv. þróast og heldur áfram, því að nú virðist með þessari afgreiðslu vera tilgangurinn, að taka eigi út gríðarstóran útgjaldapóst, þ. e. a. s. dýrtíðarráðstafanapóstinn að ⅔, og skilja hann eftir óafgreiddan og án þess að nokkur viti, með hvaða sköttum og tollum á að mæta þeim útgjöldum, sem þar óhjákvæmilega koma til að liggja fyrir.

Ég hef ekki trú á, að þessi klofningsaðferð hæstv. fjmrh. leiði til neins góðs. Hann var að tala um það hér áðan eða bera það af sér, sem honum fannst að hefði verið borið á sig, að þetta væri gert til þess að blekkja þjóðina. Ég vil engan veginn taka undir það, ef einhver hefur haldið því fram, að hæstv. ráðh. væri beint að gera þetta til þess að blekkja þjóðina. En ég vil á hinn bóginn segja, að þessi máti að afgreiða fjárl. ríkisins og annað þeim viðkomandi blekkir þjóðina. Hún á miklu verr með að átta sig á í raun og veru, hvert er stefnt og hvað er gert, þegar þessi aðferð er viðhöfð.

Það er náttúrlega ósköp einföld lækning á fjárlfrv. að taka út svona stóran gjaldalið og láta hann ekki koma til upptalningar. Þá er hægt að jafna tekjuhalla og gera gróða á pappírnum, þar sem annars væri halli, eins og hér liggur núna fyrir. Mér dettur í hug í þessu sambandi að minna ekki eingöngu hæstv. fjmrh., heldur hv. stjórnarlið, á gamla sögu, sem gekk einu sinni um danska þingið, þar sem deilt var um eitthvert ákveðið atriði og einn, er fyrir því talaði, sagði, að það þýddi ekki að deila um þetta, það væri fakta. Og það varð fleyg setning, sem einn af þm. frá Jótlandi sagði í því efni: Jeg nægter fakta. — Ég neita staðreyndum, sagði hann, og það þótti fleygt. Og það er engu líkara, þegar maður horfir á það, að hv. fjvn. og þeir, sem henni eru samþykkir, tekur út úr fjárlfrv., kippir því bara í burtu, viskar það út, 65 millj., sem ætlaðar voru af hæstv. fjmrh. til dýrtíðarráðstafana og vissulega þarf að nota. Það er engu líkara en hv. n. taki sér þessi orð í munn: Jeg nægter fakta. Ég vil ekki sjá þessa staðreynd.

Ég er orðinn hálfþreyttur á að hlusta á þetta stráksleg orðatiltæki, sem hæstv. fjmrh. var enn að taka sér í munn, eða a. m. k. verja það núna í sinni síðustu svarræðu, um það, að stjórnarandstaðan sé skyldug til að koma með till. til úrbóta á einu og öðru sviði. Nú í fjárl. liggja að vísu fyrir till. frá hæstv. ráðh. og hans fylginautum um lausn fjárlfrv. eða afgreiðslu þess. Hv. minni hl., stjórnarandstæðingar, hefur líka gert till. um afgreiðslu fjárl. En það liggja þó fyrir í því efni till. frá ríkisstj. En þessi „éttu hann sjálfur tónn“ hjá hv. stjórnarliði, sem hæstv. fjmrh. virðist tileinka sér svo fjarska mikið í þessum öllum umr., er ákaflega óviðurkvæmilegur, einkum og sér í lagi þegar fjallað er, eins og í efnahagsmálunum, um atriði, sem stjórnarherrarnir einir hafa fullkominn aðgang að að rannsaka, hvernig liggur, en stjórnarandstaðan sama sem engan aðgang til þess að gera slíkt hið sama.

Við fyrri umr. þessa máls var það hent á lofti af hæstv. ráðh. og blaðakosti hans, að sjálfstæðismenn hefðu játað, að þeir hefðu ekki þekkingu á þessum málum til þess að geta borið fram till. í þessu efni. Ja, það er hægt að halda þekkingunni bæði frá sjálfstæðismönnum og öðrum með því að fela fyrir þeim plögg og skjöl og staðreyndir, sem liggja fyrir, og það er sannanlegt hér á Alþ., að stjórnarherrarnir, ríkisstj., beinlínis liggur á og felur upplýsingar í efnahagsmálunum, sem hún ein hefur aðgang að. Það getur verið, að einhverjir hennar þm. hafi það, en a. m. k. stjórnarandstaðan hefur engan aðgang að þeim skjölum. Það var minnzt hér í ræðu, sem var haldin hérna fyrir andartaki, á hina frægu rannsókn, sem hæstv. forsrh. gumaði mest yfir og átti að fara fram fyrir opnum tjöldum og hefur verið lýst eftir að fá að vita, hvað hefði leitt í ljós, af stjórnarandstöðunni, og hæstv. ráðh. og meðráðh. hans hafa enn þá

fram til þessa dags falið það vendilega eins og margt annað, sem snertir þessi mál. Og aðstaða og meðferð hv. minni hl. fjvn., sbr. þeirra nál., sýnir það einna gleggst, hvað vendilega stjórnarliðið hefur reynt að fela og tefja fyrir andstæðingum sínum að komast að upplýsingum, sem fyrir liggja, og fela fyrir þeim áform sín. Það þarf ekki annað en líta á viðaukanál. hv. minni hl. fjvn. núna, sem liggur fyrir, til þess að ganga úr skugga um þetta. Allt þetta er, ef ég mætti svo að orði kveða á þessum hættulegu og erfiðu efnahagslegu tímum, sem yfir þetta land ganga, frá hinum vonda.

Það er ábyggilegt, að sú stefna hæstv. ríkisstj., sem hún hefur tamið sér frá byrjun, frá því að hún kom hér til valda, að fela fyrir stjórnarandstöðunni sem allra mest af upplýsingum, halda þeirra áhrifum á gang málanna eins fjarri og hæstv. ríkisstj. hefur verið unnt, er óholl, hún er ekki þjóðholl, því að það eru vissulega svo alvarlegir tímar, sem núna ganga yfir þetta land, að ef það væru vitrir menn, sem í stjórnarráðinu sætu, þá mundu þeir leitast við, ekki einasta að upplýsa fyrir stjórnarandstöðunni eins og fyrir öllum öðrum þátttakendum á hinu háa Alþ. hið sanna í þessum vandamálum, en þeir mundu líka leitast við að fá þeirra meðhjálp og samstarf til þess að leysa þessi mjög svo örðugu vandamál, sem þeir sýnilega ráða lítið við og ráða kannske ekkert við, eins og sakir standa.

Ef þessi hugsunarháttur hæstv. ríkisstj. um að hafa það fyrir höfuðstefnu í sínu starfi að láta stjórnarandstöðuna, sem þó hefur umboð stórmikils hluta þjóðarinnar til að vera hér á þessu þingi, ef þessi stefna er borin saman við stefnur hinna menntuðustu lýðræðisþjóða, eins og t. d. Bandaríkjamanna, þá er hægt að sjá, hversu geysilegur gæfumunur er á milli þessara hv. stjórnarherra, þó að hvorir tveggja telji sig til lýðræðisríkja. Það var birt í útvarpi og blöðum hér fyrir fáum — ja, kannske vikum eða dögum, að þegar stjórnarforseti Bandaríkjanna, Eisenhower, hugði á ferð sína til Parísar á hinn mikla NATO-fund með öllum forsætisráðherrum NATO-landanna, þá lét hann sér ekki nægja að ráðgast einungis við sína republikana þar í landi, heldur var leitað líka til andstæðinga republikana. Foringi demokrata, maðurinn, sem hafði barizt á móti Eisenhower í kosningunum um forsetatignina, var kvaddur til ráða, eins og alþjóð hér er kunnugt. Hugsum okkur muninn á skilningi lýðræðisins hjá þessum mönnum eða hjá okkur í þessu litla kotríki hér á hjara veraldar.

Ég hef ekki trú á því, að efnahagsvandamálin, dýrtíðarvandamálin, fjárhagsvandamálin og hvað þau nú öll nefnast, þessi miklu vandamál, sem íslenzka þjóðin á við að búa í dag og voru mér að kenna í gær og þér að kenna í dag og guð veit hverjum á morgun, sem allir svo að segja, bæði innan þings og utan, hafa átt, ekki kannske vísvitandi í öllum tilfellum, en stundum vísvitandi og stundum óafvitandi, sinn þátt í að þróa, — þessi öfugþróun í okkar efnahagsmálum leysist ekki með eingöngu „partisku“ átaki, jafnvel þó að það sé vinstri stjórn, sem ræður þar stefnunni eða stefnuleysinu. Það þarf þjóðarsamstarf til þess að leysa svo stór vandamál sem við eigum nú að horfast í augu við. Og ég vildi óska þess, að ríkisstj. Íslands núverandi öðlaðist svo mikið af sönnum lýðræðisskilningi og svo mikið af heilbrigðri skynsemi, að þeir tækju upp opinskárri og réttlátari vinnubrögð til að leysa þessi mál en hingað til hefur bólað á.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það kemur fram hjá forseta, að það sé jafnvel hæpið, að unnt sé að ljúka umr. í nótt, þó að haldið verði áfram, a. m. k. verði það ekki fyrr en mjög seint. Það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjvn. í dag, að þá hefði n. ekki unnizt tími til að athuga fram komnar brtt., ekki einu sinni frá minni hl. n. Síðan hefur svo að segja ætíð verið látlaus fundur og mjög ólíklegt, að n. hafi gefizt færi á því að kynna sér þetta efni. Það má segja, að þessi umr. sé í raun og veru eina umr. fjárl., vegna þess að engar till. um heildarafgreiðslu lágu fyrir við 1. eða 2. umr. Nú eru þær að vísu mjög ófullkomnar, en formlegar till. liggja þó nú fyrir, þannig að þetta er fyrsta og eina tækifærið, sem Alþ. Íslendinga fær til þess að skoða málið í heild, og ég vil mjög vara við því og raunar mótmæla, að sá háttur verði hafður á, að málið sé keyrt í gegn nú á dagparti og síðan einni nóttu. Ég tel alveg óhjákvæmilegt, ef málið á að fá þinglega meðferð, að það verði hafðir skipulegir fundir hér, það sé ekki óeðlilegt að vísu, að á síðasta spretti verði hafðir næturfundir, ef umr. dragast úr hófi fram. En enn þá sé ég engin merki þess. Venja hefur verið, að umr. um fjárl. hafa staðið dögum saman og enginn undrazt. Þetta er aðalstarf þingsins, og ég vil sem sagt mjög mótmæla því, að sá háttur verði hafður á, að málið verði keyrt í gegn nú í nótt eða umr. lokið, nema því aðeins að menn falli frá orði, sýnt sé, að hér hafi enginn neitt að tala. En mér heyrðist á ummælum hæstv. forseta, að það væri allt annað í efni.

Forseti (EmJ): Ástæðan til þess, að umr. um fjárl. er flýtt nokkru meira en kannske æskilegt væri, er sú, að það hefur komið fram ósk frá allmörgum þm., sem eiga heima utanbæjar, að reyna að komast heim það snemma fyrir jólin, að þeir lentu ekki alveg á síðustu dögunum fyrir þau með sitt ferðalag. Þess vegna var það talið rétt að reyna að mæta þeim óskum, eftir því sem fært væri.

Ég geri þess vegna ráð fyrir, að umr. verði haldið áfram eitthvað fram eftir nóttu og séð, hvernig gengur, áður en gefizt verður upp við þá hugsun að reyna að ljúka umr. nú.

Bjarni Benediktsson: Herrra forseti. Ég met mjög mikils þá upplýsingu, sem kemur fram fyrir því, að halda á þennan næturfund. En er ekki rökrétta ályktunin af þeim upplýsingum, sem hæstv. forseti gaf, að það sé ekki tími til hvors tveggja, að þm. þeir, sem hér eiga hlut að máli, nái heim svo snemma fyrir jól sem þeir óska og að unnt sé að afgreiða fjárl. með stjórn-

skipulegum hætti fyrir jólin? Ég get ekki dregið aðra ályktun, að annaðhvort verði menn að gefa sér tíma til þess að hafa hér skaplega og skipulega umr., þó að það kosti það, að þeirra jólafrí styttist, eða þá að það verði að hætta við að afgreiða fjárl. fyrir jól. En ég tek undir það með hæstv. forseta, að það er ekki æskilegt að afgreiða fjárl. með þeim hætti, sem nú er ráðgert, og ef um það tvennt er að ræða, að ganga á svig við settar reglur um meðferð fjárl. eða menn komist heim til að halda jólahátíðina, þá verður að meta meira að afgreiða fjárl. á skaplegan hátt. En það er hægt að sleppa fram hjá vandanum við þetta með því að gefa bráðabirgðafjárl. í skyndi, greiðsluheimildir þangað til um miðjan febrúar, og leyfa þm. að fara strax heim í nótt, ef þeir óska.

Forseti (EmJ): Ég sé ekki, að það þurfi að fara neitt á svig við þingsköp eða almennar venjur, hvort sem umr. verður haldið áfram nú í nótt eða verður haldið áfram á morgun. Það hefur oft komið fyrir í Alþ. áður, að umr. einmitt um fjárl. hefur verið haldið áfram að næturlagi.

Það verður því gefið fundarhlé í hálfa klukkustund rúmlega, og fundur hefst síðan að nýju stundarfjórðung yfir kl. 12. — [Fundarhlé.]

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær tillögur á þskj. 204, lið XIII og XIX.

Fyrri tillagan er um 700 þús. kr. fjárveitingu til uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur samkv. 37. gr. laga nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna, og til vara er lagt til, að veittar verði í þessu skyni 500 þús. Þetta ákvæði í lögum, að þessum uppeldisskóla skuli komið á fót, er nú orðið allgamalt, og árið 1955, 4. apríl, var samþ. svo hljóðandi breyting á þessu ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimili og gera samninga um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir."

Í samræmi við þetta var þetta sama vor skipuð nefnd af þáverandi menntmrh. til að undirbúa og athuga fyrirkomulag uppeldisskóla fyrir stúlkur. Síðar á árinu skilaði nefndin mjög ýtarlegu áliti. Í samræmi við álit nefndarinnar voru bornar fram fjárveitingartillögur við afgreiðslu næstu fjárlaga, en þær náðu þá ekki fram að ganga. Á næsta þingi þar á eftir var einnig mjög knúið á um framgang þessa máls, en allt kom fyrir ekki. Þó var veitt heimild í 22. gr. fjárl. til þess að festa kaup á landi til að reisa á uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur, og þóttist þá hæstv. núverandi ríkisstjórn hafa vel borgið þessu máli.

Barnaverndarnefndir og lögreglan hafa lengi knúið mjög á um lausn þessa máls, en það er því miður fjárveitingarvaldinu til lítils sóma, hvernig um það hefur farið og hvernig það horfir nú.

Ég vil ekki trúa öðru en skilningur sé meðal hv. þm. á vandamálum þeirra unglinga, sem hér er um að ræða, og ég hygg, að þeir séu flestir sjálfir feður og þeir mundu ekki horfa í aukaútgjöld, ef svo illa væri komið fyrir þeirra eigin börnum sem er um börnin, sem hér er um að ræða. Alþ. getur ekki lengur látið undir höfuð leggjast að veita þetta fé, enda ekki mikil fúlga, sem farið er fram á.

Raunin hefur oft orðið sú um þessi börn, sem hér er um að ræða, að þau hafa flækzt á milli staða, þegar ekki hefur verið hægt að koma þeim á neitt sérstakt uppeldisheimili eða skóla. Hafa þá uppeldisáhrif af þeim vistum orðið mjög tvísýn.

Eina raunhæfa lausnin á þessu er að koma upp þeim uppeldisskóla, sem raunar er skylt samkv. lögum, og það er margítrekað af þeim, sem mesta reynslu hafa í þessum efnum og hafa mest starfað að barnavernd og unglinga. Slíkur uppeldisskóli ætti að koma þeim unglingum, sem leiðzt hafa á afbrotabrautir, á réttan kjöl og verða öðrum til varnaðar, bæði unglingunum sjálfum og foreldrum þeirra.

Nú er mér engin launung á því, að ég tel, að það væri mun heppilegri lausn á þessu máli, ef hægt væri að vista þessa unglinga einn og einn á heimilum fólks til frambúðar. En því miður hefur raunin orðið sú, að það hefur alls ekki reynzt unnt að fá nægilega mörg og nægilega góð heimili til þess að gera þetta, og þessum heimilum hefur oft reynzt erfitt að halda í unglingana. Þess vegna er uppeldisskóli eina lausnin á þessu máli.

Í fyrra var veitt heimild á 22. gr. fjárl. til þess að festa kaup á landi til þess að reisa á uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur, og ætla mætti, að samkv. þeirri heimild hefði verið talað við landeiganda, sem vildi selja jörð í þessu skyni. Það er þó komið á daginn, að það hefur alls ekki verið gert, hvorki þá né síðar. Það hefur verið bent á ýmsar jarðir í þessu skyni og þá fyrst og fremst jörð í Grímsnesinu, Ormsstaði, sem er nágrannajörð við Sólheima. Hefur hún verið talin mjög heppileg að ýmsu leyti, og gæti heimilið, ef það væri staðsett þar, notið jarðhitaréttinda frá Sólheimum. Það er einnig að ýmsu öðru leyti heppilega í sveit sett, og mun jörðin vera föl, a. m. k. að hluta. En því miður hefur heimildin í fjárl. ekki verið notuð, hver sem ástæðan kann að vera.

Eins og kunnugt er, þá er hæstv. ríkisstj. hvers konar nefndarskipun mjög hugleikin. Ýmist eru skipaðar nefndir til að marka stefnu í mikilvægum málum, nefndir til að leggja blessun sína yfir verk, sem aðrar nefndir, skipaðar af fyrirrennurum hæstv. ráðherra, hafa unnið, og svo nefndir til ýmiss konar rannsókna og alls konar ráðuneytis.

Ef til vill var líklegt, að sá hæstv. ráðh., sem uppeldismálum sinnir helzt, kynni að skipa nefnd í þetta mál, fljótlega eftir að hann fékk heimild til að kaupa land í þessu nauðsynlega skyni, en raunin varð sú, að það leið mestur hluti ársins, án þess að það yrði gert. Það var gert nú fyrir rúmum mánuði og þar með fengin kærkomin afsökun fyrir því að láta fjárveitingu nú undir

höfuð leggjast, þar eð málið væri aðeins á byrjunarstigi í rannsókn í nefnd.

En á þessi rök munu þeir ekki geta fallizt, sem vita, að raunverulega er undirbúningi þessa máls lokið. Þó að það fólk, sem hæstv. ráðh. hefur skipað í nefnd þessa nú, sé að öllu leyti hið mætasta fólk og hafi vel vit á þessum málum, er ekki endalaust hægt að skipa nefndir á nefndir ofan til að athuga hlutina. Væri mun nær, að hafizt væri handa um þetta mál á grundvelli þeirra rannsókna, sem þegar liggja fyrir.

Auk þess munu þeir heldur ekki fallast á þessi rök, sem raunverulega vilja hraða þessu máli og skilja, hverja nauðsyn ber til, að þessi uppeldisskóli rísi sem fyrst. Það hefur æ ofan í æ verið bent á það, hve erfitt bæði almennu lögreglunni, kvenlögreglunni og barnaverndarnefndum er gert fyrir með því að láta dragast svo úr hömlu að koma á fót þessu uppeldisheimili. Þannig fá þessir aðilar aftur og aftur mál sömu ungmennanna, sem óhætt er að segja að ómögulegt sé að hjálpa, nema til sé slíkt uppeldisheimili.

Það er áreiðanlegt, og hefur ræklega verið á það bent hér í dag og oftar, að ferill hæstv. ríkisstj. er allt annað en blómum stráður, og ætla ég mér alls ekki að rekja þann raunaferil. Þó tel ég mér skylt að benda á örfá atriði í sambandi við þann nýjasta áfanga á þessum ferli, sem þetta fjárlfrv. er.

Á því eru margir stórir blettir, en svo er að sjá sem einn svartasti bletturinn sé, að ýmsar ákvarðanir hæstv. núverandi valdhafa bitna beinlínis á þeim, sem sízt skyldi, þ. e. a. s. börnunum í landinu. Á ég hér við m. a., hvernig á fjárveitingum til skóla í Reykjavík er haldið. Hvergi nærri er staðið við það, sem lögboðið er um framlag ríkisins til skólabygginga í Reykjavík, og bitnar þröngt húsnæði að sjálfsögðu á þeim börnum, sem skóla borgarinnar koma til með að sækja. En tilgangurinn er hins vegar sá, og ég hygg, að öllum sé það ljóst, að geta sagt það í blöðum hæstv. ríkisstj., að Reykjavíkurbær sjái ekki börnum sínum fyrir nægilegu skólahúsnæði. Það verður varla nægilega á það bent, hver nauðsyn ber til, að ríkið geri skyldu sína í þessum efnum og fallizt verði á þær till., sem sjálfstæðismenn bera fram um þessi efni.

Þá bitnar það á þeim börnum, sem einna erfiðast eiga fyrir, að ekki er enn þá tekin upp fjárveiting til uppeldisskóla þess, sem tillögur *minar fjalla hér um, og veldur sá dráttur sívaxandi vandamálum.*

Ég vil því beina því til hv. þingmanna, að þeir geri sitt til þess að þvo þennan blett af frv. *með því að styðja þær tillögur, sem að þessum* málum lúta. Vegur hæstv. ríkisstj. yrði ögn meiri, ef þær yrðu studdar. Tillögurnar eru svo hógværar, að það ætti síður en svo að vera ofraun að veita þeim stuðning.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Við 2. umr. lýsti ég þörf á stækkun flugvallarins á Skipeyri við Ísafjörð og skýrði frá því, að ég áskildi mér rétt til að bera fram brtt. um framlag til þess að stækka hann við þessa umr., sem nú fer fram.

Nú hefur hv. fjvn. fallizt á að hækka framlag til flugvallagerðar á 20. gr. um 600 þús. Hæstv. 2. landsk., form. n., gat þess í ræðu sinni við þessa umr., að hv. fjvn. hefði einmitt sérstaklega haft í huga þá kaupstaði, sem ekki eru í sambandi við akvegakerfi landsins og eru því háðari flugsamgöngum en aðrir. Ég þakka nefndinni fyrir skilning á nauðsyn þessari og vona, að þessi hækkun geri kleift að hefjast handa um úrbætur.

Til viðbótar þessari 600 þús. kr. hækkun gæti einnig orðið til umráða nokkur fjárhæð samkv. heimildarákvæði 22. gr., ef rekstur flugvalla verður hagkvæmari en ráð er fyrir gert í þessum fjárl.

Ég mun því ekki bera fram tillögu um sérstaka fjárveitingu til þessa flugvallar, sem ég hafði annars haft í huga.

Þá hafði ég einnig lýst því við fyrri umr., að nauðsyn bæri til að hækka framlag til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum, sem hefur verið á fjárl. undanfarinna ára ein 100 þús., og gerði ég grein fyrir því, hver nauðsyn er á að auka þetta framlag, þar sem nú er komið að því, að kaupstaðirnir neyðist til að bæta um þá vegagerð, sem hefur verið þar undanfarið, og enda sumir þeirra þegar byrjaðir á framkvæmdum í því efni. Er þá augljóst, að ef ríkið á að styrkja það eitthvað í átt við það, sem ætlunin var, þegar lögin um benzínskattinn voru sett, þá er þetta nánast hlægileg upphæð, þessi 100 þús., sem til þess eru ætluð á fjárlögum núna og hafa verið um mörg undanfarin ár. Ég leyfi mér því að leggja til, að í stað þessara 100 þús. komi 1 milljón, og er enginn vafi á, eins og ég gat um hér við 2. umr., að þetta er mjög hófleg upphæð og vafalaust miklu minni en ef samþ. hefði verið sú breyting á lögunum, sem ég gerði till. um á síðasta þingi og var í þá átt að færa lögin til þess horfs, sem þau upphaflega voru og hefði verið fullkomið sanngirnismál við kaupstaðina að gert væri.

Þá hef ég einnig leyft mér að bera fram till. um, að við 13. gr. A, XII. lið, komi 100 þús. í staðinn fyrir 75 þús., sem er í frv., og gerði ég grein fyrir því einnig við 2. umr., hvernig á þessari hækkunartillögu minni stæði, og hirði ekki um að endurtaka það hér.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um till. frá hv. þm. N-Ísf., Sigurði Bjarnasyni, þar sem hann leggur til, að veitt sé til ferjubryggju á Mýri á Snæfjallaströnd 70 þús. Það er svo með þessar ferjubryggjur þarna í Djúpinu, að það eru einkum tveir staðir, sem má segja að hafi verið fullkomnar ferjubryggjur, þannig að þangað eru ferjaðir þeir, sem þurfa að fara landleiðina frá Ísafirði og öðrum stöðum við Djúp til Reykjavíkur eða annarra staða, þaðan sem hægt er að komast um þjóðvegi landsins. Það hefur verið sívaxandi umferð þessa leið á undanförnum árum. Nú er leiðin það löng, að Djúpbáturinn, sem annast þessar ferðir, annar ekki að fara nema 2 eða í hæsta lagi 3 ferðir á dag, en það kom margsinnis fyrir í sumar, að svo mikið var að flytja bifreiðar og farþega, að þetta nægði ekki til þess að anna flutningaþörfinni, og það hefur verið svo undanfarin

sumur, að það hefur komið fyrir, t. d. fyrir þá, sem hafa þurft að fara með bifreiðar frá Ísafirði eða til Ísafjarðar, að það hefur þurft að panta far fyrir bifreiðarnar með allt að því hálfs mánaðar fyrirvara, og skilja allir, hver annmarki er á því.

Ef vegurinn hins vegar væri kominn nokkru lengra, eins og verið er nú að leggja hann, — það má jafnvel gera sér vonir um, að hann komist nú í sumar, ef vel gengur, í Ögur að vestanverðu við Djúp, en að norðanverðu við Djúpið er búið að undirbyggja veg út að Mýri, þar sem lagt er til að þessi ferjubryggja sé gerð, en þar er nú engin ferjubryggja, — en eftir að vegurinn væri kominn á þessa staði, hvort heldur væri í Ögur eða að Mýri, þá styttist svo verulega sjóleiðin, að báturinn ætti auðvelt með að fara fleiri ferðir, þegar þörf er á, og væri þá meiri von um, að við það mætti notast, á meðan ekki kemur vegasamband, sem viðhlítandi er.

Það er því ekki einasta nauðsyn fyrir þá, sem þarna búa, heldur einnig fyrir aðra, sem búa við Djúpið, á Ísafirði og í þorpunum þar í kring, að greitt sé fyrir því, að vegurinn komist lengra og þar sem hann endar hverju sinni sé nothæf ferjubryggja, þannig að vegirnir komi að notum. Vildi ég því ekki láta undir höfuð leggjast að skýra frá þessu hér, svo að menn gætu skilið betur nauðsynina.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær almennu umræður, sem hér hafa orðið um afgreiðslu fjárl., jafnvel þó að margt hafi verið sagt hér, sem mér fyndist, ef tími væri til, ástæða til að svara.

Ég vil þó aðeins segja það út af því, sem hér kom fram utan dagskrár áðan, að ég álít, að það ætti ekki einasta að vera nú, heldur ævinlega, að fjárlög væru afgreidd og tilbúin, þegar þau eiga að réttu lagi að ganga í gildi, m. ö. o. um áramót, og tel ég því rétt, að þingið reyni að ljúka fjárl. fyrir áramót nú, eins og ég tel það ævinlega rétt, að svo sé gert. En ég skal ekki fjölyrða um þetta.

Tilefnið til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er það, að ég flyt ásamt samþm. mínum, hv. 2. þm. Eyf. (MJ), brtt. við fjárl. Það er III. liður á þskj. 199. Hann er um það að hækka framlagið til Múlavegar, sem á að tengja saman Ólafsfjörð og innhéruð Eyjafjarðar í vegasamband, úr 200 þús. kr. í 500 þús. kr.

Ég hef fullan skilning á því, að það er ekki fært að hækka gjaldahlið fjárlaganna verulega frá því, sem nú er. En ég lít svo á, að það mætti ná þessari upphæð á auðveldan hátt með því að lækka suma aðra liði á fjárl., og það væri sanngjarnt. Það er ekki búið að slíta umræðunni enn, og hv. fjvn. gæti vel tekið það til athugunar. Við þm. Eyfirðinga sáum þó ekki fært að bera slíkar tillögur fram, því að vitanlega þýðir það lítið fyrir einstaka þm., slíkar tillögur þyrftu að koma frá fjvn.

Mér finnst t. d., án þess að ég leggi neina sérstaka áherzlu á það, að það sé töluverð rausn af ekki stærra þjóðfélagi en okkar þjóðfélag er að ætla á aðra milljón kr. til skálda og rithöfunda fyrir utan þá fjárhæð, sem menntamálaráð veitir að sínu leyti. Það er orðinn töluvert annar andi hér í hinu háa Alþ. en var, þegar það kostaði harða baráttu að fá 600 kr. fjárveitingu til Þorsteins Erlingssonar. Ég hæli því ekki og óska ekki eftir, að þeir tímar komi aftur, að höfuðskáldi eins og Þorsteini Erlingssyni sé neitað um litla fjárhæð, en ég efa mjög, að allir þeir menn, sem þessu fé er skipt á milli, séu raunverulega skáld.

En það er þó annar liður á fjárl., sem ég hef einkum í huga, og kem ég að því nú.

Ólafsfjörður og Siglufjörður eru nágrannabæir, eins og allir vita, og það er margt líkt um þessa bæi, atvinnuhætti þeirra og annað. Báðir þessir bæir eru tengdir við vegakerfi landsins að nokkru þannig, að vegur liggur frá þeim yfir fjöll vestur til Skagafjarðar, og þannig tengjast þeir vegir vegakerfi landsins, þó að þeir séu lélegir á kafla, þeir koma saman og eru sami vegurinn, þegar kemur vestur í Fljótin. Nú er það svo, að í fyrra var veitt hálf milljón til nýs vegar frá Siglufirði og vestur, svokallaður Siglufjarðarvegur, en það voru á sama tíma veittar 200 þús. kr. til nýs vegar, sem byrjað er á og á að tengja Ólafsfjörð við innhéruð Eyjafjarðar, eða til Múlavegar. En fyrir þessar 200 þús. kr., sem veittar voru til Múlavegar, var ekki unnið í fyrra. Sú upphæð var ekkert notuð. Mér fyndist eðlilegt, að þessir tveir vegir, Siglufjarðarvegur og Múlavegur, fylgdust að, og þar sem nú Siglufjarðarvegur fékk 500 þús. á fjárl. í fyrra eða fjárl. yfirstandandi árs, en Múlavegur 200 þús., sem ekki var þó notað, þá fyndist mér ekkert óeðlilegt eða ósanngjarnt, þó að nú væri skipt um og þá væru fjárframlög til þessara vega jöfn. Ég beini því til hv. fjvn., af því að enn er tími til að gera brtt., hvort það væri ekki réttara í þetta sinn að lækka þessa upphæð til Siglufjarðarvegar og bæta því við Múlaveginn. Þá væru þeir jafnir um fjárframlög úr ríkissjóði, og síðan væri veitt jöfn fjárhæð árlega.

Ég get ekki séð, að þessi till. sé beinlínis hliðstæð till. um vegi innan héraða, því að raunverulega er þetta fjallvegur, ætlaður til að tengja saman byggðir, sem ekki hafa haft beint vegarsamband. Og þegar litið er á fjárveitingar í fjárlfrv., eins og það er nú eftir 2. umr., eftir að hv. fjvn. hefur um það fjallað, þá getur hver maður séð, að Eyjafjarðarsýsla er einna lægst af sýslum landsins um fjárveitingar til vega. Hitt skal ég aftur játa, að til hafnargerða er þar veitt töluvert, og kvarta ég ekki yfir því.

Ég skýt þessu aðeins til athugunar fyrir hv. fjvn. Henni getur ekki komið þessi till. okkar þm. Eyf. neitt á óvart, því að þær óskir, sem við þm. Eyf. bárum fram við fjvn., voru einmitt á þann veg, að til Múlavegar yrði veitt þessi upphæð, sem við nú leggjum til að verði veitt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, en vil segja það að lokum, að ég tel Ólafsfjarðarkaupstað alveg eins nauðsynlegt, ef ekki nauðsynlegra, að komast í beint vegarsamband við byggðir Eyjafjarðar eins og Siglufirði er að fá nýjan veg meðfram sjónum til Skagafjarðar.

Ég vona, að áður en umr. lýkur, athugi fjvn. þessa till. okkar að einhverju leyti, og mundum við sjálfsagt verða til viðtals um einhverja lægri upphæð jafnvel. En við getum ekki sætt okkur við það, að upphæðin standi óbreytt til þessa vegar, og þá jafnframt með tilliti til þess, hvað gert er í næsta nágrenni, þar sem við sjáum ekki að sé neitt meiri þörf.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj. 204, II. lið, flyt ég ásamt þrem öðrum hv. þm., þm. Snæf. (SÁ), þm. Dal. (ÁB) og 11. landsk. (PP), brtt. við frv. til fjárl., sem miðar að því, að fjárveiting til Heydalsvegar verði hækkuð um helming, úr 150 þús. í 300 þús. kr. Ég hygg, að ekki sé þörf á því að fara mörgum orðum um þennan veg. Ég ætla, að flestir hv. þm. þekki þessa leið nokkuð, a. m. k. af afspurn. Þetta mál hefur nefnilega oft borið á góma, síðan Heydalsvegur var tekinn í tölu þjóðvega árið 1943 eða 1944, að mig minnir. Á síðasta Alþingi fluttu sömu þm. till. um, að fjárveiting í þessu skyni, sem í frv. s. l. vetur var ákveðin 150 þús., yrði hækkuð upp í 500 þús. kr., en til vara í 300 þús. kr. Báðar þessar till. voru felldar. Því er þó ekki að neita, að talsvert hefur áunnizt í þessu máli undanfarin ár. Þjóðvegurinn um Dalasýslu út Hörðudal að sýslumörkum Dala- og Snæfellsnessýslu er nú stórbættur, sérstaklega eftir þá vegargerð, sem þar var framkvæmd s. l. sumar. Einnig hefur talsvert miðað áfram sunnan á nesinu. Eftir er þó enn talsvert drjúgur spölur yfir Heydalinn sjálfan og nágrenni hans að norðan og sunnan. Þetta verk þyrfti að vinnast til fulls á næstu tveim sumrum, en þeim áfanga verður ekki náð, meðan fjárveitingin er skorin við nögl svo mjög sem nú er gert. Hins vegar er að sjálfsögðu unnt að fara þá leið að afla lánsfjár til bráðabirgða til að fullvinna verkið, en út á þá braut er ekki hyggilegt að fara, fyrr en komið er lengra áleiðis og nær lokatakmarkinu en nú er.

Það er víða beðið um og vonazt eftir auknu fé í vegi úti um byggðir landsins. Flestir eru vegir þessir meira og minna gagnlegir og æskilegir, en ekki jafnnauðsynlegir allir. Meðan fé er svo mjög takmarkað til vegagerðar, verður að leggja höfuðáherzlu á vissar meginleiðir, sem koma að sem mestu gagni. Þjóðvegurinn um Heydal er áreiðanlega í allra fremstu röð þeirra vega, sem hraða ber af fullum krafti. Hann verður einna lægsti fjallvegur á landinu, aðeins á annað hundrað metra yfir sjávarmál. Hann tengir saman byggðarlögin norðan og sunnan Snæfellsnesfjallgarðs og opnar greiðari vetrarleið um Vesturland og jafnframt áfram til Norðlendingafjórðungs. Ég verð því að ætla, að till. þessi eigi fylgi að fagna, a. m. k. hjá hv. þm. vestan- og norðanlands.

Það hefði verið ærin ástæða til að hreyfa fleiri till. um hækkuð framlög til nytsamra hluta, svo mjög sem þeim er haldið niðri, en ég hef þó ekki talið það fært. Þeim mun ríkari áherzlu vil ég leggja á það, að brtt. þessi um aukið fé til Heydalsvegar verði samþ.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég er ekki hingað kominn vegna þess, að ég hafi flutt brtt. við frv., og er það ekki vegna þess, að ég hafi ekki haft miklar ástæður til þess að reyna að fá slíkar till. samþ., heldur er það vegna þess, að ég hef þreifað fyrir mér áður hjá fjvn. um þær óskir, sem ég hafði þar komið á framfæri, og orðið þess var og reyndar sannfærzt um, að það var þýðingarlaust að bera fram till. í því skyni að fá þær samþ., enda hefðu þær till., sem ég hefði flutt, orðið til þess að hækka verklegar og nauðsynlegar framkvæmdir, en það virðist vera erfiðast í sambandi við afgreiðslu þessa máls að fá það fram, sem er nauðsynlegast. Hitt gengur jafnvel fyrir, sem mætti frekar bíða, og frekar keppzt um að samþ. það, sem ekki ætti í fjárl. að vera.

Ég get tekið undir með þeim þm., sem töluðu hér síðast, og lýst því yfir, að ýmislegt af því, sem nauðsynlegt er fyrir kjördæmin, svo sem meira til vegagerðar og annarra nauðsynlegra framkvæmda, þyrfti nauðsynlega að hækka. Það er svo með vegaféð í mínu kjördæmi, Rangárvallasýslu, að vandræði voru að þessu sinni að skipta því upp, því að eins og geta má nærri eru miklar þarfir fyrir vegi í kjördæmi, sem er hafnlaust, er 90 km að lengd og víða 50—60 km að breidd. Að þessu sinni er skipt sömu upphæð og er á fjárl. yfirstandandi árs, og er því ljóst, að fjárveitingin hefur raunverulega lækkað, þar sem vitað er, að minna fæst fyrir hverja krónu á næsta ári en á líðandi ári.

Í öðru lagi er framlag til skóla, en þrír hreppar í Rangárvallasýslu hafa sameinazt um að byggja barnaskóla, og hlýtur það að vera rétt stefna, að skólahéruðin sameinist, því að rekstur slíkra skóla verður miklu ódýrari en að hver hreppur sé út af fyrir sig. Áætlun um byggingarkostnað á þessum skóla er 3.6 millj., og til viðbótar 400 þús. kr., sem gert er ráð fyrir að innanstokksmunir muni kosta, eða 4 millj. alls. Hús þetta er komið undir þak, og hefur kostað 1200 þús. kr. að gera það fokhelt. Gert er ráð fyrir í þeim till., sem hér liggja fyrir, að fjárveitingin á næsta ári verði 500 þús. Ríkissjóður á lögum samkvæmt að greiða ¾ af byggingarkostnaðinum, þar sem þetta er heimavistarskóli. Skólalöggjöfin gerir ráð fyrir, að sá hluti ríkissjóðs sé greiddur á 5 árum. Hér er um nærri 4 millj. að ræða, og er því augljóst, að með þessari fjárveitingu, ef hún yrði ekki hærri síðar, yrði hluti ríkissjóðs ekki greiddur á fimm árum, enda hefði hluti ríkissjóðs á næsta ári átt að vera um 750 þús. kr. til þess að vera í samræmi við skólalöggjöfina og að greiðslum væri lokið á tilsettum tíma.

En vegna þess, að vonlaust er að fá þetta hækkað, þótt ég sýndi till. hér í hv. Alþingi, þá hef ég ekki séð ástæðu til þess að gera það, en vil vekja athygli á því, að hér er mjög þrengt að hlutaðeigandi hreppum, þar sem þeir fá ekki þá fjárveitingu, sem þeir höfðu reiknað með, og erfiðleikar á að útvega lánsfé til þess að koma byggingunni áfram eru miklir, eins og allir hv. alþm. vita.

Eitt var það, sem ég gerði tilraun til að fá samþ. í fjvn. og ekki tókst, það var landþurrkun í Landeyjum. Farið var fram á, að liðurinn yrði hækkaður um helming, úr 40 þús. í 80 þús., en

það fékk ekki nægilegt fylgi í n., og stjórnarliðið treysti sér ekki til þess að ganga á neinn hátt á móts við Landeyinga í þessu efni.

Þá er eitt mál, sem snertir okkur Sunnlendinga austan Hellisheiðar mjög, og það er endurlagning hinna gömlu vega, þ. e. vegarins í Ölfusinu, Flóanum og Holtunum. Vegamálastjóri hefur sótt mjög fast á stjórnarvöldin að þessu sinni um það að fá fjárveitingu til endurlagningar á gömlum vegum hækkaða, en vegamálastjóri fékk daufar undirtektir, og stjórnarliðið sá sér ekki fært að hækka þennan lið. Vitað er þó, að fleiri gamlir þjóðvegir eru þannig, að nauðsynlegt er að endurbyggja þá, og 800 þús. kr., eins og nú er á frv., er vitanlega allt of lítil upphæð, og er það leitt og mjög skaðlegt, að þessar aðalleiðir skuli sökkva ofan í mýrarnar og ekki vera vel færar með þung ökutæki nema yfir sumarmánuðina, enda er það stöðug áskorun hjá vegamálastjóra á vorin og þegar færð fer að þyngjast að fara nú ekki með þessa þungu bíla með fullu hlassi yfir vegina vegna þess, hvað þeir séu veikir. En við, sem búum á þessu svæði og höfum ekki höfn, þurfum að draga allt að okkur á bifreiðum, og við höfum hin síðari árin reynt að stækka bifreiðarnar til þess að leitast við að gera flutningana ódýrari, en þeir verða því aðeins ódýrari, að það verði leyft að hafa fullt hlass á bifreiðunum.

Það er gerður að þessu leyti reginmunur á þeim sýslum, sem eru hafnlausar og verða að draga að sér allt á hinum stóru vörubílum, og öðrum héruðum, sem nota strandferðirnar, því að ríkissjóður greiðir árlega miklar hækkanir í taprekstur með strandferðunum, á meðan flutningar á landi er skattlagðir í stórum stíl og ekki telst fært að endurleggja hina gömlu vegi og fjölförnu samgönguleiðir á hafnleysissvæðinu, og ekki aðeins það að láta það vera að endurleggja þessa vegi, heldur hefur núverandi hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar skattlagt þessi flutningatæki stórkostlega, þannig að stórir dieselvagnar hafa hækkað um 40—50 þús. kr. á einu ári vegna skattlagningar hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka, en því var þó lofað, þegar rætt var um jólagjöfina stóru á s. l. ári, að svo nauðsynleg tæki sem vöruflutningabifreiðar skyldu ekki hækka.

Ég vil aðeins minna á þetta hér í sambandi við afgreiðslu fjárl., enda þótt mér sé ljóst, að talað er fyrir daufum eyrum og stjórnarherrarnir hafa ekki mikinn skilning á þessum málum, og um leið og þeir tala um fjármagnsskort hjá ríkissjóði, er ekki gerð tilraun til þess að draga úr rekstrarkostnaði Skipaútgerðar ríkisins eða sparnaðarviðleitni sýnd á nokkurn hátt.

Ég tel ekki, að það sé sparnaðarviðleitni, þótt hv. meiri hl. fjvn., stjórnarliðið, komi með sparnaðartill. þær, sem nú liggja fyrir upp á 2½ millj. kr. Það er ekki sparnaðarvilji, og það eru ekki efndir á þeim loforðum, sem stjórnarliðið hefur gefið undanfarið og þá sérstaklega um það leyti, sem núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum. Það fer með sparnaðarviðleitnina hjá hæstv. ríkisstj. í afgreiðslu fjárl. og þau loforð, sem gefin eru í sambandi við það, eins og önnur loforð þessarar hæstv. ríkisstj., og það er áberandi, að sumir hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. geta ekki á sér setið að vekja athygli á þessu og flytja raunalestur yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki sýnt viðleitni í sparnaðarátt. Þetta eru þeir hv. stjórnarliðar, sem leyfa sér að tala af hreinskilni, eins og einn hv. stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. gerði hér í kvöld, og verð ég að segja, að slíkt er virðingarvert.

Það er í öðru orðinu talað um, að ekki sé til fé til hinna nauðsynlegustu framkvæmda, en svo að hinu leytinu ekki á neinn hátt dregið úr óþarfaeyðslu og fjárveitingar veittar til þeirra framkvæmda, sem sýnast ekki vera nauðsynlegar eða þarfar. Ég veit, að þeir eru t. d. fáir, sem skilja nauðsynina á því að veita á fjárl. fyrir yfirstandandi ár 200 þús. kr. til þess að byggja fjós á Laugarvatni og svo aftur á næsta árs fjárl. einnig 200 þús. kr. í þessu skyni. Ég býst við, að þeir séu margir hv. þm., sem teldu, að það mætti verja þessu fé betur á annan hátt, og þeir munu vera fáir, sem skilja, að það hafi verið nauðsynlegt að byggja svona dýrt fjós, jafnvel þótt á Laugarvatni sé. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um margt af því, sem hv. stjórnarlið samþykkir að þessu sinni í sambandi við afgreiðslu fjárl. Og það mætti, ef ekki væri svo langt liðið á kvöldið, telja mýmörg dæmi þessu lík, en þess gerist tæplega þörf, vegna þess að hv. þm. sjá tillögurnar, sem eru fluttar, hafa frv. fyrir framan sig og eru dómbærir á þetta, og margir í hv. stjórnarliði munu hugsa eitthvað svipað og hinn hreinskilni hv. þm., sem talaði hér í kvöld af einlægni, þótt aðrir hv. stjórnarstuðningsmenn láti það vera að láta hug sinn uppi.

Hv. stjórnarlið hefur nú ákveðið, hvernig fjárl. skuli vera afgr., og Þjóðviljinn og önnur stjórnarstuðningsblöð hafa lýst því yfir, að fjárl. séu afgr. greiðsluhallalaus, en það eigi á framhaldsþinginu samt sem áður að afla tekna til þess, sem vantar. Sumir hv. stjórnarstuðningsmenn segja, að það vanti 65 millj. til dýrtíðarráðstafana, sem teknar voru út af frv. Aðrir segja, sem rétt er, að þau séu a. m. k. 85 millj., og getur vitanlega orðið mun meira, ef gjöld fara fram úr áætlun, eins og oftast hefur átt sér stað.

Fjárl. verða því að þessu sinni afgr. greiðsluhallalaus, eins og stjórnarliðið segir, en þó vantar allt að 100 millj. kr. í tekjur, til þess að unnt verði að standa við þær skuldbindingar, sem hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarlið hefur tekið, um leið og fjárl. eru afgr., því að engum dettur í hug að halda, að niðurgreiðslum verði hætt.

Ég hitti í dag einn hv. framsóknarmann hér í bænum, og hann sagði: Það verður gengislækkun á framhaldsþinginu, og þá strikast þetta allt saman út. — En ég spurði þann góða mann að því, hvort hann héldi, að unnt væri að hætta niðurgreiðslum að öllu leyti, þótt gengislækkun yrði framkvæmd. Mundi vera unnt að taka niðurgreiðslurnar af mjólkinni og láta útsöluverðið verða 5 kr. í staðinn fyrir kr. 3.48, sem mig minnir, að það sé núna? Niðurgreiðslurnar á hvern mjólkurlítra núna eru kr. 1.52, en voru aðeins 86 aurar um það leyti, sem stjórnarskiptin urðu. Ég

býst við því, að þótt stjórnarliðið hverfi að því ráði að lækka gengið í vetur, eins og margir spá, en ég skal ekkert fullyrða um, þá verði tæplega unnt að hætta niðurgreiðslum. Og hvað mundu launþegar segja, ef mjólkin hækkaði um kr. 1.52 í útsölu, og ef niðurgreiðslu á kjöti væri einnig hætt? Mundu þá ekki koma fram kröfur um kauphækkanir, og mundi þá ekki árangurinn af gengislækkuninni verða harla lítill?

Ég hygg, að það verði að reikna með því, að niðurgreiðslur verði áfram. Ég hygg þess vegna, að það verði illt fyrir hæstv. ríkisstj. að losna undan því að afla tekna, sem nema allt að 100 millj. kr., til þess að jafna hallann á þeim fjárl., sem hæstv. ríkisstj. segir í dag að séu greiðsluhallalaus.

Og það er vitanlega miklu meira en þetta, sem hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar þurfa að afla til tekna, áður en lýkur, og því hefur verið lýst bæði við þessa umr. og 2. umr. þessa máls, hvernig stendur með útgerðina að þessu sinni. Vitað er, að sjómannafélögin hafa sagt upp, vitað er, að útgerðarmenn telja sig ekki geta gert út nema fá eitthvað meira, og vitað er, að bankarnir, hvað sem útgerðarmenn sjálfir vildu gera, munu segja við útgerðarmennina: Til þess að þið getið fengið nauðsynleg rekstrarlán og útgerðarlán, til þess að svo megi verða, verðið þið að sýna okkur, að það sé einhver rekstrargrundvöllur fyrir hendi, — því að bankarnir hætta að lána þeim fyrirtækjum og þeirri útgerð, sem fyrir fram er dæmd til taprekstrar.

Ég er þess vegna hræddur um, því miður, að hæstv. ríkisstj. komist ekki hjá því að afla nýrra tekna vegna útgerðarinnar, og það hefur verið gizkað á, að það þyrfti allt að 200 millj. kr. í nýjar tekjur fyrir útgerðina og fyrir fjárlögin. Þess vegna er það, að hæstv. ríkisstj. frestar tekjuöfluninni, að hún er hrædd um, að það verði óvinsælt núna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar að láta fólk sjá framan í úrræðin, láta fólk taka á móti annarri jólagjöf svipaðri og þeirri, sem fólkinu var rétt við síðustu áramót. Það getur jafnvel verið, að hæstv. ríkisstj. geri sér grein fyrir því, að með því að láta fólk sjá framan í þetta í skýru ljósi, þá detti henni í hug, að allur almenningur í landinu trúi ekki lengur, að hæstv. ríkisstj. sé fær um að leysa efnahagsmálin og hún hafi horfið frá því í einu og öllu að standa við hin stóru loforð, sem gefin voru fyrir síðustu alþingiskosningar, sem gefin voru haustið 1956, þegar leysa átti efnahagsmálin án Sjálfstfl. og umbótaflokkarnir allir tækju saman höndum, léttu byrðunum af almenningi í landinu, sköpuðu heilbrigðara atvinnu- og fjármálaástand, en þessu var lofað, ég verð að segja: var lofað af miklu yfirlæti. En nú hefur risið lækkað á hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokkum, vegna þess að nú lýsa þeir eftir úrbótatillögum frá Sjálfstfl. og spyrja: Hvað hafið þið að segja, hverjar eru ykkar till., því að við, stjórnarherrarnir, við höfum engar till.? — Það er sannleikurinn í málinu, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa engar till. í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar í dag.

Hæstv. fjmrh. talaði um það við 1. umr. fjárl. í haust, að það hefði ekki gefizt tími til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að ráðgast við stuðningsflokkana, vegna þess að þm. hefðu ekki verið í bænum. Síðan er liðinn langur tími, a. m. k. níu vikur, en hæstv. ríkisstj. virðist vera á svipuðum punkti nú og þegar Alþingi kom saman. Hún veit ekkert frekar nú en þá, hvað á að gera, og þess vegna m. a. biður hún um frest og aftur frest.

Ég man, að það er ekki lengra síðan en í haust, að stjórnarherrarnir lýstu því yfir, að þeir ætluðu að leysa þessi mál með stuðningsflokkum stjórnarinnar, og það átti ekki að tala við Sjálfstfl. Sjálfstæðismenn munu ekki láta á sér standa að fylgja góðu máli og góðum till., og sjálfstæðismenn munu gera till. í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, þegar að því kemur, að þeir verða í alvöru kvaddir til ráðuneytis og ráða, og þegar það liggur fyrir, hvað hæstv. ríkisstj. hefur til málanna að leggja, munum við sjálfstæðismenn segja ákveðið um það, hvort við erum með eða á móti. En sú hæstv. ríkisstj., sem hefur lýst því yfir, að hún ætlaði að leysa efnahagsmálin með stuðningsflokkum sínum án þess að tala við stjórnarandstöðuna, og sú hæstv. ríkisstj., sem enn hefur ekki fundið neinar till. til að bera fram til úrbóta, getur ekki ætlazt til, að stjórnarandstaðan, á meðan svo stendur, beri fram till. í þessa átt. Ef hæstv. ríkisstj. er alveg úrræðalaus, eins og hún virðist vera, þá á hún vegna velferðar þjóðarinnar að segja sannleikann og gefast hreinlega upp, til þess að aðrir taki við og úrræði verði fundin. Hæstv. fjmrh. á að hafa forustuna í því að bera fram till. í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, en hann hefur ekki till. fyrir hendi. Hann hefur þó komið með „patent", sem er alveg nýtt í þingsögu Íslendinga og er sennilega alveg óþekkt um allan heim, en það er þetta „patent" að taka einn stærsta útgjaldalið fjárl. í burt af fjárlögunum og leggja hann til hliðar í frysti, eins og sagt var hér í kvöld, fram yfir bæjarstjórnarkosningar. En ég býst við því, að þótt sumum finnist þetta vera gott „patent", þá verði þeir fleiri, sem í alvöru hugsa um þetta og telja, að hér sé meira ábyrgðarleysi á ferðinni en unnt sé að una við, og ég veit, að þeir verða margir, sem vildu taka undir áskorun til hæstv. fjmrh. að segja af sér, þegar á þann hátt sem hér er lýst er alger uppgjöf.

Hæstv. fjmrh. og stjórnarliðið allt ætlaði að stöðva dýrtíðina, ætlaði að vinna gegn verðbólgunni, en hefur hins vegar þrátt fyrir þessi miklu loforð orðið að horfa á það, að fjárl. hafa hækkað gífurlega, eins og öllum er þegar ljóst. Síðustu fjárl. fyrrverandi stjórnar voru aðeins 661 millj. kr., fjárl. yfirstandandi árs 811.6 millj., en fjárl. næsta árs, ef allt er með talið, sennilega yfir 900 millj. kr., og fjárl. hafa aldrei hækkað meira en í tíð núverandi hæstv. ríkisstj.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um vöxt dýrtíðarinnar, um getuleysi hæstv. ríkisstj. til þess að standa við gefin loforð, um greiðsluhallann og hina fáheyrðu og nýju aðferð til þess að fá fjárl. greiðsluhallalaus á pappírinn, — ég held, að þess gerist naumast þörf, svo augljós fölsun sem þetta er. Það mundi vera sagt um hvert fyrirtæki, sem léki leik á þennan hátt,

þótt í smáum stíl væri, að það falsaði bókhaldið. Slíkt varðar við lög á Íslandi, og þeir, sem ábyrgð bera á fölsuðu bókhaldi, ef á þá sannast, eru dregnir fyrir lög og dóm. En þótt fjárl. íslenzka ríkisins séu fölsuð á þann hátt, sem hér er verið að gera, liggur ekki við refsing samkvæmt lögum. En refsingu munu þeir fá eigi að síður, sem ábyrgð á þessu bera, því að almenningur í þessu landi hlýtur að skilja, hvað hér er á ferðinni og hvaða dilk þetta dregur á eftir sér, ef þessu á að halda fram nú og eftirleiðis. Hlýtur ekki þetta að leiða til þess, að eftirleiðis, á meðan þetta ástand varir og á meðan þessi stefna ræður með hæstv. ríkisstj. í broddi fylkingar, að öll þjóðin missi trúna á Alþingi Íslendinga og þeirri forustu, sem fer með atvinnu- og fjármál þjóðarinnar? Hlýtur ekki þetta, ef það á að halda áfram, að færa allt úr skorðum, færa allt úr jafnvægi, vinna að upplausn, gera hlut alls almennings í landinu verri? Og mun ekki þetta verða til þess að setja okkar þjóðfélag í alvarlega hættu, að setja þjóðina og sjálfstæði hennar í alvarlega hættu fjárhagslega séð, efnalega séð og pólitískt séð? Eru ekki margir hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sem gera sér ljóst, hvert er stefnt, þótt þeir þegi? Ég hafði gert mér vonir um, að ýmsir hv. stuðningsmenn ríkisstj. gerí sér grein fyrir því, að það er farin óheillabraut og það verður að snúa við.

Það virðist vera sem sumir, er tala fyrir hönd hæstv. ríkisstj. við þessi fjárl. um afgreiðslu málsins, um stefnu hæstv. ríkisstj. eða stefnuleysi, séu dálítið kaldrifjaðir. Það virðist svo, að þeir brynji sig, og þeir láta svo, að allt sé í lagi, að þjóðarskútunni sé siglt í lygnum sjó og engin hætta sé á ferðum. Hæstv. ríkisstj. virðist hafa það að markmiði að slá lán erlendis til flestra þeirra hluta, sem gera skal í landinu. Það virðist vera algerlega horfið af þeirri braut að vinna verklegar framkvæmdir í þessu landi með spöruðu fé alþjóðar eða tekjuafgangi ríkissjóðs, eins og gert var í tíð fyrrv. ríkisstj.

Þegar ég sagði hér við 2. umr. þessa máls, að 4 millj. dollara lánið, sem tekið var við síðustu áramót, *væri eyðslulán, þá virtist sem sumir* hv. stjórnarstuðningsmenn og hæstv. ráðherrar yrðu hneykslaðir yfir þessari fullyrðingu. En ég sagði, að það *væri eyðslulán, vegna þess*, að það var notað til þess að greiða venjulegan innflutning á erlendum varningi til landsins, en ekki *notað til þess að byggja upp framkvæmdir*, sem auka framleiðsluna og síðar mundu greiða þessi erlendu lán, og ég sagði, að það væri eyðslulán, vegna þess að lánið var fyrst og fremst tekið til þess að borga eyðslu, sem orðið hafði vegna stefnuleysis hæstv. ríkisstj. og vegna þess, að í stað tekjuafgangs, sem verið hafði undanfarið á fjárlögum, kom greiðsluhalli. Ég hef lesið um það í Tímanum tvo síðustu daga, að úr því að ég kallaði þetta eyðslulán, væri ég sennilega á móti því, að ræktunarsjóður Búnaðarbankans og byggingarsjóður, raforkuframkvæmdir og fiskveiðasjóður gætu fengið fé til sinnar starfsemi. Mér er alveg sama, þótt Tíminn segi, að ég sé sennilega á móti þessum framkvæmdum. Það skiptir mig engu máli. En ég vil benda á, að áður, í tíð fyrrverandi ríkisstj., var þessum sjóðum séð fyrir fé, þá voru framkvæmdir unnar á vegum þessara sjóða í ekki smærri stíl en eftir að erlenda lánið var tekið til þessara framkvæmda, og það var vegna þess, að þá var þjóðarbúskapurinn rekinn á allt annan hátt en nú. Þá hafði hæstv. núverandi fjmrh. Sjálfstfl. með sér í stjórn, þá hafði fólkið í landinu traust á stjórninni og stjórnarstefnunni, þá safnaði þjóðin sparifé, og þá var ríkisbúskapurinn rekinn með þeim hætti, að það var hægt að halda uppi meiri framkvæmdum á því þriggja ára tímabili, sem fyrrv. ríkisstj. sat, heldur en nokkru sinni áður án erlendrar lántöku. Og það er þessi stefna, sem er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að halda áfram, því að það eru takmörk fyrir því, hvað við megum taka af erlendum lánum, lánum, sem við verðum, ef við ætlum að teljast sjálfstæð þjóð, að endurgreiða aftur. Það er heilbrigðari og eðlilegri stefna, að miklar framkvæmdir séu gerðar í landinu fyrir innlent fé, eins og gert var í tíð fyrrv. stjórnar. Ég skal viðurkenna, að það er nauðsynlegt að taka erlend lán til hinna stærri framkvæmda, svo sem til stórvirkjana eins og Sogsins, því að það getum við ekki unnið með eigin fjármagni og slíkar framkvæmdir eiga að standa undir sér og skila beint eða óbeint aukinni framleiðslu, þannig að það á að gera þjóðinni hægara með að standa undir vöxtum og afborgunum erlendra lána en áður, og það er ekki rétt, að ég kallaði Sogslánið eyðslulán. Ég tók fram, að 5 millj. dollara lánið, sem ætlað var til efniskaupa í Sogsvirkjunina, væri lán, sem tekið væri með eðlilegum hætti. Hitt hefur alltaf verið talið vafasamt og ekki heppilegt, að taka erlend lán fyrir innlendum kostnaði þeirra framkvæmda, sem eru unnar í landinu. Ég tel þó, að Sogsvirkjunin sé það stór framkvæmd, að það sé tæplega mögulegt að vinna að henni án þess að taka erlent lán fyrir innlenda kostnaðinum, að nokkru leyti að minnsta kosti, og ég vítti þá lántöku ekkert við 2. umr. fjárl., þótt Tíminn hafi viljað láta í það skína, en í rauninni afsannað fullyrðingu sína með því að birta ræðukafla minn, því að þar er ekki talað um eyðslu í þessu sambandi, heldur nefndi ég þetta lán því nafni, sem það hefur alltaf verið nefnt manna á milli, einnig á meðal stuðningsflokka stjórnarinnar, það er matarlán. Þetta er ekki peningalán. Við fáum þetta lán að mestu leyti í matvörum frá Bandaríkjunum, og síðan á að nota andvirði þessara vara til greiðslu á innlenda kostnaðinum. En Tíminn og hæstv. fjmrh. segir, að það sé skömm að nefna þetta réttu nafni. Þeir um það. En sjálfir hafa þeir margir, hv. framsóknarmenn, borið þetta nafn á vörum sér, þegar þeir tala um þetta lán sín í milli.

Ég býst við því, að mönnum sé nú að verða ljósara en áður, að það var óheillaspor að fylgja ekki till. okkar sjálfstæðismanna í ársbyrjun 1956 og stöðva dýrtíðina, eins og við þá vildum, og halda ríkisbúskapnum að mestu eða öllu leyti í því formi, sem hann var rekinn í tíð fyrrverandi ríkisstj. Ég býst við því, að margir hv. stuðningsmenn ríkisstj. geri sér það ljóst nú, að þetta var óheillaspor, að þetta var ábyrgðar-

leysi, að þetta var gönuhlaup og ævintýrapólitík, sem gengið var út í með því að knýja fram kosningar vorið 1956 og láta allt laust, mynda ríkisstj. á þann hátt, sem gert var, — ríkisstj., sem á engan hátt hefur getað staðið við kosningaloforðin, en flýtur nú sofandi að feigðarósi og horfir aðgerðalaus á það, að dýrtíðin hækkar, að fjárlögin eru afgreidd með allt að 100 millj. kr. greiðsluhalla, að útgerðin vegna vaxandi dýrtíðar krefst stöðugt aukinna styrkja, að efnahags- og atvinnuástandið í landinu er nú á þann veg, að menn eru kvíðandi um sinn hag og horfa nú um þessi jól dimmum huga á það, sem fram undan er.

Það dugir ekki að reyna að leiða athyglina frá staðreyndunum. Staðreyndirnar verða staðreyndir. Það dugir ekki að reyna að hylja þessar staðreyndir reykskýi, því að menn vita, hvernig ástandið er, að núverandi hv. stjórnarflokkar hafa raunverulega gefizt upp og horfa nú á, að þjóðarskútan stefnir að strandi, og ég spurði hæstv. fjmrh. við 2. umr., hvort það væri meiningin að bæta á katlana og keyra upp í landsteina eða hvort hæstv. stjórn vildi freista þess að sveigja til hliðar og gefa öðrum tækifæri til þess að bjarga þjóðarfleyinu. En það virðist vera, að hæstv. stjórn ætli að fara upp á skerið og vilji ekki fá björgun.

Ég skal ekki orlengja þetta öllu meira. En ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, minna enn á eitt, sem hefur verið gert mjög að umtalsefni, bæði við þessa umr. og við 2. umr., og það er úthlutunin og meðferðin á atvinnubótafénu. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst, að breyting hafi verið gerð á við úthlutun atvinnubótafjárins frá því, sem gilti í tíð fyrrverandi ríkisstj., en þá var sú regla viðhöfð, að þrír ráðuneytisstjórar gerðu megintill. um þessa skiptingu, gerðu till. um þetta af kunnugleika og af samvizkusemi og sjaldan sem ríkisstj. þurfti þar nokkru um að breyta. En hæstv. fjmrh. upplýsti, að það hefði verið skipt um menn, sem fjalli nú um þessi mál, og ég vil spyrja: hvers vegna var skipt um menn? Var það vegna þess, að þessir þrír ráðuneytisstjórar voru ekki hlutdrægir og gerðu till. sínar af kunnugleika og samvizkusemi? Ég fullyrði, að þeir gerðu það. Er hæstv. núverandi ríkisstj. á móti því, að það verði einnig gert nú, eða ef hún vill láta gera það svo, hvers vegna var þá skipt um menn? Ég hef séð lista um úthlutun atvinnubótafjárins, og það er ýmislegt í þeim lista, sem bendir til þess, að úthlutunin hafi ekki farið fram með svipuðum hætti og áður, enda höfum við orð eins hæstv. ráðh. fyrir því, að úthlutunin hafi verið gerð á mjög óviðeigandi hátt.

Það mætti margt fleira segja í sambandi við afgreiðslu og meðferð fjárl., en það er orðið áliðið nætur, og ég hef þegar talað nokkuð lengi. Það virðist vera vonlítið og reyndar vonlaust að fá nokkru breytt að þessu sinni um niðurstöður, en ég hef talið mér skylt að vekja athygli á því, að það verður að breyta um stefnu, að okkar unga og fámenna lýðveldi má ekki við því að rekast stjórnlaust, eins og það gerir nú, því að það er raunverulega stjórnlaust, þar sem hæstv. ríkisstj. er gersamlega úrræðalaus í hinum mestu vandamálum og hefur lýst því yfir, að hún viti ekki enn, hvað hún ætli að gera.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Rang. (IngJ), sem nú var að ljúka máli sínu, fyrrv. ráðh. í samstjórn Sjálfstfl. og Framsóknar, kom hér lítið inn á þau úrræði, sem Sjálfstfl. mundi hafa, ef hann væri nú í ríkisstj. En það mátti nokkurn veginn ráða af hans ræðu, hver úrræðin mundu vera. Hann var að bjóða upp á, að það yrði skipt um, og hann var að minna á, hve blómlegt það hefði verið með afgreiðslu fjárl., á meðan Sjálfstfl. hefði haldið um stýrið í því sambandi, og hann minntist líka á, að það væru jafnvel til menn í öðrum flokkum en Sjálfstfl., sem vildu styðja að þeirri stefnu, sem greinilegt er að Sjálfstfl. mundi taka upp, ef hann nú fengi að ráða, en hann þorði ekki að nefna orðið sjálfur, en það var auðséð, hvað það var, það er gengislækkun. Það er alveg greinilegt, að það, sem mundi dynja yfir þjóðina nú, ef Sjálfstfl. fengi að ráða á þann gamla hátt, er gengislækkunin á ný.

Af hverju var blómlegt og þægilegt að eiga við fjárlögin eftir 1950? Af því að notuð var sú aðferð að lækka gengið og tollarnir hækkuðu af sjálfu sér og útgjöldin voru raunverulega skorin niður með því að halda sínu nafngildi áfram. Það er þægilegt að fara þannig að, þó að Sjálfstfl. sé hins vegar feiminn við að koma fram með þetta sem sín úrræði, en reyni hins vegar á allan hátt að stefna að því, að til slíkra úrræða sé gripið. Það er þess vegna óþarfi fyrir flokk, sem þannig stjórnar, þegar hann hefur völd, og leiðir slíkt yfir þjóðina, að vera að tala um nú, að það sé verið að sigla einhverju í strand, að það sé ægilegt útlit, að menn horfi, svo að ég noti hans orð, með dimmum huga fram á veginn. Það var búið að sigla í strand, þrátt fyrir það þó búið væri að lækka gengið og hækka dýrtíðina, frá því að gengið var lækkað, um 80%, og það er verið að reyna að losa þjóðina undan afleiðingunum af þeirri strandsiglingu allri saman.

Ég persónulega flyt enga till. við þessa 3. umr. fjárl., og við þm. Alþb. flytjum engar till. hér persónulega, nema þá til lækkunar helzt, og það kemur til af því, að við álítum nauðsynlegt að reyna að komast hjá nema sem allra minnstri aukningu útgjaldanna, á meðan ekki sé búið að koma sér niður á meiri sparnað á ríkisbákninu eða aðrar tekjuöflunaraðferðir en þær, sem hafa verið notaðar fram að þessu. Það er alveg gefið mál, að það verður að taka sjálft ríkisbáknið til endurskoðunar. Það getur ekki gengið á þeim tíma, sem ríkið segir við almenning, að hann skuli ekki hækka sínar tekjur eða sín útgjöld, segir við verkalýðsfélögin, að þau skuli ekki hækka kaupið helzt, að ríkið hækki stórkostlega ár frá ári. Það þarf að reyna að stöðva þetta. Ríkisbáknið verður að láta sama lögmál gilda um sjálft sig og það fyrirskipar öðrum. Það er gefið, að síhækkandi fjárl. með almennum álögum á almenning leiða að lokum til gengislækkunar, og þessa þróun þarf að stöðva. Það er gefið mál, að gengislækkun er sú hætta, sem alþýðan í landinu óttast mest, og sú hætta, sem

alþýðan berst mest á móti. Verkalýðssamtökin hafa hindrað slíka gengislækkun fram að þessu, og þau munu hindra hana áfram, og Sjálfstfl. má vita það, þó að hann geri kröfu til þess að fá að komast að með áhrif í ríkisstj. nú, að verkalýðurinn í landinu mun koma í veg fyrir slíkt, enda efast ég um, að Sjálfstfl. þori að koma fram með sín gengislækkunarúrræði frammi fyrir fólkinu í landinu. Það er síðurinn venjulega að reyna að skella slíku á eftir kosningar, eins og var gert 1950. En það mun ekki takast, og það verður ekki gert.

Það er verið að mála hér upp taprekstur inn á sjávarútveginum og öðru slíku, og það er verið að skírskota til banka, eins og hv. 1. þm. Rang. gerði hér áðan. Ég held, að það sé óþarfi að vera að skírskota til bankanna í sambandi við slíkt. Ég veit ekki betur en það séu bankarnir fyrst og fremst, sem græða á því, sem kallað er taprekstur útgerðarinnar. Ég veit ekki betur en öll þjóðin græði á því, að sjávarútvegurinn sé rekinn, og bankarnir hvað mest og það hafi varla dregið úr þeim 70—80 milllj. kr. afgangi, sem þeir hafa haft undanfarin ár, þannig að það situr sízt á bönkunum og bankastjórunum að vera að tala eitthvað í slíku sambandi. Ég held, að þeir megi þakka fyrir að fá þann gjaldeyri, sem þeir fá, og græði nóg á honum, og það er óþarfi að vera að reyna að nota þetta svokallaða orð um taprekstur útgerðarinnar sem einhver rök fyrir því, að það líti illa út hjá þjóðinni. Ég veit ekki betur en það sé þó mjög sæmilegt um kaupgetu almennings nú. Ég veit ekki betur en víðast hvar úti um land horfi menn bjartar á framtíðina en áður. Ég veit ekki betur en meira að segja fólksflutningarnir utan af landi hingað til Reykjavíkur séu frekar að stöðvast. Og menn eru ekki hræddir við framtíðina hérna núna, vegna þess að það er þó a. m. k. verið að byrja á því að leggja drög að því, að við getum verið öruggari um framtíðina en verið hefur, með því að afla okkur framleiðslutækja. Það er verið að undirbyggja okkar efnahagslíf með öflun nýrra framleiðslutækja, og það er það, sem þurfti að gera, og það var það, sem var vanrækt, meðan hv. 1. þm. Rang. var í ríkisstj., og þar áður yfirleitt síðustu átta árin. Þess vegna er komið sem komið er, að þjóðin hefur ekki næg tæki til þess að framleiða með til þess að standa undir sínum lífskjörum. Og það þarf að skapa þessi tæki, það þarf að setja þessar stoðir undir þjóðarbúið, sem var verið áður að brjóta niður eða vanrækt að setja.

Þess vegna er það gefið, að það verður að reyna þennan tíma, þangað til búið er þannig að búa betur í haginn fyrir almenning með öflun slíkra framleiðslutækja, að halda hófi um aukningu ríkisbáknsins, að reyna að komast af þannig, að útgjöldin séu aukin sem minnst, og reyna að knýja fram sparnað. Ég veit, að það er hægara um það að tala en í það að komast. Við höfum gert nokkrar tilraunir um þetta. Við höfum gert okkar tilraunir til þess að fá fram allmikinn sparnað, jafnvel svo að mundi nema tugum millj., í ríkisbákninu. Það hefur enn sem komið er náðst samkomulag um ofur lítið af þessu, og ég veit, að það muni vera mögu-leikar síðar meir á því, þegar menn þá athuga þetta betur, að ná samkomulagi um fleira seinna meir. Það vita allir, að það er nokkuð erfitt að koma slíku í gegn, það tekur sinn tíma. Við vitum, að ríkisvaldið hefur vaxið á vissan hátt eins og villiskógur á undanförnum árum og ekki hvað sízt dómsmrn. í tíð hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem nú var að kalla fram í til mín. Það er gefið, að það er miklu erfiðara að skera niður í slíku ríkisbákni, þegar búið er að fylla stofurnar af mönnum, þannig að það eru varla til stólar eða gólfpláss fyrir fleiri. Það er óhægara um að segja upp en var áður að bæta við. Það strandar á þeirri almennu tregðu, sem er hjá fólki að breyta þannig um, þegar búið er að búa svona í haginn. En það er gefið mál hins vegar, að inn á þessa braut verður að fara. Það er byrjað, þótt smátt sé nú, og þarf að stíga stærri skref fram, og ég veit, að núverandi stjórnarflokkar munu komast að samkomulagi um slíkt, þegar til lengdar lætur.

Ég vil enn fremur taka það fram, að auðvitað þurfa útgjöld ríkisins á ýmsan hátt að vaxa. En það verður þá að reyna að mæta því með því að taka til handa ríkinu tekjur, sem núna renna í ríkum mæli til einstaklinga, t. d. með því að þjóðnýta einhvern hluta af verzluninni. Ég sé satt að segja ekki á vörusölunni í Reykjavík nú, að kaupgeta yfirstéttarinnar hér í Reykjavík hafi minnkað, þó að mikið hafi verið kvartað um, hvernig gengið hafi verið á hana, og ég held, að það séu þar ekki önnur ráð til en beinlínis þjóðnýting á hluta af verzluninni. Hitt er gefið, að svo lengi sem ekki fæst staðið undir útgjöldunum með slíkum sparnaði eða með slíkri þjóðnýtingu, þá getur verið nauðsynlegt að leggja álögur á, en þá á þær vörur, sem minnst eru nauðsynlegar, á eyðsluna fyrst og fremst.

Það er talað allmikið um fjárfestingarmálin hér, og það er verið að ráðast á jafnvel þá stefnu að taka lán, og það má ýmislegt að því finna. En þó held ég, að hvað snertir fjárfestingarmálin sérstaklega í þeim fyrirtækjum, sem sjálf standa undir sér, þá megum við gjarnan vera djarfari en við höfum verið þar, Íslendingar, sérstaklega að hagnýta okkur þær aðstæður, sem við höfum til þess að taka lán, þegar við getum fengið þau jafnvel með 2 og 3% vöxtum. Það er gefið mál, að þjóð, sem er eins stórhuga og okkar, og þjóð, sem gerir eins mikið og okkar, þarf á því að halda að geta tekið erlend lán til margs af því, sem við ekki viljum bíða eftir, þangað til við getum unnið það sjálfir af eigin sparnaði, og það er lítil sem engin hætta í slíku, allra sízt á meðan við erum öruggir um það að geta borgað öll slík útlend lán með okkar eigin afurðum.

Það er nauðsynlegt að gera sér það ljóst, þegar maður reynir að vinna að því, að fjárl. séu hækkuð sem minnst og sparað sé á ríkisbákninu, að öll slík barátta er um leið barátta á móti gengislækkuninni. Og þeim, sem við vitum að búa yfir gengislækkuninni sem aðalúrræðinu í þessum málum, eins og Sjálfstfl. gerir, ferst sannarlega ekki að vera að tala mikið um, að þeir vilji spara í ríkisbákninu, því að það

yrði lítið úr slíkum sparnaði, svo framarlega sem ráðizt væri í gengislækkunina rétt á eftir. Við skulum alveg gera okkur það ljóst, að með því að reyna að halda í horfinu eins og nú er og með því að reyna að hindra, að unnið sé í áttina til gengislækkunar, þá er verið að reyna að festa og efla núverandi efnahagslegan grundvöll okkar þjóðfélags. Það er hrein vitleysa, að það sé eitthvert hrun, sem vofir hér yfir okkur, að það sé einhver voði, sem hérna sé fyrir dyrum. Þjóðin er í dálitlum vandræðum. Út af hverju? Hún er í vandræðum út af því, að í átta ár hefur verið vanrækt að skapa þann eðlilega grundvöll fyrir hennar framleiðslu. Í átta ár hefur verið vanrækt að kaupa ný framleiðslutæki til landsins. Ekki einn einasti togari hefur verið keyptur. *Fimm þúsund bílar hafa verið* keyptir á sama tíma. Og við þessu höfum við tekið og verðum síðan að byrja á því að kaupa togara, að fullgera hraðfrystihúsin, að panta bátana, og nú þegar eru slík tæki í pöntun fyrir yfir 170 millj. kr., sem eru nú þegar að byrja að koma, eru að koma á næsta ári og verið að bæta fleiri við. Það er verið að vinna upp vanrækslu síðustu átta ára. Það er vanræksla þessara átta ára, sem hefur stofnað þjóðarbúskapnum í voða undanfarið. Það er verið að bjarga honum út úr þeim voða með því að reisa eðlilegar stoðir undir þjóðarbúið. Það er í því, sem úrbæturnar felast.

Hv. 1. þm. Rang. var að lýsa eftir úrbótum hér áðan. Hverjar voru úrbæturnar á þessum tíma, þessum átta ára tíma? Gengislækkun og 80% hækkun á dýrtíðinni frá því 1950, tímabil, sem m. a. leiddi atvinnuleysi og vandræði yfir fólkið hérna í Rvík, þannig að meira að segja mjólkurneyzlan minnkaði í Rvík, hvað þá annað.

Það er talað um, að vanti núna og skorti heilbrigt fjármálaástand. Var það heilbrigt fjármálaástand? Það leit kannske nógu vel út stundum með fjárlögin. Það er hægt að lækna þau með gengislækkun. Það er ósköp auðveldur hlutur, þegar allar tekjur hækka af sjálfu sér svo að segja og öll útgjöld eru raunverulega skorin niður. En heilbrigt fjármálaástand, það er ástand, þegar byggt er þannig undir þjóðarbúið, að það fær risið undir þeim lífskjörum, sem almenningur hefur.

Það er við þá vanrækslu þessara átta ára, sem við búum, og það tekur ofur lítinn tíma að bæta úr henni, af því að það tekur ofur lítinn tíma að smíða skip og gera þannig þjóðarbúið ríkara og gera þannig fólkið í landinu betur efnum búið og tekjur þess og lífskjör. En þetta munum við gera. Þetta munum við sjá um að verði gert. Og á þessu er byrjað að gera, og það mun fara að bera ávöxt. Þannig verður skapað heilbrigt fjármálaástand hjá þjóðinni, ekki með hinum úrræðunum.

Hv. 1. þm. Rang. var að auglýsa eftir forustunni í atvinnulífinu. Hver var forustan í atvinnulífinu í átta ár, meðan keyptir voru fimm þúsund bílar til landsins og ekki einn einasti togari? Var það forusta, var það fyrirhyggja? Ég gæti trúað, að það væri komið svo á Íslandi nú, að þessir bílar brenndu meira benzíni en flotinn eyðir í olíu. En það er úr þessu, sem við erum að bæta. Það er með þessu, sem við erum að setja þær stoðir undir þjóðfélagið, að það standi undir lífskjörum, batnandi lífskjörum, — þær stoðir, sem voru rifnar burt eða vanrækt var að setja áður.

Það tekur sinn tíma að fá fram ýmislegt, sem þyrfti að gera í slíku sambandi. Ég efast ekki um, að það muni fást fram að lokum, með vaxandi samstarfi og vaxandi skilningi á hvers annars hugsunum og tillögum í þessu efni muni núverandi stjórnarflokkar ná samkomulagi, líka um sparnað í ríkisbákninu, líka um að draga úr þeirri aukningu, sem sköpuð var, meðan Sjálfstfl. réð mestu, líka jafnvel í dómsmála- og lögregluapparatinu.

Ég held, að það sé nauðsynlegt, að þetta komi fram nú. Það er síður en svo, að núv. stjórn hyggi á nokkra uppgjöf, eins og hv. 1. þm. Rang. var að auglýsa eftir. Þvert á móti. Það felst engin uppgjöf í þessum málum. Við vitum, að ef þessi stjórn hefði ekki setið, þá hefði verið gefizt upp fyrir þessu, þá hefði verið hlaupið út í gengislækkunina eins og 1950. Það er ákaflega þægileg leið. En það er einmitt til þess að hindra, að slík leið verði farin, sem það verður heldur að reyna að láta vera að gera margt af því, sem maður gjarnan vildi, á meðan ekki fæst fram að gera það með þeim hætti, m. a. stórum sparnaði, þjóðnýtingu á vissum hlutum og slíku, sem væru heilbrigðustu leiðirnar til þess. Ég efast ekki um, að samkomulag mun nást um þá stefnu, sem þarna er nauðsynleg, samkomulag á milli núv. stjórnarflokka. Þeir hafa þegar borið gæfu til þess að gera samkomulag um það, sem er grundvöllurinn að þessu öllu saman, um undirstöðu okkar efnahagslífs, um sjálft framleiðslulífið í landinu, og það hefur verið tryggt og það er tryggt. Og allar hrakspár, sem hv. 1. þm. Rang. var með hér áðan, — ég man nú ekki, hvað hátt hann var kominn, hann var að smáspenna það upp, 65 millj. voru orðnar 88 millj. og fóru fljótt upp í hundrað og svo slumpaði hann ofan á það, sem útgerðin mundi nú vera að tapa, og ég held, að hann hafi verið kominn upp í 200 millj. kr. Jú, það mundi líklega ekki vanta að reikna út, ef þessir herrar og fyrrverandi ráðherrar Sjálfstfl. ættu að reikna aftur í ríkisstj. núna. Það hefði *víst ekki verið lengi* að sýna fram á, að það vantaði núna 200 millj. kr. og það væri ekki hægt að útvega það nema með *gengislækkun*. Ég er bara hræddur um, að þeir eigi eftir að sjá framan í dálítið annað, að þeir eigi meira að segja eftir að sjá framan í, að útgerðin gangi og það þótt það kosti ekki neinar 200 millj. kr. og kannske ekki einu sinni 25, hvorki það né minna.

Við munum reyna að beita okkur fyrir því, eins og við höfum beitt okkur fyrir því í sambandi við þær umr., sem farið hafa fram milli stjórnarflokkanna, að meiri sparnaði verði komið á í framkvæmd á ríkisapparatinu. Það er hægt að spara þar, svo að skiptir tugum milljóna. Það tekur sinn tíma máske að undirbúa slíkt, fá samkomulag um slíkt, en það er eitt af því, sem þarf að gerast. En það, sem er þó nauðsynlegast af öllu, og það, sem er framtíðargrundvöllurinn undir öllum tekjum ríkissjóðs líka,

það er aukningin á framleiðslulífinu sjálfu, þar með stóraukning útflutningsins og þar með líka um leið aukningin á innflutningnum, þar með bætt lífskjör hjá almenningi og þar með líka án sérstakra álagna batnandi afkoma fyrir ríkissjóð, og þetta er það eina heilbrigða ástand, sem hægt er að skapa í landinu. Allt hitt, öll hin ráðin, ráðin, sem við vitum að Sjálfstfl. hyggur á, eins og gengislækkun, það eru ráð, sem setja allt í öngþveiti á ný og eyðileggja allt, sem gert hefur verið fram að þessu til þess að skapa heilbrigt efnahags- og fjármálaástand í okkar landi.

Það er alltaf svo við afgreiðslu fjárlaga, að menn hefðu óskað eftir ýmsu öðruvísi en er. En við það, sem samkomulag er gert um, stendur maður, og það, sem er höfuðatriðið, ekki aðeins í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, heldur í sambandi við ákvörðunina, stefnuna í efnahagslífinu, það er, að heilbrigt sé stefnt viðvíkjandi aukningu sjálfra framleiðsluaflanna í landinu, sjálfra framleiðslutækjanna, og þar er nú stefnt í rétta átt og stefnt með stórum skrefum, í staðinn fyrir að það var ekki stigið eitt einasta skref og jafnvel stigið aftur á bak 8 árin þar á undan.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði nú m. a. hátt um gengislækkun, sagði, að sjálfstæðismenn stefndu að *henni, en hann og hans flokkur mundi standa á móti*, svo að gengislækkun yrði ekki framkvæmd. Þá veit maður það. En minnast nokkrir hv. þm. þess, að þessi sami hv. þm. hafi nokkurn tíma haft hátt um hersetu hér á landi, um kosningasvik Hræðslubandalagsins við síðustu kosningar o. fl.? Jú, menn minnast þess. En hann hefur nú þegar kingt öllum þeim stóryrðum, hann skyldi þó ekki eiga eftir að kingja þeim stóryrðum, sem hann viðhafði nú í ræðu sinni, áður en hálfur annar eða tveir mánuðir eru liðnir.

Annars ætla ég aðeins nokkrum orðum að minnast á tvær brtt., sem meðþingsmaður minn, hv. 1. þm. Árn., og ég flytjum við fjárlagafrv. Önnur er um framlag til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Selfossi og hin er um framlag til tveggja lítilla brúa í Árnessýslu. Um þessar till. ætla ég að fara nokkrum orðum.

Í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu munu nú vera um 12000 manns eða nálægt því og fer fjölgandi. Á þessu svæði eru nú 8 læknishéruð með 8 starfandi héraðslæknum og þar að auki einn embættislaus starfandi læknir á Selfossi, eða níu læknar alls, en sjúkrahús ekkert, ekki svo mikið sem sjúkraskýli er að finna á þessu svæði. Og hvaða slys sem að höndum ber eða bráð veikindi, er ekki um annað að ræða en bráðabirgðaaðgerð á staðnum og síðan að flytja sjúklinginn til Reykjavíkur, oft um 100—200 km langan veg, og eru það, eins og geta má nærri, oft erfiðar ferðir, þegar um vonda færð er að ræða að vetri til, og eru dæmi til, að oft hafi orðið að slysum. Það er langt síðan farið var að ræða um að byggja sjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu, þó að það mál sé ekki komið lengra nú en raun ber vitni um. Til þessa liggja ýmsar orsakir, sem ég mun ekki fara mikið hér út í, en þó get ég ekki stillt mig um að minnast á nokkur atriði í þessari sögu.

Það var um 1920, sem svo var langt komið eftir mikinn undirbúning heima í héraði, að hafizt var handa um að byggja sjúkrahús á Eyrarbakka. Áður en þetta hús var fullgert, skorti fé til áframhalds, svo að það varð að hætta við bygginguna, og höfðu þá einnig safnazt á það skuldir fyrir utan það fé, sem hafði verið safnað heima í héraði og lagt í það. Sú saga endaði svo, að þáverandi ríkisstj. eða ríkisvaldið tók húsið í sínar hendur ásamt áhvílandi bankaskuldum og gerði húsið — ekki að sjúkrahúsi eins og vantaði lítið á að væri gert, — nei, ríkisstj. gerði það að fangahúsi, og fangahús er það enn í dag. Allt það fé, sem félög og einstaklingar á Eyrarbakka og í héraðinu öllu höfðu lagt í sjúkrahúsbygginguna, en það fé var mikið á þeim tíma, lá grafið í steinsteyptum veggjum fangahússins, sem ríkið var nú orðið eigandi að og nefndi „Vinnuhælið á Litla-Hrauni".

En hugmyndin um sjúkrahúsbyggingu á Suðurlandi féll ekki niður, þó að illa færi með þessa byrjunarframkvæmd. Undanfarin ár hefur verið unnið að málinu að forgöngu sýslunefndar Árnesinga, og þeim undirbúningi er nú þar komið, að sjúkrahúsinu hefur verið valinn staður á Selfossi, þar sem fengin er ágæt og *rúmgóð lóð fyrir það*. Teikning var gerð að byggingunni 1955 undir umsjón húsameistara ríkisins, samþykkt af honum. Heilbrmrh., sem þá var Ingólfur Jónsson, samþykkti einnig teikningarnar og leyfði bygginguna fyrir hönd heilbrigðismálastjórnarinnar.

Fjársöfnun til byggingarinnar hefur farið fram í héraðinu. Samkvæmt tilmælum sýslunefndar Árnesinga hafa allir hreppar sýslunnar lofað byrjunarframlagi, sem nemur um 100 kr. á hvern íbúa hreppanna. Þá hafa margir einstaklingar og félög innan sýslunnar lagt fram drjúgan skerf og halda áfram að safna. Má af félögum sérstaklega nefna kvenfélög Árnes- og Rangárvallasýslna, sem nú síðast stóðu að myndarlegu happdrætti, sem gefur sjúkrahússjóði verulega upphæð. Þá hafa ýmis önnur félög staðið að fjársöfnunum, og nefni ég þetta aðeins til þess að sýna hinn lifandi áhuga, sem fyrir er í héraðinu um framkvæmd þessa verks.

En þátt fyrir fjársöfnun heima fyrir, sem ég nú hef getið um, hefur ekki enn verið fyrir hendi nægilegt fé til að hefja framkvæmdir við bygginguna. Þó stóðu vonir manna til á s. l. ári, að hægt yrði að byrja á yfirstandandi ári. Sótt var um fjárveitingu á fjárl. ársins 1957, en ríkið á samkvæmt sjúkrahúsalögunum að greiða ⅝ af byggingarkostnaðinum, og um fjárfestingarleyfi var einnig sótt, en hvorugt fékkst.

Þegar þessar staðreyndir blöstu við snemma á þessu ári og sýnt var, að 3—4 ár mundu líða a. m. k., þangað til sjúkrahúsbyggingin yrði svo langt komin, að sjúkrahúsið gæti tekið til starfa, þó að kleift yrði að hefja framkvæmdir á árinu 1958, vakti héraðslæknirinn á Selfossi, Bjarni Guðmundsson, máls á því við meðnefndarmenn sína í sjúkrahúsnefndinni, hvort ekki mundi fást

samþykki sýslunefndar og annarra aðila til þess að taka læknisbústaðinn á Selfossi fyrir bráðabirgðasjúkraskýli og reka hann sem sjúkrahús til að byrja með. Bauðst læknirinn til þess að flytja úr bústaðnum, ef hann gæti fengið annað viðunandi húsnæði. Og úr þessu varð. Þetta er nú í undirbúningi, en hefur tafizt nokkuð, vegna þess m. a., að dregizt hefur í nokkra mánuði að fá nauðsynleg innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi fyrir allra nauðsynlegustu áhöldum í þetta væntanlega sjúkraskýli, en vonandi leysist þetta og önnur formsatriði þessari framkvæmd viðkomandi næstu daga. Gert er ráð fyrir, að í læknisbústaðnum verði hægt að koma fyrir 10—12 sjúkrarúmum. Það skal tekið fram, að hér er aðeins um bráðabirgðaúrlausn að ræða. Undirbúningnum að byggingu sjúkrahússins verður haldið áfram jafnt fyrir þessu.

Samkvæmt sjúkrahúsalögunum skal eitt af fjórðungssjúkrahúsum í landinu vera á Suðurlandsundirlendinu. Gert er ráð fyrir, að væntanlegt sjúkrahús á Selfossi verði talið til þess flokks sjúkrahúsa. Í fjárlögum hvers árs er á 12. gr. veitt fé til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsabygginga, annarra en fjórðungssjúkrahúsa. Á fjárlfrv. því fyrir 1958, sem nú er til meðferðar, er þessi upphæð 3 millj. kr. Þá er veitt á sérstökum lið til fjórðungssjúkrahúss á Akureyri 300 þús. kr. Væntanlegt sjúkrahús á Suðurlandi fær ekkert fé af þeim 3 millj., sem veittar eru til sjúkrahúsanna, sem ég gat um áðan. Því var það, að ég og hv. samþingismaður minn fórum fram á það við hv. fjvn., að hún tæki nú upp í till. sínar fjárveitingu í þessu skyni, en n. hefur ekki séð sér fært að verða við þeim tilmælum okkar. Því er það, að við flytjum nú brtt. við fjárlfrv. á þskj. 199, þar sem við leggjum til, að veittar verði á fjárl. fyrir 1958 500 þús. kr. til fjórðungssjúkrahúss á Suðurlandi, því að ekki verður hægt að hefja framkvæmdir við þetta, nema ríkisframlagið fáist.

Þá flytjum við brtt. við 13. gr. frv. á sama þskj., undir rómv. V, að veittar verði 200 þús. kr. til brúargerðar á Fossá og Dalsá hjá Tungufelli í Hrunamannahreppi. Þarna er um tvær venjulega frekar vatnslitlar ár að ræða, sem þó sérstaklega að vetri til geta orðið verulegur farartálmi, en yfir þessar ár eiga sex bændur að sækja, sem flytja mjólk frá búum sínum á hverjum degi. Árnar eru nokkuð langt frá bæjunum, og oft kemur fyrir, að þær eru ófærar, þegar að þeim er komið. Verður þá frá að hverfa og flytja mjólkina aftur heim til bæjar. Þegar svo fer, er bæði um afurðatap að ræða og mikil vinna og tími fer til einskis.

Við þm. Árn. höfum áður á nokkrum undanförnum þingum gert tilraunir til að fá fjárveitingu til þessara brúa og reyndar fleiri, en án árangurs. Verð ég að segja, að það er illa farið, þar sem hér er um litla upphæð að ræða til þess að gera, en mjög brýn þörf fyrir framkvæmdina.

Þess má geta, að þessar litlu ársprænur geta orðið svo illar yfirferðar, að legið hefur við slysum, þegar reynt hefur verið að brjótast yfir þær.

Þá hef ég minnzt á þessar tvær brtt., sem við flytjum við fjárlfrv. En það er eitt atriði enn viðvíkjandi fjárl., sem ég ætla að fara nokkrum orðum um.

Á fjárlfrv., eins og það var lagt fyrir af hæstv. fjmrh. í byrjun þings, var ákveði í 12. gr., undir rómv. lið XIII, sem hljóðar um 50 þús. kr. framlag til leirbaða í Hveragerði. Þessi liður var áfram í frv. eftir 2. umr., en á síðustu stundu, þ. e. a. s. þegar frv. kemur til 3. og síðustu umr., skeður það, að meiri hl. fjvn. leggur til, að þessi fjárveiting skuli felld niður. Þessa till. meiri hl. er að finna á þskj. 189, 20. brtt. á því skjali. En hvaða stofnun er það, sem hér um ræðir, leirböðin í Hveragerði, sem hv. Alþingi hefur þrívegis áður veitt 50 þús. kr. til, en nú skal svipt þeim styrk? Ég vil fara nokkrum orðum um þetta vegna þessa tilefnis, sem hér um ræðir.

Það er álit þeirra, sem kynnt hafa sér málið, að í hveraleir og hveragufu búi lækningamáttur. Þeir vísindamenn, sem leitað hefur verið álits hjá, hafa látið þá skoðun í ljós, að í Hveragerði væru möguleikar að reisa heilsuhæli, þar sem fólk gæti fengið bætta heilsu sína með hjálp hveragufu og hveraleirs. Einkum á þetta við um gigtveikt fólk og lamað. En til að reisa slíkt fullkomið heilsuhæli verða vitanlega að fara á undan nákvæmar rannsóknir, og þetta verður ekki framkvæmt nema með miklu fé. En það er hægt að byrja, þótt í smáum stíl sé, og það hefur verið gert í þessu tilfelli. Árið 1950 hóf landsspítalinn fyrir forgöngu prófessors Jóhanns Sæmundssonar lækningar með leirböðum í Hveragerði. Þessar tilraunir, sem hafnar voru, fóru fram í mjög ófullnægjandi húsnæði, enda gerðar sem tilraun, og var ekki haldið uppi undir forustu landsspítalans nema eitt sumar. En tilraunin hafði gefið það góða raun, að ekki þótti rétt að hætta með öllu. Þá var það, að hreppsnefnd Hveragerðishrepps ákvað að sjá um, að leirböðin störfuðu áfram, og kostaði þau. Starfsemin fór fram í því ófullnægjandi húsnæði, þar sem þau byrjuðu, en hreppsnefndin hóf undirbúning til að byggja hús, sem böðin gætu farið fram í, en úr framkvæmdum hefur ekki orðið enn vegna féleysis. En fé það, sem Alþingi hefur veitt undanfarin ár og vonazt var eftir að áfram héldi, átti að nota til byggingarinnar, það var m. ö. o. ekki rekstrar- eða eyðslufé.

Aðalráðunautur hreppsnefndarinnar í þessu máli hefur verið dr. Sigurður Sigurðsson heilsugæzlustjóri, og hefur hann nú komið fram með þá hugmynd að ætla leirböðunum rúm í fyrirhuguðu sundlaugarhúsi, sem á að byggja við hina stóru og myndarlegu sundlaug hreppsins. Hefur sú hugmynd verið rædd við landlækni, íþróttafulltrúa og menntmrh., eftir því sem oddviti hreppsins hefur tjáð mér, og þessir aðilar allir tekið hugmyndinni vinsamlega og virzt vera henni hlynntir.

Staðreyndir málsins eru þá í stuttu máli þessar: Hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur starfrækt leirböðin undir læknseftirliti við mjög ófullkomnar aðstæður hvað hús og annan umbúnað snertir, en með ótrúlega góðum árangri. Hefur margur fengið þar meina sinna bót, einkum gigtveikt fólk og lamað. Hreppsnefndin hef-

ur einnig unnið ötullega að því að bæta aðstæðurnar og þá með nýrri byggingu við böðin. Nú hefur meiri hl. fjvn. lagt til að svipta hreppsnefndina þeim litla styrk, sem veittur hefur verið undanfarin ár, og þar með lagt þann stein í götu þessa merkilega máls, sem hæglega gæti orðið því að fótakefli, þar sem að því stendur enn sem komið er ungt og því fjárvana hreppsfélag, sem ekki getur komið þessu fram, eins og ég hef bent á, nema með utanaðkomandi hjálp. Ég legg eindregið til, að þessi till. meiri hl. fjvn. verði felld.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú svo langt liðið á nóttu, að *ég mun ekki lengja þessar umr. og aðeins minnast* hér á fá atriði. Hins vegar gat ég ekki vegna ýmissa ummæla hæstv. fjmrh. í tilefni af till. minni hluta n. annað en sagt hér nokkur orð þeim til andsvara.

Áður en ég vík að þeim athugasemdum mínum, vildi ég aðeins minnast örfáum orðum á ræðu þá, sem hv. 3. þm. Reykv. flutti hér áðan. Ég skildi nú ekki eiginlega, í hvaða tilgangi sú ræða var hér flutt, en engu að síður var hún þó að ýmsu leyti fróðleg, þó að hún snerti lítið afgreiðslu þess máls, sem hér er um að ræða. Í henni var að finna ýmsar töluvert eftirtektarverðar vísbendingar. Það, sem var einna eftirtektarverðast varðandi hugmyndir hv. þm. um það, hvernig ætti að leysa efnahagsvandamálin, var helzt að þjóðnýta verzlunina, og ástæðan til þess, að nauðsynlegt var að þjóðnýta verzlunina, sýndist helzt vera sú, að það þyrfti með einhverjum ráðum að koma í veg fyrir það, að fólk gæti keypt eins mikið og hv. þm. hefði orðið var við að nú ætti sér stað í verzlunum fyrir jólin. Þessi boðskapur hljómar nú sennilega nokkuð einkennilega, ekki sízt frá þessum hv. þm., og það virðist næsta kynlegt, ef það á að vera sérstök ógæfa, að fólk hafi tækifæri til þess að kaupa sér ýmsa hluti fyrir jólahátíðina, og til þess að bæta úr því þurfi að þjóðnýta verzlunina. Samkvæmt þessu virðist því ekki ætlunin með þjóðnýtingu verzlunarinnar vera sú að bæta verzlunarkjör almennings, heldur *nota verzlunina sem tæki til fjáröflunar fyrir* ríkissjóð, sem sannarlega hefur mikla þörf á hverju ári fyrir nýtt fé. Þetta þótti mér eftirtektarverð yfirlýsing, og sennilega hefur hv. þm. borið hana fram til þess að undirbyggja fullyrðingu sína um, að ekki yrði gengislækkun, eða a. m. k. gera hana það sennilega, að líklegt væri, að einhver hlustaði á þá fullyrðingu með alvöru.

Þá hélt hv. þm. því fram, að þetta væri svo sem allt í lagi, vegna þess að núv. ríkisstj. hefði hafizt handa um svo stórfellda eflingu atvinnutækjanna við sjávarsíðuna, að þetta mundi nánast allt lagast af sjálfu sér, þegar þessi tæki væru komin.

Það er auðvitað ekki nema gott og blessað að kaupa ný framleiðslutæki, sízt ber að lasta það. En hins vegar er ekki endalaust hægt að vitna í það, sem eigi að gera, þegar lítið sem ekkert er af því gert. Það þýðir lítið að tala um kaup á togurum, þegar ekki er hafizt handa um að kaupa neina togara, og það er enn við að glíma þann óleysta vanda, sem ríkisstj. stendur andspænis í vaxandi mæli, að það þarf að ráða erlenda menn til þess að vinna á okkar fiskiskipaflota, og það er því auðvitað ekki nægilegt að kaupa ný og góð skip, ef þarf að sækja til útlanda alla þá, sem á skipunum eiga að vinna. Það verður þá jafnframt að gera mjög róttækar ráðstafanir til þess, að líklegt sé, að Íslendingar fáist til að vinna á þessum framleiðslutækjum.

Önnur *eftirtektarverð yfirlýsing* var í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem hefur nú sennilega átt að vera afsökun á því, að ekki hefur orðið að veruleika fullyrðing hæstv. félmrh. við 1. umr. fjárlaga, að bilið milli tekna og gjalda yrði jafnað *með niðurskurði útgjalda*. Hv. 3. þm. Reykv. hélt því hér fram, að hann og hans flokksbræður hefðu í ríkisstj. lagt fram till. um mjög mikinn niðurskurð ríkisbáknsins, eins og hann orðaði það.

Varðandi þetta atriði hlýtur að vakna sú spurning: Hver er það, sem hefur á móti þessum sparnaði? Naumast getur það verið, að fjmrh. ríkisins hafi á móti því að draga úr útgjöldum og spara í ríkisbákninu. Það væri harla fróðlegt að fá upplýsingar um þetta atriði. Það er svo jafnan efst í huga þessa hv. þm. og raunar kommúnista almennt, að ef eitthvað þarf að spara, þá hljóti fyrst og fremst að verða að þurfa að spara á lögreglunni. Þeir mega aldrei heyra minnzt á lögregluna, þá fara þeir fyrst fyrir alvöru að sjá rautt. Af hvaða ástæðum það er, sem kommúnistar mega ekki heyra minnzt á lögreglu, skal ég láta ósagt. Ég býst við, að flestir hv. þm. renni grun í það. Hvort hæstv. forsrh. fellst á þá ósk kommúnista að afnema löggæzlu í landinu, skal ég láta ósagt um, en það væri áreiðanlega það, sem hann gæti þarfast gert til þess að greiða götu þeirra síðar meir og þeirra áhugamála.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi gera lítið úr þeirri *fullyrðingu* 1. þm. Rang., að það *mundi vanta* stórfé til þess að jafna halla á fjárlögum og útflutningssjóði. Það eru ekki orð hv. 1. þm. Rang., að það vanti 85—90 millj. kr. til þess að jafna hallann á fjárlögum, það er yfirlýsing hæstv. fjmrh. sjálfs, sem hér er við að styðjast.

Það er auðvitað enn alger óvissa um það, hvað þarf til þess að jafna metin varðandi útflutningsframleiðsluna, og það er vissulega mjög eftirtektarverð yfirlýsing hjá hv. 3. þm. Reykv., ef það þarf ekki einu sinni 25 millj. kr. til þess að jafna þau met. Við skulum sleppa öllum fullyrðingum um það efni og bíða og sjá, hver niðurstaða verður af þeim samningum, sem nú standa yfir. Því færi betur, að ekki þyrfti meiri upphæð en þetta, en ég er nú ákaflega hræddur um, að þessi upphæð hrökkvi skammt til að mæta þeim þörfum.

Það var svo að lokum mjög skiljanleg athugasemd hjá hv. 3. þm. Reykv., að það væri ekkert nýtt að bíða fram yfir kosningar með að skella á nýjum álögum. Við vitum það mætavel, að það er einmitt það, sem á að gera nú í þetta sinn, og því eðlilegt, að hv. þm. reyni að afsaka það.

Ég vil þá leyfa mér að víkja örfáum orðum að ræðu hæstv. fjmrh. eða þeim atriðum í ræðu

hans, sem sérstaklega voru gagnrýni á till. okkar í minni hl. fjvn., og þá skal ég í því efni takmarka mig við ummæli hans um sparnaðartill. okkar. Hann staðfesti það í ræðu sinni, að hann hefði *synjað fjvn. um álit sparnaðarnefndar* þeirrar, sem skipuð var á s. l. vori og mér er kunnugt um að mun hafa skilað till. til ríkisstj., þannig að sú álitsgerð liggur fyrir. Það eru því hreinar vífilengjur hjá hæstv. ráðh. og undanbrögð að reyna að afsaka þetta með því, að það liggi ekki fyrir neinar ákveðnar till. frá þessari nefnd. Það er einhver önnur ástæða, sem veldur því, að ekki má upplýsa þetta mál, og þegar hann talar um það, að málið sé á því stigi, að það sé ekki hægt að koma því á almannavitorð eða dreifa því plaggi út, þá er enginn að tala um það efni. Hann gat ósköp vel afhent fjvn., sem hefur með þetta mál að gera af hálfu Alþingis, þetta plagg með þeim skilyrðum þá, að ekki yrði opinberlega til þess vitnað, en til leiðbeiningar og athugunar í sambandi við væntanlegar till., sem n. kynni að gera eða nefndarhlutar. En með þessum synjunum sínum hefur hæstv. ráðh. valdið því, að starf n. hefur torveldazt, og það hefur því ekki við hin minnstu rök að styðjast hjá hæstv. ráðh., þegar hann heldur því fram og ítrekar þá fullyrðingu sína, að minni hl. n. hafi haft nákvæmlega sömu aðstöðu til þess að bera fram sparnaðartill. eins og meiri hl.

Hæstv. ráðh. sagði, að till. okkar í meiri hl. n. um sparnað væru magrar. Ef þær eru magrar, þá lízt mér ekki á holdafarið á till. meiri hl., því að við gerum þó till. um 5 millj. kr. sparnað, en þeir um 2½ millj.

Það var svo eftirtektarverðast af öllu — þótti mér — í ræðu hæstv. ráðh., að hann sá ekki nokkur úrræði til að fara eftir nokkurri af okkar sparnaðartill., ekki einni einustu. Og það kannske fara þá að verða skiljanleg orð hv. 3. þm. Reykv., þegar þetta er íhugað, að það sé þá eftir allt saman ef til vill hæstv. fjmrh. sjálfur, sem finnur alla annmarka á að spara á öllum sviðum. Hann sagði, að það væri enginn sparnaður að *hækka póstgjöldin og jafna þannig metin varðandi* þá stofnun. Hvernig er þá hægt að kalla það sparnað hjá meiri hl. n. að lækka útgjöld Skipaskoðunar ríkisins með því að hækka gjöldin þar? Það hlýtur þá að vera jafnlítilmótleg sparnaðar*till., og vitanlega er það sparnaður fyrir* ríkissjóð, þegar af honum er létt gjöldum, þó að það sé á þann hátt að hækka þá þjónustu, sem látin er í té.

Þá segir hæstv. ráðh., að það hafi engin áhrif á kostnað ráðuneytanna sú lækkun á fjárveitingum til þeirra, sem við gerum ráð fyrir. Ég vil alveg ákveðið leyfa mér að halda því fram, að þegar till. er gerð frá þinginu um ákveðna fjárveitingu, þá beri ríkisstj. að fara eftir þeirri till. og þeirri samþykkt þingsins og það sé óhæfilegt með öllu, að sá hugsunarháttur ríki hjá hæstv. fjmrh., að það eigi eftir atvikum að fara eftir því, svona eftir því hvernig ástatt sé hverju sinni. Sannleikurinn er sá, að þetta sýnir ljóslega árangurinn af því, sem gerzt hefur um raunar langt skeið í okkar fjármálastjórn, að ekki nema hluti af raunverulegum útgjöldum ríkissjóðs er tekinn inn í fjárlagafrv. og fjárlögin, heldur er um að ræða stórfelldar umframgreiðslur. Þetta leiðir allt til þess, að fjármálaráðherra á hverjum tíma fer að líta á fjárlögin sem plagg, sem að vísu sé gott að hafa til hliðsjónar, en hins vegar geti *hann nokkurn veginn hagrætt* því í hendi sinni eins og hann vill. Þetta er hugsun, sem ekki má festa rætur, og fjmrh. má ekki láta sig henda að festa í huga sínum slíka skoðun.

Ég verð að segja, að mér eru það mikil vonbrigði og *bendir ekki til mikils* sparnaðarvilja hjá hæstv. ríkisstj., ef hún ekki einu sinni getur hugsað sér að halda í horfinu varðandi útgjöld til ráðuneytanna sjálfra.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mikill áhugi um það að lækka útgjöld vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, en þó væri engin þörf á till. minni hl. um það efni. Ég held, að allur varinn sé nú beztur. Ef mikill áhugi er á að lækka þetta, þá ætti það ekki að koma að sök, þó að fjárveiting í þessu skyni væri lækkuð.

Ráðh. taldi mjög hæpið um lækkun á mjólkureftirliti og fann á því öll tormerki, að það fé mundi nægja, sem við leggjum til að veita í því skyni. Engin fullgild rök færði hann þó fram sínu máli til stuðnings í því efni, þannig að þær mótbárur voru ekki veigamiklar.

Varðandi húsrými skattstofunnar hafði hann það eitt að segja, að skattstofustjóri teldi, að skattstofan þyrfti meira húsrými. Mér skildist, að það hefði ekkert verið kannað nánar, heldur þegjandi og hljóðalaust fallizt á að greiða úr ríkissjóði 300 þús. rúmar til aukins húsrýmis fyrir skattstofuna. Ég held, að það verði að liggja fyrir í því sambandi, að verkefni skattstofunnar hafi aukizt mjög, því að hér er um að ræða mjög mikla stækkun á húsrými skattstofunnar, og það verði að sjálfsögðu að hafa hóf í því efni.

Þá upplýsti hæstv. ráðh., að félmrh. vildi ekki afnema húsaleigueftirlitið. Ég benti á það í minni frumræðu, að húsaleigueftirlitið í því formi, sem það er nú, hefur gersamlega enga þýðingu og hefur ekki minnsta aðhald varðandi ákvörðun húsaleigu, þannig að hér er um algerlega óþarfan *útgjaldalið að ræða hjá ríkissjóði*.

Mér þótti mjög einkennilegur tónn hæstv. ráðh., þegar hann fór að ræða um aðaltill. okkar varðandi sparnað á Skipaútgerð ríkisins. Það var svo sem ekki að heyra á hæstv. ráðh., að hann *hefði miklar áhyggjur af þessum útgjaldalið*, sem vex um milljónir á hverju einasta ári, heldur var hann nánast með skæting í garð okkar sjálfstæðismanna fyrir, að við skyldum leyfa okkur að fara að ætlast til að draga úr þeirri þjónustu, sem þarna er um að ræða.

Það er að sjálfsögðu aldrei hægt að spara, ef menn sjá alltaf draug í hverju horni, ef bent er á einhver úrræði, og það sýnist helzt vera það ástand hjá hæstv. fjmrh. Við höfum ekki lagt til að draga neitt úr þeirri þjónustu, sem hér er veitt, heldur að hafa hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hafa með samgöngumöguleika í landinu, og við höfum bent á það úrræði, sem bent hefur verið á áður og verið töluvert athugað og komið til orða, að selja elzta skip skipaútgerðarinnar. Við höfum bent á, hvaða sparnaður gæti af þessu orðið. Þetta er það skipið, sem rekið er með mestum halla, og við telj-

um, að það eigi að vera hægt með skynsamlegu móti að koma því þannig fyrir með samningum við skipafélögin, að það þurfi ekki að draga úr þjónustu við fólkið í þeim byggðarlögum, þar sem erfiðast er um samgöngur vissa tíma á árinu eða um háveturinn, þannig að mér finnst, að hæstv. ráðh. hefði átt að taka þessari till. í nokkuð öðrum anda en hann gerði í sinni ræðu. Það kann vel að vera, að á þessu séu einhverjir annmarkar, sem við höfum ekki haft aðstöðu til að rannsaka, en hann hefði gjarnan mátt ræða málið frá því sjónarmiði, en ekki byrja á að reyna í sinni ræðu að nota þessa till. okkar í þeim pólitíska tilgangi að telja, að hún sannaði einhvern fjandskap okkar við hagsmuni strjálbýlisins. Það er auðvitað enginn kostur á því að hafa uppi neina till. til sparnaðar, ef á þeim er tekið á þann hátt, sem hæstv. ráðh. hér gerði. Og ég get vel undir það tekið, sem hv. 1. landsk. þm. (AG) sagði hér í kvöld, að það sýndist ekki vera mikill áhugi á sparnaði yfirleitt og litlar tilraunir gerðar í þá átt. Eftir alla þá yfirlegu, sem verið hefur í sambandi við sparnað í rekstri ríkisins, verður það að segjast, að það kom nokkuð á óvart, að till. meiri hl. fjvn. um sparnað skyldu ekki nema nema 2½ millj. og helmingur þess sparnaðar fenginn með því einu að skera niður vissa framkvæmdaliði, en ekki um neinn sparnað í ríkisrekstrinum sjálfum að ræða.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að allar okkar till. um þetta efni væru málamyndatill. Þetta er auðvitað jafnan hægt að segja um allar till., ef af hálfu valdhafanna er ekki sýndur nokkur áhugi á því að sinna málunum af alvöru, heldur aðeins að tala og tala um það, að þetta þurfi að gera. Hæstv. ráðh. auglýsti eftir því við 1. umr. fjárlaga og sagðist hvað eftir annað hafa auglýst eftir sparnaðartill. Ef svo einhver minnist á sparnað á einhverjum lið, þá telur hæstv. ráðh., að það sé gersamlega ómögulegt, þetta sé ekki hægt, það sé ekkert vit í þessu, þetta sé málamyndatill. og þar fram eftir götunum. Og ég held nú sannast sagna, úr því að ráðh. hefur að engu þær ábendingar, sem til hans er beint eftir auglýsingu hans sjálfs, að þá fari að verða tímabært, ef hæstv. ráðh. ætlar eitthvað áfram að gegna þessari stöðu sinni, að óska eftir því, að hann sem ráðh. komi þá með einhverjar vísbendingar sjálfur. Það er ekki nóg að skipa nefnd eftir nefnd til þess að gera sparnaðartill. Aldrei er eftir till. þeirra nefnda farið. Þær eru lagðar niður í skúffu, og svo er ekki meira um þær talað, heldur aðeins skipuð ný nefnd. Og ef bent er á leið til sparnaðar, þá er allt ómögulegt.

Ég held, að öllum fari nú að verða ljóst, að það eru ekki þægileg viðureignar þessi mál, þegar öllum hugmyndum til úrræða í þessu skyni er tekið á þann hátt, sem hæstv. ráðh. gerir.

Ég lofaði því að vera ekki orðmargur um þetta og er e. t. v. búinn að hafa um þetta fleiri orð en er í samræmi við þá yfirlýsingu mína. En mér fannst ég þó ekki geta annað en rætt sérstaklega um þessi viðbrögð hæstv. ráðh. varðandi sparnaðarhugmyndir okkar í minni hl. n. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, að hér erum við ekki að velta neinum þungum björgum úr vegi, hér er aðeins um ábendingar að ræða, sem gerðar eru nánast í skyndi, vegna þess að allur aðbúnaður að okkur til undirbúnings till. var með svo óhæfilegum hætti, að erfitt var um allan málefnatilbúning í þessu sambandi. Við höfðum vænzt þess eftir boðskap meiri hl. n. og boðskap hæstv. ráðh., að fram mundu koma viðtækar sparnaðartill. á síðasta stigi málsins, og biðum þeirra till. Þær komu fram, þessar mjög svo mögru till., á lokafundi n. á þriðjudagskvöldið, og höfðum við því lítið svigrúm til þess að undirbúa okkar till., þótt við leggjum þó þessar ábendingar hér fram, sem fá svo þessar þokkalegu móttökur hjá hæstv. ráðh.

Það hefur áður verið minnzt á þá kynlegu fullyrðingu ráðherrans, að eftir að hæstv. ríkisstj. og hann þá fyrst og fremst sjálfur hefur gersamlega gefizt upp við að jafna greiðsluhallann á fjárlfrv. með eðlilegu móti, þá stendur hann hér upp í ræðustól og segist ekki vilja trúa því að óreyndu, að þessum umr. ljúki svo, að sjálfstæðismenn bendi ekki á, hvernig eigi að jafna þennan halla. Það er næsta fróðleg yfirlýsing frá hæstv. ráðh., að eftir að búið er að mynda hina svokölluðu vinstri stjórn, af því að ómögulegt sé að finna nokkur úrræði á neinu vandamáli með Sjálfstfl., þá, eftir að sú stjórn er búin að gefa sína gjaldþrotayfirlýsingu, er eina vonin sú til þess að bjarga heiðri stjórnarinnar við afgreiðslu þessara fjárlaga, að sjálfstæðismenn geti á síðasta stigi málsins bent á einhverjar leiðir, sem hæstv. ráðh. geti farið til þess að þurfa ekki að afgr. fjárlögin með þeim eindæma ómyndarskap, sem hér er lagt til.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það verður að játa, að þetta er óvenjulegur tími til þess að taka þátt í og eiga nú fyrst færi á því að taka þátt í einu umr. um fjárlögin, því að eins og störfum hefur verið háttað, þá er sannleikurinn sá, að nú fyrst við þessa svokölluðu 3. umr. liggja hinar endanlegu till. stjórnarinnar fyrir, hæstv. stjórnar, ef till. skyldi kalla, þær till., sem áttu að vera fyrir hendi, strax og Alþingi kom saman í haust. En þar sem ákveðið er að leyfa mönnum ekki að tala nema nú í nótt um þetta mikilvæga mál, þá mun ég ekki láta þann tíma nætur, sem nú er, varna mér máls, heldur taka fram þau atriði, sem ég tel að á þurfi að minnast.

Ég vil þá fyrst óska hæstv. fjmrh. til hamingju og viðurkenna það, að hann er í raun og veru sigurvegarinn í þessu máli, enda lýsti það sér glögglega í því, að sá eini þm., sem lagt hefur lið þeirri afgreiðslu fjárlaganna, sem nú er ráðgerð, er einmitt 3. þm. Reykv. (EOl), að það eru þeir félagsbræður, sem saman fóru til Moskvu á dögunum, sem nú hrósa sigri og hafa að velli lagt hinn mikla fjármála-, ja, mér leyfist kannske að segja dólg, hæstv. forseti, ég veit ekki, hvort það er þinglegt orðbragð, — hæstv. fjmrh., sem hafði svo sterk orð um það í haust, um það bil sem Alþingi kom saman, að nú þyrfti mikilla og stórra átaka, enda mundi nú ekki standa á stjórnarflokkunum um að koma með hin varanlegu úrræðin, sem svo lengi hefur verið lofað. En þá var það, að upp reis enn meiri fjármálajöfur, hæstv. félmrh., klappaði á kollinn á hæstv. fjmrh.

og sagði í alþjóðar áheyrn, að ekkert væri að marka orð þessa blessaða óvita, hann væri að tala um mál, sem hann hefði lítil kynni af, í bezta lagi væri hann að berja sér, sem góðum búmanni sæmdi, en raunin mundi verða sú, að hægt væri að hækka tekjurnar, án þess að skattar yrðu auknir, og draga eitthvað úr gjöldunum, þannig að allt væri í stakasta lagi. Það er þessi stefna, sem nú hefur orðið ofan á, og það er vissulega ekki að ástæðulausu, að hæstv. fjmrh. er eini ráðherrann, sem ekki skammast sín fyrir að vera viðstaddur þessar umr. Allir hinir hafa verið í felum í dag, fundið sér til hinar og þessar ástæður til að skjótast á burt. Hæstv. fjmrh. mest af öllu tekur kollhúfur, ef hann kemur inn í deildina, og reynir að láta sem minnst á sér bera, en sá, sem veit, að hann hefur sigrað, situr hér brosmildur og ánægður og fagnar því, sem orðið hefur, og hann hefur líka fulla ástæðu til þess, hæstv. ráðh., og ég endurtek mínar heillaóskir honum til handa.

Hv. 3. þm. Reykv. kom hér og hélt snarplega ræðu um það, að sjálfstæðismenn hefðu aðeins eitt úrræði ákveðið og fyrirhugað og það væri gengisfelling og þeir mundu, strax og þeir hefðu færi á, nota þetta sitt uppáhaldsúrræði. Ég hef ekki séð neins staðar á þessum vetri eða undanfarna mánuði stungið upp á gengisfellingu nema í einu blaði og að vísu af einum rithöfundi. Það er aðalefnahagsmálaráðunautur ríkisstj., Haraldur Jóhannsson, sem hefur skrifað greinaflokk um fjárfestingarmál í Þjóðviljann. Þar hefur hann ýtarlega og hvað eftir annað sagt, að íslenzka krónan væri ofskráð, og hann hefur sagt, að ekki væri von til þess að menn mundu sækjast eftir að stunda sjávarútveg, nema þessi ofskráning yrði lagfærð. Hann hefur að vísu tekið fram, að ýmsar fleiri ráðstafanir þyrfti að gera samtímis, en aðallega hefur hann getið þess, að það þyrfti að gera svo mikla útreikninga í þessu sambandi, að þeir mundu taka nokkra mánuði. Þetta var sagt — hygg ég — í október—nóvember. Nú, það sýnist vera, að nokkrir mánuðir muni verða liðnir skömmu eftir að bæjarstjórnarkosningum er lokið, svo að það skyldi þó aldrei fara svo, að 2. þm. Árn. yrði sannspár um það, að eftir einn eða tvo mánuði talaði hv. 3. þm. Reykv. jafnfjálglega hér um nauðsyn gengisfellingar eins og hann talar nú fjálglega um nauðsyn og sífellt nánara samstarf við hernámsflokkana, landráðamennina, sem hann hefur áður lýst og ofan á allar sínar fyrri syndir hafa beinlínis svikið þau loforð, sem þeir óneitanlega gáfu hv. 3. þm. Reykv., þegar hann tók ákvörðun um það í fyrra að láta sína menn ganga í stjórn með þeim? Nú á hann ekki nógu fögur orð um það, að eftir því sem þeir kynnist betur, hann og þessir svikarar, þeim mun betur muni með þeim á fallast, og ætli það verði þá ekki til þess að bræða þá endanlega saman, ef þeir í sameiningu svíkja öll loforð um það að standa aldrei að gengisfellingu og hún í einu eða öðru formi komi áður en mjög langt um líður?

Um það skal ég ekkert segja nú og ekki gerast neinn spámaður. Við vitum það allir, að þetta tal um úrræðin, sem eiga að vera á næstu grösum og hver er að heimta af öðrum, er í raun og veru tómt tal. Það er alger misskilningur, sem sagt hefur verið, að á undanförnum árum hafi allt verið komið hér í strand og hrörnun. Sannleikurinn er sá, að atvinnulíf og framkvæmdir hafa aldrei á Íslandi verið örari en nú samfleytt síðasta einn og hálfan áratuginn. Með eðlilegum hætti hefur á mismunandi árum þessa tímabils verið lögð ólík áherzla á ólík viðfangsefni. Á vissu bili var eðlilega lögð mikil stund á það að endurnýja togaraflotann. Þá varð um skeið, m. a. fyrir þröngsýni og þvermóðsku Framsfl., landbúnaðurinn aftur úr. Það var eðlilegt, að síðan yrði að gera átak til þess að koma landbúnaðinum í sæmilegt horf. Það er eitt af því, sem þessi efnahagsráðunautur ríkisstj. hefur haldið fram í Þjóðviljanum og Tíminn hefur aldrei gefið sér tíma til að mótmæla, eitt af því, sem þessi ráðunautur hefur haldið fram að sé ískyggilegast í þróun efnahagsmála Íslands, það mikla fé, sem farið hafi í að byggja upp landbúnaðinn, og sú óhófseyðsla, sem lýsir sér í því að rafvæða sveitirnar.

Ég skammast mín ekki fyrir, verandi bæjarmaður, fæddur hér, uppalinn, þm. fyrir Reykvíkinga og unandi mínum hag hér vel, að ég tel, að íslenzku þjóðinni sé ekki síður nauðsyn á því að efla sinn landbúnað heldur en sjávarútveginn og það sé þjóðarvoði, meiri en orð fá lýst, ef sveitirnar færu í meiri auðn en komið er. Íslenzk menning er fyrst og fremst sveitamenning, og ég vona, að við eigum engir okkar og engir Íslendingar eigi eftir að lifa þann tíma, að íslenzkur landbúnaður verði ekki eftirsóttur og þannig að hér geti þróazt holl menning og æskumenn telji framtíð sinni vel borgið með því að gerast bændur í sveit, jafnframt því sem það er nauðsynlegt, að menn vilji sækja sjóinn og starfi við iðnað. En allt þetta verður að haldast í hendur.

Og ég segi það líka skömmustulaust, að Ísland, sem engar járnbrautir hefur og er háð farartækjum, þarf ekki að skammast sín fyrir að endurnýja öðru hvoru sína bílaeign. Það er rétt, að bílarnir taka mikið benzín, og það má vel vera ágreiningur um það, hvort þeir eigi að vera hundraðinu fleiri eða færri. En stuðningsmenn núverandi ríkisstj., sem leyfa með hverju skipi 10, 20, 50 nýja bíla inn í landið, hafa ekki ástæðu til þess að koma og býsnast yfir því, að bílainnflutningur undanfarin ár hafi verið allt of mikill. Og hverjir voru það, sem á sínum tíma báru fram till. um það að hjálpa togaraflotanum eitt ár með sérstökum skatti af bílainnflutningi, af því að gömlu bílarnir voru orðnir of margir hlutfallslega og borgaði sig ekki að halda þeim út? Það var n., þar sem sjálfur núverandi sjútvmrh. var einn fulltrúinn í og hæstv. núverandi forsrh. var einnig fulltrúi í, þó að hann að vísu hafi, að því er ég hygg, fengið annan mann til þess að vinna starfið fyrir sig, eins og honum er stundum hent. Sú ráðstöfun er út af fyrir sig ekkert til þess að skammast sín fyrir. En hún er heldur hvorki til að þakka né kenna neinum einstökum flokki, vegna þess að af fáum bjargráðum, sem gerð hafa verið á seinni árum, þá hygg ég, að þetta sé það eina bjargráð, sem allir flokkar stóðu að. — Ég held ég hafi gleymt einu stórmenninu, sem var með í að gera till. af núverandi

stjórnarsinnum, hæstv. forseta Sþ. Ég man ekki betur en hann væri einnig í þessari n., sem till. bar fram um þetta. Svo tala þessir menn um það sem eitthvert ódæði, að bílarnir hafi verið fluttir inn. En hvernig ætla þeir að komast um þetta land án þess að hafa bíla? Og af hverju stöðva þeir þá ekki algerlega bílainnflutninginn sjálfir nú?

Nei, tilfellið er það, að við höfum haldið áfram látlausri uppbyggingu í þessu landi, örari, stórfenglegri og nytsamari en í nokkru öðru þjóðlandi, á sama tíma og breytingarnar á Íslandi til góðs frá því, sem var fyrir 20 árum, eru ævintýri líkastar.

Samfara þessu hafa svo skapazt ýmis vandamál. Ég er alveg sammála því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það er í raun og veru ofboðslegt, þegar verið er að tala um það, að hér sé alltaf allt að kollsteypast vegna þessara vandamála. Við eigum vissulega við mikla örðugleika að etja. En þessi fjárhagsvandamál eru ekki meiri en svo, að hver einasta ríkisstjórn, fyrrverandi stjórnir allar, góðar eða bölvaðar sem þær hafa verið, og núverandi ríkisstj., jafnframunalega léleg sem hún er, hafa allar ráðið við það verkefni að halda atvinnuvegunum gangandi. Og það getur verið, að það sé vafamál, hvaða úrræði á hverjum tíma sé heppilegast til þess að gera þetta. En þetta hefur út af fyrir sig alltaf lukkazt. Og það, sem við gagnrýnum núverandi hæstv. ríkisstj. fyrir, bæði nú og í fyrra, er út af fyrir sig ekki, að hún heldur áfram á þeirri sömu braut og lagt hafði verið inn á. Við bendum á, að ríkisstj. geri þetta, þó að hún væri búin að lofa því að finna nýjar leiðir og hennar tilvera helgaðist af því, að gömlu leiðirnar væru svo bölvaðar, að eitthvað nýtt yrði að reyna. Auðvitað bendum við á það sem hennar andstöðumenn og sem hafandi fengið deilur fyrir að fylgja gömlu leiðinni, þá bendum við á: Þið getið ekkert annað eftir öll ykkar stóru orð heldur en fetað í okkar fótspor og sannast að segja magnað og gert allt miklu verra af því, sem var hæpnast í okkar ráðstöfunum.

En það varhugaverðasta er út af fyrir sig ekki þetta, heldur að eftir að búið er að taka þann hátt upp, að ríkið á að sjá fyrir öllu með samningum um hver áramót og vitanlega að setja sér fjárlög nú eins og áður, svo sem stjórnarskráin mælir fyrir um, þá er Alþingi svipt möguleikanum til þess að átta sig á, hvers eðlis þær ráðstafanir eru, sem gerðar eru. Það var svipt möguleikanum til þess í fyrra. Ráðstafanirnar komu þá ekki fram fyrr en á síðustu stundu. Og við þurfum ekki að ræða um það hér, við vitum það allir, að engir alþm., allra sízt við í stjórnarandstöðunni, en heldur ekki þið, góðir stjórnarliðar, fenguð þá að vita, hvert var raunverulegt efni þess, sem verið var að samþykkja. Það er heldur ekkert leyndarmál, að hinir stjórnarflokkarnir hafa sett sérstaka eftirlitsmenn með hæstv. sjútvmrh. nú, sem fylgja honum eftir hvert fótmál í þeim samningum, sem standa yfir þessa daga og nætur, til þess að þeir viti, hverju hann lofar, hvað hann segir, svo að flokkarnir standi ekki uppi jafngersamlega eins og glópar og í fyrra eftir samninga hans við útgerðarmenn, þegar enginn í ríkisstj., enginn á Alþingi og sennilega ekki ráðh. sjálfur vissi, hvað hann hafði samið um. Það eru slíkir stjórnarhættir, sem við erum að víta, og það vita allir, að það er ekkert vit í því og ekki hægt til þess að ætlast, að stjórnarandstaða, sem fyrst fær að sjá till. tveimur eða þremur dögum áður en þær endanlega eru samþykktar, till., sem sérfræðingar hafa unnið að vikum og mánuðum saman, — að stjórnarandstaða geti á þeim tíma gagnalaust byggt upp sjálfstæðar till. Hún hefur rétt til þess, og hennar skylda er að benda á veilurnar.

Við höfum sagt og segjum enn: Í þessu eru engin töframeðul til, og menn verða að feta sig áfram til þess að sleppa úr og frá þeim erfiðleikum, sem fyrir höndum eru. — Við teljum, að hæstv. ríkisstj. og hennar fylgdarliði hafi tekizt þetta miður en skyldi og þó hafi aldrei keyrt jafnt um þverbak eins og nú, þegar meðferð Alþingis og áhrifavald þess á fjárlög ríkisins er í raun og veru tekið burt. Það má segja: Það hefur sótt í þetta far undanfarin ár, munurinn er ekki ýkja mikill nú frá því, sem verið hefur, það munar þó ekki nema tveim, þrem dögum, viku eða eitthvað svoleiðis. Það er bitamunur, en ekki fjár. — Ja, það er hér eins og ella. Það má benda til þess versta og hæpnasta, sem gert hefur verið, magna það, taka það versta til fyrirmyndar og gera það þeim mun verra, að það er gert að hreinni skrípamynd. Það er það, sem nú er verið að gera, og ég segi ykkur, að fjárlagaafgreiðslan núna verður í þingsögunni talin lágmark þess, sem Alþingi láti bjóða sér, hún verður talin slíkt hneyksli, að hún verður að eilífu höfð sem víti, er beri að varast.

Ég hef ekki löngun til þess að segja spádóma, en þetta þori ég að segja, og ég segi, að það verða fáir þingmenn, hvaða stjórnar sem er, er situr héðan í frá, sem láta bjóða sér svipaða meðferð og hv. fjvn. hefur nú, — ja, af eðlilegri hollustu við þá ríkisstj., sem hún fylgir, látið yfir sig ganga, — og þó að stjórnarliðar allir á morgun rétti upp sína hönd, og eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði: Við það, sem maður var búinn að semja um, það stendur maður. Þetta skiljum við. En auðvitað berið þið allir skömmustu í ykkar brjósti. Þið vitið, að þið eruð að gera rangt. Þið vitið, að þið eruð að draga niður virðingu og sæmd Alþingis, gera ykkar trúnaðarstarf að engu, það, sem fólkið hefur falið ykkur, og það er ósköp eðlilegt, að fjmrh. skammist sín fyrir að vera viðstaddur þær umr., sem hann hefur leitt Alþingi út í með þessum hætti, enda það sjaldan sem hann rekur inn hausinn, þá hverfur hann burt aftur eins og draugur, ef hann sér mennska veru, sem ekki er hinu illa ofurseld.

Með leyfi hæstv. forseta, þá segir svo í athugasemdum við sjálft fjárlagafrv., 4. mgr. o. s. frv.:

„Samkvæmt stjórnarskrá ber að leggja fram fjárlagafrv. í upphafi Alþingis.

Ríkisstj. telur sér engan veginn fært að ákveða það án náins samstarfs við þingflokka þá, sem hana styðja, hvernig leysa skuli þann vanda, sem við blasir í efnahagsmálum landsins, þ. á m. hvernig mæta skuli þeim mikla halla, sem fram kemur á fjárlagafrv.

Ríkisstj. hefur ekkert tækifæri haft til þess að ráðgast við stuðningsflokka sína á Alþingi um fjárlagafrv. né viðhorfið í efnahagsmálunum, eins og það er nú eftir reynsluna á þessu ári.

Þess vegna er fjárlagafrv. lagt fram með greiðsluhallanum, en ríkisstj. mun í samráði við stuðningsflokka sína á Alþingi taka ákvarðanir um það, á hvern hátt tryggð verði afgreiðsla greiðsluhallalausra fjárlaga.

Niðurstöður frv. gefa á hinn bóginn glöggt til kynna, að slíkt er ekki auðvelt viðfangsefni.“

Þarna sögðu þeir satt einu sinni, vegna þess að fjmrh. hefur hreinlega gefizt upp og stungið af, sannast að segja. Þarna segir hann: Ég neyðist til þess að leggja frv. fram, vegna þess að stjórnarskráin fyrirskipar það. — En í þessu felst játning á því, að frv. er ekki eins og það á að vera. Hann segir: Við munum vitanlega tryggja þetta. — En hvar er tryggingin? Ja, við vitum allir, hvernig frv. er. Önnur eins ósköp hafa aldrei sézt né þvílíkur málflutningur til stuðnings. Svo lýsir það nokkuð andanum, sem þessir menn lifa í og hrærast, hvernig orðbragðið er. Ríkisstj. telur sér engan veginn fært að ákveða, hvernig leysa skuli vandann. Svo segir: En ríkisstj. mun í samráði við stuðningsflokka sína á Alþingi taka ákvarðanir um það, á hvern hátt tryggð verði afgreiðsla greiðsluhallalausra fjárlaga. Ég hefði nú haldið, að venjulegir menn hefðu sagt: ríkisstj. mun gera till. um það til Alþingis, til þess að Alþingi ákveði. Ég hef ekki vitað enn, að búið væri að breyta stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins á þann veg, að ríkisstj., jafnvel þótt vinstri stjórn sé, eigi að ákveða þetta. Hún getur ákveðið sínar till., en það er Alþingis að ákvarða. Nei, hún segist ætla að ákveða í samráði við þá, sem ákvörðunarvaldið hafa eftir lögum. Ja, þessir herrar kunna að taka stórt upp í sig, en þeir kunna heldur ekki að standa við stóru orðin. Þegar kemur að efndunum, þá verður minna úr. Þá eru þeir fegnir að fela sig og hafa sig ekki inni í þingsalnum.

Svo var hæstv. fjmrh. Hann kom hér og sagði, að það væri algerlega rangt, sem sagt hefði verið, að sú aðferð við afgreiðslu fjárlaganna, sem fyrirhuguð hefur verið, væri til þess löguð, að menn héldu, að fjármálavandinn væri leystur, að fjárlögin væru í raun og veru afgreidd tekjuhallalaust. Hann kom með mjög örugga heimild í því sambandi, það var Tíminn, jafnsannsögull og hann nú er, og hann vitnaði í Þjóðviljann. Ég hygg nú, að það sé fróðlegt að athuga, hvað Þjóðviljinn segir. Þjóðviljinn er þó málgagn stærsta stjórnarflokksins og þess flokks, sem ofan á hefur orðið um afgreiðslu fjárlaganna, — og hvernig hljóðar fyrirsögnin í þessu málgagni stærsta stjórnarflokksins? „Fjárlagafrv. verður afgreitt án tekjuhalla.“ Þetta er aðalfyrirsögnin. Það er að vísu rétt, að í undirfyrirsögn kemur nokkur fyrirvari og síðan tekin upp aðvörunarorð úr nál. hv. frsm. fjvn. Þjóðviljinn hefur þarna nokkuð haft vaðið fyrir neðan sig. En það er hér annar, sem hefur tekið þetta heldur of bókstaflega. Það er málgagn næststærsta stjórnarflokksins, Alþýðuflokksins. Alþýðublaðið í morgun segir:

„Fjárlögin tekin til 3. umr. á Alþingi í dag. Meiri hluti fjvn. hefur lagt fram brtt. sínar. Fjárlög hallalaus að þeim samþykktum.“

Og þó að greinin sé lesin með logandi ljósi, sem frá þessu segir, þá er ekki vikið einu orði þar að því, að brotttaka þessara milljónatuga úr frv. sé ekki annað en blekking. Það er ekki vikið einu orði að því, að svo sé, að þarna sé verið að leika skollaleik. Nei, þeir, sem lesa Alþýðublaðið, hljóta að telja, að um raunverulega hallalausa afgreiðslu fjárlaga sé að ræða. Auðvitað var hæstv. fjmrh. búinn að lesa þetta og vissi, hvernig hans eigið stuðningsblað tók hans till., þegar hann kom hér upp og var að vitna í blöðin, alveg gagnstætt því, sem þau raunverulega segja, alveg eins og hæstv. fjmrh. leyfir sér að koma hingað og vitna til ummæla hv. þm. G-K., Ólafs Thors, þar sem hann skoraði á stjórnarandstæðing að koma með sínar till., vegna þess að á neikvæðum belgingi lifir enginn til lengdar. Það er alveg rétt, að Ólafur Thors viðhafði þessi orð 1953, en Ólafur sagði töluvert meira. Ólafur byrjaði það, sem hann segir um þetta, svona: „Stefna og aðgerðir stjórnarinnar er kunn“ o. s. frv.

Getur nokkur maður sagt nú, að stefna og aðgerðir þessarar stjórnar sé kunn? Nei, þeir segja sjálfir: Ja, það er vandi. Við vitum bara ekkert hvernig á að leysa hann. Við ætlum að fresta honum fram yfir bæjarstjórnarkosningar.

Þetta er það eina, sem við heyrum. Er þetta stefna? Ég mundi halda, að þetta væri stefnuleysi, þetta væri uppgjöf, þetta væri flótti, slíkur sem hæstv. fjmrh. sýnir í verki, þegar hann þorir ekki að vera við þessar umræður. En svona leyfir þessi hæstv. ráðh. sér að koma og lesa bæði upp úr blöðum og alþingistíðindum og gefa alranga mynd af því, sem sagt hefur verið. Maður jafnveraldarvanur og jafngreindur og Eysteinn Jónsson, sem leiðist til slíkra vinnubragða, er vissulega orðinn mjög aðþjarmaður, hans málefnaaðstaða er orðin svo veik, að hann kann ekki lengur að rökstyðja hana. Hann kann ekki lengur að berjast með heiðarlegum og ærlegum vopnum, hann þarf að grípa til þess, sem ekki fer hjá að hann viti sjálfur að eru blekkingar.

Hvenær hefur það heyrzt, að fjmrh. leyfi sér að leggja til, að fjárlagafrv. sé afgreitt og kallað tekjuhallalaust, með því að vísa á það, að einhvern tíma síðar og helzt einhverjir aðrir eigi að nokkrum mánuðum liðnum að finna úrræðin til þess að bjarga fjárlögunum? Og ef taka má þessar 65 millj. burt af fjárlögunum, af hverju mátti þá ekki alveg eins taka þær 40, sem eftir eru, og skaffa þannig bara drjúgan tekjuafgang?

Svo eru vinnubrögðin. Auðvitað vitum við allir og höfum raunar vitað þessa síðustu 10 daga, að ríkisstj. ákvað, hvað gera skyldi, á ríkisstjórnarfundum 7. og 8. des., áður en hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. fóru á Parísarfundinn. Það er óhugsandi, að hæstv. forsrh. hafi horfið úr landi án þess að vita, hvernig slíkt meginatriði skyldi afgreitt, enda var einmitt á

þeim fundum, sem haldnir voru, áður en þessir ráðherrar fóru, ákveðið að afgreiða fjárlögin.

Hið minnsta, sem hægt var að gera vegna virðingar Alþingis, — látum vera tillitið til stjórnarandstöðunnar, en vegna virðingar Alþingis og vegna virðingar við kjósendur og íslenzku þjóðina var það minnsta, að þá þegar hefði verið sagt frá því, hver úrræðin ættu að vera. Það er að vísu eðlilegt, að mennirnir skyldu skammast sín fyrir að segja frá þessu og hugsuðu: frestur er á illu beztur. En það má líka segja: bezt er illu af lokið. Og þeir hefðu þó sýnt nokkurn manndóm með því að skýra frá þessu, strax og þeir höfðu tekið ákvörðunina. Nei, aðferðin er höfð sú, að það er bókstaflega beðið fram á elleftu stundu hins 17. des. eða jafnvel 12. stundu. Þá er loksins tilkynnt, hvernig eigi að bjarga fjárhagnum og fullnægja þeim metnaði hæstv. fjmrh. að leyfa honum að afgreiða fjárlögin fyrir áramót, að nafninu til tekjuhallalaus, með þeim félega hætti, sem það er gert. Þá er það vitað, að stjórnarandstaðan, þó að hún hefði viljað búa sig undir, hvernig þessu átti að taka, hafði engan frest. Hæstv. fjmrh. hafði neitað aðspurður að skýra frá þessu í vikunni áður, sem hann þá sannanlega hlaut að vita, en það sýnist einungis vera gert til ögrunar. En það er fyrst og fremst til þess að gera mennina enn þá minni sjálfa að vera að þessum skollaleik, sem engum kemur að gagni, en sýnir einungis þeirra illu samvizku.

Sparnaðartill. eru svo fólgnar í því, að reynt er að níðast á Reykjavík. En Reykvíkingar eru því ekkert óvanir, þegar þessir vinstri herrar eru við völd, að á þeim sé níðzt. Menn muna ósköp vel eftir framkomu hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. á eymdarárunum 1934—39 og þeim anda, sem þá blés til höfuðstaðarins. Menn bjuggust við því, að sami blásturinn kæmi aftur, og hann er kominn. Það munar kannske ekki svo mikið um þetta fé, en við skiljum, hvað er á ferðum. Við vitum, hvers er von, og Reykvíkingar munu kunna að svara fyrir sig.

Það er reynt að hverfa frá samningum, sem gerðir voru um rekstur — það má kalla það: fangelsisdeildar að Kvíabryggju, það er ekkert annað. Ríkinu ber skylda til þess að sjá fyrir fangelsi í þessu skyni, það er lagaskylda, staðfest með samningi. Nú á að hverfa frá þessu. Það á að níðast á Reykvíkingum og varna þeim að fá reista barnaskóla, draga úr því að iðnskólanum ljúki. Það á að hindra það, að því ófremdarástandi verði af létt, sem er yfir fangageymslunni í kjallara lögreglustöðvarinnar við Hafnarstræti, og annað slíkt. Þetta eru mannúðarmálin, sem þessir herrar nú hreykja sér hæst yfir. Um það þarf ekki að fara mörgum orðum. Þau verk lýsa sér bezt sjálf.

Ég vildi svo víkja hér að brtt., sem ég hef flutt. Ég get vel stytt mál mitt um þær. Ég vísa til þess, sem þeir hafa sagt, samþingismenn mínir, sem eru flm. að till. varðandi heilbrigðisstofnanir og skóla, leikvanginn og húsnæðismál, og sé enga ástæðu til þess að rifja það upp. Þeir hafa gert fulla grein fyrir því.

Ég vil hins vegar vekja athygli á till., sem ég og hv. 2. þm. Reykv. flytjum um að hækka framlagið til ríkisútgáfu námsbóka í 900 þús. kr. Þetta er óhjákvæmilegt, ef hin nýju lög um aukið starf námsbókaútgáfunnar eiga að hafa tilætlaðan árangur. Hafi það verið ætlunin á sínum tíma, að þær viðbótarskyldur, sem útgáfunni voru lagðar á herðar, væru tómur bókstafur, þá er skiljanlegt, að fjárveitingunni sé haldið eins og hún er. Við sjálfstæðismenn töldum ekki tímabært þá að gera þessa breytingu, vegna þess að útgáfan hefði ekki enn getað valdið því verkefni, sem henni fyrst og fremst var fengið, og vildum láta hana valda því fyrst. En úr því að lögin eru sett, þá er nauðsynlegt, að hún fái fjármagn til þess að geta gegnt skyldu sinni.

Ég vil svo almennt geta þess, að ég hef hugboð um það, að á mörgum stöðum í þessu fjárlagafrv. sé of lágt ætlað til ýmiss konar starfrækslu. Slíkt er einungis til þess að blekkja sjálfan sig og að vísu aðra einnig og kemur ekki að neinu haldi. Ég veit ekki, í hvaða skyni það hefur verið gert, en mín skoðun er sú, að útgjöldin séu að ýmsu leyti vanmetin í þessu frv., jafnvel óhjákvæmileg útgjöld.

Þá ber ég fram till. um það, að úthlutunarnefnd á listamannastyrk sé fimm menn í stað fjögurra. Ég ber fram þá till. vegna þess, að ég tel það almennt réttara, að slíkar nefndir séu skipaðar fimm mönnum, þá einnig þessi nefnd, frekar en að ég hafi nokkuð sérstakt við störf þessarar nefndar að athuga. En ég tel, að það ætti að gera gangskör að því að koma allsherjarreglu á um þetta, og mun kannske flytja frv. um það síðar á þinginu, taldi þó rétt, að sú hugmynd kæmi einnig fram hér.

Þá flyt ég till. um það að hækka fjárveitingu til sögulegra málverka. Það er hugmynd, sem ég hreyfði fyrir einu eða tveimur árum. Fjmrh. stóð þá á móti og gat stöðvað. Nú hefur hæstv. menntmrh. fengið smáfjárveitingu í þessu skyni, og met ég það og tel ágætt. En ég vil hafa fjárveitinguna töluvert hærri, hækka hana upp í 200 þús. kr., og nánari reglur um það, hvernig verkið skuli unnið: fyrst, að það séu sérfróðir menn, sem velji þau verkefni, sem mála á, og síðan sé samið af menntamálaráði við sérstaka listamenn um framkvæmd þess. En ég tel, að hér sé um verk að ræða, sem taki nokkurt árabil og ekki megi skera um of við nögl sér, en muni gera mikið gagn, áður en yfir lýkur.

Þá legg ég til, að fjárveitingin til umbóta á Þingvöllum sé hækkuð um 200 þús. kr. með það fyrir augum, að byrjað verði á framkvæmdum um tilfærslu vegarins úr Almannagjá. Það er vitað mál, að vegurinn, þar sem hann er nú, er orðinn stórhættulegur. Það, sem mestu máli skiptir þó, er það, að það eru alger helgispjöll að láta veginn liggja þar í Almannagjá, sem hann gerir, og sannast sagt þjóðarhneyksli. Í þriðja lagi er svo það, ef hann væri fluttur úr Almannagjá, þá mundi skapast varavegur í sveitirnar fyrir austan fjall, sem kæmi oft að góðu gagni.

Þá legg ég til, að úr fjárveitingunni til menntaskólahúss á Laugarvatni verði fellt niður, að skólinn skuli vera á Laugarvatni, heldur að skólinn skuli vera í sveit. Þetta er í samræmi við þáltill., sem ég hef flutt og ekki hefur enn verið tekin

afstaða til, að rannsakað verði, hvort mögulegt sé að flytja skólann og ráðlegt. Ég tel skólann illa settan á Laugarvatni, og það yrði til mikils góðs, ef hann yrði fluttur.

Þá legg ég og hv. 2. þm. Reykv. til, að fjárveitingin til byggingar stjórnarráðshúss verði hækkuð um eina millj. Það er það sama og hún hefur verið.

Við sjálfstæðismenn fengum því áorkað, þegar haldið var 50 ára afmæli innlendrar stjórnar, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að nýtt stjórnarráðshús yrði byggt. Menn féllust þá á það, að vísu með mismunandi miklum áhuga. Nú kemur í ljós, hverjir streittust þar á móti. Það á að fara að skera þetta niður. Kotungsandinn hefur náð sér á strik aftur. Núv. stjórnarráðsbygging er í sjálfu sér allsendis ófullnægjandi. Ég vil segja óýkt, að það sé beinlínis heilsuspillandi að vinna þar. Húsið er ekki hæft til starfrækslu nema þá með stórkostlegum viðgerðum, auk þess sem það er ekki hæft sökum útlits sem íverustaður æðstu stjórnar á landinu, sýnir kotungshátt, og er óboðlegt. Það er skemmtileg saga í nýkominni æviminningu Jessens skólastjóra, sem Guðmundur Hagalín hefur skrifað, þar sem Jessen segir frá því, þegar hann í fyrsta skipti kom til Reykjavíkur og átti að heimsækja ráðherrann og ætlaði að fara upp í stjórnarráð, og honum var bent á húsið hvað eftir annað, en hann fór í önnur hús, vegna þess að honum gat ekki til hugar komið, að þetta væri æðsta stjórnarbyggingin á Íslandi. Þetta mun hafa verið 1911. Það, sem þá þótti of auvirðilegt, hefur verið látið endast síðan. Ég hef ekki á móti því, að stjórnarráðshúsið gamla sé látið standa sem eins konar forngripur. Það hefur sögulegar minjar. En til að gegna því hlutverki, sem það gegnir nú, er það allsendis óhæft. Og ég vil vona, að þingmenn án tillits til stjórnmálaskoðana verði sammála um, að það taki því ekki að vera að skera þessa milljón af og draga þar með úr líkunum fyrir því, að úr þessari þjóðarhneisu sé bætt.

Þá er síðast á þessu þskj. till., sem ég gerði grein fyrir við 2. umr. svokallaða hér í Sþ., þess efnis, að umframfjárveitingar megi ekki inna af höndum, nema samþykki allra ráðherranna komi til. Þetta er hliðstætt því, sem tíðkast um bráðabirgðalög, og er sannast sagt með öllu ástæðulaust að hafa þann hátt á, að einn ráðherra geti valsað með ríkissjóðinn eins og honum sýnist, sérstaklega þegar litið er til þess, að tekjur ríkissjóðs umfram fjárlög hafa á árunum 1953—56, að báðum meðtöldum, numið hvorki meira né minna en 437 millj. kr. á þessu stutta árabili. Það er með öllu óverjandi að láta einn ráðherra hafa slíkt fé að miklu eða jafnvel þó að einungis sé að nokkru leyti til ráðstöfunar. Það er sjálfsagt, að um allar umframgreiðslur sé það fastmælum bundið, að samþykki allra ráðherranna sé fengið, eða þá önnur ámóta fullnægjandi skipun gerð.

Jafnframt vil ég benda á, að þessi mikla fjárhæð, sem komið hefur í ríkissjóð umfram það, sem áætlað hefur verið, ber auðvitað nokkuð vitni þess, hve mikið er að marka áætlanir hæstv. núv. fjmrh., hversu þær eru gersamlega út í bláinn sannast að segja. Það er og engan veginn óvarlegt, þó að við nú leggjum til að verja nokkru fé umfram það, sem segja má, að þetta slitur af fjárlagafrv. geri ráð fyrir að fyrir hendi verði, vegna þess að það er sannarlega ekki neitt að marka.

Loksins vil ég minna á þrjár litlar till., sem ég flyt ásamt tveimur öðrum þingmönnum Reykv., Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein, þar sem við leggjum til, að starfsfræðsla í skólum fái 20 þús. kr., barnamúsíkskóli í Reykjavík fái 20 þús. kr. og starfskvennaskóli Reykjavíkur hækki um 25 þús. kr. Þetta er allt þörf starfræksla, munar litlu fyrir ríkið, þó að við þessu sé orðið, en getur komið að miklu gagni fyrir þá aðila, sem hlut eiga að máli og vinna þörf störf.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð áliðið nætur, enda skal ég ekki lengja þessar umr. mikið, heldur kvaddi mér hljóðs einungis til þess að segja hér fáein orð um litla brtt., sem ég flyt á þskj. 206 ásamt hæstv. forseta sameinaðs þings. Þessi till. er um það, að bætt sé inn á 18. gr. einni ekkju, Guðrúnu Helgadóttur, með 5000 kr. Þessi kona er ekkja hins ágæta manns, Jóns Jóhannessonar prófessors, sem féll frá s. l. vor. Umsókn um þessa fjárveitingu á 18. gr. lá fyrir hv. fjvn. og var send þangað í samráði við ráðuneytisstjórann í fjmrn., sem taldi eðlilegt að taka einhverja upphæð inn til hækkunar. En þetta hefur nú ekki orðið, og auðvitað er alltaf álitamál um, hvað eigi að taka á þessu sviði. En eftir því sem mér er sagt, þá hefur hv. n. ekki tekið neina upphæð inn til þessarar ekkju, vegna þess að hún hefur haldið áfram kennslu, sem hún og gerði áður, og fengið fyrir það nokkurt fé. En þess er þá að geta, að hún, sem hefur erfitt heimili, þrjú börn og þ. á m. eitt á fyrsta ári, verður að halda dýra ráðskonu, og fer í það töluvert mikill hluti af þeim launum, sem hún fær sem kennari.

Nú er það svo, að samkvæmt launaskrá fjárlagafrv. eru prófessorslaunin 48 þús. kr. í grunn, en það, sem þessari ekkju ber samkvæmt lögum af lífeyrissjóði, eru 13 þús. kr. í grunn, auk hins lögboðna barnastyrks. Það mun því ekki vera neitt í ósamræmi við það, sem víða á sér stað á þessari grein, þó að þarna sé bætt 5000 kr. við.

Að vísu er það svo, að á 18. gr. er erfitt að koma auga á nokkurt verulegt samræmi, og hefur svo lengi verið. Þar hafa ýmsir embættismenn fengið full laun, þó að þeir hafi látið af starfi, og meira að segja sumir þeirra fengið þó nokkrar upphæðir fyrir önnur störf samtímis o. fl., o. fl., sem nefna mætti í þessu sambandi. En allt eru það svo persónuleg mál, að ég vil ekki vera að draga það inn í umræður að nauðsynjalausu til samanburðar. En þar sem hér er um smáupphæð að ræða handa fátækri og sorgmæddri ekkju, sem stendur í miklum vanda með það, hvort hún getur haldið sínu húsi, sem var verið að enda við að byggja, þegar maður hennar dó, og hún þess vegna í gífurlega miklum skuldum, — vegna þessa alls, þá væntum við flm., að hv. þm. taki þessari litlu till. með velvild, svo að um hana þurfi ekki að standa neinar deilur.

Að öðru leyti skal ég ekki um þetta fjölyrða, nema eitthvert tilefni gefist til, og ekki fara út

í neinar aðrar umr. um fjárlagafrv. Það er búið að ræða það svo mikið, að ég sé ekki ástæðu til að bæta þar við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 20. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 189,1—7 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 192,1 felld með 26:16 atkv.
— 192,2 felld með 25:17 atkv.
— 189,8 samþ. með 27:1 atkv.
— 189,9 samþ. með 28:10 atkv.
— 189,10—11 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 189,12 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 192,3 felld með 27:16 atkv.
— 199,I.1—2 felld með 21:8 atkv.
— 192,4—5 felld með 22:16 atkv.
— 189,13—14 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 199,I.3 felld með 21:6 atkv.
— 189,15 samþ. með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, LJós, PÞ, EmJ.

nei: PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, FÞ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB.

EggÞ, PZ greiddu ekki atkv.

6 þm. (AG, GÍG, GTh, GÞG, HermJ, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv.:

Karl Guðjónsson: Ég tel með öllu óverjandi, að ríkið greiði sem svarar meðlagi 170 barna á ári til þess að greiða fyrir innheimtu barnsmeðlaga fyrir Reykjavíkurbæ, og segi því já við þessari tillögu.

Brtt. 189,16—17 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 192,6—9 felld með 22:19 atkv.
— 189,18 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 199,I.4 felld með 26:18 atkv.
— 189,19 samþ. með 27:1 atkv.
— 192,10 felld með 21:18 atkv.
— 199,II felld með 26:19 atkv.
— 204,I felld með 27:18 atkv.
— 192,11 felld með 28:18 atkv.
— 189,20 samþ. með 27:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, LJós, PÞ, PP, SE, SkG, SvbH, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, EmJ.

nei: IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁÞ, BBen, BÓ, FÞ, GTh.

PZ, StgrSt greiddu ekki atkv.

4 þm. (HermJ, ÓTh, AG, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 189,21 samþ. með 29:2 atkv.
— 192,12 felld með 28:16 atkv.
— 204,II felld með 25:20 atkv.
— 199,III felld með 24:12 atkv.
— 199,IV.a felld með 28:15 atkv.
— 199,IV.b felld með 23:17 atkv.
— 199,V felld með 27:16 atkv.
Brtt. 204,III felld með 22:15 atkv.
— 192,13 felld með 28:17 atkv.
— 199,VI samþ. með 32 shlj. atkv.
— 192,14 felld með 24:19 atkv.
— 189,22.1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 199,VII felld með 25:18 atkv.
— 199,VII. varatill. samþ. með 38 shlj. atkv.
— 189,22.2—3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 199,VIII felld með 26:18 atkv.
— 204,IV felld með 26:16 atkv.
— 189.22.4—6 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 204,V felld með 26:19 atkv.
— 189,22.7 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 189,23 samþ. með 27:11 atkv.
— 192,15 felld með 30:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB.

nei: PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, EmJ.

4 þm. (AG, GÍG, HermJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 189,24 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 206,I felld með 23:15 atkv.
— 189,25—26 samþ. með 34:1 atkv.
— 204,VI.1.a felld með 24:17 atkv.
— 189,27.a.1 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 204,VI.1.b felld með 26:15 atkv.
— 189,27.a.2—17 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 199,IX samþ. án atkvgr.
— 189,27.a.18—43 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 204,VI.2 felld með 25:13 atkv.
— 189,27.b.1—2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 189,27.b.3—7 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 204,VII felld með 27:15 atkv.
— 189,27.b.8—d samþ. með 34 shlj. atkv.
— 204,VIII.1 felld með 26:12 atkv.
— 189,28 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 204,VIII.2 felld með 25:13 atkv.
— 189,29 samþ. með 23:15 atkv.
— 189,30 samþ. með 28:8 atkv.
— 204,IX felld með 29:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JPálm, MJ, ÓB, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, EggÞ, FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JJós.

nei: KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, EmJ.

JS, PO, AG greiddu ekki atkv.

4 þm. (KJJ, ÓTh, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 189,31 samþ. með 33:2 atkv.
— 206,II.1 felld með 26:16 atkv.
— 189,32 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 204,X felld með 27:16 atkv.
— 189,33—34 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 192,16 felld með 25:16 atkv.
— 204,XI.1 felld með 25:17 atkv.
— 189,35 samþ. með 32:1 atkv.
— 204,XI.2 felld með 26:16 atkv.
— 189,36—37 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 206,II.2 felld með 21:16 atkv.
— 189,38—39 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 204,XI.3 felld með 22:17 atkv.
— 192,17 tekin aftur.

Brtt. 189,40 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 189,41—43 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 204,XII felld með 26:12 atkv.
— 204,XII. varatill. felld með 24:15 atkv.
— 189,44 samþ. með 26:16 atkv.
— 189,45 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 199,X felld með 26:16 atkv.
— 199,X. varatill. felld með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, FÞ.
nei: GÞG, HÁ, HS, HV, KK, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, EmJ.
KGuðj greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, GJóh, HermJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 206,II,3 felld með 25:19 atkv.
— 189,46—47 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 204,XIII felld með 24:17 atkv.
— 204,XIII. varatill. felld með 29:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BÓ, FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ.
nei: ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, EmJ.
5 þm. (GÍG, GJóh, HermJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 192,18 felld með 23:14 atkv.
— 204,XIV samþ. með 27 shlj. atkv.
— 204,XV felld með 24:15 atkv.
— 189,48—49 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 199,XI.1—2 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 189,50 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 199,XII.1 felld með 20:14 atkv.
— 199,XII.1. varatill. felld með 22:17 atkv.
— 199,XII.2 felld með 25:13 atkv.
— 199,XII.2. varatill. felld með 26:17 atkv.
— 204,XVI.1 samþ. með 25:1 atkv.
— 189,51 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 204,XVI.2 samþ. með 31:1 atkv.

Áður en brtt. 206,III kæmi til atkv., mælti

Jón Pálmason: Herra forseti. Þar sem ég hef fengið vissu fyrir, að þessu máli verður bjargað á annan veg, þá er till. tekin aftur, og er það gert í samráði við minn meðflutningsmann, hæstvirtan forseta.

Brtt. 206,III tekin aftur.
— 189,52 samþ. með 28:15 atkv.
— 189,53 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 189,54—56 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 189,57 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 204,XVII felld með 25:15 atkv.
— 192,19 felld með 25:15 atkv.
— 189,58—59 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 189,60 samþ. með 25:16 atkv.
— 192,20 felld með 25:17 atkv.
— 204,XVIII felld með 26:12 atkv.
— 189,61 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 189,62 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 199,XIII samþ. með 32 shlj. atkv.
— 189,63 samþ. með 29:1 atkv.
— 199,XIV felld með 24:16 atkv.
— 189,64—65 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 192,21 felld með 28:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FÞ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, SvbH, BBen.
nei: EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EmJ.
StgrSt greiddi ekki atkv.
6 þm. (GÍG, GTh, HermJ, LJós, ÓTh, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Búnaðarfélag Íslands óskaði eftir því við hæstv. landbrh. í fyrra, að hann setti sérstaka n. til að athuga bæði lög um sandgræðslu og skógrækt. Sú n. situr á rökstólum, hefur ekki skilað nál. enn og er með till. um að afla fjár til málsins, og fyrr en ég sé þær, sé ég ekki ástæðu til að hlaupa fram fyrir skjöldu og segi þess vegna nei við þessari tillögu.

Brtt. 192,22 felld með 21:16 atkv.
— 189,66—67 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 192,23.a felld með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, FÞ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB.
nei: PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, EmJ.
PZ, EggÞ greiddu ekki atkv.
6 þm. (BSt, GÍG, GTh, HermJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 192,23.b felld með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, FÞ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm.
nei: KGuðj, KK, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, EmJ.
6 þm. (LJós, ÓTh, GÍG, GTh, GÞG, HermJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Alfreð Gíslason: Ég tel Geðverndarfélag Íslands, sem er því miður algerlega líflaus félagsskapur nú um mörg ár, ekki hæfan aðila, og því segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Nei, með tilvísun til grg. 1. landsk.

Áður en brtt. 199,XV kæmi til atkv., mælti

Eggert Þorsteinsson: Síðan ég lagði þessa till. fram, hefur mér borizt í hendur yfirlýsing frá ríkisstj. um, að hún muni beita sér fyrir því, að unnið verði að lausn málsins milli þinga, og með það í huga tek ég till. aftur.

Brtt. 199,XV (tekin upp aftur) felld með 24:16 atkv.
— 204,XIX felld með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, FÞ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB.
nei: PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, EmJ.
AG greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, GTh, HermJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.
8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Í gildandi fjárlögum er sams konar heimild og þessi till. felur í sér. Það er starfandi n. í málinu, sem hefur verið að athuga, hvaða staðir mundu heppilegastir. Mér er ekki kunnugt um, að hún hafi enn skilað áliti til ríkisstj., og ég sé ekki ástæðu til þess að taka málið fyrir nú. Komist n. að þeirri niðurstöðu, að það muni þurfa sérstaka heimild, og skili hún ekki áliti fyrir áramót, svo að málið megi afgreiða eftir gildandi heimild, þá mun hún vafalaust fara þess á leit við ríkisstj., að heimildin verði veitt aftur, og ekki standa á þinginu að veita hana þá.

Pétur Ottesen: Með tilvísun til þess, að nauðsynlegt sé að veita þessa heimild, ef n. lýkur störfum á næsta ári, þá segi ég já.

Pétur Pétursson: Nei, og vísa til grg. Páls Zóphóníassonar.

Ragnhildur Helgadóttir: Já, og vísa til grg. hv. þm. Borgf.

Bjarni Benediktsson: Já, með tilvísun til grg. framsóknarmannanna.

Björn Ólafsson: Með tilvísun til grg. þm. N-M. tel ég nauðsynlegt að samþ. brtt. og segi já.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi fjárlögum er heimild til að festa kaup á landi fyrir uppeldisskóla fyrir ungar stúlkur. Á vegum menntmrn. starfar n. að undirbúningi málsins. Verði þörf nýrrar heimildar á næsta ári, mun ríkisstj. leita hennar. Með tilvísun til þessa segi ég nei.

Jóhann Hafstein: Með vísun til grg. hæstv. menntmrh. segi ég já.

Brtt. 204,XX felld með 28:17 atkv.
— 204,XXI felld með 29:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BBen, BÓ, FÞ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ.
nei: SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, KK, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, EmJ.
PZ greiddi ekki atkv.
6 þm. (GÍG, GTh, HermJ, LJós, ÓB, ÓTh) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 207).

13. Útflutningssjóður o. fl. (breyt. á l. nr. 86/1956).

Á 1. fundi í Ed., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl. [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 7. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, en þessi bráðabirgðalög voru sett með það tvennt í huga, að þörf væri á því að auka nokkuð við tekjur útflutningssjóðs, eins og komið var, þannig að hann gæti fengið nokkrar yfirfærslutekjur af fjárhæðum þeim, sem ganga til greiðslu á leigu á erlendum skipum, og eins með tilliti til þess, að nokkuð væri vikið til hliðar fyrir íslenzkum skipum, sem keppa við hin erlendu um flutninga að og frá landinu. En þróunin hefur verið sú að undanförnu, að mjög hefur hallað á aðstöðu íslenzku skipanna í þessari samkeppni, vegna þess að tilkostnaður hefur farið hækkandi hér innanlands, en fragtir almennt heldur lækkandi. Önnur skipafélög hér innanlands, sem hins vegar fá tekjur sínar samkvæmt flutningatöxtum, sem ákveðnir eru af verðlagsyfirvöldunum í landinu, hafa aftur fengið fragtir sínar hækkaðar, en hin skipin, sem eru í beinni samkeppni við hin erlendu skip á hinum frjálsa markaði, hafa, eins og ég segi, heldur fengið áfall í sambandi við lækkaðar fragtir og hafa því átt erfiðara um í samkeppninni. Þessi bráðabirgðalög voru sett í þessum tvenns konar tilgangi: annars vegar að skattleggja nokkuð leyfi hinna erlendu skipa til hagsbóta fyrir útflutningssjóð, en um leið og það yrði gert, þá yrði aftur heldur ívilnað fyrir íslenzku skipunum, sem þarna eiga í samkeppni við hin erlendu. Ég ætla, að það þurfi ekki að skýra efni þessa máls öllu frekar á þessu stigi málsins, en vænti, að þessu frv. verði vísað til nefndar, sem líklega yrði fjárhagsnefnd, — vildi leggja það til.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef á þessu stigi málsins engar athugasemdir að gera við það frv., sem hér liggur fyrir og hæstv. sjútvmrh. hefur nú mælt fyrir. En af því tilefni, að hér liggur fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningssjóð o. fl., vildi ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh., hvernig afkoma þessa sjóðs hafi orðið á yfirstandandi ári. „

Það er ástæða til þess að beina slíkri fsp. til hæstv. ráðh., sérstaklega vegna þess, að nokkuð misjafnar sögur hafa gengið um það, jafnvel

af munni hæstvirtra ráðh., hvernig hagur þessa þýðingarmikla sjóðs standi. Hæstv. fjmrh. hefur bæði á fundi í flokksfélagi sínu hér í Rvík og einnig í ræðu sinni við 1. umr. fjárlaga vikið að því, að verulegur greiðsluhalli mundi verða hjá sjóðnum á þessu ári. Hins vegar hefur annar hæstv. ráðh., hæstv. félmrh., í útvarpsræðu frammi fyrir alþjóð látið að því liggja, að allt væri í stakasta lagi með fjárreiður sjóðsins, hann stæði í fullkomnum skilum við þá aðila, sem hann á fyrst og fremst að starfa fyrir, og óþarfi væri að gera því skóna, að mér skildist, að greiðsluhalli yrði hjá honum á árinu.

Af þessu tilefni vildi ég leyfa mér að óska þess, að hæstv. sjútvmrh. gæfi nú glögg og greinargóð svör um það, sem treysta mætti þá væntanlega, hver hin raunverulega afkoma útflutningssjóðs hafi verið í ár til þessa.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það er auðvitað ekki aðstaða til þess hér að þessu sinni og á þessum fundi að svara til hlítar þeirri fsp., sem hér kom fram, enda varla við því að búast. En mér þykir glöggt, að hv. fyrirspyrjandi hefur a. m. k. ekki tekið fullkomlega trúanlega þá skýrslu, sem blað það, sem hann mun vera ritstjóri við, birti nýlega um afkomu útflutningssjóðs. Eitthvað dregur hann það í efa, að þær tölur muni vera réttar, sem þar voru nýlega birtar, en það eru ekki nema örfáir dagar síðan Morgunblaðið birti alllanga ritgerð í tölum um afkomu sjóðsins. En til þess þó að svara hér aðalatriðunum, þá vildi ég geta þess, að síðasta uppgjör hjá sjóðnum, sem ég hef fengið í mínar hendur, var miðað við miðjan septembermánuð. Það uppgjör sýndi, að útflutningssjóður hafði þá fram til miðs septembers greitt samtals út um 242 millj. kr. til framleiðsluatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar. Sjóðurinn hafði þá fram að miðjum september greitt svo að segja allar þær kröfur, sem inn höfðu komið viðvíkjandi bótum vegna ársins 1957, jafnóðum og þær höfðu komið. Þó var það svo, að þann dag voru samtals tilheyrandi árinu 1957 komnar til sjóðsins um 13 milljónir króna í kröfum, sem þá voru til athugunar hjá sjóðsstjórninni, en voru ekki gjaldfallnar. Það mátti því segja, að fram til miðs september hafi sjóðurinn staðið í skilum, eins og lög og reglur stóðu til, varðandi allar bætur, sem tilheyrðu framleiðslu ársins 1957. Um þetta leyti hafði sjóðurinn greitt samtals vegna skuldbindinga eldra greiðslukerfis 72 millj. kr., en talið var, að enn væri eftir að greiða upp í þessar gömlu skuldbindingar um 32—34 millj. kr., og af þeim voru 20 millj. kr., sem þá lágu fyrir, þannig upp gerðar hjá sjóðnum, að sjóðurinn hefði getað greitt þær, ef hann hefði haft fé til þess. Það mátti því segja, að æskilegt hefði verið, að sjóðurinn hefði þarna haft röskar 20 millj. í tekjur fram yfir það, sem hann hafði haft, til þess að geta haft algerlega hreint borð, bæði viðvíkjandi uppgjöri af eldri skuldum og eins viðvíkjandi kröfum þeim, sem komu inn vegna ársins 1957.

Hitt var svo líka jafnljóst, að tekjur sjóðsins um þetta leyti voru í kringum 25 millj. kr. lægri en ráð hafði verið fyrir gert, og það stafar af því, að einn megintekjustofninn, sem sjóðurinn byggði á, sem voru hinar gjaldháu vörur eða hinar gömlu bátagjaldeyrisvörur, hinir háu tollar á þeim, — að þær hafa verið fluttar inn í allmiklu minna magni en hafði verið gert á s. l. 2 árum eða nánar tiltekið: það mun vera um 50 millj. kr., sem innflutningur á hinum tollháu vörum var lægri nú 1. okt. heldur en á sama tíma árið á undan. En það þýðir vitanlega, að ríkissjóður, sem tekur tekjur sínar af þessum tollháu vörum, og útflutningssjóður hafa báðir fengið talsvert minni tekjur en ráð var fyrir gert, þegar áætlanir voru samdar, en þá var við það miðað, að innflutningur á þessum vörum yrði svipaður og hann hafði verið á undanförnum tveimur árum.

Það er því rétt, að verði ekki verulegar breytingar þann tíma, sem eftir er af árinu, með innflutning á þeim vörum, þá er nokkurn veginn augljóst mál, að tekjur útflutningssjóðs verða á þessu ári minni en ráð var fyrir gert, og það mundi að sjálfsögðu þýða það, að hann vinnur ekki eins hratt að borga upp þessar gömlu skuldir frá árunum 1955 og 1956, eins og ráð var fyrir gert. En eins og ég hef nú upplýst, þá er það þó augljóst mál, að sjóðurinn hefur staðið tiltölulega mjög vel við sínar skuldbindingar og unnið stórkostlega á í þeim efnum að greiða upp þær bætur til framleiðslunnar, sem áður voru orðnar allverulega mikið á eftir. Það var líka gerður samanburður á því í sambandi við þetta uppgjör um miðjan septembermánuð, hvernig greiðslur til framleiðslunnar hefðu verið nú á árinu 1957, borið saman við það, sem greiðslurnar voru frá árinu á undan, og sá samanburður sýnir, að til framleiðslunnar í heild hafði verið greitt nú á árinu 1957 eða fram til miðs septembermánaðar rétt um það bil 100 millj. kr. hærri fjárhæð til sjávarútvegs og landbúnaðar heldur en greitt hafði verið úr því kerfi, sem var gildandi árið áður. Um það er því ekkert að villast, að útflutningssjóður hefur lagað fyrir framleiðsluna mjög verulega frá því, sem áður var, bæði að því leyti til, að greiddar yrðu hærri bætur á hverja einingu, og eins að uppgjörið er miklu fyrr á ferðinni og staðið betur í skilum.

Hitt er svo aftur annað atriði, að nokkur uggur er í mönnum með það, hvernig verði með tekjur sjóðsins, en það vitanlega stendur í beinu sambandi við innflutning á þessum vöruflokkum, sem aðallega eiga að gefa sjóðnum tekjur.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess hér undir umræðum um þetta mál að fara nánar út í upplýsingar varðandi afkomu útflutningssjóðs.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir að hafa svarað minni fsp. Hún var ekki fram borin vegna þess, að ég treysti ekki fyllilega þeim upplýsingum, sem gefnar hefðu verið fyrir skömmu í mínu blaði sem svar við staðhæfingum hæstv. félmrh. í útvarpi um afkomu útflutningssjóðs á þessu ári. Þær upplýsingar, sem blaðið gaf, voru fyllilega réttar. Hins vegar er það ekki óeðlilegt, þó að Alþingi telji það viðkunnanlegra, að nokkurt samræmi sé á milli yfirlýsinga hæstvirtra ráðh. um jafnþýðingarmikið mál eins og afkomu þessa

sjóðs, sem á að verulegu leyti að halda gangandi aðalútflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Þær upplýsingar, sem hæstv. sjútvmrh. gaf hér, sanna það, að Morgunblaðið hefur birt réttar upplýsingar um þetta, en þjóðinni hefur af hálfu hæstv. flokksbróður hans, félmrh., verið sagt skakkt til um þessi mál. Ég skal ekki fara að ræða þau almennt hér undir umr. um það mál, sem nú er hér á dagskrá, en benda á það, að hæstv. sjútvmrh. staðfestir þær yfirlýsingar hæstv. fjmrh., að fullvíst megi telja, að verulegur halli verði hjá útflutningssjóði á árinu. Hann upplýsir, að hinn 15. sept. hafi 20 millj. kr., sem uppgerðar hefðu verið, ef fé hefði verið til þess í sjóðnum, legið þar ógreiddar; enn fremur hafi þá verið í þann mund að gjaldfalla um 13 millj. kr. Allt hnígur þetta á sömu sveif, að það sé fleipur eitt og fjarstæða, sem haldið var fram af hálfu hæstv. félmrh. í útvarpsumræðunum, að þessi sjóður hafi fyllilega staðið við sínar skuldbindingar og upp á hann sé hvorki neitt að klaga né muni verða síðar á þessu ári. Það gefst væntanlega tækifæri til þess fljótlega á næstunni að ræða þessi mál nánar. En ég ítreka að öðru leyti þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það var aðeins eitt lítið atriði. — Það er ekki rétt skilið hjá hv. þm. N-Ísf., að þær tölur, sem ég nefndi, bendi til þess, að útflutningssjóður hafi um miðjan septembermánuð verið í vanskilum. Ég sagði, að hann hefði þá verið búinn að greiða upp í gamlar vanskilaskuldir frá bátagjaldeyriskerfinu 72 millj. kr., en að samtals mundu þá enn standa eftir af því uppgjöri 32—34 millj. kr., en af þessum 32—34 millj. kr. hafi um 20 millj. þó legið fyrir þannig, að hægt hefði verið að borga þetta. En þar með var ekki sagt, að á útflutningssjóði hafi hvílt nein sérstök skylda til þess að vera búinn að borga þessar 20 millj. kr. Í lögunum um útflutningssjóð segir svo, að hann skuli taka að sér að greiða skuldir hins gamla bátagjaldeyriskerfis, þannig að við það sé miðað, að útvegsmenn fái þær greiðslur ekki síðar en þeir hefðu fengið þær, ef gamla kerfið hefði enn haldið áfram.

Ég fyrir mitt leyti vil ekki fallast á það, að útflutningssjóður hafi ekki einnig að því leyti til að borga upp þessar gömlu skuldir staðið við það, sem honum lagalega bar skylda til. En hitt er annað mál, að það hefði verið mjög æskilegt, að hann hefði getað verið búinn að borga þetta. Ég tel, að þessar tölur sanni, að hann hefur staðið í skilum fram að þessu uppgjöri svo að segja algerlega varðandi árið 1957 og greitt mjög verulega upp af eldri skuldunum, svo mikið, að þar þurfi í rauninni enginn undan að kvarta. Hitt er svo vitanlega alltaf hægt að segja, að miklu hefði verið betra, að menn hefðu borgað allar gömlu skuldirnar — yfir 100 millj. kr. — strax.

Varðandi þá tölu, sem ég nefndi, að um 13 millj. kr. hefðu þó verið komnar inn til sjóðsins af kröfum varðandi árið 1957 um miðjan septembermánuð, sem sjóðurinn hefði þó ekki verið búinn að taka til endanlegrar afgreiðslu, hvort bæri að greiða eða væru réttar, þá vildi ég aðeins taka það fram, að sú upphæð sýnir miklu fremur það, að sjóðurinn hefur fram að þessum tíma borgað alveg skilvíslega allar kröfur tilheyrandi árinu 1957, vegna þess að 13 millj., þó að þær hafi allar verið réttar og engar athugasemdir hefðu komið við þær, þá greiðir sjóðurinn út vikulega í kringum 10 milljónir eða svo, og hér gat því ekki verið um annað að ræða en aðeins tilfærslu um eina viku eða svo, hvort þessi upphæð var greidd eða ekki.

Ég tel, að fullt samræmi sé í því, sem sagt hefur verið varðandi útflutningssjóð af hálfu einstakra ráðherra. Það er rétt, að tekjur sjóðsins hafa orðið nokkru minni en ráð var fyrir gert, og það er verulega hætt við því, að tekjur hans á árinu verði eitthvað lægri. En eigi að síður er það rétt, að sjóðurinn hefur fram að þessu tímabili, sem uppgjör liggur fyrir um, staðið í skilum, eins og honum bar, í sambandi við allar bætur varðandi framleiðslu ársins 1957 og greitt mjög verulega upp í eldri skuldirnar, svo að stórum fjárhæðum munar á því, hvað hann hefur gert betur við framleiðsluna en hið eldra kerfi. Það er heldur ekki rétt að tala um það, að á árinu kunni að verða einhver stórkostlegur tekjuhalli hjá sjóðnum, heldur aðeins um það að ræða, að með minnkuðum tekjum, ef svo fer, þá vitanlega þýðir það það, að sjóðurinn verður annaðhvort nú um næstu áramót að skulda eitthvað af þeim bótum, sem ráð var fyrir gert að ljúka að greiða varðandi framleiðslu ársins 1957 fyrir áramót, það verður að færast eitthvað fram yfir sig, eða þá hann verður ekki búinn til fullnustu að borga upp gamla skuldahalann, *sem hefði þó verið æskilegt að búið væri* að greiða. En þrátt fyrir það, þó að svo væri, hefði sjóðurinn staðið allvel og mér er vel kunnugt um það, að útvegsmenn almennt telja, að sjóðurinn hafi fært þeim gífurlega mikil og aukin réttindi frá því, sem áður var, og miklum mun betra uppgjör en þeir áttu að venjast.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég kom hér inn í deildina af tilviljun og heyrði þá, að hv. þm. N-Ísf. var að breiða sig út yfir það, að Morgunblaðið hefði sagt sannleika. Það eru fréttir, það verð ég að segja. En hins vegar vildi hann í leiðinni halda því fram, að félmrh. hefði farið með ósannindi, — og það held ég að væru nú líka fréttir, ef svo væri. **(Gripið fram í:** Ekki stórfréttir.) Ég býst nú frekar við því, að það yrði nú samt sett á forsíðu í Morgunblaðinu, ef tilefni gæfist til. Hann var svo að leggja út af því, hvaða upplýsingar ég hefði gefið í útvarpsræðu viðvíkjandi afkomu útflutningssjóðs, og nú er ósköp auðvelt að ganga úr skugga um það, hvað ég sagði um það mál, því að handritið að minni ræðu kom til mín núna áðan, og því vill ekki bera saman við það, sem hv. þm. N-Ísf. segir nú að ég hafi sagt.

Það, sem ég sagði um afkomu útflutningssjóðs, var um afkomu hans fram til 1. sept. s. l. og um það, *hvernig honum hefði tekizt að grynna á* vanskilaskuldum frá bátagjaldeyriskerfinu og framleiðslusjóði, og hygg ég, að allt það, sem ég sagði í minni útvarpsræðu um það, hafi komið

fram. Ég heyrði ekki betur en að það væri einmitt staðfest af hæstv. sjútvmrh. áðan, og áreiðanlega hefur þeim upplýsingum ekki borið saman við það, sem Morgunblaðið sagði. En það, sem ég sagði um hag útflutningssjóðs í útvarpsumræðunum, var þetta, — og getur maður þá gengið úr skugga um, hvort það kemur ekki heim við það, sem sjútvmrh. upplýsti hér áðan, — ég sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitthvað hefur stjórnarandstaðan líka verið að breiða út fagnaðarfréttir um það, að útflutningssjóður væri kominn í þrot. En þetta er á misskilningi byggt. Útflutningssjóður hefur staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart útgerðinni, það sem af er þessu ári. Auk þess hefur hann greitt útgerðarmönnum um 80 millj. kr. af þeim 100 millj. kr. óreiðu- og vanskilahala, sem íhaldið skildi eftir sig. Sannleikurinn er sá, að bátagjaldeyriskerfið hafði dregizt a. m. k. ár aftur úr og var að stöðva útgerðina vegna vanskila sinna, þegar stjórnarskiptin urðu. Þetta var nú glæsilegi arfurinn á því sviði. Annars er það sama að segja um útflutningssjóð og ríkissjóð, að sjö vikna stöðvun á innflutningi hlaut að valda því, að nokkuð drægi úr tekjum hans í bili af þeim sökum. Þá var það heldur ekki óeðlilegt, að bankarnir drægju nokkuð úr innflutningi hátollaðra vara, meðan óvissa ríkti jafnvel um eðlilega aðflutninga lífsnauðsynja. Þetta bitnaði auðvitað tilfinnanlega bæði á tekjuöflun ríkissjóðs og útflutningssjóðs. En nú er orðin breyting á þessu, og bendir nú allt til, að innflutningur hátollaðra vara verði sízt minni seinustu mánuði ársins en var á sömu mánuðum ársins 1956. Hér við bætist svo það, að á næsta ári er útflutningssjóðurinn laus við ýmsar þær byrðar, sem leggja varð á hann á þessu ári vegna viðskilnaðar íhaldsins. Þannig er það hin mesta fjarstæða að halda því fram, að kerfi útflutningssjóðs, sem byggt var upp með aðgerðunum í fyrrahaust, sé hrunið. Þvert á móti hefur mikið áunnizt, þó að ekki hafi tekizt að greiða upp öll þau vanskil, sem íhaldið skildi eftir sig gagnvart útgerðarmönnum. Athugun, sem gerð var á því, hvaða aðstoð útgerðinni hefði verið greidd úr bátagjaldeyriskerfinu og framleiðslusjóði fram til 13. sept. í fyrra, og hins vegar á því, hvaða aðstoð útflutningssjóðurinn hefði veitt fram til sama tíma í ár, sýndi, að á árinu í ár hafði sjávarútvegurinn fengið rétt um 100 millj. kr. meiri aðstoð en eftir gamla kerfinu. Væri rétt, að íhaldið spyrði útgerðarmenn, hvort þeir vildu sleppa því, sem þeir hafa, og fá í staðinn það, sem þeir höfðu. Þetta læt ég nægja um útflutningssjóðinn í þetta sinn. Þeir ættu bara að spyrja, og þeir munu áreiðanlega fá svarið frá útgerðarmönnunum."

Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að hér er upplýst, að það hafi nokkuð af eðlilegum ástæðum dregið úr tekjum útflutningssjóðsins á fyrstu átta mánuðunum, að það eru líkur til eftir því samkomulagi, sem þá hafði verið gert, að tekjur útflutningssjóðs yrðu nokkuð svipaðar bátagjaldeyristekjunum á seinustu fjórum mánuðum ársins í fyrra, enn fremur upplýst, að það væri búið að borga af halanum frá bátagjaldeyriskerfinu og framleiðslusjóði um 80 millj., og samanburðurinn, sem gerður hefði verið, miðaður við 13. sept. í ár og 13. sept. í fyrra, væri sá, að nú væri búið að borga útgerðinni um það bil 100 millj. kr. meira en á sama tíma í fyrra. Ég hygg, að þetta sé allt saman staðfest af sjútvmrh., að þetta sé rétt. Hafi Morgunblaðið í einhverjum atriðum upplýst það sama, þá hefur það sagt sannleikann, en að öllu öðru leyti hefur það sagt ósatt. Það er alveg greinilegt.

Ég skal svo ekki segja fleira um þetta. Hér hefur það verið lesið orði til orðs, sem ég sagði um útflutningssjóðinn, og ég heyri ekki betur en að því beri að öllu leyti saman við upplýsingar hæstv. sjútvmrh. Annars held ég, að það geti varla misskilizt, ég hef a. m. k. tekið það þannig, að hv. þm. N-Ísf. hafi meint Morgunblaðið, hann nefndi það ekki, en hann sagði alltaf blaðið mitt: Blaðið mitt hefur sagt þetta. Ég hefði að vísu frekar talið það hafið yfir allan vafa, hvaða blað hann ætti við, ef hann hefði sagt blað Bjarna Benediktssonar eða blað aðalritstjórans Bjarna Benediktssonar eða blað okkar Bjarna Benediktssonar.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það mátti búast við því, að hæstv. félmrh. gerði tilraun til þess að færa orðum sínum nokkurn stað. En eins og stundum áður tókst það illa. Hæstv. ráðh. kemst ekki fram hjá því, að ummæli hans í útvarpsumræðunum um afkomu útflutningssjóðsins voru þessi: Útflutningssjóður hefur staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart útgerðinni, það sem af er þessu ári. — Hæstv. félmrh. er sem sagt að tala þarna um allt annað en hæstv. sjútvmrh. var að tala hér áðan. Hann talaði um uppgjör miðað við 15. sept. En hæstv. félmrh. hefur auðvitað ekki brostið óskammfeilni til þess frekar en fyrri daginn að telja sig þarna vera að flytja sömu upplýsingar og hæstv. sjútvmrh. var með. Ég skal sýna fram á það, að hæstv. ráðh. hefur farið með hreinar blekkingar í þessu efni.

Fyrri hluta októbermánaðar er það þannig, að útflutningssjóðurinn er í 25 millj. kr. vanskilum við fiskframleiðendur. Þar að auki skortir 4 millj. króna á, að hann hafi greitt uppbætur vegna saltsíldarframleiðslu norðanlands. Enn fremur á hann ógreiddar þá á þessu tímabili 10 millj. kr. vegna útfluttra landbúnaðarafurða. Samtals gerir þetta um 39 millj. kr. fyrir framleiðslu þessa árs.

Þetta var það, sem hefur verið upplýst í Morgunblaðinu og er byggt á öruggum heimildum. Og hæstv. sjútvmrh. má trúa því, þó að hann sé að reyna að koma hv. flokksbróður sínum til hjálpar, sem hefur hlaupið á sig enn einu sinni frammi fyrir alþjóð.

Það er svo dálítið táknrænt um sjálfgleði og gort þessara hæstv. ráðherra beggja, kommúnistaráðherranna, þegar hæstv. félmrh. er að breiða sig út yfir það, að „mikið hafi áunnizt" og búið sé að greiða upp „vanskilavíxla íhaldsins", og á þar við það, sem ógreitt var í gjaldeyrisfríðindum til útvegsmanna frá fyrri árum, — „mikið hafi áunnizt".

Hvað hefur áunnizt? Hæstv. fjmrh., sem ætti nú að bera nokkurt skynbragð á það, hvernig ástandið er í efnahagsmálum þjóðarinnar, lýsir því yfir, um leið og hann leggur fjárlögin fyrir

Alþ., að stórkostlegur greiðsluhalli muni verða hjá ríkissjóði. Og það er tekið fram í sjálfri grg. með fjárlagafrv., að þessi greiðsluhalli muni ekki verða minni en allt að 100 millj. kr., 91 millj. kr. Hæstv. ráðh. lýsir því enn fremur yfir, að stórfelldur greiðsluhalli muni verða hjá útflutningssjóði á árinu. Svo kemur hæstv. félmrh. og segir, að „mikið hafi áunnizt".

Það hefur „mikið áunnizt" í því að koma efnahag þjóðarinnar út í öngþveiti og vandræði. Ef það er það, sem hæstv. ráðh. á við, þá má til sanns vegar færa ummæli hans um, að mikið hafi áunnizt. Öðruvísi er ekki hægt að skilja þau.

Ég vildi svo mega spyrja þessa hæstv. ráðherra um það, hvort nokkuð annað hafi komið til greina, þegar breytt var um skipulag á útflutningsuppbótum til sjávarútvegsins, en að greiða upp það, sem á skorti, að útvegsmenn og sjómenn hefðu fengið það, sem þeim bar frá fyrra ári. Vitanlega hlaut það að verða gert, þegar breytt var um kerfi í þessum efnum. Þá hlaut hið nýja kerfi að taka við skuldbindingum hins eldra, eins og tíðkazt hefur yfirleitt, þegar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar í efnahagsmálum þjóðarinnar. En kommúnistaráðherrarnir halda því sífellt fast að fólki, að í raun og veru hafi þessu nýja kerfi alls ekki borið að taka við þessum gömlu skuldbindingum, og hæstv. sjútvmrh. sagði hér áðan, að í raun og veru bæri útflutningssjóðnum varla að borga þessar 20 millj. kr., sem þó voru gjaldfallnar. Hann gerði það nú samt sem áður, svona eins og í gustukaskyni, án þess að honum bæri nein skylda til þess.

Hér er auðvitað verið að fara með hreinar blekkingar. (**Forseti:** Þetta átti að vera athugasemd.) Ég bið hæstv. forseta afsökunar, en ræða hæstv. félmrh. gaf mér tilefni til þess að fara nokkrum orðum um málflutning hans bæði nú og í útvarpsumræðunum. Ég skal svo ekki lengja mál mitt meira, en aðeins endurtaka það, að það stendur óhrakið, að milli upplýsinga hæstvirtra ráðherra ber mikið og eins og vænta mátti fer hæstv. félmrh. þar með mestar rangfærslur. Það stendur eftir, að veruleg vanskil hafa orðið þegar nú upp úr miðjum október á rekstri útflutningssjóðs og fram undan er stórkostlegur greiðsluhalli, eins og hæstv. fjmrh. hefur margsinnis boðað í ræðu og riti. En hæstv. félmrh. telur, að með þessu hafi „mikið áunnizt". Verði honum að góðu.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég skal aðeins tefja hv. þd. með örfáum orðum. — Hv. þm. N-Ísf. hélt áfram að vitna í blað sitt eða blað sitt og Bjarna Benediktssonar, en það þýðir bara ekki neitt, þó að hann vitni í blað þeirra beggja, þegar hins vegar er staðfest afrit af ræðu minni, sem er komið af segulbandinu hér og frá þeim, sem um það fjalla. Það er rétta heimildin, en ekki útlegging hv. þm. N-Ísf. af því, hvað hafi staðið í minni ræðu. (**SB:** Það stendur það sama í Morgunblaðinu.) Ef það stendur sama í Morgunblaðinu og í þessari ræðu, þá er Morgunblaðið að segja sannleikann. Annars er það að ljúga, og annars er hv. þm. N-Ísf. líka að endurtaka lygi Morgunblaðsins. Það er þetta einfalda atriði, sem hér er um að ræða, og þar sem einmitt orðum hans og handritinu bar ekki saman og hann þóttist hafa farið rétt með það, sem stóð í Morgunblaðinu, þá hefur hann aðeins verið að staðfesta það, hverju Morgunblaðið laug. Það væri gott að geta staðið svona með heimildir í höndunum oftar en í dag til þess að reka ósannindin ofan í Morgunblaðið og þá, sem þar stýra pennanum.

Hv. þm. fór svo að tala um, að það hefði ekki verið nema sjálfsagt, að útflutningssjóðurinn tæki við vanskilum bátagjaldeyriskerfisins og framleiðslusjóðs. Auðvitað varð útflutningssjóðurinn að taka við þessum vanskilum. En hefði það ekki verið skemmtilegra, ef það hefði verið hægt að taka þar við sléttu borði? Jú, vissulega hefði það verið skemmtilegra. Én af því að það var ekki slétt borð, heldur um 100 millj. kr. vanskil hjá bátagjaldeyriskerfinu og framleiðslusjóði, þá varð útflutningssjóðurinn að taka við þessu, — og hefur gert því hver skil? Jú, hann hefur gert því þau skil á þessum 8 mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári, þegar uppgjörið fór fram, að það er búið að borga um 80 millj. af þessu. Það eru að vísu eitthvað yfir 20 millj. eftir.

Ég segi: Þetta er sannarlega hægt að nefna, að eitthvað hafi unnizt á, og því getur hv. þm. ekki neitað. Það hefur verulega unnizt á. Hann segir, að það hafi aðallega unnizt á í því að hrekja þjóðina lengra út í vanskil og óreiðu. Þetta gæti hann því aðeins fullyrt, ef hann gæti sýnt fram á það, að vanskilin væru nú meira en 100 millj. kr., meiri en þau voru, vanskilin, sem tekið var við af fyrra kerfinu. En það er fjarri því, að hann geti leitt nokkur rök að því. Nei, það er eins og ég sagði í minni útvarpsræðu. Íhaldið er með þeim ósköpum, þeirri ónáttúru, að það hryggist, ef eitthvað hefur áunnizt, það gleðst, ef það heldur sjálft, að eitthvað stefni til ófarnaðar, og þetta er hörmulegt. En svona er þetta. Hér stenzt hv. þm. N-Ísf. ekki reiðari. Hann útnar út af vonzku yfir því að standa augliti til auglitis við þá staðreynd, að hér hefur verulega áunnizt. Og því verður ekki hnekkt. Í þessu efni stöndum við þannig, að það hefur mikið áunnizt frá því, sem var, þegar tekið var við óreiðunni af framleiðslusjóði og bátagjaldeyriskerfinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 68).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um útflutningssjóð o. fl., er flutt til staðfestingar á brbl. um sama efni, sem út voru gefin á s. l. hausti. Þetta frv. er ákaflega einfalt og ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum. Sú eina breyting, sem það felur í sér, er sú, að skipaleigur skuli ekki undantekningarlaust vera undanþegnar yfirfærslugjaldi, og báðar greinar frv. fjalla

um þetta. Í fyrsta lagi er það fellt niður úr 15. gr. laganna, að skipaleigur skuli vera undanþegnar yfirfærslugjaldi, en aftur í síðari gr. er heimild til þess fyrir ríkisstj. að fella gjaldið niður að einhverju eða öllu leyti og setja um það þau skilyrði, sem þurfa þykir. Tilgangurinn með þessari breytingu á lögunum er, eins og kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh., sá að jafna nokkuð metin á milli erlendra skipafélaga, þ. e. a. s. leiguskipanna, og íslenzkra vöruflutningaskipa. Þetta virðist vera mjög eðlilegt. Það er vitað mál, að fragtir á frjálsum markaði eru háðar miklum sveiflum, og þróunin hefur orðið sú á þessu ári, að fragtir á frjálsum markaði hafa farið mjög lækkandi og eru nú í sumum tilfellum langt fyrir neðan það, sem íslenzk skip geta staðizt með heldur hækkandi tilkostnaði heldur en hitt.

Það virðist fyllilega eðlilegt, þegar þannig er háttað, að nokkur gjöld verði lögð á leigu erlendu skipanna, og er alveg hliðstætt því, sem á sér stað um margs konar tollvernd. Í öðru lagi er svo tilgangur þessarar breytingar sá að afla útflutningssjóði nokkurra tekna, sem þörf er fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að svo komnu a. m. k., að hafa um þetta fleiri orð. Eins og nál. ber með sér, er fjhn. algerlega sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hafði nú ekki gert ráð fyrir því að hafa framsögu um þetta mál, en þar sem sá ráðh., sem mundi hafa gert það, er ekki viðstaddur, vil ég leyfa mér að segja aðeins örfá orð.

Málið er um það að breyta nokkuð lögunum um útflutningssjóð, og er hér um bráðabirgðalög að ræða, sem sett voru á þessu ári, en nauðsyn ber nú til þess að staðfesta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hér efni málsins, en leyfi mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn., og má ég fullyrða, að sams konar mál hafi verið í fjhn. frekar en sjútvn. Er það ekki rétt? **(Forseti:** Já, fjárhagsnefnd.)

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 108).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 11. sept. í haust.

Í 15. gr. laganna um útflutningssjóð, sem sett voru í des. 1956, er heimild til að undanþiggja yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti, en í 16. gr. sömu laga segir, að yfirfærslugjald skuli ekki innheimt af skipaleigum. Með brbl. er sú breyting gerð á þessu, að skipaleigurnar eru ekki undantekningarlaust eða skilyrðislaust undanþegnar yfirfærslugjaldi, en í staðinn er veitt heimild til að sleppa yfirfærslugjaldi af þessum greiðslum eins og af gjöldum íslenzkra skipa í öðrum löndum.

Við umr. um frv. í hv. Ed. gerði hæstv. sjútvmrh. þannig grein fyrir málinu, að með því væri stefnt að því að fá möguleika til að afla nokkurra tekna í útflutningssjóð með gjaldi á greiðslu fyrir leigu á útlendum skipum, sem jafnframt yrði þá til þess að bæta aðstöðu íslenzku skipanna í samkeppni við þau útlendu. Eftir setningu brbl. eru samhljóða ákvæði í lögunum um hvort tveggja, leigugjöldin fyrir útlendu skipin og kostnaðargreiðslur vegna viðkomu íslenzkra skipa í útlendum höfnum, og verður að telja, að þetta sé eðlilegt.

Frv. þessu var vísað til fjhn. og hefur hún athugað það á fundi sínum 28. nóv., og mælir n. með því, að frv. verði samþykkt, en tveir nm. hafa þó skrifað undir nál. með fyrirvara.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir, er nokkuð sérstæðs eðlis og meðferð þess öll sýnist mér vera með þeim hætti, að ástæða sé til að gera frekar að umtalsefni.

Eins og fram kemur í nál. fjhn. Nd., höfum við tveir fulltrúar Sjálfstfl. þar skrifað undir nál. með fyrirvara. Við inntum eftir því í fjhn., hvað raunverulega fælist í þessu frv. og hvort engar frekari skýringar væri hægt að gefa heldur en frv. sjálft bæri með sér, sem eru nánast engar, og þar sem ekki heldur hefðu komið fram við 1. umr. málsins neinar efnislegar skýringar á málinu af hálfu hæstv. ríkisstj.

Þar voru ekki aðrar upplýsingar, sem nm. aðrir og fulltrúar stjórnarliðsins töldu sig geta gefið en þær, að með þessu móti væri verið að heimila að leggja yfirfærslugjald á skipaleigur og það væri eðli málsins samkvæmt eigi önnur ráðstöfun en sú að afla útflutningssjóði nokkru frekari tekna. Þar sem fátækt hefur verið mikil af málum á þinginu og oft ekki nema eitt á dagskrá, þá töldum við ekki ástæðu til að tefja, að málið fengi að ganga úr nefndinni, en höfðum fyrirvara, eins og kemur fram í nál., og gerðum grein fyrir því í fjhn., að afstaða okkar til málsins mundi fara eftir því, hvaða nánari skýringar væru á þessu máli gefnar, — einhverjar hlytu að vera fyrir hendi, — og óskuðum þess sérstaklega, að einhver ráðh. hæstv. ríkisstj. yrði viðstaddur, þegar málið yrði rætt, og yrði við þeim

óskum, sem við settum fram í fjhn., að skýrgreina þetta mál nánar. Ég bjóst því við því, að málið mundi fá nánari efnismeðferð hér en raun hefur borið vitni um, og af hálfu hæstv. ríkisstj. hafa engar frekari skýringar komið aðrar en þær, sem vitnað var til hér, að hæstv. sjútvmrh. hefði sagt í Ed., að með þessu frv. væri útflutningssjóði aflað nokkurra tekna, og mér skilst, að í skjóli þess ætti aðstaða íslenzkra skipa að verða nokkru betri í samkeppni við erlend skip varðandi flutninga til og frá landinu.

Svona liggur þetta fyrir, og málið er komið til Nd., og annað liggur ekki efnislega fyrir um það. Ég tel í fyrsta lagi alveg vítavert, að borin séu fram eða samþykkt bráðabirgðalög eins og þessi lög á sínum tíma með nákvæmlega engum skilgreiningum á efni málsins. Og þegar þau nú koma fyrir þingið, þá er bara endurprentað sem fskj. venju samkvæmt, hvaða rök hafi verið færð fyrir nauðsyn bráðabirgðalaganna, og af því er ekkert hægt að ráða, nema að vísu þetta eina, að ríkisstj. sé heimilt að leggja yfirfærslugjald á erlendar skipaleigur. En hvers vegna er ríkisstj. að leita þessarar heimildar? Er það vegna þess, að útflutningssjóð vanti tekjur? Þá á að gera grein fyrir því og enn fremur hvað þetta mundi leiða til mikillar tekjuöflunar fyrir útflutningssjóð, og nú er tímabært að spyrja um það: hvað hefur útflutningssjóður haft miklar tekjur af þessu, frá því að byrjað var að framkvæma þessi lög, en brbl. voru gefin út 11. sept. 1957?

Þetta er önnur hlið málsins. Hin er svo sú, sem ómögulegt er að ráða af efni þessa máls eða frv. né brbl., eins og þau liggja fyrir, að með þessari löggjöf sé verið að gera tilraun til að bæta aðstöðu íslenzkra skipafélaga til rekstrarins, sem á þá að vera til þess að bæta upp þann aukinn tilkostnað, sem þessi sömu skipafélög hlutu af hinu langa verkfalli á s. l. sumri og með þeirri lausn, sem þar endanlega fékkst.

Nú vil ég ekki gagnrýna þetta mál eða það, að skipafélögunum sé bætt eitthvað aðstaðan út af fyrir sig vegna aukins tilkostnaðar, sem á þau er lagður. En ef það er meginefni þessa máls, hversu óverjandi er þá ekki af hæstv. ríkisstj. að gera ekki Alþingi grein fyrir því raunverulega efni málsins? Ég fæ ekki séð, hverjum það á að vera til góðs að halda stöðugt áfram að leysa vinnudeilur hér á landi með þeim hætti, að raunveruleg atriði, sem mestu máli skipta við lausn þeirra, eru hulin almenningi og ekki aðeins almenningi, heldur á að láta frv. sigla í gegnum þingið með þeim hætti að dylja sjálft þingið, hvað í raun og veru hefur átt sér stað. Það mátti lesa það í stjórnarblöðunum, eftir að hinu langa verkfalli hafði lokið, að til stæði að leggja yfirfærslugjald á skipaleigur, — 8% held ég að stjórnarblöðin hafi talað um að það mundi verða, — og þetta mundi eiga að bæta aðstöðu eða bæta eitthvað upp þann aukna kostnað, sem skipafélögin höfðu af auknum kjarabótum, sem þau veittu sjómönnunum. Nú er það mjög sennilegt, að þessi langa deila hefði haft miklu skemmri aldur, ef nógu snemma hefði verið gengið inn á það sjónarmið og orðið við kröfu skipafélaganna, ef þau veittu sjómönnunum eða farmönnunum einhverjar kjarabætur, að þá fengju þau að einhverju leyti að bæta sér þær upp í auknum fargjöldum. Á því stóð lengst af, að óskir skipafélaganna um þetta atriði ættu nokkurn hljómgrunn hjá hæstv. ríkisstj. En þegar deilan er leyst, þá eru um þetta baksamningar á milli skipafélaganna og hæstv. ríkisstj., sem fæstir hafa heyrt nokkuð nánar um og ég efast um að nokkur geri sér fyllilega grein fyrir, hvernig framkvæmdir eru.

Þessir baksamningar munu m. a. liggja til grundvallar því, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl. frá 11. sept. Efni málsins um slíka lausn á vinnudeilu er, að þegar loksins eftir langa mæðu og mikil mistök er hægt að binda endi á hið lengsta verkfall, sem verið hefur, held ég, á skipaflotanum, þá endar það með því, að það er að vísu látið í veðri vaka, að það séu ekki miklar kauphækkanir, kjarabætur eru þó nokkrar, og jafnvel þannig frá gengið, að um það er deilt, hvað kjarabæturnar og kauphækkanirnar séu miklar. Svo eru gerðir baksamningar við skipafélögin þess eðlis, að það er almenningur, sem á endanum er látinn borga brúsann. Þetta er kannske ekkert óeðlilegt, og það er oft svo, þegar verið er að leggja á nýjar álögur af hálfu Alþingis eða ríkisstj. eða þegar almenningur, ein stétt eða fleiri stéttir, er að gera kröfur um meiri kauphækkanir og kjarabætur, að þá verður ekki á stundum orðið við þessu með öðrum hætti en byrðarnar lendi meira og minna á almenningi í landinu. En þegar svo er háttað, þá er langeðlilegast, að um þetta sé sagt satt og málin fyllilega skýrð. Hér leiðir efni málsins til þess, að skipaleigur hækka. Ríkisstj. hefur í auglýsingu, sem hún gefur út 11. sept., ákveðið, að hún muni ekki hækka eða leggja yfirfærslugjald á skipaleigur á salti og kolum og olíum og einhverjum fleiri atriðum, en allar aðrar gjaldeyrisgreiðslur fyrir skipaleigur skulu háðar 8% yfirfærslugjaldi, og þeir vöruflokkar, sem hér skipta langmestu máli, eru byggingarefni, veigamesta byggingarefni eins og sement og timbur, og þetta leiðir svo auðvitað til þess, að fólkið, sem á þegar fyrir í nógu miklum erfiðleikum með að koma upp byggingum sínum, fær nú ný gjöld á sementið og timbrið fyrr eða síðar, sem gerir allan byggingarkostnaðinn enn þá dýrari en hann var áður. Kannske er ekki hægt að komast hjá þessu.

En það er a. m. k. hægt að komast hjá einu, og það er að reyna að dylja alla þess, sem hér er að eiga sér stað, og það er alveg óverjandi, þegar þingmenn óska eftir skilgreiningu á máli í nefndum og óska eftir því, að ráðherra geri grein fyrir málinu í þinginu, að þá sé bara um það þagað. Og ég spyr nú alveg beinum spurningum: Hvernig hefur þetta nú verið framkvæmt? Hvernig hefur það verið framkvæmt, að lagt hefur verið 8% yfirfærslugjald á erlendar skipaleigur eða gjaldeyrisgreiðslur fyrir skipaleigur? Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um það hjá skipafélögum hér, með hverjum hætti þetta sé framkvæmt, og sannast að segja hefur mér komið það þannig fyrir sjónir, að þetta væri allt meira og minna á reiki. Og mér er kunnugt um það, að tiltekið íslenzkt skipafélag, sem leigir skip sitt undir sementsfarm til innlendra innflytjenda,

hefur bara lagt 8% gjald ofan á fragtina og innheimt það til sín. Þetta er hvorki yfirfærslugjald á gjaldeyrisgreiðslu né heldur fær útflutningssjóður neitt af þessu gjaldi, en yfirfærslugjaldið á lögum samkvæmt að renna til útflutningssjóðs. Ég spyr þess vegna: Hvernig er þetta mál framkvæmt? Látum vera, hvernig það ber að höndum, en það er þó a. m. k. kominn tími til að skýra það nú, og þegar sá tími er kominn, þá vildi ég spyrja fyrst og fremst: hvernig er þetta framkvæmt, með hvaða hætti? — og í öðru lagi: hvað hefur útflutningssjóður fengið miklar auknar tekjur af þessari löggjöf, sem hefur verið í gildi frá 11. sept. s. l.?

Á þessu stigi málsins skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég leyfi mér að víta meðferð málsins, og þar sem ekki hefur verið orðið við óskum okkar hv. 9. landsk. um að fá nánari skilgreiningu á málinu nú, þá vildi ég mega mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. um þetta mál verði frestað og málinu vísað aftur til fjhn., svo að málið geti talizt, áður en yfir lýkur, að hafa a. m. k. fengið viðunandi þinglega meðferð.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé reyndar óþarft að fara um þetta frv. nokkrum fleiri orðum, því að ég vænti þess, að öllum hv. þdm. sé það ljóst, hvað í því felst.

Skv. 1. gr. frv. er fellt niður orðið „skipaleigum“ úr 16. gr. laganna um útflutningssjóð, en í þeirri gr. eru upp taldar nokkrar greiðslur, sem eru undanþegnar yfirfærslugjaldi. Aftur á móti er bætt inn í 15. gr. laganna, skv. 2. gr. þessa frv., ákvæði um það, að ríkisstj. geti undanþegið skipaleigur yfirfærslugjaldi, en áður var í þessari lagagrein heimild til að undanþiggja nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti slíku gjaldi.

Þetta er það, sem í frv. felst, og út af þeim ummælum hv. 5. þm. Reykv. í ræðulok áðan, að rétt væri að vísa málinu aftur til fjhn., þá fæ ég ekki séð, að það eigi þangað nokkurt erindi. Nefndin er búin að afgreiða málið frá sér. Hitt er annað mál, að ef hv. þm. óskar einhverra upplýsinga frá ríkisstj. í sambandi við setningu brbl. og framkvæmd málsins, þá geri ég fastlega ráð fyrir því, að hann hafi möguleika til þess að fá þá vitneskju frá stjórninni um málið, sem hann óskar eftir.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég verð að undrast, að svo samvizkusamur þm. sem hv. þm. V-Húnv. skuli ekki taka því fegins hendi að fá þetta mál að nýju til athugunar í nefndinni, til þess að meginatriði þess megi verða upplýst, áður en það er afgreitt héðan úr þinginu.

Hv. 5. þm. Reykv. gerði glögga grein fyrir því, að mjög skortir á, að Alþ. hafi verið sagt rétt og til hlítar frá upphafi þessa máls, ástæðu til þess, að brbl. eru sett, og gerð grein fyrir efni þeirra og framkvæmd. Ég veit ekki, hvort það er einber tilviljun, en ég var að spyrja skrifstofustjóra Alþ. áðan um það, hvort hann gæti látið mig fá stjórnartíðindin, sem brbl. hefðu verið birt í, og hann tjáði mér, að það hefti þeirra, sem sagt var að þau hefðu komið í, hefði aldrei hingað til Alþ. komið. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé ekki af ásettu ráði ríkisstjórnarinnar, og vonast til þess, að ekki hafi gleymzt að gefa lögin út í stjórnartíðindahefti á sínum tíma, eins og lög standa til, og ekki þannig, að einungis hafi verið reynt að bæta úr því einhvern tíma síðar. Ég vil ekki gera ráð fyrir því, að slík mistök hafi átt sér stað. En það er alveg táknrænt um meðferð málsins, ef þannig vill til, að þetta eina stjórnartíðindahefti er alls ekki borið í alþingishúsið. Það gefur þá mynd, sem rétt er að menn hafi í huga, að hér er verið að leyna þingmenn eftir föngum orsökum þess, að þessi lög eru sett, hvert efni þeirra er og hvernig um framkvæmdina hefur farið.

Það var greinilegt af ummælum hv. þm. V-Húnv., að hann hafði ekki íhugað neitt af þessum atriðum, a. m. k. hélt hann þeirri íhugun sinni vandlega leyndri fyrir þingheimi, og er því sízt að ástæðulausu, að n. fái málið aftur til meðferðar og veiti því þinglega athugun. En eins og hv. 5. þm. Reykv. réttilega drap á, þá er ástæðan til þess, að brbl. voru sett, þó að um hana sé þagað í grg. til forseta Íslands fyrir setningu laganna, þá er sú raunverulega ástæða fyrir lagasetningunni, að nauðsynlegt var talið að veita íslenzkum skipafélögum viss hlunnindi í sambandi við lausn hins langvarandi farmannaverkfalls, er stóð hér í sumar. Ég hygg, að það hafi verið síðast í júlí eða um mánaðamótin júlí—ágúst, sem sú ákvörðun var tekin, og það eitt er athugunarefni fyrir sig, hvernig stendur á því, að brbl. voru þá ekki gefin út þegar í stað, heldur látið dragast að gefa þau út þangað til um miðjan september og þá vandlega þagað um, af hvaða tilefni þau væru gefin út. Það er ómögulegt að verjast þeirri hugsun, að ástæðan til þessa sé sú, að það hefur átt að leyna almenning því samhengi, sem hér er á milli, þeirri óhjákvæmilegu verðlagshækkun, sem hlýtur að leiða af þessu frv., og orsökunum til hennar. En eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði, þá er það óskiljanlegt, úr því að ríkisstj. taldi nauðsynlegt að gera þessa verðlagshækkun til lausnar á farmannadeilunni, að það skyldi ekki boðið fram löngu fyrr og deilan þá þann veg leyst.

Nú hefur mörgu fáránlegu verið haldið fram um upptök og eðli þessarar deilu, og það má lesa það jafnvel enn í málgagni hæstv. forsrh. og öðru hvoru í málgagni hæstv. sjútvmrh., að deilan hafi nánast orðið til fyrir illvilja og undirróður okkar sjálfstæðismanna og hafi alls ekki verið um raunverulega kaupdeilu að ræða, heldur einungis skemmdarverk. Nú vil ég spyrja þessa menn, sem bera ábyrgð á setningu brbl. og þeirri verðlagshækkun, sem af þeim hlýtur að leiða, ef þeir trúa sjálfir á sinn málflutning, að hér hafi verið um pólitíska skemmdarstarfsemi stjórnarandstöðunnar að ræða og einungis sáralitlum hóp manna beitt fyrir í því skyni, hvernig stendur þá á því, að þeir skuli leysa deiluna með almennri verðlagshækkun í landinu í stað þess að fylgja því ráði, sem vitað er að hæstv. félmrh. vildi fylgja og hvað eftir annað lét á sér skilja, að hann ætlaði að beita sér fyrir, og að lokum

efndi beinlínis til fundarsamþykkta og bréfaskrifta um, að þessi deila yrði leyst með lögbanni við þeim skemmdarverkum, sem hann virtist sannfærður um að hér ættu sér stað. Sá hæstv. ráðherra virtist í þessu samkvæmari sjálfum sér en starfsbræðurnir. Hann virtist vera reiðubúinn til þess að fylgja sinni trú, — þó að röng væri og á misskilningi byggð, þá virtist hann vera tilbúinn að fylgja henni í verkunum og láta setja lögþvingun á. En ríkisstj. í heild vildi ekki á það fallast, heldur samþykkti að leysa deiluna með þessari og annarri verðlagshækkun á vörum landsmanna. Með því sannaði hún svo áþreifanlega sem á verður kosið, að þeir menn, sem fyrir þessu beittu sér og á því tóku ábyrgð, trúa ekki í raun og veru á það orðafleipur, er þeir hafa sjálfir viðhaft og látið aðra viðhafa, að þarna hafi verið um annað að ræða en venjulega kaupdeilu. Ef um annað var að ræða, þá var vitanlega eðlilegt, að til sérstakra ráðstafana yrði gripið svipaðra þeim, sem hæstv. félmrh. vildi láta upp taka og Akureyrarsamþykktin fræga beinlínis orðaði og gerði kröfu um.

Hitt verður að segjast eins og er, að þessi kaupdeila, svo skaðsamleg sem hún var fyrir þjóðina, er fyrst og fremst að kenna handvömm hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega dæmafáu ábyrgðarleysi hæstv. sjútvmrh. Hann hóf snemma afskipti af þessari deilu. Ég veit ekki, hvort það var með samþykki sinna meðráðherra eða ekki, en í upphafi lét hann þann boðskap berast, að hann væri ekki að skipta sér af deilunni sem ráðherra, heldur einungis sem einstaklingur. Hann mun snemma hafa horfið frá því og gert sér grein fyrir, að sú persónuklofning, sem í þessu átti að felast, gat illa samræmzt við raunveruleikann, og tiltrúin til hans persónulega var ekki ýkjamikil, þó að menn vitanlega vildu hlusta á það, er hann segði sem ráðherra. En þá lét hann þau boð út ganga, að fyrstu sáttatill., sem fram væri borin, þyrftu menn ekki að taka svo hátíðlega, vegna þess að eftir hana mundu koma tvær viðbótartillögur. Þetta varð auðvitað til þess, að deiluaðilarnir, sem hæstar kröfurnar höfðu uppi, biðu ósköp rólegir, þangað til þessar þrjár umferðir voru búnar að eiga sér stað, sem hæstv. sjútvmrh. hafði boðað, og ekki var gengið til alvarlegra samningatilrauna fyrr en eftir að þessi einkennilegi forskrípaleikur hæstv. sjútvmrh. var um garð genginn, en tekið hafði töluvert á annan mánuð að ljúka. Það má segja, að margt furðulegt hefur skeð í stjórnartíð núverandi hæstv. ríkisstj., en ég efast um, að nokkuð sé á borð við fálm hennar, ráðleysi og óheilindi í þessu tiltekna máli. Og þess vegna er það út af fyrir sig skiljanlegt, að hún vilji gera ráðstafanir til þess að lauma þessu frv. í gegnum þingið með sem allra minnstri athugun og hæstv. ráðherrar láti sem allra minnst á sér bera við meðferð málsins.

Það má segja, að við því verði ekki gert héðan af, sem orðið er. Skipin lágu bundin nær sjö vikur í sumar vegna ráðleysisfálms og sundurlyndis hæstv. ríkisstj. En það er alveg rétt, að það sé berum orðum sagt hér á hv. Alþ., hverjir ábyrgð bera á því tjóni, sem af þessu varð, og að sú verðlagshækkun, hvort sem hún er mikil eða lítil, sem leiðir af þessu frv., er tillag stjórnarinnar til að leysa þessa deilu. Og það verður að ítrekast og leggjast áherzla á það, að ef hæstv. ríkisstj. á annað borð taldi nauðsynlegt, að slíkar ráðstafanir væru gerðar, þá var með öllu óverjandi annað en hún byði þær fram fyrr og gengi til raunhæfrar lausnar á málinu löngu áður en skrípaleik hæstv. sjútvmrh. var lokið.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins af því tilefni, að formaður fjhn. kvaddi sér hljóðs aftur, segja nokkur orð. Ég hafði vitaskuld aldrei dregið í efa, að þingmenn hér kynnu að lesa og að þeir gætu allir lesið það, sem í þessu frv. stæði. En vegna þess að þó að maður sé læs, þá gerir maður sér ekki grein fyrir efni þessa máls, hafði ég óskað eftir frekari upplýsingum, og þær hafa ekki komið. Og vegna þess að mér þykir miklu máli skipta að vita um framkvæmd og meðferð málsins, þá óskaði ég eftir, að málið færi aftur í nefnd og umr. yrði núna frestað til þess þar að gefast kostur á að ræða við hæstv. ríkisstj. innan nefndarinnar, og það er sá vettvangur í þinginu, sem við þm. höfum til þess einmitt að geta fengið upplýsingar og skýringar frá hæstv. ríkisstj. um einstök mál, sem ákaflega erfitt er — ekki sjaldan, heldur oft — að fá nokkrar skýringar á hér í þingsölunum, þegar þingfundir eru haldnir. Oft og tíðum standa þeir ekki lengi, en það er líklega miklu algengara eins og nú í dag, að ráðherrastólarnir allir sex séu auðir. Og einhvers staðar unir hæstv. ríkisstj. sér betur en í ráðherrastólunum hér á Alþingi, það er eitt, sem víst er.

Ég skal láta það koma fram, að mér er kunnugt um það, að í erlendum blöðum hefur þetta mál verið nokkuð gagnrýnt, og því hefur verið haldið fram, að við Íslendingar værum að brjóta gerða samninga við önnur ríki með þessu máli og þær samningsskuldbindingar, sem á okkur hvíla innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, með þeirri mismunun, sem erlendum og innlendum skipum eða skipafélögum er gerð með framkvæmd þessa máls.

Ég ætlaði mér ekki að gera þetta að umtalsefni og mun ekki gera það nánar á þessu stigi málsins, en ekki sízt vegna þessa hefði ég viljað fá aðstöðu til þess að ræða málið nánar við hæstv. ríkisstj. Ég skal sem sagt ekki á þessu stigi orðlengja þetta, en mér kom mjög á óvart, að hv. þm. V-Húnv. og formaður fjhn. lagðist gegn því, að málið færi til fjhn., og ég tek alveg undir það með hv. 1. þm. Reykv., að hér er um að ræða mjög samvizkusaman þm. og hef ég setið mjög lengi með honum í fjhn. og aldrei orðið var við annað en hann vildi rækja þingstörf sín af alvöru og samvizkusemi. En það er eitthvað annað, þegar svona bregður við. En ég vona nú, að hæstv. forseti verði á öðru máli í þessu sambandi og verði við fram kominni ósk um það, að umr. verði frestað og málið fari aftur til nefndar.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég var annar þeirra nefndarmanna, sem skrifuðu undir nál. fjhn. með fyrirvara, og fyrir því hefur nú verið gerð grein af meðnm. mínum, hv. 5. þm.

Reykv., hvers vegna við gerðum það. Í n. komu alls ekki fram neinar upplýsingar um þetta mál, aðrar en þær, sem fylgdu þskj., en það var prentaður texti þeirra brbl., sem hér er um að ræða, án nokkurrar grg. Við óskuðum mjög eindregið eftir því í n., að frekari grg. fengist fyrir málinu, en það fékkst þó ekki, og því skrifuðum við undir það með fyrirvara.

Hv. frsm. nefndarinnar, hv. þm. V-Húnv. (SkG), upplýsti það að vísu í sinni framsöguræðu í viðbót við það, sem áður lá fyrir, að hæstv. sjútvmrh. hefði talað um það í Ed., að tilgangurinn með þessum lögum væri tvenns konar: í fyrsta lagi sá að afla útflutningssjóði aukinna tekna og í öðru lagi að bæta aðstöðu hinna innlendu skipafélaga.

Ég vil mjög taka undir það, sem þegar hefur komið fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv., að það væri mjög æskilegt fyrir þingheim að fá upplýsingar um, hver áhrif þetta hefur haft, t. d. hvort útflutningssjóður hefur vegna þessa fengið auknar tekjur og þá hvað mikið, og ef þetta hins vegar hefur bætt aðstöðu skipafélaganna, með hvaða móti það hefur verið, því að í fljótu bragði get ég ekki séð annað en þessar tvær ástæður, sem hæstv. sjútvmrh. hefur borið fram fyrir þessu máli, hljóti að stangast á. Að því leyti sem þetta gefur tekjur í útflutningssjóðinn, þá þýðir það, að þessi erlendu skipafélög sigla hingað áfram, og þá kemur það ekki innlendu skipafélögunum að gagni. Verði það hins vegar til þess að draga úr samkeppninni, þá má vera, að það komi innlendu skipafélögunum að gagni, en þá koma ekki neinar tekjur í útflutningssjóðinn. Ég fæ í fljótu bragði satt að segja ekki séð annað en að þessar tvær röksemdir stangist á. Það kann að vera, að einhverjar upplýsingar liggi fyrir frekar í málinu, sem skýri þetta. En þá þurfa þær að koma fram, og ég vil mjög taka undir þau tilmæli, sem borin hafa verið fram af hv. 1. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv., að málinu verði aftur vísað til n., og vænti þess þá, að ríkisstj. eða fulltrúar hennar sjái sér fært að mæta á þeim fundi og gefi hinar umbeðnu upplýsingar. Það er ekki hægt að heimta það af þingmönnum, að þeir samþykki mál, sem þeir fá enga grein gerða fyrir, hver tilgangurinn er með að samþykkja.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Tveir hv. meðnefndarmenn mínir í fjhn. hafa ítrekað það, að þeir óski eftir því, að málinu verði vísað aftur til fjhn. Eins og ég sagði áðan, sé ég enga ástæðu til þess, því að ég get ekki á það fallizt, að meðferð málsins í n. hafi verið með nokkuð óvenjulegum hætti. Mér skildist áðan á hv. 5. þm. Reykv., að hann vildi fá ráðh. til að mæta á nefndarfundi og gefa þar einhverjar upplýsingar um málið. En þetta er í fyrsta sinn, sem ég heyri það nefnt. Þegar málið var tekið fyrir og afgreitt í n., kom engin ósk um slíkt frá hv. fulltrúum Sjálfstfl. þar. Það var að vísu nokkurt umtal um frv., og ég bauðst til þess að ná í umræðurnar frá Ed., þar sem málið hafði verið lagt fyrir, svo að við gætum á fundinum kynnt okkur það, sem þar hafði verið um það sagt af hálfu ríkisstj., en þeir óskuðu ekki eftir því, hv. nefndarmenn, að það væri gert, og varð því ekki af því. Hins vegar athugaði ég þessar umr. síðar og sagði frá því nú í framsöguræðu minni, hver grein hefði verið gerð fyrir málinu, þegar það var fyrst lagt fyrir þingið, af hálfu hæstv. sjútvmrh. Þeir skrifuðu undir nál., eins og kunnugt er, með fyrirvara, þessir tveir hv. nm., og töluðu um það, að þeir vildu fá nánari upplýsingar um viss atriði málinu viðkomandi, og var ekkert við því að segja. En ég skildi það svo, að þeir ætluðu að afla sér þeirra, áður en málið kæmi til umr. í d. eða þá á milli umræðna, og ætti það, eins og ég hef áður bent á, að vera auðvelt fyrir þá, og er fleiri en ein leið til þess að fá slíkar upplýsingar, annaðhvort með því að ræða um það við ráðherra eða þá að bera fram um einhver einstök atriði fyrirspurnir á venjulegan hátt í þinginu, sem þeir mundu þá vafalaust fá svarað.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég fæ með engu móti skilið þau undanbrögð, sem hér eiga sér stað hjá hv. þm. V-Húnv. (SkG) og hvað knýr þennan hv. þm. til þess að koma hér fram og segja, að við höfum ekki í fjhn. óskað eftir því að fá skýringar frá ráðherra um þetta mál. Hér er ekki rétt með farið. Við óskuðum ekki eftir því, að ráðherrar væru kallaðir á þann fund, stuttan fund, sem var í fjhn., og málið, eins og það liggur fyrir, virðist ekki vera flókið mál, og þess vegna skrifuðum við undir með fyrirvara. En við gerðum grein fyrir því í n., að fyrirvari okkar væri þess eðlis, að fylgi okkar við málið færi eftir því, hvaða efnisskýringar fengjust á málinu við umræðurnar í þinginu, og létum í ljós við fulltrúa ríkisstj. í fjhn. ósk um það, að þeir sæju til þess, að ráðh. væru viðstaddir þessar umræður, sem væru reiðubúnir til þess að gefa skýringar á málinu. Þetta sagði ég í fyrstu ræðu minni. En af þessu gefnu tilefni vil ég láta það koma fram, að við létum uppi þá ósk í fjhn., að séð yrði til þess af stjórnarliðinu, að ráðherrar væru viðstaddir til að gefa skýringar á þessu máli. Og það er allt önnur meðferð máls, sem mér skilst að vaki fyrir hv. þm. V-Húnv., að hann hefur að vísu ekki mótmælt því, að umræðunum yrði frestað, en er algerlega mótfallinn því, að n. fái málið aftur til meðferðar. Við höfum ekki aðstöðu til þess, þingmenn, að fá skýringar á málum hjá ráðherrum, enga sambærilega aðstöðu til þess við það að óska eftir því beinlínis, að þeir mæti í þingnefndum og skýri þar málin. Ég vil þess vegna enn ítreka ósk um það, að um leið og þessari umr. verði frestað, verði málinu vísað til fjhn., og að sjálfsögðu dreg ég þá ekki í efa, að form. þeirrar n. mundi kalla n. saman, og við munum auðvitað koma þeirri ósk til hans og biðja hann sem formann n. að hlutast til um, að ráðh. mæti á fundi n. til að gefa efnisskýringu á þessu máli.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi benda á það, að hér er í raun og veru um tvö ólík atriði að ræða varðandi meðferð málsins. Annað er það, hvort fallizt verður á að fresta umr., og mér skilst, að það geti hæstv. forseti gert án nokkurrar atkvgr., ef hann telur það sanngjarnt. Og ef umr. yrði frestað, m. a. vegna

þess að hæstv. sjútvmrh. er hér ekki viðstaddur, sem við viljum mjög gjarnan tala við um málið, þá gæti hæstv. sjútvmrh. valið um það sjálfur, hvort hann vildi í n. gefa nauðsynlegar upplýsingar, jafnvel þó að málinu væri ekki vísað til n., eða tala um málið hér á opnum fundi. Það má segja, að það sé till. um eins konar millileið í málinu, ef það gæti orðið til samkomulags, að þessari umr. yrði frestað af hæstv. forseta og það yrði látið eiga sig, hvort málinu yrði vísað til nefndar eða ekki, og látið undir vild hæstv. sjútvmrh., hvort hann kysi heldur að ræða málið í n. eða á opnum fundi. Ég veit ekki, hvort hv. 5. þm. Reykv. vildi fallast á þessa millileið, ef hæstv. forseti gerir það, en ég vildi þó skjóta þessu fram. En það er ekki hið sama, hvort málinu verður nú vísað til 3. umr. eða umr. er frestað, vegna þess að þær upplýsingar, sem hæstv. sjútvmrh. kann að gefa, kunna að hafa áhrif á afstöðu manna til málsins og tillöguflutning í sambandi við það, breytingartillögur og annað slíkt. Og það er þó óvefengt af hv. frsm. nefndarinnar, að ekki sé óeðlilegt, að menn vilji hafa tal af ráðherra í sambandi við málið, þó að hann vilji helzt losna við að fá hann inn í sitt fundarherbergi, og það skil ég út af fyrir sig ósköp vel.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu aftur til fjhn. felld með 16:9 atkv.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal aðeins gera örstutta aths., og hún er sú, að ég í ummræðunum í gær innti eftir svörum eða bar fram alveg ákveðnar og tilteknar spurningar, og ráðherrar voru þá ekki við, og fann að því. Ég hefði búizt við, að við þeim spurningum a. m. k. væri hægt að fá greið svör. Ég skal endurtaka þær. Ég spurði, hvað tekjur útflutningssjóðs hefðu orðið miklar af þessu yfirfærslugjaldi. Ég spurði í öðru lagi: Hvernig hefur verið hagað framkvæmd þessarar löggjafar, innheimtu gjaldsins? Og í þriðja lagi: Hvað er álitið að framkvæmd þessarar löggjafar sé til mikilla hagsbóta fyrir íslenzku skipafélögin í samkeppni sinni við önnur félög? Og ég byggi þessa spurningu á því, að það hefur t. d. verið áætlað, að heimild Eimskipafélagsins og annarra til þess að hækka farmgjöld, sem eru háð verðlagseftirliti, — hvað það nú var, 1 eða 1½%, — mundi samsvara tilteknum hluta af hækkuðum rekstrarkostnaði, sem leiddi af vinnudeilunni í sumar og þeim kjarabótum, sem þá var samið um. Hvað er áætlað að framkvæmd þessarar löggjafar fylli upp mikið af væntanlegum hækkuðum tilkostnaði? Þessar þrjár tilteknu spurningar bar ég fram, og ég vil mega vænta þess, að a. m. k. séu við þeim gefin svör. Svo þakka ég forseta.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það stóð nú þannig af sér, að ég hafði ekki aðstöðu til að mæta hér á þingfundi í gær, þegar mál þetta var til umr., en sé nú á blaðaskrifum, að hér hafa farið fram nokkrar umræður um málið og m. a. verið gert allmikið úr því, að ég hafi ekki verið hér viðstaddur til þess að svara hér tilteknum athugasemdum, sem fram komu um málið. Og nú voru lagðar hér fram sérstakar fsp., sem ég skal reyna að víkja nokkuð að.

Sérstaklega hefur verið fundið að því hér, að ekki hafi verið gerð grein fyrir því, hvaða ástæður raunverulega hafa legið til þess, að frv. þetta hefur verið flutt. Hér er vitanlega um misskilning að ræða, því að það hefur verið gerð alveg skýr grein fyrir því, hvaða ástæður liggja til þess, að frv. er flutt. Þegar frv. var lagt fram í Ed., gat ég þess, að það væru tvær meginástæður til þess, að þessi brbl. hefðu verið sett, en frv. er síðan nú til staðfestingar á brbl. Önnur ástæðan er sú, að rétt þótti að gera hag íslenzkra flutningaskipa nokkru betri í samkeppninni við erlend flutningaskip, sem vörur flytja samkv. flutningatöxtum, sem skráðir eru á opnum markaði. En eins og kunnugt er, þá er það svo með íslenzku flutningaskipin, að sum þeirra taka megintekjur sínar eftir flutningatöxtum, sem eru ákveðnir hér innanlands af verðlagsyfirvöldunum og hafa tekið vissum breytingum á hinum ýmsu tímum, en önnur íslenzku skipin flytja að mestu leyti vörur að og frá landinu eftir flutningatöxtum, sem eru ákveðnir á frjálsum markaði.

Nú var það svo, að þau skipafélög, sem einkum höfðu tekjur af hinum íslenzku flutningatöxtum, — þar með var sérstaklega Eimskipafélag Íslands, sem aðallega vinnur á þeim grundvelli, — höfðu fengið talsverða hækkun á farmgjöldum fyrr á árinu eða sem nam 5%, og nú upp úr vinnudeilunni s. l. sumar þótti einnig rétt að fallast á það, að þessi flutningsgjöld yrðu hækkuð um 1½%, svo að þarna var raunverulega orðið um hækkun að ræða, sem nam 6½%. Á sama tíma voru önnur íslenzk flutningaskip þannig sett, að þau höfðu ekki fengið vegna ákvarðana hér innanlands neina hækkun á sínum tekjum, heldur þvert á móti höfðu þau orðið fyrir verulegri tekjulækkun, af því að fragtir á hinum opna markaði höfðu verið verulega fallandi. En áhrif ýmiss konar innanlandshækkana komu vitanlega jafnt við þessi skip og hin. Kauphækkunin, sem samið var um í vinnudeilunni s. l. sumar, hlaut vitanlega alveg eins að verka á þennan hluta íslenzka kaupskipaflotans eins og hinn, sem bjó við þessi ákveðnu innlendu kjör.

Með tilliti til þessa þótti rétt að mæta ástæðum íslenzku flutningaskipanna þannig að setja þau ákvæði, sem þetta frv. felur í sér, þ. e. ákveðið yfirfærslugjald á allverulegan hluta af skipaleigum þeim, sem hér er nú um að ræða í samkeppni við íslenzku skipin, sem sagt að leggja allt upp í 8% yfirfærslugjald á erlendu skipaleigurnar, en það mundi að sjálfsögðu skapa íslenzku skipunum, sem kepptu við erlendu skipin, aðstöðu til þess að hækka sínar fragtir í þessum tilfellum sem þessu nam.

Þetta var nú önnur meginástæðan fyrir því, að þessi lög voru gefin út. Hin ástæðan var svo sú, að útflutningssjóður var í mikilli tekjuþörf. Hann þurfti á auknum tekjum að halda, og af því þótti rétt, að þær tekjur, sem inn hefðust á þenn-

an hátt með því að leggja yfirfærslugjald á erlendar skipaleigur, rynnu í útflutningssjóð, en oft áður hafði verið einmitt rætt um það, hvort ekki væri rétt að leggja slíkt yfirfærslugjald á gjaldeyrisyfirfærslu vegna slíkra greiðslna.

Fleira vitanlega kom svo hér til, þó að þetta séu tvær meginástæðurnar. Hitt hefur svo alltaf verið, að það hefur skiljanlega verið vilji íslenzkra stjórnarvalda að hlynna fremur að íslenzku flutningaskipunum en þeim útlendu, og hefur oft verið gripið til þess að veita þeim algeran forgang til þess að fá flutninga, og hefur það skiljanlega verið gert líka í gjaldeyrissparnaðarskyni, og okkar gjaldeyrismál stóðu einnig þannig nú, að það skipti okkur miklu máli, að við fullnotuðum okkar íslenzku skip og leigðum í engu tilfelli erlend skip fram yfir það, sem óhjákvæmilegt væri eða flutningaþörfin yrði meiri en íslenzku skipin gætu annað.

Það er líka misskilningur, sem ég hef séð hér í blöðum um þessar umræður, sem hér fóru fram í gær, að um þetta hafi verið haft nokkurt pukur. Frá þessu var skýrt í blöðum nokkru upp úr vinnudeilunum s. l. sumar, að fallizt hefði verið á samninga við skipafélögin um að gera hag þeirra nokkru betri, en reynt væri að koma þeim málum þannig fyrir, að til sem allra minnstrar verðhækkunar kæmi í verðlaginu hér innanlands. Og það var talið, að hækkun á hinum lögákveðnu eða reglugerðarbundnu frögtum hér innanlands um 1½% mundi yfirleitt ekki koma út í hinu almenna verðlagi fyrr en þá seint og um síðir, því að þetta munaði svo tiltölulega litlu í hverju einstöku tilfelli. Og hitt var líka gefið mál, að það stóð þannig af sér, að það voru litlar líkur til þess, að þetta 8% gjald, sem fyrirhugað var á flutningsgjöldin í hinum tilfellunum, gæti komið fram sem beinar verðhækkanir, vegna þess að eins og ég sagði áður, þá stóðu málin þannig um þetta leyti, að einmitt þær vörur, sem hér var einkum um að ræða, voru verulega lækkandi, enda hefur það sýnt sig, að þrátt fyrir þetta hefur sement og annað það, sem aðallega hlaut að fá þessi gjöld á sig, farið lækkandi. En það er rétt, að vissulega hefði út af fyrir sig átt að vera hægt að koma þar fram enn þá meiri lækkun, ef ekki hefði þurft að grípa til þessarar ráðstöfunar. Hér á Alþingi hefur heldur ekkert pukur verið haft um þetta, því að frá þessu var skýrt strax þegar málið var hér lagt fram og það greinilega. Hér er það ljóst fyrir öllum, að þetta voru ástæðurnar til þess, að lögin voru sett og frv. nú flutt.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) var svo hér með þrjár tilteknar spurningar í tilefni af því, að þessi lög hafa nú verið í gildi í nokkra mánuði, og spyr nú um það, hvaða tekjur útflutningssjóður hafi fengið af þessum yfirfærslugjöldum. Ég get ekki upplýst það hér. Það flokkast ekki undir mitt rn. að fylgjast með því eða standa í sambandi við þessar innheimtur. Ég get ekki sagt um það. En hins vegar er auðvelt að afla upplýsinga um það, og ef hann flytur um það hér fsp. skriflega, þá er vitanlega sjálfsagt að svara því, því að það er aðeins að taka það upp, sem inn hefur komið í þessu efni. Við síðari umr. málsins hér ætti líka að vera hægt að taka þetta upp til þess að upplýsa þetta. En ég hygg nú, að einfaldast sé að spyrja banka þá, sem hafa með framkvæmd málsins að gera, eða útflutningssjóð sjálfan í rauninni um það, hvað þetta hafi þegar gefið mikið í tekjur, en ég hygg nú, að það sé ekki ýkja mikið, enda aldrei gert ráð fyrir því, að hér væri um ýkja mikinn skatt að ræða.

Þá var spurt um það, hvernig hagað væri innheimtunni. Innheimtunni er hagað skv. þeim reglum, sem um þetta voru settar á nákvæmlega sama hátt og með önnur yfirfærslugjöld, að þegar greiðslan fyrir hinar erlendu skipaleigur er yfirfærð hér, þá ber að greiða þetta yfirfærslugjald skv. settum reglum, og fer því um það nákvæmlega á sama hátt og með annað yfirfærslugjald.

Í þriðja lagi, hvað þetta hafi svo styrkt íslenzku skipafélögin mikið, það svarast af því, þegar maður fær að vita, hvað þetta hafi þegar numið mikilli upphæð. Þá mun það láta nokkuð nærri. Þó skal ég ekki fullyrða um það. Það er líka vitanlega hægt að taka það upp, hve margir farmar eða hve mikið magn af vörum, sem undir þetta falla, hefur verið flutt til landsins síðan, og áætla, hvað það muni hafa gert mikið. En hitt hygg ég þó að hafi einkum vakað fyrir hv. þm., þegar hann setti fram þessa spurningu, hve hér hafi raunverulega verið gengið langt til móts við kröfur skipafélaganna upp úr verkfallinu s. l. sumar, miðað við þær kröfur, sem þau gerðu. Og það er óhætt að segja það um þær hækkanir, sem þarna voru ákveðnar, 1½% á stykkjavörufragtinni og svo þessi 8% á nokkrum vöruflokkum varðandi leiguna til erlendra skipa, að hér var aðeins um að ræða lítinn hluta af þeim kröfum, sem skipafélögin settu fram og töldu að þau þyrftu að fá í tekjuauka vegna hækkaðra útgjalda, sem stöfuðu af samningunum í vinnudeilunni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að ræða þetta frekar, nema tilefni gefist til, en þannig liggur þetta mál fyrir, eins og ég hef nú upplýst og ég hélt að öllum hefði í rauninni verið fullljóst fyrir.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það ber að fagna því, að hæstv. sjútvmrh. skuli nú loks hafa séð sér fært að mæta hér í d. og gefa hv. þdm. þó ofur litlar upplýsingar um þau atriði í sambandi við þetta mál, sem hingað til hafa verið óupplýst. En því miður verð ég að líta þannig á, að þær upplýsingar, sem hæstv. sjútvmrh. hefur gefið, séu tiltölulega lítils virði. Í rauninni hefur ekkert nýtt komið fram í hans ræðu fram yfir það, sem fram kom í ræðu hv. formanns fjhn., þegar hann vitnaði í ræðu þá, sem hæstv. sjútvmrh. flutti við meðferð málsins í Ed.

Hæstv. sjútvmrh. taldi, að það hefði aðallega verið tvennt, sem fyrir hefði vakað með því að setja þessa löggjöf: í fyrsta lagi að bæta hag íslenzkra skipa í samkeppninni við erlend skip, sem tekin eru á leigu og flytja vörur hingað til lands, og í öðru lagi að afla tekna í útflutningssjóð. Eins og ég benti á við umræður í gær, og það er síður en svo, að skoðun mín í því efni hafi breytzt, þá finnst mér, að þetta tvennt

hljóti að útiloka hvað annað. Skilyrði fyrir því, að útflutningssjóður fái auknar tekjur af þessu, er auðvitað það, að skipin sigli þá eftir sem áður hingað til lands. Það er ljóst, að sigli skipin eftir sem áður, þrátt fyrir þetta hækkaða gjald, þá koma auknar tekjur til að renna í útflutningssjóð. Þá ætti samkeppnin við íslenzku skipafélögin líka að vera sú sama og áður, svo að það þarf þá a. m. k. sérstakrar skýringar við, í hverju þessi bætta aðstaða er fólgin. Nái frv. hins vegar þeim tilgangi að takmarka siglingar hingað til lands, þá þýðir það auðvitað bætta aðstöðu fyrir íslenzku skipin, en þá minnka tekjur útflutningssjóðs af þessum ráðstöfunum að sama skapi. Þess vegna var einmitt sérstök ástæða til þess að spyrja um það, eins og hv. 5. þm. Reykv. hefur gert, hvað miklar tekjur útflutningssjóður hafi haft af þessu, ef árangur laganna í því efni hefur orðið sá, sem til var ætlazt, og að hvað miklu leyti aðstaða hinna íslenzku skipafélaga hefur batnað við þetta. En þá kom sú furðanlega skýring hjá hæstv. sjútvmrh., að hann taldi sig engar upplýsingar um þetta geta gefið og taldi, að það lægi í rauninni alls ekki í sínum verkahring að gera hér nokkra grein fyrir áhrifum þeirra ráðstafana, sem hann hefur staðið fyrir í því efni, söfnun skýrslna um þetta heyrði undir annað rn. en sitt, og þeir, sem áhuga hefðu fyrir að fá slíkar upplýsingar, gætu þá leitað þeirra einhvers staðar annars staðar. Á þessu hygg ég að flesta, sem hlustað hafa á hæstv. ráðh., hljóti mjög að furða.

Þrátt fyrir það, þó að málið virðist í rauninni sömu þoku hulið eftir þessar upplýsingar hæstv. ráðh. sem áður, þá kom það fram hjá honum, sem allir vita að er það sanna. Hér er um að ræða lið í þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru á síðasta sumri til þess að hækka farmgjöld vegna sjómannadeilunnar. En hvers vegna þá ekki að segja þetta umbúðalaust? Hvers vegna ekki að kalla hlutina sínu rétta nafni heldur en vera með vífilengjur um það, að það sé í rauninni eitthvað allt annað, sem hér á að gera, það eigi að bæta samkeppnisaðstöðu íslenzkra skipa og fram eftir þeim götunum? Hér er í rauninni um að ræða alveg sama skollaleikinn og hæstv. ríkisstj. hefur leikið yfirleitt í sambandi við kaupgjalds- og verðlagsmál. Á s. l. vetri fengu flugmenn, eins og kunnugt var, kauphækkanir sem námu allt að því 35—40%. Það var sannleikurinn í málinu. En þetta mátti bara ekki koma fram. Hæstv. ríkisstj. hældi sér þá af því, að henni hefði tekizt að gera flugmennina ánægða, án þess að raunverulega væri um neinar kauphækkanir að ræða. Það er svona á öllum sviðum, að það, sem gerist í efnahagsmálunum, er reynt að dulbúa með einu eða öðru móti, þannig að fólkið fær ekki að vita það sanna. Og þetta mál, sem hér liggur fyrir, er aðeins lítið sýnishorn af því. Verður það þó að teljast gott, að þetta hefur komið í ljós, þrátt fyrir það að hv. þingdeildarmenn séu því miður litlu nær vegna þeirra upplýsinga, sem gefnar hafa verið.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Hv. 9. landsk. segir nú, að það hafi að vísu ekkert komið fram í upplýsingum mínum um þetta mál, sem hann hafi ekki vitað áður og hann hafi ekki heyrt hér áður. Það þykir mér líka mjög líklegt á allan hátt, því að eins og ég sagði, þá ætlast ég til þess, að flestir þingmenn hafi heyrt og vitað um efni þessa máls frá upphafi, frá því að frá því var skýrt í blöðum skömmu upp úr vinnudeilunum s. l. sumar, og síðan auðvitað eftir að málið kom hér inn á Alþingi, og þá var skýrt alveg undanbragðalaust frá því, hvað hér væri um að vera, svo að þess er vitanlega ekki að vænta, að neinar þær skýringar komi fram hjá mér, sem upplýsi málið eitthvað fram yfir það. Þn að öðru leyti þótti mér málflutningur hans heldur einkennilegur og eiginlega bera vott um það, að hann skorti verulega á þekkingu á því, hvað hér er raunverulega um að ræða. Ég hafði litið yfir það, hvað sagt var í Morgunblaðinu í morgun í útdrætti úr ræðum manna, og þar með einnig það, hvað þessir hv. þm. hafi átt að segja hér um málið í gær, sló því nú reyndar föstu, að þar hlyti blaðamaðurinn að hafa bögglað fyrir sér málflutningi þessa hv. þm. og ekki farið rétt með, en nú sé ég, að bögglingurinn er ekki hjá blaðamanninum í þessu tilfelli, heldur hjá hv. þm. sjálfum. Hann skilur ekki samhengið í því, að það eigi að hlúa að íslenzkum skipum á þann hátt að leggja 8% yfirfærslugjald á fragt erlendu skipanna, vegna þess að í þessu sé, eins og hann sagði, í rauninni mótsögn. Jú, það gefur auðvitað alveg auga leið, að íslenzku skipin, sem eiga að keppa við erlendu skipin, hafa að sjálfsögðu aðstöðu til þess að hækka sín farmgjöld um allt að 8% til þess þó að hafa sín farmgjöld til jafns við hin erlendu, eftir að þetta gjald hefur verið lagt á erlendu farmgjöldin. Þetta gefur alveg auga leið, og þetta skapar íslenzku skipunum betri samkeppnisaðstöðu, því að þau segja: Við hefðum ekki getað haldið þessari samkeppni óbreyttri, eftir að við hefðum fengið á okkur aukin útgjöld hér heima, en það hefðu erlendu skipin ekki fengið. — En þá segir hv. þm.: Verður þetta þá ekki til þess, að erlendu skipin hverfa héðan, þau verða undir í samkeppninni við íslenzku skipin, sem halda þá velli og halda flutningunum, og þau erlendu hverfa, og þar með hefur þá útflutningssjóður engar tekjur, og í þessu hlýtur að vera mótsögn? — Þessum málum hefur alltaf verið þannig háttað, og það er tilgangurinn nú eins og áður að láta íslenzku skipin verða fullnotuð, eins og ég sagði, og taka ekki meira af erlendum skipum en við þurfum umfram það. Það höfum við þurft á undanförnum árum, af því að við eigum ekki nægilegan flutningaskipaflota til þess að anna öllum okkar þörfum, og þannig verður áfram, og þannig hefur líka reyndin orðið. Þannig var aldrei ætlunin, að þetta yrði til þess, að íslenzku skipin gætu tekið að sér alla flutningana, sem erlendu skipin hafa haft, því að þau geta aldrei komizt yfir það. En við vorum að bægja því frá, að erlendu skipin tækju að sér meiri hluta af flutningunum en þau hafa haft og íslenzku skipin yrðu aðgerðalaus, af því að þau hefðu ekki efnahagslega aðstöðu til þess að standa í þessu. Það var um það að ræða, og þetta veit ég að hv. þm. hlýtur að skilja. Og það var einmitt þetta, sem eigendur íslenzku skipanna töldu að mundi gera þeim kleift að halda

áfram, þó að þeirra kröfur væru allmiklu hærri en hér var gengið inn á.

Þá vildi hv. þm. leggja þann skilning í orð mín, að þar sem innheimtan á þessu gjaldi væri ekki beinlínis í mínum verkahring eða í mínu ráðuneyti, þá vildi ég ekki gera mér grein fyrir því, hve miklar tekjur hér væri um að ræða. Þetta er vitanlega útúrsnúningur. Vissulega mun ég gera mér grein fyrir því, hvað hér verður um miklar tekjur að ræða, þó að ég standi ekki yfir þessari tekjuinnheimtu frá degi til dags.

Sú reglugerð, sem hér er um að ræða, var gefin út 11. sept. og hefur staðið núna í 2½ mánuð eða svo fram að þessum degi. Hér getur aðeins verið um það að ræða, að 3, 4 eða 5 farmar eða svo hafa getað fallið undir þetta. Þó að ég vitanlega standi ekki yfir því að gæta að öllum einstökum tekjuliðum í sambandi við útflutningssjóð, sem ég ber mjög fyrir brjósti, af því að ég veit, að hann þarf á öllu sínu fé að halda, þá get ég t. d. ekki svarað því á hverri stundu, hvað útflutningssjóður er búinn að fá miklar tekjur af innflutningi á saumavélum eða öðru slíku. Ég stend ekki þannig í því eða öðru slíku, enda er ekki óeðlilegt, að þetta verði gert upp og athugað, þegar þessi ákvæði hafa t. d. staðið þann tíma, að hægt er í rauninni að leggja einhvern mælikvarða á það, hvað þetta gefur í tekjur, en það verður varla fyrr en þetta hefur staðið hálft ár eða svo.

Ég sé ekki, að neinn geti kvartað undan því, að ekki sé hér sagt alveg umbúðalaust frá því, hver tilgangurinn er og hver meiningin er, þó að það sé einnig sagt, að hér var verið að bæta samkeppnisaðstöðu íslenzkra skipa í samkeppni á opnum markaði við erlend skip, því að vissulega er það rétt. Átti að draga það eitthvað undan og segja það ekki?

Þá vék hv. þm. nokkuð að flugmannadeilunni. Það væri auðvitað ástæða til þess, og getur vel verið, að það sé rétt að fara hér út í það að ræða um þessar vinnudeilur, og það stendur ekkert á mér að gera það. Ég hygg nú samt, að þessi hv. þm. mætti kynna sér það, af því að mér finnst það eins og á öllu, að hann hafi ekki ýkja miklu meiri upplýsingar um þetta mál en það, sem hann hefur lesið í sínu flokksblaði, en þær eru mjög óábyggilegar, einnig í sambandi við flugmannadeiluna. Það hefur mjög verið talað um þá kauphækkun, sem flugmenn fengu, og vissulega fengu þeir kauphækkun að sínu leyti. Og án þess að ég fari hér á þessu stigi í að rekja það, hvernig stóð á því, að sú vinnudeila varð til, og hvernig á henni var haldið, þá vil ég þó nota tækifærið og benda á það, að hið rétta er, að flugmenn okkar, sem eru meira úr samhengi í launagreiðslum við erlenda stéttarbræður sína en allar aðrar starfsstéttir á Íslandi, sem ég þekki til, fengu ekki nú nema mjög óverulegar launabætur eftir venjulegum launastiga. En það er rétt, að þeir fengu nokkur aukin gjaldeyrisfríðindi, og þegar samanburður er einnig gerður á því við aðra aðila, þá hefur þar ekki verið sagður allur sannleikurinn. Sú regla hefur tíðkazt hér um margra ára skeið, að íslenzkir farmenn fá tiltekinn hluta af kaupi sínu eða þriðjung af kaupi sínu greiddan í erlendum gjaldeyri, ef þeir sigla á erlendar hafnir. Þetta er margra ára gamalt ákvæði í lögum. Nú hefur orðið sú breyting á, að við eigum orðið farmenn í siglingum til annarra landa, sem ekki eru aðeins á skipum, heldur eru þeir einnig orðnir sem flugmenn, og það er líka langt síðan gengið var til móts við flugmenn og þeir látnir hafa þó nokkru lægri réttindi í þessum efnum en aðrir farmenn hafa fengið. Það mátti segja, að þeir fengju svona frá 15—17% af launum sínum greidd í erlendum gjaldeyri, þessir menn, sem voru í millilandasiglingum á flugvélum, en nú gerðu þeir kröfu um það, að ein og sama regla yrði látin yfir þá ganga og farmenn, sem eru á skipum. Og það lá orðið fyrir við athugun, að þeir voru að meðaltali lengri tíma í útlöndum á árinu en sjómennirnir, sem nutu þessara réttinda, — það var látin fara fram athugun á því, hvernig samanburðurinn *væri á skipverjum á Eimskipafélagsskipum*, sem sigldu að staðaldri á útlönd, og hjá öðru flugfélaginu, þar sem flugmennirnir sigldu að staðaldri á útlönd, og það kom í ljós, að meðaltalstíminn, sem flugmennirnir voru staddir í útlöndum af árinu, var lengri en hjá skipverjunum, dagafjöldinn var meiri yfir árið. Ég fyrir mitt leyti verð að segja, að það er vissulega hægt að vera uppi með ágreining um það, hvort yfirleitt eigi að greiða nokkrum þetta mikinn hluta af kaupi þeirra í erlendri mynt. En ég verð að segja það, að ég sé engin frambærileg rök fyrir því að neita flugmönnum, sem eru í millilandasiglingum á þann hátt, sem eru í fleiri daga staddir erlendis en sjómennirnir, um tilsvarandi hluta af sínu kaupi greiddan í erlendum gjaldeyri, og nú í þessari deilu var gengið til samninga við þessa aðila á þennan hátt, þó þannig, að þeir fengu enn þá þannig samning að fá minni hluta af kaupi sínu greiddan í erlendum gjaldeyri heldur en verið hefur í lögum og reglum um margra ára skeið gagnvart sjómönnum. Þetta veit ég að hv. þm. hefur auðvitað aldrei heyrt getið um, af því að hann hefur bara einhliða heyrt það nefnt í flokksblaði sínu, að flugmenn hafi fengið 35—40% kauphækkun, sem eru auðvitað alveg staðlausir stafir út í bláinn og sagt eingöngu til þess að reyna að þyrla upp sem mestum hávaðagangi um það, að þessi hafi fengið kauphækkun og hinn hafi fengið kauphækkun, til þess að reyna að spana hér af stað almenna kauphækkunarkröfu. Þetta er nú sannleikur málsins. Og ekki yrði minna fróðlegt að fletta upp í hinu atriðinu, ef menn óskuðu eftir, sem snýr að farmannadeilunni s. l. sumar.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. taldi það byggt annaðhvort á misskilningi eða vanþekkingu eða hvoru tveggja, þegar ég benti á það, að þau tvö sjónarmið, sem samkv. hans skýrslu hafa legið til grundvallar þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða, annars vegar tillitið til útflutningssjóðs og hins vegar tillitið til þess að bæta aðstöðu íslenzkra skipa í samkeppninni við erlend skip, samrýmdust ekki. *Hann taldi, að þetta gæti ágætlega farið saman.* Ég vil aðeins leyfa mér að benda á, að sé það nú þannig, að þessi erlendu skip sigli hingað

eftir sem áður eða nánar tiltekið hafi jafnmikla flutninga, hvort sem þessi ráðstöfun er gerð eða ekki, þá fæ ég ekki komið auga á það, að hagur íslenzkra skipa í samkeppninni geti batnað. Þetta er alveg hliðstætt því, að ef lagður er tollur á vöru til þess að vernda innlendan iðnað og varan flyzt til landsins þrátt fyrir tollinn, þá getur það ekki skapað neina vernd. Hitt er svo annað mál, að það er mjög líklegt, að sá skattur, sem með þessu er lagður á hin erlendu skip, takmarki þessar siglingar, og þá nær það tilgangi sínum. En það er auðsætt mál, að að sama skapi og um takmörkun siglinganna er að ræða, þá minnka tekjur útflutningssjóðs. Þetta er alveg hliðstætt því, að ef verndartollur, sem lagður er á vöru, takmarkar innflutninginn af henni til landsins, þá skapar það betri samkeppnisaðstöðu. En jafnhliða getur tollurinn ekki gefið peninga í ríkissjóðinn. Ég held, að það sé málflutningur hæstv. ráðh., sem hér er sjálfum sér ósamkvæmur, en ekki það, sem ég sagði. En það er ávallt þannig, að þegar sagt er annað en sannleikurinn, þá verður það mótsagnakennt, og það kemur fram hér eins og annars staðar. Annars hefur nú þrátt fyrir allar vífilengjur það sanna í málinu komið fram, nefnilega það, að hér er um að ræða lið í ráðstöfunum til þess að hækka farmgjöldin. Sjálfsagt hefur það verið nauðsynlegt vegna farmannadeilunnar, en þá á að kalla hlutina sínu rétta nafni og segja þingmönnum og þjóðinni sannleikann í því máli.

Ég ætla svo aðeins að lokum — því að ég vil ekki misnota það frjálslyndi hæstv. forseta, að ég hef fengið að gera hér stutta athugasemd — að víkja örfáum orðum að flugmannadeilunni.

Ég skal ekkert segja um það, hvort sanngjarnt hefur verið að veita flugmönnum þau fríðindi, sem um er að ræða, með tilliti til samanburðar við sjómenn og aðra. Það, sem um hefur verið deilt, er það, hvaða kauphækkanir flugmennirnir raunverulega fengu. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvmrh., að á pappírnum var ekki um beina kauphækkun að ræða. Kauphækkunin var fólgin í því, að flugmennirnir fengu allmiklu meiri hluta af kaupi sínu en áður greiddan í erlendum gjaldeyri, en hagnaður þeirra við það kemur fram á tvennan hátt. Í fyrsta lagi liggur þetta í gengisskráningunni, að raunverulega er það kaup, sem greitt er í erlendum gjaldeyri, reiknað í kaupmætti tvöfalt á við það kaup, sem greitt er í innlendri mynt. Þetta hefur verið sýnt fram á með útreikningum, sem ekki hafa verið vefengdir, og þá útreikninga hef ég séð, þannig að það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að eina heimild mín í þessu efni sé Morgunblaðið og það, sem skrifað hefur verið í það um deiluna, þó að ég að vísu álíti, að það sé í meginatriðum rétt, án þess að ég sjálfur hafi þar komið nálægt. Það er í þessu, sem hin raunverulega kauphækkun er fólgin, og svo líka í öðru, sem ekki er minna virði, nefnilega því, að kauphækkun, sem þannig er komin fram, er skattfrjáls, eins og allir vita.

Umr. frestað.

Á 35. og 36. fundi í Nd., 9. og 10. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. mælti eindregið á móti því, að af sinni hálfu eða stjórnarflokkanna hefði verið reynt að hafa nokkra launung á þessu máli eða tildrögum þess. Ég vil einungis ítreka það, sem áður hefur komið fram, að það var ekki fyrr heldur en það var knúið fram af hv. 5. þm. Reykv. hér í þessari hv. deild, að í ljós kom það samhengi, sem þetta mál er í við lausn farmannaverkfallsins á s. l. sumri. Hvorki í grg. frv., í ummælum þeim, sem hæstv. fjmrh. lét fylgja frv. við 1. umr., né í fyrstu skýringum hv. frsm., hv. þm. V-Húnv., var nokkuð að því vikið, að þetta frv. væri ávöxtur af farmannadeilunni. Ég vil enn fremur spyrja hæstv. sjútvmrh. um það, hvort hann hafi sérstaklega gert grein fyrir því í Ed. Vel kann svo að vera, og þá hefur hann þar reynzt hreinskilnari en oft ella og á maklegt lof skilið fyrir það. En hafi hann aftur á móti ekki gert grein fyrir eðlilegu samhengi málsins í Ed., er það enn einn þáttur í því, hvernig reynt hefur verið að dylja hinar sönnu orsakir og ástæður þessa frv. Þá kom það fram hjá hæstv. ráðh., sem honum hættir ákaflega mikið til, ef hann lendir í vandræðum, þá vísar hann til einhverra allt annarra aðila. Allir þm. minnast þess, hvernig hann á síðasta Alþingi, er hann var lentur í vandræðum út úr okurálagningu á Hamrafells-farmgjöldin, vitnaði til þess, að í raun og veru hefði hann sjálfur engin úrslitaráð um þessi efni, heldur væri það hans samráðherra, hæstv. félmrh., sem þarna hefði öllu ráðið. Okkur hinum finnst nú ekki hæstv. félmrh. vera slíkur bógur, að það sé mikið skjól í því að skjóta sér á bak við hann, en hæstv. sjútvmrh. taldi sig þó svo illa kominn á berangri, að hann skreið í það skjól. Svipað átti sér stað að alþjóðarvitund í sumar, einmitt í sambandi við farmannadeiluna. Þá er það vitað, að hæstv. sjútvmrh. hvað eftir annað sagði við deiluaðila og sérstaklega farmennina, að hann væri sjálfur út af fyrir sig sammála svo eða svo góðri lausn, þeim hagkvæmri, á deilunni, en hann fengi einungis vilja sínum ekki fram komið vegna þess, að samráðherrarnir stæðu á móti honum. Það er því engin nýjung, þó að þessi hæstv. ráðh. reyni að bera aðra fyrir sig og skjóta sér í þeirra skjól, þegar illa er fyrir honum komið. Og svo reyndist einnig í þessu máli.

Þegar hæstv. ráðh. var spurður um það, hvernig þessi lög hefðu reynzt í framkvæmd, hverjar tekjur hefðu orðið af þeim, annars vegar fyrir útflutningssjóð, hins vegar fyrir hin innlendu skipafélög, þá sagði hæstv. ráðh., að það væri alls ekki sig að spyrja að þessu, það yrði að spyrja forráðamenn útflutningssjóðsins að þessu, þeir gætu vafalaust svarað þessu, en hann ekki. Nú er það auðvitað algerlega á móti réttum stjórnarháttum, að ráðh. vísi um svör til sinna undirmanna. Það er ráðherrann, sem er æðsti maður sinnar stjórngreinar, ber ábyrgð á því, sem þar fer fram, og Alþingi á óskoraðan rétt til þess, að hann svari fyrir, og ráðherranum er með öllu óhæfilegt að vísa þar til, að þingmenn eigi aðgang að hans undirmönnum. Hitt kynni

að vera frekar, að hæstv. ráðh. hefði getað borið það fyrir sig, ef útflutningssjóður heyrði undir einhvern annan hæstv. ráðh. en sjálfan hann. En þess vegna verð ég að spyrja: Er það ekki raunverulega einmitt sjútvmrh., sem úrslitaráðin hefur um og úrslitaumsjón hefur með útflutningssjóði, að svo miklu leyti sem sú umsjón heyrir undir einn ráðh., eða er það öllu frekar hæstv. fjmrh., sem nú er að hvíslast á við ráðherrann og segja honum til um einhver málefni, sem þarna ræður öllu? Ég hefði haldið af því, sem ég bezt vissi, að hæstv. fjmrh. vildi algerlega þvo hendur sínar af þessum sjóði og honum hefði reynzt það nóg, að sannazt hefur, að hann veit jafnlítið um raunverulega afkomu ríkissjóðsins og komið er á daginn, þar sem upplýst er orðið, að jafnvel hæstv. félmrh., sem einna minnstur fjármálamaður allra þingmanna hefur verið talinn til þessa, hefur, að því er ljóst er orðið, sagt betur til um afkomu ríkissjóðsins við umræðurnar í haust en hæstv. fjmrh., ef marka má þá afgreiðslu fjárlaganna, sem nú er fyrirhuguð, sem ég að vísu engan veginn segi að sé að marka, heldur má vel vera, að þar sé um hreinan blekkingarleik að ræða eins og að svo mörgu öðru leyti í starfsemi stjórnarinnar. En ég hélt sem sagt, að hæstv. fjmrh. hefði nóg með sig og sinn sjóð og væri þess vegna alveg einráðinn í því að láta hæstv. sjútvmrh. útflutningssjóðinn eftir, og ég vil þess vegna spyrja hæstv. sjútvmrh. að því: Er búið að gera á þessu aðra skipan en í upphafi var ráðgerð? Er það ekki einmitt hann sjálfur, sjútvmrh., sem öðrum ráðherrum fremur hefur umsjón með þessum sjóði, og ef svo er ekki, af hverju hafði þá einmitt þessi ráðh. þau mjög einkennilegu afskipti af fjárreiðum sjóðsins, sem fram komu rétt fyrir aðalfund Landssambands ísl. útvegsmanna, þegar einmitt eftir afskipti þessa hæstv. ráðh. hagur sjóðsins var sagður batna um milljónir, ef ekki milljónatugi, á nokkrum dögum? Mönnum skildist, að hæstv. ráðh. vildi þá láta þakka sínum dugnaði og forsjá þá miklu breytingu, sem á var orðin og að vísu var ekki raunveruleg frekar en flest annað hjá hæstv. ríkisstj., heldur var það, sem gerðist, einungis, að leiktjöldunum var dálítið hagrætt og útlitið gert nokkru betra en það í raun og veru var.

Nei, hæstv. sjútvmrh. kemst ekki hjá því, að hann verður eftir réttum þingræðisreglum hér á Alþ. að svara til um það, þegar spurt er um afkomu útflutningssjóðs, og hann verður hér á Alþ. að svara til um það, þegar spurt er, hverjar tekjur skipafélögin hafi haft af þeirri verðlagshækkun, sem gerð var í skjóli þessara laga. Það er ekki einungis af formlega stjórnskipulegum ástæðum, sem eðlilegt er, að alþm. snúi sér til þessa hæstv. ráðh. um það efni, heldur kemur það einnig af því, að það er vitað, að með þessum lögum er verið að efna fyrirheit, sem einmitt þessi hæstv. ráðh. gaf í sambandi við lausn farmannadeilunnar og hann lét þá óspart í skína og raunar sagði við aðila, að hann hefði orðið að framþvinga gagnvart sínum meðráðherrum, af því að þeir hefðu viljað hafa allt annan hátt á í þessum efnum, enda er það vitað, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, að t. d. hæstv. félmrh. beinlínis beitti áhrifum sínum til þess, að farmannadeilan yrði leyst á allt annan hátt. Hann vildi láta beita hreinni lögþvingun, láta banna verkfallið, sbr. þá samþykkt, sem hann útvegaði frá Akureyri og lét Alþýðusambandið síðan senda áleiðis.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. sjútvmrh. að því vegna ummæla, sem féllu hjá hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), hvort það sé rétt, sem fleygt hefur verið á erlendum vettvangi, að sú mismunun, sem gerð er á milli útgerðarmanna og eigenda skipa í þessum lögum, kunni að brjóta í bága við einhverja samninga, sem ríkið hafi gert út á við, annaðhvort í sambandi við efnahagssamvinnustofnunina í París eða einhverja aðra því líka samninga. Þessu hefur verið haldið fram. Hv. 5. þm. Reykv. vék að þessu í umræðunum, og það er nauðsynlegt fyrir þm., áður en þeir taka endanlega afstöðu til þessa máls, að vita um það með vissu, — hafa fullyrðingu ríkisstj. í a. m. k. stað annars enn öruggara um það, að hún hafi kannað, að það sé fullvíst, að hér sé ekki brotið á móti neinum samningum við erlend ríki eða alþjóðasamtök.

Eins og ég gat um, þá játaði hæstv. sjútvmrh. berum orðum í umr. á dögunum, að þetta frv. væri sett í sambandi við lausn farmannadeilunnar, en hann hældist hins vegar um yfir því, að það hefði aðeins verið lítill hluti af kröfum útgerðarfélaganna tekinn til greina með þeirri verðlagshækkun, sem hér hefði átt sér stað. Ég hygg, að ég hafi lesið, m. a. í málgagni hæstv. sjútvmrh., frásögn af því, að skipafélögin hafi fengið kringum helming af sínum kröfum með þeirri hækkun, sem þeim var hér veitt. Og ég skal ekki segja, hvort það verður talinn mikill eða lítill hluti, — lítill hluti verður helmingur aldrei talinn af því, sem gerð er krafa um. Sannast er og að segja, að við alla slíka kröfugerð er gert ráð fyrir nokkurri og oft ekki svo lítilli afskrift, bæði af hálfu vinnuveitenda og verkfallsmanna, og er ekki ósennilegt, án þess að ég hafi um það nokkra vitneskju, að slíks hafi gætt við meðferð þessa máls, eins og tíðkanlegt er. En aðalatriðið er, að skipafélögin fengu hér sem svaraði helmingi af því, sem þau formlega settu fram sem sínar kröfur. Ég þori að fullyrða, að ef ríkisstj. eða talsmaður hennar, hæstv. sjútvmrh., hefði boðið þetta eða eitthvað því líkt fram á fyrra stigi málsins, þá hefði deilan orðið ólíkt auðleystari en hún reyndist. Ég þori að fullyrða, að það var einmitt vegna þess, að hæstv. sjútvmrh. vildi ekki bjóða fram neitt þessu svipað, sem svo lengi stóð á lausn deilunnar.

Það mun að vísu vera rétt, að nokkuð snemma í deilunni hafi hæstv. sjútvmrh. viðurkennt, að ekki væri við því að búast, að útgerðarmenn gætu að neinu verulegu leyti orðið við fram komnum kröfum, nema því aðeins að þeir fengju sín útgjöld upp bætt með einum eða öðrum hætti. Þetta sögðu aðilar, sem heyrðu mál hæstv. ráðh., og síðan var sagt frá þessu í blöðum. En þá brá svo við, að hæstv. sjútvmrh. gaf yfirlýsingu um það, að hann hefði ekkert slíkt fyrirheit gefið, og eftir það var sýnt, að útgerðarmenn gátu ekki treyst neinu í þessu nema endanlega bindandi og formlegu loforði ráðh. Það var komið

í ljós, sem við hér á Alþ. vitum og tökum sem hvern annan sjálfsagðan hlut, að orðum þessa hæstv. ráðh. er ekki treystandi að mjög miklu leyti, svo að um það sé brúkað þinglegt orðbragð. Það vissum við hér á Alþ., en auðvitað var útgerðarmönnum þetta ekki jafnkunnugt og alþm. öllum í heild og hverjum um sig er. Þeir höfðu þess vegna í upphafi löngun til þess að trúa fagurmælum hæstv. ráðh. En eftir að hann hafði lýst yfir því, að hann hefði aldrei gefið neina slíka yfirlýsingu, sem þeir með eigin eyrum höfðu heyrt ráðh. gefa, þá hvarf traust þeirra að verulegu leyti og óhjákvæmilega.

Það var þess vegna ekki fyrr en það lá alveg ljóst og ótvírætt fyrir, hve mikil þátttaka ríkisstj. mundi verða með löggjöf eða verðlagshækkunum, að deilan varð leysanleg. En sama dag og það lá ótvírætt fyrir, að sjútvmrh. vildi inna það af höndum, sem í þessu frv. kemur fram og í verðlagshækkunum að öðru leyti, þá leystist deilan. Það þarf sannarlega ekki frekar vitnanna við, að það var vegna hins vægast sagt mjög einkennilega háttalags hæstv. sjútvmrh., þegar hann lét boð út ganga um það, að það væri ekki að marka fyrsta, annað eða jafnvel þriðja tilboðið, sem gert yrði, það mundu koma önnur betri á eftir, og að öðru leyti það, hversu hann var staðinn að því að gefa yfirlýsingar, sem ekki stóðust, — það var af þessum rökum fyrst og fremst, sem þessi deila í sumar varð jafnerfið viðureignar sem hún reyndist. Menn nákunnugir þessum málum, sem séð hafa slíkar deilur árum saman og tekið hafa þátt í þeim, sögðu, að það væri vonlítið að leysa deiluna, meðan hæstv. sjútvmrh. léki þar lausum hala, enda varð það, eins og ég segi, ekki fyrr en hann var negldur niður á alveg ákveðin tilboð, sem öll stjórnin reyndist standa að, sem lausnin fékkst, og þá fékkst hún einmitt sama daginn.

Það er nauðsynlegt, að þetta komi fram í sambandi við þetta mál, því að ef sú verðlagshækkun, sem hér er heimiluð, og þær verðlagshækkanir að öðru leyti, sem leiddi af lausn deilunnar, eru réttmætar og áttu að koma, þá var auðvitað sjálfsagt af ríkisstj. að beita sér fyrir, að það yrði miklu fyrr en ofan á varð til þess að spara öllu þjóðfélaginu þau gífurlegu óþægindi og útgjöld, sem þessu hér um bil 7 vikna verkfalli voru samfara.

Þá var einnig mjög fróðlegt að heyra það, sem hæstv. ráðh. hafði að segja varðandi lausn flugmannadeilunnar. Við höfum til skamms tíma mátt lesa það, sérstaklega í Tímanum, en einnig í málgagni hæstv. sjútvmrh. nú síðustu vikuna, að flugmannadeilan hafi nánast verið eitt af þeim skemmdarverkum, sem sjálfstæðismenn hafi beitt sér fyrir, og bæði Tíminn og Þjóðviljinn hafa vakið sérstaka athygli á því og talið það mjög miklu skipta, að tengdasonur Ólafs Thors hafi verið einn af forustumönnunum í þessu verkfalli og hafi komið þessari deilu af stað. Hefur verið ómögulegt að skilja málflutning þessara aðila á annan veg en þann, að ef þessi tengdamaður formanns Sjálfstfl. hefði ekki verið þarna að verki, þá hefði aldrei til flugmannaverkfallsins komið né til neinna kauphækkana í sambandi við það.

Nú upplýsir hæstv. sjútvmrh. allt annað. Hann heldur hér skelegga varnarræðu fyrir því, að flugmennirnir hafi átt að fá miklar kjarabætur. Hann segir að vísu: Sjálfar kauphækkanirnar voru óverulegar, en þeir fengu nokkur gjaldeyrisfríðindi. — Hann viðurkennir það. Hann telur að vísu, að það sé of mikið gert úr hæði kauphækkunum og gjaldeyrisfríðindum með því að segja, að þetta hafi numið samtals milli 35 og 40% raunverulegum kjarabótum. Það er hans fullyrðing, gersamlega órökstudd.

Hv. 9. landsk. þm. (ÓB) færði rök að því, að þessar kjarabætur eru í raun og veru mun meiri en þær í fljótu bragði sýnast, t. d. vegna þess, að það verður skattfrjáls í framkvæmd sá hagnaður, sem menn fá af því að fá erlendan gjaldeyri í stað íslenzkra króna. Það hefur nýlega verið upplýst í blaði hæstv. sjútvmrh. af aðalefnahagsmálaráðunaut hæstv. ríkisstj., Haraldi Jóhannssyni, og þar margendurtekið, að íslenzka krónan væri nú ofskráð. Ef hún er ofskráð, þá liggur það í augum uppi, að þegar menn eru að sækjast eftir erlendum gjaldeyri, þá eru þeir að fá þann gjaldeyri til þess að geta notið þess verðmætis, sem felst í hinum erlenda gjaldeyri umfram þann íslenzka vegna formlegrar ofskráningar íslenzka gjaldeyrisins. Hér er því áreiðanlega samanlagt um mjög verulegar fjárhæðir að ræða. Kunnugustu menn hafa fullyrt, að kjarabæturnar hjá þeim, sem þær fengu mestar samkvæmt þessari deilu, hafi numið 35—40%, aðrir hafa sagt, að þegar á allt er litið, muni kjarabæturnar nema enn þá meira fé. Ég vil ekki fullyrða, að það sé rétt, en ég vil fullyrða, að vefenging hæstv. sjútvmrh. á því, að kjarabæturnar nemi þeirri tölu, sem nefnd hefur verið, hefur ekki við rök að styðjast, heldur verður að vísa henni frá sem órökstuddri og út í bláinn, a. m. k. þangað til hann gerir einhverja tilraun til þess að styðja hana með málefnalegum rökum.

Það var einnig mjög hæpið, þegar hæstv. sjútvmrh. vildi rökstyðja þá hækkun, sem hann hér viðurkenndi, með því, að í ljós hefði komið, að flugmenn væru lengur erlendis en aðrir farmenn. Það má vel vera, að reglurnar um gjaldeyrishlunnindi sjómanna séu að einhverju leyti orðnar úreltar; það er ekki mín skoðun, en mér skildist, að það væri skoðun hæstv. sjútvmrh. Ef svo er, þá ber honum skylda til þess að taka þær upp til endurskoðunar. En þess ber að gæta, að vitanlega þarf maður meira á erlendum gjaldeyri að halda, ef maður er vikum og jafnvel mánuðum saman burtu frá sínu heimili, eins og oft er um sjómenn, heldur en þótt maður skreppi dag og dag úr landi, ef dvalartíminn hverju sinni nemur ekki nema einum eða tveimur sólarhringum og síðan kemur maður heim aftur. Ég skal ekki vefengja, að miðað við sjómenn kunni að hafa verið einhver ástæða til þess, að flugmenn fengju þvílíka fyrirgreiðslu, það er mál fyrir sig, sem við höfum ekki færi á að kanna hér til hlítar, en ég þori að fullyrða, að sú röksemd, sem hæstv. sjútvmrh. flutti í þessu sambandi, fær ekki staðizt. Sjómennirnir, sem eru vikum saman burtu, hafa í þessu mun ríkari þörf en þeir menn, sem aðeins skjótast burtu dag og dag, en koma síðan nær jafnskjótt heim til sín.

Það reyndist í sambandi við lausn flugmannaverkfallsins, að þar fékk einn sá hópur manna,

er hæst laun hafði áður hér á landi, meiri kjarabætur en nokkrir menn aðrir hafa fengið. Hæstv. sjútvmrh. segir, að þetta hafi verið nauðsynlegt, vegna þess að laun flugmanna séu í algeru ósamræmi við laun sambærilegra flugmanna í öðrum löndum. Ég skal út af fyrir sig ekki bera á móti því, að svo kunni að vera. En ég þori að fullyrða, að hér er ekki um neitt einstakt fyrirbæri að ræða. Ég þori þvert á móti að fullyrða, að á Íslandi er sá háttur, að þeir, sem hærri launin hafa, eru yfirleitt mun lægra launaðir en menn í sambærilegum stöðum í öðrum löndum, og ég þori að fullyrða, að það er svo, hvert sem leitað er. Það er sama, hvort leitað er til sósíaldemókratískra landa, til kommúnistiskra landa eða þeirra landa, þar sem meira frjálsræði ríkir í efnahagsmálum. Alls staðar er launamunurinn mun meiri en hann er á Íslandi. Þess vegna hlýtur af þeim hugsanagangi, sem hæstv. sjútvmrh. hér gerði sig að talsmanni fyrir, að leiða, að margar aðrar stéttir en flugmennirnir eigi að fá hækkun, ef menn á annað borð vilja fara svo að sem hæstv. sjútvmrh. hér var að rökstyðja. Launamismunurinn á Íslandi er orðinn mun minni og þar með lífskjaramunurinn á Íslandi mun minni en í nokkru öðru þjóðfélagi, sem við höfum spurnir af, og það er mjög fróðlegt, að það skuli einmitt vera þessi maður, sem í orði kveðnu telur sig sérstakan talsmann fyrir þá, sem verst eru staddir í þjóðfélaginu, sem hefur haft forustu um það að teygja þá hæst launuðu jafnhátt upp og raunin varð á með flugmennina. Og þar var heldur ekki um neitt einstakt atriði að ræða. Alveg það sama átti sér stað í lausn þess verkfalls, sem þessi lög eru sett til að greiða fyrir. Það var búið að marglýsa yfir því af hálfu ríkisstj. í öllum stjórnarblöðunum, að ekki kæmi til greina, að hinir hæst launuðu ættu að fá neina kauphækkun. Niðurstaðan varð sú, þegar lausnin loksins fékkst, að kauphækkanir hjá sjómönnum, farmönnum, sem hér áttu hlut að máli, varð hjá ýmsum milli 20 og 30%, en jafnvel hinir hæst launuðu af verkfallsmönnum fengu kringum 12% raunverulegar kjarabætur. Eftir allar fullyrðingarnar um það, að þeir hæst launuðu ættu ekki að fá neinar kjarabætur og það væri alger svívirðing, að þessir menn væru að knýja fram bætur sér til handa með verkfallsvopninu, beitti sjálf ríkisstj. með hæstv. sjútvmrh. í broddi fylkingar sér fyrir því, að þeir hæst launuðu verkfallsmenn fengju full 12% í kauphækkun.

Það er von, að þeir, sem slíkan málstað hafa, vilji reyna að haga löggjöf og framkvæmdum þannig, að kjósendur eigi sem örðugast að greiða atkv., og þeir taki þannig til orða, að þeim mun verr gefist heimskra manna ráð sem fleiri koma saman. Þessir menn vita, að þeir hafa brotið af sér í augum alls almennings og áfellisdómurinn verður þeim mun þyngri, því fleiri sem taka þátt í dómsfellingunni.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það er nú erfitt að ætla sér að reyna að rökræða við hv. 1. þm. Reykv., þegar hann hagar máli sínu á þá lund, sem hann hefur gert nú í þessari ræðu, því að þar má segja, að hann hafi ekki borið við að reyna að sanna mál sitt og koma fram með staðhæfingar, sem hægt er að valda, heldur eingöngu sveiflar hann fram fullyrðingum út í bláinn, sem eru gersamlega staðlausar í öllum meginatriðum og hann veit manna bezt að eiga engin rök á bak við sig og opinberar skýrslur geta afsannað jafnótt.

Aðalatriði þess máls, sem hér er til umræðu, er það, að þessi hv. þm. kemur hér einn daginn upp í ræðustólinn og heldur því fram, að hér sé á ferðinni frv., sem ríkisstj. sé að pukra með efni úr, vilji ekki gera alþm. kunnugt um, vegna hvers málið sé flutt og um hvað málið raunverulega sé. Strax og aðstaða veitist til, er þetta auðvitað rekið ofan í hann, og hann verður nú að standa þannig uppi, að hann verður þarna að gefast upp, játa það og segja svo, að það beri að vísu að þakka, að það hafi upplýsingar verið gefnar um málið áður. En það liggur alveg ótvírætt fyrir, að yfirlýsingar höfðu verið gefnar um það, vegna hvers þetta frv. var flutt, hvaða ástæður lágu til þess, og þegar upphaflega hafði verið ákveðið, að þessi löggjöf yrði sett, þá var frá því skýrt opinberlega í blöðum, svo að allt nöldur hans um það, að hér hafi verið reynt að draga fjöður yfir eitthvað í sambandi við efni málsins, er vitanlega staðleysu stafir, sem hann hefur ekki getað rökstutt á neinn hátt, og þá er vitanlega sú ein leiðin fær að flýja úr þessu vígi og minnast ekki á það meir. En það vill nú svo til, að hvort tveggja er það, að þingræður manna liggja hér fyrir skrifaðar og blöð landsins liggja fyrir prentuð, og vegna þess er erfitt að ætla að neita slíkum sannindagögnum.

Hitt var svo aftur annað atriði, að það hefði verið heldur fróðlegt, að þessi hv. þm. hefði rætt efni þessa máls, sem hér er til umræðu, að hann hefði gefið einhverjar upplýsingar um það, hvort hann er efnislega með því frv., sem hér liggur fyrir, eða ekki. Er hann því samþykkur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að lögfest verði, að bæta nokkuð samkeppnisaðstöðu íslenzkra flutningaskipa gagnvart erlendum flutningaskipum? Er hann samþykkur því? Um það vitanlega fer hann ekki einu einasta orði, líklega vegna þess, að sjálfur hefur hann í stjórn eins af þeim skipafélögum, sem hér eiga hlut að máli, gert kröfu um það að fá helmingi hærri bætur en þetta frv. gerir ráð fyrir. En það eru ekki óalgeng vinnubrögð einmitt hjá þessum hv. þm. að iðka það á einum stað að gera þar kröfu um svo og svo miklar hækkanir, m. a. á verðlagi í landinu, en koma svo fram á öðrum stað, t. d. á Alþingi, og deila þar á þá, sem hafa orðið við kröfum hans að litlu leyti, en deila þar á þá fyrir að hafa staðið fyrir of miklum hækkunum, og þannig er því nú varið í þessu máli.

Hv. þm. velur sér svo þá leið út úr sínum vanda að hefja hér umr. um farmannadeilu þá, sem hér var á s. l. sumri. Og svo segir hann, eins og hann hefur reyndar gert nokkrum sinnum áður, hinar furðulegustu sögur af því, hvernig þessi deila hafi orðið til og hvernig hún hafi gengið til. Hann segir m. a. hér, að það hafi verið mér að kenna, að þessi deila leystist ekki og ég hafi haldið þannig á því máli á allan hátt,

að það hafi tafizt að leysa deiluna um 7 vikur. Auðvitað gat hann ekki fært nokkurn skapaðan hlut fram þessari fullyrðingu sinni til sönnunar. Hitt aftur liggur alveg ljóst fyrir, að þeir aðilar, sem í þessari deilu stóðu, jafnt fulltrúarnir frá skipafélögunum sem fulltrúarnir frá farmönnum, hafa opinberlega tekið það fram, að þeir telja, að ég hafi manna mest unnið að því, að lausn fékkst á deilunni. Þegar svo þessi hv. þm., sem gjarnan vildi fá að halda öðru fram, fékk í miðri deilunni grg. frá einum aðalforustumanni í deilunni einmitt um þetta atriði, þá neitaði hann að birta slíkt, því að hann vildi geta haldið áfram að fullyrða um það út í bláinn, að það stæði á mér í sambandi við lausn þessarar deilu.

Nei, hið rétta er það, og skulu þá aðeins dregin fram nokkur aðalatriði í sambandi við farmannadeiluna, að farmannadeilan varð til, eins og nokkrar aðrar deilur um svipað leyti, m. a. vegna þess, að Sjálfstfl. hafði mjög lagt sig fram um það í mörgum félögum og í aðalblöðum sínum, að það yrði ofan á í ýmsum stéttarfélögum, að samningum yrði sagt upp og heimtaðar yrðu verulegar kauphækkanir. Það fór vitanlega ekkert á milli mála, að í sambandi við farmannadeiluna stóð svo á, að sjálfstæðismenn voru mjög sterkir í þeim samtökum og einn af varaþm. flokksins var forseti í því sambandi, sem þar átti hlut að máli. Þeir drógu því ekkert af sér þarna að efna til deilu og gera deiluna þannig, að sem erfiðast væri að leysa hana. Þannig var þessu auðvitað líka farið í samtökum flugmanna. Þar voru sjálfstæðismenn líka mjög sterkir og fóru þar fyrir liði. Alveg eins var þessu varið í Iðju, félagi verksmiðjufólks. Þar höfðu sjálfstæðismenn eignazt formann og tekið við forustu, og af því gerðu þeir þar einnig kauphækkunarkröfur. Og þannig var þessu farið í samtökum verzlunarmanna. Þar voru þeir sterkir, og þar efndu þeir líka til kaupátaka. Það fer vitanlega ekki milli mála hjá nokkrum manni, sem er sjáandi og heyrandi, hver afstaða Sjálfstfl. var í þessum efnum og hvaða áhrif hann hafði almennt. Og Morgunblaðið dró heldur ekkert af sér. Hitt er svo annað mál, að þar varð eðlilega Sjálfstfl. í þessum efnum mest ágengt, sem málin lágu þannig við, að auðveldast var að fá menn innan þessara félaga til þess að halda nokkuð út í kaupstreitubaráttuna. Þannig t. d. stóð af sér, eins og ég sagði hér í umræðunum fyrir nokkrum dögum, varðandi flugmenn, að það er alveg rétt, að ef borin eru saman laun íslenzkra flugmanna og erlendra flugmanna og laun íslenzkra starfsmanna í hvaða grein yfirleitt sem er og laun erlendra starfsmanna í sams konar greinum, þá kemur í ljós, að launamismunur milli flugmanna hér og erlendis er miklum mun meiri en í nokkurri annarri starfsgrein. Það var þetta, sem ég sagði. Af því var það svo, að á ýmsan hátt sneru málin þannig við, að það var sterkari aðstaða til þess að knýja hér fram launakröfur eða samþykktir um launakröfur hjá flugmönnum en mörgum öðrum, þó að þeir væru út af fyrir sig allvel launaðir menn. Og þegar þeir gátu einnig bent á það með réttu, að þeir sem farmenn höfðu miklu minni gjaldeyrishlunnindi en aðrir farmenn hafa haft um margra ára skeið, sem þó dveljast ekki lengur erlendis yfir árið en þeir, þá var nokkuð eðlilegt, að þeir þrýstu þarna á.

Af þessum ástæðum tókst betur að koma flugmönnum út í þessa deilu en ýmsum öðrum. Hið sama átti sér stað með farmennina. Það hafði verið haldið þannig á málum hjá farmönnum, að þeir höfðu yfirleitt fengið litla breytingu á grunnkaupi sínu um 8 ára skeið. Og það var alveg greinilega komið launamisræmi fram þar, sérstaklega hjá þeim, sem lægst voru launaðir og höfðu orðið aðnjótandi á þessu tímabili minnstra launabreytinga. Og í skjóli þessa skákaði forusta Sjálfstfl., sem gjarnan vildi koma hér á erfiðum launadeilum fyrir ríkisstj. til að glíma við. Þetta er nú kjarni málsins.

Þegar svo fór aftur, eins og ég hafði bent hér á áður, að flugmennirnir undir þessum kringumstæðum fengu nálega enga launabreytingu, þeir urðu að samþykkja sinn gamla launasamning svo að segja alveg óbreyttan að öðru leyti en því, að þeir fengu þann hluta af kaupi sínu, sem greiða á þeim í erlendum gjaldeyri, nokkuð hækkaðan, eða sem má meta frá 17%, sem var mjög algengt áður að þeir fengju af kaupi sínu greitt í erlendum gjaldeyri, og nú hækkaði upp í ca. 23—25%, þá er þessu slengt yfir og þetta reiknað út í 35—40% kauphækkun og Mbl. látið básúna það út, að þessi breyting á samningi flugmanna hafi raunverulega þýtt 35—40% kauphækkun. Þetta er auðvitað alveg hreint að snúa við staðreyndum að skýra svona frá málunum, og þetta var vitanlega gert í ákveðnum tilgangi. Það átti að reyna að hamra á því, að launahæstu menn í landinu hefðu fengið 35—40% kauphækkun, og á þann hátt átti að spana á stað almennar kaupkröfur til óþæginda fyrir ríkisstj. Þetta vitanlega skilja allir menn og vita allir. Hvers vegna hefur ekki Mbl. á alveg sama hátt verið að reikna það út svona og tilkynna það jafnóðum, að sjómennirnir allir, sem fá vissan hluta af kaupi sínu greiddan í erlendum gjaldeyri, væru að fá sífellda kauphækkun á þennan hátt, bara vegna þess að þeir fá nú fleiri krónur greiddar með hækkandi verðlagi almennt í erlendum gjaldeyri, og vitanlega eru þeir þá að fá á sama hátt hækkað kaup, ef þessi reikningur ætti að teljast réttur gagnvart flugmönnunum? En þetta hefur nú ekki verið gert.

Nei, hér var sem sagt aðeins um það að ræða viðvíkjandi flugmönnunum, að þeir fengju þá leiðréttingu í sambandi við sinn kjarasamning að fá nokkuð aukinn hundraðshluta af sínu kaupi greiddan í erlendum gjaldeyri frá því, sem áður var.

Afstaða Mbl. og alveg sérstaklega þessa hv. þm., sem hér hefur blandað farmannadeilunni inn í þessar umr., var svo sú að vera með eilífar skröksögur, meðan á vinnudeilunni stóð, og alveg sérstaklega um þá menn, sem stóðu að því að reyna að koma á sáttum í deilunni. Því var haldið fram, að ríkisstj. væri að beita sjómenn ofsóknum, — þannig var skrifað um málið í Mbl., — vegna þess að ríkisstj. vildi ekki verða við öllum þeirra kröfum. En ríkisstj. lét fljótlega uppi þá afstöðu sína, að hún teldi, að ekki kæmi til mála að hækka kaup hinna hæst launuðu af farmönn-

unum, en teldi hins vegar ekki óeðlilegt, að hinir lægst launuðu fengju nokkrar launabætur. Afstaða skipaeigendanna var hins vegar alveg skýr frá upphafi, og hún var sú, að skipaeigendur töldu, að ekki kæmi til greina að verða við kröfum sjómannanna yfirleitt, ekki að neinu leyti nema — eins og þeir orðuðu það — „óveruleg hækkun á lægstu launin", sem átti að þýða 1% launabætur handa þeim lægst launuðu. Þetta vitanlega vildu sjómenn ekki líta á, og því fór það svo, að umræður á milli farmannanna annars vegar og útgerðarmannanna hins vegar féllu niður og málið var lagt í hendur sérstakrar sáttanefndar, sem skipuð var strax og þessir aðilar gáfust upp á sínum venjulegu samningaumræðum.

Mín afskipti af málinu voru svo aðeins þau, að ég var beðinn um að vinna með sáttanefndinni og starfaði með henni í fullkomnu samkomulagi við sáttanefndarmennina allan tímann, og var þar vitanlega enginn ágreiningur á milli mín og þeirra, þó að Mbl. væri alltaf að glósa um það, en hefur ekki getað fært fyrir því nokkur rök og mun aldrei geta, því að samstaða Gunnlaugs Briems ráðuneytisstjóra og sáttasemjara ríkisins og mín var alveg fullkomin í málinu allan tímann. Það var ekki mitt verk að ákveða það, hvenær sáttatillögur yrðu lagðar fram eða hvað þær yrðu margar í þessari deilu, og allar sögusagnir hv. 1. þm. Reykv. (BBen) í þeim efnum, að *ég hafi boðað, að svo og svo margar sáttatill.* kæmu fram, eru, eins og þegar var upplýst, meðan á verkfallinu stóð, algerlega úr lausu lofti gripnar, og hann hefur ekki getað fært nokkrar sannanir fyrir þessari fullyrðingu sinni.

Svo sagði hv. 1. þm. Reykv., að það hefði t. d. verið athyglisvert, að þessi langvinna deila hafi strax leystst, þegar það varð kunnugt, að ríkisstj. ætlaði að mæta kröfum skipafélaganna á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frv. Þetta er vitanlega út í bláinn sagt eins og annað, sem þessi hv. þm. segir um þessa deilu. Hið rétta er það, að strax í upphafi sáttatilrauna voru skipafélögin spurð um það, hvort þau gætu fyrir sitt leyti fallizt á leiðréttingar í áttina til þess, sem sjómenn gerðu kröfur um, einnig án tillits til þess, hvort þeir teldu, að efnahagur félaganna fengi risið undir auknum útgjöldum, — einnig án tillits til þess. Og þá svöruðu fulltrúar skipafélaganna því, að alveg án tillits til þess, hvernig væri ástatt með rekstrarafkomu skipanna, þá gætu þeir ekki fallizt á frekari launabætur til farmanna en sem næmi 1% á lægstu launin. Og þeir neituðu enn þá að verða við því að taka upp þau lífeyrissjóðsréttindi, sem sjómenn lögðu megináherzlu á og sérstaklega vörðuðu eitt af stærstu skipafélögunum, Eimskipafélagið, svo að þessi fullyrðing hv. þm. er eins og aðrar varðandi þetta mál vitanlega staðleysa. Hitt varð svo aftur reyndin á, að það varð að ganga svo til, að sáttanefndin í umboði ríkisstj. varð að taka að sér að gera samningana við skipafélögin, og það varð að vera verk sáttanefndar í þessu tilfelli að semja algerlega við fulltrúa farmanna, vegna þess að fulltrúar útgerðarmanna viku sér hér alveg undan vandanum og vildu ekki koma nærri. Síðan varð að taka upp samningana sérstaklega við skipafélögin, og þegar þau sáu, að þau áttu ekki undankomu auðið í sambandi við lausn þessa máls, þá létu þau hendur fallast og héldu áfram að reka skipin.

Ég mun nú ekki, nema frekar gefist tækifæri eða tilefni til, fara að elta ólar við það, sem hv. þm. sagði hér að öðru leyti, því að ég tel, að þetta nagg hans beri aðeins vott um það, að hv. þm. finnur, að í fyrsta lagi hlaut hann verðskuldaða, ja, ég vil segja fyrirlitningu flestra manna í landinu fyrir afskipti sín af farmannadeilunni, skrifum sínum um þá deilu og framkomu blaðs hans í sambandi við deiluna og a. m. k. verðugan dóm þeirra manna sjálfra, sem í deilunni stóðu. Hann er svolítið særður eftir þessa meðferð, og hann er núna eilítið að reyna að klóra hér í bakkann og segja slíkar tröllasögur, eins og hann var að segja hér áðan varðandi þetta frv., um mig, en það hefur engin áhrif hvorki á mig né gang þessa máls. Hitt stendur svo eftir, að hans upphaflegu athugasemdir hér um þetta frv. hafa verið með öllu tilefnislausar, því að full skýring hefur verið gefin á því hér á Alþingi, hvaða ástæður liggja til þess, að þetta frv. er flutt, og einnig var frá efni þess skýrt, strax eftir að vinnudeilunum lauk s. l. sumar, svo að ég ætla, að umr. af því tagi, sem hv. þm. hefur hér haldið uppi um farmannadeiluna, hafi ekki ýkja mikið að segja, þó að hann kannske rói sjálfan sig svolítið með slíku áframhaldi.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta þá góðvild að leyfa mér að svara hér örfáum orðum, en ég get því miður ekki tekið hér ræðu hæstv. sjútvmrh. (LJós) svo til meðferðar sem vert væri, þar sem ræðutíma mínum er lokið. En hæstv. ráðh. hafði sjálfur þá aðferð, að hann mætti ekki við fyrsta hluta þessarar umr. hér í d., var þá alls ekki til viðtals um þetta mál og gerir þannig að verkum, að við fáum ekki það færi á því að tala við hann, sem þingsköp í raun og veru ætla okkur. En hæstv. forseti bætir nokkuð úr því með því að leyfa mér a. m. k. aðeins að segja örfá orð.

Ég vil fyrst taka fram, að menn geta nú markað sannsögli hæstv. sjútvmrh. á því, að hann talaði með þeim hætti sem enginn vafi væri á því, að það hefði þegar frá upphafi verið gerð grein fyrir því af honum og hæstv. ríkisstj. gagnvart Alþingi, að þetta mál væri tengt lausn farmannadeilunnar. Ég hef hér með höndum umræðurnar, *sem um málið hafa farið fram hér á Alþingi.* Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að umr. liggja fyrir, svo að það ætti ekki að þurfa að deila um það, hvað í þeim stendur. En hæstv. ráðh. gerir það í því trausti, að hvorki þingheimur né áheyrendur eigi þess kost sjálfir að lesa umr. Hæstv. ráðh. veit, að hann fer með rangt mál, þegar hann heldur því fram, að hann hafi að fyrra bragði skýrt frá því, sem hér er um að ræða. Umr. sjálfar skera ljóst úr um það. Það var fyrst tilknúinn af okkur sjálfstæðismönnum, sem hann neyddist til þess að játa, að þetta frv. væri flutt vegna lausnar farmannadeilunnar, enda kom innræti eða það, sem inni fyrir býr hjá hæstv. ráðh., glögglega fram, þegar hann sagði hér áðan, að ég væri að blanda farmannadeilunni

inn í þetta mál, eins og það væri alsendis óskylt atriði, að blanda farmannadeilunni inn í mál, sem er flutt til þess að leysa farmannadeiluna. Ja, hvað kemur þessu máli við, ef ekki farmannadeilan? Hæstv. ráðh. veit ósköp vel, að bráðabirgðalögin hefðu aldrei verið sett, þetta frv. aldrei flutt, ef hann hefði ekki fundið það snjallræði að hækka verðlagið í landinu með þessum hætti til þess á þann veg að finna lausn á farmannadeilunni.

Þá var hæstv. ráðh. að halda því hér fram, að skipafélögin hefðu ekkert viljað vinna til þess að leysa þessa deilu og hefðu streitzt þar á móti, jafnvel þó að þeim hefði verið boðin uppbót á því, sem þau inntu af höndum fyrir tilverknað ríkisstj. Hæstv. ráðh. veit sjálfur manna bezt, að þetta er *algerlega rangt hermt*. Þetta er þvert ofan í staðreyndirnar. En sjálf sannaði ríkisstj. sín óheilindi í málinu, að hún lét ekki einu sinni, heldur hvað eftir annað sjálfa Skipaútgerð ríkisins greiða atkvæði á móti þeim sáttatillögum, sem ríkisstj. sjálf stóð að. Ja, ef það var skemmdarverk sjálfstæðismanna og Mbl. og fyrir mín skrif, að þessi deila komst af stað, hví í ósköpunum lét þá ríkisstj. a. m. k. ekki sjálfa Skipaútgerð ríkisins leysa sig undan áhrifavöldum Sjálfstfl. og greiða atkv. með þeirri sáttatillögu, sem ríkisstj. þóttist vera að bera fram? Látum vera, að ríkisstj. hefði ekki ráðið við Samband ísl. samvinnufélaga, sem einnig greiddi atkv. á móti og hafði þó sannarlega sýnt, að það var ekki allra tregast til þess að hækka kaupið, því að fyrir réttu ári, á meðan kaupbindingarlögin voru enn í gildi, beitti Samband ísl. samvinnufélaga undir forustu hæstv. fjmrh. (EystJ), varaformanns Sambandsins, sér fyrir því, að kaupið við fasta starfsmenn Sambandsins var hækkað um 8%. Ef það var vandalaust að leysa sjómannadeiluna með *þvílíkum tilboðum*, af hverju beitti þá ekki sjálfur fjmrh. áhrifum sínum innan Sambandsins til þess að fá það til að skerast úr leik við Eimskipafélag Íslands, á meðan á þessari farmannadeilu stóð? Nei, sannleikurinn er sá, að framkoma Skipaútgerðar ríkisins og skipadeildar S. Í. S. sannar svo áþreifanlega sem hægt er, að allt skrafið um það, að við sjálfstæðismenn höfum haldið skipafélögunum í einhvers konar herkví og varnað þeim að ganga að eðlilegum og sanngjörnum kröfum sjómanna, er alger fjarstæða, vegna þess að þá hefði vitanlega fyrsti leikur ríkisstj. verið að láta Skipaútgerðina fallast á sínar eigin till. og Eysteinn Jónsson hringt upp í Samband og sagt þeim að fara nú að sínum vilja ekki síður en þegar þeir hækkuðu kaupið í desember í fyrra um 8%.

Þetta veit hæstv. sjútvmrh. ofur vel. Engu að síður leyfir hann sér að koma hingað og halda því fram, sem hann gerir. Ég veit hins vegar ekki og skal ekki fullyrða, hvort hann veit, en hann veit það, hafi hann fylgzt með málinu eins og hann lætur, að af hálfu Eimskipafélags Íslands var strax við fyrstu sáttatillöguna sáttasemjari ríkisins spurður að því, hvort hægt væri að greiða atkvæði um hana með þeim fyrirvara, að ef fyrirgreiðsla kæmi fram af hálfu ríkisins til að standa undir þessum útgjöldum, þá mundi verða hægt að fallast á tillöguna, annaðhvort að öllu eða verulegu leyti, en því var svarað, að enginn slíkur fyrirvari væri heimill. Ef það er rétt, að ekki hafi hnífurinn gengið á milli hæstv. sjútvmrh. og sáttasemjara ríkisins, þá veit sjútvmrh. þetta, að þegar hann segir hér, að Eimskipafélagið hafi stöðugt sagt, að það kæmi ekki til greina nein hækkun, þó að hún fengist bætt, þá er hann að lýsa sjálfan sig hér opinberan rangherismann. Varðandi síðari sáttatill. var hafður beinn fyrirvari um það og svarið orðað þannig af Eimskipafélaginu við þeirri till., að það kom fram, að ef ríkisstj. vildi greiða fyrir lausn málsins, þá mundi ekki standa á Eimskipafélaginu. Það var eftir það, að við höfðum séð, hvernig hæstv. sjútvmrh. hegðaði sinni framkomu og málflutningi. Þetta liggur fyrir í skjölum málsins.

Hæstv. sjútvmrh. segir svo, að mér hafi aldrei tekizt að sanna það og muni aldrei takast að sanna það, að hann hafi sjálfur sagt, sjútvmrh., að það skyldu verða fluttar þrjár sáttatillögur, þannig að það væri alveg óhætt að fella þá fyrstu eða aðra. Ja, ég vil segja, að það hefur a. m. k. sannazt, að ég var þá forspár. Hafi ég ekki vitað þetta, þá sagði ég rétt fyrir, vegna þess að ég sagði strax, að svona mundi aðferðin verða, og byggði það á ummælum, sem mér voru hermd eftir hæstv. sjútvmrh., og það gekk allt eftir, sem ég hafði um þetta sagt, nákvæmlega allt, nema að vísu hæstv. sjútvmrh. lét sér ekki nægja að gera tvö tylliboð, heldur mun hann hafa látið þau verða þrjú, áður en hann lét svo lítið að reyna að fara að leysa deiluna í alvöru. Það er sannleikurinn í málinu.

Hæstv. sjútvmrh. sagði svo, að ég hefði ekki viljað prenta ummæli eins dánumanns, sem gaf honum góðan vitnisburð um framkomu hans í málinu. Þetta er algerlega rangt. Það er rétt, að það *barst* blaðinu löng *grein*, sem þótti vera þess eðlis, að það væri ástæðulaust að birta hana alla í heild, og því var skotið að semjanda hennar, hvort hann gæti ekki stytt hana eitthvað, ekki að efni, heldur dregið hana saman, vegna þess að Morgunblaðið hefur yfir litlu rúmi að ráða, miðað við það efni, sem því berst. Maðurinn tók það ráð að birta hana ekki í Morgunblaðinu, heldur fór með hana í Alþýðublaðið. Ég skal ekki segja, hvort hún var birt þar óstytt eða ekki. Hitt þori ég að fullyrða, að Morgunblaðið *birti tafarlaust upp einmitt* það, *sem* þessi maður sagði lofsamlegt um hæstv. sjútvmrh. (LJós), einmitt vegna þess að það var svo einkennilegt, að nokkur maður skyldi ljá nafn sitt við því að hrósa þessum hæstv. ráðh., að það var nánar sem eins konar skrýtla, að slíkt væri birt, og gamansemi. En það þurfti engin ummæli þar við af blaðsins hálfu. Það voru staðreyndirnar, sem felldu sinn dóm um það sjálfar. — Ég sé, að hæstv. forseti er orðinn óþolinmóður, ég skil það, ég var búinn að tala út minn tíma, og ég skal ekki níðast lengur á hans þolinmæði, þakka honum fyrir umburðarlyndið.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) minntist hér á það, að ég hefði ekki mætt hér við 1. umr. málsins og því hefði ekki gefizt kost-

ur á að ræða málið við mig, svo sem þingsköp raunverulega gerðu ráð fyrir. Það er rétt, að það kom fyrir hér einn dag, eftir að málið var búið að fara í gegnum Ed. og hljóta þar eðlilega afgreiðslu og umr., að ég gat ekki vegna starfa verið hér við umr., en hef síðan verið það upp frá því, þannig að hv. þm. hefur hér haft fulla aðstöðu til þess að ræða þetta mál og það hefur verið meira og betur rætt þannig séð en mörg önnur mál, sem ganga hér í gegnum Alþ.

En það, sem fyrst og fremst vekur athygli í þessum efnum, er það, að þessi hv. þm. vill ekki ræða efni frv., hann vill ekki ræða um efni málsins sjálfs, en er í þess stað að ræða hér löngu liðna atburði frá vinnudeilum s. l. sumar og segja þar hvers konar ósannindasögur, sem auðvitað koma ekki við því frv., sem hér liggur fyrir.

Það er líka algerlega rangt, sem hann endurtók hér, að ég hafi ekki og ríkisstj. viljað gefa réttar upplýsingar um þetta mál. Það liggur fyrir. Og hvort sem hann veifar hér þingræðuparti eða ekki, þá breytir það engu, því að hann reyndi ekki að lesa upp neitt, sem afsannaði það, sem ég sagði, að ég hefði skýrt hér alveg fyllilega frá því, hvaða ástæður væru til þess, að málið er lagt hér inn á Alþ. (BBen: Vill ekki hæstv. ráðh. lesa það, sem hann sagði í efri deild?) Jú, ég skýrði frá því líka hér í Nd. áður mjög ýtarlega og endurtók þá það, sem ég var búinn að segja í Ed., svo að öllum hv. þm. hér í Nd. er það fyllilega kunnugt, hvað ég sagði þar. Það endurtók ég allt hér, en mun nú ekki gera það fyrir hv. þm. að gera það hér í þriðja sinn á Alþ., ég sé ekki ástæðu til þess.

Hann minntist hér á það, að fulltrúar Eimskipafélagsins hefðu við ákveðna atkvgr. í farmannadeilunni viljað fá að greiða atkvæði með tilteknu skilyrði og sáttasemjari hafi neitað þeim um það. Ég skal fullkomlega játa, að þetta hef ég ekki heyrt fyrr en nú. En hitt aftur hef ég heyrt, að þegar sáttasemjari leggur fyrir ákveðnar sáttatillögur, þá er aldrei um annað að gera en aðilar verði þar að svara með já eða nei, og það er því alveg föst regla og hefur auðvitað gilt í þessu tilfelli eins og endranær. En hitt veit ég, að ég hafði nokkrum sinnum hlýtt á fulltrúa Eimskipafélagsins eins og annarra aðila, sem þarna áttu hlut að þessari deilu, svara alveg afdráttarlausum spurningum um það, hvað þeir vildu ganga langt til móts við tillögur sjómanna, einnig án tillits til þess, hvernig fjárhag félaganna væri háttað, og heyrði þá svara alveg skýrt, að þeir fengjust ekki til þess að mæta kröfum þeirra fram yfir þetta, sem ég greindi hér áðan. Þetta veit ég, því að þetta hlustaði ég á frá þeirra hálfu. Og þetta vitanlega byggðist á því, að fulltrúar skipafélaganna voru á þeirri skoðun, að það væri ekki ástæða til þess að breyta launakjörum farmannanna. Þetta var þeirra skoðun, og þetta var skoðun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem greiddi atkv. á þann hátt, sem hv. þm. var hér að minnast á, þar til ríkisstj. beinlínis sneri sér til hans og óskaði eftir því til lausnar á málinu, að hann beitti atkv. sínu í þá átt, að lausn fengist. En við hinu var í rauninni ekkert að segja, þó að þessi afstaða hans kæmi fram eins og annarra þeirra, sem fóru með umboð skipafélaganna, að þeir voru allir á móti því að verða við kröfum farmannanna. Og það var svo sem heldur ekki óeðlilegt, á meðan fulltrúar farmannanna héldu því fram, eins og Morgunblaðið rökstuddi fyrir þá dag eftir dag, að það ætti að verða við þeirri meginkröfu þeirra, að sú hækkun, sem fengist, ætti að ganga jafnt yfir alla, einnig yfir þá hálaunuðu. Meðan málið stóð þannig, var svo sem ofur eðlilegt, að það yrðu allmargir, sem yrðu á móti máli þeirra, og það fór líka svo að lokum, að þeir hæst launuðu á skipunum fengu enga kauphækkun, þó að hv. þm. sé nú að reyna að halda því hér fram, að þeir hafi fengið mikla kauphækkun. Hið rétta er, að skipstjórarnir á skipunum fengu ekki kauphækkun. Það var hin almenna regla þar. En þessi hv. þm. er nú að reyna að villa um fyrir mönnum í þeim efnum, að þeir hafi fengið kauphækkun. Ég skal aðeins nefna dæmi, því að það er ákaflega augljóst, það er ákaflega lýsandi um það, hvernig þessi hv. þm. heldur á öllum sínum málflutningi í sambandi við þessa deilu. Sem sagt, það liggur fyrir, að skipstjórarnir á skipunum fengu ekki kauphækkun, nema gamall sérsamningur sagði það, að skipstjóri á olíuskipinu Þyrli hefði lægra kaup en skipstjórarnir á sams konar olíuflutningaskipum, Litlafellinu og Kyndli, og starfaði við sams konar störf á jafnstóru skipi. Hann var á lægra kaupi. Það var fallizt á að samræma þetta. Og þá var þessu slengt auðvitað út í Morgunblaðinu og sagt: Skipstjórarnir, hæst launuðu mennirnir, fengu svona mikla kauphækkun. — Svona hafði verið yfirleitt haldið á þessu máli frá hálfu þeirra, sem vildu gera sem mest úr því, hvað kauphækkun hinna hátt launuðu væri mikil, og allt var þetta vitanlega í stíl við þennan almenna málflutning, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur reynt að halda hér uppi í þessu máli.

Það var rétt, sem ég skýrði hér frá, að hv. 1. þm. Reykv., sem jafnframt er ritstjóri Morgunblaðsins, neitaði einum af aðaldeiluaðilunum um rétt til þess að fá birta grein í Morgunblaðinu, einmitt þar sem farið var lofsamlegum orðum um minn þátt í því að reyna að leysa deiluna. Og hann dró enga dul á það á fjölmennum samninganefndarfundi, sem hér fór fram í þessu húsi, þessi aðili, að skilyrði Morgunblaðsins fyrir því, að greinin yrði birt, væri það, að niður yrðu felldar þær setningar, sem voru lofsamlegar um mig, að öðru leyti mátti greinin birtast. Það var því ekki vegna þess, að Morgunblaðið hefði ekki pláss fyrir þessar línur, það var eingöngu vegna þess, að það þurfti að halda áfram því striki, sem upp hafði verið tekið. Þannig er nú það mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja þetta frekar, því að aðalatriði málsins liggja í rauninni ljóst fyrir. Hér er um það að ræða með því frv., sem hér liggur fyrir, að rétta nokkuð aðstöðu íslenzkra skipa í samkeppninni við erlend skip og jafnframt að auka á tekjur útflutningssjóðs, sem sannarlega þurfti á tekjuauka að halda. Þetta var þeim mun nauðsynlegra, þegar það lá fyrir, að útgjöld íslenzku skipanna fóru hækkandi, m. a. upp úr vinnudeilunni s. l. sumar. Af því þurfti á þessu að halda, ef erlend leiguskip

áttu ekki að yfirtaka störf íslenzku skipanna. Og ég hygg, að hver alþm., sem athugar þetta mál ofan í kjölinn, muni komast að raun um það eins og ríkisstj., að það var þörf á því að stíga þetta skref til móts við íslenzku skipafélögin og réttmætt að lögleiða frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJJ, LJós, MJ, ÓB, PÞ, PO, RH, SÁ, SkG, ÁÞ, ÁB, BG, BBen, BÓ, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, GÞG, HS, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KGuðj, EOl.

9 þm. (ÓTh, PP, StgrSt, SvbH, ÁkJ, EmJ, GÍG, HÁ, HV) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Í trausti þess, að nánari upplýsingar komi fram fyrir 3. umr. um frv., vil ég fylgja því til 3. umr. og segi já.

Bjarni Benediktsson: Það vantar mjög á, að þetta mál sé enn þá upplýst til fulls. Hæstv. sjútvmrh. hefur skotið sér undan að svara ákveðnum fsp., sem bornar hafa verið fram, og auk þess farið mjög ranglega með staðreyndir í síðustu ræðu sinni, sem hann flutti eftir að ekki var unnt að svara honum lengur, þar sem við höfðum talað okkar ræðutíma, sem tekið höfum þátt í umr. Þess vegna þarf málið frekari upplýsinga og mun verða rætt nánar við 3. umr., og til þess að gera það mögulegt segi ég já.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. lét þau orð falla við 2. umr. málsins í gær, að það væri nánast hótfyndni af okkur sjálfstæðismönnum að vera að inna eftir frekari upplýsingum um þetta mál, málið lægi ljóst fyrir, og ef ég man rétt, tók hann svo djúpt í árinni að segja, að það mundu vera fá mál, sem hefðu verið lögð fyrir þingið á öllu gleggri hátt en þetta mál. Ég býst nú við, að í sjálfu sér sé þetta engin fjarstæða, ef borið er saman við frágang ýmissa annarra stærri mála, sem fyrir þingið hafa verið lögð og liggja, og hef ég þar m. a. í huga fjárlagafrv. það, sem nú stendur til að ræða, en kostur gefst á því að koma að því í öðru sambandi. Hvað sem þeirri spurningu nú líður, hvort meðferð þessa máls sé nokkuð sérstæð, miðuð við undirbúning ýmissa annarra mála, sem fyrir þingið eru lögð, og svo hygg ég að ekki sé, þá er það víst, að þegar þetta frv. var fyrst lagt fyrir þingið, var það aðeins texti bráðabirgðalaganna án nokkurra frekari skýringa á honum. Þegar málið svo kom til umræðu í fjhn., gátu fulltrúar stjórnarflokkanna í þeirri nefnd ekki gefið neinar frekari skýringar á málinu. Við 1. umr. málsins upplýsti frsm. n., hv. þm. V-Húnv., hins vegar, að hæstv. sjútvmrh. hefði fylgt þessu máli úr hlaði með nokkrum orðum í Ed., og las þau ummæli upp. Aðalefnið í þeim var það, að tilgangurinn með frv. væri tvenns konar: í fyrsta lagi sá að afla tekna í útflutningssjóð, en í öðru lagi sá að bæta, eins og það var orðað, samkeppnisaðstöðu innlendra skipafélaga í samkeppninni við hin erlendu leiguskip. Þar voru engar frekari skýringar gefnar. Ég vakti athygli á því við 2. umr. málsins, að ef í orðin „bætt samkeppnisaðstaða“ ætti að leggja þann skilning, að íslenzku skipafélögin ættu vegna þessara ráðstafana að fá meira í sinn hlut af viðskiptunum en áður, og sá skilningur tel ég að sé í fullu samræmi við almennt mælt mál, þá kæmi það í bága við það sjónarmið að afla útflutningssjóðnum tekna, því að ætti það ekki að vera ljóst mál, að eftir því sem íslenzku skipafélögin fá meira í sinn hlut af þessum flutningum, — en þau eru undanþegin gjaldinu, — eftir því hlýtur auðvitað að koma minna í útflutningssjóðinn? Ég bætti því að vísu við, að verið gæti, að annan skilning bæri í þetta að leggja, en það væri þá æskilegt, að það kæmi fram.

Þegar hæstv. sjútvmrh. svo tók til máls síðar við umr., taldi hann, að þessi skilningur lýsti aðeins vanþekkingu minni á málinu. Það læt ég mér út af fyrir sig í léttu rúmi liggja, því að hefði ég vitað allt um málið, var auðvitað engin ástæða til þess að spyrja frekar út í það. En hvað sem því leið, varð þetta m. a. til þess, að hæstv. sjútvmrh. leysti nokkru meira frá skjóðunni en áður hafði verið. Hann fór þá að tala um farmannadeiluna á s. l. sumri og gaf þær upplýsingar, að þetta væri liður í ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefði orðið að gera í sambandi við þá deilu í þeim tilgangi að gera íslenzku skipafélögunum kleift eða sumum þeirra a. m. k. að hækka farmgjöldin frá því, sem áður var. Það var út af fyrir sig gott, svo langt sem það náði, að fá þessar upplýsingar. En hvers vegna komu þær þá ekki fram strax? Ef svo hefði verið, hefði mátt spara a. m. k. nokkuð af þeim umræðum, sem fram hafa farið um þetta mál.

Ýmsir hlutir, sem innt hefur verið eftir af hálfu okkar þingmanna Sjálfstfl., sem í þessu máli höfum talað, eru hins vegar með öllu óupplýstir enn, eins og t. d. upplýsingar um það, hvað útflutningssjóðurinn hafi fengið miklar tekjur af þessu, í hverju hafi komið hin bætta aðstaða skipafélaganna o. s. frv. Í því efni varðist hæstv. sjútvmrh. allra svara. Ég geri mér nú daufar vonir um það, að þessar upplýsingar, þó að miklu máli skipti, komi fram hér eftir, og skal ekki fjölyrða meira um þá hlið málsins. En ég vil aðeins leyfa mér að víkja að öðru atriði, en það eru launa- og kaupgjaldsmálin, sem mjög eðlilega hafa fléttazt inn í þær umræður, sem orðið hafa um þessi mál, af því að fram hefur komið, að hér er um að ræða lið í ráðstöfunum í sambandi við lausn farmannadeilunnar á s. l. sumri.

Í sambandi við þetta hefur verið minnzt á flugmannaverkfallið, sem stóð hér á s. l. vetri, og í síðustu ræðu hæstv. sjútvmrh. um það mál kom fram nokkuð nýtt, sem ég tel mjög athyglisvert og rétt að vekja athygli hv. þdm. á. Hæstv.

sjútvmrh. nefndi það nú sem rök fyrir því, að sanngjarnt hefði verið að hækka kaup flugmanna svo sem varð, að miðað við launakjör flugmanna í okkar nágrannalöndum stæðu íslenzkir flugmenn mjög höllum fæti, eða m. ö. o., að launahlutföllin milli flugmanna hér á landi og annarra þjóðfélagsstétta væru óhagstæðari en gerðist erlendis. Mér finnst það mjög athyglisvert sjónarmið hjá hæstv. ráðherra, að hann viðurkennir þarna, að samanburður við launakjör erlendis sé réttmætur og eðlilegur grundvöllur fyrir kröfum íslenzkrar launastéttar um hækkað kaup. Það situr sízt á mér út af fyrir sig að ámæla hæstv. ráðh. fyrir að hafa sett þetta sjónarmið fram og fyrir það, að hann virðist nú aðhyllast þessa skoðun. Ég hef, eins og ýmsum hv. þdm. er kunnugt, einmitt um alllangt skeið verið formaður samtaka opinberra starfsmanna, og ein þeirra röksemda, sem við höfum borið fram til stuðnings okkar launakröfum, hefur gjarnan verið sú, að miðað við Norðurlöndin t. d. væru launakjör opinberra starfsmanna og þá fyrst og fremst þeirra, sem búa við skárri launakjörin, miklu lakari en gerist í okkar nágrannalöndum. Það má nefna sem dæmi um þetta, að við bentum á það fyrir nokkrum árum, að svo væri komið, að ráðherralaun væru aðeins rúmlega tvöföld laun sendla í stjórnarráðinu, en í Noregi, þar sem jafnaðarmannastjórn hefði lengi setið við völd, væru laun hæst launuðu ríkisstarfsmannanna tíföld á við laun hinna lægst launuðu. Að vísu höfum við aldrei farið fram á neitt, sem mundi nálgast það að leiðrétta þetta misræmi að fullu, en við höfum þó leyft okkur að benda á það. Þetta hefur hingað til mjög litinn hljómgrunn fengið, og ekki sízt á það við um flokk hæstv. sjútvmrh., og er þó skylt að meta það og þakka, að oft og tíðum hefur hans flokkur veitt ýmsum okkar kröfum stuðning. En jafnan hefur það verið með þeirri forsendu, að sanngjarnt gæti verið að vísu að hækka launin við þá, sem verst væru settir, en alls ekki við hina hærra launuðu embættismenn. Og ég man, að á s. l. þingi hældist hæstv. sjútvmrh. einmitt mjög yfir afstöðu síns flokks í þessu efni, en afstaðan til launalaganna á sínum tíma hefði verið sú, að þeir hefðu að vísu verið því hlynntir, að hækkuð yrðu laun þeirra, sem verst væru settir, en alls ekki hinna betur launuðu embættismanna. Nú virðast skoðanir hæstv. ráðh. breyttar í þessum efnum. Nú telur hann eðlilegt, að vegna þess að flugmenn séu hér á landi, miðað við aðrar stéttir, verr settir en í nágrannalöndunum, þá fái þeir þetta bætt upp. Þetta finnst mér mjög athyglisvert. Annars dreg ég mjög í efa, að það sé rétt hjá hæstv. sjútvmrh., að launakjör flugmanna hér, miðað við aðrar stéttir, hafi jafnvel fyrir lausn verkfallsins verið lakari en hvað snertir ýmsa starfshópa aðra. Hæstv. ráðh. bar ekki fram neinar tölur máli sínu til sönnunar, og ég hugsa, að það mundi vera út í bláinn að inna hann eftir slíkum tölum, og mun hlífa honum við því. Hann mundi sjálfsagt í því efni vísa til annarra ráðuneyta o. s. frv., enda býst ég við því, að þess gerist ekki þörf á þessum vettvangi, því að mér þætti ekki ólíklegt, að hann kynni að verða inntur eftir því síðar á öðrum vettvangi. En ég dreg mjög í efa, að íslenzkir flugmenn hafi í þessu efni staðið meira höllum fæti en margir aðrir, og efa ég það þó alls ekki, að sjálfsagt hafa launakjör þeirra verið til muna lakari en gerist í nágrannalöndunum.

Ég vil svo leyfa mér að lokum, því að fundi mun sennilega bráðum ljúka og ég skal ekki tala fram yfir þann tíma, að nefna af handahófi einn starfshóp, sem ég af eðlilegum ástæðum er mjög kunnugur við hvaða launakjör býr, bæði hér og í okkar nágrannalöndum, en það eru prófessorar. Laun þeirra hér nú eru um 7000 kr., og hafa þeir þó ekki — það skal játað — neina sérstaka ástæðu til að kvarta yfir meðferð á sér í sambandi við launalögin, þeir fengu þá meiri hækkanir en ýmsir aðrir. Í Svíþjóð eru laun prófessora 3200 sænskar kr. á mánuði. Það er vandi, eins og hér hefur komið fram í umr., að umreikna þetta þannig, að á sé að byggja, í íslenzkar krónur. En sé tekin sú tala, sem nefnd hefur verið af efnahagsmálaráðunautum hæstv. ríkisstj., að íslenzka krónan sé ofmetin við gengisskráninguna um 60%, þá lætur nærri, að sænsk króna sé reiknuð á fimm íslenzkar. Sumir telja að vísu og hafa leitt að því rök, að íslenzka krónan sé ofmetin meira en þetta, en ég skal halda mér að lægri tölunum. Ef reiknað væri með því, að sænska krónan væri fimm íslenzkar, þá mundu laun sænskra prófessora vera 16 þús. ísl. kr. á mánuði eða meira en tvöföld laun íslenzkra prófessora. Ég efast um, að hlutfallið milli launa íslenzkra flugmanna og þeirra, sem vinna hjá SAS, sé óhagstæðara en þetta, og enn fremur efa ég, að prófessorar séu hér verr settir en margar launastéttir aðrar. Ég býst við, að þessi ummæli hæstv. ráðh. muni vekja athygli út í frá, og ekki örgrannt um það, að einhverjir telji sig með nokkrum rétti þá geta byggt launakröfur á þeim. — [Fundarhlé.]

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Mér þykir nú slæmt, að hæstv. sjútvmrh. er ekki viðstaddur, enda þótt hér sé til umr. frv., sem lætur heldur lítið yfir sér, en það er frv. til laga um breytingu á lögum um útflutningssjóð o. fl.

Ég hef fylgzt nokkuð með þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, og ég hef sérstaklega hlustað eftir þeim svörum, sem hæstv. sjútvmrh. hefur gefið við ýmsum fyrirspurnum, sem fram hafa verið bornar í sambandi við málið. En svör hæstv. ráðherra hafa verið algerlega ófullnægjandi. Hann hefur verið spurður um það, hversu miklu fé útflutningssjóður tapi við það að samþ. þetta frv. Hæstv. ráðh. hefur engin svör getað um það gefið, en benti á, að þeir, sem væru svo forvitnir að vilja um þetta vita, gætu snúið sér til stjórnar útflutningssjóðsins.

Ég hafði haldið, að hæstv. sjútvmrh. væri sá maður inn, sem ætti að vera gerkunnugastur því, hvernig hag útflutningssjóðs væri háttað á hverjum tíma, og hann léti sér það sérstaklega við koma, hvernig tekjum hans væri háttað, hvort tekjurnar bregðast og verða minni en gert var ráð fyrir, hvort þær standast og verða eins miklar og gert var ráð fyrir eða hvort þær kynnu að verða meiri en gert var ráð fyrir. M. ö. o.: ég hafði haldið, að hæstv. sjútvmrh. gerði sér

far um að kynna sér það, hvort útflutningssjóður væri þess megnugur að standa við þær skuldbindingar, sem til hans eru gerðar hverju sinni.

Útflutningssjóður á að leysa af hendi mikilsvarðandi atriði í sambandi við útflutningsverzlunina, þ. e. að greiða til útflutningsframleiðslunnar, eins og lög gera ráð fyrir, þær uppbætur, sem útgerðin þarf og aðrir atvinnuvegir, sem við útflutning fást, til þess að þeir geti haldið útflutningsframleiðslunni áfram.

Mér finnst ekki til mikils mælzt, þótt óskað sé eftir svörum við því, hvernig hagur útflutningssjóðs sé í dag og hvaða áhrif það mundi hafa á tekjur sjóðsins, ef þetta frv. verður samþ.

Ég fyrir mitt leyti tel mjög æskilegt að samþ. frv., vegna þess að það léttir á gjöldum, sem gætu leitt til þess, að fragtir mættu lækka og kostnaður við rekstur flugvéla og skipa gæti minnkað nokkuð frá því, sem verið hefur. En enda þótt frv. verði samþykkt, þá ber nú ekki að vona, að það leiði til lækkunar á frögtum, vegna þess að hér mun vera aðeins um það að ræða að standa við loforð, sem hæstv. ríkisstj. gaf s. l. sumar í sambandi við lausn farmannadeilunnar. Og hafi farmannadeilan verið leyst með því að lofa skipafélögunum því að létta þessum gjöldum af þeim, kæmi náttúrlega ekki til mála annað en samþ. frv., þótt aðeins sú eina ástæða væri fyrir hendi.

Það er nú svo, að s. l. sumar stóð verkfall í kaupskipaflotanum í nærri sjö vikur, og mun það vera lengsta verkfall í kaupskipaflotanum, sem háð hefur verið á Íslandi. En það hlaut að gerast í sambandi við ýmislegt, sem fram hafði komið áður, síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum, því að verkföll hafa aldrei orðið fleiri eða tíðari en þann tíma, sem núverandi ríkisstj. hefur setið. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. fengið það auknefni hjá ýmsum að vera kölluð verkfallastjórnin.

En hvernig stendur nú á því, að svona mikið af verkföllum hefur komið, síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum? Ég geri ráð fyrir því, að það þurfi ekki lengi að leita þeirra orsaka. En raunalegt er það, að allir, sem bezt eru launaðir, sem skást eru settir í þjóðfélaginu, hafa fengið nokkrar kjarabætur eða fengið hlut sinn nokkuð bættan í hlutfalli við vaxandi dýrtíð, en ekki þeir, sem til þessa hafa verið taldir verst settir, en það eru bændur og verkamenn. Hinir lægst launuðu í þjóðfélaginu, þeir sem mest á sig leggja, hafa engar kjarabætur fengið og verða þess vegna að bera þunga dýrtíðarinnar nú langt fram yfir það, sem nokkurn tíma hefur áður gerzt.

Bændur hafa ekki fengið hækkað afurðaverð á s. l. hausti þrátt fyrir hina auknu dýrtíð. Verkamenn hafa ekki fengið hækkuð laun þrátt fyrir hina auknu dýrtíð og lækkandi verðgildi peninga, en hinir, sem eru á föstum launum og alltaf hafa verið taldir betur settir í þjóðfélaginu, hafa rétt sinn hlut, og má þar til nefna 12—13 stéttarfélög, sérgreinafélög og fleiri aðila, sem hafa fengið sinn hlut bættan að fullu. En það er kannske í samræmi við stefnu núverandi hæstv. ríkisstj. og yfirlýsingar, sbr. yfirlýsingu hæstv. sjútvmrh. hér, þegar hann réttlætti hinar miklu kjarabætur flugmanna á s. l. vetri með því, að þeir væru þrátt fyrir hinar miklu kjarabætur ekki betur settir en flugmenn í nágrannalöndunum, þar sem þeir væru vel launaðir og starf þeirra viðurkennt. M. ö. o.: stefna núverandi hæstv. ríkisstj. virðist vera sú að bæta þeim laun og lífskjör, sem hafa verið bezt settir, en láta hina sitja hjá. Áður en núverandi hæstv. ríkisstj. hafði verið mynduð, munu þeir, sem hlustuðu á boðskap núverandi stjórnarflokka fyrir síðustu kosningar, ekki hafa haldið, að stefna hæstv. ríkisstj. yrði slík í framkvæmd.

En ég tel nú rétt að koma að því og athuga, hvaða ástæður liggja til þess, að verkföll urðu svo tíð, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Við munum það, að haustið 1956 kom hæstv. forsrh. í útvarpið, flutti þar ræðu, flutti þar þjóðinni þann boðskap, að nú hefði ríkisstj. samið við vinnandi stéttir í landinu um vinnufrið. Nú skyldi tryggð verðstöðvun og dýrtíðin skyldi stöðvuð, ný stefna skyldi tekin upp í atvinnu- og fjármálum, atvinnuvegirnir skyldu komast á fastan og öruggan grundvöll og hið vinnandi fólk ætti nú málsvara, sem tryggði hlut þess og hag betur en áður hafi tekizt í íslenzku þjóðfélagi.

Fólkið hlustaði á þennan boðskap í útvarpinu og las þessi fögru orð í blöðunum. Það trúði því, að hér væri alvara á ferðinni. Það trúði því, að það mætti treysta orðum hæstv. forsrh. Það lét sér ekki detta í hug, að hann væri að skrökva að alþjóð. Og fyrstu vikurnar og jafnvel mánuði, eftir að boðskapurinn hafði verið fluttur, var allt með ró. Fólkið beið eftir hinum nýju úrræðum. Fólkið vonaði, að staðið yrði við hin fögru fyrirheit, þangað til jólagjöfin kom í desembermánuði s. l., boðskapur hennar og sá búningur, sem hún var klædd í. Þá fóru flestir að efast um, að núverandi hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að standa við fyrirheitin. Og þeir urðu fleiri og fleiri, sem sannfærðust um, að ríkisstj. væri að svíkja hin fögru loforð. Verkamaðurinn, sem hafði hlustað á boðskap forsrh., taldi sig blekktan. Sjómaðurinn, sem hafði lagt trúnað á boðskapinn, sannfærðist um, að hér voru óheilindi á ferðinni. Bóndinn, iðnaðarmaðurinn og allir landsmenn uppgötvuðu það, að sú ríkisstj., sem komin var til valda, hafði komizt það á fölskum loforðum og með blekkingum einum. Og það er þetta, það er þessi uppgötvun alls almennings í landinu, sem varð til þess að skapa þá ókyrrð, sem hefur ríkt meðal almennings, síðan ríkisstj. var mynduð. Ókyrrðin kom vegna þess, að þjóðin sá, að hún hafði verið blekkt. En hún sá, að hún hafði of seint komið auga á það. Kosningarnar voru afstaðnar. Ríkisstj. var mynduð. Hún hafði lofað gulli og grænum skógum, en hún hafði keppzt við að svíkja allt. Slík stjórn hafði í augum alls almennings fyrirgert rétti sínum. Slík stjórn hafði öðlazt ótrú og vantrú alls almennings, og það var þess vegna, sem fleiri og fleiri hópar höfðu tilhneigingu til þess að gera uppreisn gegn slíkri stjórn, og það er þess vegna, sem hin mörgu verkföll hafa átt sér stað. Ef hæstv. ríkisstj. hefði lofað minnu, aðeins lofað því að gera það, sem unnt væri, þá getur vel verið, að viðbrögðin hefðu orðið önnur hjá almenningi í landinu.

Þetta frv., sem hér er um að ræða, er til komið vegna lausnar á skipaverkfallinu. Það er ekki einu sinni grg. með frv., sem upplýsir það, hvað eigi að koma í staðinn fyrir það, sem útflutningssjóður missir við það, að þetta frv. verður samþ. Það er engin grg. með frv. fyrir því, hvernig *mæta skuli hinum auknu útgjöldum útflutningssjóðs*, sem óhjákvæmileg eru á næsta ári.

Það mun ef til vill vera rétt, sem sagt er nú á götunni og annars staðar, að það eigi ekki að gera grein fyrir tekjuöflun útflutningssjóðs fyrr en eftir bæjarstjórnarkosningar, vegna þess að það muni þurfa það mikið í þá hít, að ekki verði vinsælt að láta fólk sjá framan í þá leið fyrr en að kosningum loknum. En reynslan sker nú úr því næstu daga, hvort sú tilgáta er rétt eða hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að láta sér nægja að samþ. aðeins önnur fjárlögin, þ. e. þau fjárlög, sem heyra undir hæstv. fjmrh., Eystein Jónsson, fjárlög ríkissjóðs, en láta fjárlög hæstv. sjútvmrh., Lúðvíks Jósefssonar, bíða vegna þess að það sé ekki enn með fullu víst, hversu miklar tekjur útflutningssjóður þarf á næsta ári, en það sé þó vitað, að það verði það miklar upphæðir, sem þurfi að afla í þá hít í nýjum sköttum, að það sé af þeim ástæðum eðlilegast að láta þá tekjuöflun bíða fram yfir kosningarnar.

Hv. stjórnarflokkar hafa gert sér ljóst, að hin mörgu og víðtæku verkföll, sem staðið hafa á því ári, sem nú er að líða, hafa verið óvinsæl og að almenningur í þessu landi gerir sér grein fyrir því, að þessi verkföll, eins og öll verkföll, skilja stöðugt eftir alvarleg spor og gera fjárhag þjóðarinnar erfiðari og atvinnumöguleika alla ótryggari. Þess vegna hafa stjórnarflokkarnir *lagt kapp á það að kenna Sjálfstfl. um verkföllin*, enda þótt ljóst sé, að verkföllin hafa komið af sérstaklega tveim ástæðum, þ. e. uppgötvun fólksins á hinum sviknu loforðum og blekkingum hæstv. ríkisstj. og svo það, að lífskjör fólksins hafa versnað stórkostlega vegna hinna miklu skatta og viðbrögð fólksins hafa gengið í þá átt að reyna að rétta hlut sinn að nokkru með hækkuðu kaupgjaldi.

Sérstaklega var mikið um það rætt í blöðum stjórnarflokkanna, að sjálfstæðismenn ættu sök á skipaverkfallinu; að það væri sök sjálfstæðismanna, hversu lengi það verkfall stóð, og að sjálfstæðismenn hafi kynt undir þá óánægju, sem var meðal sjómanna og farmanna.

Það hefur nú verið rætt um það hér við þessa umr., hvernig það mál var rekið frá upphafi, og hv. 1. þm. Reykv. (BBen) sannaði það hér með glöggum rökum, að þáttur hæstv. sjútvmrh. í þessu máli var slíkur, að hann leiddi til þess að draga verkfallið á langinn. Þarf ég ekki að endurtaka hér þá sögu og þann málarekstur allan, vegna þess að ég ætla, að allir, sem fylgzt hafa með þessum málum, og þá kröfu verður að gera til hv. þm., að þeir hafi gert það, hafi þá gert sér ljóst, hvar sökin er og hversu fráleitt það er að reyna að lýsa sök á hendur sjálfstæðismönnum fyrir það, að þetta verkfall eða önnur áttu sér stað, eða fyrir það, hversu þetta verkfall varð langdregið. Við sjálfstæðismenn höfum alltaf gert okkur grein fyrir því, að verkföll skaða þjóðina, og við viljum, að hlutur launastéttanna sé leiðréttur með frjálsum samningum hverju sinni, eftir því sem atvinnureksturinn leyfir og þolir á hverjum tíma. Með þeirri uppfræðslu, sem íslenzkur almenningur fær nú á dögum, væri ástæða til þess að ætla, að fólk léti sér skiljast, að kaupkröfur og kauphækkanir geta ekki verið vinnandi fólki til gagns eða hagnaðar, nema atvinnureksturinn geti greitt þetta kaup. Að gera hærri kröfur á atvinnureksturinn en hann getur staðið undir, það leiðir ekki til kjarabóta fyrir þá, sem kröfurnar gera, heldur miklu fremur til þess að rýra kjörin. Það hlýtur að vera eingöngu til hagsbóta fyrir vinnandi fólk, að atvinnulífið sé blómlegt og geti skilað nokkrum arði, geti starfað styrkja- og hjálparlaust frá því opinbera, því að styrkina verður að taka af fólkinu, sem kröfuna gerði á hendur atvinnuvegunum, og slíkt hlýtur að leiða til þess, að þótt kauphækkun hafi fengizt í orði, þá verður slík kauphækkun tekin aftur, þegar atvinnuvegirnir standa ekki undir því. Og *ég* verð nú að segja, að það hefur stundum komið ljósglæta fram í málgagni Sósfl., sem ekki hefur skilið þessi mál áður, og meira að segja hæstv. félmrh. hefur látið í það skína á stundum síðustu mánuðina, að hann skildi þessa einföldu hagfræði, sem hann virtist ekki hafa skilið áður, að það væri tilgangslaust að gera hærri kröfur á hendur atvinnuvegunum en það, sem þeir gætu staðið undir hverju sinni. Og ég verð að segja það, að framfarir á þessu sviði, sem ástæða er til að ætla að hafi átt sér stað hjá hæstv. félmrh., eru mjög ánægjulegar og gagnlegar, og ég vænti þess, að þó að hann fari úr ráðherrastólnum, þá geymi hann þessi sannindi hjá sér og viðurkenni þau, hvað sem hann á eftir að starfa.

Það hafa ýmsir hlegið að þeirri fullyrðingu stjórnarflokkanna, þegar þeir voru að reyna að koma sökinni á hendur sjálfstæðismönnum fyrir það, hversu verkfallið dróst á langinn. Það munu hafa verið rúml. 200 farmenn, sjómenn, sem tóku þátt í verkfallinu á *kaupskipaflotanum*. Mig minnir, að í sambandi við lausn verkfallsins hafi verið bornar fram þrjár sáttatillögur, sem gengu undir atkv. verkfallsmanna. Ég man ekki betur en till. þessar hafi verið felldar með 200 atkv. og 2 atkv. hafi verið hlutlaus, 202 greiddu atkv., 200 felldu, en 2 greiddu ekki atkv., en það voru flestallir þeirra, sem í verkfallinu stóðu.

Nú sögðu málgögn stjórnarflokkanna, að sjálfstæðismenn — og þá sérstaklega Bjarni Benediktsson — ættu sök á því, að verkfallið dróst á langinn, m. ö. o.: sjálfstæðismenn áttu að ráða því, hvernig atkvgr. fór um þessar sáttatillögur. Sjálfstæðismenn áttu með öðrum orðum að ráða atkvgr. allra þessara farmanna.

Nú er það svo, að við sjálfstæðismenn viðurkennum lýðræðið ekki bara í orði, heldur einnig á borði, og viljum sem minnst afskipti af því hafa, hvernig menn greiða atkv. En þótt það þætti nú trúlegt, að sjálfstæðismenn og Morgunblaðið gætu haft einhver áhrif á sjálfstæðismenn, hvaða afstöðu þeir mundu taka til tillagna eins og þeirra, sem hér um ræðir, þá hygg ég, að fæstir trúi því, að sjálfstæðismenn gætu haft áhrif á það, hvernig kommúnistar, framsóknar-

menn, þjóðvarnarmenn og jafnaðarmenn greiða atkv. eða greiddu atkv. um þessar tillögur, — eða vilja menn halda því fram, að allir farmennirnir 200 eða rúml. 200 að tölu séu sjálfstæðismenn? Enda þótt ég vilji trúa því, að þeir séu margir sjálfstæðismenn og þeim hafi fjölgað allverulega, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá veit ég, að í þessum hópi eru nokkuð margir jafnaðarmenn, sósíalistar og e. t. v. einhverjir framsóknarmenn og þjóðvarnarmenn. En ef svo er, þá er útilokað að reyna að koma sök á sjálfstæðismenn fyrir það, hvernig atkvgr. fór um þessar tillögur. Þá velta þessar ásakanir um sjálfar sig og eru þá opinberlega eins og flest annað, sem stjórnarflokkarnir hafa sagt um þessi verkföll, falskar ásakanir á Sjálfstfl. um það, að hann vilji kynda undir verkföllum, hann vilji hafa verkföllin sem lengst, enda þurfa stjórnarflokkarnir ekki að láta sér detta í hug, að almenningur í landinu trúi þessum fáheyrða áróðri.

Hæstv. sjútvmrh. er ekki viðstaddur hér við þessa umr., hæstv. fjmrh. ekki heldur. Það er þess vegna ekki unnt að endurtaka fsp. til þessara hæstv. ráðh., sem nauðsynlegt væri að fá svarað, og verð ég þess vegna að láta það bíða í sambandi við 2. umr. um þetta mál, ef þessir háu herrar birtast ekki hér í salnum. En tækifærið mun koma, þótt seinna verði, á þessu þingi og næstu daga, að ég hygg, því að útflutningssjóðurinn, tekjuöflun til hans og meðferð hans öll verður að koma til umræðu hér. Jafnvel þótt afgreiðslunni verði frestað fram yfir bæjarstjórnarkosningar, verður tækifæri til þess að ræða nokkru frekar um útflutningssjóðinn núna fyrir jólin.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætlaði að leyfa mér að mælast til þess, að það væri kannað, áður en umr. héldu áfram, hvort hæstv. ráðherrar væru ekki í þinghúsinu, og einnig mætti kannske koma því áleiðis til skrifstofu Alþingis að athuga, hvort ekki væri hægt að útbúa sérstaka ráðherrabjöllu í forsetastóli, því að það virðist ekki vera vanþörf á því. En sérstaklega vildi ég óska eftir því, að það væri kannað, hvort hæstv. sjútvmrh., sem við eigum mjög vantalað við, sé ekki hérna í þinghúsinu og geti verið viðstaddur umræðurnar.

Forseti (HÁ): Það er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni, að það sé athugað, hvort ráðherrar eru í húsinu. Lengra mun ég ekki ganga að sinni, enda má hver fyrrv. ráðherra muna þá tíma, að þeir hafa ekki einlægt getað verið við til að svara fyrir þau mál, sem til umræðu hafa verið.

Mér er tjáð, að hæstv. sjútvmrh. sé á fundi með útvegsmönnum, — ekki hér í húsinu, — en það þýðir það, að hann er upptekinn, og þess þá ekki að vænta, skilst mér, að hann geti mætt hér um sinn. (Gripið fram í.) Það er ætlunin að halda áfram umræðum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég held, að það sé alveg óvanalegt, að það séu ekki bornar upp tillögur þingmanna, og það er komin fram till. um frestun fundarins. Er ekki meiningin að bera hana upp? (**Forseti:** Ég tel ekki ástæðu til að bera upp, hvort umr. skuli frestað, meðan menn eru á mælendaskrá.)

Herra forseti. Það eru nýir siðir með nýjum herrum. Hæstv. forseta þykir ekki einu sinni ástæða til þess að bera upp till., sem þingmenn koma með, og tillögur eru nú bornar upp, enda þótt menn séu á mælendaskrá, og oftast eru þær nú einmitt bornar upp, meðan menn eru á mælendaskrá, en ekki allir búnir að tala sig dauða, svo að menn geti ekki rætt um tillögurnar. Og í þessu tilfelli er það um framkvæmd á þingsköpunum, og ég tel það alveg óeðlilegt, að slíkt sé ekki borið undir hv. d., hvort þingfundi eða þessu máli skuli ekki frestað. Og til þess liggja m. a. þau rök, að þetta mál hefur fengið alveg óvanalega meðferð í þinginu, og á það hefur verið bent. Hæstv. sjútvmrh. sagði síðast, þegar þetta mál var rætt, að það hefði verið rætt meira en önnur mál. Að því hefur verið vikið hér, og það er ósköp eðlilegt, því að málefnaumræður hafa verið svo sáralitlar á þessu þingi, það sem af er. En hæstv. sjútvmrh. kom ekki inn í þessar umræður fyrr en á síðara stigi þeirra og þannig t. d., að ég, sem á sæti í fjhn., þar sem engar upplýsingar fengust um þetta mál, var búinn að nota minn ræðutíma og átti litinn sem engan kost á að ræða við hæstv. sjútvmrh. um málið. Þess vegna var það, sem nokkrir sjálfstæðismenn — og ég var sömu skoðunar og þeir — gerðu þá grein fyrir atkv. sínu, þegar þessu máli var vísað til 3. umr., að þeir vildu vísa málinu til 3. umr. og einmitt og sér í lagi í trausti þess, að þá kæmu fram í þessu máli nánari og fyllri upplýsingar en enn hafa komið. Og það er hart, þegar þingmenn eru að gegna þingskyldu sinni, að reyna að kryfja hvert mál til mergjar, áður en endanleg atkvgr. er látin fram fara, að hæstv. ráðherrar skjóta sér undan að svara beinum fsp., sem fram hafa verið bornar, og hæstv. sjútvmrh. mátti vita það, að þegar 3. umr. um þetta mál fór fram, var einmitt sérstaklega til þess ætlazt, að hann væri hér til þess að veita andsvör af hálfu hæstv. ríkisstj.

Hæstv. sjútvmrh. kvartaði undan því við 2. umr. þessa máls, að það væri gengið fram hjá því að ræða efni málsins og önnur óskyld atriði væru rædd, eins og kjaradeilur og verkföll, sem átt hefðu sér stað fyrr á árinu.

Nú er spurning um það, hvað er efni frumvarps. Er það aðeins orðanna hljóðun í frumvarpinu, eða er það kannske einnig og ekki síður það markmið og tilgangur, sem frv. hefur? Ég held, að hæstv. sjútvmrh. og stjórnarsinnar mættu gera sér grein fyrir þessu.

En ég skal ræða báða þætti þessa máls, og ef við víkjum að því fyrsta, þá er það aðeins orðanna hljóðun í þessu frv., — hver er hún? Hún er sú, að það skuli vera heimilt að taka yfirfærslugjald af erlendum skipaleigum. Það segir þetta frv. í orði kveðnu: að taka yfirfærslugjald af erlendum skipaleigum, m. ö. o.: frumvarpið er að leggja ný útgjöld á vissa þjónustu, sem áður var ekki fyrir hendi. En hvað segir svo hæstv. ríkisstj., þegar hún fer með brbl. til hæstv. forseta Íslands? Í grg. fyrir brbl. segir:

„Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna

nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., að því er varðar innheimtu yfirfærslugjalds. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög“ o. s. frv.

Þetta er það eina, sem grg. segir, og hér hefur sýnilega verið skrökvað að hæstv. forseta Íslands í greinargerðinni. Þetta frv. er ekki um innheimtu yfirfærslugjalds. En grg. frá hæstv. forsrh. segir, að það beri brýna nauðsyn til að breyta lögunum um útflutningssjóð að því er varðar innheimtu yfirfærslugjalds. Það er ekki stafur um innheimtu yfirfærslugjalds í þessu frv. Það, sem frv. segir, er um *nýja álagningu* yfirfærslugjalds, að það megi nú leggja yfirfærslugjald á þjónustu, sem áður var ekki hægt að leggja yfirfærslugjald á. En það er sitt hvað álagning útgjalda eða innheimta útgjalda, og það hafa heldur ekki í þeirri reglugerð eða auglýsingu, sem sett var, nein ákvæði verið sett um innheimtu yfirfærslugjaldsins. Hún er algerlega óbreytt og reglugerð um innheimtu yfirfærslugjalds nákvæmlega sú sama og áður var.

Þegar svona er í pottinn búið, þá er eðlilegt, að þingmenn eigi erfitt með að átta sig á málunum, og það hefur tekið langan tíma að toga upplýsingarnar upp úr hæstv. ríkisstj. Og það skeður áreiðanlega ekki á hverjum degi, að það eru færðar rangar forsendur fyrir nauðsyn brbl., sem sett hafa verið.

Við höfum áður, sjálfstæðismenn, vitt, hvernig þetta mál ber að og meðferð þess, og með þeim orðum, sem ég hef nú sagt, eru þær vítur endurteknar. Ef við síðan komum að og viljum ræða nánar en þegar hefur orðið tilgang og takmark þessarar löggjafar, þá hefur það verið viðurkennt af hæstv. sjútvmrh., að takmark þess sé eða tilgangur að efna fyrirheit, sem gefin voru í sambandi við lausn farmannadeilunnar í sumar. Þegar það eitt út af fyrir sig liggur fyrir, að ákveðin loforð hafa verið gefin um lausn vinnudeilu, sem setja þarf löggjöf um á síðara stigi málsins, þá á þingið kröfu til þess, að því sé gerð grein fyrir því, hvaða þörf var á þessu ákvæði, hvað er með þessu ákvæði verið að bæta skipafélögunum mikið, hvað þau töldu sig þurfa miklar uppbætur í einni eða annarri mynd til þess að standast hinar nýju kröfur og hvað miklar uppbætur felast í þessu, og Alþ. á kröfu til þess, fyrst það á að leysa verk vinnudeilunnar með löggjöf, að þessar upplýsingar séu lagðar á borðið. Það hefur verið látið að því liggja, og ég hef haldið því fram, að ég hafi heyrt því fleygt, að með þeim farmgjaldahækkunum, sem Eimskipafélagi Íslands voru heimilaðar á þeim farmgjöldum, sem háð eru verðlagseftirliti, sé talið, að það nemi um það bil helmingnum af þeim aukna tilkostnaði, sem af verkfallinu og vinnudeilunum leiddi. En hvað gerir þetta? Hvað gerir þetta til viðbótar, og hverjum er þetta frv. þá fyrst og fremst til hagsbóta?

Eins og ég sagði áðan, þá ætti það ekki eftir orðalagi frv. að verða neinum til hagsbóta nema útflutningssjóði, sem ætti að fá auknar tekjur. Það hefur verið spurt eftir því, hvað útflutningssjóður hafi fengið miklar auknar tekjur skv. þessu frv. Hæstv. sjútvmrh. taldi sig á því stigi málsins ekki hafa upplýsingar um það, en aðrir aðilar gætu gefið þær upplýsingar. Auðvitað bar þessum hæstv. ráðh. að afla þessara upplýsinga á milli umr. og gefa þær nú ekki síðar en við 3. umr. málsins, sem á sama tíma er síðasta umr. í þinginu. Þetta er óverjandi lítilsvirðing fyrir þinginu, hvernig hæstv. ráðh. koma fram. Hæstv. sjútvmrh. skildi hér við ræðustólinn við 2. umr. með óbótaskömmum og svívirðingum um einstaka þm., og síðan flýr þessi hæstv. ráðh. af hólmi, þegar lok umr. eiga að fara fram um málið.

Ég hef spurt um: Hvað hefur útflutningssjóður fengið miklar *nýjar* tekjur? Það er steinhljóð. Kannske hæstv. aðrir ráðh., sem hér eru viðstaddir, geti gefið þessar upplýsingar, og er þess að vænta. Ef þeir ekki vita það, þá gætu þeir kannske reynt að ná í sína aðstoðarmenn og koma þessum upplýsingum á framfæri, áður en umr. *lýkur*. Ég hef í öðru lagi spurt: Hvernig er hagað framkvæmd þessa frv.? Á hvern hátt er framkvæmdinni hagað, þannig að þetta mál geti orðið þannig til hagsbóta fyrir skipafélögin, að þau fái upp bætt að einhverju leyti þau nýju gjöld, sem á þau voru lögð við samningana, sem fóru fram í sumar? Hvernig er því hagað? Eftir auglýsingu, sem gefin var út sama dag og bráðabirgðalögin voru sett, voru ákvæði um það, að allar aðrar gjaldeyrisgreiðslur fyrir skipaleigu en gjaldeyrisgreiðslur fyrir olíu og salt og einhverja einn eða tvo liði, sem ég man nú ekki, skuli háðar 8% yfirfærslugjaldi, og af þessari auglýsingu leiðir, að þegar skip er leigt af erlendum aðila og yfirfæra þarf gjaldeyri til greiðslu á flutningsgjaldinu, ber að leggja á 8% og skila útflutningssjóði þessu 8% gjaldi. En hvernig kemur þetta þá til góða hinum innlendu skipafélögum? Ekki felst í þessu nein heimild fyrir þau til að leggja 8% gjald á skipaleigurnar, og hvernig er það framkvæmt?

Þetta mun fyrst og fremst koma til hagsbóta skipaútgerð Sambands ísl. samvinnufélaga og einu skipaútgerðarfyrirtæki í Reykjavík, eftir því sem manni er tjáð, og mér skilst, að það eigi að koma þeim þannig til hagsbóta, að þegar erlendu skipaleigurnar hækka um 8% vegna þessa nýja yfirfærslugjalds, þá geti þessir aðilar hækkað sínar skipaleigur sem því nemur. M. ö. o.: skipaleigan, sem kostaði í einhverri einingu 100 kr. áður, mundi þá mega innheimtast sem 108 kr. nú til samræmis við það, sem erlenda skipaleigan er. Þetta skilst mér að sé tilgangurinn.

En hvernig er þetta framkvæmt? Ég hef áður lýst því í þessum umr., að mér er kunnugt um, að innflutningsfyrirtæki hafa fengið hér reikninga fyrir skipaleigu frá íslenzkum aðila, þar sem ekki er um neina yfirfærslu eða gjaldeyrisgreiðslu að ræða, og skipaleigan er tiltekin, og síðan er bætt á hana 8%. Er meiningin að framkvæma þetta svona? Samband ísl. samvinnufélaga, sem flytur með sínum eigin skipum, kemst þannig fram hjá því, að það hækkar auðvitað vöruna, og hjá innflytjendunum, sem flytja vöruna, hvort sem er með erlendum eða íslenzkum skipum, verða þeir að hækka, og er viðurkennt, að þeir megi hækka vöruna sem þessu nemur, og endanlega er það þá borgarinn, hinn

almenni borgari í þjóðfélaginu, sem borgar kostnaðinn af verkfallinu eða það sem það kostaði að leysa deiluna frá s. l. sumri. Hér er einkum og sér í lagi að ræða um flutningsgjöld á sementi og timbri, sem eru aðalbyggingarefnavörur landsmanna og hafa að sjálfsögðu leitt til þess, að þessar vörur eru nú gagnvart almenningi hærri í verði en þær ella væru.

En veit almenningur þetta? Hefur almenningi nokkurn tíma verið sagt þetta? Nei. Og lausn málsins hefur beinlínis verið hagað með það fyrir augum að hylja og dylja almenning um það sanna í þessu sambandi. Það hefur hagað þannig til, að verðfall hefur orðið á þessum vörum, og þar af leiðandi hafa þær ekki hækkað, jafnvel lækkað, en mundu auðvitað hafa lækkað meira, ef þessi nýi tilkostnaður hefði ekki til komið, en stjórnarliðið hefur hér á Alþ. — og það hafa menn auðvitað heyrt — gengið mjög vel fram í því að reifa ekki þessa hlið málsins. En þetta er ekki í ósamræmi við lausn annarra mála hjá hæstv. núverandi ríkisstj.: leggja á ný gjöld, reyna að hylja eða dylja hið rétta eðli þeirra, segja við almenning, þegar lagðar eru á 250—300 millj. kr.: þetta kemur ekkert niður á almenningi, það kemur bara niður á kaupmönnum og heildsölum, — falsa vísitöluna, búa til gjöldin á vörurnar beinlínis með tilliti til þess, að þær gangi ekki inn í vísitöluna, svo að almenningur fái ekki í kaupi sínu bættan hinn aukna tilkostnað. Þetta er ekki nýtt. Þetta var gert, þegar álögurnar voru lagðar fyrir þingið til útflutningssjóðs í lok s. l. árs. En yfir þessu frv. er þó enn þá meiri leynd, og hæstv. ráðh. skjóta sér hjá því að svara þeim spurningum, sem þeir eru spurðir að í þessu sambandi.

Það eru sem sagt nýjar álögur, sem valda hækkun á vöruverði, aukinni verðbólgu og meiri dýrtíð. Það er leyst á þann hátt, — það er ekki frá því sagt, — en byrðarnar lenda á almenningi í þessu máli eins og öðrum, áður en lýkur, og svo vill það gjarnan henda, að Samband ísl. samvinnufélaga fái svolítið í sinn hlut í leiðinni. Menn muna eftir Hamrafellssamningnum, samningi ríkisstj. um leiguna á því, það var ekki svo lítið rætt á síðasta þingi. Það þarf enginn að halda, að það séu ekki einhverjir fleiri samningar í sambandi við það mál á milli hæstv. sjútvmrh. og hæstv. fjrmrh., en það er áreiðanlegt, að þeir segja ekki þm. frá þeim samningum, fyrst þeir fást ekki til þess að tala um frv., sem fyrir liggja.

Þetta var önnur spurningin, sem ég spurði um: Hvernig er þetta framkvæmt? Grg. fyrir því hefur ekki verið gefin. Það hefur ekki verið sagt, hvað útflutningssjóður hefur fengið mikið í sinn hlut, og það er á engan hátt gefið í skyn, hversu mikil eða lítil bót þetta er, miðað við það, sem skipafélögin fóru fram á. Hérna eru þrjú atriði, sem mikilvæg eru við afgreiðslu þessa máls, og það er steinþagað við öllu.

Það skýtur alveg skökku við sú venja, sem virðist vera að ryðja sér til rúms, að það er ekki aðeins neitað að gefa almenningi upplýsingar um veigamikil mál, sem afgreidd eru af ríkisstj. utan þings, heldur er jafnvel neitað að gefa upplýsingar, þegar komið er inn í þingsalina sjálfa. — Ég sé nú, að hæstv. sjútvmrh. er kominn í sæti sitt, svo að ég held, að ég megi fara að byrja á byrjuninni aftur, svo að til hans verði beint nokkru af því, sem meiningin var að fá hann til að svara.

Ég vildi mega benda hæstv. sjútvmrh. á það í fyrstu, hvort ekki þætti ástæða til, áður en þetta frv. væri afgr., að leiðrétta þau ósannindi, sem í grg. frv. eru og hafa verið höfð í frammi gegn hæstv. forseta Íslands, að þetta frv. varði innheimtu yfirfærslugjalds, því að um það fjallar ekki þetta frv. Það fjallar um það að leggja nýtt yfirfærslugjald á vissa þjónustu, sem áður var undanþegin yfirfærslugjaldi. Þá vænti ég þess, að hæstv. sjútvmrh. svari þeirri fyrirspurn, sem ég hef ítrekað borið fram, hvað útflutningssjóður hafi fengið miklar tekjur skv. þessu frv. eða bráðabirgðalögum, sem nú er ætlazt til að staðfest séu. Loksins hef ég spurt, hvernig hagað sé framkvæmd þessa máls, þegar 8% yfirfærslugjald er lagt á erlenda skipaleigu, — hvernig er þá hagað framkvæmdinni á því, að íslenzku skipafélögin fái þær hagsbætur, sem þau eiga að hafa af þessu til þess að bæta þeim upp aukinn tilkostnað vegna verkfallanna í sumar, eins og gerð hefur verið grein fyrir af hæstv. sjútvmrh. Og loksins, þar sem nú á í raun og veru að láta löggjafann fjalla um það, hvernig leyst var vinnudeila, þá ber að gefa löggjafanum skýringu á því, hvað er hér um að ræða mikla eða litla uppfyllingu af þeim kröfum og óskum, sem af hálfu skipafélaganna var beint til ríkisstj. í sambandi við lausn deilunnar. Hæstv. ríkisstj. getur samið að sjálfsögðu, meðan hún hefur vald til, um lausn vinnudeilnanna og verkfallanna, ef það er ekki mál, sem undir löggjafarvaldið heyrir, án þess að löggjafinn telji, að hann þurfi að fá upplýsingar um það. En þegar hæstv. ríkisstj. leysir verkföll og vinnudeilur með þeim hætti, að það þarf að leita til löggjafans um þær ákvarðanir, sem gerðar eru, þá á löggjafinn kröfu til þess að vita, á hverju ákvörðunin er byggð: Af hverju 8%, af hverju ekki 6%, af hverju ekki 10%, — af hverju 8%? Að hve miklu eða litlu leyti er með þessu orðið við þeim kröfum, sem gerðar voru? Tölulegar upplýsingar hljóta að liggja fyrir í þessu efni. Þær hljóta að hafa verið gerðar af hálfu skipafélaganna eða þeirra krafizt af hálfu ríkisstj., áður en staðfest er samkomulag við viðkomandi aðila, og þegar löggjafinn er kvaddur til þess að leggja blessun sína yfir þessa ráðstöfun, þá á hann heimtingu á því að fá þessar upplýsingar, að þær liggi fyrir.

Þá hef ég vikið að því á fyrra stigi þessa máls, að því hafi verið haldið fram í erlendum blöðum, sem um fjármálaefni fjalla, að við Íslendingar værum að gerast brotlegir við samninga okkar við önnur ríki í því efnahagssamstarfi, sem við eigum við Vestur-Evrópuríkin, og það hefur verið ítrekað af öðrum en mér, og það hefur verið leitað svars um það, hverjar eru skoðanir ríkisstj. á þessu máli, að hve miklu eða litlu leyti þessar ásakanir fái staðizt. Þær eru ekki alveg út í bláinn fram settar, þær eru settar fram vegna þess, að því er haldið fram, að þeir, sem hafa hagsmuna að gæta í hinum

erlendu skipafélögum, njóti ekki sömu kjara og innlend skipafélög og það sé verið að mismuna þeim og brjóta þau samningsákvæði eða þær skuldbindingar, sem íslenzk stjórnarvöld hafa tekizt á hendur í efnahagssamvinnu Evrópuríkjanna. Nú hef ég bent á, að þessu hefur verið haldið fram á erlendum vettvangi, og beðið um nánari upplýsingar um þetta mál og ríkisstj. a. m. k. gerði grein fyrir því viðhorfi sínu, að hve miklu eða litlu leyti þetta sé rétt. Engu hefur verið um þetta svarað.

Þá verð ég að vekja athygli hæstv. sjútvmrh. á því, að hann hefur kvartað undan því, að við ræddum ekki efni þessa frv. og færum út fyrir efni þess. Ég gerði grein fyrir því, áður en hann kom, að annars vegar má skoða efni frv. eftir orðalagi frv., eftir orðanna hljóðan, en hins vegar og ekki síður eftir tilgangi og takmarki frv., og þegar viðurkennt er af hæstv. sjútvmrh. sjálfum, að tilgangur og takmark þessa frv. sé að staðfesta samkomulag, sem gert hafi verið til lausnar vinnudeilum, þá er það ekki fyrir utan efni þessa frv. að ræða um það samkomulag, sem þarna varð, eða þá vinnudeilu, sem nauðsynlegt var að leysa með umgetnu samkomulagi. Allt tal hæstv. sjútvmrh. á fyrra stigi þessa máls um, að það hafi af hálfu sjálfstæðismanna verið farið út fyrir efni málsins, fær því ekki staðizt. Hitt stendur eftir sem áður, að raunverulegt efni málsins átti að dylja þingheim og aðra og láta líta út fyrir, að hér væri um allt annað að ræða en raun ber vitni um.

Í stórum dráttum er efni málsins þetta, og það eru lögð á ný gjöld, sem verða til þess, að nauðsynjavörur í landinu, fyrst og fremst byggingarvörur eins og sement og timbur, eru hærri fyrir almenning en ella mundi vera, og var þó ekki á bætandi kostnaðinn við íbúðabyggingar í landinu. En hæstv. ríkisstj. er að framfylgja verðstöðvunarstefnunni með þessu, með því að gera beinar ráðstafanir til þess, að vöruverð hækki. Við höfum ekki í sjálfu sér gagnrýnt, hvort nauðsyn bar til þess að gera þetta eða ekki, en við höfum haldið fram, sjálfstæðismenn, að ef slíkar ráðstafanir eru gerðar, beri stjórnarmönnum skylda til að segja það, vegna hvers ráðstafanirnar eru gerðar og í hverju þær felast, — segja einfaldlega við almenning í þessu landi: Ja, við neyðumst til þess að leyfa hækkun á farmgjöldum til landsins, sem leiða mun til hækkunar á byggingarvörum eins og sementi og timbri, við sjáum okkur ekki annað fært; þið verðið svo að dæma okkur eftir málefnum og eftir því, hvernig hver og einn metur kringumstæðurnar. — En það er ekki það, sem er gert, og það var heldur ekki gert, þegar álögurnar miklu, jólagjöfin, voru á lagðar. Þá voru sérfræðingar ríkisstj. búnir að leggja höfuðin í bleyti, hvernig hægt væri í sem ríkustum mæli að falsa vísitöluna, svíkjast aftan að almenningi, leggja á hann stórkostleg útgjöld, segja ósatt um það í þingsölum og útvarpi, að útgjöldin kæmu ekki á almenning, og tryggja það um leið, að almenningur fengi sem minnst bætt útgjöldin, m. ö. o.: að vísitalan hækkaði ekki. Það getur vel verið í þessu tilfelli, fyrra tilfellinu, alveg eins og í því, sem hér liggur fyrir, að annarra kosta hafi ekki verið völ. Ég skal ekki á þessu stigi málsins fella um það dóm. Ef ekki var annarra kosta völ, þá á að segja fólkinu bara, hvað gert hafi verið, og umfram allt hvorki hér né endranær að haga ráðstöfunum sínum þannig að hylja almenning það, sem máli skiptir og skiptir alla hans lífsafkomu. Þetta er nákvæmlega sama og skeður, þegar verið er að greiða niður landbúnaðarvörur á s. l. hausti. Þá eiga sér stað svo og svo miklar niðurgreiðslur. Hvernig er þessum niðurgreiðslum hagað? Hvað mundi verðið vera, ef vörurnar væru ekki greiddar niður? Það hafa verið fluttar hér á þinginu till. til þess að fá þetta upplýst. Það þarf að toga þessar upplýsingar allar með töngum út úr hæstv. ríkisstj. og gengur stórerfiðlega, sem henni ber þó skylda til, ef hún vill sóma sinn í nokkru, að segja af sjálfsdáðum og eiga frumkvæði að því að upplýsa almenning um.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins hafa um þetta frv. fleiri orð nú. Ég vona, að í þessari síðustu lotu geri hæstv. sjútvmrh. tilraun til þess að svara þeim beinu fyrirspurnum, sem til hans hefur verið beint, og á síðara stigi málsins er þá ef til vill hægt að ræða þær enn nánar.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það er nokkuð einkennileg tilhneiging til málþófs, sem kemur fram í sambandi við þetta litla frv. frá fulltrúum sjálfstæðismanna hér í d. Hér er staðið upp skipti eftir skipti, og hver þm. deyr af öðrum í umr. og það jafnvel oftar en einu sinni og spyr í sífellu um það sama, sem reyndar er margbúið að svara.

Nú heyri ég, að hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) er hér enn að endurtaka þær spurningar, sem hér er búið að svara, og enn er hann að biðja um upplýsingar um það mál, sem allar upplýsingar hafa hér verið gefnar um. Ég heyrði nú, að hann endurtók þá spurningu sína: Hvernig er innheimtu þessa gjalds háttað, sem hér er um að ræða? Ég hafði áður svarað þessu og sagt, að með innheimtu á þessu yfirfærslugjaldi væri farið eins og um innheimtu á öðrum yfirfærslugjöldum samkv. þessum sömu lögum. Sömu aðilar hafa með það að gera, og þar er enginn munur á. Það eru sem sagt gjaldeyrisyfirfærslubankarnir, sem hafa með innheimtu á þessu gjaldi að gera. Þetta er þegar upplýst, og samt er verið að endurtaka þessa spurningu hér.

Þá var spurt um það hér enn áður, og nú var sú spurning endurtekin, hvaða tekjur útflutningssjóður hafi haft af þessu gjaldi, sem nú hefur staðið rúma 2 mánuði. Ég sagði það hér á fyrra stigi málsins, að ég hefði ekki upplýsingar um það, enda flokkaðist það ekki undir mig að fylgjast með því nákvæmlega, hvað hver einstakur tekjupóstur í þessum lögum gæfi útflutningssjóði frá viku til viku eða mánuði til mánaðar, enda öllum mönnum augljóst, að hér gat ekki verið um miklar tekjur að ræða fyrstu tvo mánuðina, þegar um það er nú líka að gera, að hér er um að ræða gjald á yfirfærslum vegna erlendrar skipaleigu, en erlendu skipin eru ekki svo mörg eða leigur þær, sem hér er um að ræða,

að búast megi við því, að á fyrstu tveimur mánuðunum sé innheimta komin að neinu verulegu marki. Ég taldi, að miklu réttara væri að kynna sér þetta hjá réttum aðilum, þegar lögin hefðu verið í gildi eins og hálft ár eða svo. En ég spurðist hins vegar fyrir um þetta hjá útflutningssjóði, hvað miklar tekjur hann væri búinn að fá af þessum yfirfærslum nú eftir fyrstu tvo mánuðina, og mér var tjáð, að þetta væri rétt rúmlega 100 þús. kr., sem þá væru innkomnar til sjóðsins, en búast mætti hins vegar við því, að nokkru meira hefði kannske verið innheimt af bönkunum, en ekki skilað enn þá til sjóðsins.

Þá endurtók hv. 5. þm. Reykv. líka þá spurningu sína: Hvers vegna var hér verið að leggja á 8% yfirfærslugjald, en ekki eitthvað annað?

Ég gerði hér allýtarlega grein fyrir því, hvaða ástæða hefði legið til þess. Ég benti á það, að íslenzku flutningaskipin sigla á tveimur mismunandi flutningataxtakjörum. Sum skipin búa við flutningsgjöld, sem eru ákveðin hér innanlands af innflutningsskrifstofunni eða verðlagsstjóra. Þannig er t. d. varið með flest skip Eimskipafélagsins. Þau starfa að mestu þannig, að þau flytja svonefnda stykkja- og sekkjavöru, sem er háð flutningsgjaldi eftir ákvörðun innflutningsskrifstofunnar. Þessi flutningsgjöld hafa á þessu ári verið hækkuð samkv. heimild íslenzkra yfirvalda, fyrst um 5% og síðan um 1½%, eða hækkunin þar nemur um 6½%. Með tilliti til þessarar hækkunar þótti ekki óeðlilegt, að hinum íslenzku flutningaskipunum, sem rekin eru á grundvelli flutningataxta, sem miðaðir eru við frjálsan markað, yrði gert kleift að hækka nokkuð sína flutningataxta eða allt að 8% á þeim einum vöruflokkum, sem hér eru greindir í þessum lögum, en það er aðeins takmarkaður hluti af þeirra flutningum. Og með tilliti til þess var sem sagt ákveðið að ganga hér inn á 8% yfirfærslugjaldið á leigum erlendu skipanna. En það gefur vitanlega auga leið, að um leið og ákveðið er að taka þetta 8% yfirfærslugjald af erlendu skipunum, fá íslenzku skipin tækifæri til þess að hækka sín flutningsgjöld í samkeppni við erlendu skipin, sem þessu gjaldi nemur, eða allt að því.

Þetta var gert hvort tveggja af því, að fyrir lá, að íslenzku flutningaskipin stóðu orðið höllum fæti í samkeppninni við erlendu skipin og það þurfti gjarnan að mæta óskum þeirra að nokkru leyti. Þau höfðu fengið á sig hækkuð útgjöld, m. a. í vinnudeilunni, sem hér stóð á s. l. sumri, og því þurftu þau gjarnan þarna á nokkurri aukinni vernd að halda. En auk þess þurfti svo útflutningssjóður líka á auknum tekjum að halda, og þótti þá rétt að haga þessu þannig, að hann fengi tekjuaukann, sem kæmi fram við það að fara þessa leið.

Ég heyrði svo hv. 5. þm. Reykv. gera hér stórar kröfur um það að fá upplýsingar um þetta mál. Mér er bara alveg hulið, hvað það er, sem hann telur ekki upplýst í þessu máli. Hefur hann ekki áttað sig á því, um hvað þetta mál fjallar, hvaða aðilar það eru, sem hér eiga að greiða aukið yfirfærslugjald, og hvaða almenna þýðingu það hefur fyrir hina, sem keppa á sama grundvelli og ekki þurfa að borga þetta gjald? Hefur hann ekki fengið upplýsingar um það, hvert þessar tekjur eiga að fara? Hvað er það, sem hv. þm. vantar yfirleitt í upplýsingum? Er það ekki miklu frekar hitt, að hann vanti eitthvert tækifæri til þess að standa hér uppi í pontunni og reyna að teygja lopann? Ég held, að það hljóti að vera það.

Þá hefur þessi þm. hér endurtekið það, að hann hafi heyrt orðróm vera uppi um, að erlendir aðilar væru að kveinka sér undan þessu gjaldi og teldu jafnvel, að brotnar væru á þeim reglur í sambandi við samninga, sem þeir hefðu við Ísland.

Ég verð að játa það, að ég hef aldrei heyrt þessu fleygt fyrr en hér í ræðustól á Alþ. Ég hef aldrei heyrt á þetta minnzt. Enginn fulltrúi erlendra skipafélaga hefur á þetta minnzt við mig á nokkurn hátt, og hefði það þó ekki verið óeðlilegt, að umkvartanir hefðu þangað komið um þessi mál. Mér er ekki kunnugt um það heldur, að það hafi borizt til annarra ráðherra, eða ekki hefur verið á það minnzt í ríkisstj.

Ég held því, að þær miklu áhyggjur, sem þessi hv. þm. virðist hafa út af hagsmunum erlendra skipafélaga í þessu efni, séu með öllu ástæðulausar og hann geti sparað sér að hafa nokkrar áhyggjur í þeim efnum, enda sýnist mér líka vera alveg augljóst, að hér er ekki um neina misbeitingu að ræða, heldur það, sem vitað er að á sér stað í mörgum tilfellum, bæði hér hjá okkur og öðrum þjóðum, að það er fremur hlynnt að því, að innlend skip geti fengið þá flutninga, sem um er að ræða, og eru mörg hliðstæð dæmi þessu annars staðar frá.

Um það atriði svo, að það hafi átt að hylma yfir það, að með þessum lögum væri stefnt að því að hækka hér verð á tilteknum nauðsynjavörum eins og sementi og timbri, þá er það, eins og ég hef margskýrt hér frá áður, vitanlega líka tilhæfulaus ásökun, því að frá því var skýrt, áður en meira að segja lögin voru sett, að til þess yrði tekið að leyfa nokkra hækkun á flutningsgjöldum til íslenzku skipafélaganna, en það mundi verða reynt að koma því þannig fyrir, að hér yrði um sem minnsta verðhækkun að ræða fyrir almenning í landinu. Og þess var jafnframt gætt, að að því leyti til, sem þetta kemur á sement og timbur, þá var reynt að sæta lagi með að koma því þannig fyrir, að a. m. k. yrði um eins lítla verðhækkun á þessum vörum í útsölu að ræða og frekast voru tök á, enda hefur reynslan sýnt, að verð á sementi og timbri hefur farið lækkandi síðan þetta gjald var sett. (Gripið fram í.) Nei, það var vegna þess, eins og ég skýrði hér líka frá áður, að flutningsgjöldin voru almennt að lækka, en þau eru vitanlega stór liður í þessu söluverði. Og það var það, sem haft var í huga, að á sama tíma sem þarna var að eiga sér stað veruleg lækkun á flutningsgjöldum, var þetta gjald sett á um leið og einmitt á þá vöruflokka, þar sem lækkunin var einna mest.

Það er svo svipað með þetta mál eins og ráðstafanirnar til stuðnings útgerðinni í byrjun ársins. Það er þetta sífellda kvak um það, að vissir hv. þm. hafi ekki skilið, hvað í löggjöfinni fólst, þeir hafi ekki skilið það, hversu

stuðningurinn var mikill við útgerðina, og ekki heldur skilið það, um hvað miklar álögur var að ræða á hina einstöku vöruflokka og á almenning í landinu. Þetta er í rauninni alveg furðulegt, að menn skuli enn í dag vera að staglast á þessu. Og í sambandi við stuðninginn til útgerðarinnar verð ég að segja það, að þetta getur ekki sýnt neitt annað en það, að þannig var búið að ganga frá þeim málum áður, að þeir, sem að því stóðu, vissu ekkert um, hvaða stuðning útgerðin hafði eftir öllum þeim liðum, sem þar voru ákveðnir til stuðnings útgerðinni, því að löggjöfin, sem nú var sett, var eins skýr í þessum efnum og frekast varð á kosið, þar sem ákveðið var, að útgerðin skyldi fá þann stuðning að fá tiltekna prósentuhækkun til uppbóta á hið erlenda söluverð aflans. Það lá því alveg skýrt fyrir, hvað stuðningurinn var mikill. En hvað var þá hækkunin mikil frá því, sem áður hafði gilt? Það gátu þessir herrar ekki reiknað út, af því að þeir vissu ekkert, hvað í gildi var eftir öllum þeim ákvæðum, sem þá voru í gildi. Það er sannleikur málsins.

Þessir hv. þm. geta svo í rauninni ekki ásakað neinn annan en sjálfa sig um það að skilja ekki, hvað í jafneinföldu frv. felst og því, sem hér liggur fyrir, eða þeirri löggjöf, sem búin er að standa hér í gildi frá Alþ. í heilt ár og sett var um síðustu áramót til stuðnings framleiðslunni.

Eitt atriði var hér enn, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist hér á. Hann sagði, að leiðrétta bæri það, sem sagt hefði verið af hálfu ríkisstj. við forseta Íslands og fram kæmi hér í sambandi við þau brbl., sem um þetta voru sett, þar sem var sagt, að það væri nauðsynlegt að breyta l. um útflutningssjóð að því er varðar innheimtu yfirfærslugjalds, og taldi, að hér væri ranglega skýrt frá. Hér er auðvitað fullkomlega rétt skýrt frá, því að breytingin á l. varðar aðeins þann kafla l., er varðar innheimtu á yfirfærslugjaldi. (Gripið fram í.) Já, það er hvort tveggja, bæði innheimta og álagning, og má vel segja það kannske, að það hefði mátt hafa hitt líka, ef menn vilja hafa alla þessa nákvæmni með, og kannske þarf slíka nákvæmni, til þess að þessir hv. þm. fái skilið það efni, sem frv. fjallar um.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Fyrirlitning hæstv. ríkisstj. á Alþ. og þingræðislegum stjórnarháttum hefur sjaldan lýst sér betur en í dag. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ráðherrum hefur ekki verið ofþjakað frekar en öðrum þm. með langri fundarsetu þá mánuði, sem Alþ. hefur nú staðið. Það er ómótmælt, að einn af virðingarmönnum þingsins sagði ekki alls fyrir löngu, að þangað til nú fyrir 2—3 dögum hefði meðaltal funda í Nd. verið 7½ mínúta, og ég hygg, að forseti hafi minnzt þess sérstaklega annaðhvort í fundarlok eða u. þ. b., sem hann steig úr forsetastól sínum, að það væri einstakur atburður, sem gerzt hefði nú í vikunni, að allur fundartími til kl. 4 var notaður af hv. Nd. Þegar svo stendur, mætti ætla, að hæstv. ríkisstj. virti Alþ. svo mikils, að þann stutta tíma, sem þm. er ætlaður til að ræða hin mikilvægustu mál, sem hrúgað er inn í lok þessa þinghalds, sem nú stendur yfir, létu hæstv. ráðh. svo lítið, að þeir mættu ótilknúðir hér á fundi. En við höfum nú orðið þess ásjáandi og áheyrandi, að það var ekki fyrr en eftir ríkan eftirrekstur ýmissa þm. og hæstv. varaforseta, þm. N-M., að hæstv. sjútvmrh. var nánast nauðugur dreginn hingað inn í þingdeildina.

Við höfðum orðið þess áheyrandi fyrr í dag, að hæstv. fjmrh. hafði í beinum hótunum við hv. 1. þm. Rang. (IngJ) fyrir það, að hann skyldi vera svo djarfur að segja satt og rétt frá því, sem áður hafði gerzt í ríkisstj. Hæstv. fjmrh. hrópaði fram í frásögn hv. 1. þm. Rang., að það skyldi ekki borga sig fyrir þm. að halda þessu fram. Hafi nokkurn tíma heyrzt hótun úr ráðherrastóli eða frá þeim, sem þykist hafa yfir að ráða stærsta fjársjóði Íslendinga, hafi nokkurn tíma fyrr heyrzt slík hótun, þá hef ég ekki heyrt hennar getið. Sem betur fer, er þvílíkt athæfi ráðh. gersamlega fáheyrt og sannast sagt óskiljanlegt, að jafnveraldarvanur maður og hæstv. fjmrh. skuli gera sig sekan um þvílíka óhæfu, sýnir, að hans geðsmunir eru mjög úr lagi færðir og hann á við meiri bágindi að búa en áður fyrr, meðan hann hélt nokkurn veginn hýrri há.

Það er einnig mjög eftirtektarvert, að þessi hæstv. ráðh., hæstv. fjmrh., sem áður fyrr reyndi að vanda orð sín nokkuð og segja ekki meira en hann gat staðið við, er nú, eftir að hann er kominn í sinn núverandi félagsskap, staðinn að því hvað eftir annað að segja gersamlega ósatt.

Hæstv. fjmrh. lét hafa sig til þess við útvarpsumr. í vor að halda því blákalt fram, að það væri rangt, sem við sjálfstæðismenn héldum þá fram, að kostur hefði verið á Sogsláni vorið 1956, svo fremi þáverandi stjórn hefði viljað tengja lánsútvegunina við áframhaldandi dvöl varnarliðsins á Íslandi, og hann bar einnig á móti því, að stórlán hefði þá verið fáanlegt í Þýzkalandi. Blað hans hefur hvað eftir annað ítrekað þessa umsögn ráðherrans síðan, og verður að telja, að sú ítrekun standi fyrir hans reikning. Hafi ráðh. mælt af ókunnugleika í vor, sem ég vildi þá telja að þannig hefði á staðið, a. m. k. um annað þessara atriða, að hann hefði verið á kosningaferðalagi, þegar það kom til ákvörðunar ráðherranna, og því farið fram hjá honum, þá hefur hann síðan átt þess fullan kost að kynna sér, hvað raunverulega átti sér stað, og hann er því ber að því gegn þeirri vitneskju, sem hann er skyldugur til að hafa aflað sér síðan, að hafa látið það viðgangast, að hreinum ósannindum væri haldið fram í hans nafni.

Hið sama bar svo við hér í d. í dag, að hæstv. fjmrh. leyfði sér að fullyrða, að við sjálfstæðismenn hefðum í fyrrv. ríkisstj. verið ásáttir með þá skipun á úthlutun atvinnubótafjár, að tveir ráðherrar önnuðust hana. Enginn veit þó betur en hæstv. fjmrh., að hann hafði um það alla forustu að stöðva stjórnarfrv., sem flutt var á þinginu 1955, þar sem lagt var til, að þessu fé og því, sem úthlutað yrði á fjárl. með svipuðum hætti, yrði úthlutað af þingkjörinni 5 manna nefnd. Hæstv. fjmrh. var þá að vísu tilleiðanlegur til þess, að það væri þingkjörin n., sem

tæki við þessu starfi, en hann setti það sem ófrávíkjanlegt skilyrði, að þannig yrði að haga til kosningunni, að kommúnistar gætu eftir þáverandi skipan þingsins ekki fengið neinn mann kosinn í n. Vegna þess að við sjálfstæðismenn vildum ekki fallast á þessa skipan málanna, heldur halda okkur að því, að það væru 5 menn kosnir, hverjir sem kosningu hlytu, — það færi eftir vilja kjósenda hverju sinni, — þá beitti hæstv. fjmrh. sér fyrir því, að löggjöfin um jafnvægi í byggð landsins, sem Framsfl. hafði átt þátt í að semja með okkur og hafði stutt fram á síðustu stund, var stöðvuð í þinglokin.

Eftir þennan feril og þó að það sé skjalfest, að málið var stöðvað á síðustu stundu, þá leyfir hæstv. fjmrh. sér að koma hingað og fullyrða frammi fyrir þingheimi, að við höfum ekki viljað breyta til um aðferðina, — við, sem vildum breyta til, en það var hann, sem stóð þar á móti.

Sem betur fer, þá eru þvílík alger ósannindi og umsnúningur staðreyndanna af hálfu ráðherra nokkurt nýnæmi. Ég játa, að þess finnast því miður dæmi í stjórnmálasögu Íslendinga fyrr, en að þau séu jafntíð og nú er orðið hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvmrh., er nýnæmi, og má um atferli þeirra beggja segja, að dregur hver dám af sínum sessunaut. Þó að þeim komi ekki saman um margt, þessum hæstv. ráðherrum, og þó að hæstv. sjútvmrh. kinki kolli, þegar því er haldið fram, að hæstv. fjmrh. sé sekur um hlutdrægni, þá eru þeir báðir sammála um ósannindin, þessir hv. herrar; þar gengur ekki hnífurinn upp á milli þeirra.

En það var býsna fróðlegt í dag, að hæstv. sjútvmrh. lét þó ekki hafa sig til þess að viðurkenna, að úthlutun atvinnubótafjárins hefði farið vel fram, né gefa hæstv. fjmrh. siðferðisvottorð um framkomu hans í ráðherrastóli. Kannske eigum við nú eftir að heyra það líka, áður en yfir lýkur, en þá er mjög að hæstv. sjútvmrh. þrengt, ef hann fæst til að gefa þá yfirlýsingu berum orðum. En hæstv. sjútvmrh. lætur sér vissulega ekki allt fyrir brjósti brenna. Hann hefur haldið því fram, þannig að ekki hefur verið hægt að misskilja, að hann hafi enga tilraun gert til þess að dylja Alþ. þess, að það frv., sem hér er til umr., væri flutt í sambandi við lausn farmannadeilunnar löngu í sumar, og hann sagði, að þingræður lægju fyrir og það væri hægt að sjá af þeim, að hann hefði haldið þessu fram, löngu áður en hann var knúinn til þess að játa þetta af okkur sjálfstæðismönnum. Hann vitnaði hér sjálfur í þingræður, og þess vegna, með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa upp ræðu hæstv. sjútvmrh., sem hann flutti í Ed., þegar hann lagði málið fyrir, og geta menn þá af henni heyrt, hvort og að hve miklu leyti hann rakti hinar sönnu orsakir þessa frv. og gerði grein fyrir, að það væri flutt í því skyni og brbl. sett til að leysa farmannadeiluna.

Handritið, sem er leiðrétt og ég hef fengið hér frammi á lestrarsal, hljóðar svo:

„Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., en þessi brbl. voru sett með það tvennt í huga, að þörf væri á því að auka nokkuð við tekjur útflutningssjóðs, eins og komið var, þannig að hann gæti fengið nokkrar yfirfærslutekjur af fjárhæðum þeim, sem ganga til greiðslu á leigu á erlendum skipum, og eins með tilliti til þess, að nokkuð væri vikið til hliðar fyrir íslenzkum skipum, sem keppa við hin erlendu um flutninga að og frá landinu. En þróunin hefur verið sú að undanförnu, að mjög hefur verið hallað á aðstöðu íslenzku skipanna í þessari samkeppni, vegna þess að tilkostnaður hefur farið hækkandi hér innanlands, en fragtir almennt heldur lækkandi. Önnur skipafélög hér innanlands, sem hins vegar fá tekjur sínar samkv. flutningatöxtum, sem ákveðnir eru af verðlagsyfirvöldunum í landinu, hafa aftur fengið fragtir sínar hækkaðar, en hin skipin, sem eru í beinni samkeppni við hin erlendu skip á hinum frjálsa markaði, hafa, eins og ég segi, heldur fengið áfall í sambandi við lækkaðar fragtir og hafa því átt erfiðara um í samkeppninni. Þessi brbl. voru sett í þessum tvenns konar tilgangi: annars vegar að skattleggja nokkuð leyfi hinna erlendu skipa til hags fyrir útflutningssjóð, en um leið og það yrði gert, þá yrði aftur heldur ívilnað fyrir íslenzku skipunum, sem þarna eiga í samkeppni við hin erlendu. Ég ætla, að það þurfi ekki að skýra efni þessa máls öllu frekar á þessu stigi málsins, en vænti, að þessu frv. verði vísað til n., sem líklega yrði fjhn, — vildi leggja það til.“

Búið. Hvar er vikið að verkfallinu? Hvar er vikið að undirstöðu þessa máls, hinni raunverulegu ástæðu til þess, að gera þurfti ráðstafanir til þeirrar verðhækkunar, sem hér hefur átt sér stað?

Hæstv. sjútvmrh. heldur því svo fram, að það hafi engin verðhækkun orðið, það hafi þvert á móti lækkað sú vara í verði, sem hér sé um að ræða. Það er eins og hann telji, að þessi verðhækkun sé þess sérstaka eðlis, að hún hljóti að leiða til verðlækkunar. Það er alveg eins og með hæstv. félmrh., sem heldur því fram, að allar kauphækkanir verkalýðsins, meðan hann er í stjórnarandstöðu, séu verkalýðnum óhikað til góðs, en kauphækkanir séu hin mesta bölvun og eitur fyrir verkalýðinn, ef Hannibal Valdimarsson er ráðherra. Það er svipuð rökspeki, sem kemur fram í hugsun þessara tveggja sálufélaga Stalins heitins.

En ég spyr nú: Hefði það verið mjög hættulegt fyrir þjóðfélagið, þó að verðlækkun hefði komið fram á sementi og timbri? Hæstv. sjútvmrh. segir: Ja, menn hafa ekkert orðið varir við þessa hækkun, af því að fragtirnar fóru lækkandi. — Hví í ósköpunum mátti ekki í öllu þessu dýrtíðarflóði, sem hér hefur orðið, og ekki sízt þeirri gífurlegu hækkun byggingarkostnaðarins, sem allir stynja undan, — hví máttu ekki menn fá að njóta þeirrar lækkunar, sem orðið hefði á frögtum, ef allt hefði verið með felldu? Nei, hæstv. ráðh. kemst ekki undan því með nokkru móti, að sú ráðstöfun, sem hér hefur verið gerð, hvort sem hún er réttmæt eða ekki, hlaut að verka til þess að halda uppi hærra verðlagi í landinu en ella. Og einmitt vegna

þeirrar þýðingar þessara ráðstafana var óhjákvæmilegt fyrir ráðh., ef hann vildi segja Alþingi Íslendinga satt og rétt til, að skýra þinginu frá hinni raunverulegu ástæðu til þess, að brbl. voru sett, að hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til þess að leysa verkfallið í sumar með öðrum hætti en þessum, — þ. e. a. s. meiri hluti hæstv. ríkisstj., því að eins og ég hef áður drepið á í þessum umr., þá hafði a. m. k. hæstv. félmrh. sérstöðu í þessu efni. Hann lét það óhikað uppi í bréfum, sem hann sendi deiluaðilum á sínum tíma, og samþykktum, sem hann beitti sér fyrir að gerðar voru norður á Akureyri, að hann teldi það eitt rétt að banna þetta verkfall, því að hér væri ekki um neina venjulega kaupdeilu að ræða, heldur einungis skemmdarstarfsemi lítils hóps manna. Eftir skrifum Tímans þá urðu menn einnig að telja, að þetta málgagn hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. væri sömu skoðunar og hæstv. félmrh. En ef verulegur hluti hæstv. ríkisstj. var þessarar skoðunar og þá ekki sízt ef sjálfur félmrh. var þeirrar skoðunar, af hverju voru þá ekki þessi bannlög gegn verkfallinu sett og málinu lokið með þeim hætti? Af hverju var þá valin þessi leið, sem hæstv. sjútvmrh. ber ábyrgð á að valin var, sem sé sú að hækka verðlagið? Og ef það var rétta leiðin, af hverju var þá ekki gripið til þess úrræðis miklu fyrr og þjóðin firrt því gífurlega tapi og örðugleikum, sem stöfuðu af nær 7 vikna verkfalli? Hæstv. sjútvmrh. segir, að það hafi ekki staðið á sér í þessum efnum, hann hafi verið beðinn um að hafa milligöngu í þessu máli strax í upphafi og hann hafi orðið við þeirri beiðni. En ég beini því til hæstv. ráðh.: Hver bað hann um að hafa þá milligöngu? Var það ríkisstj. eða einhver annar? Og hvernig stóð á því, ef ríkisstj. taldi ástæðu til þess, að einhver ráðh. færi þannig á frumstigi málsins að blanda sér í þessa deilu, að til þess var valinn hæstv. sjútvmrh., en ekki sjálfur félmrh., sjálfur forseti Alþýðusambands Íslands, sem menn að óreyndu mundu hafa ætlað að væri allra manna hæfastur til þess að leiða slíka deilu til lykta? Og hvernig fær það staðizt, sem hæstv. sjútvmrh. segir, að hann hafi verið beðinn um að skipta sér af þessari deilu, — og gaf í skyn, þótt hann segði það ekki berum orðum, að það hafi verið ríkisstj., sem bað hann um þetta, — að hann til að byrja með og á fyrsta stigi málsins sagðist koma þarna alls ekki sem ráðherrann Lúðvík Jósefsson, heldur eingöngu sem hinn mikli áhugamaður Lúðvík Jósefsson, sem af góðvild sinni og umhyggju vildi leysa þetta mál? Hann mun hafa fengið heldur tregar undirtektir, því að aðilum virtist maðurinn ekki mjög trúverðugur, meðan hann hélt því fram, að hann væri einungis einstaklingurinn Lúðvík Jósefsson, þó að þeir teldu sjálfsagt að heyra mál hans, eftir að hann upplýsti síðar, að hann hefði umboð sinna samráðherra til þess.

Hann heldur því fram, hæstv. ráðh., að hann hafi gert sitt til þess að leysa þessa deilu. Ég hef rakið það áður, hvernig aðfarir hans í þeim efnum voru með ólíkindum, gersamlega ótrúlegar, þegar hann hélt því fram hvað eftir annað, að aðilar skyldu ekki samþykkja fyrsta, annað eða jafnvel þriðja sáttatilboð, vegna þess að nýjar tilraunir mundu verða gerðar. Og þegar illa gekk með að koma sættunum saman, þá skeði það, að hæstv. ráðh. leyfði sér við aðila að halda því fram, að þetta væri bara samráðherrum sínum að kenna, hann sjálfur væri fullur velvildar, — hann væri fullur velvildar, ef það væru ekki hinir, — ja, ég vil ekki nota þau ljótu orð, sem eftir eru höfð í þessu sambandi, — sem væru þarna að verki og hindruðu, að eðlilegar sættir gætu komizt á. Hæstv. sjútvmrh. bar á móti því, að slík afskipti hefðu verið óheppileg, og hélt því fram, að ég hefði skotið undan og neitað að birta í Mbl. vottorð frá einum samningsmanni farmanna, þar sem hæstv. sjútvmrh. voru lögð sérstök lofsyrði. Ég gat um það strax við 2. umr. þessa máls, að því fór svo fjarri, að ég reyndi að skjóta þessum ummælum undan, að strax í næsta blaði Mbl., eftir að þau höfðu birzt í öðru blaði, tók ég ummælin upp, og því til sönnunar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þau, enda hafa þau verulega þýðingu við að átta sig á efni þessa máls. Í Mbl. segir svo þriðjudaginn 21. júlí í sumar:

„Örn Steinsson, formaður Vélstjórafélags Íslands, birti s. l. sunnudag í Alþýðublaðinu alllanga grein, sem nefnist: „Hver eru ágreiningsatriðin í kaupdeilunni?“ Örn lýkur grein sinni með þessum ummælum: „Útgerðarmenn hafa ekki fengizt til að ræða kröfur þessar og hafa á engan hátt reynt í samráði við fulltrúa sjómanna að finna lausn á deilunni. Ég hygg því, að deila þessi sé útgerðarfélögunum ekkert hryggðarefni og nokkuð liggi þarna á bak við, sem tíminn mun síðar leiða í ljós. Ríkisstj. hefur og unnið slælega að leysa þessa deilu. Sjútvmrh. hefur þó setið með okkur allmarga fundi til að reyna að finna lausn á deilunni. Ég þakka honum fyrir tilraunir hans. En því miður virðist hann hafa takmarkað umboð. Deilan verður auðsjáanlega ekki leyst, nema aðstoð ríkisstjórnarinnar komi til. Ég skora því á stjórnina að gefa sjávarútvegsmálaráðherra fullkomið umboð til að koma verulega til móts við kröfur sjómanna. Viðræðurnar við sjútvmrh. hafa sýnt, að hægt er að brúa bilið, ef skilningur er fyrir hendi á báða bóga.“ Ath.: Grein þessa neitaði Mbl. að birta. Hvers vegna? Örn Steinsson.“

Þetta er úr grein Arnar Steinssonar. Mbl. svarar svo síðustu athugasemdinni, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Hér við er það að athuga, að Mbl. taldi greinina óþarflega langa og betra væri fyrir málefni það, er greinarhöfundur vildi skýra, og lesendur blaðsins, ef hann vildi stytta hana nokkuð. Um það kveðst greinarhöfundur ekki vera til viðræðu og hefur í þess stað snúið sér til Alþbl. um birtingu hennar.“

Hæstv. sjútvmrh. hélt því fram við síðustu umr. þessa máls, að Mbl. hefði ekki viljað birta greinina vegna lofsins, sem í henni væri um hann sjálfan. Menn hafa nú heyrt það lof og heyrt það, að Mbl. hliðraði sér síður en svo við að birta þann kafla greinarinnar, sem segja

mætti að sérstaklega varðaði hæstv. sjútvmrh., enda fer því fjarri, að þessi ummæli afsanni nokkuð, sem Mbl. eða við sjálfstæðismenn höfum haldið fram um þetta mál. Þvert á móti staðfesta þau í einu og öllu það, sem ég hef haldið fram í málinu fyrr og síðar, nú síðast á þessum fundi, að hæstv. sjútvmrh. lék mjög tveim skjöldum í þessu máli, og það var ekki sízt fyrir mjög óheppilega og varhugaverða framkomu hans, sem verkfallið dróst svo á langinn. Ég bið hæstv. þm. að athuga það, að Örn Steinsson skrifar sína grein, þegar verkfallið er búið að standa í nær 6 vikur, en hæstv. sjútvmrh. mun hafa hafið afskipti sín af deilunni jafnvel áður en verkfallið skall á. En jafnvel þegar svo er komið á elleftu stund og raunar langt fram yfir hana, þá er ljóst af ummælum Arnar Steinssonar, ef þau má marka, að sjútvmrh. segist þarna vera með takmarkað umboð. Ja, takmarkað af hverjum? Voru það ekki hans samráðherrar, sem höfðu takmarkað umboðið við hann, ef takmörkun var á það lögð? Og í frásögn hæstv. sjútvmrh. um, að umboðið væri takmarkað, felst ekki einmitt í henni það, sem ég hef verið að halda hér fram, að sjútvmrh. fræddi farmennina á því, að það stæði ekki á sér, heldur á þeim, sem hefðu aðeins veitt sér takmarkað umboð til að leysa málið, þ. e. a. s. hæstv. samráðherrum hans? Hann hafði ekki manndóm til þess að segja: Lengra getum við ekki gengið. — Nei, hann sagði: Lengra vilja þeir ekki ganga, þeir, sem ekki voru við. — Þarna er hæstv. sjútvmrh. lifandi kominn. Hann talar ljúflega og blíðlega við þá, sem hann er að ræða við hverju sinni. Þeir, sem ekki þekkja hann, telja, að þetta sé einstaklega alúðlegur, elskulegur, geðfelldur maður, sem allra vandræði vilji leysa. En það er bara svo, að þegar menn fara að kynnast honum, þá sjá þeir, að hann er dálítið öðruvísi. Þá sjá þeir, að umboðið hjá honum er alltaf dálítið takmarkað. Hann er maður hins takmarkaða umboðs. Það er takmarkað traust, sem hægt er að leggja til orða þessa hæstv. ráðh. Og hæstv. sjútvmrh. má vita það, að félagar hans vita þetta nú orðið ósköp vel.

Hæstv. félmrh., — haldið þið, að hann hafi ekki haft eitthvað á bak við sig, haldið þið, að hann hafi mælt alveg út í bláinn, þegar hann hélt því fram við erlendan blaðamann í sumar, að það væri eiginlega fullráðið, að á þessu ári yrði kommúnistaflokkurinn eða flokkurinn með langa nafnið lagður niður og nýr einingarflokkur, algerlega laus við öll tengsl við Moskvu, stofnaður? Sá, sem hafði hvíslað þessu í eyru hæstv. félmrh., var auðvitað fyrst og fremst hans samráðherra, hæstv. sjútvmrh., sem bæði á undan og eftir þeirra ráðherramennsku hafði ferðazt með honum um landið. Þegar til átti að taka, var það ekki hæstv. félmrh., sem leysti hæstv. sjútvmrh. úr álögum, heldur var það hæstv. forseti Nd., sem fór með þennan hæstv. ráðh. í taumi austur í veizluna til Krúsjefs og drakk þar með honum í nokkra daga til undirbúnings því, að síðan var haldinn fundur, aðalþing kommúnista hér á Íslandi, þar sem því fór svo fjarri, að kommúnistaflokkurinn yrði lagður niður, eins og hæstv. félmrh. hafði haldið fram, að hæstv. sjútvmrh. var tekinn sem gísl í varaformannssæti flokksins, næst á eftir hæstv. forseta þessarar d., manninum, sem nú s. l. tvö ár hefur verið lengst af dveljandi austan járntjalds, þegar hann hefur ekki setið í stól þessarar hv. d. Ef honum hefur unnizt einhver tími til þess frá því að sitja í forsetastól elzta löggjafarþings heims, þá hefur hann dvalið með ástvinum sínum austur í Moskvu eða enn þá austar. Og nú er hæstv. sjútvmrh. tekinn í næsta sess kommúnistadeildarinnar á Íslandi á eftir þessum handgengnasta manni hinum alþjóðlegu kommúnistaforingjum, hæstv. forseta d. Það reyndist sem sé svo, að þegar hæstv. sjútvmrh. var að lofa hæstv. félmrh. því, að kommúnistaflokkinn skyldi leggja niður, þá var umboð hans takmarkað. Krúsjef var ekki búinn að skrifa upp á umboðið, — alveg eins og hæstv. ráðh. a. m. k. hélt fram, að það væri að kenna hæstv. menntmrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. og öðrum, að hann gat ekki boðið farmönnunum meira í sumar en hann gerði.

Svo leyfði hæstv. sjútvmrh. sér að halda því fram, að skipafélögin hefðu aldrei fram á síðasta dag viljað ganga neitt til móts við kröfur farmanna annað en að hækka þá allra lægst launuðu um eitthvað lítið. Og hann sagðist aldrei hafa heyrt það fyrr en ég hélt því hér fram, að þau hefðu af sinni hálfu, a. m. k. Eimskipafélag Íslands, snemma í deilunni látið það uppi, að ef þau fengju bætt það, sem þessari hækkun næmi, þá væru þau til viðtals um kauphækkun. Með leyfi hæstv. forseta, þá verð ég að fá heimild til þess að lesa hér upp tilkynningu frá öllum skipafélögunum, sem segir töluvert aðra sögu en hæstv. sjútvmrh. hélt fram í dag. Nú sé ég, að hæstv. sjútvmrh. hristir hausinn. Hann kinkar ekki kolli jafnánægjulega og hann gerði í dag, þegar ég var að vita hæstv. fjmrh. Honum líður auðsjáanlega ekki jafnvel nú. (**Gripið fram í:** Hann furðar sig á þessum málflutningi.) Sem betur fer, er ekki búið að friða Alþingi svo enn, að alþm. megi ekki halda uppi viðræðum við hæstvirta ráðh. Það verður kannske og er ætlunin, eftir að búið er að friða kjördaginn eins og þessum háttvirtu herrum líkar, að þeir ætli sér að friða Alþingi með þeim hætti, sem þeir hafa friðað löggjafarþingin, þar sem þeir hæstv. forseti og hæstv. félmrh. dvöldust fyrir skemmstu. En enn erum við á hinu fornhelga Alþingi Íslendinga og höfum fullkominn umræðurétt og munum nota hann, hvort sem þessum herrum líkar betur eða verr. Og ef þeir skera niður umræður hér eða hindra okkur í eðlilegum málflutningi, þá munu þeir þeim mun betur heyra til okkar á öðrum vettvangi. (**Gripið fram í:** Eru þetta hótanir?) Hótanir? Þetta eru ekki hótanir um þvílíkar aðfarir, eins og hæstv. fjmrh. hótaði í dag, þegar hann ógnaði þm. með fjárhagslegri kúgun, að þá skyldi ekki borga sig fyrir hann að segja satt lengur í sölum Alþingis Íslendinga. Hér er sú hótun, sem þessum herrum að vísu sviður mest, að það verður vitnað til skynsemdar kjósendanna um þeirra frammistöðu. Og það er eðlilegt, að þegar vitnað er til þess, að kjósend-

urnir fái að heyra um þeirra hegðun, þá hljómar það sem ömurleg hótun í eyrum þessara hæstv. ráðh.

Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa fréttatilkynningu frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, sem birt var í Morgunblaðinu 26. júlí síðastliðinn.

„Eins og frá hefur verið skýrt opinberlega, bar sáttanefndin í farmannadeilunni fram þá till. við deiluaðila á fundi s. l. þriðjudag, að deilunni yrði ráðið til lykta með gerðardómi, sem þó yrði um niðurstöður sínar bundinn innan tiltekinna marka. Skyldi gerðardómur eigi ganga skemmra í niðurstöðu sinni en sáttatill. sú, sem aðilar felldu með atkvgr. 11. og 12. þ. m., að viðbættri hækkun á kaupi um 2—5%, sem sáttanefndin lagði til á fundum með deiluaðilum 15. og 17. þ. m., og hins vegar skyldi dómurinn eigi ganga lengra en fyrr nefndar tvær till. gerðu ráð fyrir, að viðbættum kröfum í 17 liðum, sem farmennirnir höfðu sett fram til viðbótar umræddum tveim till., eftir að sáttanefndin hafði lagt þær fram. Á fundi s. l. miðvikudag samþykktu farmenn einróma, að því er skýrt hefur verið frá opinberlega, að hafna till. sáttanefndarinnar um gerðardóm á framangreindum grundvelli. Útgerðarfélögin hafa hins vegar samþykkt, að gerðardómur ráði deilunni til lykta með framangreindum hætti. Þó er samþykkt till. af hálfu útgerðarfélaganna bundin því skilyrði, að úrskurður gerðardóms verði ekki bindandi fyrir þau, fyrr en þeim hefur verið tryggð rekstraraðstaða eftir þeim leiðum og að því marki, sem þau telja viðunandi. Eins og afstaða útgerðarfélaganna til sáttatillögunnar, sem til atkvæðagreiðslu kom, bar með sér, töldu þau sér ókleift að taka á sig þau auknu útgjöld, sem tillagan gerði ráð fyrir, þar sem reksturinn berðist í bökkum. Þaðan af síður telja útgerðarfélögin sér fært að bera þá útgjaldaaukningu, sem fólst í viðbótartill. sáttanefndarinnar og 17 kröfuliðum farmanna. Þar sem farmannadeilan hefur hins vegar skapað mikil vandræði í þjóðfélaginu og valdið gífurlegu tjóni, töldu útgerðarfélögin rétt að samþykkja tillögu sáttanefndarinnar um gerðardóm, þó með framangreindum fyrirvara."

Hér kemur alveg ótvírætt fram, svo að ekki verður um villzt, að útgerðarfélögin eða útgerðarmenn miðuðu sína afstöðu fyrst og fremst við það, að þau töldu sig þurfa að fá að vita, hvaða bætur þau mundu fá til þess að standa undir hinum aukna tilkostnaði. Þetta var aldrei dulið, meðan á deilunni stóð, — margsagt og kom alveg ótvírætt fram í þessari tilkynningu, sem ég hef nú lesið. Þrátt fyrir þær staðreyndir leyfir hæstv. sjútvmrh. sér að halda fram þeirri fjarstæðu, sem hann hefur hér gert, að skipaútgerðarfélögin hafi alls ekki verið til viðræðu um neina hækkun.

Herra forseti. Venjulegur fundartími er nú liðinn, og þannig stendur á, að ég hafði lofað að tala á fundi, sem á að byrja á þeim tíma, sem venjulegir kvöldfundir standa, en ég hef hins vegar ekki lokið ræðu minni. Ég vildi því spyrja, hvort ekki væri ætlunin að fresta umr., þannig að ég fengi að halda ræðu minni áfram á síðari fundi, sem þó yrði ekki í kvöld? (**Forseti**: Það var ætlunin, ef hægt væri, að reyna að halda ofur lítið áfram í kvöld, ef hv. þm. á ekki mikið eftir.) Mín ósk er þessi, og ég þykist sjá eða vita raunar, að hæstv. forseti og hæstv. sjútvmrh. eigi einnig að mæta á fundum, þó að það sé nú ekki á sama fundinn, sem við ætlum allir þrír, og ég hygg því, að það geti verið nokkuð sameiginlegir hagsmunir okkar af því, að við fáum að skreppa heim og borða og síðan að ræðast við annaðhvort á morgun eða eftir helgina. (**Forseti**: Það var ekki ætlun forseta að halda kvöldfund, en við héldum áfram ofur lítið. Ef hugsanlegt væri, að hv. þm. gæti lokið sinni ræðu nú, þá væri það betra, því að umr. teygjast um þetta mál.) Engum er kunnara en hæstv. forseta, að ræðumenn þurfa stundum að tala nokkuð lengi, og þó að ég geri engan veginn ráð fyrir, að ég tali eins lengi og hann hefur talað lengst í þingsölum, hvað þá að ég tali 6—8 tíma, eins og tíðkast austur í Moskvu, þá þori ég ekki að ábyrgjast, að ég verði búinn á svo skammri stundu, að það borgi sig fyrir menn að hinkra við, ef þeir vilja fá mat. (**Forseti**: Ég mun, ef hv. þm. óskar þess að mega hætta sinni ræðu nú, til þess að hann þreytist ekki um of undir þann fund, sem hann á að halda í kvöld, verða við hans ósk.) Ja, ég þakka fyrir. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti (EOl): Hv. 1. þm. Reykv. var í miðri ræðu, en hann hefur ekki mætt á þingfundinum. Ég mun freista þess að gefa þm. tækifæri til að halda áfram sinni ræðu. — Það mun verða frestað þessari ræðu, þótt þm. hafi ekki mætt, og málið tekið af dagskrá.

Á 40., 42. og 45. fundi í Nd., 16., 17. og 18. des., var frv. enn tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 7. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson [frh.]: Herra forseti. Ég hygg, að það séu nú nær tveir mánuðir frá því að ég gat ekki lokið ræðu, þar sem komið var að kvöldmat, og veita þurfti mönnum hlé til þess að ljúka þeirri máltíð, og má segja, að það fundarhlé hafi verið alllangt. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að halda þeirri ræðu áfram. Sannast sagt man ég ekki, hvar ég var kominn í minni grg. þá, og hér við bætist, að á þeim tíma, sem liðinn er, hafa skapazt gersamlega ný viðhorf í íslenzkum stjórnmálum vegna bæjarstjórnarkosninganna og þess ótvíræða vilja kjósendanna, sem þar kom fram. Þar eð ég hygg, að stjórnarflokkarnir komist ekki hjá því í ákvörðunum sínum að taka fyrr en síðar afleiðingunum af því, sem þá gerðist, þá tel ég rétt að fresta þeirri almennu stjórnmálaumræðu, sem hafin var um það frv., sem nú er til umræðu, þangað til betur sést, hvað stjórnarflokk-

arnir hyggja fyrir sér, og tel því ekki ástæðu til að lengja umr. á þessu stigi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 214).

14. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1958.

Á 24. fundi í Sþ., 4. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1958 [99. mál] (stjfrv., A. 209).

Á 47. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt að venju vegna þeirra breytinga, sem þarf að gera, til þess að Alþingi sé haldið á þeim tíma, sem venja er til, og er hér lagt til, að reglulegt Alþingi 1958 komi saman föstudaginn 10. okt. — Ég þarf ekki að láta þessu frv. fylgja frekari grg.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, að hæstv. forsrh. skyldi gefa sér tíma til þess að mæta hér á þingfundi til þess að gera grein fyrir frv., en óneitanlega er sú töf, sem hér varð á fundarhaldi, meðan menn biðu eftir því, að honum þóknaðist að koma hingað, nokkuð táknræn fyrir þá starfshætti, sem verið hafa á þinghaldi nú í vetur og enn virðist stefnt að.

Ég skal ekki hefja almennar stjórnmálaumræður á þessu stigi málsins, en að gefnu því tilefni, sem felst í þessu frv., er óhjákvæmilegt að víkja að því, að illa hefur verið farið með tíma þingmanna, það sem af er þessu þinghaldi, og mikil þörf á því, að úr verði bætt. Út af fyrir sig geri ég að vísu ekki ráð fyrir, að neinn hafi á móti því frv., sem hér er fram borið. Eins og á stendur er það sjálfsagt eðlilegt. En það hlýtur að gefa tilefni til þess að víkja að þinghaldinu almennt.

Sama dag eða daginn eftir að Alþingi kom saman, birtist í málgagni minnsta stjórnarflokksins, flokks hæstv. forsrh., Tímanum, grein, sem heitir: „Verkefni framhaldsþingsins.“ Hún hefst, með leyfi hæstv. forseta, á þessum ummælum:

„Alþingi hóf störf sín að nýju í gær eftir 1½ mánaðar hlé. Það verkefni, sem bíður þess fyrst og fremst að þessu sinni, er lausn fjárhagsmálanna. Eins og kunnugt er, var afgreiðslu fjárlaganna háttað þannig, að felldur var úr þeim meginhluti niðurgreiðslnanna á vöruverði. Á framhaldsþinginu verður að gera ráðstafanir til að afla þess fjár, sem þarf til þessara greiðslna, ef þær eiga ekki að falla niður, eða gera einhverjar tilsvarandi ráðstafanir. Þá er það ljóst mál, að útflutningssjóðinn vantar verulegar tekjur til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla. Þessa fjár verður að afla eða gera aðrar jafngildar ráðstafanir. Það dugir ekki annað en að horfast í augu við þessar staðreyndir.“

Með þessum orðum hefst forustugrein Tímans í gær. Síðar í greininni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur nú falið sérfræðingum að gera vandlega athugun þessara mála og gera till. til úrlausnar. Sennilega verða þær bráðlega tilbúnar. Þegar athuganir og till. sérfræðinganna liggja fyrir, mun vafalaust sjást betur, hvernig ástatt er í þessum efnum.“

Með þessum orðum virðist mér vera réttilega lýst því viðhorfi, sem blasir við nú, þegar framhaldsþingið kemur saman. Það verður að horfast í augu við, að ákveðin vandamál krefjist úrlausnar, en enn þá liggja engar till. frá hæstv. ríkisstj. fyrir um, hvers eðlis úrlausnin eigi að vera. Það eina, sem við fáum að vita, er, að sennilega verði bráðlega tilbúnar till. einhverrar ókunnrar sérfræðinganefndar. Eftir það, þegar þær eru svo „sennilega bráðlega“ tilbúnar, þá er eftir að athuga þær í ríkisstj. og bera þær undir stuðningsflokka hæstv. ríkisstj. og samkvæmt því, sem síðar segir í þessari sömu grein, ýmis stéttarsamtök. Það á því töluvert langt í land, að þessi mál, sem Tíminn réttilega segir að séu aðalverkefni þessa framhaldsþings, séu þannig undirbúin, að líklegt sé, að Alþingi geti tekið afstöðu til þeirra.

Um sjálft efni till. skal ég alls ekki ræða á þessu stigi né víkja að því, hvort hæstv. ríkisstj. sé líkleg til að gera um þessi vandamál skynsamlegar till. eða ekki. Um það hefur hver sitt álit, og er óþarft að deila um það nú. En það eru starfshættirnir, sem óhjákvæmilegt er að ræða um, og sannast sagt ætti að vera *vilji* af allra hálfu, allra þingflokka hæstv. ríkisstj., stuðningsflokka hennar og stjórnarandstöðu, að koma á betri starfsháttum í þessum efnum en verið hafa. Við vitum, að sú aðferð hefur verið höfð, að stjórnarflokkar ræða *sín á milli*, hvað gera skuli til að leysa þann vanda, sem löngum hefur steðjað að í efnahagsmálum að undanförnu, og síðan eru þær till., þegar þær eru fastmótaðar, lagðar fyrir hv. Alþingi og því ætlað að taka afstöðu til þeirra á örstuttum tíma.

Ég játa, að þessi háttur er ekki nýr, að þannig hefur alllengi verið farið að, að dregizt hefur að semja till. og síðan eru þær í skyndi samþykktar. Um leið og ég játa, að hæstv. núv. ríkisstj. er enginn upphafsmaður þessara starfshátta, þá er óhikað hægt að halda því fram og með réttu, að hún hefur gengið lengra í því að stytta umhugsunarfrest Alþingis og halda Alþingi í raun og veru fyrir utan málið heldur en nokkrir aðrir. Og hvað sem um það er, þá er ljóst, að óskynsamlegir starfshættir eru jafnóskynsamlegir og óheppilegir, hvort sem það er núverandi hæstv. ríkisstj., sem heldur þeim við og ef til vill magnar þá, eða hvort það eru núverandi stjórnarandstæðingar, sem áður voru í ríkisstj., sem eiga þar einnig hlut að máli. Aðalatriðið er, að hér er í raun og veru um óhæfilega starfsaðferð að ræða, sem er Alþingi og virðingu þess ósamboðin og getur ekki horft til farsællar lausnar þeim málum, sem er um fjallað.

Ég hygg, að það sé nú orðið öllum ljóst, að frv., sem nefnt hefur verið jólagjöfin og samþykkt var í skyndi fyrir áramót 1956, hafi verið mjög vanathugað á Alþingi, að alþingismönnum hafi yfirleitt verið mjög óljóst, hvað í þeirri lagasetningu fólst, og að hæstv. ríkisstj. hafi verið fjarri því sjálf að hafa kannað málið til hlítar, þegar það var í skyndi knúið fram. Ég játa, að það getur staðið þannig á, að suma þætti slíks máls sé óheppilegt að hafa lengi til meðferðar, sumt þurfi að afgreiða a. m. k. á opnum fundum nokkuð fljótlega. Þannig kann að standa á, en þá er betra að leita um það samkomulags allra aðila, hvað í málunum kunni að vera þess eðlis. En varðandi hin helztu vandamál, þá er það auðvitað sjálfsögð regla, sem nú er að falla úr gildi, að a. m. k. séu ætlaðir lögáskildir frestir í þingsköpum til þess, að þau séu meðhöndluð. Til þess eru frestirnir settir, jafnvel um hin einföldustu og ómerkilegustu mál, að málin hafa í eðli sínu, alveg án tillits til þess, hver fjallar um þau hverju sinni, gott af því að vera endurskoðuð með nokkurri umhugsun á milli. Hvað þá, ef það verður venja og óhagganleg regla hjá þeim, sem með völdin fara hverju sinni, að hafa þá starfshætti að keyra málin í gegnum Alþingi, þegar þeir sjálfir hafa komið sér saman, án þess að gefa sjálfum sér, hvað þá sínum stuðningsmönnum og allra síst stjórnarandstöðunni, færi á að brjóta málin til mergjar, koma að þeim athugunum og leiðréttingum, sem þingleg meðferð á að geta komið áleiðis?

Ég hygg, að það sé síst ofmælt, að þeir starfshættir, sem smám saman, — og ég legg áherzlu á, að það er smám saman, og í því eru allir að vissu leyti jafnsekir að eiga þátt í að koma því á, — að þessir starfshættir eru einstæðir fyrir Ísland og eru ekki heppilegir til þess að halda þeim við, og Alþingi gerði vel í því að beita sér fyrir, ef svo mætti segja, með samtökum þingmanna utan við stjórnmáladeilur að fá leiðréttingu hér á og koma á nýrri skipan, sem menn hefðu dug í sér og drengskap að halda við, hver sem með völdin fer á hverjum tíma.

Það má segja, og ég veit, að ég fæ það svar eflaust frá sumum, að nú séu sjálfstæðismenn að kveina undan því, að þeir séu beittir svipuðum ráðum og þeir hafi áður beitt aðra. Slíkt er ekkert svar, enda er sannast að segja, að ég efast mjög um, að það sé stjórnarandstöðunni sérstaklega óheppilegt, að þannig sé með málin farið. Það er alveg ljóst mál, að eins og málefni hafa snúizt hér undanfarið, þá hefur þessi aðferð að beita ofbeldi við að knýja mál fram á óhæfilega skömmum tíma beinlínis snúizt gegn stjórnarvöldunum og orðið til þess að gera ráðstafanir, sem í eðli sínu hljóta að vera umdeilanlegar og efni sínu samkvæmt oft hæpnar, enn þá tortryggilegri en ella. Þess vegna tel ég mér fullkomlega fært að víkja að því hér, ekki sem neinu sérstöku hagsmunamáli Sjálfstfl. í dag, nema síður sé, að reynt verði að koma á þetta með skaplegu samkomulagi annarri skipan en verið hefur áður.

En þá kem ég að því, sem ég einnig vildi víkja að, og það er, að ég tel, að það hefði verið miklum mun skynsamlegra af hæstv. ríkisstj. nú að beita sér fyrir áframhaldandi þingfrestun, þangað til hún hefði sínar till. fram að færa, og eftir að þær svo liggja fyrir í því meginmáli, sem sjálft stjórnarblaðið hér segir að sé aðalverkefni framhaldsþingsins, þá sé þingið boðað til fundar og því þá fenginn nægur tími til þess að íhuga málið, bæði það sérstaka mál, sem þá krefst úrlausnar, og þá samtímis, vegna þess að við vitum, að allir þm. gefa sig ekki jafnt að afgreiðslu hvers einstaks máls, að afgreiða þau önnur tiltölulega einföldu mál, sem nú liggja til úrlausnar og sannast að segja eru óvenjulega fá.

Hæstv. ríkisstj. hefur þetta í hendi sér, og það er út af fyrir sig ekki fyrir stjórnarandstöðuna að kvarta undan því að sitja hér á fundum yfir litlu starfi og skemmta sér af því að horfa upp á ráðaleysi valdhafanna. Það getur verið ágætt fyrir okkur til þess að sýna fram á, að stjórnarfarið sé með öðrum hætti en vera ber og þar sé allt með svipuðu móti, bæði málefnin, aðferðin, sem beitt er, og mennirnir, sem beita sér fyrir henni. Þetta er mál fyrir sig. En ef menn vilja fá skynsamleg vinnubrögð, spara fé ríkissjóðs og spara starfskrafta alls þess mikla hóps, væntanlega nokkuð starfhæfra manna, sem á sæti á Alþingi, þá væri óneitanlega miklu skynsamlegra að fresta nú þinghaldinu, þangað til þessar væntanlegu tillögur hæstv. ríkisstjórnar verða til, gefa Alþingi þá rúman tíma til þess að meðhöndla þær till. og ræða þjóðmálin í ljósi þeirra atburða og þeirrar höfuðstefnu, sem hæstv. ríkisstj. þá hefur markað, en allir eru í dag í fullkominni óvissu um, hvert hún ætli að halda.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að ræða um þetta frv., sem liggur hér fyrir, eins og ég líka minntist á. Það hefur verið flutt hér þing eftir þing og felur í sér þær breytingar á samkomudegi Alþingis, sem eru orðnar venja, og lög um það eru nauðsynlegt form.

Viðkomandi því, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) sagði um þinghaldið, þá vil ég svara því almennt, að vitanlega er margt af því rétt athugað, og hefur verið rætt um það utan þings og jafnvel á þingi áður í svipuðum dúr og hann gerði, án þess að það hafi verið gerðar á því þær breytingar, sem e. t. v. mætti gera. Ég ætla ekki að tala um þetta svo mjög almennt. Hann kvartaði undan því, hv. 1. þm. Reykv., að það væru gefnir stuttir fyrirvarar og stuttur tími til þess að hugleiða vandasöm mál, og þetta er líka alveg rétt. Ég minnist þess, að í fyrsta skipti, sem frv. kom fram um ríkisábyrgð á sjávarútveginum, þá kom það fram og var afgr. með ákaflega stuttum fyrirvara, ekkert smærra mál en það, að það var tekin ábyrgð á sjávarútveginum, án þess að menn vissu þá, hvað sú upphæð var há, sem tekin var ábyrgð á, og án þess að það væri haft fyrir því að afla til þess sérstakra tekna.

Þannig hefur þetta verið svo að segja alltaf síðan, og vandamálin, sem hafa steðjað að, hafa verið það stór, að þingið hefur þráfaldlega orð-

ið að biða, og ég þarf ekki að nefna frekar dæmi en þetta eina; það mætti nefna hvert dæmið eftir annað, síðan þessi mál hafa þurft á afgreiðslu að halda hér á Alþingi. Þetta hefur verið venjan, að málin hafa komið inn á síðustu stundu og þá verið afgreidd með flýti.

En nú talaði hv. 1. þm. Reykv. um það, að hann mundi fá það svar við þessum athugasemdum hans, að sjálfstæðismenn væru að kvarta, vegna þess að þeir væru í stjórnarandstöðu. En ég sé enga ástæðu til að svara því þannig. Hans ræða gefur ekkert tilefni til þess. Hann meira að segja talaði um það af þeirri sanngirni, að hann sagði, að það væri orðin venja og hefði verið þannig hjá fyrrverandi stjórnum eins og núverandi stjórn, að það hefði orðið að gefa stuttan frest til þess að hugsa um vandamálin, þegar þau hafa komið fram. Og hann var það réttlátur í dómum sínum um þetta atriði, að það er ástæðulaust að vera með nokkrar snuprur út af því.

Ef þingið hefur ekki verkefni og bið verður á því, að fjárhagsmálin verði athuguð svo til þrautar, að hægt verði að leggja fram till. um þau hér á Alþingi, þá getur vitanlega komið til greina, að það verði að fresta fundum. Það verður að sýna sig, hvort verkefnin eru nægileg fyrir Alþingi eða ekki, og það, sem hann sagði um það atriði, er vissulega athugandi mál.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði áðan, og hæstv. forsrh. játaði, að það væri að efni til rétt, sem ég hefði haldið fram um þetta. En ég vil einungis ítreka eða leggja meiri áherzlu á heldur en ég gerði áðan, að þessi aðferð, þó að hún sé ekki ný, þá hefur hún farið of mjög í vöxt og einnig á seinni árum og ekki sízt á síðasta ári verið beitt um þau mál, sem engin þörf var á eða afsökun fyrir, að afgreiða þyrfti í skyndi. Við munum það öll fullvel, að við sátum á síðasta ári lengur á þingi en nokkru sinni áður hefur verið í Íslands sögu. Það þinghald var lengst af mjög atburðalítið, en svo á allra síðustu dögum þingsins voru afgr. mál, sem ekki er hægt að færa sömu afsökun fyrir, að afgr. þurfi í skyndi, eins og einstakar fjárhagsráðstafanir stundum kunna að gefa tilefni til varðandi þær sjálfar.

Við skulum nefna t. d. lög eins og varðandi vísindasjóð, algerlega ópólitískt mál, endurskipun menningarsjóðs, sem voru keyrð í gegn við mjög litla athugun, þegar menn höfðu yfrið nógu öðru að gegna í þinginu, og vitað var, að ýmsir þm. þá vildu fá, jafnvel úr stjórnarflokkunum, leyfi til að gera þar breytingar á, en var sagt, að til þess gæfist ekki tími og þinginu yrði að ljúka.

Um bankalöggjöfina vitum við allir, að þá lá svo mikið við, að það voru teknir upp fundir a. m. k. einn laugardag, aldrei þessu vant, þegar sumir þm. voru búnir að binda sig annars staðar, vegna þess að þinginu þurfti endilega að ljúka. Mál, sem að svo miklu leyti sem það hafði nokkra efnishlið, hlaut að vera eitt vandasamasta og erfiðasta úrlausnarefni, sem Alþingi tekur afstöðu til, fyrirkomulag seðlaútgáfunnar í landinu, en jafnvel slíkt mál, sem árum saman hefur verið í mþn. og menn hafa setið yfir vikum saman til samninga um og togazt á um einstök atriði, það er afgr. hér í þinginu á örskömmum tíma og án þess að frestur gæfist til þess að íhuga það rækilega.

Mér er þetta ljóst, að þeir, sem hafa völdin, hafa alltaf löngun til þess að gera lítið úr athugasemdum sinna andstæðinga. En við erum nú væntanlega öll búin að læra svo mikið að sjá, að það er ærið valt, hversu völdin haldast lengi hjá hverjum og einum, og þess vegna er það öllum til góðs, ef hægt væri að koma á því samkomulagi, sem er, að ég hygg, tíðkað í löggjafarþingum flestra þjóða, að það er lögð nokkurn veginn fyrir fram áætlun um, hvernig starfsháttum skuli háttað á hverju starfstímabili, og um það hefur stjórn ætíð fullt samráð við stjórnarandstöðu. Um leið og það er viðurkennt og sjálfsagt, að stjórnin og hennar lið verður að hafa úrskurðarvaldið, ef í odda skerst, þá er það hvarvetna annars staðar en hér viðurkennt, að hæfilegt tillit beri að taka til stjórnarandstöðunnar.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum nú með því að beina því til þingheims, að þetta verði af þingflokkum tekið til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki sé unnt að koma á þetta skaplegri skipan en verið hefur.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er ekki að óþörfu, að nokkuð séu ræddir starfshættir Alþingis, og sannast að segja hafa þeir upp á síðkastið verið þannig, að þess er nú brýnni þörf en oft áður, enda þótt rétt sé, sem viðurkennt hefur verið af hv. 1. þm. Reykv. (BBen), að sú afgreiðsla á stórum málum að veita þinginu til þess lítinn tíma sé ekki ný. En í því, sem hér hefur fram komið, hefur þó sumt verið með öðrum hætti en ætla má af máli manna, og ég hygg, að það sé töluvert mikið misminni hjá hæstv. forsrh., að það hafi verið hespað hér í gegnum þingið á skömmum tíma lögum um það, þegar fyrsta sinn voru samþ. lög um ríkisábyrgð á sjávarútveginum.

Ef ég man rétt, þá mun það hafa verið á þinginu 1946, og ég hygg, að nánari athugun muni leiða í ljós, að það mál hafi fengið nokkuð langa meðferð hjá þinginu, og enda þótt það hafi færzt í vöxt á síðari árum, að þinginu væri ætlaður stuttur tími til afgreiðslu stórra mála, þá er þó einnig þess að minnast, að áður hefur verið hafður mjög annar háttur á þessu. Hv. 1. þm. Reykv. viðurkenndi, að sjálfstæðismenn, sem nú eru í stjórnarandstöðu, hefðu í stjórn verið á sama hátt og núverandi hæstv. stjórn á vissum tímum sekir í þessum málum, að því leyti að ætla þinginu skamman tíma. En þess er einnig að minnast, að þegar sjálfstæðismenn fóru einir með stjórn eftir alþingiskosningarnar 1949, minnihlutastjórn, og lögðu þá fram viðreisnartill. sínar í efnahagsmálum, höfðu forgöngu um það, þar sem í fólust till. um gengislækkun og ýmislegar aðrar ráðstafanir í sambandi við það og fram hafði farið mjög ýtarleg rannsókn á efnahagsmálum í sambandi við það, að áður en það mál var lagt fram, höfðu

verið gerðar ráðstafanir til þess, að þáverandi stjórnarandstöðuflokkar hefðu töluverðan tíma og ég vildi segja nægan tíma til þess að kynna sér meginatriði málsins.

Þetta vil ég benda á, að við höfum þarna fordæmi fyrir því, að það hefur verið leitazt við að gefa stjórnarandstöðunni, stjórnarandstöðuflokkum tækifæri til þess að átta sig á málunum. Það skiptir ekki máli, hvort það er gert áður en málin eru lögð fram í þinginu eða eftir á. Og varðandi meðferð sumra greina efnahagsmála verða menn að gera sér ljóst, að þau geta ekki tekið langan tíma e. t. v., eftir að búið er að leggja þau fram, og felst í sambandi við afgreiðslu slíkra mála nokkuð þung skylda á ríkisstj. að hafa þá, ef aðstæður leyfa, einhverja aðvörun um málið við stjórnarandstöðuna áður.

Hitt er svo annað mál, sem ekki eru almennar *hugleiðingar í þessu sambandi*, að nú stendur nokkuð sérstaklega á í þessum málum. Hér situr nú ríkisstj. við völd, sem búin er að sitja í þrjú missiri og hafði það að meginmáli, þegar hún var mynduð, að leysa efnahagsmálin til frambúðar, að leggja fyrir varanlega lausn í efnahagsmálunum. Og þess er að minnast, að fyrstu ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. voru bráðabirgðaráðstafanir á haustinu 1956, þegar átti sér stað verðstöðvun á því hausti, og réttlætti þessar bráðabirgðaráðstafanir með því, að ríkisstj. þá þyrfti að vinnast nokkur tími til að undirbúa hin varanlegu úrræði, og við því var ekkert að segja, þegar stjórnin var nýsetzt á laggirnar. Framhald málsins þekkja menn svo nokkuð vel, að þegar komið er fram undir áramót þessa fyrsta árs núv. hæstv. ríkisstj. og almenningur í þessu landi beið eftir hinum varanlegu úrræðum, þá varð auðvitað allt annað upp á teningnum en varanleg úrræði, heldur viðtækari og hæpnari bráðabirgðaráðstafanir en nokkru sinni áður höfðu verið gerðar.

Hæstv. ríkisstj. sagði sem sagt á þessu fyrsta starfsári sínu eða fyrstu mánuðum, að það yrði að ætla henni nokkurn tíma til þess að leggja málin fyrir, og á það var fallizt. Þegar svo þing kemur saman í haust, 1957, þá verður að ætla, að almennt hafi verið ástæða til þess að gera ráð fyrir, að nú væri stjórn hinna varanlegu úrræða í efnahagsmálunum búin að átta sig og gera sér grein fyrir þeim úrræðum og till., sem gera skyldi, og ekki sízt vegna þess, að hún hafði *algerlega í þeim efnum brugðizt á sínu fyrsta* þingi. Þá er enn afsakað sig með því, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft tíma til að undirbúa tillögurnar, hin varanlegu úrræði í efnahagsmálunum, og alveg sérstaklega vegna þess, að hún hafi ekki haft aðstöðu til þess að bera sig saman við hv. stjórnarflokka, en nú, þegar þingið sé komið saman, hafi hún öðlazt þetta tækifæri til þess að tala við stuðningsflokkana, og mátti þá heyra, að ekki væru langt undan hin varanlegu úrræði.

Svo, eins og kunnugt er, líður að jólum, og lítið er starfað á þinginu, en á örfáum dögum fyrir jól eru svo afgreidd fjárl. með þeim endemum, að aldrei hefur annað eins þekkzt hér á Íslandi. Það er stórkostlegur greiðsluhalli á fjárlögunum, stjórnin segist vilja afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., og þá er fundið upp það snjallræði, sem sennilega aðrir fjármálaráðherrar í öðrum löndum þekkja ekki, að það eru teknir tugir milljóna, fast upp undir 100 millj. kr., af gjaldaliðum út úr fjárl., til þess að þau geti verið afgr. greiðsluhallalaus, og síðan eru fjárl. samþ. Um önnur úrræði í efnahagsmálunum en afgreiðslu fjárl. með þessum hætti heyrist ekkert, og síðan er þinginu frestað. Og nú verður að segja, að það hefði mátt ætla, loksins þegar þingið kemur saman eftir hálfs annars mánaðar frest, að till. í efnahagsmálunum væru tilbúnar, og þá kemur stjórnarblað minnsta stjórnarflokksins, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði grein fyrir áðan, og upplýsir, að það muni „sennilega bráðlega“ að vænta einhverra till. frá sérfræðinganefnd, sem nú sé að starfa að þessum málum, en hafi ekki enn þá lokið störfum.

Ég held þess vegna, þó að allt sé rétt um það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, sé ekkert nýmæli í þingsögunni, að fresta samkomudegi Alþingis, og það sé heldur ekki nýtt, að skammur tími sé til að afgreiða stór mál, að þá standi nú alveg sérstaklega á. Við höfum á þinginu í fyrra þurft að hraða alveg með sérstökum hætti afgreiðslu mjög þýðingarmikilla bráðabirgðaráðstafana í efnahagsmálunum, sem voru sannast að segja svo flóknar og erfiðar viðfangs, að þingmenn gátu ekki með nokkru móti krufið þær til mergjar á þeim stutta tíma, sem þeim var ætlaður til þess. Og ekki var það aðeins, að stjórnarandstaðan hefði ekki getað það, heldur var yfir lýst af einum hæstv. ráðh., að hv. stuðningsmenn ríkisstj. hefðu heldur ekkert fengið að vita um þessar till., fyrr en þær voru fram lagðar, og þótti það á sínum tíma mjög furðuleg yfirlýsing.

Ég tel þess vegna, að það standi alveg sérstaklega á nú, að það sé búið að fara með undarlega ábyrgðarlausum hætti að á þinginu 1956, enn fremur á þinginu 1957, þ. e. a. s. á haustinu, þegar þingið kemur saman og er svo að segja starfslaust fram undir jól, og þá er boðað, að þá muni till. koma í efnahagsmálunum, og nú þegar þingið kemur saman aftur, er sagt, að enn séu ekki till. til og einhver ótilgreind sérfræðinganefnd sé enn að vinna að málunum. Ég tek undir það, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., að *það er ekki sýnt, að þetta sé í sjálfu sér* erfiðast og verst fyrir stjórnarandstöðuna, og það sé full ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að athuga þá ábendingu, sem fram hefur komið hér, hvort ekki sé ráð að hafa þann hátt á að fresta störfum þingsins, þangað til hv. stjórnarlið er tilbúið að taka upp alvarlega starfsemi á þinginu.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég skal nú ekki lengja þessar umr., en það kom fram hjá hv. þm., að hann beindi deilu sinni aðallega gegn ríkisstj. með nokkuð öðrum hætti en hv. 1. þm. Reykv., sem bar þetta saman við það, sem verið hefur. Það sló nú að vísu aðeins út í fyrir hv. 1. þm. Reykv., því að hann sagði, þegar hann var að tala um hina miklu erfiðleika, sem þyrfti að ráða fram úr, að það væri ekkert á móti því

fyrir stjórnarandstöðuna að skemmta sér við úrræðaleysi ríkisstj.

Það er staðreynd, sem líka kom fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að þessi mál hafa svo að segja undantekningarlaust verið með seinni skipunum hér inn á Alþ., og á meðan hefur Alþ. haft misjafnlega mikið að gera og venjulega haft fremur lítið að gera. Ég minntist á það, að ég hefði ekki haft tíma til að líta eftir því, hvenær frv. um ríkisábyrgð, upphaf allra þessara mála, var afgreitt, en það var borið fram, og það hefði einhvern tíma þótt aðfinnsluvert, enda var nú víst fundið að því, — það var borið fram 20. des. Og ég man nú ekki betur — það leiðréttist þá, ef ég fer rangt með — en það mál væri afgreitt á örstuttum tíma. Þannig hefur þetta alltaf verið síðan, og það hefur heldur ekki verið nein undantekning, þó að fjárl. hafi ekki verið afgreidd fyrr en á því ári, sem þau áttu að gilda fyrir. Það hefur komið fyrir hvað eftir annað og dýrtíðarráðstafanir dregizt langt fram á vetur hvað eftir annað og verið vegna þeirra vandræða, sem ríkisstj. hafa verið í að ráða fram úr þessum málum, kastað inn í þingið og afgreiddar á stuttum tíma hvað eftir annað.

Ég fellst á það með hv. 1. þm. Reykv., að þetta eru vinnubrögð, sem væri æskilegt að komast hjá, og ef þingið hefur ekki nægilega mikið að gera, þangað til till. í dýrtíðarmálunum verða lagðar fram, þá er það vitanlega sjálfsagður hlutur að taka það til athugunar, hvort á að fresta því.

Ég sé svo ekki, að þessar umr. gefi mér ástæðu til að segja frekar um þetta mál annað en það, að þeir menn, sem eru að rannsaka dýrtíðarmálin, hafa unnið að því síðan í haust og án þess að nokkur dráttur hafi orðið á þeirri vinnu fram yfir það, sem nauðsynlegt er. Það er alveg tvímælalaust. Ég geri ráð fyrir því, að þessar till. þeirra til athugunar fyrir ríkisstj., eins og tekið hefur verið fram, verði tilbúnar um mánaðamót eða upp úr mánaðamótum, þó að ekki sé hægt að segja um það með fullri vissu, og þá kemur til athugunar, hvaða tíma það tekur fyrir ríkisstj. að athuga málið, áður en till. verða lagðar fram hér á Alþingi.

Skúli Guðmundsson: Það hefur verið rætt um það hér, að mál væru stundum afgreidd hér í þingi nokkuð skyndilega, ýmis hin stærri mál, og mun það rétt vera og ekki nýtt í sögunni. M. a. hefur verið minnzt á það hér, hver háttur hafi verið á hafður um afgreiðslu á ríkisábyrgð fyrir bátaútveginn, fyrst þegar það fyrirkomulag var upp tekið, sem mun hafa verið í árslokin 1946.

Hæstv. forsrh. gat þess, hefur víst athugað það í þingtíðindum, að frv. um það efni hafi verið lagt fyrir þingið 20. des. af þáverandi stjórn, en mun hafa verið samþ. sem lög á því ári, fyrir árslok 1946. Ég held, að ég muni það rétt, að það hafi verið í það skipti, sem það kostaði nokkuð sérstaka fyrirhöfn að koma málinu gegnum þingið eða fá það endanlega samþykkt. Það var liðið mjög á dag, fram á kvöld, og málið komið á lokastig, en það kom í ljós, að það stóð nokkuð tæpt, að hæstv. ríkisstj. gæti fengið frv. samþ. í því formi, sem hún óskaði eftir, og einn af stuðningsmönnum hennar, Ingólfur Jónsson, þm. Rang., hafði skroppið heim til sín austur að Hellu. Og nú voru góð ráð dýr, því að það var talið, að það gæti oltið á hans atkv., hvernig færi um frv. Var þá sá kostur tekinn að senda sérstaka bifreið austur seint um kvöldið til að sækja þennan hv. þm., en þm. urðu að bíða hér alllangt á nótt fram eftir því, að hann kæmi. En hann kom að lokum, og stjórnin kom málinu fram án breytingar, sem hún var mótfallin, en till. höfðu komið fram um. Ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að þetta hafi verið einmitt í það skipti, sem þessi ríkisábyrgð var fyrst upp tekin fyrir sjávarútveginn. Og sýnir þetta, að það er ekki nýtt, að það sé nokkuð skyndilega unnið að afgreiðslu sumra stærri mála, þó að ég sé sammála þeim mönnum, sem um það hafa talað, að æskilegt væri, að þinginu gæfist ávallt sem beztur tími til athugunar á þeim.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég held, að það hefði nú verið betra fyrir hv. þm. V-Húnv. að láta það vera að fara í ræðustólinn að þessu sinni.

Fyrst kemur hann hér og fullyrðir, að það hafi staðið á mínu atkv., að lög um ábyrgð á fiskverðinu 1946 næðu fram að ganga, og af því að ég hefði skroppið heim og þetta staðið á mínu atkv., þá hefði orðið að senda bíl eftir mér. En síðan, um leið og hann lýkur máli sínu, þá segir hann: Ég held, að það hafi verið í þetta skipti, sem ríkisábyrgðin var til umr. — M. ö. o.: hann staðfestir það, að hann hafi alls ekki verið viss um, að það væri rétt, sem hann fullyrti einni mínútu áður. En þetta er nú aðeins staðfesting á málflutningi þessa þm. oft og tíðum. Það munu fleiri en ég vita það, að hann er ekki vandur að málflutningi og vílar ekki fyrir sér að fara með rangt mál. Hitt er svo aukaatriði, hvort ég hef skroppið heim eða hvort ég hafi verið sóttur, af því að mikið hafi legið við hér í hv. Alþ.

Ég vil þá upplýsa, að það er alloft, sem ég skrepp heim, en það mun vera sjaldan, sem mig vantar hér í þingsalinn, þegar ég þarf þar að vera vegna mikilsverðra mála. Og þótt hv. þm. V-Húnv. hefði geð í sér til þess að koma hér í ræðustólinn eða skrifa um það í Tímann, að ég mætti sjaldan í þingsölunum, þá mundi mig alls ekki undra það, þótt þessi hv. þm. gerði það. Annars er ég vanur því, þegar ég fer heim, að hafa ráð á farkosti, hvort sem er austur eða vestur, og þess hefur ekki þurft að senda bíl eftir mér. Ég sé ekki, að það sé ástæða til að fjölyrða um þetta atriði eitt út af fyrir sig.

Í sambandi við það, sem var verið að ræða hér áðan, vinnubrögð hæstv. núverandi ríkisstj. og úrræðaleysi hennar, er það að segja, að fólkið í landinu hefur fengið nóg af slíku. Það hefur verið rifjað hér upp af tveimur hv. þm., hvernig þessi vinnubrögð yfirleitt eru, — vinnubrögð þeirrar hæstv. ríkisstj., sem með miklu yfirlæti sagðist ætla að koma efnahagslífi og fjármálalífi Íslendinga í gott horf fyrir einu og hálfu ári. Þessi hæstv. ríkisstj. lætur Alþ. vera starfs-

laust vikum og mánuðum saman, og nú eftir eins og hálfs mánaðar fundarhlé, sem nota átti til þess að semja álitsgerð fyrir hæstv. ríkisstj., kemur hæstv. forsrh. hér upp í ræðustólinn og segir, að það sé starfandi n. sérfræðinga í þessum málum og það séu vonir til, að bráðlega komi álit frá þessari n. og að bráðlega eigi hv. Alþ. kost á því að sjá framan í þessar sérfræðingatill. En hvað er langt síðan hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, að það væru sérfræðingar starfandi á hennar vegum til þess að semja álitsgerð um efnahag þjóðarinnar, fjármál hennar og atvinnulíf? Þessir sérfræðingar áttu að skila áliti fyrir löngu, til þess að þjóðin gæti séð framan í hin varanlegu úrræði hæstv. ríkisstj. Það byrjaði með miklu brambolti hjá hæstv. ríkisstj., þegar hún settist að völdum, að nota sérfræðinga. Það voru fengnir sérfræðingar erlendis frá til þess að athuga okkar fjármála- og atvinnulíf. Og þessi sérfræðinganefnd samdi álitsgerð, sem hæstv. ríkisstj. hefur lokað niðri í skúffu og hv. Alþ. og alþjóð hefur ekki fengið að sjá. Það er þegar vitað mál, að í álitsgerð þessara sérfræðinga kemur ýmislegt fram, sem ekki staðfestir fullyrðingar hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokka fyrir síðustu alþingiskosningar. Það var þá, sem hv. stjórnarfl. fullyrtu, að þjóðarskútan væri að strandi komin og það þyrfti nýja menn og ný úrræði til að lagfæra það, sem úr lagi væri gengið. En það skyldi nú ekki vera, að í áliti þessara sérfræðinga væri eitthvað annað en staðfesting á því, að þjóðarskútan hafi verið komin í strand, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tók við? Skyldi það vera þess vegna, að þessir sérfræðingar staðfestu ekki fullyrðingar stjórnarflokkanna á þessu sviði, að við fáum ekki að sjá þessar till. sérfræðinganna og úttekt þjóðarbúsins, sem sagt var að hefði átt fram að fara fyrir opnum tjöldum? En eftir að hinir erlendu sérfræðingar höfðu lokið sínu starfi, voru hinir íslenzku fengnir til og hafa setið að störfum, ekki þetta þinghlé, einn og hálfan mánuð, heldur á annað ár, og enn eru þeir ekki tilbúnir. Ég held, að ef það væri von á því, að einhvern tíma kæmi á þessum vetri álit frá sérfræðingunum, þá væri réttast, eins og sagt var hér áðan, að láta verða hlé á fundum Alþ. En það eru ýmsir, sem eru í vafa um, að það sé von á nokkru viðunandi áliti frá þessum svokölluðu sérfræðingum hæstv. ríkisstj. Það er talið, að þeir séu ekki sammála um, hvað gera á, og það er vitað mál, að ríkisstj. í dag veit ekki sitt rjúkandi ráð. Við það líður öll þjóðin, að nú er siglt í fullkominni óvissu, og efnahagslíf og fjármálalíf landsins spillist óðfluga að áliti innanlands og utan.

Það hlýtur að koma í ljós, áður en langt líður, hvort það er ekki rétt, það sem hér hefur verið sagt, að ríkisstj. sé sjálfri sér sundurþykk og það sé þess vegna, sem engar till. eru fram komnar, en ekki af því, að hinir svokölluðu sérfræðingar, sem hæstv. forsrh. talaði hér um áðan, hafi ekki lokið störfum sínum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli í sambandi við þær almennu umr., sem hér hafa farið fram um starfshætti þingsins, að það hefur nokkuð borið á milli um það, sem þm. hafa sagt um meðferð á frv. hér í fyrsta skipti, þegar tekin var ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, og taldi ég, að hæstv. forsrh. misminnti nokkuð í því efni. Honum hefur að vísu borizt einn liðsmaður, hinn hagorði þm. V-Húnv., sem flytur nú oft gamanmál í bundnu máli fyrir þm. í þingveizlum, og í seinni tíð er það að verða æ tíðara, að hann sé með gamanmál hér í þingsölunum, eins og í þessari stuttu athugasemd, sem hann kom nú með í sambandi við austurför hv. 1. þm. Rang., sem annars skipti litlu máli í þessu sambandi.

En um frv. um ríkisábyrgð bátaútvegsins á þinginu 1946 liggur það fyrir, og er rétt, úr því að það hefur verið rætt, að vekja athygli á því, að hæstv. þáverandi atvmrh. óskar eftir því fyrst í byrjun desembermánaðar við fjhn. Nd., að hún flytji frv. um ríkisábyrgð á bátaútvegsinum, — frv., sem hann leggur fyrir nefndina og fyrir alla flokka þá. N. varð ekki ásátt um þetta, og á fundi fjhn., eins og segir í þingtíðindunum, 9. des., var meiri hl. andvígur því að verða við ósk atvmrh. um að flytja þetta frv. að svo komnu, en minni hl. tekur þá frv. upp og flytur það, og um það urðu umr. hér í þinginu. Síðan hafði n. þetta mál til meðferðar, fjhn., sem í voru fulltrúar allra flokka, og það er svo ekki fyrr en, eins og réttilega hefur verið tekið fram, 20. des., að hún flytur frv. um ríkisábyrgð fyrir bátaútveginn, sem hún hafði þá nýtt frv., en í meginatriðum var sama frv. og hæstv. atvmrh. hafði óskað eftir, eins og fram kemur í ræðu hæstv. þáverandi atvmrh., þegar hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjhn. hefur valið þann kost að leggja fram nýtt frv., og verð ég að segja, að ég hef ekkert við það að athuga, ef hún telur það einhverra hluta vegna réttara. Fyrir mér vakir aðallega, að þingmeirihluti sé til fyrir þessari ábyrgð, til þess að vandamál sjávarútvegsins verði örugglega leyst, enda standa vonir til þess frá útvegsmönnum almennt. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég hef talsvert rætt um þetta áður, þegar umr. fóru fram um það frv., sem ég lagði fyrir fjhn., og vísa ég til þess, sem ég sagði þá, hvað rökin snertir.“

M. ö. o.: hér er alls ekki um það að ræða, að keyrt sé í gegnum þingið á örskömmum tíma og þannig, að þm. hafi ekki haft aðstöðu til að athuga málið, ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins. Þá er höfð sú aðferð á, að málið fer fyrst í n., þar sem allir flokkar eiga sæti, fjhn. Nd., og hún beðin um að flytja málið. Minni hl. n. flytur svo frv., eins og það er þá, og um það fara fram umræður. Síðan flytur fjhn. með fulltrúum allra flokka frv. um ríkisábyrgðina 20. des., sem þá er afgreitt á skömmum tíma, en er búið að vera sem sagt frá því í byrjun desember til meðferðar hjá nefndinni og þar af leiðandi til meðferðar hjá öllum flokkum og til umræðu efnislega séð í aðalatriðum hér í þinginu áður.

Ég held, að þetta skeri alveg úr um það, að þetta atriði eitt út af fyrir sig hafi verið rétt, sem ég um það sagði.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það, sem nokkrir hv. þm. hafa nú borið hér fram, að æskilegt sé, að hv. Alþ. gefist lengri tími en undanfarið hefur verið venja til þess að athuga þær margflóknu tillögur, sem að jafnaði eru lagðar fram um lausn efnahagsmálanna. Eins og meðferð þessara mála var á síðasta þingi, þá verður að telja það með öllu óviðunandi. Um það skal ég ekki meira fjölyrða.

Ég tel fulla ástæðu til þess með tilliti til þess, sem fram hefur komið, að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort það sé fyrirhugað að leggja þá álitsgerð, sem í vændum er, fyrir hv. þm. Það ætti í rauninni að sýnast sjálfsagður hlutur, að svo yrði gert. En með tilliti til þeirra vinnubragða, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í þessum málum að undanförnu, verður að draga það mjög í efa.

Ég ætla að leyfa mér í þessu sambandi að vitna í ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti á s. l. hausti, nokkru eftir að hæstv. ríkisstj. hafði fengið í hendur álitsgerð þeirra erlendu sérfræðinga, sem að undanförnu höfðu unnið að athugun efnahagsmálanna hér. Ræða þessi var birt í Tímanum 9. okt. 1956, og geta menn athugað það þar, hvort rangt muni farið með nokkuð af því, sem ég segi. Eftir að hæstv. forsrh. hafði upplýst, að álitsgerð hinna erlendu sérfræðinga staðfesti í öllu það, sem hann og hans flokkur hafði haldið fram í kosningabaráttunni þá um sumarið, að efnahagslífið væri helsjúkt og fram eftir þeim götunum og að róttækra aðgerða væri þörf, — eftir þessa fullyrðingu talar hæstv. forsrh. um það, að að vísu sé ekki tímabært enn þá að birta þetta álit, en fer þó nokkrum orðum um þær niðurstöður, sem sérfræðingarnir hafi komizt að, og segir þar m. a. orðrétt:

„Vegna sífellds og hættulegs áróðurs er nauðsynlegt að taka fram, að ef rétt er á haldið, þarf hér ekki að vera um að ræða kjaraskerðingu, sem neinu nemur í byrjun, og hispurslaus framkvæmd skynsamlegra ráðstafana ætti að geta tryggt núverandi lífskjör þjóðarinnar."

Þetta segir hæstv. forsrh. um tillögur þessara sérfræðinga, eftir að þær höfðu borizt honum í hendur og hann kynnt sér þær.

Hér átti að vera um að ræða varanleg úrræði til þess að tryggja lífskjör þjóðarinnar, án þess að um kjaraskerðingu, sem neinu næmi, væri að ræða fyrir almenning í byrjun. Þetta er mjög merkilegt með tilliti til þess, sem síðar hefur komið á daginn. Enginn neitar því, ekki heldur hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., að ráðstafanir þær, er gerðar hafa verið á hennar vegum, hafa haft mjög verulega kjaraskerðingu í för með sér fyrir allan almenning, þó að það hafi að nokkru verið dulbúið með fölsun vísitölunnar, sem ég gerði að nokkru umræðuefni hér í gær í Sþ. Það hlýtur að vekja mjög mikla furðu, að þessar ágætu tillögur skuli ekki einu sinni hafa fengið að sjá dagsins ljós, og í tilefni af þessu vildi ég gjarnan að lokum endurtaka þá fsp., sem ég bar fram áðan, hvort það sé þá hugsun hæstv. ríkisstjórnar, að hv. þm. fái að kynna sér þá álitsgerð, sem nú er í vændum.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Hv. 1. þm. Rang. sagði, að nefndin, sem er að rannsaka fjárhagsmálin, hefði lokið störfum og það væri aðeins vegna ósamkomulags í nefndinni, að stæði á þessu máli. Ég skýrði frá því áðan og endurtek það, að þetta er rangt. Það var lögð áherzla á það við þá nefnd, sem vinnur að þessum málum, þegar í byrjun að hraða verki sínu sem mest, og sú beiðni var endurtekin, áður en ég fór til útlanda. Þá ræddi ég við nefndina um það mál, og núna eftir að ég kom heim, þá spurðist ég fyrir um það, hvað væri eftir að inna af hendi af vinnu, til þess að henni væri fulllokið, og var mér þá skýrt frá því, að það væri von til þess, eins og ég sagði áðan, að það væri hægt að ljúka því starfi fyrir byrjun næsta mánaðar. Það, sem hv. þm. sagði um þetta og er í ósamræmi við þær upplýsingar, sem ég gaf um þetta efni, er því algerlega rangt.

Viðkomandi því atriði, hvort frv., sem hv. 5. þm. Reykv. upplýsti hér að hefði verið lagt fyrir fjhn. hér á Alþingi, væri það sama sem var borið fram 20. des., þá hef ég ekki haft tækifæri til að athuga það. Hann upplýsti, að það hefði verið flutt nýtt frv. 20. des., og það var afgr. í Ed. 22. des. Ég hef ekki haft ástæður til þess að bera það saman, hvort frv. eru eins, en svo mikið er víst, að einn af þm., sem fylgist vel með málum og betur en margir aðrir, fór heim stuttu fyrir jól og vissi ekkert um málið fyrr en hann heyrði í útvarpi um afgreiðslu þess. Ég veit, að það var ágreiningur um það þá í ríkisstj., hvernig ætti að afgreiða málið, mér er það ósköp vel kunnugt, og ég er ekkert að setja þetta fram í aðfinnslutón. Eins og ég sagði áðan, hafa verið hér mikil vandræði með afgreiðslu fjárhagsmálanna hvað eftir annað og undantekningarlítið eða ég held undantekningarlaust, og eins og hér hefur komið fram við þessar umr., hefur það verið svo, að málin hafa verið afgreidd með stuttum fyrirvara, sem er, eins og ég sagði áðan, mjög óæskilegt.

Viðkomandi þeirri fyrirspurn, sem hér kom fram um það, hvort nál. það, sem kæmi frá þeirri nefnd, sem nú starfar að efnahagsmálunum, yrði lagt fyrir þingið, get ég svarað því, að ég geri frekar ráð fyrir, að svo verði, en það verður vitanlega ekki lagt fyrir þingið, fyrr en það hefur verið athugað í ríkisstj. til þess að gera sér grein fyrir, hvaða till. verða gerðar.

Frekara er það svo ekki, sem ég sé ástæðu til þess að svara.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins örlítið út af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Það er í samræmi við það, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) sagði, að það er látið að því liggja, að ég hafi verið kominn heim og að ég hafi ekkert vitað um málið, fyrr en ég kom hingað aftur og það var afgreitt í skyndi, eins og hæstv. forsrh. sagði. (Gripið fram í.) Vegna þess, sem hv. þm. V-Húnv. sagði áðan, og ætla má, að þessir hv. flokksbræður eigi nokkuð við það sama, þá hef ég fulla ástæðu til að ætla, að hæstv. forsrh. hafi átt við mig, og ekki síður fyrir það, þótt hann segði, að þessi hv. þm. fylgdist betur með málum en margur annar.

Ég tek það mér til tekna, að hæstv. forsrh. hefur þetta álit á mér, og ég hef ekki ástæðu til þess að ætla, að hæstv. ráðh. sé ekki sammála hv. þm. V-Húnv., flokksbróður sínum, en hann nefndi mitt nafn í þessu sambandi.

Það er ekki meira en þetta, sem ég þarf að segja, en ég get, vegna þess að ég vissi dálítið um þetta mál, upplýst, að það, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði hér áðan, er rétt. Það sama frv., sem verið var að ræða um, var af hæstv. þáverandi atvmrh. lagt fyrir fjhn. í nóvembermánuði og rætt við hana um, og það frv., sem lagt var fyrir hv. Alþ. 20. des. til staðfestingar.

Og svo að lokum þetta: Hæstv. forsrh., ef hann ekki veit það, þá fer ég oft heim, og ég hélt, að það væri ekkert sögulegt við það. Ég fer heim í kvöld, og ég kem í bæinn á morgun. Þetta hefur vel getað átt sér stað 20. des. 1946, ég man það ekki, en að það væri til umræðu á Alþ., á því átti ég ekki von.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er bersýnilegt, að hv. 1. þm. Rang. (IngJ) skilur ekki orð mín eins og hann lætur og spinnur svona skemmtilega út af því, a. m. k. frá sínu sjónarmiði. Sá þm., sem um er að ræða og ég átti við, er hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem skýrði mér frá þessu hérna rétt áðan, enda gáfu mín orð ekkert tilefni til þess, að þau væru skilin á þennan hátt. Hitt er aftur upplýst, ef menn fletta í bókunum, — ég fór nú ekkert að tala um það og hef aldrei minnzt á það, að hv. þm. hafi verið fjarverandi, ég viðurkenni það sjálfur, að ég hef oft ekki sótt eins reglulega þingfundi og hefði átt að vera, og mér dettur ekki í hug að fara að finna að því við aðra, — en ég sé það, að við eina atkvgr. þarna um frv., það er þá bezt að upplýsa það núna, þar stendur, að hv. þm. hafi verið fjarverandi. (Gripið fram í: Ekki í Rangárvallasýslu.) Það stendur ekki, að það sé kannske í Rangárvallasýslu, en það er nú ekki venjan heldur, en það stendur: fjarverandi. En ég ætla ekkert að fara að minnast á það, vegna þess að ég sé enga ástæðu til þess að vera að finna að því við aðra, sem tíðkast hjá sjálfum mér í alveg eins ríkum mæli.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Þm. kunna vafalaust mjög vel að meta þá hófsemi hæstv. forsrh. (HermJ) að finna ekki að því við aðra þm., ef þeir mæta ekki á þingfundum, eftir að við urðum að bíða alllengi hér í dag, til þess að hann hefði framsögu í máli, sem tilkynnt var þegar í gær að ætti að vera til umræðu. Og þegar hv. þm. V-Húnv. (SkG) fór að tala um, að sent hefði verið eftir þm. til þess að greiða atkv., sem kom þessu máli auðvitað ekkert við, þá var það hlálegt, að það skyldi vera minnzt á það einmitt á þeim fundi, þegar við heyrðum, að hæstv. forseti þurfti að gera út marga leiðangra í dag til þess að ná í hæstv. forsrh. til að mæla fyrir þessu máli. Þetta heyrðu allir þm. og sáu, að aumingja félmrh. var á þönum, eins og hann væri á leiðinni austur til Moskva, að gá að því, hvar forsrh. væri niður kominn. Sjálfur félmrh. lenti í því hér rétt fyrir jólin, að hann var sóttur einhvers staðar, þar sem hann var í góðum fagnaði úti í bæ, til þess að það gæti orðið lögleg atkvgr. Þá var áhugi stjórnarliðsins ekki meiri en svo, að þeir höfðu allir skotizt burtu, þangað til náðist í þetta eina fórnardýr, til þess að þeir gætu haldið áfram löglegum fundi. Ég vonast til þess, að þetta hafi ekki verið óþinglegt orðbragð, en það var ekki meint í bókstaflegri merkingu.

Varðandi efni málsins, þá vildi ég þó bera fram út af því, sem hér hafa orð fallið, fsp. til hæstv. forsrh.

Það er talað um sérfræðinga, sem eigi að gefa álit, og nú bíði þingið nánast eftir því, að þeir afhendi sitt álit. Þá vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hverjir eru þessir sérfræðingar, og af hverjum hafa þeir verið tilnefndir?

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að hæstv. forsrh. var ekki alveg samkvæmur sjálfum sér, þegar hann sagði, hvenær sérfræðingaálitið yrði til. Hann sagði fyrst, að það mundi verða til um mánaðamótin eða ekki löngu eftir þau. Svo sagði hann á eftir, að sér hefði verið sagt, að það mundi verða til fyrir næsta mánuð. Hér kemur ekki allt heim og er eins og nokkuð í þoku fyrir hæstv. forsrh., hvaða upplýsingar hann hefur fengið um þetta, sem varðar þó svo mjög starfshætti þingsins.

En það er annað, sem kemur þó alveg ljóst fram í þessu, að þessi álitsgerð varðandi efnahagsmálin á ekki undir neinum kringumstæðum að verða til, fyrr en lokið er atkvgr. í þýðingarmestu verkalýðsfélögunum. Alþingi má bíða, og það má vera nokkuð á huldu, hvenær álitsgerðin kemur, varðandi þess störf, en það eitt á að passa, að álitsgerðin og tillögurnar eiga ekki að koma fyrr en verkalýðsfélögin hafa að þessu sinni greitt atkvæði, og þarf ekki það frekari skýringa við. Það vita allir, hvað vakir fyrir hæstv. ríkisstj. með þeim vinnubrögðum.

Umræðurnar hafa að sumu leyti leiðzt á nokkuð aðrar brautir en tilefni var til í því, sem ég sagði í upphafi. Það var einungis einn þáttur þess, sem ég vék að, að mál væru í skyndingu afgreidd í þinglok eða á þeim tíma, þegar stjórnin loksins hefði þau til, og þingið væri svo starfslitið eða starfslaust á milli. Ég gat þess réttilega, að þetta er ekki með öllu nýtt, þó að aldrei hafi svo um þverbak keyrt eins og nú á þessum tveimur síðustu þingum, það sem af er þessu og því, sem áður var háð á þessu kjörtímabili. Og það er ekki einungis, að mönnum gefist ekki færi til þess að athuga hin mikilvægustu mál hæfilega, heldur er það, að það er ekki séð fyrir öðrum málum, til þess að þm. hafi þó eitthvað við að vera. Yfirleitt hefur það verið þann tíma þangað til nú, síðan ég kom á þing 1942, að það hafa verið mál frá hæstv. ríkisstj., margs konar umbótalöggjöf og framkvæmdir, sem tillögur hafa verið gerðar um og þm. hafa haft færi á að athuga, en nú er alger málefnafátækt hjá hæstv. ríkisstj. og ekki einu sinni neitt af ópólitískum málum, sem fyrir liggur. Við þessu dugir ekki það svar, að stjórnarandstaðan gæti þá borið slík mál fram. Það liggur í augum uppi, að margháttuð löggjöf, sem stöðugt á að vera unnið að í þjóðfélagi, sem er í jafnörri þróun og okkar þjóðfélag,

verður ekki undirbúin af neinum nema hæstv. ríkisstj. Við skulum t. d. nefna endurskoðun á hegningarlögum, endurskoðun á hlutafélagalögum, endurskoðun á margháttaðri gamalli löggjöf, sem sí og æ þarf að taka upp og ríkisstj., ef hún er framfarasinnuð og vill umbætur, verður að beita sér fyrir.

Allt þetta hefur verið vanrækt meira í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. en ég veit dæmi til áður, og þess vegna er það, að jafnvel hafa menn ekki færi á nú, eins og oft hefur verið á þeim tímum, þegar minna er að gera í þinginu, að vinna að ópólitískri löggjöf, ef svo má segja, heldur sitja menn hér starfslausir til þess að bíða eftir einhverjum tillögum frá einhverri nefnd, sem stjórnin hefur ekki hugmynd um hvort hún muni fallast á eða koma sér saman um, þegar þær tillögur einhvern tíma koma fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 50. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Frv. samhljóða því, sem hér liggur fyrir, hafa undanfarin ár verið lögð fram hér á Alþingi, og ástæðan til þess er sú, að ef ekki er annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi koma saman 15. febr. En það er nú orðin svo að segja föst venja að breyta þessu með lögum og ákveða samkomudag Alþingis að haustinu, venjulega í byrjun októbermánaðar. Hér er gert ráð fyrir, að Alþingi komi saman föstudaginn 10. okt., hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Ég leyfi mér að óska eftir, að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. Ég geri naumast ráð fyrir, að ástæða þyki til að vísa málinu til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 244).

---

15. Farsóttalög.

Á 16. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til farsóttalaga** [66. mál] (stjfrv., A. 111).

Á 30. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. það til farsóttalaga, sem hér liggur fyrir, er samið af Vilmundi Jónssyni landlækni til endurskoðunar laga nr. 66 frá 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Endurskoðun þessara laga fylgir í kjölfar setningar sóttvarnarlaga, nr. 34 frá 12. apríl 1954, en með þeirri lagasetningu voru endurnýjuð lögin um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, nr. 35 frá 19. júní 1933. Sú endurskoðun varð nauðsynleg, eftir að Ísland hafði á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar gerzt aðili að hinum alþjóðlega sóttvarnarsamningi frá 1951, en hann tók gildi 1. okt. 1952. Höfundur þessara laga hvorra tveggja, laga, sem gilt höfðu nær aldarfjórðungsskeið, hefur því nú endurskoðað báða þessa lagabálka til samræmingar við breytt viðhorf og til innbyrðis samræmis.

Hinum nýju lagasmíðum hafa nú verið valin nöfn, sem virðast vera vel til þess fallin eftir málvenju að segja með einu orði það, sem áður var sagt með mörgum, þ. e. a. s. í stað heitisins „lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma“ kemur nú „farsóttalög“ og í staðinn fyrir hið langa nafn „um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins“ er aftur „sóttvarnarlög“.

Svo sem í grg. þessa frv. segir, er ekki um stórfelldar breytingar að ræða, og svarar hver grein til greinar gildandi laga, og er efnisbreytinga ekki að leita nema í 3., 15., 16. og 17. gr., en orðabreytingar eru þó að vísu víðar í frv.

Í 3. gr. frv. er sóttatal þessara laga samræmt sóttatali 1. gr. sóttvarnarreglugerðarinnar eftir sóttvarnarlögunum frá 1954, en þar eru taldar

sóttir þær, sem alþjóðlegi sóttvarnarsamningurinn fjallar um, að undanskilinni þó gulri hitasótt, en gegn útbreiðslu hennar er íslenzkt loftslag talið vera nægileg vörn.

Refsifyrirmæli 17. gr. frv. eru gerð samsvarandi refsifyrirmælum sóttvarnarlaganna, en það má hafa þó í huga, að við hlið þessara refsifyrirmæla gilda svo hin ströngu refsifyrirmæli 175. gr. hegningarlaganna fyrir að valda vísvitandi hættu á því, að næmir sjúkdómar komi upp eða breiðist út.

Formlega er viðurhlutamest sú breyting frv. frá gildandi lögum, að horfið er frá þeirri skipan að hafa sérstakan sótthreinsunarmann í hverju sveitarfélagi. En reynslan hefur sýnt, að þeirri skipan verður ekki haldið uppi, og er hún raunar úrelt orðin, svo mjög sem sótthreinsanir eru nú yfirleitt úr gildi fallnar. Heimild er þó áfram í 15. gr. fyrir sveitarstjórn, ef hún telur henta, að hafa á að skipa föstum sótthreinsunarmanni og fá löggiltan til þess starfa hæfan mann að dómi héraðslæknis og heilbrigðisnefndar, ef til er. Mundu þá önnur sveitarfélög í þeim fáu tilfellum, sem til þess kemur, geta leitað til hinna fáu sérfróðu sótthreinsunarmanna, enda er samgöngum nú svo háttað, að vandkvæði ættu ekki að vera veruleg á slíkri framkvæmd.

Ákvæði 16. gr. frv. um greiðslu kostnaðar vegna ráðstafana samkv. lögunum eru gerð allmiklu ýtarlegri en í gildandi lögum til þess að taka af vafa, sem þótt hefur vera á því í framkvæmd, hvernig um greiðslu slíks kostnaðar færi, svo að til málaferla hefur jafnvel komið út af því. Meðal hinna nýju ákvæða um greiðslu kostnaðar er fyrirvari um, að ekki falli niður greiðsluskylda sjúkrasamlaga eða ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, eftir því sem við getur átt, þótt ríkissjóður beri tilgreindan kostnað vegna opinberra farsóttavarna.

Þá er þarna að finna almennt ákvæði til áherzlu þess, að hlutaðeigendur skuli sjálfir bera kostnað af ráðstöfunum í samræmi við hina almennu aðgæzluskyldu samkvæmt 1. gr. laganna gagnvart farsóttum og hvers konar næmum sjúkdómum og það jafnvel þótt héraðslæknir fyrirskipi aðgerðir samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlaga, farsóttalaga, ef aðgerðir samt teljast innan marka nauðsynlegra og viðurkenndra venjulegra ráðstafana til þess að hefta sóttnæmisútbreiðslu.

Orðalagsbreytingar eru margar og ýmiss konar í frv., en raska ekki neinum efnisákvæðum gildandi laga.

Ég legg til, að þessu máli verði vísað til heilbr.- og félmn. að lokinni umræðunni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 111, n. 151).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Frv. til farsóttalaga er ekki nýmæli, heldur fjallar það um breytingar á lögum nr. 66/1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Eftir að sóttvarnarlög nr. 34/1954 gengu í gildi, varð nokkurt misræmi á milli þessara laga, og þess vegna er þetta frv. fyrst og fremst fram borið.

Helztu breytingu er að finna í 3. gr. frv., 1. mgr., þar sem rætt er um, hverjar sóttir skuli taldar varnskyldar, og í 17. gr. um refsiákvæðin. Er þeim breytt til fulls samræmis við samsvarandi ákvæði sóttvarnarlaganna.

Þá er í 15. gr. efnisbreyting á þá lund, að fellt er niður fortakslaust ákvæði um ráðningu sótthreinsunarmanns í hverju umdæmi. Sótthreinsanir, eins og þær áður tíðkuðust, eru nú að allmiklu leyti úreltar orðnar, og því er ekki talin ástæða til að hafa fasta sótthreinsunarmenn á hverjum stað. Heimild er þó til þess í frv., ef sveitarstjórn óskar þess, og sótthreinsunarmenn skal skipa, þegar mikið liggur við, svo sem þegar um varnskyldar sóttir er að ræða.

Loks er í 16. gr. ákveðið nokkru nánar en gert er í gildandi lögum um greiðslu kostnaðar af farsóttavörnum.

Aðrar breytingar eru orðalagsbreytingar einar, og eru þær allvíða. Tel ég ekki ástæðu til að rekja þær. Ýmsir hafa hnotið um orðið „sóttvarnarsóttir", sem kemur fyrir í 3. gr. og víðar, en það eru þær fimm varnskyldu sóttir, sem þar eru taldar upp. Þetta orð mun þegar vera notað í sóttvarnarreglugerð, og því er óheppilegt að fara að skipta um það hér.

Frv. hafði þegar, áður en það kom fram, verið sent til umsagnar ýmsum faglegum aðilum, svo sem læknadeild háskólans og stjórn Læknafélags Íslands, og þeir efnislega ekkert haft við það að athuga.

Hv. heilbr.- og félmn. athugaði frv. og ræddi það á tveimur fundum, auk þess sem tveir nm. áttu tal við landlækni um það. Hefur nefndin ekkert að athuga við efni þess og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til farsóttalaga er komið frá Ed.

og var afgr. þar án breytinga og ágreiningslaust. Ég man nú ekki, í hvaða n. það var í Ed., — já, það hefur sennilega verið í heilbr.- og félmn. í Ed., og er eðlilegt, að það fari þá í þá n. hér einnig.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 280).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed., var samþ. þar samhljóða án breytinga. Í því felast efnislega þær breytingar einar frá gildandi lögum, að lögin eru samræmd sóttvarnarlögum frá 1954 og nokkur ný ákvæði sett í lögin samkvæmt þeim venjum, sem skapazt hafa í framkvæmd.

Í aths. við frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta er samið af landlækni, hefur verið sent til umsagnar læknadeild háskólans, stjórn Læknafélags Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og borgarlækni í Reykjavík, en enginn taldi ástæðu til að gera við það aths., að því er efni þess varðar.“

Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 294).

---

16. Veðurstofa Íslands.

Á 33. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um Veðurstofu Íslands [71. mál] (stjfrv., A. 116).

Á 34. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Veðurstofa Íslands var stofnsett árið 1920, ekki með sérstökum lögum, heldur með sérstakri fjárveitingu í fjárlögum. Lög um veðurstofuna voru ekki sett fyrr en sex árum síðar, eða 1926. Síðan hafa þau verið í gildi óbreytt að mestu.

Það gefur auga leið, að á svo löngum tíma og einkum með jafnstórkostlegri þróun og miklum breytingum og orðið hafa á þeim málefnum, sem veðurstofunni er ætlað að fjalla um, er vart við öðru að búast en sú löggjöf, sem upphaflega var um hana sett, sé orðin úrelt og ekki viðeigandi lengur. Það er t. d. athyglisvert, að enn er í gildi það ákvæði úr lögunum um veðurstofuna, að hún skuli ekki hafa öðru starfsliði á að skipa en tveimur mönnum, forstjóra og fulltrúa. Þetta þótti fullnægjandi upphaflega, og þetta ákvæði hefur staðið í lögunum og stendur enn í dag. Á sama hátt eru að sjálfsögðu þau ákvæði, sem lúta að því, með hverjum hætti veðurstofan skuli starfa og við hvaða viðfangsefni hún skuli fást, með öllu óbreytt frá því, sem við þótti eiga á árunum eftir 1920.

Nú er það staðreynd, að síðan veðurstofan var stofnuð, hafa stórfelldar breytingar orðið á þeim verkefnum og viðfangsefnum, sem hún hefur við að glíma. Veðurathugunarstöðvum á Íslandi hefur þannig fjölgað mjög mikið á þessum árum, auk þess sem athugunartímum hefur verið fjölgað stórlega, veðurathuganir í háloftum bætzt við og veðurathugunarskipin þar að auki. Af þessu leiðir, að skeyti þau og upplýsingar, sem veðurstofan fær til að vinna úr á hverjum sólarhring, eru margfalt fleiri en var í upphafi og þess vegna langtum fleiri og margbrotnari athuganir og útreikningar, sem gera þarf á hverjum sólarhring. Við þetta bætist svo það, að veðurathugunarstofa Íslands hefur tekið að sér að sjá um leiðbeiningar fyrir millilandaflugið á Norður-Atlantshafi, og í því sambandi hefur hún orðið að setja upp tvær veðurathugunarstofur til viðbótar aðalveðurathugunarstofunni, sem sagt bæta við veðurathugunarstofum á Reykjavíkur- og á Keflavíkurflugvelli. Auk þessa eru svo áhöld og útbúnaður allur, sem veðurstofan þarf að starfa með, orðin miklu meiri og margbreytilegri en áður var og þess vegna viðhald og smíði slíks útbúnaðar, sem að langsamlega mestu leyti fer fram á veðurstofunni sjálfri, orðið allt annað og margbreytilegra en áður.

Af þessu mætti vera ljóst, að það er að sjálfsögðu óviðunandi lengur fyrir veðurstofuna að búa við löggjöf, sem slær því föstu, að það skuli aðeins vera tveir starfsmenn, forstjóri og aðstoðarmaður, og að starfssvið veðurstofunnar skuli markað eftir þeim sjónarmiðum, sem ríktu 1926, þegar lögin voru sett, enda hefur það farið svo í framkvæmdinni, að það er mjög langt síðan veðurstofan hætti að fylgja þeim lögum, sem um hana giltu. Ég hef því samkv. ábendingu frá veðurstofustjóra gert ráðstafanir til þess, að endurskoðuð væru þau lög, sem um veðurstofuna gilda. Fékk ég Þórð Eyjólfsson hæstaréttardómara til að vinna það verk í samráði við veðurstofustjóra, og hefur hæstaréttardómarinn samið þetta frv. í samráði við veðurstofustjóra, auk þess sem frv. hefur verið borið undir veðurfræðinga á veðurstofunni, og allar þær ábendingar, sem frá þeim aðilum komu, voru teknar til greina, að því undanskildu, að einstaka raddir voru uppi um það, að nokkur atriði, sem í frv. eru, skyldu frekar vera í reglugerð en í lögum, en að athuguðu máli þótti heppilegra að hafa þetta í lögunum sjálfum.

Ég ætla ekki að fara að rekja frv. í einstökum

atriðum. Ég vil aðeins geta þess, að aðalverkefni frv. er að draga línurnar fyrir því, hvert starfssvið veðurstofunnar skuli vera. Er það gert með þeim hætti, að fylgt er í frv. þeim reglum, sem myndazt hafa á veðurstofunni sjálfri að fenginni reynslu, auk þess sem til hliðsjónar eru höfð þau lög og þær reglur, sem gilda um veðurstofur í sambærilegum löndum. Upptalning sú, sem frv. hefur því að geyma um starfssvið veðurstofunnar, er í rauninni ekki annað en staðfesting á starfsháttum, sem myndazt hafa, þótt það sé þvert ofan í lög, og staðfesting á því, sem til fyrirmyndar hefur þótt annars staðar, auk þess sem því er nú ekki slegið föstu í frv. eins og í lögunum, að starfsmennirnir skuli vera ákveðinnar tölu, heldur eigi að fara þar eftir þörf og ákvörðun þess, sem fjárveitingavaldið getur á fallizt hverju sinni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í einstakar greinar frv., en vil leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 116, n. 203).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af prófessor Þórði Eyjólfssyni í samráði við forstjóra og sérfræðinga veðurstofunnar og er óvenjulega, að okkur finnst, nm., vel upp byggt og vel samið.

Veðurstofan óx upp utan við lög. Hún byrjaði í raun og veru 1920, og voru þó angar af henni byrjaðir áður, sumpart í höndum íslenzkra sjálfboðaliða og sumpart í höndum erlendra manna. En 1920 má segja að hún verði innlend, þó utan við lög, bara eftir fjárveitingu frá Alþingi, og þannig starfaði hún nokkur ár, þangað til búin voru til lög, ég ætla 1926, sem áttu að skapa ramma utan um hennar starf. Rás viðburðanna hefur svo orðið sú og þróun í heiminum, að sá rammi er fyrir löngu sprengdur, og hún er fyrir löngu vaxin langt út fyrir þau gömlu lög, sem hún átti að lúta og eftir að fara. Það reyndist þess vegna nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að búa til um hana og hennar starf ný lög, og frv. að þeim liggur nú hér fyrir.

Eftir að nefndin hefur farið yfir það allrækilega, kemst hún að þeirri niðurstöðu, að hún mælir yfirleitt með því við hv. deild að samþykkja frv., en gerir þó við það eina breytingu, sem sumir mundu kalla lítilfjörlega, aðrir aftur mikilvæga; það er eftir því, hvernig á það mál er litið. Í 9. gr. laganna eru ákvæði um, að reisa skuli byggingu fyrir veðurstofuna á stað, sem hentar starfseminni, svo fljótt sem kostur er á. Þarna er lagt undir dóm hennar, hvenær hún sér kost á að byggja hana, hvort sem það er með lántöku eða beinum framlögum o. s. frv. Þetta þótti okkur nm. óviðfelldið mjög og óvanalegt og breyttum þess vegna þessu í greininni og leggjum til, að hún hljóði svo:

„Reisa skal byggingu fyrir veðurstofuna á stað, sem hentar starfsemi hennar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum."

Þetta er eina breytingin, sem við leggjum til að gerð sé á frv., og með þeirri breytingu mælum við ákveðið með samþykkt frv. og teljum brýna þörf á að gera það, því að í raun og veru starfar veðurstofan núna eftir löngu úreltum lögum, sem brotin eru með nauðsynlegu starfi hennar að mörgu leyti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 203 (ný 9. gr.) samþ. með 12:1 atkv.
10.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 213).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Lög þau, sem gilda um Veðurstofu Íslands, eru orðin allgömul og mjög langt á eftir tímanum. Það má segja, að veðurstofan hafi verið stofnuð með fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1920. Tók veðurstofan til starfa í Reykjavík það ár. Lög voru hins vegar ekki sett um veðurstofuna þá í upphafi, og varð ekki úr lagasetningu um hana fyrr en árið 1926. Þau lög, sem þá voru sett, eru enn í fullu gildi, og hefur ekki verið gerð á þeim önnur breyting en sú, að eftir að útvarpið tók til starfa, var ákveðið með lögum, að Veðurstofa Íslands skyldi taka útvarpið í þjónustu sína til birtingar á veðurfregnum, en um það voru sett viðbótarlög við lögin um veðurstofuna árið 1932.

Lögin frá 1926 um Veðurstofu Íslands voru að sjálfsögðu sniðin eftir því ástandi, sem þá ríkti í þessum málum. Má segja, að í upphafi hafi ekki verið gert ráð fyrir, að starf veðurstofunnar skyldi verða ýkja fjölþætt eða margbreytilegt. Hins vegar hefur þannig farið á þeim árum, sem liðin eru síðan þessi lög voru sett, að örari þróun og umbreytingar hafa orðið í veðurþjónustunni en á mörgum öðrum sviðum. Aukin tækni, aukin þekking og breyttir hættir á mörgum sviðum hafa leitt til þess, að veðurstofan hefur orðið að auka og breyta starfsemi sinni á þeim árum, sem liðin eru síðan hún var stofnuð, án þess að fylgt hafi verið eftir eða á undan hafi farið nokkur löggjöf um þetta efni. Nægir m. a. að benda á það, að í lögunum um veðurstofu er svo ákveðið, að þar skuli aðeins vera tveir fastir starfsmenn. Aðra fasta starfs-

menn hefur veðurstofan ekki leyfi til að hafa lögum samkvæmt. Það má segja, að þetta hafi verið fullnægjandi í upphafi, en fljótlega urðu þær breytingar á, að veðurstofunni mundi hafa verið gersamlega ófært að leysa af höndum þau verkefni, sem hún óhjákvæmilega varð að fjalla um, ef fast hefði verið haldið á þessu lagafyrirmæli og eftir því farið.

Þá má og minna á, að síðan veðurstofan var stofnuð, hafa veðurathugunarstöðvar, bæði á landi hér og á hafinu í kringum landið, aukizt og margfaldazt. Af því leiðir, að veðurathugunum hefur fjölgað, veðurútreikningum sömuleiðis, og þar með aukin og margföld vinna við veðurspár. En það, sem sennilega hefur orðið einna mest til þess að auka starf veðurstofunnar, er sú þróun, sem orðið hefur í flugmálum og loftferðum, síðan veðurstofan varð til. Flugið var naumast þekkt og alls ekki hér á þessum slóðum, þegar veðurstofan tók til starfa. Nú fara á hverjum degi tugir, jafnvel hundruð flugvéla yfir Atlantshafið hér í nágrenni Íslands. Allt þetta flug á milli landa, auk innanlandsflugsins, byggist að mjög verulegu leyti á þeirri þjónustu, sem veðurstofan getur látið í té. Hefur þetta að sjálfsögðu leitt til þess, að veðurstofan hefur orðið að auka starfsemi sína, færa mjög út kvíarnar og bæta mjög við sig starfsliði.

Ýmislegt fleira mætti upp telja, sem veðurstofan hefur orðið að taka að sér, síðan lögin um hana voru sett, en þetta eitt nægir til þess að benda á, að Veðurstofa Íslands í dag er ekki nema að hverfandi litlu leyti sú stofnun, sem hún var, þegar lögin um hana voru sett upphaflega, þau lög, sem enn þá gilda óbreytt. Það hefur því verið ljóst nú um nokkurn tíma, að mikil nauðsyn væri á því, að ný löggjöf yrði samin fyrir Veðurstofu Íslands.

Ég sneri mér á s. l. ári til forstjóra veðurstofunnar, og í samráði við hann fékk ég Þórð Eyjólfsson hæstaréttardómara til þess að endurskoða gildandi lög um Veðurstofu Íslands og semja nýtt frv. að lögum fyrir hana. Þetta frv. liggur nú hér fyrir hv. Alþingi. Mér þykir rétt að taka það fram, að auk þess sem hæstaréttardómarinn hefur samið þetta frv. algerlega í samráði við forstjóra veðurstofunnar, þá hefur einnig verið haft samráð við veðurfræðingana á veðurstofunni og málið borið undir þá bæði í heild og í einstökum atriðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svo stöddu að fara út í einstakar greinar eða einstök atriði í þessu frv., því fylgir mjög ýtarleg og greinargóð grg., en ég vil aðeins taka fram, að frv. er í einu og öllu byggt á þeirri starfsemi, sem veðurstofan þarf nú að fást við, og þeirri starfsemi, sem vitað er að veðurstofan kemur óhjákvæmilega til að þurfa að fást við í næstu framtíð. Er það álit þeirra, sem um þetta frv. hafa fjallað, að það fullnægi algerlega þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar Veðurstofu Íslands í dag, og þeim kröfum, sem gerðar eru til annarra sambærilegra stofnana hjá öðrum þjóðum.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þegar þessari 1. umr. um frv. er lokið, þá verði því vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 213, n. 300).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem nú liggur fyrir til 2. umr., er stjórnarfrv., flutt í hv. Ed. og þaðan komið. Í Ed. var frv. breytt lítils háttar, og er sú breyting, sem þar er um að ræða, við 9. gr.

Allshn. hefur haft frv. til meðferðar á tveim fundum og rætt um það við veðurstofustjórann.

Gildandi lög um Veðurstofu Íslands eru nú rúmlega 30 ára gömul, voru sett árið 1926, en síðan þau lög voru sett, hefur starfsemi stofnunarinnar mjög aukizt og orðið fjölbreyttari en hún var áður og starfsfólk fleira en áður var. Það hafa komið til ný verkefni á síðari áratugum, eins og það að annast þjónustu vegna flugsamgangna, sem ekki var þörf á þá, en hefur komið til síðan og fer mjög vaxandi.

Lögin um veðurstofuna hafa því verið endurskoðuð, og það stjórnarfrv., sem lagt var fyrir þingið, er árangur þeirrar endurskoðunar.

Í frv. hafa verið tekin ýmis ný ákvæði, sem ekki voru í eldri lögum, og eru miðuð við hina breyttu aðstöðu, hin breyttu verkefni. M. a. er það nýmæli í 6. gr. frv., sem ég skal nefna til dæmis.

Þar er gert ráð fyrir, að veðurstofan hafi nú samband og samráð við opinberar stofnanir, fyrirsvarsstofnanir atvinnuvega og samgöngumála, en þýðing veðurstofunnar og veðurþjónustunnar fyrir atvinnuvegina mun nú vera almennt viðurkennd.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir því, að byggt verði yfir veðurstofuna á þeim stað, sem hentar starfsemi hennar, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, en nú starfar stofnunin á fleiri en einum stað.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, og ber ekki fram við það neinar brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 315).

17. Skattur á stóreignir.

Á 24. fundi í Sþ., 4. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir [100. mál] (stjfrv., A. 210).

Á 48. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Innihald þessa frv. er einvörðungu, að frestur verði gefinn til að ljúka álagningu stóreignaskatts til febrúarloka 1958. En í lögunum, eins og þau voru samþ. á sínum tíma, var gert ráð fyrir, að hægt yrði að ljúka álagningunni fyrir áramót. Þetta hefur verið talið nauðsynlegt, og voru gefin út um þetta brbl. í þinghléinu, og er hér ráðgert, að þau verði staðfest.

Ég skal taka fram, að mér finnst sjálfsagt, að þessi brbl. fái sína staðfestingu, en ég vil taka fram, að stóreignaskattsálagningunni er nú lokið. Ég hef því miður ekki hér þá bráðabirgðaskýrslu, sem ég hef fengið um það. En ég hygg það muni rétt, að heildarskatturinn skv. þeirri álagningu muni nema um nálega 135 millj. kr., og er þá eftir að taka til greina kærur, sem koma, þannig að skatturinn verður nokkru lægri en þetta endanlega.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég get í raun og veru fallið frá orðinu, vegna þess að ég ætlaði aðeins að spyrjast fyrir um, hver hefði orðið hin raunverulega fjárhæð skattsins. Nú hefur hæstv. fjmrh. upplýst, að skv. bráðabirgðauppgjöri muni skatturinn nema 135 millj. kr., og skal ég ekki efast um, að hér sé rétt farið með. En þegar þessi skattur var til umr. hér í þinginu, var það ein aðalástæðan hjá stjórnarliðinu fyrir því, að óhætt væri að samþykkja slíkan skatt, sem sjálfstæðismenn héldu fram að væri meiri blóðtaka en atvinnulífið mundi þola, — þá var ein aðalástæðan, að skatturinn næmi aðeins 80 millj. kr. Nú er sýnilegt skv. þessu bráðabirgðauppgjöri, sem hæstv. fjmrh. hefur skýrt hér frá, að skatturinn nemur 55 millj. kr. hærri upphæð en gert var ráð fyrir, þegar frv. var hér til umr. í þinginu. (**Gripið fram í:** 70% hækkun.) Hvað sem prósentunni líður, þá er það sýnilegt, að skatturinn fer langt fram úr því, sem fullyrt var að hann mundi gera, þegar hann var samþykktur.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort það sé ætlun stjórnarinnar að koma með brtt. við lögin um að lækka skattálagninguna, þannig að heildarskatturinn nemi ekki 135 millj. kr., eins og nú er, heldur 80 millj. kr., eins og gert var ráð fyrir, þegar frv. var samþykkt. En í því trausti samþykkti Alþ. frv., að ekki væru teknar nema 80 millj. kr. af landsmönnum í þennan skatt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil bara leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. ræðumanni. Þegar lögin um stóreignaskattinn voru sett, var mjög greinilega tekið fram, að það væri ómögulegt að gera nokkra áætlun um, hvað hann mundi gefa. Á hinn bóginn gerðu menn sér vonir um, að hann mundi ekki gefa undir 80 milljónum.

Við skulum nú segja, að þannig hefði farið, að skatturinn hefði orðið undir 80 millj. Þá hefði samt sem áður aldrei komið til greina, að það hefði verið lagt ofan á þennan skatt. Hann var ákveðinn eftir föstum reglum í frv., og hér var ekki lögð á tiltekin fjárhæð. Gildir auðvitað alveg sama um þetta og tekju- og eignarskattinn. Hann er lagður á eftir ákveðinni reglu, en ekki breytt á eftir til hækkunar eða lækkunar. Það hefði verið fullkomið siðleysi, ef ekki hefðu náðst 80 millj., að fara þá að bæta ofan á skattinn með sérstökum lögum. Slíkt hefði aldrei verið gert. Skatturinn verður vitaskuld innheimtur eftir lögunum eins og þau eru, alveg eins og farið er að skv. lögum um tekju- og eignarskatt.

Svo vil ég aðeins rifja upp, þó að það sé reyndar hv. þingmönnum sjálfsagt fast í minni, að þessi skattur er þannig á lagður, að gert er ráð fyrir því, að ein milljón í eign sé skattfrjáls, en lagt á það, sem menn eiga þar fram yfir.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Skatturinn er, eins og allir vita, aðallega til kominn á þann hátt, að fasteignir, sérstaklega hér í Rvík, hafa verið metnar miklu hærra en skynsamlegt má teljast. Þær hafa verið metnar svo hátt, að sýnilegt er nú, að fjöldi manna kemst í mikil vandræði með að greiða skattinn skv. því nýja mati, sem framkvæmt hefur verið.

Ein aðalástæðan og sterkustu rök stjórnarliðsins fyrir því, að óhætt væri að leggja skattinn á, var einmitt sú, að hann næmi ekki hærri fjárhæð en 80 millj. kr. Ef hæstv. fjmrh. hefði í öndverðu tilkynnt, að mjög væri líklegt, að skatturinn yrði 130—140 millj. kr., þá er engin trygging fyrir því, að þingið hefði samþ. frv. Þess vegna er þetta að fara aftan að skattborgurunum. Og ég vil spyrja: Ef skatturinn skyldi nú reynast svo sem 160 millj., þannig að hann hækkaði um 100%, því að vel getur verið, að hann hækki enn að einhverju leyti, þegar ekki er búið alveg að ljúka við útreikninginn, ætlar þá stjórnin samt sem áður að taka af skattgreiðendum helmingi hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í upphafi? Ég endurtek því, að farið er aftan að skattgreiðendum með því að taka af þeim skatta á þann hátt, sem hér er gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 240).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Frv. þetta er fram borið til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 31. des. s. l. Þau eru um breyt. á l. frá 3. júní 1957, um skatt á stóreignir. Í þeim lögum

var ákveðið, að á árinu 1957 skyldi leggja á slíkan skatt, en það kom í ljós skömmu fyrir áramótin síðustu, að ekki var unnt að ljúka því verki fyrir árslokin, og voru því þessi brbl. gefin út, sem kveða svo á, að skatturinn skuli á lagður fyrir febrúarlok 1958. Eins og fram hefur komið áður hér í umræðum um frv., þegar það var til 1. umr, er nú lokið við að leggja á þennan skatt. — Fjhn. mælir ágreiningslaust með því, að þetta frv. verði samykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hefði nú búizt við því, að hæstv. fjmrh. mundi sýna þessari hv. d. þann sóma að leiða þetta frv. hér í kirkju, ef ég mætti svo að orði kveða, og mér þykir yfir höfuð dálítið leitt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera í d. Þetta frv. er sem sagt í beinu áframhaldi af löggjöf þingsins áður um þann fræga stóreignaskatt, sem hv. deildarmönnum er vitað að lagður er nú á þessa dagana eða hefur verið. Ef hæstv. fjmrh. er fjarverandi, þá get ég vel beðið dálitla stund, en ég held mínar athugasemdir snerti hans afskipti af þessu máli óhjákvæmilega, þar sem hann hefur staðið fyrir því að fá þetta skattafyrirkomulag lögfest og framfylgir að sjálfsögðu framkvæmd þess. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er í umr. í Nd., enda á hann þar sæti. Leggur hv. þm. áherzlu á það, að —) Ja, ég legg eiginlega heldur áherzlu á, að gagnrýni, sem ég kynni að hafa hér um hönd á hæstv. ráðh., kæmi framan að honum, en ekki aftan að honum, þannig að hann gæti verið viðstaddur.

Umr. frestað.
Á 60. fundi í Ed., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (BSt): Ég hef vonazt eftir því, að hæstv. fjmrh. gæti verið hér viðstaddur, en svo er ekki enn a. m. k., og er ekkert við því að gera. Hann á ekki sæti í þessari hv. d., og ég hef ekkert sérstakt vald til að krefjast þess, að hann mæti á fundi. Hv. þm. Vestm. heldur ræðu sinni áfram.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla, að það hafi verið viðurkennt af hæstv. forseta í gær og sé ekkert óeðlilegt, að þingmenn séu ekki neyddir til að tala við tóma ráðherrastólana, þegar þeir óska eftir að beina fyrirspurnum til þess ráðherra, sem hlut á að máli hverju sinni. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér að halda frekar ræðu yfir tómum ráðherrastól heldur en í gær og sé þá ekki annað ráð vænna en að biðja hæstv. forseta að hafa biðlund, þangað til hæstv. ráðh. þóknast að sýna d. þann sóma að láta sjá sig.

Forseti (BSt): Það er kunnugt, að hæstv. fjmrh. var að standa fyrir máli sínu í gær í hv. Nd., þegar þetta mál var tekið hér á dagskrá, og eins og ég sagði áðan, hefur forseti þessarar d. ekkert vald yfir hæstv. fjmrh., nema þá þegar hann kemur hér á fund. Ég hef ekki nein tæki til þess að þvinga hann til þess að mæta hér á fundi. Á hinn bóginn er ekki hægt að slá þessu máli á frest óendanlega, en ég skal fresta fundi nú í 10 mín. og sjá, hvort ekki er hægt að hafa samband við hæstv. fjmrh. — [Fundarhlé.]
Ég hef komizt að raun um, að hæstv. fjmrh. getur ekki komið á þennan fund, en vill gjarnan vera við umræður um dagskrármálið, og verður það þá að bíða betri tíma.

Umr. frestað.
Á 61. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti (BSt): Hæstv. fjmrh. hefur tilkynnt mér, að hann geti ekki mætt á fundi í dag sökum áríðandi starfa, sem hann hefur með höndum og mér er persónulega kunnugt um að hann getur ekki látið undir höfuð leggjast. Þess hefur verið óskað, að hann væri við umr. um dagskrármálið, og er mér kunnugt um, að hæstv. ráðh. vill sjálfur gjarnan vera við þær umr. Er því dagskrármálið tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Ed., 7. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég gat ekki verið viðstaddur, vegna þess að mál var til umræðu, sem ég hafði framsögu fyrir í hv. Nd., þegar þetta mál kom hér fyrst á dagskrá til 1. umr.
Það er ekki ástæða til að halda mikla framsöguræðu fyrir þessu máli. Hér er um frv. til l. um staðfestingu á brbl. að ræða. En þannig er það mál vaxið, að gert var ráð fyrir að ljúka álagningu stóreignaskattsins fyrir áramót, en til þess vannst ekki tími, og var þá með brbl. heimilað að vinna að skattinum fram undir febrúarlok eða ljúka honum fyrir lok febrúar. Þetta var nauðsynlegt vegna vinnunnar, og skattálagningunni varð lokið fyrir þann tíma, og eins og hv. þingmenn vita og áður hefur verið greint frá í Nd., reyndist skatturinn samtals um 135 millj. kr., en á eftir að lækka að sjálfsögðu eitthvað við kærur og leiðréttingar, sem ævinlega koma til greina eftir á.
Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu

verði vísað til hv. fjhn. d., að lokinni þessari 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér á dögunum til 1. umr., hafði ég þegar tekið til máls, en óskaði eftir, að hæstv. fjmrh. væri við umræðurnar, af því að ég hafði í hyggju að leggja fyrir hann spurningar og yfirleitt að ræða eitthvað við hann um þetta mál. En hann hefur nú lýst því, að hann hafi af öðrum ástæðum orðið að vera fjarri, og hef ég vitaskuld ekkert við það að athuga, en vil þá nota tækifærið nú til þess að ræða nokkuð um það frv., sem hér liggur fyrir, og ætla, að það sé ekki gegn þingsköpum, þótt eitthvað sé minnzt á lögin í heild, sem þetta frv. á að breyta.

Það hefur víst verið svo sem hæstv. ráðh. lýsti, að þeim mörgu tugum manna, sem hann hafði í sinni þjónustu fyrir áramótin eða í haust til að vinna að þessu máli, vannst ekki tími til að vinna að því þannig, að álagningu skattsins yrði lokið á þeim tíma, sem í lögunum var fram tekið, og því horfið að því ráði að setja brbl. til að lengja þann frest fram á þetta ár, eins og hæstv. ráðh. raunar lýsti.

Ég ætla, að í því sambandi, þar sem bráðabirgðalagafrumvarpið fer fram á að breyta ákvæðum, sem eru í þessum lögum, sé heimilt og ekki á móti þingsköpum á neinn hátt að ræða um hugsanlegar fleiri breytingar á löggjöfinni, því að það virðist hafa komið í ljós og það mjög átakanlega á ýmsum stöðum, að þetta harkalega eignarnám, sem núverandi stjórnarflokkar standa fyrir, er svo tillitslaust og æðisgengið á hag þegnanna, að það er sannarlega athugandi fyrir hæstv. ríkisstj., ekki sízt athugandi að breyta að einhverju til bóta eða til léttingar, annaðhvort með breytingum á sjálfum lögunum eða þá í framkvæmdinni.

Það er nú eins og vitað er, að stóreignaskattur var settur á 1950, og það er ekki langur tími liðinn síðan, rúm sjö ár, og fjöldi af þeim, ég vil ekki fullyrða allir, en allur fjöldinn af þeim, sem þá urðu fyrir stóreignaskattinum, dregst enn þá með skuldahala, sem þeir verða að borga af á hverju ári, og eignir sínar þar veðsettar fyrir, þegar þessi stórskattur dynur á, þannig að það er útlit fyrir, að þessir sömu þegnar verði í framtíðinni að reyna að mæta kröfum ríkisins á þennan veg á tveimur sviðum, stóreignaskattsins frá 1950 og svo þessa stóreignaskatts, sem nú er á ferðinni og virðist vera lagður á í fyrstunni í löggjöfinni af miklu meiri óaðgætni og ónærgætni við þegnana. Og sérstaklega er það svo undirbúið af handlöngurum hæstv. fjmrh., sem hafa farið með mat fasteigna og mat verðbréfa í þessu sambandi og úrvinnslu á skattinum, að það er sýnilegt, að þar þarf stórra bóta við, ef menn eiga ekki margir hverjir að dæmast úr leik sem sjálfstæðir atvinnurekendur og ég vil segja sjálfstæðir borgarar í þessu þjóðfélagi, og það get ég þó varla skilið að sé sú innsta tilætlun þeirra, sem fyrir ríkinu ráða hverju sinni.

Því er ekki að leyna, að þetta stórskattsmál, þetta tryllta eignarán hæstv. fjmrh. hefur vakið stórkostlega gremju hjá þjóðinni, ekki aðeins þeirra milli sex og sjö hundruð manna, sem verða beint fyrir barðinu á eignaráninu, heldur líka þeirra manna, sem vita, hvað það þýðir, **að rekstur manna er keflaður** og niðurskorinn, sem þýðir það, að sá hinn sami verður ófærari til en ella að standa undir atvinnurekstri, sem hefur það í för með sér að hafa margt fólk á launum.

Þeim mun furðulegri tiltök eru þetta hjá hæstv. ríkisstjórn, þegar þess er gætt, að í frv. að lögunum um stóreignaskattinn sagði í fyrra, þegar þau voru lögð fram, að þetta ætti að vera einn liðurinn í sókn ríkisstj. og stjórnarflokkanna til að fá heilbrigðara efnahagslíf í landinu o. s. frv. og einn liðurinn í þeim efnahagslegu framkvæmdum, sem hæstv. ríkisstj. lofaði að gera til þess að fá að fjarlægjast meira verðbólguástandið og nálgast meira heilbrigt atvinnulíf í landinu. Það hefur ekki sézt framan í þessar ráðstafanir enn þá, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft á prjónunum sjálfsagt, nema þessi lög eru uppfylling eins af loforðunum, því að það mun hafa verið samningsatriði við kommúnistana að leggja stóreignaskatt á menn í landinu, sem þeir tala um sem auðvald, og hæstv. fjmrh. nauðugur eða viljugur hefur tekið að sér að túlka það og framkvæma með þessum ólögum, sem samþ. voru hvað þetta snerti á síðasta þingi.

Ég hef ekki séð þakkarávarp frá vinstri flokkunum í stjórninni til ríkisstj. fyrir neina framkvæmd á loforðum stjórnarsamvinnunnar nema um þetta mál. Þar var kommúnistablaðið alveg ánægt yfir aðgerðum hæstv. fjmrh. og sem sagt lofaði ríkisstj. fyrir þessar framkvæmdir, þó að það sé nú ekki alltaf lof um ríkisstj., sem maður les í því blaði. Þar var þetta greinilega látið í ljós. Og hæstv. fjmrh. og forsrh. létu sína sauðtryggu flokksmenn á miðstjórnarfundi Framsóknar, held ég að það heiti, sem haldinn var hér á dögunum, og ályktanir frá honum lesnar upp í útvarpinu, — þar var rætt um álagningu stóreignaskattsins af hálfu þessara manna, sem hafa hæstv. fjmrh. fyrir sitt leiðarljós og hæstv. forsrh., og þar tóku þessir fulltrúar eða miðstjórnarráðsmenn fyllilega undir lof kommúnistablaðsins, sjálfsagt eftir fyrirlagi sinna húsbænda. Annars staðar af landinu veit ég ekki til að neinn hafi upphafið sína raust til að telja þetta með lofsverðum aðgerðum, stóreignaskattinn.

Þegar það mál var til umræðu hér á síðasta þingi, var tónninn sá í stjórnarliðinu, að þetta ætti bara að snerta „auðvaldið“ í landinu og þá kannske helzt heildsalana, sem löngum hafa verið taldir til auðvaldsins á máli þessara manna, og enn fremur var það mjög látið í ljós, að stóreignaskatturinn mundi verða um 80 millj. Ég held, að í þremur ræðum, sem ég hef hérna fyrir framan mig eftir hæstv. forsrh., sé einmitt þessi tala nefnd. Ég skal taka það fram, að á sumum stöðum segir hæstv. ráðh. að vísu: ekki undir 80 milljónir, en því aðeins virðist þessi tala vera nefnd, að mönnum er ætlað að trúa á það og skilja, að stóreignaskatturinn verði 80 millj., enda fer hæstv. ráðh. í sumum

af þessum ræðum inn á að reikna, hvað það sé mikið á ári, 10 millj. í átta ár sé ekki stórvægilegt o. s. frv.

Ég veit, að við útvegsmenn lét hæstv. sjútvmrh. það mjög í ljós, að þeir yrðu fyrst og fremst ekki fyrir þessum skatti, enda yrði hann ekki stórkostlegur. Þeir stóðu í þeirri meiningu eftir þeim upplýsingum, eftir því sem þeir hafa tjáð mér, margir hverjir af þeirra forustumönnum, að útvegurinn og iðnaðarfyrirtæki útvegsins, sem hvort tveggja nýtur opinbers styrks og hefur gert að undanförnu, yrðu ekki fyrir barðinu á stóreignaskattinum. En mér virðist, að reyndin sé nokkuð mikið önnur. Í fyrsta lagi er þess að geta, að í staðinn fyrir að stóreignaskatturinn væri umtalaður sem 80 milljóna skattur, þá er hann nú ákveðinn 135 milljónir. Hæstv. ráðh. sagði að vísu, að þar mætti búast við frádrætti út af kærum. Ég skal ekki vefengja það, að þeir aðilar, sem fjalla um kærur um þennan skatt, kunni að taka eitthvað til greina, en hann er álagður 135 millj. í stað 80 millj., sem hæstv. ráðh. var búinn að gefa í skyn og ítreka.

Með marga af þeim mönnum, sem fá þennan stóreignaskatt, er því sjálfsagt svo varið, að þeir eigi eignir, verulegar eignir, til þess að láta taka af sér í þessu skyni eða á annan hátt, eða kannske geti risið undir, en allur fjöldinn fer mjög illa út úr þessari skattálagningu, ekki síst fyrir það gífurlega fasteignamat, sem hæstv. ráðh. styðst við, fasteignamat og álag á það, sem er fram úr öllu hófi, og það gífurlega yfirmat á skuldabréfum og hlutabréfum, sem fram kom að sögn á ýmsum stöðum.

Ég hef ýmis dæmi handbær í þessu efni, en vil ekki að þessu sinni nefna þau án tilefnis. Það getur þó vel að því dregið, að það tilefni sýni sig. En ég tel, að jafngreindur maður og hæstv. fjmrh. er mundi jafnvel nú vera farinn að átta sig á, að hér væri of hart af stað farið. Þess vegna tel ég, að að væri vel þess vert, að hann tæki vel í að breyta einhverju nú á þessu stigi málsins til mildunar þessu fjárnámi eða eignaráni, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið af stað.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann geti upplýst, hversu mikið af skattinum, þessum 135 milljónum, sem hann er í dag á pappírnum, verður tekið af útvegsmönnum eða fyrirtækjum, sem útvegsmenn eru riðnir við.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því, sem hann á eflaust hægt með að svara, hversu mikið mundi vera ógreitt af eignakönnunarskattinum, af stóreignaskattinum, sem á var lagður 1950, og þá um leið, að hvað miklu leyti þessi nýi stóreignaskattur kemur á sömu aðila. Ég veit um nokkra, sem hann kemur á, en ég veit það ekki að fullu, en það hlýtur aðalskattheimtumaður ríkisins að vita, að hvað miklu leyti þessi stóreignaskattur kemur á sömu aðila sem standa enn undir stórum skuldum með eignir sínar veðsettar til þess að fylla upp í þá hít, sem byrjað var að krefja í 1950.

Þá vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hversu mikill væri hluti stóreignaskattsins, sem kæmi á þá aðila, sem standa undir hinum fyrri stóreignaskatti.

Í fjórða lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um það, sem mörgum þykir dálítið undarlegt: Hví liggur ekki frammi skrá yfir þennan stóreignaskatt, á hverja hann er álagður nú að þessu sinni? Hvað tekjuskattinn snertir venjulega samkv. tekjuskattslögunum, þá held ég, að skrá yfir eignar- og tekjuskatt sé opinbert plagg, sem liggi frammi til athugunar fyrir þá, sem vilja. En ég verð ekki var við, að stóreignaskatturinn eða hans álag sé neins staðar til sýnis fyrir almenning.

Þá vildi ég í fimmta lagi spyrja hæstv. ráðh., hvað því valdi, að stóreignaskatturinn virðist ekki vera eftir lögunum frádráttarhæfur við álagningu tekju- og eignarskatts, eins og ég held að eignarskatturinn samkvæmt eignarskattslögunum sé, að hann sé frádráttarhæfur. Og ef svo er, sem mig minnir, vildi ég sem sagt spyrja að því: Hvað veldur því, að stóreignaskatturinn getur ekki verið frádráttarhæfur eins og annar eignarskattur? Stóreignaskatturinn er vitaskuld lagður á eignir eða á að vera, þó að það „fígúruverk", sem heitir stóreignaskattur núna í löggjöfinni, sé lagt á eignir, sem eru fengnar með fölsuðu mati, vitlausu mati á ímynduðum hag skattgreiðandans.

Ég sagði áðan, að þessi skattur mundi vera mörgum svo þungur í skauti, að þeir hefðu ekki eignir í hann, nema þá láta taka fasteignir eða þau hlutabréf, sem þeir ráða yfir. Þetta átti sér stað líka, þegar skatturinn 1950 var lagður á. Í framkvæmd hans t. d. er snerti verzlunarfyrirtæki og útgerðarfyrirtæki í Eyjum, sem ég var við riðinn, hirti ríkissjóður gamalt pakkhús, sem við áttum, upp í skattinn, og ég sé, að það er núna horfið af sjónarsviðinu, og ég er næsta vonlítill um, að ríkisstjórninni hafi orðið sá matur úr að ná því húsi undir sig eins og út var látið líta, þegar það var tekið. Svona kann að vera á fleiri stöðum.

En að því leyti sem menn, eins og var 1950, tóku þann kostinn að gefa út skuldabréf og veðsetja að einhverju leyti eignir sínar, þá gæti það vitaskuld komið til mála enn að gera það, býst ég við, eða menn mundu kannske heldur vilja gera það en láta selja ofan af sér húsin, en í lögunum, sem nú eru í gildi um stóreignaskattinn og ég hef hugsað mér að fara fram á breytingu á, er talað um aðeins tíu ára frest og nokkuð háa vexti, 6% vexti. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann vildi ekki vera því meðmæltur, að sá frestur væri lengdur, ef það yrði ofan á í fjhn. Ég mun flytja um það till. þar, en vil leggja þessa spurningu á þessu stigi fyrir hæstv. ráðh., hvort hæstv. ráðh. mundi ekki vilja fallast á að hafa þann frest lengri, t. d. 20 ár, og vextina miklu lægri, t. d. 3% vexti eða eitthvað því um líkt, því að það er sannarlega þess vert fyrir ríkið að tryggja sér, að það fái eitthvað upp úr þessu, sem verið er að burðast með hér í löggjafarformi, að ríkið hafi þá eitthvað upp úr því annað en bara að koma einstökum mönnum á kné.

Ég tók fram, að mér vitanlega hafa engir fagnað þessum stóreignaskatti opinberlega aðrir en kommúnistar og svo hv. miðstjórn Framsfl., sem sýnir þann audlega skyldleika, sem er á

milli forustumanna beggja þessara háttvirtu flokka.

Ég skal svo ekki tefja umr. meira að þessu sinni, en vildi gjarnan heyra álit hæstv. ráðh. um þetta, sem ég hef spurt um, og þó sérstaklega um það, hversu viðmælandi hann vildi láta sína flokksmenn vera um mildandi breytingar á þessari löggjöf á þann hátt, sem ég hef nú komið auga á enn þá, en það getur vel verið á fleiri stöðum, sem ég hef ekki kynnt mér eða ekki séð, sem breytinga þurfi á stóreignaskattinum, eins og hann er í lögum frá síðasta ári.

Ég mun þá bíða átekta í bili og heyra álit hæstv. fjmrh., sem má segja að fór um borð í þessa stjórnarskútu með það merki uppi að leysa úr efnahagsvandræðum landsmanna og hefur nú í sérstakri velþóknun kommúnista leyst þennan hnút eða komið í framkvæmd þessu eignaráni, en eigandi eftir allt á öllum sviðum snertandi önnur mál til viðreisnar efnahagslífi þjóðarinnar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru nokkur orð út af ræðu hv. þm. Vestm. Satt að segja finnst mér hún bera þess vott, að hann hafi ekki kynnt sér þetta mál, eins og hann hefði þurft að gera, jafnþunga dóma og hann felldi um málið.

Það er auðfundið, að hv. þm. langar til þess að deila um þetta mál, og skal ég veita honum það að minnast örfáum orðum á sumt af því, sem hann tók fram.

Hann kallaði þessa skattálagningu eignarán, harkalegt eignarnám og annað þaðan af kröftugra í sinni ræðu, — sagði, að þetta mundi vera gert samkvæmt kröfu kommúnista og þeir einir væru ánægðir með þetta mál, — að þessi skattálagning væri þannig, að hún mundi gera marga *gjaldþrota og leggja atvinnulíf landsins í rústir.*

Jæja. Þetta er nú ekkert lítið, sem stendur hér til að gera samkvæmt því, sem hv. þm. Vestm. álítur. En ef við skyggnumst ofur lítið aftur í tímann, hlýtur okkur að finnast það mjög undarlegt, sem hv. þm. Vestm. heldur fram um þetta mál, vegna þess að fyrir nokkrum árum, eins og hann raunar gat um, átti Sjálfstfl. þátt í því að leggja á stóreignaskatt, sem áreiðanlega var á þeim tíma sízt lægri tiltölulega en þessi stóreignaskattur er nú. Og það var *ekki aðeins*, að *sjálfstæðismenn* ættu þátt í þessu, heldur hafa þeir verið alveg óþreytandi að gorta af því að hafa gert þetta og hafa sagt þjóðinni, að þeir hafi átt frumkvæði að þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru 1950. Alveg sérstaklega hafa þeir gortað af því, að þeir hafi átt frumkvæði að þessum ráðstöfunum. En ein af þeim ráðstöfunum var álagning stóreignaskatts. Sem sagt, þegar sjálfstæðismenn eiga þátt í því að leggja á stóreignaskatt, þá er hann góður og sjálfsagður og þjóðarbjargræði, *en ef einhverjum öðrum* dettur það í hug, þá er það eignarán, harkalegt eignarnám, og á að verða til þess að setja allt þjóðfélagið úr skorðum.

Það tók þá ekki betra við, þegar hv. þm. fór að lýsa því, hvernig framkvæmdin væri á þessu máli. Mötin væru þannig, að þau næðu engri átt. Hann gekk meira að segja svo langt, að hann talaði um fölsuð eignamöt í því sambandi. Hann talaði um falsað eignamat og sagði, að handlangarar fjmrh. framkvæmdu þessi fölsuðu eignamöt til þess að geta rænt af mönnum eignunum. Þetta er nokkuð mikið sagt hjá hv. þm. og gefur ástæðu til þess að athuga ofur lítið og upplýsa, af því að hann hefur sýnilega ekki hirt um sjálfur að kynna sér, hvernig þessum mötum á eignunum er háttað. Hefði það þó verið í lófa lagið fyrir hann, bara með því að *leggja það á sig* að lesa *sjálfa* löggjöfina um stóreignaskattinn. En satt að segja er það lágmarkskrafa, þegar menn taka sig til eins og hv. þm. að gera eins konar úttekt á svona máli, að þeir geri það. En ég vil ekki ætla, að hv. þm. hafi gert það, því að mér dettur ekki í hug, að hann hefði viðhaft þessi ummæli, ef hann hefði gert það. Það stendur í lögunum, að fasteignir skuli metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu, en þó skuli ekki bundið við þetta, heldur megi landsnefndin, sem starfaði að *þessu mati, hækka einstakar eignir*, ef hún telur ástæðu til samræmisins vegna. Það eru víst þessir handlangarar, sem hv. alþm. var að tala um, en síðan segir: „Nú er eigandi lóðar óánægður með mat landsnefndarinnar, og getur hann þá kært yfir því til nefndarinnar, en úrskurði hennar um kæruatriði má skjóta til yfirnefndar, sem skipuð er fimm mönnum. Fjórir þeirra séu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en sá fimmti skipaður af hæstarétti."

Þessa menn, fjóra tilnefnda með hlutfallskosningu í sameinuðu *Alþingi og þann fimmta* skipaðan af hæstarétti, leyfir hv. þm. Vestm. sér að kalla handlangara fjármálaráðherra, sem séu settir til þess að falsa möt og hafa af mönnum ranglega fé.

Það er ekkert leyndarmál, að fasteignamatið er mjög varlega sett, og ég hef engan heyrt halda því fram, að fasteignamatið væri þannig sett, að það væri ekki varlegt miðað við raunverulegt verðmæti eigna, fyrr en hv. þm. talaði um það hér áðan.

Þá er þessi hv. þm. að tala um mat á verðbréfum, og er það byggt á algerum misskilningi, því að hér kemur ekkert verðbréfamat til greina, heldur er þetta þannig, að eignir félaganna eru metnar eftir vissum reglum, sem í lögunum eru, og síðan er eignunum skipt inn á stóreignaskattsframtöl einstaklinganna í réttu hlutfalli við eign þeirra í félögunum. Verðbréfin sjálf eru alls ekki skattlögð, heldur er eignum félaganna skipt upp á einstaklinga, til þess að það komi fram, hvað hver maður raunverulega á miklar eignir, til þess að hægt sé að mæla stóreignaskattinn eftir eign hvers um sig, og þetta er nákvæmlega sams konar ákvæði og var í lögunum, sem Sjálfstfl. átti þátt í að setja og státaði sem mest af um árið.

Þá var hv. þm. að minnast á, að það væri alveg sérstaklega þunglega búið, skildist manni, að þeim, sem ættu skip og framleiðslutæki, í sambandi við þessa skattálagningu.

Ég vil nú biðja hv. þm. að kynna sér ofur lítið, hvernig þessu er háttað samkvæmt þessari stóreignaskattslöggjöf annars vegar og hins veg-

ar þeirri löggjöf, sem Sjálfstfl. hefur nú um langa hríð státað mest af. Þá mun hann sannfærast um, að í þessari löggjöf er miklu varlegar farið í mati á skipum, flugvélum og sérstökum eignum, sem notaðar eru beint við útflutningsframleiðsluna, en var í hinni löggjöfinni. Þessi orð hv. þm. hljóta að byggjast á algerum misskilningi. Þessi ákvæði, sem hér er um að ræða, eru þannig, að frá vátryggingarverði fiskiskipa er dregin há prósenta, áður en skattur er lagður á, og það er gerður sérstakur frádráttur frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru sem vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, áður en eignirnar eru lagðar á við aðrar eignir til skattsins.

Það eru þess vegna engin rök til fyrir þeim fullyrðingum hv. þm. Vestm., að hér hafi verið farið harkalega að, og allt þolir þetta fullkomlega samanburð við það, sem áður hefur átt sér stað.

Þá sagði hv. þm., að hér væri svo harkalega að farið, að menn mundu verða eignalausir og atvinnurekstur mundi stórlega skerðast við þessa skattálagningu.

Í sambandi við þessar fullyrðingar er fróðlegt að athuga, að það mun vera einhvers staðar á milli 1000 og 2000 millj., sem innheimt er árlega í sköttum, tollum og útsvörum og öllum slíkum gjöldum af Íslendingum, 1000—2000 millj., en hér er um að ræða 12—13 millj. árlega í stóreignaskatt ásamt vöxtum af því, sem útistandandi er á hverju ári.

Ég hef átt þátt í því með sjálfstæðismönnum að leggja gífurlega stórar fjárhæðir á þjóðina, og ég hef aldrei orðið sérstaklega var við, að þeir væru hikandi eða vílsamir í þeim sökum, enda er sannleikurinn sá, að engir hafa gengið hér lengra í skattálögum og allra sízt í álögum beinna skatta en einmitt sjálfstæðismenn. Þeirra fjmrh. átti þátt í því að setja hér þá hæstu skattstiga, sem nokkurn tíma hafa verið settir í lög. En það er dálítið merkilegt að athuga það og bera það saman við þetta, að þegar kemur að því að leggja þá fjárhæð, sem ég greindi, á þá menn í landinu, sem eiga eina milljón eða meira, og það með því að meta eignirnar á margan hátt með mikilli tilslökun, eins og ég greindi frá, þá fyrst, þegar að þessari skattlagningu kemur, virðast sjálfstæðismenn kenna sín og fara að tala um, að það muni vera hætt við, að þetta geti sett þjóðfélagið úr skorðum.

Þá segir hv. þm. Vestm., að það hafi verið ætlunin að leggja á 80 millj., og lét liggja að því, að það hefði verið farið hálfgert aftan að *mönnum, vegna þess að skatturinn reyndist* meiri.

Ég tók það mjög greinilega fram í umr. um þetta mál, að það væri ekki hægt að áætla fyrir fram, hvað skatturinn gæfi. Þess var enginn kostur. Það var heldur alls ekki mögulegt 1950 að áætla það.

Menn nefndu ýmsar tölur þá, og menn nefndu tölur núna, sem menn vonuðust eftir að skatturinn gæfi, a. m. k. 80 millj.

Nú hefðu menn áreiðanlega ekki farið að leggja ofan á skattinn, þótt hann hefði reynzt undir 80 millj. kr., og eins er það ekki venja í álagningu beinna skatta að draga frá, þótt eitthvað fari fram yfir það minnsta, sem menn hafa áætlað.

Lögin um stóreignaskatt eru ekki um það að leggja á 80 millj. kr. Þau eru um að leggja skatt á eftir vissri reglu og eiga það algerlega á hættu, hvað út úr því kæmi, láta þar við sitja. Auk þess á skatturinn auðvitað eftir að lækka við kærur, eins og ég tók fram.

Hv. þm. spurði, hve mikið af þessum skatti mundi verða borgað af útvegsmönnum og fyrirtækjum þeirra. Það veit ég ekki, og ég veit, að hv. þm. hefur alls ekki gert ráð fyrir, að ég mundi vita það hér fyrirvaralaust. Fjmrn. hefur enga skrá fengið um þessa skattálagningu.

Þá spurði hv. þm., hversu mikið af skattinum frá 1950 *væri óinnheimt*. Þessari spurningu get ég vitaskuld alls ekki heldur svarað óundirbúið. Það má nærri geta, hvort ég muni hafa það í huga, hve mikið af skattinum frá 1950 muni vera óinnheimt.

Og loks spurði hv. þm., hversu mikið sömu aðilar ættu nú að borga, sömu aðilar og þeir, sem borguðu 1950. Það mætti vera undarlegur maður, sem gæti svarað spurningu eins og þessari fyrirvaralaust. Slíkt mundi þurfa að rannsakast, ef menn vildu fá þeirri spurningu svarað.

Þá minntist hv. þm. á, hvers vegna ekki hefði verið birt skrá yfir þennan skatt almenningi.

Það stendur í tekjuskattslögunum, að birta skuli skrá um tekjuskatt almenningi. En í lögunum um stóreignaskatt frá 1950 var ekkert ákvæði um þetta, og þá var tekin ákvörðun um að birta ekki skrá um stóreignaskattinn, heldur tilkynna hverjum um sig, sem kæmi til greina, hvað hann ætti að borga. Þá leiddi af þessu, að þá fékk enginn aðgang að skattskránni. Hún var aðeins til afnota fyrir innheimtumennina. Það var ekki gert opinbert almenningi, hvað hver átti að greiða. Sami háttur hefur verið hafður á fram að þessu, að það hefur ekki enn verið lögð fram skrá almenningi til sýnis um álagningu stóreignaskattsins. En þessi krafa hv. þm. mun verða tekin til athugunar, hvort muni vera réttara að birta almenningi skrá yfir stóreignaskattsgreiðendurna. En það er sem sagt ekkert um það í lögunum, og þess vegna hefur það ekki verið gert fremur en 1950.

Þá spurði hv. þm. að því, hvort ég vildi ganga inn á einhverjar breytingar á lögunum, og nefndi í því sambandi tvö eða þrjú atriði. Um það vil ég aðeins segja: Ég mun ekki gefa neinar yfirlýsingar um það nú við þessa umræðu, en það er sjálfsagt, að þetta mál fái skoðun í nefnd. En *með því er ég ekki að gefa neitt undir fótinn* um það, að breytingar komi til greina. En ég tel það aðeins réttara, að uppástungur um breytingar fái athugun í nefnd, áður en farið er að rökræða þær fram og aftur hér í deildinni eða gefa um þær yfirlýsingar.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. ráðh. hefur nú gert sínar athugasemdir við það, sem ég var að segja, og lítils háttar komið inn á nokkrar af þeim fyrirspurnum, sem ég gerði, og verð ég að segja,

að það er á engan hátt ýtarlegt og kannske til of mikils mælzt, að hæstv. ráðh. muni eftir því öllu, sem ég óskaði að fá að vita.

En að því er snertir eina fyrirspurnina, um birtinguna á stóreignaskattinum í því formi, að almenningur eigi aðgang að henni, þá taldi hæstv. ráðh., að það gæti vel komið til mála. Ég tel það líka mjög nauðsynlegt. Það er ýmislegt, sem gerir það að verkum, að þeim, sem fyrir barðinu á svona stóreignaskatti verða, hljóta að detta í hug efni og ástæður ýmissa annarra, sem fróðlegt væri að vita, hvort verða á sama hátt fyrir svipuhöggum skattinnheimtunnar og þeir.

Fyrir nokkrum dögum las ég í einhverju blaði ritgerð eftir andlegan fóstra hæstv. fjmrh., Jónas Jónsson fyrrv. alþm. og ráðherra, og þar lætur hann þess getið um einn ákveðinn ráðherra, sem nú er í þessu landi, að hann muni hafa, ég man ekki, hvort það voru 300 þús. eða milli þrjú og fjögur hundruð þús. í árlegar tekjur, og tíundaði þær í liðum. Þegar svona upplýsingar koma fram, getur maður spurt sjálfan sig: Hve miklum stóreignaskatti verður þessi að svara?

Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. rengi ekki þennan sinn andlega fósturföður (**Fjmrh.**: Ekki held ég, að ég mundi vilja skrifa undir allt, sem hann hefur sagt um mig t. d.) — þó að það sé ekki allt, sem hann segist geta skrifað undir frá honum. En það var heldur ekki rætt um hæstv. fjmrh. í þessu sambandi, ég skal taka það fram. (**Fjmrh.**: Ætli það gildi ekki sama um mig og aðra?) En á hinn bóginn gæti maður ímyndað sér, að það gæti ekki verið stórmikill munur á tekjum þess hæstv ráðh., sem Jónas Jónsson skrifaði um, og tekjum hæstv. fjmrh., ef á þá pósta og bitlinga er litið, sem hvorum um sig hafa opinberlega fallið í skaut.

Hæstv. ráðh. fann það að mínum málflutningi, að mér væri ekki málið nógu kunnugt, ég hefði ekki kynnt mér það nægilega og verið of stórorður í garð framkvæmdarvaldsins í þessu efni. Það er ýmislegt, sem maður hefur rekið sig á þessa daga. Þó að ég hafi ekki mikinn tíma afgangs frá mínum störfum til þess að kynna mér nákvæmlega allar þær krókaleiðir, sem farnar eru af ríkisvaldinu nú á dögum til þess að ná sér niðri á þegnunum á þennan hátt, sem gert hefur verið með stóreignaskattinum, þá er það ýmislegt, sem hefur komið á mínar fjörur af upplýsingum, sem ég tel standast gagnrýni og gerir það að verkum, að maður getur varla verið öllu mildari í dómum um herferð hæstv. fjmrh. að þessu sinni á hendur skattborgaranna í landinu en ég var.

Hæstv. ráðh. endurtók núna ræðu, sem ég heyrði hann halda fyrir nokkrum dögum í hv. Nd., þó að ég eigi þar ekki sæti, um harkalega skattheimtu af hálfu Sjálfstfl., sem Sjálfstfl. hafi gortað af. Hann sagði það nú ekki þá, en hann sagði núna, að hann hefði gortað af því.

1950, þegar lagður var á sá stóreignaskattur, sem hann er að vitna í og telur sjálfstæðismannalöggjöf, eignar hann þeim hana að öllu leyti, þá var hæstv. fjmrh. líka fjmrh., svo að hann bar ábyrgð sérstaklega á allri skattalöggjöf, sem þá var sett. Ég er ekkert að mæla mig eða aðra sjálfstæðismenn undan því, sem samþykktu till. hæstv. ráðh. í því efni undir „pressu“ frá honum. En hann getur heldur ekki mælzt undan því, að hann sem fjmrh. bar höfuðábyrgðina á þeim frv. um skattalöggjöf, sem þá var sett, þó að það væru sjálfstæðismenn, sem stóðu að stjórninni með framsóknarmönnum þá.

Svo sagði hann það um þennan yfirdómstól þarna í matinu, að ég hefði farið of hörðum orðum um svo mæta menn, sem væru kosnir af Alþingi og útnefndir af hæstarétti. Ég átti nú ekki við þá sérstaklega, vegna þess að ég hygg, að það sé lítið til þeirra kasta komið af þessum málum enn þá. En það verða áreiðanlega miklar kærur og málaferli út af þessari skattalöggjöf, sem von er til. Og þeir, sem ég átti frekar við í hörðum orðum um álagningu skattsins, eru þeir, sem hæstv. ráðh. var svo móðgaður yfir að ég nefndi handlangara, það er nú ekki góð íslenzka, en við skulum segja verkfæri. — Það eru þeir menn, sem eru frumverkfæri hæstv. ráðh. í því að meta eignirnar á þann hátt, að hægt sé að reikna út skattinn eins og raun hefur á orðið.

Ég skal til að sýna fram á, hvað fram af manni getur gengið í þessu efni á sumum sviðum í því, sem gerzt hefur undir stjórn hæstv. fjmrh., geta þess, að ég veit um mann, sem fyrir 40 árum, þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað, keypti hlutabréf upp á 750 kr. Það var í þann tíð, eins og allir vita, að Eimskipafélagið var reist á þjóðlegum grundvelli og einingu hjá landsmönnum um að leggja fram af sínum eigin peningum hlutafé, og félagið hefur á engan hátt brugðizt vonum Íslendinga, heldur hefur bjargað þjóðinni á margan hátt frá fæðuskorti, a. m. k. í tveimur stórstyrjöldum. Í þetta félag, þetta uppáhaldsfélag landsins, lagði þessi maður í 750 kr. á sinni tíð. Þau bréf eru núna af starfsmönnum, svo að ég segi ekki handlöngurum hæstv. ráðh., metin á 77304 kr., bréf, sem voru 750 kr. að nafnverði. Hæstv. ráðh. mun segja, að það sé langur tími, sem sé liðinn, og margt hafi breytzt, en það hefur ekki breytzt neitt hvað snertir arðinn af þessu hlutafé, því að þau eru þess vegna ekkert meira virði í dag, hvorki að frumverði né hvað arð snertir, því að það hefur verið skylt að opinberri tilhlutan, að Eimskip borgaði ekki nema 4%, og það er enn þá í gildi. Þar tel ég, að hið opinbera, ríkisvaldið og ef til vill Alþingi, eigi líka sinn þátt í, að arðgreiðsla af þessum hlutabréfum hefur haldizt í þessu sama lága formi. Nú þóknast ríkisvaldinu að segja við þennan mann: Hlutabréfin þín, 750 kr., metum við í dag á 77304 kr., og nú skaltu gjalda í stóreignaskatt af þessum bréfum, fyrir utan allt annað náttúrlega, fyrir utan eignarskatt og útsvar og því um líkt, sem kemur til greina, 2118 kr., sem er sem sagt þrefalt nafnverð hlutabréfa, sem ekki gefa af sér nema 4%. Þetta er eitt dæmið. Þau verða sennilega nokkuð mörg Eimskipafélagshlutabréfin í höndum einstakra manna, sem kalla á háan skatt eftir reglu hæstv. ráðh.

Ég veit ekki, ég hef heyrt ýmsar tölur nefndar, en ég hef heyrt talað um fleiri tugi millj., sem Eimskipafélagið verði krafið um fyrir sams konar hlutafjáreign og hér er um að ræða, og ég skal ekki segja um það, hvort Eimskipafélagið rís undir því gjaldi öllu. En illt verk hefði það þótt

á undanförnum árum, hver sem hefði lagt stein í götu þess félags á svipaðan hátt og ríkisvaldið virðist gera með þessari stóreignaskattsálagningu. Og þó að ég segði, að þetta væri falsaður grundvöllur, sem lagður væri til grundvallar með svona háu mati, þá tek ég það ekki aftur. Ég tek það ekki aftur. Það er falskur grundvöllur, að hlutabréf, sem eru 750 kr. að nafnverði og má ekki svara af nema 4%, séu allt í einu kölluð vera virði 77 þús. rúmlega og skattur lagður á eftir því.

Ég hef náttúrlega hvorki þekkingu né aðstöðu til að fara út í öll einstök atriði, sem gætu hér komið til greina. Hæstv. ráðh. hefur bæði nóg efni fyrir hendi og hjálparsveina til þess að láta gera á allt annan veg en einstakur þingmaður getur gert.

Ég hef tilfært þetta dæmi með hlutabréf Eimskipafélagsins. Ég skal taka annað dæmi, sem mér er líka kunnugt um. Það er um fasteignamat. Ég veit um eiganda, sem er búinn að eiga sömu fasteignina í tugi ára. Gamla fasteignamatið var kringum 245 þús. Aðrar eignir hjá þessum eiganda eru ekki teljanlegar. Nettóeign hans hefur lækkað, frá því að stóreignaskatturinn var lagður á skv. lögum 1950, sem eðlilegt er, því að hann hefur staðið undir afgjöldum af honum. Stóreignaskattur lagður á hann fyrir utan félagsskil var árið 1950 ca. 170 þús. kr., svo að það er eðlilegt, að eigur hans hafi á þessu tímabili minnkað, þessa gjaldanda. En þegar hæstv. ráðh. nú kemur og leggur hendur á hann, þá voru það engar 170 þús., sem hann á að bæta við sig, nei, það eru 579 þús., sem hann á að borga eftir núverandi stóreignaskattslöggjöf hæstv. fjmrh.

Hæstv. ráðh. heldur ekki, að þessi skattur geti gert mikið ónæði í framleiðslunni eða í atvinnulífinu. En ég ímynda mér, þegar um þennan fasteignaeiganda er að ræða, að hann eigi ekki annars úrkosti en að láta selja fasteignina til að greiða skattinn. Nei, það er ekki alveg út í bláinn, sem ég sagði, að það væri a. m. k. sú tilhliðrun æskileg á þessum lögum, að frestur til greiðslu væri stórlengdur og vextir lækkaðir.

Það er kunnugt, að varasjóður hlutafélaga er reiknaður sem eign hluthafa í félögum núna eftir mati hæstv. fjmrh. Varasjóður hlutafélaga er reiknaður sem eign hluthafa í félögunum, þegar metin er hlutafjáreign hans, þó að vitað sé, að varasjóðurinn er háður svo ströngum reglum skv. lögum, að ógerlegt er að greiða hann eða hluta af honum til hluthafanna nema greiða meginhluta upphæðarinnar í skatt til ríkisins. Það er boðorð, sem bæði mér og öðrum er löngu kunnugt með varasjóð, að það er ekki hægt að fá hann út strafflaust, þ. e. a. s.: hann fer mest í skatt til ríkisins, eins og er, ef hann er tekinn út. En þegar hæstv. núv. fjmrh. með sínum kommúnistabræðrum kemur til þess að heilsa upp á skattþegnana, þá er varasjóður í hlutafélögum reiknaður sem eign hluthafa í félögunum og vitaskuld vísvitandi til þess að geta hækkað á þá skattálagninguna. Eigi að skipta upp eignum í félögum, þegar félögum er slitið, eru allar eignir þeirra hluthafa skattskyldar — og var áður en þetta kom til greina — til ríkissjóðs á sama ári, eins og um tekjur væri að ræða.

Hér virðist mér, að þurfi að breyta í lögunum því að reikna ekki varasjóð í félögum sem eign hluthafa. Það gerir mjög skakka útkomu hvað snertir skattgreiðanda, sem skrifaður er fyrir varasjóðnum, og er skatttekja, sem er byggð á fölskum forsendum. Rétt mat hluthafa á eign getur aldrei verið annað en nafnverð hlutabréfanna, nema árlega sé greiddur hærri arður en innlánsbankavextir eru í landinu.

Ég vil nú bæta þeirri spurningu við til hæstv. ráðh., hvort honum finnist vera vit og sanngjarnt og lögspeki og rétt stjórnarfar í því, að 750 kr. hlutafjáreign, sem í meira en 40 ár hefur ekki verið greiddur af hærri ársarður en 4%, beinlínis vegna lagafyrirmæla, skuli nú metin hluthafa á 77304 kr. og honum gert að greiða 2118 kr. í skatt af þeirri eign, eða sem svarar þrefaldri eignaupphæðinni að nafnverði.

Mér virtist hæstv. ráðh. vera fjarskalega ánægður með þessa sína löggjöf, og ég vil gjarnan gefa honum tækifæri til að láta í ljós sérstaka ánægju yfir þessari aðferð á skattheimtu.

Hæstv. ráðh. sagði, að rétt væri að ræða ekki einstakar brtt. hér, heldur láta málið fara til nefnda, o. s. frv. Ég veit vel, að það er rétt regla og heyrir til, og ég vona þá, að hv. formaður fjhn. hraði ekki svo aðgerðum n., að ekki megi bera við að koma þar fram rökstuðningi á brtt. við lögin, sem eru nauðsynlegar.

Ég hef enn eitt dálítið nærtækt dæmi um tillitssemi skattkrefjandans hvað snertir einstaka menn, þegar verið er að leggja skatt á stóreignir. Ég er sem stendur starfsmaður hjá samlagi til útflutnings á skreið, og þar er hver eyrir borgaður út til skreiðareiganda, þegar frá er dreginn allur almennur kostnaður, en í séreignasjóð er látinn lítill hluti, — ég held það sé ¼% af viðskiptum hvers og eins, og þessi séreignasjóður var í árslokin 1955, — það var síðasti reikningur, sem fyrir lá, þegar ákvörðun var tekin um skatt á stóreignir, — þá var þessi séreignasjóður, sem samlagsmenn eiga, eftir bókum félagsins 540825 kr. Nú er af handlöngurum, — ég freistast, hæstv. ráðh., til þess að nota þetta orð, — nú er þessi séreignasjóður margfaldaður, ekki með 5% og ekki með 10% og ekki með 20% og ekki með 100%, hann er margfaldaður með 554%, og meðlimum er gert að greiða skatt af þeirri eign. Þar með er því slegið föstu, að eign samlagsins, sem enga aðstöðu hefur til eignasöfnunar, sé 3 millj. kr. Það er ekkert nema þessi séreignasjóður, sem var 540 þús. í árslok 1955, en nú er skattkrefjandinn búinn að meta það upp í 3 millj. kr. Svo á að ganga á þá, sem þarna standa að frjálsum samtökum á afurðasölu og eru meðlimir samlagsins, og deila því á þá eftir viðskiptunum sennilega og láta þá greiða stóreignaskatt af því.

Dæmi eru þess, að hlutabréf í félögum hafi verið margfölduð af sama starfsliði, sem hæstv. ráðh. var svo móðgaður yfir að ég kallaði handlangara, — það eru dæmi til þess, að hlutabréf í félögum hafi verið margfölduð með 5000% og upp í 6000%. Til hvers er þetta gert? Í hvers anda er þetta gert? Eftir hvers boði er þetta gert? Þetta hlýtur að vera gert skv. undirlagi eða a. m. k. í fullu samræmi við vilja hæstv. fjmrh. Ég held, að þó að ég hafi nefnt svo að segja

stjarnfræðilegar margföldunartölur þarna, að það séu til dæmi, sem ég hef ekki liggjandi fyrir framan mig hér núna, að það séu til dæmi um enn þá grófari margföldun á þessu sviði. Svo segir hæstv. fjmrh. ósköp sakleysislega: Ja, ég hef ekkert gert í þessu annað en er í lögunum, þar er það svona o. s. frv. — Já, það er í lögunum, en fjmrh. hefur staðið á bak við þessa löggjöf. Hún er gerð, eins og margt fleira í núverandi stjórnarsamstarfi, sérstaklega til að þóknast stærsta stjórnarflokknum, kommúnistunum. Þeir hafa látið opinberlega í ljós velþóknun á þessari löggjöf og þessum aðferðum. Slíkt er alveg í samræmi við það, þegar þeir sovétrússarnir fóru að eltast við bændastéttina hér á árunum, og því var vitaskuld ekki stefnt að almenningi, eins og hæstv. ráðh. mundi vilja segja um stóreignaskattinn, nei, það var að kúlökkunum, stórbændunum, sem aðgerðir þeirra beindust. En þegar fram í sótti, lenti sá skattur á miklu fleiri mönnum, á smábændum, sem jafnvel áttu ekki nema eina kú í fjósi. Hugtakið kúlakkar var teygt, átti fyrst að eiga við „auðvaldið", en svo var hugtakið teygt yfir á allan almenning, eins og vill verða hjá of frekri skattheimtu, sem hæstv. ráðh. er svo vel kunnugt um.

Ég sagði í upphafi, að þetta mundi líklega vera sá liðurinn í áætlun hæstv. ríkisstj., sem hefði náð til fullrar afgreiðslu í bili a. m. k. hjá stjórninni. Kommúnistarnir hafa látið í ljós ánægju sína og framsóknarforkólfarnir látið sína liðsmenn taka undir þann kommúnistíska söng í þessu efni. En mér er bara spurn: Getur þetta ekki endurtekið sig, alveg eins og þetta hefur endurtekið sig núna eftir sjö ár? Getur ekki risið upp þörfin enn þá og kröfurnar um það hjá kommúnistunum að ganga enn nær þessum mönnum, sem hafa verið dæmdir í tvenna stóreignaskatta með stuttu millibili?

Það er almennt álitið hjá leikmönnum, — og ég tel mig til þeirra í þessum efnum, — að þessi skattheimta hæstv. ríkisstj. gangi í bága við stjórnarskrá landsins. Það getur verið, að svo verði að sverfa til þrautar að leggja slíkt undir dómstóla, — ég skal ekkert um það segja, — en mér er kunnugt um, að það eru margir greindir menn, sem álíta, að svo sé. Þess vegna vildi ég enn þá ítreka við hæstv. ráðh., að reynt yrði að milda ákvæði þessara laga með skynsamlegum breytingum, svo að a. m. k. væri einhver von fyrir þá, sem undir þeim eiga að búa, að geta risið undir gjaldinu.

Að því er snertir skattinn og hvað hann snertir aðalatvinnuveg landsins, sjávarútveginn og iðnaðinn í sambandi við hann, þá hygg ég, að fyrir liggi átakanleg dæmi um svo undarlegan útreikning á tekjum manna og eignum á því sviði, að það sé meinlaust orð, þó að þeir, sem fyrir því standa, séu kallaðir handlangarar, því að þeir þurfa ekki alltaf að vera hroðvirkir, þó að það séu handlangarar, sem vinna verk. Það er almennt álitið af velgreindum mönnum á þessu sviði, að hroðvirknin í vinnslu skattsins sé alveg framúrskarandi þrátt fyrir þá mörgu tugi manna, sem hæstv. ráðh. hafði á launum í allt haust við að remba útreikningunum af, sem þó ekki varð lokið svo snemma sem hann vildi, og þess vegna urðu bráðabirgðalögin um framlengingu að koma til greina.

Ég er svo, þrátt fyrir það að ég hafi nefnt það sem dæmi, sem er alls ekki tæmandi á því sviði, sem ég hef, reiðubúinn að ræða við hæstv. ráðh. annaðhvort í áframhaldi núna við þessa 1. umr. eða við 2. umr., ef heilsan leyfir, um fleiri hliðar á þessu máli og einnig um aðrar hliðar á hans fjármálastjórn, sem er farin að ganga fram af fleirum en mér. Ég heyrði það á honum, að honum þótti ég vera hér illa að því kominn að ræða um þetta mál. Það snertir fleiri en mig, og ég held, að hann verði, hæstv. ráðh., að sætta sig við það, á meðan ekki koma ákvæði um að binda fyrir munninn á þingmönnum, að maður láti sitt álit hér í ljós á Alþ. á þeim sviðum, sem Alþ. fær eða kemst að því að tala um fjármálin nú orðið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég mun í annan tíma ræða almennt um fjármálin. Það er ekki laust við, að það sé dálítið einkennilegt, þegar þessi hv. þm. með forsögu sína í þeim efnum vill sérstaklega fara að ræða um þau málefni almennt. Ég skal sem sagt ekki fara út í það við þessa umr., en þau verða vafalaust tekin fyrir til umræðu síðar hér, og gefst þá tækifæri til þess. En fáein orð vildi ég segja út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði um málið sjálft, sem fyrir liggur.

Ég vil fyrst taka það fram, að ég gleymdi að benda á eitt mjög þýðingarmikið atriði, sem sýnir, hversu þessi skattur er lagður á af miklu meiri nærfærni en sá skattur, sem hv. þm. Vestm. átti drjúgan þátt í að leggja á um árið, og það er, að nú er sparifé og yfirleitt öll eign í peningaverðmætum bókstaflega undanþegin skattinum, ofan á það, að mötin eru vægari yfirleitt en þau voru þá.

Hv. þm. sagði, að ég vildi eigna stóreignaskattslöggjöfina frá 1950 sjálfstæðismönnum einum að öllu leyti. Það sagði ég ekki. Hitt sagði ég, að sjálfstæðismenn hefðu ætíð síðan gortað af því, að þeir hefðu staðið fyrir því, að efnahagsmálin voru þá leyst á þann hátt, sem þau voru leyst, og þ. á m. með álagningu stóreignaskattsins. Ég sagði, að þeir hefðu gortað af þessu og að þeir hefðu sagt þjóðinni það síðan, að þetta hefði fyrst og fremst verið þeirra verk. Og hv. þm. hefur gott af því að vera minntur á þetta, vegna þess að hann talaði hér um þetta mál eins og stóreignaskattinum hefði þá verið skotið inn í efnahagstillögurnar vegna pressu frá Framsfl. En það sanna er, að stóreignaskatturinn var í þeim till., sem Sjálfstfl. lagði fram og gortaði sem mest af og hefur gortað sem mest af síðan.

Ég held, að hv. þm. hefði átt að reyna að kynna sér ögn betur bæði málið sjálft og sögu þessara mála, áður en hann fór að halda hér eins konar eldhúsdag út af stóreignaskattinum.

Hv. þm. dró nú dálítið úr hinum fólskulegu ummælum sínum um mötin, sem hann hafði í fyrri ræðu sinni, og sagði, að þegar hann hefði talað um fölsuð möt, ætti hann ekki við yfirmatsmenn fasteigna. En hvað getur hv. þm. þá verið að tala um fölsuð möt eða ranglát möt, þegar það er opið hverjum manni að áfrýja mötunum einmitt til þessara manna, sem hann vildi ekki kalla neinum ónöfnum eða þeirra niðurstöður falsaðar?

Ef einhverjum finnst hann vera órétti beittur í mati af landsnefndinni, t. d. á fasteignum, ef hún hefur hækkað fasteignamatið, þá getur sá hinn sami leitað til þessara manna. Og ætli það sé ekki réttast fyrir þennan hv. þm. að bíða og sjá þá, hvað þeir gera, áður en hann fer fyrir fram að slá því föstu, að þeirra niðurstöður hljóti að vera fölsun og með öllu óréttmætar í garð þeirra, sem eiga að borga skattinn? Ætli það væri ekki ögn viðkunnanlegra fyrir þennan hv. þm. að bíða eftir úrslitum í málum þeirra, sem kvarta, áður en hann fer að flytja slíka sleggjudóma hér á Alþ.?

Þá talar hv. þm. enn um handlangara og fór svo að reyna að laga þetta í garð embættismannanna og kallaði þá frumverkfæri og loks verkfæri. Ég tel það alveg ótíndan dónaskap, að þingmaður skuli hér á hv. Alþ. leyfa sér að velja embættismönnum ríkisins þessi heiti í þeim tón, sem hv. þm. gerði. Það er gersamlega óviðeigandi og fyrir neðan virðingu þingmanna að ausa skömmum á fjarverandi embættismenn ríkisins fyrir það eitt að framkvæma þá löggjöf, sem Alþ. hefur sjálft sett, og fyrir að þræða bókstaflega þau ákvæði, sem í löggjöfinni eru. Hvað eiga mennirnir að gera annað en þetta? Ef á að deila á einhvern, þá á að deila á þá, sem settu lögin, en ekki embættismennina, sem eru að vinna sín skylduverk við að framkvæma þau, því að í löggjöfinni er tekið fram, eftir hvaða reglum skuli vinna. Það er tekið fram í löggjöfinni, eftir hvaða reglum skuli meta fasteignir og eftir hvaða reglum skuli meta skip, og embættismennirnir eru þar alveg bundnir af löggjöfinni. Ef þar er eitthvað óeðlilegt eða rangt, þá er það löggjafanum að kenna, en ekki þessum mönnum.

Þá minntist hv. þm. á dæmi um það, sem hann kallaði skattlagningu á hlutabréf Eimskipafélagsins, og sagði, að 750 kr. bréf væri metið á 75 þús. kr. (**Gripið fram í:** 77.) — 77 þús. kr., og fór um þetta mörgum hörðum orðum. Nú er sannleikurinn sá, eins og hv. þm. hlýtur að vita, ef hann kynnir sér málið, að mat á skipum Eimskipafélagsins er algerlega byggt á reglum laganna um, hvernig skuli meta skip til skatts, og um það efni gilda sams konar reglur varðandi kaupskip og í þeirri löggjöf, sem Framsfl. og Sjálfstfl. stóðu að á árunum. Þetta hefði hv. þm. líka gott af að rifja upp. Alveg sama regla gildir gagnvart eignum Eimskipafélagsins og þá, og hv. þm. stóð þá að því að setja hana. Ef Eimskipafélagið er óánægt með matið á skipunum, getur það áfrýjað til manna þeirra, sem í lögunum greinir, og fengið yfirmat á þeim. Það á að vera til þess að tryggja, að það komi ekki til mála, að eignirnar séu ofmetnar, eftir þeim reglum, sem í lögunum eru ákveðnar. Það, sem hér hefur gerzt, er einfaldlega það, að peningaverðmæti hefur breytzt svo gífurlega á þessu tímabili síðan Eimskipafélagið var stofnað, að það er náttúrlega hrein fölsun að bera saman athugasemdalaust tölur þá og nú. Það er hrein fölsun að bera saman krónu þá við krónu nú. Það er hrein fölsun í samanburði að gera slíkt athugasemdalaust, eins og hv. þm. Vestm. gerði, fyrir nú utan það, sem þar kemur til viðbótar, að sem betur fer hefur þróunin orðið sú, að Eimskipafélaginu hefur vegnað vel og það hefur eignazt stórkostlegar eignir, sem koma þarna inn í líka, þegar metið er, hversu miklar eignir standi þar saman og á bak við þau bréf, sem menn eiga. Það verður harla lítið úr öllum stóryrðum hv. þm., þegar þessi atriði eru höfð í huga, og allra sízt situr það á honum að gera harða hríð út af þessu efni, þar sem hér er farið eins að og þegar hann og hans flokkur stóðu að hliðstæðri löggjöf.

Hv. þm. var að segja frá öðru dæmi, sem satt að segja var svo óljóst, að ég náði ekki tökum á, hvernig það var vaxið. Mér skildist það vera eitthvað um fasteign. En í lögunum eru alveg tiltekin ákvæði um fasteignir, og ég hef engan mann heyrt halda því fram, að þau ákvæði væru þannig, að það kæmi til greina, að nokkur fasteign væri metin umfram það, sem hún væri raunverulega verð.

Þá minntist hv. þm. á innstæður, sem menn ættu í Skreiðarsamlaginu, og taldi fullkomna óhæfu, að þær væru taldar með eignum til stóreignaskatts. Ég skildi ekki þetta dæmi hv. þm. Mér skildist, að eignin væri talin sexfalt meira virði en hún væri færð í bókum Skreiðarsamlagsins. Ef þetta er rétt hjá hv. þm., þá hlýtur það að stafa af því, að eignin er miklu lægra bókfærð en hennar raunverulega verðmæti er. Það kom ekkert fram hjá hv. þm., hvaða eignir það eru, sem eru á bak við þessar tölur hjá Skreiðarsamlaginu, en ef það er skip eða ef það er fasteign eða eitthvað þess konar, þá sýnir þetta bara það, að eignin er miklu lægra færð í bókum Skreiðarsamlagsins en verðmæti hennar raunverulega er samkvæmt reglum laganna. Hv. þm. minntist ekkert á, hvort þarna væri um fasteign að ræða eða hvaða eign þetta væri. En innstæða getur þetta alls ekki verið í lánsstofnunum, því að þá hefði auðvitað aldrei komið til mála annað en hún væri talin með því verði, sem hún er bókuð.

Þá talaði hv. þm. talsvert um þá ósvífni að margfalda, eins og hann kallaði það, hlutabréf í verði, og skattleggja þau þannig. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. hefði viljað hafa þetta. Þetta er alveg eins og það var í fyrri löggjöfinni, og þá þótti hv. þm. þetta ágætt, þó að honum þyki það nú skakkt. En látum það vera. En hvernig hugsar þm. sér að farið sé að til að fá réttláta niðurstöðu? Við skulum hugsa okkur, að félag eigi það miklar eignir, að það eigi hlutaféð margfalt. Á þá bara að sleppa því að borga stóreignaskatt af því, sem er umfram nafnverð hlutabréfanna, eða hvað? Er það meining hv. þm.? Og hvaða sanngirni væri þá í því gagnvart öðrum, sem ættu að borga af öllum sínum eignum? Auðvitað er engin glóra í þessu. Þetta er alveg glórulaust. Til þess að fá nokkra sanngjarna niðurstöðu í þessu máli verður að meta allar eignir í landinu eftir sömu reglu og leggja saman þær eignir, sem hver einstaklingur á, hvar sem þær er að finna, þegar um stighækkandi álag er að ræða. Hitt væri herfilegt ranglæti, sem ég býst ekki við að nokkrum manni hafi dottið í hug nema þá hv. þm. Vestm. að gæti komið til mála, ef hv. þm. segir þetta þá ekki bara vegna þess, að hann er í hernaðarskapi í sambandi við þessa löggjöf yfirleitt og tínir því allt til, sem honum dettur í hug, án þess að íhuga það grand-

gæfilega. Ég trúi því ekki, að það geti verið meining hv. þm., að slíkt ranglæti væri viðhaft, að allar eignir hlutafélaga, sem væru umfram nafnverð hlutabréfa, hversu stórfelldar sem þær væru, skyldu vera skattfrjálsar og koma hvergi til greina við álagningu skattsins.

Svo var hv. þm. að tala um, og gerðist skáldlegur nokkuð, að við værum með sovétmönnum á eins konar kúlakkaveiðum í sambandi við þessa skattálagningu. En það er ástæða til að benda á, hvað þetta er skoplegt, að hv. þm. skuli standa hér og halda þessa ræðu, því að þessi skattlagning er sams konar framkvæmd og Framsfl. og Sjálfstfl. stóðu að hér á árunum. Það þótti ágætt þá, en nú vill hv. þm. jafna þessu til ofsókna og ferlegra hryðjuverka. Sýnir þetta, hvað augnabliksbráðræði getur hlaupið með skynsama menn í gönur, að hv. þm. Vestm. skuli flytja mál sitt á þessa lund.

Loks sagði hv. þm. Vestm., að það væri talsvert um það talað, að þessi skattur væri brot á stjórnarskránni, og ýmsir skynsamir menn létu sér það um munn fara. Það er alveg nákvæmlega eins og 1950. Þá töluðu þeir, sem áttu að borga skattinn, mjög um, að þetta væri brot á stjórnarskránni, og fluttu og fóru í mál, sem byggt var á þeirri skoðun. En skatturinn var að sjálfsögðu dæmdur löglegur, og mér dettur ekki í hug, að annað gildi um þennan en þann.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. ráðh. sagðist ekki hafa skilið sumt, sem ég var að vitna í. Það má vel vera, að ég hafi ekki verið nógu ljós í skýringum á því eða þá ekki nógu fastmæltur. Mér virðist hann hafa skilið sumt, og jafnvel lagt meira upp úr því á öðrum sviðum.

Skreiðarsamlagið nefndi ég af því, að mér er málið skylt. Ég var þar að skýra frá því, að séreignasjóður, — ég tók það fram áðan, og ég veit, að hæstv. ráðh. hlýtur að skilja það, — séreignasjóður, sem hefði verið 540825 kr. 31/12 1955, væri áætluð eign núna 3 millj. kr., og aðrar eignir en séreignasjóðinn er ekki hjá þessu fyrirtæki um að ræða. Samlagið hefur tvisvar sinnum, hvort árið eftir annað, — það er nú ekki nema eitthvað 5 eða 6 ára gamalt, — tvisvar sinnum verið úrskurðað skattfrjálst, af því að það á engar eignir. Þetta er ekkert annað en samlag manna, sem eru að selja vöru sína, og ég tel og við teljum allir, að það sé fráleit margföldun að gera félaginu 3 millj. kr. eign og skattleggja meðlimina eftir því, þar sem það er sannanlegt, að séreignasjóðurinn var 540 þús. á umræddu tímabili. (**Fjmrh.:** En í hvaða eignum stendur þetta?) Séreignasjóðurinn stendur vitaskuld í peningum, hann er í rekstri félagsins. Hann stendur sem sagt í peningum. Það er engar fasteignir þar um að ræða. Nú vona ég, að hæstv. ráðh. hafi skilið þetta atriði. (**Fjmrh.:** Ekki geta peningarnir verið sexfaldaðir í mati?) Ég hef það ekki eftir svo slæmum heimildum, að ég taki neinni leiðréttingu á því, en annars getur hæstv. ráðh. sennilega fengið fljótlega að vita hjá sínum þjónustubundnu öndum í þessum málum, á hvern hátt þeir eigna félaginu 3 millj. nú, sem ekki átti nema 540 þús. þetta ár, sem ég talaði um.

Svo segist hann ekki heldur hafa skilið, þar sem ég tók til fasteign, sem mér er kunnugt um. Það hélt ég mig ekki hafa farið svo með, að það væri ekki auðskilið mál. Ég held, að ég hafi það plagg hérna enn þá. Ónafngreindur stóreignaskattsgreiðandi er búinn að eiga sömu fasteignina í tugi ára. Gamla fasteignamatið var um 245 þús. Aðrar eignir á skattgreiðandinn litlar. Nettóeign hans hefur lækkað, frá því að stóreignaskatturinn var lagður á skv. lögum frá 1950. Stóreignaskattur lagður á hann var árið 1950 170 þús., en er nú 579 þús. Ég ætla, að ég þurfi ekki að tyggja þetta meira ofan í hæstv. ráðh., hann hlýtur að skilja núna þetta dæmi, hvort sem hann metur það nokkurs eða ekki.

Hæstv. ráðh. var sem fyrr, þegar við hann er mælt, — fyrir utan náttúrlega, að það sé skoplegt, að ég sé að tala um þessi mál, o. s. frv., eða ég eða aðrir þm., — en hann var inni á gömlu línunni „éttu hann sjálfur", sem honum er svo ákaflega tamt í ræðum, og var að vitna í stóreignaskattinn frá 1950, sem Sjálfstfl. hefði borið ábyrgð á, að settur var á, með framsóknarmönnum. Ég hef ekki neitað því, að Sjálfstfl. stóð að þeirri löggjöf, sem á því ári var sett, gengislækkuninni og öðru, með framsóknarmönnum. Sá stóreignaskattur var sérstaklega settur á með tilliti til gengislækkunarinnar, var alveg sérstaklega liður í þeim athöfnum. Og um gengislækkunina vitum við báðir, hvernig háttað var, að hæstv. ráðh. og hans flokkur gekkst fyrir vantrausti á ríkisstj., sem Ólafur Thors veitti forstöðu. Sjálfstfl. vildi þá gengislækkun, og Framsfl. undir sömu forustu og hann er nú, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., gekkst fyrir vantrausti á Sjálfstfl. þá, sem var í minni hluta í þinginu, en framsóknarmenn settu á gengislækkun strax á eftir undir annarri stjórnarforustu, svo að heilindin í gengislækkunarmálinu voru ekki meiri þá en endranær og ekki meiri en raun bar vitni. Hann segir, að sjálfstæðismenn hafi iðulega gortað af þessari löggjöf. Sjálfstæðismenn hafa á máli hæstv. ráðh. gortað, þeir hafa sagt sem var, að þeir gengust þá fyrir því að halda áfram framleiðslunni í landinu, útgerðinni og öðru, með þeim ráðum, sem sett voru með gengislækkunarlögunum og öllu því, sem þeim fylgdi. En ef það á að fara að tala um það, hverjir gorti mest, þá held ég, að hæstv. ráðh. ætti að líta í eigin barm og sínar mörgu þingræður, sem eru þrungnar af gorti, og ekki hvað sízt þá yfirlýsingu, sem hann sjálfsagt hefur orðað sjálfur í nafni miðstjórnar flokksins og var lesin yfir öllum landslýð nú fyrir nokkrum dögum og var svo gortfull, að það gekk fram af öllum, sem ég vissi um að hlustuðu á hana. (**Fjmrh.:** Það hafa nú verið sjálfstæðismenn.) Ja, það getur vel verið, að það hafi verið bæði þeir og aðrir.

Hæstv. ráðh. veittist að minni fjármálastjórn hér og sagði, að það væru svo sem snöggir blettir á henni o. s. frv. Ég hef alltaf verið reiðubúinn að verja þær gerðir, sem fóru fram, þegar ég var fjmrh. Og hæstv. ráðh. sá fyrir því, að ef einhvern snöggan blett hefði verið að finna, sérstaklega áfellisdóma yfir mér, þá sá hann fyrir því, löngu eftir að ég hætti að vera starfandi í

fjmrn., að ég var eltur á röndum af blaðakosti fjmrh. mánuðum saman, og einn af hans tryggustu fylgismönnum hér á þingi fór að taka mig fyrir í þinginu í fsp., löngu eftir að ég hafði látið af embætti, fsp., sem átti að vera mér til áfellis.

Ég segi á hinn bóginn ekki, að mér hafi verið allt vel gefið í því efni. En ég held, að fjmrh., sem fékk annan eins keytuþvott og hann fékk í boði seðlabankastjórans fyrir fáum dögum, ætti ekki að vera að vitna í fjármálastjórn mína eða annarra, því að það hlýtur honum að vera minnisstætt um fjármála- og efnahagslífið í landinu, hvert þrifabað sá hái herra, seðlabankastjórinn, sá sig neyddan til að veita ráðh. á eftir mat og drykk.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, vegna þess að hv. þm. Vestm. (JJós) er nú búinn með sinn ræðutíma.

Hann var að tala um, að það hefði verið ýmislegt ekki fagurt, sem seðlabankastjóri hefði haft að segja um fjármálaástandið í landinu nú fyrir skömmu, og viðhafði um það nokkur frekar óþingleg orð.

Ég held, að ég hafi á undanförnum mánuðum ekki farið neitt dult með skoðun mína á því, hvernig ástatt væri í fjárhagsmálum landsins, og megi finna því örugg vitni í umræðum einmitt á þessu þingi, að það hef ég gert. Mun ég ekki hafa neitt vægar að orði kveðið í því, sem ég hef greint frá um þau efni, en gert var í þessari ræðu, sem hv. þm. Vestm. getur um. Ég hef yfirleitt ekki lagt það í vana minn að halda nokkru leyndu fyrir hv. Alþingi eða öðrum um ástand fjármála eða þeirra þátta úr ríkis- eða þjóðarbúskapnum, sem mér hefur verið falið að sjá um. Ég mun ekki gera það heldur framvegis, en segja hreinskilnislega, hvernig ástatt er, og ég mun ekki taka illa upp fyrir neinum manni, þó að hann geri hið sama.

Hv. þm. talaði nú um starfsmennina sem þjónustubundna anda, og er það mikil framför frá því, sem hefur áður verið í þessum umr. Má sæmilega við það atriði una.

Hann sagði, að séreignasjóður Skreiðarsamlagsins, sem væri 500 þús. kr. eða eitthvað rúmlega það í bókunum, hefði verið metinn á 3 millj. kr., enda þótt sjóðurinn stæði ekki í neinum fasteignum eða slíkum eignum, heldur í venjulegu rekstrarfé, innstæðum og slíku. Þetta getur ómögulega staðizt. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur, því að engum getur dottið í hug, að peningaverðmæti hafi verið sexfölduð í mati, því að á þeim fer ekkert mat fram. Á hinn bóginn gat þetta kannske staðizt, ef hér hefði verið um fasteignir að ræða, sem hefðu verið sérstaklega lágt bókaðar, eða aðrar eignir.

Þetta ber vitaskuld að athuga, eins og hv. þm. tók fram, og leiðrétta misskilning, ef um hann er að ræða.

Þá er það dæmið um manninn, sem átti húsið, sem var að gömlu fasteignamati 245 þús. kr., en á nú að greiða, eftir því sem hv. þm. segir, 579 þús. kr. í stóreignaskatt. Það liggur ekkert fyrir um, hve miklar eignir hann á aðrar, auk þess sem það hlýtur þá að vera þannig, að þessi eign hafi verið metin það hátt í nýja fasteignamatinu, að þessi stóreignaskattur grundvallist að einhverju leyti á því. Trúnaðarmenn eiga að gæta þess, að eignin sé ekki ofmetin til móts við aðrar, og ef þetta er lóð, sem hefur verið hækkuð, vegna þess að hún hafi verið talin vaxa í verði á undanförnum árum, þá er hægt að áfrýja matinu á lóðinni til yfirnefndarinnar, sem gert er ráð fyrir í lögunum. En þá liggur engin niðurstaða um þetta fyrir, fyrr en niðurstaðan af þeirri áfrýjun hefur komið fram.

Ég var að segja áðan, að sjálfstæðismenn hefðu gortað af till. sínum í efnahagsmálunum 1950. Ég held, að það sé ekki ofsagt. Hv. þm. sagði, að ég væri líka nokkuð grobbinn, og það má náttúrlega vel vera, að við séum allir dálítið grobbnir, drögum fram það, sem okkur þykir við hafa vel gert. Ég get látið það liggja á milli hluta. Hv. þm. var að kvarta yfir því, að hann hefði verið skammaður fyrir fjármálastjórn sína, löngu eftir að hann var hættur að vera fjmrh. Það er nú víst ekki nema það, sem við verðum að þola, bæði hann og ég og aðrir, að vera skammaðir fyrir það, sem við höfum gert, löngu eftir að það er skeð. Ég sé enga ástæðu til þess, að við séum nokkuð að kvarta yfir því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Eins og ég hef tjáð hæstv. forseta, að vísu utan fundar, höfum við hv. 6. þm. Reykv. verið að undirbúa brtt. í framhaldi af því frv., sem hér liggur fyrir til staðfestu, en eru brtt. við lögin sjálf, og með því að fullnaðarsmíði á þeim er ekki alveg lokið, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að málið yrði tekið út af dagskrá í dag, svo að okkur ynnist tími til að skila þeim nægilega snemma í prent, að þær þó gætu komizt að við 2. umr. málsins, sem hér liggur fyrir.

Forseti (BSt): Ég vil verða við þessum tilmælum hv. þm. Vestm. og vonast þá eftir, að þessar till. liggi hér fyrir á morgun. Er það ekki? Er þá umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 210, n. 302, 310).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 310. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Eftir að farið var að leggja á menn stóreignaskatt þann, sem samþykktur var með l. frá Alþingi í maí s. l., hafði komið í ljós, að fresturinn til að leggja skattinn á hafði verið ákveðinn of skammur, og að beiðni fjmrh. staðfesti forseti Íslands brbl., meðan á þingfrestun stóð, að þessi frestur yrði lengdur nokkuð og að í stað-

inn fyrir að hann yrði lagður á á árinu 1957, þá yrði hann lagður á fyrir febrúarlok 1958. Hér er því aðeins um að ræða staðfestingu á þessum brbl.

Fjhn. hefur yfirfarið frv. og er sammála um að mæla með því, eins og um getur á þskj. 302. Tveir nm., hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. 6. þm. Reykv. (GTh), áskildu sér rétt, eins og fram kemur í nál., til þess að fylgja brtt. eða flytja brtt. við 2. umr. málsins. Að öðru leyti, eins og ég sagði, er n. einróma um að mæla með þeirri breytingu, sem frv. felur í sér, sem er í þessu atriði einu fólgin að lengja frestinn til að leggja skattinn á.

Síðan nál. var útbýtt, hafa verið lagðar fram brtt. frá þessum tveimur hv. þm. á þskj. 310. Ég vil aðeins taka fram í sambandi við þessar brtt., að n. átti þess ekki kost að ræða þær, og er þess vegna ekki hægt að tala um álit n. í sambandi við þær. Ég vil þó aðeins geta þess, að við fljóta yfirsýn sýnist mér, að brtt. fari mjög í þá átt að hækka afskriftamöguleika og að aðalbrtt. sé kannske fólgin í því, að flm. fara fram á, að sá skattur, sem á hvern einstakling verður lagður, verði frádráttarbær. Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á það, að þegar stóreignaskatturinn var síðast ákveðinn, árið 1950, var svo beinum orðum fyrir mælt, að hann væri ekki frádráttarbær frekar en aðrir beinir skattar yfirleitt.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessar brtt. Flm. munu að sjálfsögðu gera grein fyrir þeim. En ég vil ítreka það, að n. hefur ekki átt þess kost að taka afstöðu til þeirra.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hv. frsm. fjhn. gerði m. a. athugasemd, um leið og hann gerði grein fyrir frv., sem fyrir liggur, við það, að fjhn. hefði ekki átt þess kost að athuga sérstaklega þær brtt., sem við hv. 6. þm. Reykv. (GTh) höfum lagt til á þskj. 310, sem eru að vísu breyt. á lögunum, en eru þó brtt. í sambandi við þetta frv., er fyrir liggur.

Fjhn.-fundur um þetta mál var haldinn með svo stuttu bili frá deildarfundinum, sem vísaði því til nefndar, að við vorum þá ekki búnir að forma þær brtt. í einstökum atriðum, en boðuðum þó á fundinum, að við hefðum þær, en ekki þannig, að hv. frsm. hefur rétt fyrir sér í því, að n. fjallaði ekki um þær á þeim fundi, sem þetta frv. var tekið til meðferðar á. Við vildum hins vegar ekkert gera til þess að tefja fyrir málinu. Hv. 6. þm. Reykv. og ég skrifuðum því undir nál. eftir tilmælum hv. formanns með fyrirvara. Nú liggja brtt. okkar hér fyrir á þskj. 310, og væri mér og ég hygg ég megi segja það fyrir okkar beggja hönd, flm., mjög kært, að nefndin sem heild fengi tækifæri til að ræða þær, og mundi því fella mig vel við það, að umr. um málið yrði frestað og fjhn. fengi á þann hátt tækifæri til þess utan deildarfundar að ræða þessar till. Hins vegar fór hv. frsm. rétt með það, að till. okkar eru mildandi á hin geigvænlegu áhrif stóreignaskattsins, eins og þau stefna að að verða með löggjöfinni, sem allir þekkja nú orðið, og eru þess vegna í beinu framhaldi af því, sem ég tók fram við 1. umr. málsins, að þörf væri að milda ákvæði þess, a. m. k. væri þörf á því að milda ákvæði laganna, til þess að þau yrðu ekki skattgreiðendum allt of þung í skauti.

Ég hef, að því leyti sem margir eru nú farnir að sjá fram á og kannske hæstv. ríkisstj. líka, sérstaklega fyrir augum mér þau áhrif, sem lögin óneitanlega hafa á atvinnurekstur landsmanna og þá ekki síst þann atvinnureksturinn, sem stendur undir svo að segja allri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, sjávarútveginn. Auðvitað, að því leyti sem þessi skattheimta, sem ég vildi kalla skattarán, lendir á landbúnaðinum, þá vitaskuld hefur hún sömu lamandi áhrif á getu þeirra atvinnurekenda, sem þar starfa, til að standa undir rekstri framvegis og halda uppi atvinnurekstri á sínu sviði, sem veitir fólki í landinu vinnu, fólki á ýmsum aldri, eins og á sér stað við sjávarútveginn.

Nú er það svo, að þegar þessi lög voru lögð á, voru margir, sem gátu sér þess til, að þau mundu koma illa við stóratvinnurekstur við sjóinn og þar af leiðandi illa við það fólk, sem á atvinnu sína undir þeim rekstri. Hæstv. ríkisstj. virtist ekki vera á sama máli og lét í veðri vaka, að þessum skatti væri ætlað að lenda á allt öðrum borgurum þjóðfélagsins. Ég held, að það sé allmargra manna mál nú, að sú byrði, sem með stóreignaskattinum er lögð einmitt á sjávarútveginn, sé of þung og horfi óvænlega fyrir mörgum, sem þar starfa, annaðhvort að sjálfum fiskveiðunum eða þá að vinnslu úr fiskafurðunum, ef ekkert er gert til að lina þessi lamandi áhrif, sem stóreignaskattsfrumvarpið hefur á þann atvinnuveg. Það má minna á það, að í einni þingræðu sinni um einmitt þetta atriði fórust hæstv. fjmrh. þannig orð, — hann var að koma mönnum í skilning um það, að sjávarútvegurinn yrði minnst fyrir barðinu á stóreignaskattinum, — þar segir hann; það hefur víst verið við 3. umr. málsins:

„Einnig vil ég í því sambandi benda á, að því miður er því nú þannig farið, ég segi, — ég segi og legg áherzlu á: því miður er þannig ástatt hjá okkur, að þeir, sem hafa fyrst og fremst stundað undirstöðuatvinnuvegi landsmanna eða þá atvinnnuvegi, sem þjóðin á mest undir, þ. e. a. s. framleiðsluatvinnuvegina, hafa ekki safnað stóreignum eða grætt á því verðbyltingarástandi, sem hér hefur verið nú áratugum saman. Því miður eru það ekki þeir, sem eiga stóru eignirnar, og þess vegna kemur þetta minnst niður á þeim mönnum.“

Nú er það þannig, að í mörgum tilfellum eru það einmitt stóriðjufyrirtæki við sjóinn og ýmsir útvegsmenn, sem eiga eignir, sem stóreignaskatturinn gerir sér að mat á þann herfilega hátt, sem hæstv. ráðh. lét meta eignir og skip. Ekki hvað sízt þess vegna hefur okkur flm. brtt. á þskj. 310 virzt um frádrátt — eða hvað það væri kallað í lögunum — á matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða og lögin leyfa að 20% séu dregin frá matsverði, að þar förum við fram á, að þessi frádráttur sé nokkuð hækkaður, eða upp í 30%. Þarna er tillit tekið bæði til landbúnaðar og sjávarútvegs í þeirri upptalningu, sem hér ræðir um í lagagreininni, og við vitaskuld tökum tillit

til hvors tveggja atvinnuvegarins í okkar brtt., eins og hún er orðuð.

Þá er næsti stafliður brtt., stafliður b, — þessar brtt. eru við 2. gr. laganna, — að í stað 40% í 1. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. í lögunum komi 60%, og er þar að ræða um fiskiskip, sem allir vita að nú eru í mjög háu mati, eins og skip eru líka af öðru tagi.

Þá er c-liðurinn, sem víkur að 25% frádráttarleyfinu í lögunum og á við önnur skip en fiskiskip, og lögin leyfa, að vátryggingarverðið megi frá dragast með 25%, en lagt er til, að þar megi koma 40%. — Önnur skip en fiskiskip eru m. a. og aðallega flutningaskip, og flutningaskipin hafa sennilega mestar tekjur sínar af flutningi á bæði landbúnaðarafurðum og sjávarafurðum og þó meira af sjávarafurðum; og eftir því sem slíkum skipakosti landsmanna er meira íþyngt með sköttum, hvort sem er um stóreignaskatt eða aðra að ræða, því verri aðstöðu hafa flutningaskipin á sjávarútvegsvörunum og landbúnaðarafurðunum til að inna af hendi þá þjónustu fyrir landsfólkið og fyrir þessa atvinnuvegi, sem þörf er á.

Þá er stafliður d, sem á við flugvélar. Lögin leyfa, að frá vátryggingarverði þeirra megi draga 40%. Við flm. að brtt. leggjum til hér á þessu þskj., að í stað 40% frádráttar á þessu sviði komi 60%. Flugvélarnar flytja að vísu hvorki fisk né landbúnaðarafurðir, en þær eru stórt tæki til þjónustu allra atvinnuvega landsmanna, og það horfir nú svo við hér á landi, þó að undarlegt megi þykja, að einmitt þær fá engan styrk frá ríkissjóði til sinna samgöngubóta, og er þess vegna engu síður ástæða til þess að gera þeim færara að standa undir stóreignaskattinum en öðrum flutningatækjum.

Allir þessir skattar, sem birtast í sama formi og stóreignaskatturinn birtist nú, gera það vitaskuld að verkum að íþyngja þeim, sem greiða eiga. Og um leið og þeim er íþyngt, sem greiða eiga þessa skatta, en hafa samtímis á hendi mikilsverða þjónustu fyrir fólkið í landinu, er það óbein álagning á einstaklingana, sem í einhverju formi verða að standa undir þessum skatti í gegnum hærri fargjöld eða farmgjöld o. s. frv.

Við 3. gr. laganna leggjum við til hér í brtt. undir tölul. 2, að í stað 10 ára afborgana af væntanlegum skuldabréfum eða hugsanlegum skuldabréfum fyrir þessum skatti og ársvaxta af þeim 6%, eins og stendur í lögunum, verði greiðslan látin ná yfir 20 ár án vaxta. Það kann að þykja nokkuð stórt orð Hákot að nefna 20 ára gjaldfrest á stóru skuldabréfi án vaxta, en lögin ganga líka svo hart til verks í þessu efni, að þau gera mönnum þar að greiða 6% vexti af slíkum skuldabréfum, sem í flestum tilfellum greiða, t. d. eins og útgerðarmenn af sínum lánum, bönkunum miklu lægri vexti, jafnvel niður í 4% hjá sumum sjóðum, sem þeir hafa lán frá.

Stóreignaskatturinn er krafinn af ríkisvaldinu samkvæmt þessum lögum sem liður í öðrum efnahagsráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur enn ekki látið sjá framan í. Stóreignaskatturinn hefur því að mínum dómi og margra annarra alls ekki þann kröfurétt siðferðislega skoðað á borgarana í landinu eins og væri um venjulega skuld að ræða, þar sem eitthvað hefur komið fyrir í aðra hönd. Það verður, að því er ég hygg, í mörgu falli, eftir því sem mér hefur verið tjáð um stóreignaskattinn, alveg nægilega þung byrði fyrir þá, sem standa undir honum og í flestum tilfellum bera byrðar gamla stóreignaskattsins þegar á herðum sér að auki, að eiga að gjalda afborganir, þótt á tuttugu árum sé, af þeim stóru upphæðum, sem þar er um að ræða, þótt ekki sé líka verið að krefjast vaxta. Það er harka í þessari skuldheimtu, vaxtakrafa í þeim tilfellum, sem fyrir kunna að liggja, — það er harka, sem Alþingi á ekki að álíta að sé samboðin. Á þessu viljum við ráða bót, hv. 6. þm. Reykv. og ég, með till. okkar nr. 2 við 6. gr. laganna, sem ég hef þegar lýst.

Till. okkar undir 3. tölul. um frádráttarhæfni stóreignaskattsins, sem hv. frsm. n. líka minntist á, óskast tekin aftur til 3. umr., ekki vegna hugsunarinnar, sem til grundvallar liggur, heldur vegna þess, að það getur verið, að við orðum hana á annan veg. En ég vildi biðja hæstv. forseta að minnast þess, að hún er tekin aftur til 3. umr.

Við 1. umr. þessa máls átti ég nokkur orðaskipti við hæstv. fjmrh. út af stóreignaskattinum yfir höfuð. Ég skal ekki fara að endurtaka það, sem ég þá sagði, en mitt álit stendur óhaggað um þessa skattheimtu. Ég hverf engan veg frá þeim grundvallaratriðum, sem þar komu fram. En hæstv. ráðh. var mjög að halda því fram, að Sjálfstfl. hefði með Framsfl. 1950 sett lög um stóreignaskatt, sem ég held að hann hafi sagt að við depluðum ekki auga við eða eitthvað því um líkt, hefðum ekkert að fundið, þó að ég væri með þessar aths. við þennan nýja stóreignaskatt.

Ég held, eftir því sem ég hef hugsað það mál nánar, síðan við höfðum þessar umr., að það sé alveg fráleitt að bera saman stóreignaskattinn, sem settur var árið 1950, við þann stóreignaskatt, sem samþ. var á síðasta þingi og hæstv. fjmrh. var að réttlæta, enda mun eiga mestan þátt í, vegna þess að þá var stóreignaskatturinn, þegar hann var settur á 1950, einn liður í margháttuðum róttækum ráðstöfunum til þess að rétta við atvinnulífið og var lagður fyrir Alþingi sem slíkur. Það var opinbert, þegar hann var lagður fram á Alþingi, að það var lagt til, að það yrði lögtekið gengisfall, sem ég held að sé óhætt að segja að hafi verið um 74%, sem krónan var felld, með öðrum ráðstöfunum, sem líka voru taldar upp í því frv., og í því sambandi var þessi stóreignaskattur þá lagður á. En hér er allt öðru máli að gegna. Þær ástæður, sem lágu fyrir 1950, lágu ekki fyrir, þegar lögtekinn var stóreignaskatturinn frá 1957. Það er, eins og ég sagði þá, að hann er það eina 1957 af því, sem kemur fram í dagsins ljós af hinum margumtöluðu og marglofuðu efnahagsviðreisnartill., sem stjórnin þóttist ætla að leggja fram, en ekki hafa enn þá séð dagsins ljós.

Ég mótmæli því gersamlega í annað sinn, að sá stóreignaskattur sé sambærilegur í því formi, sem hann birtist, og í þeirri umgerð, sem hann birtist, við stóreignaskattinn frá 1957, sem er hreint og klárt eignarnám af eignum þeirra, sem hæstv. ráðh. telur að séu svo efnaðir, að þeir

geti borgað hann, og hann víkur vist að í þessari sinni ræðu, sem ég vitnaði í, þegar hann var að gera það trúlegt hér í þinginu, að sá skattur, *skatturinn 1957, mundi ekki lenda á þeim, sem* hefðu stóran atvinnurekstur undir höndum eða hefðu stóreignir.

Hæstv. ráðh. greinir ekki í þessari sinni þingræðu, hverjir það beinlínis eru, hvaða flokkur manna það er, sem hann álítur að stóreignaskatturinn eigi að lenda á. En þegar lesin er ofan í kjölinn þessi hans aths. við skattinn í þessu sambandi, verður manni á að ætla, að það sé einhver sérstakur tilgangur með því eða hafi vakað fyrir hæstv. ráðh. alveg sérstakur tilgangur að ná inn skatti hjá þeim, sem safnað hafa eignum. Það vill segja, að það eru ekki þeir, sem ekkert eiga, sem hann ætlast til að borgi þennan skatt, enda gefur auga leið, að það verður eitthvað að vera, en það er einhver viss hópur manna í landinu, sennilega sjálfstæðir atvinnurekendur og sjálfstæðir borgarar, sem honum er illa við að séu of fjársterkir, og þeir þurfi að verða fyrir barðinu á þessum skatti.

Hvers konar siðgæði það er í stjórnmálum að vega þannig að einhverjum sérstökum hóp manna, skal ég að þessu sinni ekki leggja dóm á. En það virðist hafa vakað fyrir hæstv. ráðh., að það væri einhver eignamannahópur hér í landinu, sem þyrfti að ná sér niðri á á þennan hátt, hvernig sem það verður nú í framkvæmdinni, því að í framkvæmdinni kemur það þannig út, að í staðinn fyrir að það var látið í veðri vaka, að skatturinn mundi ekki hitta aðalatvinnurekendurna, þá er það þannig, að það er sýnilegt af ótalmörgum dæmum, bæði sem ég sýndi hér fram á á dögunum og hægt er enn að leggja rök að, að þessi skattkrafa bæði lendir á þeim, sem hafa mikinn rekstur og mikið umleikis, skip og hús til þess, og um leið veikir mátt þeirra til þess að standa fyrir atvinnu fjöldans. Það er þó, að ég hygg, orðið nokkuð ljóst og viðurkennt af flestöllum í landinu nema þeim, sem hafa svipaðan hugsunarhátt og kommúnistar, að þeir, sem standa fyrir miklum atvinnurekstri og hafa mikið umleikis, hvort sem er til lands eða sjós, eru að vissu leyti hornsteinar atvinnulífsins í landinu. Og mesta trygging, sem fólk hefur fyrir því, að atvinnuleysi skelli ekki á, er einmitt það, að til séu þrekmiklir athafnamenn í landinu, sem fást til að leggja nafn sitt við að reka stórrekstur eða þó að hann sé ekki mjög stór; hann er ekki alltaf stór, þó að hann veiti mörgum atvinnu. Ég hef t. d. fyrir mitt leyti staðið í því í tugi ára að hafa atvinnurekstur til sjávarins með höndum, þ. e. verið meðeigandi í félagi, sem barðist alltaf í bökkum með sína eigin afkomu, en veitti atvinnu tugum og jafnvel hundruðum manna á hverju ári víðs vegar að af landinu, — það var þegar ég átti heima í Vestmannaeyjum, — svo að ég veit vel, að þótt atvinnurekandi hafi mikið umleikis, geri marga báta út og eigi mörg hús, þá er ekki þar með sagt, að hann græði svo mikið á því sjálfur. En hann hefur í flestum tilfellum þá aðstöðu að standa undir lífsafkomu fjölda manna sér óviðkomandi.

Ég veit nú ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefur lagt fyrir sína starfsmenn að skilgreina, hvað undir sjávarútveg heyrði í þessu sambandi. En þar sem í stóreignaskattslögunum er talað um matsverð frystihúsa og annarra húseigna, sem *notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða* og landbúnaðarafurða, að frá matsverðinu megi draga 20%, sem við viljum nú í þessari brtt. okkar hækka upp í 30%, hvað eru í þeirri skilgreiningu vinnslustöðvar sjávarútvegsins? Útgerðarstöðvarnar sjálfar þarf vitaskuld ekki að skilgreina, það vita allir, að togaraútgerð og vélbátaútgerð kemur þar til greina og hraðfrysting, skreiðarvinnsla, saltfiskvinnsla, lifrarbræðsla og lýsisvinnsla eða þeir, sem fyrir henni standa, síldarsöltun og síldarbræðsla, hvalvinnsla, enn fremur niðursuða á sjávarafurðum. Þetta allt a. m. k. vil ég að sé látið heyra undir vinnslustöðvar sjávarútvegsins. Ég er ekki svo kunnugur landbúnaðinum, að ég vilji fara út í ýtarlega upptalningu á hans vinnslustöðvum. En ég tel, að allt, sem sambærilegt er eða hliðstætt er hvað hann snertir, eigi vitaskuld líka að vera talið með. Þetta er ekki talið upp hér í lögunum, og við höfum ekki, hv. meðflm. minn og ég, farið út í að telja það upp í brtt., en ég vildi láta það koma hér fram við þessar umræður, að við álítum, að þessar vinnslustöðvar, bæði á fiski og síld og öðru o. s. frv., heyri allt undir vinnslustöðvar sjávarútvegsins.

Ég hafði talað um það hérna á dögunum við hæstv. ráðh., að mér virtist, að skattskrá yfir gjaldendur stóreignaskattsins ætti að liggja frammi eða vera meðfarin ekki heimullega, og mér fannst hann að vissu leyti fallast á það. Og þar sem ég veit, að nú eru á ferðinni og liggja sjálfsagt á borði hæstv. ráðh. tilmæli frá mörgum félagssamtökum hér á landi, bæði í framleiðslu sjávarafurða og iðnaði og öðru, um að fá *aðgang, jafnvel takmarkaðan*, að þessum skrám eða á hverja stóreignaskatturinn kemur, og mér fannst satt að segja, að hæstv. ráðh. virtist vilja ljá máls á því, hef ég ekki farið að koma með það fram í sérstakri brtt. eða freista þess að fá það knúið fram hér á þingi að þessu sinni, af því að ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. muni sinna þeim málaleitunum á þessu sviði, sem koma frá aðilum, sem hlut eiga að máli, þó að utan þings sé, eins liðlega og hann virtist þó taka í þetta mál hér við 1. umr.

Það er gefið mál, að ef ætti á þessari löggjöf, stóreignaskattinum, lögum um stóreignaskatt frá 1957, að gera verulega bragarbót, þá þyrfti miklu svipmeiri brtt. og áhrifaríkari en ég að þessu sinni ásamt hv. 6. þm. Reykv. legg til. Það væri t. d. full ástæða til að taka til athugunar, hvort þessi lög um stóreignaskattinn ættu ekki hreinlega að takast til endurskoðunar innan skamms tíma, ef ekki afnemast með öllu. En ég hef viljað fara hóflega í þetta mál á þessu stigi, og því höfum við báðir flutningsmenn takmarkað okkur við þær till. að þessu sinni, sem eru á þskj. 310, en áskiljum okkur rétt til að koma fram með frekari brtt. við 3. umr., eins og ég líka tók fram, að 3. brtt. á þessu þskj. er tekin aftur til 3. umr., eins og ég vona að hæstv. forseti hafi athugað.

Ég held, að ég hafi reynt að skýra þetta eins og ég hef bezt vit á. Það kann að vera, að mín

fákunnátta á þessum lögum sé miklu meiri heldur en hæstv. ráðh. um daginn vildi gefa í skyn og að mér hafi margt yfirsézt, sem þyrfti að bæta úr. En heildartilgangurinn er sá að gera höggið, sem hæstv. ríkisstj. reiðir að atvinnuvegunum með stóreignaskattslögunum, mildara eða léttara, en ekki eins hart og lögin virðast vera nú og framkvæmd þeirra hlýtur að verða að þeim óbreyttum, — draga úr högginu með öðrum orðum. Og ég vonast til, að hv. d. geti fallizt á að gera það, þannig að stóreignaskatturinn verði ekki eins óviðráðanlegur mörgum einstaklingum og lögin nú gera ráð fyrir.

Ég vil svo að lokum mælast til þess við hæstv. forseta, ef hann sæi sér það fært, að þessari umr. væri frestað og hv. fjhn. d. gefið tækifæri til að halda þótt ekki væri nema einn fund um brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv., áður en þær koma hér til atkv. í þetta sinn.

Ég skal svo, áður en ég sezt niður aftur, leyfa mér að minna bæði hæstv. valdhafa í þessu landi og hv. deildarmenn á það, að af hálfu fjmrh. var afar mikið við 1. umr. málsins vitnað í löggjöfina, hvernig hún hefði verið sett og samþ., að ég held okkur væri hollt öllum að hafa í huga hið gamla spakmæli, að með lögum skal land *byggja, en með ólögum eyða.*

Jón Kjartansson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls beindi hv. þm. Vestm. nokkrum fsp. til hæstv. fjmrh. Meðal annars spurði hv. þm. um það, hvort þessi skattur og þá að hve miklu leyti kæmi niður á atvinnuvegunum. Hæstv. ráðh. hafði ekki gögn í hendi, að hann gæti gefið upplýsingar um þetta. Var það í raun og veru skiljanlegt, vegna þess að hann vissi ekki fyrir fram, að þessi fsp. og fleiri reyndar kæmu fram. En það er augljóst mál, að það skiptir ákaflega miklu, hvort það er svo, að stóreignaskatturinn komi niður á atvinnuvegunum. Ég veit ekki, hvort hv. fjhn. hefur kynnt sér þetta. Vissulega bar henni að gera það, og ef hún hefur ekki gert það hingað til, þá vænti ég, að hún geri það á milli umr. að minnsta kosti, og ég vænti þess þá, að hv. n. upplýsi d. um þetta atriði. Sé það svo, sem vissulega leikur sterkur grunur á og er reyndar að nokkru leyti upplýst af hv. þm. Vestm., að stóreignaskatturinn komi þungt niður á atvinnuvegunum, þá er vissulega þörfin brýn að milda innheimtu skattsins, og þá eiga þær till., sem tveir hv. dm., minni hl. í fjhn., flytja á þskj. 310, fyllsta rétt á sér.

Það væri æskilegt, ef fjhn. vildi kynna sér þetta mál rækilega og reyna, hvort ekki er hægt að komast að samkomulagi um að milda innheimtu skattsins, svo að hann lendi ekki harkalega á atvinnuvegunum, því að það er augljóst mál, að það mundi bitna mjög á allri efnahagsafkomu þjóðarinnar.

Það var aðeins þetta, og vegna þess að n. ætlar að athuga þessar till. hv. þm. Vestm. og 6. þm. Reykv., sem ég vildi að þessi fáu orð, sem ég segi, kæmu fram, áður en n. kemur saman, og að hún vildi kynna sér þetta atriði.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Samkvæmt ákvörðun forseta og d. við upphaf þessarar umræðu var henni frestað með tilliti til þess, að n. allri hafði ekki gefizt kostur á að ræða þær brtt., sem þá hafði nýlega verið útbýtt á þskj. 310. Í skemmstu máli sagt hefur n. nú yfirfarið þessar brtt., og hefur meiri hl. n., þ. e. a. s. við aðrir nm. en hv. flm. þeirra brtt., sem á þskj. 310 eru, ekki getað fallizt á þær brtt., sem þar eru fram bornar, og vísum m. a. til þess, að það er svo skammt um liðið, síðan Alþingi ákvað þennan skatt í því formi, sem hann nú er, að enn þá hafa ekki komið fram nægjanleg rök til þess að gera þær breytingar, sem flm. brtt. fara fram á á þessu téða þskj.

Ég held, að það sé ekki þörf á því, að ég reki brtt. í einstökum atriðum, en þetta er sem sagt álit meiri hl. n., þ. e. annarra en flm. brtt. Þeir geta ekki á þær fallizt af þeim sökum, sem ég áður nefndi.

Hv. þm. V-Sk. hafði við lok fyrri hluta þessarar umr. óskað eftir því, að fjhn. aflaði sér upplýsinga um, hvernig skatturinn kæmi til með að koma niður á einstökum atvinnuvegum. Formanni n., hv. 1. þm. Eyf., var falið að leita eftir svörum um þetta efni, m. a. hjá skattstjóranum í Rvík. Svar frá honum hefur svo nýlega borizt, að ekki var unnt að leggja það fyrir nefndina á sínum tíma, og tel ég því rétt að lesa það svar hans, sem er þá jafnframt svar við fsp. hv. þm. V-Sk. Með leyfi forseta, er bréf skattstjóra á þessa leið:

„Fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefur spurzt fyrir um það, hvernig skattur á stóreignir hafi komið niður á einstaka atvinnuvegi, sérstaklega hvað fyrirtækjum sjávarútvegsins væri gert að greiða.

Í þessu sambandi vil ég benda á:

1) Þar sem ekki er vitað, hvort eða að hve miklu leyti hin einstöku félög notfæra sér heimildina til að endurkrefja meðlimi sína um skattinn, er ógerningur að gera slíka sundurliðun, er á mætti byggja.

2) Enda þótt sá hængur væri eigi á málinu, er það hins vegar svo, að mjög verulegur hluti þeirra félaga og einstaklinga, sem greiða skattinn af *stóreignum, stundar margþættan atvinnurekstur,* þannig að oft er ógerningur að ákveða, hvernig flokka beri eftir atvinnugreinum skattgjöld einstakra gjaldenda. Slík sundurliðun sem hér er farið fram á yrði alltaf næsta handahófskennd, jafnvel þótt lögð væri í hana mikil vinna.

3) Þá er og sýnt, að skattálagning þessi muni taka allmiklum breytingum við kærur, en kærufrestur stendur nú yfir.

4) Margs konar félagssamtök og fleiri aðilar hafa farið þess á leit við skattstofuna að fá ýmiss konar upplýsingar og sundurliðanir í sambandi við álagningu skatts á stóreignir. Eins og kunnugt er, eru reglurnar við álagningu skattsins á þá lund, að upplýsingar um skattgreiðslur og

skiptingu skattsins geta gefið nánari eða víðtækari upplýsingar um efnahag einstaklinga og félaga heldur en nokkur önnur skattlagning. Hefur því skattstofan tekið þá afstöðu að hliðra sér hjá að gefa upplýsingar um þessi mál, enda vandséð, hvar eigi að draga mörkin, hverjar upplýsingar eigi að gefa og hverjar ekki.

Með skírskotun til framanritaðs teldi ég æskilegast, að fjhn. vildi falla frá þessari beiðni sinni, a. m. k. fresta henni á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Halldór Sigfússon."

Eins og ég sagði í upphafi máls míns varðandi þær brtt., sem hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. hafa lagt fram á þskj. 310, hefur meiri hl. n. ekki getað á þær fallizt og leggur því til, að þær verði felldar, með því, eins og ég áðan sagði, að svo skammt er um liðið, síðan Alþ. ákvað að leggja þennan stóreignaskatt á í því formi, sem lögin ákveða, og ekki hafi enn þá sýnt sig þær ástæður, sem geri þessar breytingar nauðsynlegar. Meiri hl. n. leggur því til, að téðar brtt. verði felldar.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég skyldi ekki koma um leið og fundur var settur. Ég átti smáerindi í bankann, þegar ég kom hér að dyrunum, og hitti annan skrifara þessarar hv. d. og bað hann að tjá forseta, að ég mundi aðeins þurfa að bregða mér frá, hélt, að sá tími yrði ekki eins langur og varð, svo að fyrstu málin á dagskránni hafa verið afgreidd á skemmri tíma en ég ætlaði. Ég kom þó nægjanlega snemma fyrir tilhliðrun hæstv. forseta og hv. frsm. fjhn., að ég gæti heyrt álit skattstofu Reykjavíkur eða svar við bréfi hæstv. forseta deildarinnar frá 18. marz, sem sent var að tilhlutun hv. n. og þar sem spurzt var fyrir um það, hvernig stóreignaskatturinn hefði komið niður á einstaka atvinnuvegi, og sérstaklega það, hvað fyrirtækjum sjávarútvegsins væri gert að greiða.

Mér virtist á því, sem ég nam af svari hv. skattstjóra, að hann færi þarna líkt og köttur í kringum heitan graut og vildi sem sagt „snakka sig" frá að láta nokkurt álit í ljós á forsendum, sem eru að mínu áliti lítið haldgóðar.

Hann byrjar á því, eins og hæstv. forseti hefur heyrt, í fyrsta lið svarsins að bera í vænginn á þann hátt, að það sé ekki vitað, hvort eða hvernig hin einstöku félög notfæri sér heimildina til að endurkrefja meðlimi sína um skattinn, og það er ein ástæðan til þess, að honum virðist ógerningur að gefa nokkur skýr svör. Þá segir hann enn fremur, að jafnvel þó að þessi hængur væri eigi á málinu, sé það eitt til, að margir stundi ýmiss konar atvinnu, þannig að ógerningur sé að ákveða, hvernig flokka beri eftir atvinnugreinum skattgjöld einstakra skattgreiðenda, og bætir því við, að þessi sundurliðun, sem við höfum gjarnan óskað að fá fram, yrði alltaf handahófskennd, þó að jafnvel væri lögð í hana mikil vinna. En það virðist ekki vera, að hann hafi reynt að leggja mikla vinnu í að svara þessu. Hitt, að skattálagningin taki breytingum við kærur, kemur þessu máli í rauninni ekki við, því að það er vitaskuld frumskattálagningin, sem átt er við, þegar spurt er um, hvernig þetta skiptist niður á stofnanir og atvinnugreinar.

Í fjórða lagi skýtur hv. skattstjóri sér á bak við þá almennu leynd, sem eigi að vera yfir efnahag einstaklinga og félaga, og segir: „Eins og kunnugt er, eru reglurnar við álagningu skattsins á þá lund, að upplýsingar um skattgreiðslur og skiptingu skattsins geta gefið nánari eða víðtækari upplýsingar um efnahag einstaklinga og félaga heldur en nokkur önnur skattaálagning. Hefur því skattstofan tekið þá afstöðu að hliðra sér hjá að gefa upplýsingar um þessi mál, enda vandséð, hvar eigi að draga mörkin, hverjar upplýsingar eigi að gefa og hverjar ekki."

Þarna játar skattstjórinn, að hér sé um að ræða skattálagningu í algerlega óvanalegu formi, og er það viðurkenning á því, sem ég og margir aðrir hafa haldið fram, að hér væri ekki um eiginlega skattálagningu að ræða skv. lögum, enda hafði ég í frumræðu minni haldið því fram, að hér væri að margra manna dómi um freklegt stjórnarskrárbrot að ræða, og það hef ég kynnt mér töluvert síðan og fullyrði, að þetta liggur nú fyrir, að hér er um freklegt stjórnarskrárbrot að ræða. Þessi skattálagning er ekki í sama anda eða af sama tagi og venjuleg skattálagning hjá ríkinu, og mun ég leiða að því nokkur rök, ef mér gefst færi á, áður en þetta mál fer út úr deildinni, þ. e. a. s. frekari rök en ég hef hingað til gert. Það er í því sambandi talsvert gott fyrir þann málstað, sem ég flyt, að það liggur hér skriflega fyrir frá sjálfum skattstjóranum, að reglurnar við álagningu skattsins séu á þá lund, að við það að rannsaka, hvernig skattálagningin verði til, komi fram miklu nánari skilgreining um efnahag einstaklinga og félaga heldur en við nokkra aðra skattálagningu. Og af því segir hann, að skattstofan hafi tekið þá afstöðu að neita um slíkar upplýsingar. Hér játar þess vegna skattstjórinn sjálfur, að þessi skattur eigi ekki samstöðu við aðra skattálagningu til ríkissjóðs, sem er lögmæt, af því að hann finnur það sjálfur sýnilega, að hér er ekki um venjulega skattálagningu að ræða, heldur, eins og ég hef haldið fram, um eignarnám, sem er á móti bókstaf og anda stjórnarskrár þeirrar, sem við búum við.

Hv. skattstjóri endar svo sinn málavafning í þessu að biðja fjhn. að falla frá sinni beiðni eða a. m. k. að fresta henni á þessu stigi málsins. Ég get skilið það, að hann þykist eiga óhægða aðstöðu, þar sem á honum liggur „pressa" auðvitað frá ríkisstj. um að gera enga tilhliðrun í þessu máli, og að hann þess vegna biðjist vægðar frá Alþingi um að leggja fram þær upplýsingar, sem hann gæti lagt fram, ef hann vildi leggja í það vinnu. Og ég fyrir mitt leyti lýsi yfir því, að ég mun sem fjárhagsnefndarmaður halda fast við það, að fjhn. gangi eftir svari, sem getur heitið svar við þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, og að það liggi þá fyrir við 3. umr. málsins, þó að ekki sé um annað plagg að ræða hér núna en hefur sýnt sig.

Ég var fyrr við þessa umr. eftir megni búinn að rökstyðja þær brtt., sem við hv. 6. þm. Reykv. höfðum þá lagt fram. Um það mætti að vísu margt enn segja. En ég vil taka það fram, að ég

tók þá til baka brtt. 3 á þskj. 310 og bað hæstv. forseta að fresta henni til 3. umr., en ég vil nú mælast til þess við hæstv. forseta, að hún gangi hér einnig undir atkv. við þessa umr. Það getur orðið nóg að tala um við 3. umr. fyrir því.

Við flm. að þessum brtt. höfum veitt því athygli, sem raunar er eðlilegt, að þær eru einkum miðaðar við tvo aðalatvinnuvegi landsins, landbúnað og sjávarútveg. En við höfðum ekki eins ríkt í huga, þegar við sömdum þær, þriðja atvinnuveginn, sem er engu þýðingarminni, sem sagt iðnaðarstarfsemina í landinu, en vissum að vísu, þegar við sömdum þessar brtt., að þær voru engan veginn tæmandi og margt fleira mundi geta komið til greina, ef nokkur áhugi væri fyrir að lagfæra þessa löggjöf.

Þó að við höfum nú horft framan í það, svo sem kom fram í ræðu hv. frsm. n., að n. muni ekki leggja til að fallast á brtt. á þskj. 310, leyfum við hv. 6. þm. Reykv. og ég okkur að koma enn fram með brtt. í sambandi við þetta þskj. og hana skriflega í þetta sinn, og ég vona, að hún komist líka að við atkvgr. Brtt. er við brtt. á þskj. 310, að á eftir a-lið 1. tölul. komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

„Á eftir 2. málsgr. 1. tölul. komi ný málsgr., þannig: Frá matsverði dráttarbrauta, verksmiðja og annarra húseigna, sem notaðar eru við iðnaðarframleiðslu, skal draga 30% — þrjátíu af hundraði.“

Vil ég leyfa mér, áður en ég fer lengra í þessu máli, að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

Ég kom að því stuttlega á dögunum, þegar ég flutti fyrri part ræðu minnar um brtt. okkar, sem prentaðar eru á þskj. 310, að hvað sjávarútveginn snertir virtist vera, að framkvæmd á þeim ákvæðum, sem hann snerta, sé þannig, að mikill hluti af því, sem á að teljast að heyra undir sjávarútveginn, sé ekki tekinn með í reglum þeirra manna, sem fara með skattálagninguna fyrir hæstv. fjmrh. Ég taldi þá upp nokkuð í þessu sambandi og veit, að ég er í fullu samræmi við þá, sem vit hafa á, þegar ég læt í ljós, að undir sjávarútvegsfyrirtæki heyra náttúrlega togaraútgerð og vélbátaútgerð og hraðfrystistofnanir fyrir fiskafurðir, enn fremur saltfiskverkun og allt, sem í kringum hana er, skreiðarverkun á sama hátt, síldar- og fiskimjölsframleiðsla, síldarsöltun, lifrarbræðsla og lýsisvinnsla, hvalveiðar og vinnsla hvalafurða, niðursuða og reyking fiskafurða. Allar þessar greinar atvinnuvegarins, sem í kringum sjávarútveginn eru, tel ég að eigi hiklaust að telja til sjávarútvegs landsmanna og láta þær undanþágur eða frádráttarreglur, sem gilda ýmist um togara eða önnur fiskiskip eða vélbáta eða hraðfrystistöðvar, gilda jafnt fyrir þær verkunarstöðvar, sem ég nú taldi upp. Vitaskuld ætti hið sama að gilda hvað landbúnaðinn snertir. Það er ekki á mínu færi í fljótu bili að telja upp, hve margar greinar iðnaðar eða atvinnu á landi eru beint tengdar landbúnaðinum, ég get ímyndað mér, að það sé nokkuð löng upptalning, ef út í það er farið. En ég tel skattayfirvöldunum og ríkisstj. skylt að gera þessum atvinnuvegum jafnt undir höfði og láta það, sem kynni að verða gert til hagsbóta fyrir sjávarútveg og landbúnað, ná jafnt til þeirra greina, sem heita öðrum nöfnum, en hafa þessa atvinnuvegi fyrir undirstöðu.

Ég gat þess hér um daginn, að skatturinn, sem hefði átt að verða 80 millj., og í mörgum ræðum hæstv. fjmrh. á sínum tíma hefði verið orðuð einmitt talan 80 millj. og sums staðar alveg án aths., þó að sums staðar væru aths. við í hans ræðu, hefur nú reynzt í álagningu 135 millj., svo að skattkrafan eða þetta eignanám hefur orðið miklu grófara í höndum hæstv. ráðh. en sú löggjöf gerir ráð fyrir, sem hún á að vera byggð á.

Eftir þeim upplýsingum, sem hægt hefur verið að ná þrátt fyrir alla mótspyrnu skattayfirvaldanna, hafa fróðir menn komizt að því, að það er ekkert óverulegur hluti af þessari skattálagningu, sem lendir á sjávarútveginum. A. m. k. má telja, að 30 millj. kr. lendi beint á sjávarútveginum og hans fyrirtækjum, og það gæti sennilega komið betur í ljós, ef ekki væri haldið þeirri leynd yfir framkvæmd skattálagningarinnar, sem hv. skattstjóri játar í þessu sínu bréfi.

Sá atvinnuvegur, sjávarútvegurinn, berst, eins og allir vita, mjög í bökkum, og ríkið verður að neyta ýmissa bragða til þess að halda honum, ef svo mætti segja, gangandi. Verður þess vegna enn undarlegra, hvernig það sama ríkisvald, sem verður að vera að skattleggja borgarana almennt til að halda sjávarútveginum gangandi, getur leikið sér að því að ræna hann þarna 30 millj. kr. með nýjum svokölluðum skatti, sem ekki er annað en eignanám, en væri réttara að nefna eignarán.

Það er stór mótsögn í því hjá ríkisvaldinu að taka þannig með annarri hendinni það, sem hún réttir að þessum mjög svo nauðsynlega atvinnuvegi með hinni, og ég hygg, að það sama muni gilda um aðra atvinnuvegi, bæði landbúnað og iðnað, ef ofan í kjölinn væri nokkuð leitað eða fengist leitað.

Það er kunnugt af ótal athugunum og rannsóknum, sem hafa farið fram undanfarin ár, að sjávarútvegurinn og þeir, sem að honum standa, eru í miklum fjárhagsörðugleikum, og mundi það enn auka á vandræðin, ef þeim yrði gert að greiða milljónatugi í stóreignaskatt, sem byggist á því, að ýmsar eignir, sem reknar hafa verið með tapi mörg undanfarin ár, eru reiknaðar með sérstöku áætlunarverði, sem ekki er í neinu samræmi við afkomu og hag fyrirtækjanna.

Það er sem sé vitað, að stóreignirnar hjá mörgum aðilum, ef ekki öllum, eru fengnar fram með því að meta eignirnar langt fyrir ofan sannvirði og láta menn svo gjalda skatt af því eða reikna skattinn þar út frá. Það var þetta, sem mér þótti vera réttast á dögunum að nefna falsaðar tölur, sem fengjust þannig út, og hæstv. ráðh. fyrtist svo mjög af sem kunnugt er. Ég veit ekki, hvaða nafngift á betur við það athæfi ríkisvaldsins, sem hér liggur fyrir til grundvallar, að láta fyrst meta eignirnar langt yfir sannvirði, hvort heldur það eru hús eða hlutabréf, og segja svo við viðkomandi: Ja, þetta mikið áttu, og svo reiknum við skattinn út frá því. — Ég held, að það hafi verið réttnefni, sem ég valdi þessu athæfi á dögunum.

Hv. frsm. lýsti því hér yfir, að hv. meiri hl. n. sæi sér ekki annað fært en að leggja á móti

samþykkt á brtt. okkar hv. 6. þm. Reykv. Á þeim eina fundi, sem haldinn var um þetta mál eða þessar till., virtist mér það koma helzt fram í ræðu formanns n., að Framsfl. væri sérstaklega mótfallinn öllum breytingum á þessu, vegna þess að fyrir lægi svokallaður stjórnarsamningur um að koma lögunum fram, og ég skildi hann þannig, að hv. samflokksmönnum hans og þá kannske líka fleirum fyndist það brjóta í bága við stjórnarsamkomulagið, ef nokkur breyting væri gerð á stóreignaskattslögunum. Ef ég fer rangt með það mál, þá veit ég, að hv. form. fjhn. mundi gera við það aths., en ég tel mig ekki muna það skakkt. Önnur ástæða var ekki tilgreind.

Á þessum sama fundi var samþ. að spyrja skattstjórann spurninga, sem við höfum nú fengið svar upp á, sem er ekkert svar.

Stjórnarsamningar geta verið og eru sjálfsagt mjög mikils virði fyrir þá, sem að þeim standa, en stjórnarsamningar geta ekki verið neinn grundvöllur undir því, að rofin séu lög á landsins þegnum, að brotin sé stjórnarskrá ríkisins og farið ránshendi um eignir þegnanna þvert á móti öllum venjum áður og lögum.

Hæstv. fjmrh. vitnaði hér á dögunum í löggjöf, sem hann taldi Sjálfstfl. og Framsfl. hafa staðið að 1950 um stóreignaskatt. Það er satt, að hann var þá lagður á, að vísu í miklu minna mæli heldur en nú og í sambandi við það stórfellda fall á peningunum, sem fór fram við gengisbreytinguna, þar sem krónan var skorin niður um 74%. Það þótti sýnt, að ýmsir mundu við þann niðurskurð fá eiginlega afslátt á sínum eignum og skuldum, og þá þótti réttlætanlegt að ná inn einhverju af þessum mismun með stóreignaskattinum, sem þá var samþykktur.

Það nær engri átt að bera þann verknað, sem ég vil hvorki lofa né lasta, a. m. k. ekki lofa, saman við það rán, sem hér er verið að ræða um. Þetta var þá gert til þess að mæta þeim gengisgróða, sem sýnilegt var að margir mundu fá, þegar krónan var skorin niður um 74%, en stóreignaskatturinn, sem samþ. var á þinginu 1956, styðst ekki við neitt annað en það, sem hv. form. fjhn. nefndi á fundinum stjórnarsamkomulag eða stjórnarsamning. Hann styðst ekki við neitt annað en það, að þeir aðilar, sem að stjórninni standa, hafa pínt það fram, sem skilyrði sjálfsagt fyrir sinni þátttöku, og þá helzt kommúnistarnir, að farið væri þannig þessari ránshendi um eignir þegnanna og þannig stýrt að því að gera sem flesta atvinnurekendur ósjálfbjarga og að vinna að atvinnuleysi í landinu, sem vitaskuld kemur fram við það, þegar þessir menn eru lagðir í hlekki óréttmætrar fjárheimtu af hálfu þess opinbera, að þeir verða ekki eins burðugir til að halda uppi áhættusömum atvinnuvegi eftir á og áður var.

Við höfum hér, flm. þessarar brtt., flutt þær í því skyni að milda að nokkru leyti áhrif þessarar óréttmætu löggjafar. Við höfum samt sem áður verið mjög hógværir í okkar till. og höfum sumir hverjir sætt aðfinnslum utan þessara veggja fyrir það, að við værum of hógværir. En það gerðum við með það fyrir augum, að þá ættu hv. alþm. hægra með að sinna þessum breytingum, sem horfa til bóta fyrir þegnana, ef þær væru ekki gerðar of stórtækar eða látnar grípa yfir of mikið eða margt eða of langt inn í málið.

Ég sé ekki ástæðu til að tilefnislausu að ræða öllu meira um brtt. sjálfar en ég hef gert. Þær voru fram fluttar, eins og ég hef þegar lýst, til þess að milda nokkuð það högg, sem vissir atvinnurekendur sérstaklega verða fyrir og vissir borgarar þjóðfélagsins. Sé það ráðið af hv. stjórnarflokkum að fella þessar brtt., þá er ekkert við því að segja af okkar hendi, þeir verða að bera þá ábyrgð, sem af því leiðir að hafa komið þessari löggjöf á og vilja á engan hátt milda hana, þótt fram á sé farið, jafnvel ekki verið léð máls á lengri gjaldfresti en er í lögunum, sem er vitaskuld allt of stuttur fyrir stórar fjárhæðir, og vaxtakrafan af hálfu ríkisins þar sýnir ekkert annað en það, hvaða ránshugur hefur verið í þeim mönnum, sem áttu frumkvæðið að þessari löggjöf og stóðu að því, að hún var samþykkt. Þar er sagt, að ef menn fái 10 ára gjaldfrest, þá skuli þeir borga 6% vexti. Þess eru þó dæmi í mörgum greinum atvinnulífsins, ekki hvað sízt hvað snertir sjávarútveg, að um venjulega bankavexti er að ræða, þar sem undanþágur eru gerðar til að létta undir með mönnum. En hér gengur ríkisvaldið svo langt, að það fer eins freklega í vaxtakröfum og ef um væri að ræða réttmæta skuld, sem sá, er af hendi greiddi, hefði fengið eitthvað í aðra hönd fyrir að stofna til, en það er ekki hér. Hér er um einfalt ofbeldi og eignarán að ræða, sem þessir hv. stjórnarflokkar standa allir að og bera ábyrgð á fyrir guði og mönnum og hafa sér ekkert annað til afsökunar en að stjórnarherrarnir hafi komið sér saman um, að þetta væri svona. En ég vil minna þá á, þessa hv. þm., að jafnvel þótt stjórnarherrarnir séu voldugir, þá eru þeir ekki þjóðin öll.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 334) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. Vestm. um, að þau lög, sem hér er verið að ræða um breytingu á, væru stjórnarskrárbrot, er það að segja í fyrsta lagi, að ég man ekki eftir, að það kæmi fram nein krafa í hvorugri deildinni í fyrra um, að forseti úrskurðaði það, hvort frv. kæmi í bága við stjórnarskrána.

Í öðru lagi er það, að hvort sem lögin eru stjórnarskrárbrot eða ekki, sem ég legg engan dóm á, fyrr en um það kynni að koma krafa, sem ekki getur eiginlega komið fram í þessu sambandi, þá vil ég benda á, að það frv., sem hér er til umr., getur ekki undir neinum kringumstæðum verið stjórnarskrárbrot, þar sem frv., eins og það liggur fyrir, er eingöngu um að lengja frest um einn mánuð til skattálagningarinnar.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Í lok umræðnanna á dögunum, áður en þessu máli var frestað, beindi ég þeim tilmælum til hv. n., að hún aflaði sér upplýsinga um það, að hve miklu leyti stóreignaskatturinn lenti á atvinnuvegunum.

Hv. þm. Vestm. (JJós) hafði spurzt fyrir um

þetta við 1. umr., — spurt hæstv. ráðh. um það, en hann bar því við, að hann hefði engin þau gögn í höndum, að hann gæti svarað þessu þá í deildinni.

Nú skilst mér, að hv. fjhn. hafi snúið sér til skattstofunnar með beiðni um að fá þetta upplýst. En eins og hv. frsm. sýndi fram á, er hann las bréf skattstofunnar um þetta efni, er það ekkert svar, hreinar vífilengjur og ekkert annað. Ég tel gersamlega ósamboðið Alþ. að taka á móti svona plaggi. Ef stofnun leyfir sér að svara ákveðinni fsp., sem Alþ. óskar eftir, á þennan máta, þá tel ég það ósæmilegt. Ég vænti þess, að hv. n. láti ekki við þetta sitja. Ég skora á hana að gera það ekki, því að það er augljóst mál, að ef það kemur í ljós, sem ég hygg að verða muni, að þessi skattur muni hvíla að verulegu leyti á atvinnuvegum landsins, þá er hér í alvarlegt efni komið; það skuluð þið sanna til.

Alþ. hefur um allmörg undanfarin ár orðið að leggja þungar byrðar á þjóðina til þess að halda atvinnuvegunum gangandi. Þegar svo á að koma ofan á þetta skattheimta á þessa sömu atvinnuvegi, þannig að þeir hljóta að sligast að meira eða minna leyti, þá ættu menn að sjá, hverjar afleiðingarnar verða.

Ég hygg, að ástæðan til þess, að ómögulegt er að fá upplýsingar um þetta atriði, sem hér er spurt um, sé sú, að það hefur komið í ljós, sem við spáðum hér á þinginu í fyrra margir hverjir, að þessi skattur mundi lenda æðibungt á atvinnuvegunum. Ég minnist þess þá, að hæstv. fjmrh. tók þvert fyrir þetta, það kæmi ekki til mála. Ætli það sé nú ekki kominn á daginn okkar spádómur um þetta og þess vegna verði að leyna þessu fyrir þjóðinni?

Ég leyfi mér að endurtaka áskorun mína til hv. fjhn., að hún fái fyllri upplýsingar um þetta atriði. Ég teldi í alla staði rétt og reyndar sjálfsagt að fresta atkvgr. um brtt. á þskj. 310, þar til þessar upplýsingar liggja fyrir, því að ef það reynist svo, að skatturinn hvíli þungt á atvinnuvegunum, þá veitir sannarlega ekki af að milda innheimtu skattsins.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel nú ekki þörf á því að ræða málið frá þeirri hlið, sem hv. stuðningsmenn þeirra brtt., sem lagðar voru fram á þskj. 310, hafa rætt málið, því að það eru umræður um mál, sem afgreitt var héðan á síðasta þingi, og tel ekki þörf á að blanda mér inn í þær umræður.

En það var aðeins örstutt aths. til hv. þm. Vestm. (JJós), sem ég vildi koma hér á framfæri. Ég held, að það sé rangminni hans, að hv. form. fjhn., 1. þm. Eyf. (BSt), hafi lýst því yfir, að það hafi verið ákvörðun einhvers sérstaks flokks um það að standa gegn þessum brtt. Hitt mun hann hafa sagt, að það hafi verið samkomulag stjórnarflokkanna um þetta mál í upphafi og þeirri afstöðu hefði enn ekki verið breytt. Sjálfum er mér kunnugt um, að ríkisstj. hefur nú rætt þetta mál að nýju, þá sennilega m. a. með tilliti til þessara brtt., og hefur ákveðið að fallast ekki á þær. Þetta mun og hafa verið megininnihald, að því er mig minnir bezt, í svörum formanns nefndarinnar við spurningu flm. um, hverjir stæðu í vegi fyrir því, að slíkar tillögur gætu orðið samþykktar.

Ég vil aðeins leiðrétta þetta hér, vegna þess að hv. þm. Vestm. vék að þessu sérstaklega.

Ég ítreka það svo, að meginhluti umræðna um þetta frv., sem er einungis um að gefa lengri frest til álagningar skattsins, hefur snúizt um lögin sjálf, þ. e. a. s. framhald á þeim umr., sem voru um málið hér á síðasta hv. Alþ., þegar lögin voru samþykkt. Ég tel ekki þörf á því, eins og ég áðan sagði, að blanda mér inn í þær umr.; það tel ég vera afgreitt mál. Þó að það sé hins vegar, eins og hér hefur verið lýst yfir, í alla staði þinglegt að ræða það, eins og hv. flm. hafa gert, þá tel ég mér sem frsm. þessa frv. ekki nauðsynlegt að svara í einstökum atriðum þeim umræðum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál í heild sinni, heldur gefa aðeins örstutta skýringu á minum gerðum viðvíkjandi meðferð málsins í fjhn. deildarinnar.

Hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ) hefur nú að mestu leiðrétt misminni hv. þm. Vestm. (JJós) um það, hvað ég hafi sagt, eftir að n. tók sér frest til að athuga brtt. hans og hv. 6. þm. Reykv. (GTh). Það, sem ég sagði, var það, að þegar lögin voru sett, hefði það verið samkvæmt samningi, sem gerður var milli stjórnarflokkanna um það mál, alveg á sama hátt og stóreignaskatturinn frá 1950 var settur eða lögin um hann voru sett samkvæmt samningi milli þáverandi stjórnarflokka. Ég sagði aldrei, að það mætti ekki róta við þessu, vegna þess að það hvíldi einhver helgi yfir þessum samningi, heldur hitt, að það væri ekki hægt, vegna þess að þetta var samningur, fyrir einn flokk að fallast á breytingar, nema með því móti að ræða það við hina flokkana og að það yrði samkomulag um það, og það er töluverður munur á því.

Hv. þm. Vestm. var óánægður með svar, sem hefur borizt frá skattstjóranum, og þá var hv. þm. V-Sk. (JK) enn meira óánægður, og hann skoraði á fjhn. að láta ekki við svo búið sitja, heldur heimta skýr svör við þeim spurningum, sem fjhn. eða ég í hennar nafni bar upp við skattstjórann bréflega.

Við þessu er það að segja, að fjhn. eða aðrar n. þingsins hafa ekki beinlínis vald til þess að krefja menn sagna, ef þeir vilja ekki gefa svör. Til þess að þingnefnd geti krafið menn sagna, þarf að skipa sérstaka nefnd samkvæmt ákveðinni grein stjórnarskrárinnar. Nefnd þannig kosin hefur ein vald til þess að krefja um skýrslur frá opinberum starfsmönnum eða öðrum. Náttúrlega gæti komið til mála, að fjhn. tilkynnti skattstjóranum, að hún teldi ekki svör hans fullnægjandi, og óskaði, að hann svaraði þeirri spurningu, sem borin var upp við hann, en hún hefur ekkert vald til að krefja hann sagna eins og dómari gerir. Það má kannske láta skattstjórann vita það, að n. telji þetta ekki fullnægjandi svör. En ég verð nú að segja, að mér finnst hans svör ekki eins fráleit og hv. þm. Vestm. og hv. þm. V-Sk., m. a. það atriði, að það er alls ekki endanlega gengið frá skattinum, meðan

kærufrestur er ekki útrunninn, eins og skattstjórinn segir. Hv. þm. Vestm. sagði að vísu, að það væri frumskatturinn eða frumálagningin, sem n. hefði spurt um, en vitanlega kemur það mest málinu við, hver skatturinn verður, ekki hvernig hann hefur verið hugsaður í fyrstunni, heldur hver hann verður úrskurðaður endanlega.

Eins og ég sagði, ætla ég ekki að fara út í málið. En ég verð þó að geta þess, að mér finnst hv. þm. Vestm. hafa verið nokkuð stórorður um stóreignaskattinn, sem lagður var á í fyrra, miðað við það, að hann sjálfur stóð að því að leggja á stóreignaskatt árið 1950 og hans flokkur. Mér er ómögulegt að skilja, ef skatturinn nú er stjórnarskrárbrot og rán, eins og hann orðaði það, að þá hafi ekki svo verið einnig um stóreignaskattinn 1950, og mér finnst töluvert vafasöm hans kenning um, að gengisfallið sérstaklega réttlæti stóreignaskattinn 1950 fram yfir það, sem atburðir síðustu ára gera nú. Ég held, að gengisfallið hafi ekki beinlínis skapað neinn gróða t. d. þeirra manna, sem áttu verðmæti önnur en peninga, — ekki beinlínis skapað gróða. Vitanlega hafa kannske fasteignir hækkað í verði að krónutali, en notagildi þeirra hefur ekki hækkað, þó að gengið væri lækkað. Mér finnst þessi kenning töluvert vafasöm.

Samkvæmt þessum kenningum, að það komi í bága við stjórnarskrána að leggja á stóreignaskatt, er ákaflega vafasamt, að það sé þá frekar leyfilegt að leggja á eignarskatt. Mér finnst, að það geti ekki verið um það að ræða, hvað þetta snertir, hvort skatturinn er lágur eða hár. Annaðhvort er leyfilegt að leggja skatt á eignir ellegar það er ekki leyfilegt. **(Gripið fram í:** Hvað segir stjórnarskráin?) Stjórnarskráin segir, að eignarrétturinn sé friðhelgur og ekki megi taka eignir einstakra manna, nema almenningsþörf krefji og komi fullt gjald fyrir. Ég þykist muna það alveg rétt, þó að ég hafi hana nú ekki fyrir framan mig. En aftur segir stjórnarskráin á öðrum stað, að skattar og gjöld skuli á lögð samkvæmt lögum, og það hefur alltaf verið skilið svo, að hvers konar skattar væru leyfilegir samkvæmt stjórnarskránni. Það er tvímælalaust, að það má ekki setja lög um það, að hv. þm. Vestm. skuli láta eignir sínar af hendi, ef þau lög ganga ekki jafnt yfir þá, sem svipaðar eignir eiga. En það hefur alltaf verið talið leyfilegt að leggja skatt á eignir. Meira að segja sá fyrsti skattur, sem lögleiddur er á Íslandi, fyrir utan kannske þingfararkaupsgjaldið í fornöld, sem var nefskattur, en að öðru leyti elzti skattur, sem lögleiddur var á Íslandi fyrir nærri 900 árum, sem sé tíundargjaldið, var eignarskattur; það hefur alltaf verið eignarskattur, en það hefur ekki verið sérstaklega stóreignaskattur.

Mér finnst það liggja alveg eins nærri samkvæmt þessari kenningu að halda því fram, að stighækkandi skattar séu ekki leyfilegir, t. d. stighækkandi tekjuskattur.

Ég ætla ekki að fara frekar út í málið. Þetta er nánast að gera grein fyrir mínum gerðum sem formanns fjhn., og að nokkru leyti fannst mér rétt af mér sem forseta að víkja að þessu, en þó ekki frá forsetastóli, þar sem það liggur engin krafa fyrir til mín um að úrskurða um þetta, enda ekki hægt að bera þá kröfu fram viðvíkjandi því frv., sem fyrir liggur. Það væri frekar hægt að bera þá kröfu fram viðvíkjandi þeim brtt., sem fyrir liggja, því að það er ekki hægt að skilja þær öðruvísi en svo, að í þeim felist viðurkenning þó á því, að einhver stóreignaskattur sé leyfilegur, því að annars hefðu hv. flm. tillagnanna borið fram þá einföldu brtt. að nema lögin um stóreignaskatt úr gildi.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hef nú heyrt bæði hv. frsm. n., hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), og hv. formann n., sem er hæstv. forseti sjálfur, tala um minnisleysi mitt frá fjhn.-fundi. **(Gripið fram í:** Rangminni.) Rangminni, jæja, en ég skal nú ekki pexa við þessa hv. þm. um það, en ég hafði ekki eftir annað af fundinum en það, sem ég sjálfur heyrði, að það kom ekki fram nein rökstudd mótbára á móti neinni af okkar brtt., annað en það, sem formaður sagði, að þetta væri stjórnarsamningur, og hann minntist á, að það hefði verið talað um þetta í Framsfl. Á hinn bóginn hefur hv. frsm., 4. þm. Reykv., bætt því við, að þetta mál hafi verið rætt í ríkisstj. Það sagði nú formaður fjhn. aldrei, en hv. frsm. upplýsti það núna, að það hefði verið, og ég held, að hann hafi bætt því við, að ríkisstj. í heild sinni hafi ekki viljað fallast á neinar brtt. **(Forseti:** Um þetta veit ég ekkert.) Nei, það var ekki frá hv. form. fjhn., það var í ræðu hv. 4. þm. Reykv., svo að það er líklegt, að þessir báðir hv. þm. hafi fengið sitt „stikkorð" og leiki sína „rullu" eftir því.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) var hér að ræða um stjórnarskrána að vissu leyti, og m. a. gat hann þess, að það hafi aldrei verið krafizt forsetaúrskurðar, þegar þessi löggjöf, sem ég vil gera breytingar á, var hér á ferðinni. Ég held, að ég hafi verið utanlands, þegar það frv. fór í gegnum þessa hv. d., svo að ég vissi ekki vel, hvað gerðist hér. En að því er snertir lagaskýringar á sjálfri stjórnarskránni, þá býst ég við, að við séum svipað staddir, hv. 1. þm. Eyf. og ég, með það, að við skiljum það eins og leikmaður skilur mælt mál, og maður veit, að jafnvel þótt skýrar greinar séu í lögum, þá geta lögfræðingar gert sér það að deiluefni. Eftir mínu viti og viti margra mér miklu skynsamari og fjöllesnari og lögfróðari manna hef ég sagt það og fullyrt, að lögin frá 1956, — ég á ekki við frv. það, sem hér liggur fyrir, — lögin um stóreignaskattinn hafi verið stjórnarskrárbrot og séu það; hvort nokkur hefur mótmælt því í þinginu á þeim grundvelli eða krafizt úrskurðar forseta, það breytir ekki stjórnarskránni, og það breytir ekki heldur lögunum, eins og þau standa skrifuð í dag.

Hv. þm. taldi mig hafa verið stórorðan. Það er nú erfitt að tala hér um mál án þess að fá þá aths. frá hans flokki. Ég held, að ég geti ekki undirgengizt neinar kárínur frá hv. þm. í því efni, því þó að ég hafi sagt hér sitthvað um lögin og brtt., þá hef ég ekki gert annað en reyna að undirbyggja það, að þær ættu að milda slæm áhrif laganna á atvinnuvegina, en um lögin sjálf er ekki hægt að segja, ef maður vill segja eitthvað, annað en að þau eru eignarnám og ólík öðrum skattalögum. Þó að hv. þm. væri að reyna

að færa þau í flokk við önnur skattalög, sem frá öndverðu hafa verið í gildi og verið sett á smátt og smátt, þá eru þessi stóreignaskattslög með sérstökum hætti, og samanburður á þeim og lögunum frá 1950 verður alltaf til óhagræðis fyrir þessa síðari löggjöf, því að lagaákvæðin um stóreignaskattinn frá 1950 voru í beinu framhaldi af skerðingu gengisins og sett í gengisbreytingarlögunum sjálfum meira að segja.

Þá vék hæstv. forseti að því, að í brtt. minum og hv. 6. þm. Reykv. fælist viðurkenning á því, að stóreignaskattslögin væru réttmæt. Ég mótmæli því, að í þeim felist nokkur viðurkenning. Það er ekkert verið að fara fram á annað en milda ákvæði, sem sett eru með ofbeldi á Alþingi af ríkisstj., sem ekki hefur hingað til ráðið við neitt annað en að ráðast á skattborgarana á þennan hátt, og það er verið að mælast til þess, að þetta ofbeldi sé gert vægara, en ekki annað.

Hins vegar getur það vel komið til álita, að út af þessum ummælum hæstv. forseta, hv. 1. þm. Eyf., spinnist umr. aftur á móti við 3. umr. þessa máls, en ég mótmæli því, að flutningur brtt. feli í sér nokkra viðurkenningu á réttmæti stóreignaskattslaganna. Það skeður á öllum stundum um allan heim, þar sem beitt er ofbeldi, að þá rísa borgararnir upp með ýmiss konar móti og reyna að afnema það eða draga úr því, og þessar brtt. eru ekkert annað en tilraun til að draga úr áhrifum þeirra ofbeldiskenndu skattaálagna, sem þingið síðasta samþykkti og voru kallaðar stóreignaskattslög.

Annars hafði ég lofað að tala ekki meira eða tala ekki lengi og fara ekki út fyrir það, sem hæstv. forseti minntist á, með því að það er enn eftir 3. umr. af þessu máli. En ég vil taka undir það, sem hv. þm. V-Sk. skoraði á hæstv. forseta gagnvart þessu svokallaða svari frá skattstofunni. Hann minntist á það, hæstv. forseti, þegar hann var í ræðustól sem hv. 1. þm. Eyf., að það væri ekki hægt að skylda skattstjórann til þess að gefa okkur upplýsingar, ef hann ekki vildi. Hann segir nú hvergi í þessu skjali sínu, skattstjórinn, að hann vilji ekki gefa það upp, en hann er með ýmiss konar vífilengjur og vafninga og fer fram á það að síðustu, að við föllum frá að vera að spyrja sig um þetta. Það er allt annað mál. Hann hefur ekki neitað því. Og ég vil styðja tilmæli hv. þm. V-Sk. og skora á hæstv. forseta, að hann ekki okkar vegna, heldur vegna sóma sinnar deildar fari fram á það enn við skattstjórann, að hann svari okkur við þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, gefi svör við því skýrt og greinilega fyrir 3. umr., ef hæstv. forseti álítur ekki réttara að fara þá leið, sem hv. þm. V-Sk. lagði til, að fresta þessari umr., þangað til skýr svör lægju fyrir frá skattstjóra.

Forseti (BSt): Það stendur þannig á, að mér er kunnugt um, að ýmsir hv. þdm. þurfa að víkja af fundi nú, en það lítur út fyrir, að umr. haldi eitthvað áfram um þetta mál við þessa umr. Er því umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., 24. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 210, n. 302, 310, 334).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þessar umræður, enda hef ég ekki ástæðu til þess, því að ég hef aldrei verið með þessum lögum, sem um er að ræða og hér á að breyta. En það voru ummæli, sem féllu hér síðast, bæði frá þm. Vestm. og þm. V-Sk., sem ég ekki skildi, bókstaflega ekki skildi, og langar til að fá frekari útskýringu á.

Ég veit ekki annað og skil ekki annað en allir skattar, sem á öllum landsmönnum hvíla, að undanteknum nokkrum fáum mönnum, líklega 2.1% eða eitthvað svoleiðis, sem lifa á eignum sínum í landinu, allir aðrir skattar hvíla á atvinnunni. Ég veit ekki annað. Ég er t. d. fastlaunamaður og hef laun frá ríkissjóði. Hvaðan hefur ríkissjóður sína peninga, sem ég þarf svo að borga skatt af sem útborguðum launum? Auðvitað er það frá atvinnulífinu. Það er ekkert annað, sem tekjur gefur, sem ríkissjóður fær, heldur en atvinnulífið. Þm. V-Sk. er sýslumaður og hefur sín laun frá ríkissjóði líka. Hvernig á að liða það í sundur, á hvaða atvinnugreinum þeir skattar hvíli, sem hann þarf að borga? Ég skil það ekki. Mér er það gersamlega óskiljanlegt. Stóreignamaður hér í Reykjavík kemst í skatt t. d. Hann rekur búskap, hann rekur verzlun, og hann rekur iðnað, og hvernig á að liða það í sundur, á hvaða atvinnugreinum skatturinn hvílir? Ég skil þetta ekki. Og mig langar til að fá annan hvorn þessara hv. þm. — það er nú ekki nema annar hér í d. — til að nefna mér einhverja skatta, sem ég eða einhver annar greiðir, sem hvíli ekki raunverulega á atvinnulífinu. Það eru til í landinu nokkrir menn, sem lifa bara á eignum sínum, hafa engar tekjur nema þær, sem eignir, sem þeir hafa safnað á liðnum árum og áratugum af ágóða, sem þeir hafa haft af atvinnulífinu, gefa af sér. Það má segja, að þeir skattar hvíli ekki á atvinnulífinu í dag. En allir aðrir skattar undantekningarlaust hvíla á atvinnulífinu. Hvort sem maðurinn hefur sínar tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, verzlun, af launum frá því opinbera eða launum frá einhverjum öðrum mönnum, þá hvíla þeir allir saman á atvinnulífinu, og það koma engir peningar til að borga þá með nema frá framleiðslunni sjálfri, atvinnulífinu. Og hvernig er t. d. skatturinn minn, sem með útsvarinu er um 60 þús. kr.? Ég hefði gaman af að heyra þá liða í sundur, hvernig það hvíldi á atvinnulífinu, hvað af því kæmi á hverja grein atvinnulífsins.

Ég veit ekki, hvernig þetta er hugsað, þegar verið er að heimta af einstökum mönnum, eiðsvörnum mönnum, sem ekki mega segja frá neinu, sem við kemur sköttum einstakra manna, svo að það skiljist, við hverja er átt, — þegar er verið að heimta af þeim að liða í sundur, hvernig stóreignaskatturinn hvíli á atvinnulífinu, þá skil ég það ekki, því að ég held það sé alveg ómögulegt að gera það.

Jóhann Jósefsson: Ég ætlaði að spyrja hæstv. forseta utan dagskrár, hvort aukið svar væri komið frá skattstjóranum við spurningum, sem ræddar voru fyrr við umræðu þessa máls, og mér skildist, að hæstv. forseti ætlaði þá að ganga eftir fyllra svari. Ég ætlaði bara að spyrja um, hvort

það væri komið, og vil ekki láta skoða þetta sem ræðu, heldur fsp. utan dagskrár.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Vestm. skal ég taka það fram, að á föstudaginn að loknum fundi, þar sem þetta mál hafði verið hér á dagskrá og rætt, átti ég símtal við skattstjórann og tjáði honum, að hans svar þætti ekki fullnægjandi af sumum nm. og þess væri óskað, að hann gæfi bein svör við því, sem spurt hefði verið um. En þá sagði hann í símanum, að hann gæti ekki gert það enn sem komið væri, svo að á væri hægt að byggja. Hitt sagðist hann kannske geta reynt, ef n. óskaði, að gera einhverja áætlun um, hvernig skatturinn kæmi niður á einstaka atvinnuvegi. Síðan kom nú helgin, og ég hef ekki frekar við þetta átt. Ég gæti nú haldið, að það nægði þá, ef þess er óskað, að þessi áætlun frá hv. skattstjóra kæmi fyrir 3. umr. málsins.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hef nú heyrt svar hv. 1. þm. Eyf., öðru nafni hæstv. forseta þessarar deildar, um það, að skattstjóri væri fús til þess að gefa áætlunarsvar út af þeim fsp., sem til hans var beint og hann mæltist til síðast, að ekki væri eftir gengið frekara svari, en sendi ekkert svar.

Nú, þegar hv. 1. þm. Eyf., sem er formaður fjhn., hefur komið með þessi skilaboð, að skattstjórinn vilji þó láta til leiðast að gefa áætlunarsvar, þá leyfi ég mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að það verði ekki tekin afstaða deildarinnar til þeirra brtt., sem við hv. 6. þm. Reykv. höfum borið hér fram, fyrr en áætlunarsvar skattstjórans liggur fyrir hv. deild. Ég mælist til þess, að það sé frestað atkvgr. um þessar till., þangað til við sjáum, hverjar áætlunartölur koma frá hv. skattstjóra, sem nú er búið að gefa í skyn að muni vera fáanlegar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. flutningsmenn brtt. gætu nú auðvitað komið því svo fyrir sjálfir, að þetta álit skattstjóra, ef það fæst, lægi fyrir, þegar d. tekur ákvörðun um brtt. Það væri ekki annar vandi en að taka till. aftur núna til 3. umr., og mundi ég þá sem formaður n. reyna að ganga eftir því, að þessi áætlun lægi fyrir við 3. umr. Ef svo skyldi fara, að frv. yrði breytt, þá þarf það að ganga til Nd. aftur, og gæti nú farið að verða naumur tími fyrir páska. Þó tel ég að vísu fært að taka frv. út af dagskrá í dag, þó að leiðinlegt sé, að d. afgreiði þá ekkert mál í dag. Fyrra dagskrármálið var tekið út af dagskrá nú skv. ósk annars af hv. flm. þessara till., sem nú liggja fyrir, og yrði þá svo, að bæði dagskrármálin yrðu tekin út af dagskrá og þessi fundur árangurslaus.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég veit það og skil, að hæstv. forseta er mjög vandgert og hann á oft í miklum vandræðum út af málaskorti hér í hv. d. Honum er sárt um virðing deildarinnar og vill ógjarnan, að fundur verði árangurslaus. En ég held, að ef litið er yfir störf þessa þings, muni einhverjir dagar hafa komið fyrir, sem hafa orðið árangurslausir, þannig að það væri ekkert einsdæmi í þingsögunni, þó að mál hlyti ekki afgreiðslu á þessum fundi.

Ég vil eindregið taka undir beiðni hv. þm. Vestm. um, að þessu máli verði nú frestað, þar til fyrir liggja þær upplýsingar, sem skattstjóri telur sig þó geta gefið, sem sagt áætlunarupplýsingar. Sú leið að taka aftur brtt. nú til 3. umr. er ekki fullnægjandi, því að ef svo færi, að þessar brtt. okkar hv. þm. Vestm. yrðu felldar nú, þá mundum við trúlega reyna aðrar brtt., sem þá gengju eitthvað skemmra, við 3. umr. Ég vil sem sagt eindregið taka undir þessi tilmæli hv. þm. til hæstv. forseta, að hann verði við þessari ósk um að fresta málinu, enda býst ég við, að skattstjórinn geti með mjög skömmum fyrirvara haft þessar upplýsingar sínar tilbúnar, þannig að verulegur dráttur þurfi ekki á þessu að verða.

Forseti (BSt): Ég vil ekki ábyrgjast neitt um það, hvort hægt er að fá þessa áætlun frá skattstjóranum t. d. fyrir fund á morgun, og þar af leiðandi vil ég ekki lofa því, að málið verði ekki tekið fyrir, fyrr en nýtt svar frá skattstjóra liggur fyrir. En hinu skal ég lofa, að biðja hann um svar fyrir fund á morgun, og mun ég þá taka málið af dagskrá, en hafa það á dagskrá á morgun.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þessar umræður um málið hafa framkallað þá ósk hjá okkur deildarmönnum sumum hverjum, að við höfum mælzt til þess við forseta, að hann fengi betri og skýrari svör hjá hv. skattstjóra en fyrir lágu í bréfi því, sem var hér fyrr við umræðuna lagt fram. Hæstv. forseti segir núna, að hann geti ekki ábyrgzt, að þessi svör liggi fyrir, þegar málið verður tekið næst. Hann hefur að vísu haft þau orð um áður, en þrátt fyrir það gert sitt bezta til að fá þessi svör fram, og ég treysti honum fyllilega í þessu efni, en vil mælast til þess, að hann reyni að sjá svo til, að svör skattstjórans liggi fyrir, þegar málið verður næst tekið á dagskrá. Ég ber fullt traust til hæstv. forseta í því efni.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 25. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Þess hefur æði oft í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, verið óskað, að fyllri upplýsingar lægju fyrir um það, hvernig skatturinn kæmi niður á einstaka atvinnuvegi, og hefur form. n., hv. þm. Eyf., gert tilraun til þess að fá fyllri svör en þegar hafa borizt um þetta efni, og vil ég nota þetta tækifæri til þess, sem mun vera síðasta tækifæri mitt í þessum umr., að lesa hér nýkomið bréf frá skattstjóranum um þetta efni, ef það gæti á einhvern hátt uppfyllt þær óskir, sem hv. flm. brtt. hafa viljað ná hér fram ásamt þm. V-Sk.

Með leyfi forseta, vildi ég þá lesa þetta bréf skattstjórans, sem er dags. 24/3 1958 og er á þessa leið:

„Með tilvísun til símtals við yður í dag, þar sem þér óskuðuð eftir, að skattstofan í Reykjavík reyndi að áætla um, hvernig skattur á stóreignir

samkvæmt lögum nr. 44 1957 muni skiptast til greiðslu milli tiltekinna atvinnugreina, vil ég taka fram eftirfarandi til viðbótar því, sem segir í bréfi skattstofunnar, dags. 19. þ. m.:

Yfirgnæfandi meiri hluti einstakra gjaldenda skattsins á eignir, sem flokka verður undir fleiri en eina atvinnugrein. Sem dæmi má nefna, að ákveðinn gjaldandi í Reykjavík á þessar eignir:

1) Fasteignir, en þær mundu aftur skiptast eftir notkun í fasteignir tilheyrandi verzlun, veitingasölu, leigustarfsemi og eigin persónulegum afnotum.

2) Vélar og áhöld tilheyrandi verzlun og veitingasölu, svo og vörubirgðir.

3) Hlutabréf í verzlunar- og útgerðarfélögum.

4) Ýmsar eignir vegna persónulegra þarfa, svo sem innbú og einkabifreið.

Þannig yrði að sundurliða eignir hvers eins gjaldanda, og getur hver maður séð, hversu erfitt verk það væri, jafnvel þótt skattstofan hefði á að skipa mönnum með staðarþekkingu á öllu landinu. Þar með er þó ekki öll sagan sögð. Svo að tekið sé aftur dæmið af sama gjaldandanum í Reykjavík, þá skuldar hann nokkrar milljónir, og hvernig eigi að skipta þeim skuldum á hina einstöku eignarliði skv. áður sögðu, veit enginn nema e. t. v. gjaldandinn sjálfur, ef hann þá veit það. Af þessu leiðir, að það er algerlega útilokað að skipta eignarskatti eftir atvinnugreinum, svo að nokkurt vit sé í, jafnvel þótt vitað væri, hverjir yrðu hinir endanlegu gjaldendur skattsins, en það er ekki vitað í þessu tilfelli, þar sem allt er á huldu með, hvaða félög muni notfæra sér endurkröfurétt, skv. 7. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Halldór Sigfússon.

Til formanns fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis."

Ég taldi rétt að lesa þetta nýkomna bréf, ef það mætti verða eitthvert innlegg í frekari umræður um málið.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það hefur verið lesið upp hér nýtt plagg frá hv. skattstjóra, og þar fullyrðir hann í lok bréfsins, að það sé ómögulegt að skipta eignarskattinum eftir atvinnugreinum, svo að nokkurt vit sé í.

Það er í sjálfu sér náttúrlega talsvert fróðlegt að fá þessa yfirlýsingu frá jafnfjölvitrum manni á þessu sviði og skattstjórinn hlýtur að vera. En hæstv. ríkisstj. hafði við umr. um þetta mál á því þingi, sem lögin voru sett, margsinnis fullyrt það, að t. d. sjávarútvegurinn eða hans fyrirtæki yrðu ekki fyrir neinum óþægindum af þessum stóreignaskatti. Hv. skattstjóri upplýsir nú, að það sé ekki hægt, svo að nokkurt vit sé í, að skipta skattinum niður á atvinnufyrirtæki, og er þá sýnt, hve mikið vit hefur verið í fullyrðingum hæstv. ríkisstj. á sínum tíma. Það virðist þá hafa verið heldur lítið vit í því að kveða upp úr með það, að t. d. sjávarútvegurinn ætti ekki að bera þunga þessa skatts.

Ég hef frá góðum heimildum hins vegar upplýsingar um það, að um 30 millj. af stóreignaskattinum leggist ýmist beint á sjávarútveginn eða hans fyrirtæki. Og meðan hvorki hv. skattstjóri né hæstv. ráðh. gerir tilraun til að hrekja það með nokkrum rökum, verð ég að álíta, að þeir kunnáttumenn, sem hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að um 30 millj. af skattinum leggist á þennan mjög svo nauðsynlega atvinnuveg, hafi rétt fyrir sér. Er þá sýnt, að loforð ríkisstj. í þessu efni hafa verið út í bláinn og að með álagningu stóreignaskattsins er verið að þrengja ákaflega mikið að þessari nauðsynlegu atvinnugrein, sem m. a. stendur fyrir svo til allri gjaldeyrisöflun í landinu. Við höfum því, hv. 6. þm. Reykv. og ég, haft fyllilega rétt fyrir okkur, þar sem við höfum farið fram á nokkra mildun í framkvæmd á þessum lögum, þó að hv. fjhn. hafi, að því er virðist eftir ábendingu hæstv. ríkisstj., skellt skolleyrunum við okkar brtt.

Það hefur sem sé verið upplýst í þessum umræðum af hv. frsm. fjhn., að ríkisstj. hafi beinlínis borið sig saman um þessa sérstöku brtt., og maður verður að ætla, að afstaða n. markist af því, hvernig ríkisstj. sjálf hefur snúizt við þessu, af því að það kom bert fram í orðum hv. formanns n. á sínum tíma á nefndarfundum, að ástæðan fyrir því, að ekki væri hægt að hreyfa hér staf eða kommu, — hann hafði nú ekki beint þau orð, — en ástæðan fyrir því, að ekki væri hægt að sinna þessum brtt., væri sú, að þetta væri mál, sem stjórnin hefði samið um. Hann nefndi nú, hv. formaður, að vísu Framsóknarflokkinn á þeim fundi, en síðan hefur það upplýstst eftir framburði hv. frsm., að það er ríkisstj. öll. Sem sé, það er þá eina ástæðan, sem n. hefur fyrir því að hlusta ekki á okkur í þessu sambandi, sem viljum draga úr hinum slæmu áhrifum skattálagningarinnar, að það komi í bága við samning stjórnarflokkanna.

Hv. 1. þm. Eyf. lýsti því yfir, að sér virtist, að við með því að bera fram brtt. við stóreignaskattinn værum að viðurkenna réttmæti hans og slíkt væri ekki í samræmi við það, sem ég hef leyft mér að halda fram hér í d., að stóreignaskatturinn, eins og hann var úr garði gerður eftir lögunum frá 1957, væri stjórnarskrárbrot. Ég vil lýsa því yfir, að þetta er stór misskilningur hjá hv. formanni fjhn. Það felst engin viðurkenning í okkar brtt. um réttmæti þessa skatts, þó að við reynum núna á þessu þingi að fá fram brtt. til að draga úr því tilræði við atvinnuvegina, sem þar er framið, því að t. d. 30 milljóna skattálagning á sjávarútveginn út af fyrir sig er — ég leyfi mér að fullyrða það — tilræði við þann atvinnuveg, sem á hverju ári er fleytt fram með því að skattleggja þjóðina alla í svokallaðan styrktarsjóð eða hvað hann er kallaður, útflutningsuppbótasjóð, til þess einmitt að fleyta þessum atvinnuvegi. Þessum atvinnuvegi gerir hæstv. sama ríkisstj., sem stendur fyrir útflutningsuppbótunum, það að greiða tugi milljóna í stóreignaskatt, og gefur auga leið, að fyrir atvinnuveg, sem stendur eins höllum fæti og sjávarútvegurinn gerir á ýmsan hátt, er hér vísvitandi eða ekki vísvitandi framið tilræði, sem miðar að því að hnekkja atvinnu fólksins í landinu, sem býr við atvinnukjör sín frá sjávarútveginum. Hið sama ætla ég að megi segja, þó að ég hafi ekki tölur fyrirliggjandi, um aðrar stórar atvinnuiðngreinar í landinu, t. d. iðnaðinn, að allt

það, sem gert er til að hnekkja iðnaðinum á þennan hátt eða þeim, sem að honum standa, er og verður að síðustu högg í andlit vinnufólksins í landinu, sem hefur atvinnu við þessar atvinnugreinar.

Tilraun okkar hv. 6. þm. Reykv. til að draga úr þessum vondu áhrifum liggur í okkar brtt., sem eru svo hóflegar sem raun ber vitni, og í þeim felst engin viðurkenning á stjórnarskrárbrotinu, sem ég held fram að sé framið með setningu laganna um stóreignaskattinn, — engin. Það er bara verið að bera hönd fyrir höfuð sér eða lítils háttar verið að reyna að bera hönd fyrir höfuð atvinnuveganna gegn ofbeldi, eins og á sér stað alls staðar í heiminum, þar sem ofbeldi er beitt og á einhvern hátt er reynt að reisa rönd við því, en í því felst ekki viðurkenning á réttmæti ofbeldisins. Þetta vildi ég taka fram.

Ég hef því miður þreytt hæstv. forseta lengur en ég ætlaði, en skal að tilefnislausu ekki gera það meira við þessa umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Vestm. um það, að þetta síðara bréf skattstjórans, þar sem segir, að það væri ómögulegt, a. m. k. á þessu stigi, að reikna það út, hvernig stóreignaskatturinn kæmi niður á einstaka atvinnuvegi, afsannaði fullyrðingar hæstv. ríkisstj. um það, að skatturinn kæmi ekki með þunga niður á sjávarútveginum, vil ég segja það, að ég sé ekki, að þetta bréf skattstjórans afsanni neitt í þessu efni eða sanni neitt. Hann segir, að það sé ekki hægt, a. m. k. á þessu stigi málsins, að segja um það, hvernig skatturinn komi niður á einstaka atvinnuvegi. Það þýðir ekki, að hann komi með sérstökum þunga niður á sjávarútveginum. Það veit enginn um þetta fyrir víst.

Hafi þessi orð, sem hv. þm. tilfærði eftir hæstv. ríkisstj., fallið frá henni, sem ég man nú ekki eftir, þá hefur hún vitanlega byggt á því almenna ástandi, að fyrirtæki sjávarútvegsins hafa alltaf verið að bera sig upp og biðja um hjálp, og ég geri þá ráð fyrir, að ríkisstj. hafi litið svo á, að þau fyrirtæki væru ekki þannig, eða fæst af þeim, að þau kæmu undir stóreignaskatt.

Viðvíkjandi því, að ríkisstj. hafi tekið þessar till. til meðferðar, — og segir hann, að hv. frsm. n. hafi lýst því yfir, — þá verð ég að segja það, að ég veit ekkert til þess. Ég veit ekkert til þess, að ríkisstj. hafi tekið þessar till. til sérstakrar meðferðar. Það má vel vera, en ég veit ekki til þess. Og ég verð enn að leiðrétta það, sem hann hafði eftir mér í þessu efni, þó að ég gerði það síðast, þegar þetta mál var til umræðu. Ég lét aldrei orð falla um það, að ekki mætti breyta staf, vegna þess að það væri samið svo um í ríkisstj., að það mætti ekki, heldur hitt, og það var það, sem ég sagði á nefndarfundinum, að þessi lög væru sett samkvæmt samningum stjórnarflokkanna og það hefði komið fram í mínum flokki, að ekki væri heiðarlegt að breyta þessum lögum, nema samkomulag yrði um það milli sömu flokka og lögin settu, og þetta er töluvert annað. Það er engin fullyrðing um það, að ekki geti komið til mála að breyta þessum lögum, eins og hverjum öðrum lögum. En meðan þessi stjórn er, verður það að vera í samráði á milli stjórnarflokkanna, ef slíkt er gert, og slíkt samráð hefur ekki verið haft mér vitanlega. Það kann að vera, að hv. frsm. n. viti nánar um það, að stjórnin hafi tekið þetta sérstaklega fyrir, en ég veit ekki til þess á neinn hátt.

Ég verð enn að halda við það, að mér finnst það tæplega ómaksins vert fyrir menn, sem halda því fram, að lög séu stjórnarskrárbrot, að vera þá að bera fram till. um breytingar á þeim lögum.

Hv. þm. talaði um það, að þar sem ofbeldi væri beitt, þar reyndu menn að rísa gegn því. Hér er nú þannig þjóðskipulag í okkar þjóðfélagi, að dómstólarnir eru óháðir, og ef þetta er stjórnarskrárbrot, eins og hv. þm. heldur fram, þá er það dómstólanna að fjalla um það. Og ef þeir dæma það, að lögin komi í bága við stjórnarskrána, þá falla öll lögin úr gildi, og hv. þm. hefur beinlínis staðhæft, að þetta kæmi í bága við stjórnarskrána. Ég sé ekki satt að segja, hvaða þýðingu það hefur frá hans sjónarmiði að bera fram breytingar við þau lög, sem hann fullyrðir að komi í bága við stjórnarskrána, því að ef hann hefur rétt fyrir sér í því, þá hljóta lögin að verða dæmd ógild.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Lögin um svokallaðan skatt á stóreignir voru samþykkt á Alþingi 24. maí 1957, og samkvæmt þeim hefur nú skattálagning eða útreikningur verið framkvæmdur. Hins vegar er eftir að úrskurða þær kærur, sem kunna að berast, og því hugsanlegt, að einhverjar breytingar verði á upphæð skatts hjá einstökum skattgreiðendum, áður en lýkur.

Þó er þegar komið í ljós við álagningu þessa skatts, að áætlanir og spár hæstv. ríkisstj. um heildarupphæð hans hafa ekki staðizt og eru í rauninni fjarri öllu lagi.

Hæstv. ríkisstj. gaf þær upplýsingar hér á síðasta þingi, og því var óspart á lofti haldið, að líkur væru til, að þessi skattur mundi nema nærri 80 millj. kr. í heild. Reynslan hefur orðið sú, að það nálgast, að hann verði tvöfalt hærri. Þetta sýnir m. a., hvernig háttað hefur verið undirbúningi þessa máls. En þó eiga fleiri kurl eftir að koma til grafar, sem sýna, hversu þessi löggjöf hefur verið undirbúin og sett af handahófi, án þess að menn virðist hafa haft raunverulega nokkra hugmynd um, hver heildarupphæð mundi verða eða hver áhrif þessarar skattlagningar yrðu. En þó að þetta sé kallaður skattur á stóreignir, þá eru margir þeirrar skoðunar, að í rauninni sé hér ekki um skattlagningu að ræða, heldur eignarnám án bóta, og þeir, sem eru þeirrar skoðunar, telja, að þessi löggjöf höggvi mjög nærri stjórnarskránni, þannig að eigi hafi verið fyrr sett á Íslandi skattalöggjöf, sem stappi jafnnærri stjórnarskrárbroti sem þessi lög.

Nú er það svo, að það, hvort skattalög teljast heimil samkvæmt stjórnarskránni eða hvort þau fela í sér hreint eignarnám, sem er stjórnarskrárbrot, er matsatriði og vitanlega ógerningur fyrir nokkurn mann að fullyrða fyrir fram, hvernig dómstólar landsins, m. a. hæstiréttur, líti á það mál. Það er því furðuleg röksemd, þegar hv. 1.

þm. Eyf. heldur því fram, að vegna þess að hv. þm. Vestm. telji, að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, þá eigi hann ekki að vera að bera fram brtt., því að þá hljóti lögin að verða felld úr gildi og brtt. séu tilgangslausar. Þó að þessi sé skoðun hv. þm. Vestm. og skoðun margra ágætra lögfræðinga í þessu landi, að þessi lög séu stjórnarskrárbrot, er vitanlega á þessu stigi ógerningur að fullyrða um, hvernig hæstiréttur landsins lítur á það mál. Ef svo færi, að hæstiréttur teldi hér ekki höggvið svo nærri stjórnarskránni, að hægt væri að ógilda þessa skattálagningu, þá er vitanlega eðlilegt, að hv. þm. og við fleiri gerum tilraun til að ráða einhverja bót á verstu agnúum þessara laga. Og ég vil taka undir það með hv. þm. Vestm., að því fer fjarri, að í flutningi slíkra brtt. felist nokkur minnsta viðurkenning á gildi laganna.

En það er fleira en þessar röngu áætlanir um heildarupphæð skattsins, sem í rauninni vekur athygli í sambandi við þessi lög.

Það er talað um, að ef skatturinn leggist þungt á útgerðina, t. d. þannig, að það sé raunverulega um 30 millj. kr., sem sjávarútvegurinn þurfi að greiða, þá sýni það aðeins, hvað útvegurinn eða einstök útgerðarfyrirtæki séu vel stæð.

Þó að sum útgerðarfyrirtæki hér á landi kynnu að eiga miklar eignir, þá er vitanlegt, að togaraútgerðin hefur á undanförnum árum og nú upp á síðkastið alveg sérstaklega barizt í bökkum, verið rekin með verulegum halla, þannig að sérstakan styrk hefur þurft úr ríkissjóði til að jafna hallann, og hefur þó hvergi nærri hrokkið til. Þess vegna má vel vera, að þó að útgerðarfyrirtæki sé a. m. k. á pappírnum vel stætt efnahagslega, skorti það algerlega fé til að standa undir rekstrinum og berjist þannig í bökkum, að jafnvel séu miklir erfiðleikar á að halda skipunum úti. Hitt er svo annað mál í þessu sambandi, að stóreignaskattslögin hafa að geyma ákvæði, sem ég vil segja að eru alger einsdæmi í löggjöf hér á landi í sambandi við skattálagningu.

Vitanlega væri æskilegast, að svo væri yfirleitt, að skattálagning væri miðuð við raunveruleg verðmæti. En í lögunum um skatt á stóreignir er víða beinlínis bannað að miða skattálagninguna við raunveruleg verðmæti, heldur ákveða lögin að búa til einhverjar tölur, sem enga stoð hafa í veruleikanum.

Sem dæmi má nefna 2. gr. laganna, 1. tölulið. Þar er talað um, með hvaða verði fasteignir skuli metnar, og það er ekki svo ákveðið, að þær skuli metnar eftir því, sem þær ganga kaupum og sölum. Það hefur verið meginregla, sem gildir t. d. í sambandi við eignarnám, að matsmenn eiga að meta eignir eftir því, sem þær ganga kaupum og sölum. En í þessum 1. tölulið 2. gr. segir m. a. svo, að ef landsnefndinni svokölluðu finnist gildandi fasteignamat á einstökum lóðum ekki nógu hátt, þá eigi að meta það að nýju, miðað við áætlað söluverð, en það er ekki nóg, heldur segir í sömu grein, að við matsverð fasteignanna, eins og það er ákveðið samkvæmt framansögðu, skuli bæta 200% álagi. Það er ekki verið að finna út raunverulegt verðmæti eignanna eða hversu mikið eitt fyrirtæki eða einstaklingar eiga af raunverulegum verðmætum. Nei, lögin ákveða, að það eigi að búa til vissar tölur, sem eiga að vera grundvöllur skattálagningarinnar.

Alveg sama kemur t. d. fram í sambandi við mat á hlutabréfum, sem mér er kunnugt um að í sumum tilfellum er svo fjarri öllu lagi, að hlutabréf, sem ekki er einu sinni hægt að selja á nafnverði, eru metin með mörg hundruð prósent álagi. Þannig er grundvöllur stóreignaskattslaganna í mörgum tilfellum svo fráleitur, að það er verið að búa til einhverjar eignatölur og skatturinn svo lagður á þær.

Ekki er þó öll sagan sögð með þessu, því að þegar stóreignaskattslögin voru hér til meðferðar á síðasta þingi, bar það m. a. á góma, hvort þessi lög mundu verða til þess að íþyngja atvinnuvegum landsmanna, og var þá sérstaklega rætt um sjávarútveginn í því sambandi. Þá var það fullyrt af aðstandendum þessa frv. og fyrst og fremst af hæstv. ríkisstj. og fjmrh., að lögin mundu ekki bitna á sjávarútveginum.

Við 1. og 2. umr. þessa máls hér voru svo gerðar fyrirspurnir um það, hvernig skatturinn skiptist á atvinnuvegina, og alveg sérstaklega óskað upplýsinga um, hversu mikið sjávarútvegurinn þyrfti að greiða.

Nú er það svo, að hæstv. fjmrh., sem var hér viðstaddur á fyrra stigi þessa máls, þegar slík fyrirspurn var gerð, lýsti því yfir, að hann hefði ekki gögn við höndina. En þrátt fyrir þessar fsp. virðist hann ekki hafa gert neina gangskör að því að útvega þær upplýsingar og sýnir ekki einu sinni hv. Ed. þá virðingu eða tillit að mæta hér á fundum, þegar málið er á síðari stigum, til þess að svara fyrirspurnum eða gefa upplýsingar. Ég vil taka það fram, að mér virðist hæstv. ráðh. sýna d. algert virðingarleysi með þessu framferði. Ef til vill skýrist þessi fjarvera hæstv. ráðh. af því, að hann annaðhvort treysti sér ekki til að gefa þessar upplýsingar eða vill ekki gefa þær.

Þegar svo fjhn. þessarar deildar fer fram á, að skattstofan í Reykjavík gefi þessar upplýsingar, þá biðst skattstjórinn fyrst undan því að gefa þær. Þegar það er ítrekað, að nefndin óski eftir að fá þær, þá kemur þetta plagg, sem hér var lesið af hv. frsm. og náttúrlega er hvorki fugl né fiskur og segir ekki nokkurn skapaðan hlut annan en að staðfesta það, sem haldið hefur verið fram, að semjendur og flutningsmenn þessara laga höfðu sjálfir ekki hugmynd um, hvað þeir voru að gera. Þeir höfðu ekki hugmynd um, hvernig þessi skattur mundi lenda á atvinnuvegum þjóðarinnar.

Ég benti á það áðan, hversu þeir hafa gefið upp algerlega rangar áætlunartölur um heildarupphæð skattsins, að það yrði um 80 millj., þegar hann verður líklega 130—140 millj. kr. Í öðru lagi var því lýst yfir af ríkisstj. við setningu laganna, að þessi skattur lenti ekki á atvinnuvegunum og fyrst og fremst ekki á sjávarútveginum.

Nú segir skattstjórinn í Reykjavík: „Af þessu leiðir, að það er algerlega útilokað að skipta eignarskatti eftir atvinnugreinum, svo að nokkurt vit sé í.“

Skattstjórinn segir: Það er ekki hægt að skipta

þessu milli atvinnugreina þannig, að nokkurt vit sé í. — M. ö. o.: þeir, sem stóðu að þessu frv., hæstv. ríkisstj. og semjendur þessa frv., hafa þá ekki haft hugmynd um, hvað er búið að gera og hvað er búið að segja, því að ég vil ekki ætla þeim, að þeir hafi gefið hér vísvitandi rangar upplýsingar. M. ö. o.: það er ekki hægt að fá upplýsingar um það, svo að nokkurt vit sé í, segir skattstjórinn í Reykjavík, að hve miklu leyti skatturinn lendir á sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum.

Ef svo er, fer það náttúrlega að skýrast betur, hvers vegna hæstv. fjmrh. kemur ekki á fund hér í þessari hv. d., þegar þetta stórmál er til umræðu, og forðast að svara fyrirspurnum, sem til hans hafa verið gerðar.

Nú er það svo, að svar skattstjóra er að sjálfsögðu algerlega út í hött. Hann tekur eitt dæmi um einn gjaldanda, um einn ákveðinn gjaldanda, sem á eignir, sem snerta ýmiss konar starfsemi og atvinnugreinar. Hins vegar er öllum vitanlegt, að um allan þorra af þeim, sem lenda í þessum skatti, gildir það, að þeir stunda mestmegnis eða eingöngu eina atvinnugrein. Þess vegna má segja: Það er útúrsnúningur og út í hött svarað, þegar tekinn er einn gjaldandi, sem hefur svona viðtækan atvinnurekstur eða margvíslegar eignir og erfitt að greina það sundur.

Eins og hv. þm. Vestm. hefur hér skýrt frá, hafa fulltrúar sjávarútvegsins reynt að gera sér nokkra grein fyrir því, hversu mikið af skattinum lendi á útveginum, og eftir þá útreikninga hafa þeir talið, að það muni vera í kringum 30 millj. kr., eins og hv. þm. upplýsti, sem á sjávarútveginum lendi.

Það er svo að skilja á sumum hv. stjórnarliðum, að þetta sé auðvitað allt í lagi; það sýni bara, hvað sjávarútvegurinn og útvegsmenn og útgerðarfélög séu auðug og vel stæð.

Ég svaraði þessu að nokkru leyti áðan, að jafnvel þó að um miklar eignir sé að ræða, getur útvegurinn barizt í bökkum og verið rekinn með tapi. En spurningin er þá: Hver áhrif hefur þessi stóreignaskattur, við skulum segja þessar 30 millj. kr., á útveginn? Ég býst við, að óhjákvæmilega verði það þannig í flestum tilfellum, að þau útgerðarfyrirtæki, sem í skattinum lenda, verði að draga úr rekstri sínum. Þau hafa vafalaust flest eða öll of lítið rekstrarfé fyrir, en fyrst og fremst verður það af handbærum tekjum og rekstri, sem verður að taka fé til að greiða þennan skatt.

Ég held, að fyrsta afleiðing þessa skatts hljóti að verða sú, að útgerðin hjá þeim fyrirtækjum, sem í skattinum lenda, dregst saman. Það er auðvitað áfall fyrir þessi útgerðarfyrirtæki, en það er fyrst og fremst áfall fyrir þá, sem hafa atvinnu við þessi útgerðarfyrirtæki, bæði sjómenn og landmenn, og jafnframt fyrir þjóðfélagið í heild.

Þess vegna er það raunverulega svo, að þó að það líti fallega út á pappírnum og gangi kannske vel í ýmsa landsmenn, að vera að þykjast leggja skatt á stóreignamenn og auðkýfinga, þá lendir þessi skattur í mörgum tilfellum, — ég segi ekki öllum, en í mörgum tilfellum lendir hann beinlínis á atvinnurekstrinum, verður til að draga saman atvinnufyrirtækin og þar með draga úr atvinnunni og skapa hættu á atvinnuleysi.

Því mun niðurstaðan verða sú, eins og margsinnis hefur verið bent á varðandi slíka skattálagningu sem þessa, sem á marga lund er alveg með eindæmum og endemum í þessu þjóðfélagi, að í mörgum tilfellum verður það til þess að draga úr atvinnulífinu og verður þjóðfélaginu í heild til ógagns.

Ég vildi láta þessi orð falla hér til viðbótar þeim ýtarlegu athugasemdum og gagnrýni, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Vestm. En ég vil aðeins benda að lokum á þetta tvennt: annars vegar, hversu hrapallega hafa reynzt rangar upplýsingar og áætlanir hæstv. ríkisstj. um heildarupphæð skattsins, og hins vegar, að allar líkur benda til þess, að þær upplýsingar og spár, sem fram voru bornar hér í fyrra af hæstv. ríkisstj., að sjávarútvegurinn og iðnaðurinn eða framleiðslugreinarnar slyppu við skattinn, reynast líka algerlega rangar og skatturinn lendi með verulegum þunga á atvinnuvegum þjóðarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 310,1.a felld með 10:5 atkv.
— 334 felld með 10:5 atkv.
— 310,1.b—d felld með 10:5 atkv.
— 310,2 felld með 10:5 atkv.
— 310,3 felld með 10:5 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Við lok 2. umr. um þetta mál talaði m. a. hv. 6. þm. Reykv. og tók undir það, sem ég hafði haldið fram, en kom með marga nýja vankanta á þeirri löggjöf, sem um ræðir, og lýsti þeim, sem ég hef ekki hreyft við. Hann sýndi t. d. fram á með ljósum rökum, hversu það væri fjarri sanni að halda því fram, að við flm. að brtt. á þessari stóreignaskattslöggjöf viðurkenndum með því réttmæti löggjafarinnar, og studdi það algerlega mína skoðun hvað það snertir, og ætla ég þess vegna, að ekki þurfi fleiri orðum að því að eyða, að engin viðurkenning á réttmæti laganna felst í brtt., hvorki þeim, sem hér var um að ræða, né öðrum, sem nú verða fluttar. Mér fannst raunar og okkur flm. þessara till., þó að hv. d. felldi þær allar, að engar röksemdir aðrar kæmu fram en það, sem ljóst var orðið af umr., sem fram höfðu farið, og sérstaklega ummælum hv. form. fjhn. og þá ekki síður hv. frsm. n., að vísbending frá ríkisstj. hefði þeim borizt um það, að hér væri um samningsmál ríkisstj. að ræða, sem ekki þyrfti breytingar á að gera. Þær brtt., sem við fluttum þá, hv. 6. þm. Reykv. og ég, voru að ég held að fleiri manna dómi en okkar einna vel hóflegar. En með því að 3. umr. er ekki úti, vildum við enn freista þess, hvort ekki væri mögulegt að reyna eitthvað til að milda hin hörðu ákvæði þessara laga með því að flytja við þessa umr. brtt., sem að

vísu liggja ekki fyrir prentaðar tímans vegna, en við ætlum þó að leyfa okkur að leggja fram skriflegar, svo sem hér segir:

Brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir. Frá Jóhanni Jósefssyni og Gunnari Thoroddsen. Það er í fyrsta lagi það, að 2. gr. laganna breytist þannig: Í stað orðanna 20% í 2. málsgr. 1. töluliðar komi: 25%. Í stað orðanna 40% í 1. málsgr. 2. töluliðar laganna komi: 55%. Í stað orðanna 25% í 2. málsl. 1. málsgr. 2. töluliðar komi: 35%. Í stað orðanna 40% í 2. málsgr. 2. töluliðar komi: 55%.

Í öðru lagi: Í stað orðanna „10 árum og séu ársvextir af þeim 6%“ í niðurlagi 1. málsgr. komi: 18 árum og séu ársvextir af þeim 3%.

Þessar brtt., sem að vísu eru of seint fram komnar og líka skriflegar, vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta og beiðast þess að þær komi undir álit og athugun hv. d.

Eins og allir sjá, er fjallað hér um sömu efni og fyrir lágu í brtt. hinum fyrri, en úr þeim er dregið þannig, að frá okkar hálfu er því stillt nú í enn meira hóf en áður var og gat þó ekki talizt óhóflegt.

Ég veit ekki, hvaða hátt hæstv. forseti kýs að hafa á þessu, hvort hann t. d. vill gera fundarhlé og n. athugi þetta mál eða hann vill halda áfram umr. um það strax án tafar, og mundi ég þá vænta þess, að fram kæmi frá hv. formanni eða frsm. fjhn. þeirra álit um, hvort nokkru verði frekar til þokað í þessu máli, áður en ég held áfram að ræða um málið, en ég geri ráð fyrir því, að ég eigi aðra ræðu eftir, þó að ég hafi skýrt frá þessum brtt.

Skal ég svo ekki hafa öllu fleiri orð um þetta. En mér virðist, að hin mjög svo skilagóða ræða, sem hv. 6. þm. Reykv. flutti um málið við 2. umr., í viðbót við það, sem bæði ég og hv. þm. V-Sk. höfðum áður sagt, ætti að vera tilefni til þess, að hv. dm., ef þeir væru frjálsir gerða sinna, tækju eitthvert tillit til þessara brtt., sem nú koma fram, frekar en gert var við 2. umr., og kemur það þá væntanlega í ljós við framhaldsumr. í þessu máli, hvort þeir eru svo bundnir í báða skó, að þeir megi engum rökum hlíta.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svo hljóðandi skriflegar brtt. við frv., sem fyrir liggur, frá Jóhanni Jósefssyni og Gunnari Thoroddsen: [Sjá þskj. 360].

Þessar brtt. eru ekki nákvæmlega þær sömu og þær, sem hér voru felldar, og er því leyfilegt að bera þær upp, en þær eru of seint fram komnar og þar að auki skriflegar og þurfa því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 360) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Því, sem hv. þm. Vestm. beindi til fjhn. um, hvort henni sýndist ekki rétt, að málinu væri frestað til að athuga till., vísa ég til hv. frsm. nefndarinnar. En ég fyrir mitt leyti segi það, að mér finnst svo lítill munur á þessum till. og þeim, sem fyrir lágu við 2. umr., að ég sem forseti sé ekki ástæðu til að fresta fundi og taka málið út af dagskrá, nema þess sé sérstaklega óskað af frsm. Málið liggur alveg ljóst fyrir.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Í sambandi við það, að hæstv. forseti vísaði til orða minna um fyrri brtt. hv. flm. þessara brtt., vildi ég aðeins taka það fram, að ég tel, að það mundi hafa komið fram í umr. um þær brtt. á sínum tíma í n., þ. e. a. s. hinar fyrri till. þeirra, ef beinn vilji hefði verið fyrir því að ganga til móts við þær að einhverju leyti. Nú eru þær brtt., sem hæstv. forseti hefur lýst, svo mjög í sama anda og þær hinar fyrri, að ég tel, að eftir viðtal mitt við hv. 8. landsk. og yfirlýsingu forseta sé ekki á þessu stigi málsins þörf á frekar, að nefndin komi saman til umræðna um þessar brtt., svo mjög sem þær eru sama efnis og þær, sem meiri hl. n. gat ekki fallizt á við 2. umr. málsins.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mig furðar mjög, að það skuli fá svona undirtektir, bæði hjá forseta og frsm., að ekki megi athuga í nefnd, hvort mögulegt er að fá einhverja leiðréttingu á þessu máli. Alþ. hefur nú setið aðgerðalaust frá áramótum, og fundir eru hér nokkrar mínútur. Þetta er vafalaust eitthvert stærsta mál, sem liggur fyrir þinginu, og þá má ekki einu sinni fá það athugað í nefnd. Við vitum, að svipaðar till. hafa verið áður, en nefndin er sannarlega ekki of góð til þess að rökstyðja sitt álit. Ég óska þess eindregið, að það verði þá gefið fundarhlé dálítinn tíma, svo að n. gefist kostur á að segja álit sitt á þessu.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. V-Sk. vil ég taka það fram, að mér er kunnugt um, að þetta mál hefur verið óvenjulega mikið athugað, samanborið við önnur mál, bæði í n. og hér í deildinni. Það var víst á 4 fundum til umr. við 2. umr. málsins og reynt að afla þeirra upplýsinga og það tvisvar sinnum, sem hv. till.-menn þessara till. fóru fram á. Og þó að þetta séu ekki nákvæmlega sömu till. og hér voru felldar, fara þær ákaflega nærri þeim, og ég sé ekki ástæðu til þess að fresta umr. Ég veit fyrir fram, að það breytir engu, hvort það eru þær till., sem felldar voru, eða þessar; það getur ekki raskað neinu um afstöðu manna. Það er t. d. ákaflega lítill munur á 60% og 55% eða 40% og 35% o. s. frv.

Það virðist ekki vera óskað eftir því af framsögumanni, og ég get ekki heldur séð ástæðu til þess að taka nú málið út af dagskrá. Það hefur einmitt verið gefið óvenjulega mikið tækifæri til að ræða þetta mál í deildinni.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir að vísu fyrir því, að hæstv. forseti vill ekki neitt meira á þetta líta eða um þetta tala í nefnd. En fyrst hann er þeirrar skoðunar og hv. frsm., sem hann skaut sér nú undir að vissu leyti, líka fráleitur því að ræðast við meira um það, hvort eitthvað mætti slaka til í þessu efni til að létta mönnum byrðina, sem hún er á lögð, þá verður vitaskuld ekki við því hróflað. Samkvæmt þingsköpum hefur forseti fullt vald til þess að ákveða,

hvort hann vill gera hlé á umr. og fresta fundi til að athuga einhver spursmál eða vill ekki.

Ég held, að það sé nú búið að reyna að fá fram ýmsar upplýsingar í þessu máli. Það voru upphaflega lagðar fyrir hæstv. fjmrh. spurningar um það, hvernig þessi stóreignaskattur mundi koma niður á atvinnuvegunum, og það að gefnu tilefni, að frá stjórnarherbúðunum og í ræðum ráðh., þegar lögin voru sett, var látið við kveða, að t. d. viss atvinnuvegur, sjávarútvegurinn, a. m. k. og kannske atvinnuvegirnir yfir höfuð mundu ekki gjalda neitt afhroð við þessi lög. Hæstv. ráðh. leiddi hjá sér að svara því, eins og hann hefur yfir höfuð leitt hjá sér að vera við þessar umr. í heild sinni, og bær tilraunir, sem gerðar voru af hálfu fjhn. undir forustu hv. formanns hennar til að fá hv. skattstjóra til að gefa einhverjar upplýsingar í þessu efni, báru engan árangur annan en þann að fá tvö meira og minna óheil bréf frá þeim volduga valdsmanni, sem heitir skattstjóri, sem gáfu engar upplýsingar, en slógu málinu á víð og dreif, — og í raun og veru í síðara bréfinu, sem hér kom, var slegið út í svo miklar öfgar í bréfi embættismannsins, að engu var líkara en hann væri að „gera grín“ að fyrirspurnum hv. form. fjhn. Það getur vel verið, að hann hafi gert það ósjálfrátt, hv. skattstjóri, að ganga svona frá þessu, en mér fannst það ómaklegt, ekki sízt við hv. form. fjhn., að senda honum svona öfugugga- og útúrsnúningssvar.

Það hefur komið hér fram dálítið umtal um það, að lögin í heild sinni hefðu verið brot á stjórnarskránni. Ég hef haldið því fram, og hv. form. fjhn. hefur borið í vænginn a. m. k., ef ekki mótmælt, og hafa rök hans ekki verið það sterk, að ég hafi getað sannfærzt um, að hann hefði sjálfur þá sannfæringu, að hér væri ekki um stjórnarskrárbrot að ræða. En hann hefur sjálfur, hv. form. fjhn., vísað til þess, að dómstólarnir væru hér til aðgangs og verndar fyrir þá, sem þættu lögin skerða sín réttindi, og er það núna komið í ljós, a. m. k. ekkert leyndarmál, þó að það kannske liggi ekki opinberlega fyrir, að til þessa mun draga.

Í sambandi við það, sem hv. form. fjhn. sagði á sínum tíma, að það væri skrýtið að vera að flytja brtt. við þau lög, sem maður mætti búast við að hæstiréttur á sínum tíma ógilti eða dómstólarnir ógiltu, ætla ég mér að vísa til ræðu hv. 6. þm. Reykv. (GTh) í fyrradag við 2. umr. málsins, þar sem var sýnt glöggt fram á, að það var í alla staði eðlilegt að bera fram brtt., með því þó að farið sé með mál til dómstólanna, þá veit enginn, hvernig það getur þar farið, og má segja, að breytingarnar séu þá fram fluttar til vara, ef dómstólarnir litu öðrum augum á það mál en ætla mætti eftir atvikum.

Ég hef verið kannske ákveðnastur í að halda því fram, að með setningu laganna hefði verið um brot á stjórnarskrá að ræða. En þó hafa aðrir hv. dm. í ýmsum ræðum sínum, þ. e. a. s. þeir, sem hafa talað í sama anda og ég, vikið að hinu sama, þ. á m. hv. 6. þm. Reykv. Og mér er sagt, að við lagasetninguna sjálfa á því þingi, sem það var gert, 1957, hafi hv. þm. N-Ísf. vikið að því, áður en málið var endanlega afgr. út úr þessari hv. d., að hér mundi vera gengið fullnærri réttindum borgaranna, eins og þau eru ákveðin í stjskr., m. ö. o.: að hér væri mjög höggvið nærri því, að um stjórnarskrárbrot væri að ræða.

Hæstv. forseti hefur stundum vísað til þess, að það muni enginn hafa krafizt forsetaúrskurðar í þessu máli. Það getur vel verið, að það hafi ekki verið. En ég ætla, að það megi finna stað fyrir því, að að þessu efni var vikið, áður en lögin voru endanlega afgreidd frá þinginu, af einum hv. dm., að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Og ef dæma má ástandið á þinginu 1957, að það hafi verið eitthvað svipað og „stemningin“ hjá stjórnarliðinu nú og auðsveipni þeirra við stjórnarvöldin, þá geri ég ráð fyrir, að eins og nú hefur verið snúizt við mjög hóflegum brtt. til að milda sum ákvæði þessara laga, sem okkur þykir stefna til óhagræðis fyrir atvinnu landsmanna, eins og nú hefur verið tekið undir það, bæði af hæstv. forseta og öðrum í d., hans flokksmönnum og samstarfsliði ríkisstj., þá hefði það verið næsta lítil von á þinginu rétt á undan, að forseti hefði úrskurðað þetta mál frá vegna þess að það 'bryti í bága við stjórnarskrá ríkisins. Ríkisstj. mundi hafa sennilega þá eins og nú getað gefið að tjaldabaki sínum fylgismönnum þær fyrirskipanir að anza engu í þessu efni, eins og sýnt er samkvæmt því, sem fram kom í ræðu hv. frsm. í þessu máli við 2. umr., að hún hefur nú í heild sinni gert við flokksmenn sína gagnvart brtt. okkar.

Það er þá ekki úr vegi, að ég m. a. geri einhverja tilraun til þess að finna þeim orðum stað, er ég hef mælt hér við meðferð máls þessa í garð þessarar löggjafar, að mér virðist, að lögin hefðu verið og væru stjórnarskrárbrot.

Ég veit til þess, að meðal þeirra lögfræðinga, sem eru valinkunnir og landskunnir, sem ýmsar greinar atvinnulífsins hafa snúið sér til í þessum vandkvæðum, er sú skoðun ríkjandi, að samkvæmt 67. gr. stjskr., nr. 33 1944, sé eignarrétturinn friðhelgur og enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; til þess þurfi lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir. Þetta lagaákvæði er, eins og vitanlegt er, einn af hyrningarsteinum þess þjóðskipulags, sem við Íslendingar höfum, og á því byggist allt þjóðhagskerfi okkar, — einmitt á þessu lagaákvæði byggist allt þjóðhagskerfi landsmanna.

Þrátt fyrir þetta ákvæði er engum vafa bundið, að heimilt er að leggja skatt á þegnana til að standa straum af þeim kostnaði, er leiðir af rekstri ríkisins. En skattur er gjald til þess opinbera, sem fengið er með því að leggja jafna og almenna fjárhagsbyrði á alla þá, sem eins eru settir fjárhagslega. Fullnægi lagaákvæði um fjárhagsálögur ríkisvaldsins á þegnana ekki þessum skilyrðum, er ekki um skatt að ræða, heldur eignarnám, og ber þá að greiða fullt endurgjald fyrir þau verðmæti, sem tekin eru, ella er gjaldaálagningin ógild, þar sem hún brýtur í bága við ákvæði 67. gr. stjskr.

Lög nr. 44/1957 eru ekki í samræmi við margnefnd eignarréttarákvæði stjskr., fyrst og fremst er skattgjaldið samkv. lögunum svo hátt, að telja má vafalaust, að fjölmargir skattgreið-

endur fái ekki undir gjaldinu risið. Hér má líka benda á það, að þegar það lagafrv. var borið fram á Alþ., sem síðar varð að lögum um stóreignaskatt, var áætlað, að skattgjaldið mundi nema um 80 millj. kr., en eftir að skatturinn hefur verið lagður á, hefur komið í ljós, að hann nemur miklu hærri fjárhæð, eða 135 millj. kr. Við hvora fjárhæðina sem miðað er, er hér um svo hátt gjald að ræða, að það verður ekki talinn skattur, heldur hreint eignarnám. Þá er gjaldendum mismunað á hinn herfilegasta hátt, þar sem þess er ekki gætt í mörgum tilvikum að leggja jafna og almenna fjárhagsbyrði á þá, sem eins eru settir fjárhagslega, og er fyrirsjáanlegt, að margir einstaklingar og fyrirtæki geta ekki staðizt samkeppni við þá aðila, sem engan eða lítinn skatt greiða. Ég held, að ég hafi bent á þetta misræmi í fyrri umræðum hér, en vil nú benda á, að það er stórt atriði í þessu máli.

Hæstv. fjmrh. reyndi að fela sig á frumstigum þessa máls á bak við lögin frá 1950 um stóreignaskatt, sem sett voru út af gengisfallinu. Þessi skattur var svo hár, að nauðsynlegt var talið að veita skattgreiðendum allt að 20 ára gjaldfrest. Þeir aðilar, sem skattlagðir voru samkv. þeim lögum, skulda enn yfirleitt um ⅔ hluta þessa skatts. Hér hefur verið fellt að hafa þennan frest 20 ár, eins og vitað er, og er ég nú að reyna að færa þá kröfu niður eða gera tillögu um að færa þá kröfu niður, og undirtektirnar frá hv. frsm. fjhn. hef ég heyrt, þó að d. eigi eftir að greiða um það atkvæði.

Á bak við þennan stóreignaskatt frá 1950 var hæstv. fjmrh. að fela sig með sinn eignarnámsskatt frá síðasta ári og taldi, að sjálfstæðismenn hefðu gortað af því að leggja hann á. Ég mótmælti því þá þegar. En hitt er annað mál, að þar var þó samhliða verið að lækka krónuna um 74%, og var það höfuðástæðan fyrir því, að stóreignaskattur sá var á lagður. Þó munu hafa verið ákaflega deildar skoðanir um það, hvort rétt hefði verið að leggja hann á samkv. stjskr. landsins. Hann á því alls ekki samleið með hinni nýju skattálagningu, sem ég er hér að átelja, skattinum frá 1957, því að hann er vitaskuld ekki á lagður fyrir almennar þarfir landsmanna, heldur fyrir vissa hópa og vissar fjármálastofnanir í landinu þeim til gengis, en alls ekki varðandi landsfólkið allt, og hann er nú svo hár, sá skattur, að hann er talinn vera þrisvar til fjórum sinnum hærri en skatturinn frá 1950.

Svo er útfærslan á þessu svo einkennileg, eins og kom fram við 2. umr. hjá hv. 6. þm. Reykv., sem taldi ýmis dæmi um, hvað lagaákvæðin væru furðulega frek og útfærsla þeirra einkennileg, og ég get bætt því við, að skattgreiðendur telja, að óheimilt sé með öllu að jafna eignum félaga á einstaklinga, svo sem gert er í lögunum. Í þess stað ber að telja einstaklingum til eignar eignarhluta þeirra í félögum á því verði, sem ákveðið er í gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, og er hér sérstaklega átt við hlutabréf í hlutafélögum, en um þau segir svo í e-lið 19. gr. l. um tekju- og eignarskatt frá 1954: „Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutafé er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.“

Það er nú öllum kunnugt hér, sem þekkja stóreignaskattslögin, hvernig farið hefur verið með eignamat samkv. þeim á hlutabréfunum. Ég minnti á það í frumræðu minni um málið, þar sem ég tók dæmið af hlutabréfi í Eimskipafélaginu, sem hafði verið 750 kr. upphaflega, en væri metið á 77 þús. kr. eftir þessu mati til stóreignaskattsgjalds.

Það er sem sé einkennandi fyrir þá löggjöf og útfærslu hennar áframhaldandi, að þar beita ríkisvaldið og skattayfirvöldin öllum ráðum til þess að fara sem dýpst ofan í vasa borgaranna og virðast ekkert skeyta um ákvæði stjskr., sem eiga að löghelga og vernda rétt einstaklingsins.

Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég mega lesa hér upp úr ritgerð, sem kom í opinberu málgagni um það leyti, er stóreignaskattslögin voru sett eða verið að setja þau. Er þar farið nokkuð inn á það, sem ég hef hér verið að tala um, sem sé ágalla þess frv. varðandi stjskr. og eignarréttinn og mannréttindi yfirleitt. Höfundurinn, sem er vel þekktur lögfræðingur, vísar í upphafi til þess, er segir í stjskr., með leyfi hæstv. forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eigur sínar, nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.“

„Þegar lögin frá 1950,“ segir svo í þessari ritgerð, „um gengisskráningu o. fl., voru sett, urðu skiptar skoðanir um, hvort ákvæði þeirra um stóreignaskatt færu í bága við stjskr. Dómstólarnir komust að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki að því er snerti aðalatriði þessara ákvæða. Álitið var, að skatturinn væri m. a. gengishagnaður, sem Alþ. hefði gefið með annarri hendinni og væri nú verið að taka með hinni. Um þetta mátti að sjálfsögðu lengi deila. Marga grunaði, að hér væri skapað fordæmi, sem yrði notað síðar, og þetta kom á daginn.

Nú rétt fyrir páskana (það var á s. l. ári) lagði ríkisstj. fram frv. til l. um skatt á svonefndar stóreignir. Nú þarf ekki að réttlæta hann með neinum lögum um gengisfellingu. Í grg. frv. er bara talað um „ráðstafanir í efnahagsmálum, ósamræmi í eignaskiptingu, óviðráðanlega erfiðleika við rekstur atvinnuveganna, breytingar á fjármálakerfi landsins til að stöðva verðbólguna og koma efnahagsmálunum á traustari grundvöll“ o. fl. þessu líkt. Þessi grg. er ekki sannfærandi. Allir hljóta að sjá, að þessi skattur ræður ekki bót á neinum þeim fjárhagslegu þjóðfélagsmeinum, sem þarna er minnzt á, og honum er heldur ekki ætlað það hlutverk. Skattinum er fyrir fram ráðstafað til óarðbærrar fjárfestingar, þ. e. a. s. til íbúðabygginga og þá fyrst og fremst í Reykjavík, en til þeirra hluta er skatturinn eins og dropi í hafið, sérstaklega þar eð hann á ekki að greiðast nema smátt og smátt á næstu 10 árum.

Allir vita, að hér er bara um að ræða efndir á loforðum, sem hagkvæmt og útlátalítið þykir að gefa við allar kosningar, loforð um það að jafna eignamuninn og koma öllum einkarekstri og frjálsu framtaki fyrir kattarnef. Þar með væri fengin hin langþráða þjóðnýting, sem

stefnir að því að smækka þjóðfélagsþegninn, en stækka ríkið og vald þess og þeirra, sem því stjórna.

Í frv.“, segir höfundur svo enn fremur, „er ekki minnzt á neinar knýjandi eða óvenjulegar ástæður, er réttlætt gætu slíkt eignarnám sem þar er gert ráð fyrir. Ástæður, sem þar eru nefndar, hafa verið fyrir hendi mörg undanfarin ár og verða fyrir hendi, meðan ríkisstj. og Alþ. bæta ekki ráð sitt í afskiptum sínum af fjárhags- og atvinnumálum ríkisins. Verði þetta frv. að lögum, er opin leið til þess að setja slík lög og framkvæma sams konar eignarnám á hverju einasta ári, og þá mætti og minnka hina frjálsu eign eftir vild, hækka skattmatið og skattgjaldið, svo að betur gengi að gera þá eignalausa, sem eitthvað hafa getað efnazt. — Þá væri hinn illa séði efnamunur úr sögunni og um leið allur einkarekstur, sem nú á tímum verður ekki haldið uppi nema með mikilli einkaeign. Þá verður hinu kommúnistiska takmarki náð, að ríkið eða réttara sagt þeir menn, innlendir eða útlendir, sem þá næðu ríkinu á sitt vald, yrðu allt í öllu og hefðu ráð hvers einasta borgara í hendi sér.

Nái þetta frv. samþykki Alþ., og telji hæstiréttur það síðan góð og gild lög, verða 67. og 69. gr. stjórnlaganna eftir það einskisnýt pappírsgögn, — 69. gr. vegna þess, að athafna- og atvinnufrelsi er fyrst og fremst undir því komið, að þjóðfélagsþegninn megi hafa með höndum eigin atvinnurekstur, frjálsan og sjálfstæðan, en þurfi ekki að sækja atvinnu sína undir aðra og vera undir yfirráðum annarra. Það er t. d. þetta almennt þráða frelsi, sem enn þá gerir það eftirsóknarvert að vera bóndi á Íslandi, en ekki það, að því starfi fylgi miklar tekjur eða náðugir dagar. En íslenzkur bóndi, sem ætlar sér að vera eða verða vel stæður, þannig að hann geti með búskap sínum tryggt sér og konu sinni og við skulum segja nokkrum uppkomnum börnum góða framtíðaratvinnu, getur verið gildur stóreignamaður samkv. frv. þessu.“ (**Forseti:** Ég óska, að hv. þm. talaði eitthvað um frv., sem fyrir liggur.) Ég er að tala um lögin, sem ég er að gera brtt. við, herra forseti. (**Forseti:** Hvorki um frv., sem fyrir liggur, né tillögurnar nú nokkuð lengi.) Nei, ég var einmitt að láta hæstv. forseta heyra rök, sem hann hefur verið að reyna að mótmæla, þegar ég hef komið með þau, — rök fyrir því, að lögin um stóreignaskatt væru stjórnarskrárbrot, og það álít ég að komi umræðunum við. (**Forseti:** Ef þm. heldur því fram, að frv., sem fyrir liggur, sé stjórnarskrárbrot.) Ég held því fram, að stóreignaskattslögin, sem brtt. mínar eru stílaðar við, séu stjórnarskrárbrot, og hæstv. forseti hefur í líki 1. þm. Eyf. verið að mótmæla þeirri minni skoðun, og ég er einmitt að láta hann og aðra heyra fleiri rök fyrir því, að stóreignaskattslögin voru stjórnarskrárbrot á sínum tíma. Nú, en þetta verður ekki svo langt, að hæstv. forseti þurfi að ókyrrast mjög út af því.

„Rétt er að athuga þá spurningu, hvort þessi fyrirhugaði stóreignaskattur sé í eðli sínu skattur, er hinum almenna löggjafa sé heimilt að leggja á ákveðinn hóp skattþegnanna, eða hvort sé um að ræða eignarnám, sem er því aðeins löglegt, að skilyrði 67. gr. séu fyrir hendi og fullar bætur komi fyrir.

Af fyrirmælum stjórnarskrárinnar um skattlagningu verður ekki betur séð en að skattar séu í eðli sínu árstillög skattþegnanna til þjóðfélagsins á borð við ársgjöld meðlima í öðrum félögum. Þessi meðlimagjöld til ríkisins skal áætla samkv. 42. gr. stjskr. með frv. til fjárl. fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frv. fólgin grg. um tekjur ríkisins og gjöld. Aðferðin er og á að vera sú að áætla öll nauðsynleg útgjöld ríkisins á fjárhagsárinu og ákveða svo, á hvern hátt tekna skuli aflað til að standast útgjöldin. Ef gjöldin fara fram úr áætlun eða tekjur verða minni en gert var ráð fyrir, er heimilt að ráða bót á því með svonefndum fjáraukalögum.“

Ég ætla, að með tilvísun til þessarar merku ritgerðar og til fleira, sem ég hef fram fært hér við þessa umr., hafi ég fyllilega andmælt skoðunum hv. form. fjhn. á því, á hvern hátt lögin um stóreignaskatt í heild sinni snerti stjskr. og réttindi þegna þessa lands til þess að njóta verndar hennar. Þeir, sem á þessum tíma hafa samþ. þessi lög, hafa allir skrifað undir það að halda stjskr. gagnvart þegnunum, þegar þeir komu fyrst á þing, og það virðist því vera, að þeir hafi ekki vandlega kynnt sér eignarréttargreinar stjskr. og mannréttindi þegnanna yfirleitt, þegar þeir samþ. lögin um stóreignaskattinn, eða sem réttilega ætti að nefna um eignarán, vegna þess að þau eru lög um eignarnám án þess að uppfylla þær kvaðir, sem stjskr. leggur á hendur löggjafanum, ef þvílík eignarnámslög eru sett.

Hæstv. ráðh. hefur lítið haft við það að vera við þessa umr., og hæfir það kannske ekki hans stóru persónu að gefa þeim neinn gaum, og hæstv. forseti hefur heldur amazt við því, að ég væri að tala hér um stóreignaskattinn, þó að það sé eiginlega fyllilega þinglegt og réttmætt, þegar ég er að flytja brtt. við þau lög.

Ég held, að bæði hæstv. forseti og ég tala nú ekki um hæstv. ríkisstj. muni sjá framan í það, áður en lýkur, hver áhrif það hefur á atvinnu fólksins í landinu að haga löggjöfinni á þann veg, sem gert var með stóreignaskattinum, og það er eðlilegt. Ég hef sýnt fram á það hér í umræðunum, því hefur ekki verið mótmælt með rökum, að sjávarútvegurinn út af fyrir sig geldur þarna 30 millj. kr. afhroð. Einhverjir verða að borga það, og allir, sem sjávarútveg stunda, standa aftur undir atvinnu fjölda fólks hver um sig, og með því að veikja viðnámsþol þessara manna, veikir ríkisstj. og Alþ. atvinnulífið og kjör fólksins í landinu. Eðlileg afleiðing af þess háttar löggjöf, — ég tala nú ekki um, þegar hún er gerð hvað ofan í annað, — er, að ungt fólk fælist frá því að hugsa um sjálfstætt atvinnulíf, enda grípur sú hugsun meira og meira um sig. Það er ekki bara flóttinn úr sveitunum, sem við erum vottar að, heldur flóttinn frá atvinnuvegunum, hvar svo sem er, og jafnvel flóttinn úr landinu. Það hefur vakið athygli síðustu mánuðina, hve margt fólk flytur hér af landi burt. Það er ekki ólíklegt, að sú

skattalöggjöf og skattarán, sem ríkir á ýmsum sviðum, en kemur fram í sinni ferlegustu mynd í svokölluðum stóreignaskattslögum, eigi ríkan þátt í því að flæma fólkið ekki aðeins úr sveitinni og til sjávarhéraða, heldur hreint og beint frá landinu eða a. m. k. frá ábyrgð á öllum atvinnuvegum.

Þegar eignarrétturinn, sem á að vera tryggður í grundvallarlögum ríkisins eða stjskr., er fótum troðinn, eins og farið er með hann af þeirri löggjöf, er hér um ræðir, og allar tilraunir til að milda hin illu áhrif löggjafarinnar eru vægðarlaust kæfðar af stjórnarliðinu, þá er ósköp líklegt, að margir sjái fram á það utan þingsalanna, að það er næsta tilgangslítið fyrir menn, unga eða gamla eða þar í milli, að vera að basla við að spara og eignast eitthvað til þess að geta annaðhvort veitt atvinnu eða a. m. k. haft af atvinnu sjálfir.

Niðurstaðan verður því sú, að fólk fælist frá því að spara og færist meira í þá áttina að leggja allar sínar áhyggjur á aðra og þá helzt á bæjarfélag eða ríki, og er það náttúrlega alveg í anda þeirra manna, sem vilja helzt hafa ríkisforstöðu á öllum hlutum, eins og greinarhöfundur kemst hér að orði í því, sem ég las hér upp áðan af prentuðu máli, með leyfi hæstv. forseta. Austrænt ríkisvald virðist vera metið meira í augum núverandi valdhafa í landinu heldur en vestræn mannréttindi. Vestræn mannréttindi hafa verið með þessum ólögum fótumtroðin, en mjög ýtt undir strauminn til hins austræna ríkisvalds, og kann það að vera að nokkru leyti vegna þess, að stjórnin styðst svo mjög sem vitað er við kommúnista, því að sú stefna er þeim náttúrlega harla kærkomin, að sem flestir borgarar landsins verði ófærir um að standa undir atvinnurekstrinum og að sem flestir borgarar landsins þurfi að leita á náðir ríkisins á einhvern veg til framfærslu. En ég hefði ekki álitið, að það ætti að vera áhugamál fyrir borgaralegan flokk, eins og t. d. Framsókn, að efla þá stefnu.

Hæstv. forseti gaf mér ábendingu um það, að ég ætti að halda mér meira við það frv., sem fyrir lægi. (**Forseti:** Og tillögurnar.) Og tillögurnar, já. Tillögurnar hafði ég rætt mikið við 2. umr., og ég held, að hv. frsm. eða hv. form. fjhn., annar hvor eða báðir, hafi sagt, að á þeim væri lítill munur og þeim fyrri, og finnst mér því ekki bein þörf á því að rökstyðja þær í þetta sinn mjög sérstaklega fyrir hv. d. Rökstuðningurinn fyrir þeim í dálitið stærra formi var fluttur fyrr, og mér þótti óþarfi að fara að endurtaka hann. En ef hæstv. forseti leggur á það áherzlu, þá get ég náttúrlega lesið upp aftur það, sem ég sagði við 2. umr. um þær. (**Forseti:** Ég átti ekki við það. Náttúrlega er enginn þm. skyldugur til að halda langar ræður.)

Frv. sjálft hefur ekki í sér annað ákvæði en að framlengja frest fyrir ríkisstj., sem var framlengdur með brbl., frest fram yfir áramótin til að vinna þau verk að stóreignaskattinum, sem áttu eftir lögunum að vera unnin fyrir áramót. Um það er ósköp fátt að segja. Það er vitanlegt, að það hefur verið mikið verk að koma því af fyrir áramót, og um framlenginguna frestsins og það, sem gert hefur verið eftir áramótin, hef ég ekkert að segja annað en það, að ég álít, að þeim mun minna sem hefði verið gert í þessu máli, þeim mun betra. Þeim minna sem unnið er að ólögum í landinu, þeim mun betra, því að það er, eins og ég drap á áðan, farinn að koma fram vottur þess í þessu þjóðfélagi, að ólögin eyði landinu, enda var því að fornu spáð.

Mér þykir hæstv. fjmrh. sýna þessari hv. d. heldur litla virðingu, þar sem hann nú við þessar síðari umr., 2. og 3. umr., hefur ekki sézt koma hér í ráðherrastól, og er þó hér, eins og þegar hefur verið tekið fram af öðrum en mér, um eitt hið þýðingarmesta mál að ræða. En það er náttúrlega hæstv. forseti, sem verður mest fyrir því barði, að ráðherrar sýna sig ekki í d., þrátt fyrir það þó að sé verið að ræða þeirra eigin áhugamál, sem verið hafa og eru.

Ég skal svo ekki tefja fyrir framgangi málsins út af fyrir sig og svo fremi ekki gefst tilefni eyða meiri tíma í umr. um þetta mál. Ég sé fram á það, að sérstaklega verði okkar brtt. enn á ný felldar, þá verður það að eðlilegum hætti, að sá hluti þjóðarinnar, sem hefur orðið fyrir misbeitingu valds við setningu stóreignaskattslaganna, hlýtur að snúa sér til dómstóla landsins, og verður þá hver að hlíta því, sem þar verður seinast niðurstaða, það má segja í hæstarétti. En það er farið að verða eftirtektarvert, ef þingið fer æ ofan í æ að setja löggjöf, sem gengur svo nærri stjórnarskránni og eins og í tilfellinu um stóreignaskattinn þverbrýtur undirstöðu mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, að þegnarnir neyðast til þess að leita til dómstólanna sér til verndar.

Þeir, sem þannig eru leiknir, þegar um óbilgjarna valdhafa er að ræða, sem í skjóli þess, að þeir sitja á þingi og í ríkisstj., fótumtroða mannréttindi þegnanna, eiga ekki annars úrkosta en að leita til dómstólanna.

Forseti (BSt): Ég skal taka það fram, að auk þeirra ástæðna, sem ég nefndi áðan fyrir því, að ég vildi ekki eiga frumkvæði að því að fresta þessu máli, hefur bætzt sú ástæða, að mér hefur borizt beiðni um fjarvistarleyfi frá þremur hv. dm. á morgun og dagana, sem eftir eru til páska, og með því að fresta fundinum t. d. til kvölds eða umr., væru þessir menn útilokaðir frá að taka þátt í atkvgr. um þetta mál (**GTh:** Má ekki fresta þessu fram yfir páska þetta er nokkuð langt?) Ég veit ekkert um þinghald eftir páska, ekki nokkurn hlut, og það er ekki á mínu valdi, hvenær þingi lýkur.

Hv. þm. Vestm. (JJós) lét falla orð um, að það mundi ekki hafa verið til neins að biðja um forsetaúrskurð í fyrra um það, hvort frv. um stóreignaskatt kæmi í bága við stjórnarskrána eða ekki, vegna þess, að mér skildist, að ríkisstj. mundi hafa fyrirskipað forseta að kveða upp úrskurð á ákveðinn hátt. Þessu vil ég algerlega mótmæla, að a. m. k. ég láti fyrirskipa mér neitt um það, hvernig úrskurð ég kveði upp sem forseti. Ég hygg, að hv. þingmaður geti ekki nefnt dæmi þess, að ég hafi gert svo. Það hefur sjaldan komið fyrir mig að kveða

upp úrskurð, en þegar það hefur komið fyrir, þá hef ég leitað ráða þess manns, sem ég hef vitað færastan og kunnugastan stjórnarskrá og þingsköpum, og yfirleitt haft hann til ráðuneytis. Hann er því miður andaður nú, en hann naut trausts allra þm., og sá maður var á lífi í fyrra.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég get ekki neitað því, að mér finnst meðferð málsins í heild hér í hv. d. vera ákaflega leiðinleg og lítt sæmandi. Það er ekki þetta frv., sem hérna liggur fyrir, sem máli skiptir, því að það er lítið mál. Það eru tengsli þessa frv. við það stóra mál, sem hér var afgr. á síðasta þingi, sem hafa orsakað það, að deildarmenn ýmsir hafa rætt málið í heild.

Við 1. umr. málsins beindi hv. þm. Vestm. (JJós) fyrirspurn til hæstv. ráðh. varðandi stóreignaskattinn, sem nú er álagður, hvernig hann kæmi niður á atvinnuvegunum og þó sérstaklega sjávarútveginum. Ekki var annað að heyra á hæstv. ráðh. en honum sýndist þessi fsp. eðlileg og réttmæt, en hann sagðist ekki hafa gögn í hendi til þess að svara, þar eð hann hefði ekki vitað, áður en hann kom inn í d., um hvað yrði spurt. Þetta voru hans orð, og var ekki á honum nokkur hlutur að heyra í þá átt, að neitt væri því til fyrirstöðu að fá þessar upplýsingar. Síðan var farið fram á það við hv. fjhn. þessarar d., að hún aflaði þessara upplýsinga, og hv. form. n., hæstv. forseti þessarar deildar, sneri sér bréflega til skattstjóra og óskaði eftir upplýsingunum. Við vitum nú, hvernig það tókst. Svar skattstjóra var ekkert annað en útúrsnúningar og vífilengjur og ekkert upplýst um sjálft málið, sem spurt var um.

Hæstv. forseti sagði hér fyrr við umr., að hann gæti ekki að þessu gert, því að hann hefði ekkert vald til þess að fyrirskipa þessum embættismanni að gefa umbeðnar upplýsingar. Látum það vera, að þetta kunni rétt að vera. En hæstv. forseti gat þá snúið sér beint til yfirmanns þessa embættismanns, fjmrh., og óskað eftir, að hann fyrirskipaði honum að gefa hinar umbeðnu upplýsingar. Þá gat embættismaðurinn alls ekki neitað. Það var ekki hægt. Og ég tel það í raun og veru fullkomið hneyksli, þegar um þetta hefur verið spurt svo ýtarlega í d. og óskað margsinnis þessara upplýsinga, að d. sinni því engu og láti málið frá sér fara án þess nokkuð að fá vitneskju um þetta atriði.

Hv. minni hl. fjhn. leggur fram tillögur enn á ný til þess að reyna að freista þess, hvort d. vilji ekki líta á þær ástæður, sem þeir nm. hafa margsinnis borið fram, að nauðsynlegt sé að milda innheimtu skattsins. En meiri hl. ber höfðinu við steininn og segir: Ég held, að ekki sé þörf neinnar leiðréttingar; skatturinn verður að hafa sinn gang. — En ef hv. d. hefði tekið þessu skynsamlega, þá er ekki ósennilegt, að það hefði verið losnað við æðimörg mál í sambandi við þetta mál, þennan stóreignaskatt. Ég er sannfærður um, að þau eiga eftir að verða mörg og flókin. Og ég er sannfærður um það líka, að stóreignaskattur, eins og þar er í pottinn búið, er ekki skattur í eðlilegri merkingu, heldur fullkomið eignarnám án bóta og þar af leiðandi brot á stjórnarskránni.

Það er ekki venjan í skattheimtu að segja: Þú verður að meta lóðina hjá Páli sérstaklega og Pétri sérstaklega. — Það verður að meta báðar þessar lóðir nákvæmlega á sama hátt undir almenna skattheimtu, en ekki á hinn mátann, eins og hér er gert. Alveg sama er um hlutabréfin. Sé búið til eitthvert mat af handahófi og sagt, að það eigi að vera grundvöllur skatts, þá tel ég það ekki hægt. En það þýðir ekki að deila um það hér, því að það verða dómstólarnir vafalaust látnir skera úr um.

En það er leiðinlegt, segi ég enn, að hv. d. hefur ekki viljað líta við neinni lagfæringu á lögunum, ekki viljað neitt milda innheimtuna. En það hefði vafalaust orðið til þess, að menn hefðu getað betur sætt sig við skattinn og unað honum betur, ef það hefði mátt dreifa honum t. d. á 20 ár, eins og farið var fram á í till. hv. tveggja þm. í fjárhagsnefnd og eins nú. En það er sýnilegt, að það er dautt mál um þetta að tala. Þykir mér þetta mjög miður, því að ef við hefðum frestað fundi, við skulum segja til kl. 5, hefði n. verið búin að taka ákvarðanir um þessar till. og við allir getað mætt hér í d. í atkvgr.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. V-Sk. (JK), þar sem hann deilir á það, hvernig með mál þetta hafi verið farið hér í d., vil ég taka það fram, að málið var fimm sinnum tekið til 1. umr. og frestað samkv. óskum, aðallega frá hv. þm. Vestm. (JJós); og sjö sinnum var það tekið til 2. umr., og sama er að segja þá, að þá var því frestað skv. ósk flutningsmanna þessara till. til þess að reyna að afla upplýsinga. Ég get því ekki kannazt við það, að ég hafi ekki gefið þessum hv. þingmönnum öll möguleg tækifæri sem forseti til að halda á sínu máli.

ATKVGR.

Brtt. 360,1 felld með 10:5 atkv.

— 360,2 felld með 10:5 atkv.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 361).

18. Réttindi verkafólks til uppsagnarfrests o. fl.

Á 21. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla [97. mál] (stjfrv., A. 193).

Á 48. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Nokkru fyrir jólin var lagt fram frv. það, sem hér er til umr., um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, en í jólaannríkinu vannst ekki tími til að afgr. málið.

Það er alkunnugt, að allir þeir, sem teljast vera fastir starfsmenn og fá kaup sitt greitt mánaðarlega, eiga við það öryggi að búa, að þeim verður ekki sagt upp starfi án fyrirvara. Venjulega er um 1—3 mánaða uppsagnarfrest að ræða hjá föstum starfsmönnum, en þó er nokkuð algengt, að fastir starfsmenn, einkanlega í þjónustu hins opinbera, hafi 6 mánaða uppsagnarfrest, og til er það, að háttsettir embættismenn njóti árs uppsagnarfrests. En þessu er allt annan veg farið með þá verkamenn, sem taka kaup sem tímakaupsmenn eða vikukaupsmenn. Slíkir menn hafa engan uppsagnarfrest. Þeim geta atvinnurekendur sagt upp fyrirvaralaust, þó að verkamaðurinn hafi jafnvel verið í þjónustu sama atvinnurekanda eða sama atvinnufyrirtækis árum eða áratugum saman. Við slíkan verkamann er hægt að segja að kvöldi, að loknu dagsverki: Við höfum ekki þörf fyrir vinnu þína að morgni né heldur framvegis. — Þetta er mikið og átakanlegt öryggisleysi, enda hefur verkalýðshreyfingin um langt skeið reynt að fá viðurkenningu atvinnurekenda fyrir nokkrum uppsagnarfresti til handa þeim verkamönnum, sem lengi hafa unnið hjá sama atvinnurekanda, en fengið þó kaup sitt greitt í venjulegu tíma- eða vikukaupi. En af einhverjum ástæðum hafa atvinnurekendur samt aldrei viljað fallast á þetta, og þetta hefur ekki náðst fram með frjálsum samningum.

Ég hygg, að í grg. fyrir frv. sé nokkuð ljóslega og í stuttu máli skýrt, hversu óeðlilegt það er að láta tímakaups- og vikukaupsmenn, sem að staðaldri vinna hjá sama atvinnurekanda, ekki njóta sama réttar og fasta starfsmenn, en í grg. segir svo:

„Það sýnist ekki skipta öllu máli, hvort launþeginn fær laun sín greidd mánaðarlega eða hvort launin eru greidd vikulega, eins og tíðkast um laun tíma- eða vikukaupsmanna. Samband atvinnurekanda og launþega skiptir hins vegar mestu máli. Þegar samband þeirra er varanlegt árið út eða lengri tíma, virðist eðlilegt, að launþeginn eigi rétt á nokkrum fyrirvara, ef atvinnurekandinn vill segja honum upp starfi. *Sama máli gegnir um atvinnurekandann.* Eðlilegt virðist, að hann fái vitneskju um það með nokkrum fyrirvara, ef slíkur launþegi óskar að láta af störfum hjá honum. Þegar slíkt varanlegt samband hefur skapazt milli atvinnurekanda og launþega, gefur það sjálfkrafa þá von, að það muni vara áfram, nema sérstakar ástæður komi til. Hvor aðila um sig mun því jafnan vera illa undir það búinn, að samband þeirra rofni fyrirvaralaust. Það þykir því eigi óeðlilegt að lögfesta gagnkvæman uppsagnarfrest í þeim tilfellum, þegar samband atvinnurekanda og launþega er svo varanlegt, að það sé órofið heilt ár eða meira."

En þetta, að tryggja uppsagnarfrest tíma- og vikukaupsmönnum, sem unnið hafa hjá sama atvinnurekanda a. m. k. 1800 klukkustundir á einu ári, þar af eigi minna en 150 klukkustundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn, og hafa þannig órofið samband við atvinnurekandann, er annað aðalatriði þessa frv. Ég hygg, að allir sanngjarnir menn hljóti að viðurkenna, að slíkt öryggi sé réttmætt og sanngjarnt og beri að festa í lögum til aukins jafnréttis við aðra.

Hitt meginefni frv. felst í 3. gr. þess og tryggir tíma- og vikukaupsmönnum þann rétt að missa einskis í af launum sínum fyrstu 14 dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði, sem um nokkur ár hefur verið í gildi í 86. gr. laganna um almannatryggingar, og tekur það til allra fastra starfsmanna. Með ákvæðum 3. gr. þessa frv. er ákvæðinu einnig ætlað að ná til þeirra tíma- og vikukaupsmanna, sem öðlast nú rétt til uppsagnarfrests, eins og fastir starfsmenn væru, samkv. ákvæðum 1. gr. þessa frv.

Verkalýðshreyfingin telur þetta vera mikið réttlætis- og jafnréttismál, og jafnframt er það óneitanlega þýðingarmikið öryggismál fyrir verkamenn, því að varla getur nokkur maður staðið í ömurlegri sporum en þeim að fá allt í einu, fyrirvaralaust, að vita, að hann standi í sporum atvinnuleysingjans, án þess að hann hafi fengið nokkurt svigrúm til þess að leita sér atvinnu annars staðar. En á þessu er einmitt ráðin veruleg bót með lögfestingu þessa frv., sem þó er þannig byggt upp, að þar gætir fyllstu sanngirni og tilhliðrunarsemi gagnvart atvinnurekendum, og vitna ég í því sambandi sérstaklega til 2. gr. frv., sem er sett hér inn til þess að taka tillit til þess óstöðugleika, sem oft er í íslenzku atvinnulífi og atvinnurekendurnir sjálfir geta ekki ráðið við.

Ég vil vona, að þetta frv. fái hér skjóta og góða afgreiðslu í hv. d., og legg til, að málinu verði vísað til hv. félmn. að umr. lokinni.

Björn Jónsson: Herra forseti. Verkamenn munu vera sú starfsstétt, sem á ýmsan hátt býr við minnst öryggi um afkomu sína, og eru ástæður til þess margar, m. a. þær, að vinna þeirra er háðari árstíðum og veðráttu en annarra manna, og þær, að störfin krefjast yfirleitt ekki sérþekkingar, a. m. k. ekki það mikillar, að ástæða hafi þótt til að takmarka réttindi til þeirra á nokkurn hátt. Af þessu leiðir, að ýmsar sveiflur í atvinnulífinu hafa skjótari áhrif á afkomu daglaunamannanna en annarra. Verði t. d. samdráttur í einhverri iðngrein, starfsemi á sviði verzlunar eða öðru slíku, þá liggur leið manna í daglaunavinnuna, sem öllum stendur opin, svo lengi sem framboð á vinnumarkaðinum er ekki of mikið, en svo hlýtur þó oft að fara, þegar skipulega hagnýtingu vinnuafls skortir að meira eða minna leyti.

Þessi sérstaða daglaunamanna hefur átt sinn þátt í því, að þeir eiga og hafa átt miklum mun óhægra um vik en aðrir að tryggja sér með samningum við atvinnurekendur ýmis réttindi, sem talin eru nú sjálfsögð með ýmsum öðrum starfsstéttum eða jafnvel leiðir beint af vinnu þeirra. Þó að samtök verkamanna hafi með tímanum orðið svo öflug, að þau ráði nú að verulegu leyti grundvelli almennra launa í landinu, þá hafa þau samt ekki haft nægan kraft til þess að knýja fram ýmis réttindamál til jafns við aðra og jafnvel ekki þau, sem grundvallast þó að meira eða minna leyti á

forgöngu þeirra. Verkamenn — í þrengri merkingu þess orðs — eru nú í dag hinir einu vinnandi manna, sem aldrei geta deginum lengur verið öruggir um starfa sinn. Jafnvel þeir, sem árum og áratugum saman hafa unnið hjá sama vinnuveitanda, geta átt þess von að verða fyrirvaralaust sviptir atvinnu sinni, jafnvel fyrir duttlunga atvinnurekandans eina saman. Verði verkamaður sjúkur, nýtur hann ekki réttinda umfram það, sem lög um almannatryggingar veita honum. Ef hann verður fyrir slysi utan vinnu sinnar, gildir hið sama. Slasist hann við vinnu, nýtur hann aðeins launa í 7 daga í hæsta lagi eða helmingi skemur en allir aðrir.

Öryggisleysi verkamanna er þó ekki eingöngu fjárhagslegs eðlis. Það er jafnframt eins konar andleg áþján, sem beygir verkamanninn og er farg á bjartsýni hans og trú á framtíðina og gerir hlut hans oft líkastan hlut þess manns, sem ekki veit um sinn næsta næturstað.

Þessu hafa samtök verkamanna ekki viljað una, og sérstaklega nú seinasta áratuginn hafa þau gert ítrekaðar tilraunir til þess við samningsgerðir að fá þar inn nokkrar réttarbætur hvað snertir rétt til uppsagnarfrests og nokkurra launa í sjúkdóma- og slysaforföllum, en litlu fengið áorkað fyrir andstöðu samtaka atvinnurekenda. Alveg sérstaklega hafa atvinnurekendur haldið dauðahaldi í takmarkalausan rétt sinn til þess að geta sagt verkamönnum upp vinnu án nokkurs fyrirvara. Jafnvel í þeim vinnudeilum, þar sem þeir hafa þó orðið að þoka lengst fyrir verkamönnum um laun og önnur þeim tengd atriði, hafa þeir aldrei léð máls á því að gefa neitt eftir af rétti sínum til þess að geta fleygt verkamönnum þeim, sem hjá þeim vinna, út á gaddinn hvaða dag sem vera skyldi. Sjálfur hef ég verið vitni að því, að forvígismenn atvinnurekenda hafa harðlega neitað að taka í mál, að verkamenn, sem unnið hafa í 20 ár hjá sama vinnuveitanda samfleytt, fengju eins mánaðar uppsagnarfrest. Atvinnurekendur hafa tekið kröfum verkamanna um laun í veikindaforföllum litlu betur. Í heildarsamningunum, sem voru gerðir eftir verkfallið mikla 1955, fékkst það að vísu fram, að greitt skyldi 1% ofan á laun til þess að mæta veikindum. Þetta svarar til 3 veikindadaga á ári með fullu kaupi, meðan aðrar starfsstéttir hafa yfirleitt 14 daga og sumar mun fleiri. En jafnvel þessi réttarbót var gerð einskis virði sem annað en bein kauphækkun með því að setja það ófrávíkjanlega skilyrði, að þetta 1% rynni ekki í sérstaka sjúkrasjóði félaganna, heldur yrði greitt jafnóðum með kaupi. Aðeins nokkur félög iðnaðarmanna fengu féð í slíka sjóði. Gagnvart verkamannafélögunum var ekki við slíkt komandi.

Þetta eru nokkrar af þeim ástæðum, sem liggja til þess, að sjálfsagt þótti af hálfu alþýðusamtakanna að taka þetta mál upp, sem hér er til umr., einmitt nú, þegar ríkisstjórn, sem vill hafa samráð og samstarf við verkalýðshreyfinguna, er við völd í landinu og líkur eru til, að vilji sé fyrir hendi á hv. Alþingi til þess að þoka slíkum málefnum til réttrar áttar. Þegar þetta mál bar á góma við ríkisstj. af hálfu efnahagsmálanefndar Alþýðusambands Íslands í nóvember s. l., var því strax vel tekið, og var þá gefið fyrirheit um þá löggjöf, sem hér er komin fram.

Hæstv. félmrh. hefur gert svo ýtarlega grein fyrir frv. í einstökum atriðum, að ég hef þar ekki við að bæta á þessu stigi málsins.

Þetta frv. hefur verið til umræðu í ýmsum verkamanna- og verkakvennafélögum og alls staðar þótt merkur áfangi í hagsmunabaráttu þeirra og verið fagnað af þeim. Um einstök atriði frv. kunna að sjálfsögðu að vera eitthvað skiptar skoðanir, hvort tekizt hafi að móta ákvæðin á haganlegastan og beztan hátt, sem kostur var, og þá ef til vill líka um það, hvort nægilega mikið sé að gert til að tryggja rétt verkamanna. Slíkt fer að sjálfsögðu að líkum, þegar um er að ræða löggjöf, sem er algerlega ný á sínu sviði.

Verkamönnum, sem eiga að njóta þessarar löggjafar, er það auðvitað ljóst, að hér er ekki um að ræða endanlegan sigur í þeim réttindamálum, sem um er fjallað, heldur aðeins mjög mikilsverða byrjun, sem á að geta orðið grundvöllur, sem byggja má á í framtíðinni, eftir því sem styrkur alþýðusamtakanna leyfir og áhrif þeirra á löggjöfina veita þeim tækifæri til hverju sinni.

Eftir að þetta frv. hefur farið til hv. heilbr.- og félmn., gefst að sjálfsögðu tækifæri til að ræða einstök atriði þess betur. Á þessu stigi vil ég aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur með flutningi þess veitt verkamannasamtökunum góða liðveizlu til þess að ýta fram á við einu brýnasta réttindamáli þeirra.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er alls ekki til þess að andmæla á neinn hátt þessu frv., sem hér liggur fyrir, að ég kvaddi mér hljóðs. Augljóst er, að með þessu frv. er gripið inn í samningsrétt atvinnurekenda og verkamanna. Hæstv. ráðh. lýsti því hér áðan, að það hefði oft verið reynt að koma þessu inn í samninga, en ekki tekizt. Ég er nú ekki svo kunnugur þessu, að ég geti á neinn hátt upplýst um þetta, en mér virðist, að flutningur þessa máls út af fyrir sig bendi til þess, að það sé brýn nauðsyn að fara að endurskoða vinnulöggjöfina, og það hefði raunar þurft að gera fyrr. Vinnulöggjöfin hlýtur að vera orðin úrelt og er það á ýmsa lund, og ég hygg, að það sé brýn nauðsyn að endurskoða hana. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh., hvað því máli líði, hvort það standi ekki til að endurskoða þessa löggjöf. Ég tel óheppilegt að vera að taka einstök atriði út úr, á hvern veginn sem það er, og gera sérstök lög um það, sem á í raun og veru heima í allsherjar vinnulöggjöf. — Það eru þessi atriði, sem ég vildi hreyfa hér og fá upplýst, ef mögulegt væri, hvort það er ekki meiningin að hraða endurskoðun vinnulöggjafarinnar.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir þau orð, sem þegar hafa verið látin falla um þetta mál af hálfu hæstv. félmrh. og hv. 8. landsk. — Til skýringar því, sem hv.

þm. V-Sk. (JK) sagði hér áðan, að sér fyndist einkennilegt, að þetta mál skyldi vera tekið upp nú eitt út af fyrir sig, án þess að allsherjar endurskoðun vinnulöggjafarinnar færi fram, þá held ég, að svarið við því hafi verið komið fram í ræðu hv. 8. landsk. þm., þar sem hann lýsti því mjög skilmerkilega, að hér er verið að efna loforð, sem ríkisstj. gaf, er heildarsamningar við fulltrúanefnd verkalýðsfélaganna eða alþýðusamtakanna voru gerðir á s. l. hausti. Það var gengizt inn á það þar, að flutt yrði löggjöf um þetta mál hér á Alþingi, og það er verið að efna þau loforð. Það er því óháð allsherjar endurskoðun vinnulöggjafarinnar, sem að sjálfsögðu margir geta verið sammála um og kannske flestir að þyrfti endurskoðunar við, þó að menn geti svo aftur að hinu leytinu ekki verið sammála um, hvaða atriði það eru í vinnulöggjöfinni, sem raunverulegrar endurskoðunar þyrftu við.

Hv. þm. V-Sk. talar um, að hér sé gripið inn í samningsrétt verkafólks og atvinnurekenda með flutningi þessa frv. Þetta er gömul saga og gamalt álit, sem ég hélt að væri úr sögunni í hópi alþm. Orlofslögin, vökulögin og öll þau framfaramál, sem lögfest hafa verið hér á Alþingi, að vísu eftir harða baráttu verkalýðsfélaganna, má segja að á sinn hátt grípi inn í samningsrétt verkafólks og atvinnurekenda. Mörg af þeim málefnum, sem upp koma í samningum atvinnurekenda og verkafólks, eru þannig vaxin, eins og það mál, sem hér er til umræðu, að þau eiga ekki að vera samningsatriði eða þrætuepli. Það er mannúðarmál, mannréttindamál, sem hér er á ferðinni, og þau eiga ekki að vera samningsatriði eða togstreituatriði milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Það er skylda þingsins að grípa þar inn í.

Ég vil þess vegna eindregið, eins og ég sagði í upphafi, lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og vona, að hugsunarháttur eins og kom fram hjá hv. þm. V-Sk. sé úr sögunni varðandi slík mál sem þetta á hv. Alþingi.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég verð að segja, að ég skil ekki þessa athugasemd hv. þm. Reykv. Ég held, að ég hafi ekki í þeim orðum, sem ég sagði, á neinn hátt andmælt þessu frv., aðeins bent í sambandi við framkomu þess á nauðsyn þess að endurskoða vinnulöggjöfina í heild. Hann játar þetta að vísu, en segir í hinu orðinu, að hann skilji ekki í því, hvernig stendur á því, að slík rödd sem þessi komi fram á Alþingi. Ég skil þetta ekki. Ég tel, að þetta sem annað eigi heima í allsherjar vinnulöggjöf og hana beri að endurskoða, því fyrr, því betra.

Ef það er meiningin að setja löggjöf um hvert einasta atriði, sem vinnuveitendur og verkamenn deila um á hverjum tíma, og það án tillits til þess, hvaða stjórn ríkir í hvert skipti, þá sjá allir, hvar þetta lendir. Ég hélt, að það væri miklu heilbrigðara, að samin væri heildarlöggjöf með samkomulagi beggja aðila; það yrði affarasælla en að hafa hina aðferðina. Ég mótmæli þeim ummælum hv. 4. þm. Reykv., að ég hafi á neinn hátt verið að ganga á hlut verkamanna með þeim orðum, sem ég sagði í ræðu minni áðan.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af því, sem ég hafði eftir hv. þm. V-Sk., en það tel ég mig hafa haft réttilega eftir, og ég veit, að hann er sá drengskaparmaður að kannast við það, að hann taldi, að með flutningi þessa frv. og annarra slíkra væri gripið inn í samningsrétt atvinnurekenda og verkamanna.

Ég sagði hins vegar, að sum af þeim málum, sem eru togstreituatriði milli verkafólks og atvinnurekenda, séu þannig vaxin, að þau eigi ekki að vera togstreituatriði á milli þessara aðila. Þau eru mannúðar- og mannréttindamál, eins og efni þessa frv. bendir til, og eiga þess vegna heima í sérstakri löggjöf. Hitt er rétt, og ég skal ítreka það aftur, að að sjálfsögðu geta flestir verið sammála um það, að nauðsynlegt sé að endurskoða vinnulöggjöfina, þó að ég geri hins vegar ráð fyrir því, að þar verði menn ekki á eitt sáttir um, hvaða atriði þyrftu endurskoðunar við.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það verður ekki um það deilt, að hv. þm. V-Sk. gerði þá athugasemd við þetta frv., að hér væri verið að leysa mál með löggjöf, sem á undanförnum árum hefði verið samningsatriði milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga.

Það er alveg rétt. Málið er árum saman búið að vera verkefni á samningaborðinu milli atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna og ekki náð fram að ganga. En svona hefur það gengið um mörg mjög þýðingarmikil verkalýðsmál, að þau hafa ýmist alls ekki náð fram að ganga við samningaborðið ellegar á ófullnægjandi hátt, og þá hefur verkalýðssamtökunum leiðzt þófið og freistað þess að fá úr skorið um réttindamálin á löggjafarsviðinu, á Alþingi.

Þannig gekk það, eins og að var vikið hér, að lengi var barizt á sviði verkalýðsmálanna um að fá löghelgaðan hvíldartíma togarasjómanna, en gekk ekki, og þá er farið hér á stað með að reyna að tryggja þeim með lagasetningu 6 stunda hvíld. Það gekk erfiðlega. Þá hefur vafalaust verið sagt: Ja, nú er verið að grípa þarna inn í samningsrétt atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna og farið inn á löggjafarsviðið með það. — Og það var verið að gera það þá. Svo tókst á Alþingi að fá lágmarkshvíldina, 6 stundir, lögfesta, síðan aftur bót á þeirri löggjöf, 8 stunda hvíld, og nú fyrir fáum árum vorum við hér að afgreiða 12 stunda hvíld á togurum, einmitt á löggjafarsviðinu.

Öll þessi mál eru á fyrsta stigi sínu samninga- og viðræðumál, en þegar menn vilja gera árangurinn varanlegan, taka þetta út af þrætu- og átakasviði atvinnurekenda og verkamanna, þá er leiðin að lokum sú að fá lagastaf fyrir réttindunum, fá þau lögfest. Og þannig er þetta samningamál, sem hefur staðið á dagskrá hjá atvinnurekendum og verkalýðssamtökum í meira en áratug, nú tekið út úr að beiðni verkalýðssamtakanna og óskað eftir lögfestingu í því formi, sem málið hefur nú verið lagt fram í.

Þá vík ég að hinu atriðinu, sem hv. þm. V-Sk. vék að. Honum fannst þetta vera atriði, sem ætti að fjalla um í vinnulöggjöfinni. Að vísu er þetta mál verkamanna, hins vinnandi fólks, og er þannig í eðli sínu vinnumál. En hvað er vinnulöggjöfin? Er hún löggjöf um slík mál? Nei, hún er það ekki. Hún heitir nú réttu nafni, þó að hún sé kölluð alltaf vinnulöggjöfin, — hún heitir löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur. Og hún fjallar um verkföll og verkbönn og sáttaumleitanir í vinnudeilum og er lagagrundvöllurinn, sem sáttasemjari ríkisins og héraðssáttasemjararnir í vinnudeilum starfa eftir.

Þetta mál mundi á engan hátt snerta vinnulöggjöf í þeim skilningi, sem við höfum enn, og er allt annars eðlis; jafnfjarskylt því að heyra undir þá löggjöf eins og hvíldartími togarasjómanna. Orlofsrétturinn og uppsagnarréttur verkamanna gagnvart atvinnurekendum á ekkert skylt við vinnudeilur, verkföll eða verkbönn eða sáttaverkefnin í sambandi við vinnudeilur og mundi því ekkert koma inn á það svið, sem vinnulöggjöfinni hjá okkur hefur verið markaður bás með fram til þessa. Hitt játa ég, að það væri vel hægt að hugsa sér að setja upp lagakerfi á allt öðrum grundvelli en núverandi löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur fjallar um, sem sé um hin almennu réttindi hins vinnandi fólks, réttindi og skyldur vinnandi fólks, vinnulöggjöf í miklu víðtækari skilningi, og það mætti kannske ná yfir flest þau réttindamál verkalýðs, sem hafa verið lögfest fram að þessu, og setja það allt saman í einn lagabálk og slíkt heyrði þá undir þann þátt félmrn., sem fjallar um sérstök vinnumál, og víða í öðrum löndum er sérstakt vinnumálaráðuneyti.

En í sambandi við þetta vék hv. þm. V-Sk. þeirri spurningu til mín, hvort vinnulöggjöfin sé ekki orðin úrelt. Hún er ekki úrelt neitt í sambandi við það, að það skuli ekki vera í henni lagaákvæði um uppsagnarrétt verkafólks. En hún er búin að standa núna allmörg ár og hefur litið eða ekki verið breytt, síðan hún var sett, og þá var þetta frumsmíð, mjög vandasamt mál og viðkvæmt, og það er gefinn hlutur, að á þessu árabili eru bæði atvinnurekendur og verkamenn búnir að sjá ýmsa agnúa á þeirri löggjöf og hvorir um sig teldu vafalaust þörf á og réttmætt, að lögin væru nú endurskoðuð, þegar komin er slík reynsla á þau sem nú er komin. Og ég skal játa það, að ég er einn þeirra manna, sem telja fyllilega orðið tímabært að fara að huga að endurskoðun á vinnulöggjöfinni, og stend þar ekki í gegn og veit, að það mætti margt læra af reynslu undanfarinna ára og endurbæta þá löggjöf í samræmi við þá reynslu. Það tel ég vera sjálfsagt að gera, enda er þegar, að ég hygg, af báðum aðilum, Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, unnið að undirbúningi þessara mála, af hvorum aðila um sig út frá sínum sjónarmiðum, út frá þeim óskum um breytingar, sem hvorir um sig vilja fá á vinnulöggjöfinni. En ég geri ráð fyrir, að þar fari kannske óskirnar alls ekki saman. Við höfum ekki nein samskipti, þessir aðilar, um þessi mál, þótt við ræðum þau oft og tíðum okkar á milli, því að það er nú ekki svo, að þessir aðilar, eins og Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið, séu þeir fjendur, að þeir ræðist ekki við. Það væri náttúrlega algerlega óheilbrigt og óeðlilegt mál. Við höfum um svo þýðingarmikil mál að fjalla dögum og vikum saman og árið um kring í raun og veru, að við verðum að vera í mjög nánu sambandi hvorir við aðra. En ég veit ósköp vel, að viðhorf Vinnuveitendasambandsins eru þau, að það vill í öllum aðalatriðum breyta vinnulöggjöfinni á þann hátt, að atvinnurekendur teldu sinn rétt betur tryggðan með löggjöfinni en hann er nú, og Alþýðusambandið hins vegar vill aftur aðallega fá breytingar á löggjöfinni, sem tryggi betur rétt hins vinnandi fólks, þegar út í deilur er komið, verkföll eða verkbönn, og mundi miða aðalefni sinna brtt. við núverandi vinnulöggjöf við það, að umbætur fengjust í þá áttina.

Það má því búast við, að þetta yrði mjög mikið átakamál. En aftur á móti um mál eins og þetta er full ástæða til þess að ætla, að það sé mál, sem náist samkomulag um í fullri eindrægni hér á Alþingi, þegar málið er lagt öfgalaust fyrir, eins og hér hefur verið gert. Og því hef ég auk þess, sem ég hef nú vikið að um mismunandi eðli þessara mála, talið mjög óskynsamlegt, ef verkalýðshreyfingin hefði viljað láta afgreiða þetta mál í sambandi við breytingu á löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur, enda liggur fyrir, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, alveg sérstök ósk verkalýðssamtakanna um að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi út af fyrir sig.

Ég get því sagt það, að endurskoðun laganna um stéttarfélög og vinnudeilur hefur í mörg ár verið í undirbúningi hjá Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandi Íslands, og þeim undirbúningi er nú haldið áfram á nokkru breiðari grundvelli, og hygg ég því, að það líði ekki langir tímar, þangað til lögin um stéttarfélög og vinnudeilur verða tekin til endurskoðunar. Og þá er að athuga, hvort menn vilja færa verksvið þeirra mikið út fyrir þann ramma, sem sú löggjöf hvílir nú á, sem sé að fjalla um deiluatriðin milli aðilanna á vinnumarkaðinum, atvinnurekenda og verkafólks, samtaka þeirra, eða hvort það á í almennri vinnulöggjöf, líkt og hv. þm. V-Sk. hefur bent á, að færa inn í þá löggjöf hinar ýmsu greinar réttindamála hins vinnandi fólks í landinu. En þá yrði það gerbreyttur grundvöllur frá því, sem nú er, og allt önnur vinnulöggjöf en við eigum við, þegar við nefnum það orð í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 246, 252).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Frv., sem liggur fyrir, fjallar um verulegar kjarabætur til handa þeim verkamönnum, konum og

körlum, sem fá laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi. Þessar kjarabætur eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er samkv. frv. ekki heimilt, eins og hingað til hefur tíðkazt, að segja slíkum verkamanni upp starfi fyrirvaralaust, hafi hann unnið í eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, heldur ber honum þá minnst eins mánaðar uppsagnarfrestur. Hann öðlast því að þessu leyti sama rétt og mánaðarkaupsmenn hafa nú samkvæmt samningum. Í öðru lagi skal tíma- og vikukaupsmaður, sem á rétt á uppsagnarfresti, ekki missa neins í af launum sínum fyrstu 14 dagana, eftir að hann forfallast frá vinnu sökum veikinda eða slysa. Á í því efni að gilda um hann sama ákvæði og í gildi er varðandi fasta starfsmenn, en það er að finna í lögum um almannatryggingar frá 1956, 86. gr.

Í frv. er nánar tilgreint, hvenær launþeginn telst hafa unnið eitt ár hjá sama atvinnurekanda, og eru það minnst 1800 klst. á síðustu 12 mánuðum og þar af a. m. k. 150 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Fjarvistir vegna slysa og sjúkdóma, orlofs, verkfalla og verkbanna teljast í þessu sambandi unnar stundir, og er þá miðað við 8 stunda vinnudag. Ef vinna fellur niður hjá atvinnurekanda af eðlilegum eða óviðráðanlegum ástæðum, er hann ekki skyldur til að greiða launþega kaup, og er það ákvæði haft til þess að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekenda.

Ákvæði frv. um eins mánaðar uppsagnarfrest og að uppsögn skuli vera skrifleg og miðast við mánaðamót er gagnkvæmt, gildir bæði fyrir vinnuveitanda og launþega.

Loks er í frv. skýrt fram tekið, að ákvæði þessi haggi ekki samningum atvinnurekenda og launþega um greiðslu atvinnurekenda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna og að öll samningsbundin ákvæði, sem nú eru í gildi og ganga skemmra en frv. í kjarabótaátt, skuli vera ógild, en haldast, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði frv.

Heilbr.- og félmn. leitaði álits Alþýðusambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands á frv. Bárust n. álitsgerðir frá öllum þessum aðilum og auk þess frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, og var þó veittur frestur til svara óneitanlega helzt til stuttur.

Eins og gefur að skilja, skiptir nokkuð í tvö horn um álit þessara aðila á frv. Mun ég ekki fara út í þá sálma nú, enda óþarft, þar eð allar grg. eru prentaðar sem fskj. með nál. á þskj. 246.

Að athuguðu máli varð n. sammála um að mæla með samþykkt frv. með þrem smávægilegum breytingum.

Er 1. brtt. þess efnis að kveða nánar á um, hvað átt sé við með orðinu verkamaður í 1. gr. frv., sem sé að þar sé átt við bæði iðnlærðan og óiðnlærðan verkamann, og á það að sjálfsögðu jafnt við konu sem karl.

2. till., sem er ný grein, fjallar um það tilvik, að verkamaður fari samkv. beiðni atvinnurekanda síns um tíma í vinnu til annars atvinnurekanda. Skal sá tími þá talinn unnar vinnustundir hjá fyrrgreinda atvinnurekandanum hvað þann rétt hans snertir, sem 1. gr. ræðir um.

Loks er 3. till. einungis um breytingu á heiti frv. til fyllra samræmis við efni þess. Í 3. gr. er rætt um rétt fastra starfsmanna til launa í veikinda- og slysaforföllum auk þeirra tíma- og vikukaupsmanna, sem þar um ræðir. Því þykir n. rétt, að fastra starfsmanna sé getið í heiti frv., og það því frekar sem sams konar ákvæði um þá verður með samþykkt frv. fellt niður úr lögunum um almannatryggingar.

Með frv. þessu er ætlunin, að lögbundnar verði kjarabætur, sem verkalýðsfélögin hafa árum saman barizt fyrir að fá með samningum. Það er ekkert óvenjulegt við það, að kjör launþega séu ákveðin í lögum. Í 86. gr. almannatryggingalaganna er þannig ákveðið, að fastir starfsmenn skuli einskis í missa af launum sínum fyrstu 14 dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa. Þetta er dæmi um lögfestingu á kjarabót. Hitt er að vísu algengara, að kjör launþega hafi verið rýrð með löggjöf á liðnum árum. Gerðardómslögin 1942 skertu rétt launþega. Hið sama var gert með vísitölubindingu um áramótin 1947 og 1948 og gengisskráningunni 1950. Það er því engin ástæða til að kalla þetta frv. „freklegt brot“ eða öðrum þvílíkum nöfnum, og það því síður sem í því felst réttarbót handa þeim starfsstéttum, sem eru á meðal hinna lægst launuðu í landinu og hafa ótryggasta atvinnu.

Frv. er ekki byggt á neinum eldri lögum um sama efni. Verði það að lögum, kann því svo að fara, að reynslan leiði í ljós einhverja ágalla. Ber þá að taka því, enda hægur nær, þegar reynsla er fengin, að endurskoða og færa til betri vegar.

Að lokum vil ég geta þess, að þótt öll n. mæli með samþykkt frv. með áður greindum breytingum, þá hafa tveir nm., þeir hv. 2. þm. Árn. og hv. 11. landsk. þm., nokkurn fyrirvara á, og er aths. þeirra birt í nál. Telja þeir frv. að ýmsu leyti ábótavant og undirbúningur málsins gallaður, en eru hins vegar sammála öðrum nm. um nauðsyn þess, að betur sé tryggt en nú er atvinnuöryggi tíma- og vikukaupsverkamanna.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Eitt alvarlegasta vandamál hvers þjóðfélags hefur reynzt vera að sjá öllum þegnum sínum fyrir nægjanlegri og arðbærri atvinnu. Lausn þessa vandamáls er ekki einvörðungu nauðsynleg hvað viðkemur fjárhag ríkisins á hverjum tíma, heldur og lífsviðhorfi einstaklingsins, sem atvinnuna skortir, þótt að sjálfsögðu hvort tveggja haldist nokkuð í hendur.

Vitur maður sagði eitt sinn, að það skaðlegasta fyrir hvert þjóðfélagslegt samfélag væri atvinnuleysið. Það er a. m. k. víst, að atvinnuleysið hefur verið og er enn í dag mesti böl-valdur allra alþýðuheimila, sem lífsafkomu sína byggja á erfiði fyrirvinnunnar. Eitt höfuðatriðið í fylgikvillum þessa bölvalds er það öryggisleysi, sem hinn vinnandi maður á við að etja. Verður atvinna á morgun? Tekst mér að sjá heimili mínu farborða? Verður sagt, að mín sé ekki þörf á morgun, og hvað tekur þá við?

Þessar og þvílíkar spurningar eru í huga alls þorra manna, er aðra hafa á framfæri, þeirra sem fyrir heimili eiga að sjá.

Á undanförnum áratugum má segja, að hér á landi sem og hvarvetna í hinum frjálsa heimi hafi orðið bylting í félagslegri framþróun. Hvarvetna er leitazt við að draga úr sárindum og sviða þeirra einstaklinga, er sérhvert þjóðfélag byggja, með hvers konar réttarbótum. Eitt erfiðasta vandamálið, sem enn þá er óleyst, er atvinnuleysið og fylgikvillar þess og þá fyrst og fremst öryggisleysið. Þrátt fyrir stóraukna hagsæld fyrir framgang félagslegra umbóta getur atvinnuleysisvofan birzt á ný, og enn þá virðist ekki mögulegt að hindra, að svo geti orðið. Í þess stað hafa verið uppi ýmsar till. um að draga úr sárasta sviða þessa neyðarástands, ef á skylli.

Það mál, sem hér er til umr., er tilraun í þá átt. Atvinnuleysistryggingarnar, sem um var samið í vinnudeilunni miklu 1955, voru einn áhrifaríkasti liðurinn í þessari gagnsókn. Með þeim var nánast ákveðið að safna fé í tvennum tilgangi: Í fyrsta lagi til þess að lána í atvinnutækjakaup og aðrar þær framkvæmdir, er miðuðu að því að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Í öðru lagi til þess að geta veitt bótaþegum fjárhagslega aðstoð á atvinnuleysistímum.

Ég tel megintilgang þessa frv. eiga að vera að auka öryggi launþegans á vinnustaðnum til þess að draga úr hinum nagandi ótta við fyrirvaralausa uppsögn, hvað sem langri og dyggri þjónustu líður. Í annan stað er hér og lögfest ákvæði um veikinda- og slysaforföll, því að fyrstu 14 dagana eftir að viðkomandi slasast eða veikist skal hann einskis í missa vegna *þeirra forfalla*.

Það hefur áður komið fram í umræðunum um þetta mál hér í hv. þingdeild, að það er hér fram komið sem efndir á samkomulagi, er gert var milli hæstv. ríkisstj. og verkalýðsfélaganna s. l. haust. Við umræðurnar og athuganirnar í heilbr.- og félmn., sem hafði málið til meðferðar, lýsti ég því yfir, að ég teldi málið spor í rétta átt, en teldi það að ýmsu leyti ganga of skammt, a. m. k. væru nokkur atriði þess ekki nógu ljós. Þær breytingar, sem n. hefur orðið sammála um að flytja á þskj. 246, eru þó allar til bóta að mínu áliti. Þau atriði, sem ég tel ekki nægjanlega ljós og þurfi nánari athugunar við, áður en málið verður endanlega afgreitt úr deildinni, eru þessi:

1) 1. mgr. frv. hljóðar svo: „Nú hefur verkamaður, iðnlærður eða óiðnlærður, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnuveitanda í eitt ár eða lengur, og ber honum þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum.“ Í 3. mgr. sömu greinar er svo atvinnurekanda veittur sami réttur til uppsagnarfrests, ef launþegi æskir að hætta störfum.

Ber nú að skilja þessi ákvæði svo, að á hinum tiltekna uppsagnarfresti sé launþega tryggð full átta stunda dagvinna? Ef svo er, er þá launþeginn óbundinn af uppsagnarfrestinum, sé ekki hægt að sjá honum fyrir þessari atvinnu eða samsvarandi þóknun?

Ég vona, að sú skýring verði á þessu gefin, að launþeganum séu tryggð þessi laun, meðan á uppsagnarfrestinum stendur, því að annars er fresturinn meiri kvöð á hann en vinnuveitandann. Launþeginn byggir lífsafkomu sína og sinna á þessum launum, en það er hæpið að ætla, að vinnuveitandinn byggi afkomu fyrirtækisins á vinnu t. d. eins manns.

2) Í 2. mgr. 1. gr. er ákveðið það vinnustundamark, sem telst vera eins árs vinna, og þar með rétturinn til áðurgreinds uppsagnarfrests. Skilningur minn á þessu vinnustundamarki er sá, að 1800 klst. á 12 mánuðum fyrir uppsögn þýði í rauninni fastráðningu, án þess að skýrt sé kveðið á um það efni. Sé svo hins vegar ekki, ber brýna nauðsyn til þess að gera þetta ákvæði frv. ákveðnara, um leið og nýrri *málsgr. yrði* bætt aftan við 2. gr. frv., þar sem verkamaðurinn yrði leystur undan ákvæðum uppsagnarréttarins, bjóðist honum önnur atvinna, þegar þannig stendur á. En 2. gr. fjallar um undanþágu atvinnurekenda frá því að greiða bætur, ef um ófyrirsjáanleg áföll er að ræða, svo sem þar er nánar frá greint, hráefni ekki fyrir hendi í fiskiðjuveri, útskipunarvinna ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu o. s. frv., o. s. frv.

Mér finnst aths. í frv. við þessa grein stangast nokkuð á við greinina sjálfa. Það er talað um að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir, þó að vinna falli fyrirvaralaust niður, og atvinnurekanda gert skylt að segja verkamanni sínum samt sem áður upp með eins mánaðar fyrirvara, þó að samanlögð vinna hans af fyrrgreindum ástæðum nemi ekki 150 klst. þann mánuð, sem óhappið kom fyrir. En bjóðist nú þessum sama verkamanni vinna hjá öðrum atvinnurekanda, er honum þá frjálst að taka hana *án þess að vera bundinn af eins mánaðar* uppsagnarfresti miðað við mánaðamót?

Hv. 8. landsk. hefur nú flutt brtt. eða viðbótartill. þessu til skýringar, og tel ég nauðsynlegt, að till. þessi verði samþykkt. Ég vildi þó mælast til þess við hann, að hann á þessu stigi málsins drægi till. til baka til 3. umr., þannig að n. gæfist kostur á að fjalla um þetta mál. Ég vona, að það sé skilningur þeirra, er lögin smíðuðu, að þá sé verkamaðurinn laus og óbundinn, þótt ekki sé það ljóst. Hins vegar er brtt. hv. 8. landsk., ef samþ. verður, alveg fullnægjandi ákvæði að þessu lútandi. Verkamanninum er ekki nægjanlegt að vera sagt upp með eins mánaðar fyrirvara. Honum er skylt að bíða þann tíma án nokkurrar launagreiðslu, ef hinn fyrri skilningur er réttur.

Við þessu er nauðsynlegt að fá svör, því að þess eru oft dæmi, að komið hafi til málarekstrar út af skilningi lagagreina í verkalýðsmálum yfirleitt, og þá hafa verið felldir dómar á þeim forsendum, sem talið er að þingmenn hafi samþ. lögin á.

Þrátt fyrir þessar aths. mínar, taldi ég ekki þörf á að hafa sérstakan fyrirvara í nál. eða flytja brtt., en freista í þess stað að fá um þær svör við þessa umr. eða í athugun hjá n., þannig að hv. n. gæfist færi á að ræða málið á ný fyrir 3. umr.

Við 3., 4., 5., 6. og 7. gr. hef ég engar aths. að gera, en greinar þessar fjalla um greiðslur

vegna slysaforfalla, eru í meginatriðum lögfesting á gildandi samningaákvæðum um þessi mál og eru til mikilla bóta, þar sem slík mál eiga ekki að vera togstreituatriði í vinnudeilum, þau eru mannréttindamál.

Við 1. umr. málsins lýsti ég því yfir, að ég teldi frv. sem heild í framfaraátt og fagnaði því, að hér væri verið að efna þau loforð, sem verkalýðshreyfingunni var heitið s. l. haust. Ég vil ítreka þessi fyrri ummæli mín hér með, um leið og ég leyfi mér að hvetja til nákvæmrar athugunar á, hvernig einstök ákvæði frv. muni í raunveruleikanum verða framkvæmd.

Mér er það fyllilega ljóst, að allar nýjungar þurfa sína reynslu og að ekki er mögulegt að sjá alla árekstra fyrir. Á sama hátt verður að gera öll vafaatriði sem ljósust þegar í upphafi. Takmark slíkrar löggjafar hlýtur að vera það, að alls staðar, þar sem því verður við komið, verði verkamenn fastráðnir starfsmenn með þeim réttindum og öryggi, sem það veitir. Fyrr er settu marki ekki náð. Mér er það einnig fullljóst, að þessu verður ekki komið við í fjölmörgum starfsgreinum hins vinnandi manns. Með fastráðningunni yrði vinnuaflið þó hagnýtt á skipulegan hátt og hinum vinnandi manni veitt það öryggi, sem telja verður, eins og ég áðan sagði, til mannréttinda. Það á að tilheyra fortíðinni, að hægt sé að halda verkafólki að óþörfu í óvissu og öryggisleysi, sem engum þjónar, en vekur aðeins beiskju og tortryggni til samtíðarinnar.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur flutt tvær minni háttar brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég tel, að báðar þessar breytingar séu til bóta, þar sem þær kveða skýrar á um tvö atriði, sem annars hefðu getað valdið misskilningi og e. t. v. deilum, og vil ég lýsa fullum stuðningi mínum við þær.

Þá hef ég leyft mér að flytja á þskj. 252 brtt., sem er að því leyti sama um að segja og hinar tvær brtt. heilbr.- og félmn., að henni er ætlað að taka af allan vafa um skilning á einu ákvæði frv., þ. e. a. s. á 2. gr. þess.

Ég vil álíta, að það hafi verið meining þeirra, sem sömdu frv., að þegar svo stæði á sem segir í 2. gr., að vinna falli niður um lengri eða skemmri tíma vegna ófyrirsjáanlegra atvika eða óviðráðanlegra, sem þar er nánar skýrt, og verkafólk verður af þeim sökum atvinnulaust, þá sé viðkomandi verkafólk, verkamaður eða verkakona, óbundið af ákvæðum 1. gr. um uppsagnarfrest af sinni hálfu. Þetta álit mitt styðst fyrst og fremst við það, að í 2. gr. segir: „enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir". Það hefur sem sé þótt ástæða til að taka það sérstaklega fram, að launþeginn missti ekki uppsagnarrétt sinn, meðan þetta ástand varir. Hins vegar er þess ekki getið, að launþeginn sé bundinn við uppsagnarfrestinn, eftir að svo er komið, að hann hafi ekki lengur stöðuga atvinnu, enda mundi slíkt reynast fráleitt og ósanngjarnt í framkvæmd. Það er full ástæða til að álykta, að ef það hefði verið meiningin, að launþeginn væri eftir sem áður bundinn af uppsagnarfrestinum, þá hefði það einnig verið tekið fram, alveg á sama hátt og það er tekið fram, að atvinnurekandanum beri að segja verkamanninum upp, meðan þetta ástand varir. Þennan skilning minn á 2. gr. styð ég einnig við viðtöl, sem ég hef átt við annan fulltrúa efnahagsmálanefndar Alþýðusambands Íslands, sem vann að samningu frv.

Í fljótu bragði kynni að virðast, að brtt. mín færi í bága við þá meginreglu frv., að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur og að sama skylda hvíli þar á báðum málsaðilum, launþega og atvinnurekanda, og er mér ekki grunlaust um, að sú skoðun hafi ráðið því, að hv. heilbr.- og félmn. hefur ekki flutt brtt. í sömu átt og mín till. fer þrátt fyrir tilmæli Alþýðusambands Íslands þar um. Ég ætla þó, að við nánari athugun verði alveg ljóst, að sá skilningur, ef fyrir hendi kynni að vera, að launþegi sé bundinn af uppsagnarfresti, eftir að hann hefur ekki lengur atvinnu hjá vinnuveitanda um skemmri eða lengri tíma, mundi alls ekki þýða gagnkvæman rétt beggja aðila, heldur aðeins einhliða skyldu launþegans, skyldu til þess að vera viðbúinn kalli atvinnurekandans, hvenær sem hann þyrfti á vinnuafli að halda, án þess að nokkur raunhæfur réttur kæmi í móti af hálfu atvinnurekandans.

Um þetta mætti nefna ýmis dæmi, t. d. það, að vinna félli niður í frystihúsi vegna hráefnisskorts og ekki væri vitað um fyrir fram, hvað lengi það ástand héldist, ef til vill yrði það nokkrar vikur, ef til vill mánuðir. Væri þá nokkur heil brú í því, að ef til vill fjöldi verkamanna yrði skyldaður til þess að bíða aðgerðalaus átekta, aðeins vegna þess að atvinnurekandanum þætti það hagkvæmt eða öruggara að geta átt vinnu þeirra vísa, þegar aftur yrði tekið til starfa? Væri þá rétt að hindra þessa menn í því að ráða sig t. d. í skiprúm eða einhverja aðra þá atvinnu, sem ekki væri hægt að yfirgefa, hvenær sem hinn fyrri atvinnurekandi kallaði? Slíkt væri vitanlega fráleitt og hefur heldur áreiðanlega ekki verið meining þeirra, sem frv. sömdu. Það virðist alveg augljóst, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur hljóti að byggjast á því, að atvinnurekandinn sjái verkamanninum fyrir fullri eða a. m. k. allt að því fullri atvinnu og verkamaðurinn tryggi þá jafnframt atvinnurekandanum vinnuafl sitt, en einhliða skylda verkamannsins í þessu efni kemur ekki til nokkurra mála, eins og þó yrði, ef rangtúlkun 2. gr. væri hugsanleg á þann hátt, sem ég hef nú lýst.

Till. mín á þskj. 252 er þess eins efnis að taka af allan vafa um þetta atriði. Ég vil mega treysta því, að hv. heilbr.- og félmn. athugi þetta atriði og brtt. mína gaumgæfilega, og vil ég strax þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir hans undirtektir henni viðkomandi, og ég trúi því ekki, þegar nefndin hefur athugað þetta vel, að hún komist ekki að þeirri niðurstöðu, að tryggilegra sé að taka af allan vafa í þessu efni, svo að réttur skilningur á þessum ákvæðum 2. gr. sé að fullu tryggður. Samkvæmt þessu tel ég sjálfsagt að verða við óskum hv. 4. þm. Reykv. og hafði enda hugsað mér það, áður en hans

tilmæli komu fram, um að taka mína till. aftur til 3. umr., svo að nefndin geti athugað hana, og geri ég það hér með.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð og smávægileg fyrirspurn, sem ég vildi leyfa mér að gera til hv. n.

Eins og ég gat um við 1. umr., er ég því hlynntur, að þessi réttur verkamannsins sé viðurkenndur, en ég gat þess, að ég óttaðist, að ef það yrði ekki gert með samkomulagi, þá væri réttur verkamannsins minni en hann ætti að vera. Það óttaðist ég, og í tilefni þess vildi ég leyfa mér að beina þeim fyrirspurnum til hv. nefndar: Hvað er hæft í því, sem kemur fram í grg. Vinnumálasambands samvinnufélaganna og einnig hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, þar sem báðir þessir aðilar segja, að ef þessi löggjöf verði samþykkt, þá séu brostnar forsendur fyrir þeim samningum, sem gerðir hafa verið milli þessara aðila?

Um þetta vildi ég leyfa mér að spyrja. Ég þykist vita, að hv. nefnd hafi kynnt sér þetta. Og ef það er svo, að forsendurnar séu brostnar, þá óttast ég, að hlutur verkamannsins verði minni en hann í raun og veru er hugsaður og ætti að vera.

Þetta óskaði ég að hv. nefnd vildi upplýsa.

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. spyrst fyrir um það, hvað hæft sé í því, ef þetta frv. verði samþykkt, að þá séu brostnar forsendur fyrir gildandi samningum milli atvinnurekenda og launþega.

Þessi skoðun mun koma fram í álitsgerð Vinnuveitendasambandsins, og að sjálfsögðu höfum við í n. veitt henni athygli. Ég get ekki svarað fsp. þessari f. h. nefndarinnar, en ég vil aðeins svara henni fyrir mína hönd persónulega á þann veg, að ég skil ekki almennilega, hvað felst í þessari fullyrðingu, sem fram kemur í álitsgerð þessa aðila. Vitanlega haldast allir samningar á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda eftir sem áður, þó með þeim breytingum, sem leiðir af samþykkt þessa frv., enda er það tekið fram í frv. Ákvæði samnings milli atvinnurekenda og launþega, sem brjóta í bága við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans. Að öllu öðru leyti haldast gerðir samningar milli atvinnurekenda og launþega, og samningar og samningagerðir milli þessara aðila munu halda áfram hér eftir sem hingað til þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Ég tók fram áðan, að það er ekki neitt nýtt í því, að löggjafinn lögfesti viss atriði, sem varða bæði atvinnurekendur og launþega, og þetta er því ekki neitt nýtt, en auðvitað verða allir samningar, sem í gildi eru og gerðir verða, að vera í samræmi við gildandi lög.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mér finnst þetta svar hv. frsm. ekki fullnægjandi, því að ef það er tilfellið, sem þessir aðilar segja, bæði Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands, að lög um þetta efni mundu raska gildandi samningum milli atvinnurekenda og launþega og að brostnar yrðu forsendur fyrir þeim gildandi kjarasamningum, sem lögunum er ætlað að taka til, þá kynni það að hafa slæmar afleiðingar.

Mig satt að segja furðar á því, að hv. nefnd skyldi ekki hafa kynnt sér þetta. Ætlast hún til, að ef þessir aðilar vilja ekki una þessu, þá fari þeir að leita til dómstólanna, væntanlega félagsdóms? Og þá kemur að því, eins og ég segi, að það getur orðið hlutur verkamannsins, sem bíður halla við þetta í lokin.

Það er ákaflega misráðið að reyna ekki við svona löggjöf að ná fullu samkomulagi milli þeirra aðila, er hér um ræðir. Það er misráðið og getur bitnað illa á þeim aðila, sem löggjafinn er að hugsa sér að vernda.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu vert alls þakklætis, að hv. þm. V-Sk. skuli hafa slíkar áhyggjur af því, að sú löggjöf, sem hér er verið að setja, muni koma verkafólkinu sérstaklega í koll, svo og hugleiðingar hans í því sambandi.

Aðallega virðist hann hafa það út á málsmeðferðina að setja, að það hafi ekki verið haft nægilegt samráð við vinnuveitendur og launþegasamtökin um setningu þessara laga, og mér skilst, að hann telji, að hyggilegra hefði verið að gera þetta með samkomulagi milli málsaðila. Ég lýsti því lítillega við 1. umr. málsins, hvernig verkalýðssamtökin hefðu s. l. 15 ár verið að reyna að koma þessum réttindamálum í framkvæmd og hvernig vinnuveitendur hefðu tekið í það, og ætla ég ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði um það efni þá. En í stuttu máli er sú saga þannig, að þeir hafa aldrei léð máls á því, að neitt af þeim atriðum, sem í frv. felast, yrði fastmælum bundið í samningum, og hafa alltaf tekið öllum tilraunum verkalýðssamtakanna til þessa af fullkomlegum fjandskap.

Ég held, að við samningu þessa frv. hafi verið haft fullt samráð við verkalýðssamtökin. Frv. er flutt samkvæmt ósk þeirra, og það voru fulltrúar frá þeim, sem unnu við samningu þess. Hitt er svo ekkert undrunarefni, þó að ekki hafi verið leitað til þeirra um aðild að samningu frv., sem fyrir fram var vitað um að vildu þar ekkert til leggja og hafa sannað þá afstöðu á löngum tíma.

Ég held, að hvorki hv. þm. V-Sk. né aðrir þurfi að kippa sér mikið upp við þær hótanir, sem koma fram í plaggi vinnuveitendafélagsins. Slíkar hótanir og aðrar verri hafa alltaf verið til staðar hjá þeim samtökum, þegar um verulegar kjarabætur hefur verið að ræða fyrir alþýðu manna.

Ég held líka, að það sé hverjum manni auðsæilegt, að það er miklu æskilegra fyrir verkalýðssamtökin að fá slík ákvæði sem hér um ræðir sett í lög heldur en þurfa að semja um þau við vinnuveitendur. Ef slíkt er tekið upp í samningum, þá hlýtur það alltaf að kosta afslátt á ýmsum öðrum kröfum, svo sem berlega kom fram í verkfallinu mikla 1955. Þá varð að kaupa réttindamál eins og atvinnuleysistryggingarnar og eina prósentið, sem ákveðið var að greiða til tryggingar mönnum í veikindaforföllum. Það varð að meta þetta allt í kaupi, það varð að gera þessi réttindamál að verzlunarvöru, það er sá

mikli munur, sem á því er að lögfesta réttindamál og að semja um þau. Sé um lögfestingu að ræða, þá eru þau ekki lengur verzlunarvara. Það er auðvitað vel skiljanlegt, að þau sjónarmið komi fram hjá vinnuveitendum, að þeir vilji eiga í bakhöndinni slík mál sem þessi, sem þeir vita að mikill áhugi er fyrir hjá verkalýðssamtökunum, og þau mundu vilja, ef þau gætu ekki fengið þau fram á annan hátt, kaupa þau dýru verði í lægra kaupi en ella mundi greitt. En frá sjónarmiði verkalýðsfélaganna, verkamannanna, hlýtur lögfestingarleiðin að vera hin æskilegri leið, verði henni við komið.

Forseti (BSt): Áður en ég slít alveg umr., vildi ég beina einu atriði til hv. n., og leyfi ég mér að gera það frá þessum stað, af því að það er eingöngu formlegs eðlis, en ekki efnislegt. Hér er brtt. frá hv. nefnd um nýja fyrirsögn á frv. Mér virðist fyrirsögnin, eins og hún er á frv. nú, vera leiðinlega orðmörg. Till. n. er sú að fjölga þarna orðum, og vildi ég beina því til hv. n., hvort hún vildi ekki athuga það fyrir 3. umr. að finna þarna heppilegra heiti á frv. en hún nú leggur til. Ég aðeins bendi á dagskrána sjálfa, þar sem nafn þessa máls stendur með miklu færri orðum en er í frv. og tillögunni.

ATKVGR.
Brtt. 246,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 246,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 252 tekin aftur til 3. umr.
2.—7. gr. (verða 3.—8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 246,3 tekin aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 263, 246,3, 252, 268).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur á þskj. 268 tvær brtt., sem hv. d. eru að vísu kunnar, því að báðar voru fluttar við 2. umr. þessa máls, en teknar aftur þá.

Fyrri till. má heita samhljóða till., sem hv. 8. landsk. þm. flutti við 2. umr. málsins, og er um það, að nýrri málsgr. verði bætt við 2. gr. frv. Í 2. gr. frv. er ákvæði um, að ef atvinna fellur niður af ófyrirsjáanlegum ástæðum eða eðlilegum ástæðum, þá skuli atvinnurekanda ekki gert að greiða launþega bætur. Nefndin hefur nú á milli umr. athugað þetta atriði á ný og komizt að þeirri niðurstöðu, að réttmætt sé, að á móti þessu hagræði atvinnurekandans komi eitthvað til handa verkamanninum, sem þannig missir vinnu án þess að fá laun, og varð sammála um, að það yrði bezt gert með þeim hætti að heimila verkamanninum í slíkum tilfellum að segja upp án uppsagnarfrests. Um þetta fjallar fyrri till. nefndarinnar.

Síðari till. er um fyrirsögn frv. og er algerlega samhljóða till. n. við 2. umr. Hún var þá tekin til baka, sökum þess að hæstv. forseti hafði bent á, hvort ekki mundi vera hægt að stytta fyrirsögn frv. Þetta athugaði n., en komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki vera auðvelt, án þess að það kæmi þá niður á skýrleik fyrirsagnarinnar. Það þykir hentugt, að í fyrirsögn frv. komi fram efni þess, þannig að auðvelt sé að átta sig á efni laganna eftir fyrirsögninni, og með tilliti til þess taldi n. ekki fært að stytta fyrirsögn frv.

Annað þarf ég ekki að taka fram, að ég held, í sambandi við brtt. á þskj. 268.

Eggert Þorsteinsson. Herra forseti. Við 2. umr. málsins taldi ég nauðsynlegt í minni ræðu, að ákveðnir hlutir fengjust skýrðir í sambandi við lokaafgreiðslu þessa máls héðan úr hv. þingdeild.

Eins og frsm. n. hefur þegar tekið fram, þá var haft samband við þá, sem undirbjuggu frv. af hálfu hæstv. ríkisstj., og gafst mér þá tækifæri ásamt öðrum í hv. n. að fá skýringar á ýmsum þeim atriðum, sem við töldum ekki nógu ljós. Í sambandi við þessar spurningar mínar er því til að svara, að lagasmiðir stjórnarinnar voru sammála um, að spurning mín nr. 1, um það, hvort greiða bæri launþega laun eða sjá honum fyrir 8 stunda vinnu á dag þann tíma, sem hann bíður á uppsagnarfresti skv. 1. málsgr. 1. gr., þá beri skýlaust að skilja það svo, að þetta séu skyldur atvinnurekanda. Varðandi spurningu mína nr. 2 hefur nú verið endurflutt af hálfu n. með smávægilegri breytingu till. til skýringar á því, er ég þar spurði um, sem er nánast samhlj. þeirri till., sem hv. 8. landsk. þm. flutti hér við 2. umr., með örlitlu viðbótarákvæði. Varðandi spurningu mína nr. 3, hver væri munurinn á fastráðnum verkamanni og þeim, sem hefði öðlazt rétt samkvæmt lögunum eða frv., eins og það er nú, þá var það skýrt svo, að á því væri enginn efnislegur munur, eftir að viðkomandi maður hefði öðlazt þann rétt, sem þar er frá greint. Ég taldi því ekki ástæðu að fengnum þessum upplýsingum að flytja eða gera tilraun til að fá n. til að flytja neina frekari brtt. en frsm. n. hefur nú frá skýrt. Ég lýsi þess vegna stuðningi mínum við þessar brtt. og frv., eins og það liggur nú fyrir.

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 268 hefur orðið prentvilla og ég því missagt í þeim orðum, sem ég sagði áðan.

Fyrri brtt. er ekki brtt. við 2. gr., eins og stendur á þskj., heldur við 3. gr., í því formi, sem það er nú eftir 2. umr. Það var samþykkt ný grein við 2. umr., og hún varð 2. gr.; því verður sú grein, sem var 2. gr., nú 3. gr., og við þá gr. á fyrri brtt. á þessu þskj.

ATKVGR.
Brtt. 252 tekin aftur.
— 268,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 246,3 tekin aftur.
— 268,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 10:1 atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mér virðist, að hv. n., sem hafði þetta mál til umræðu, hafi með ráðnum huga gengið fram hjá því að bera þetta mikilsverða mál undir báða aðila, þ. e. a. s.

bæði vinnuveitendur og verkamenn, og tel ég, að það komi í ljós í athugasemd tveggja nefndarmanna á þskj. 246.

Nú er það svo, að jafnvel þótt um réttlátt og gott mál sé að ræða, sem snertir fleiri en einn aðila, álít ég, að það sé tillitsleysi og farið aftan að siðunum, ef ekki eru heyrðir báðir málsaðilar. Og fyrir því að svo hefur fram farið, sem er sýnilegt, að þessu máli hefur ekki átt að ráða til lykta á venjulegan hátt, sízt af öllu lýðræðislegan, þá treysti ég mér ekki, þó að ég sé málinu samþykkur í sjálfu sér eða því atriði, sem um er rætt í frv., til að greiða því atkv. út úr deildinni, en vil heldur ekki vera á móti því, sem sagt verð hlutlaus í þessu máli út úr deildinni. Það á sjálfsagt eftir að fara til hv. Nd., og þar býst ég við og vonast til að þessar málsmeðferðarmisfellur, sem hér hafa á orðið í þessari hv. d., verði af vitrum og sanngjörnum mönnum leiðréttar, og greiði ég þess vegna ekki atkvæði.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 281).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, GÞG, HS, HV, IngJ, JPálm, KGuðj, KJJ, MJ, PÞ, SkG, SvbH, BG, BBen, EystJ, GíslG, GÞ, EOl.

17 þm. (HÁ, JóhH, JS, HSF, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, StgrSt, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BÓ, EirÞ, EmJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég hef oft hreyft því á þessu þingi, að það er mjög óviðkunnanlegt, að mikils háttar mál séu afgr. með afbrigðum, án þess að nokkur nauðsyn sé til, og hlýtur að leiða til þess, að þm. er fenginn skemmri tími til þess að athuga mál en þingsköp ætlast til. Nú veit ég ekki til þess, að neitt það sé við afgreiðslu þessa máls, sem geri það að verkum, að það liggi frekar á að afgreiða málið í dag heldur en á morgun. Ég hefði því kunnað betur við, að málið hlyti að öllu leyti löglega meðferð. Hins vegar hef ég ekkert á móti þessu sérstaka máli og mun greiða því atkv., þegar þar að kemur, og hef sjálfur lesið það yfir, svo að persónulega skiptir mig það engu, og segi því já. En ég tel það vera varhugavert yfirleitt að hafa þennan hátt á.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það kom fram nú, þegar hv. 1. þm. Reykv. (BBen) gerði grein fyrir atkv. sínu, að hann taldi varhugavert að veita afbrigði, ekki sérstaklega vegna þessa máls, heldur almennt. En ég fæ ekki séð, þegar afbrigða er leitað í sambandi við mál, sem er til 1. umr., og er þannig eingöngu um það að koma því til rækilegrar athugunar í þingnefnd, að þá geti það verið athugavert, því að því fyrr sem það kemst til athugunar í nefnd, því betra tóm gefst til þess að athuga það til hlítar. En hér er þar að auki um mál að ræða, sem tekið var fram af hv. 1. þm. Reykv. að hann hefði ekki neitt við að athuga og mundi greiða atkv., þegar þar að kæmi. Ég hygg því, að það sé ekki mjög varhugavert, ekki einu sinni frá hans sjónarmiði, að því er þetta mál snertir að hraða því, að það fari til n. og athugunar.

Þetta mál er komið frá Ed. og var þar afgr. með shlj. atkv., að ég hygg. Í félmn. Ed. voru gerðar nokkrar minni háttar breytingar á frv., og skilaði n. samhljóða áliti um þær breytingar.

Aðalefni frv. er, eins og kunnugt er, það, að tímakaups- og vikukaupsmenn, sem að staðaldri, þ. e. a. s. eitt ár eða lengur, vinna hjá sama atvinnurekanda, skuli eiga rétt til eins mánaðar uppsagnarfrests, enda sé verkamönnum þá aftur skylt að segja upp atvinnu sinni með sama fyrirvara.

Einnig felst það í þessu frv., að tímakaups- og vikukaupsmenn öðlist sama rétt til launagreiðslna í slysa- og veikindaforföllum og fastir starfsmenn hafa að undanförnu notið samkv. lögum um almannatryggingar, en það er alveg orðrétt ákvæði 86. gr. laganna um almannatryggingar, sem er tekið hér upp í 4. gr. að því er snertir tíma- og vikukaupsmenn.

Þetta er meginefni frv. En þar sem málið hefur hingað til verið ágreiningslaust og mikið rætt í blöðum, frá því verið skýrt þar, þá tel ég ástæðulaust að fjölyrða meira um minni háttar efnisatriði þess, en þetta eru aðalefnisatriði málsins.

Ég legg að sjálfsögðu til, að málið fari að lokinni þessari umr. til hv. heilbr.- og félmn.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það var einungis út af aths. hæstv. félmrh. við orð mín áðan, sem ég vildi svara honum, vegna þess að það er ekki alveg einskisvert, að menn rifji upp fyrir sér, hvernig lögformleg meðferð mála á að vera á Alþ.

Það er að vísu svo sem hann segir, að það er síður varhugavert að hraða 1. umr., ef ætlunin er, að síðar gefist nægur tími til þess að athuga málið. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt. En hins vegar er á það að líta, að ætlazt er til, að hvert mál fái þrjár umræður í hvorri deild, og 1. umr. kemur ekki að gagni, nema því aðeins að málinu hafi verið útbýtt hæfilegum tíma áður en 1. umr. verður, til þess að menn hafi átt kost á því að lesa málið, kynna sér það og átta sig á, hvaða nýmæli séu í því fólgin. Þetta er augljóst, og ég hef bent á það áður á þessu þingi, að það er verið með þessum eilífu afbrigðum frá þingsköpum að gera þau ákvæði þeirra að engu, að það eigi að vera þrjár umræður um hvert mál í hvorri deild a. m. k.

Nú játa ég, að um þetta mál stendur sérstaklega á og öðruvísi en flest önnur mál, að það er alveg rétt, sem hæstv. félmrh. sagði, að þetta mál hefur mikið verið rætt í blöðum. Frá því var skýrt löngu fyrir áramót, að löggjöf í stórum dráttum þessa efnis stæði til. Síðan hefur verið rætt um það, erindi hafa verið skrifuð Alþ. og

málið sem sagt skýrt meira en flest önnur mál. Þess vegna hef ég út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að þetta mál nái nú fram að ganga. En það var einungis vegna þess, að ég hef hvað eftir annað hreyft því, hvort forseti vildi ekki láta af þessum eilífu tilgangslausu afbrigðum frá þingsköpum, að ég vildi ekki hleypa þessu máli athugasemdalaust fram hjá mér, vegna þess að ég tel, að þetta sé meginregla, sem eigi að fylgja, þó að ég játi, að þannig standi á með þetta mál, að það sé engin ástæða til þess að leggja stein í götu þess, enda hef ég ekki hugsað mér það og lýsi því yfir, að ég mun verða því fylgjandi. Hvort einhverjar breytingar koma fram, er annað mál, eins og við vitum, og er ekki hægt að segja um það, fyrr en það liggur fyrir. En málið í heild er gott mál, sem er stuðnings vert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, n. 345).

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla var lagt fram í Ed. og er flutt af hæstv. félmrh. Heilbr.- og félmn. Ed. leitaði álits nokkurra aðila um frv., og eru svör þeirra birt í áliti n. á þskj. 246. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar inn á álit þessara aðila, nema sérstakt *tilefni gefist þar til.*

Heilbr.- og félmn. Nd. tók frv. til umr. og afgreiðslu 25. marz s. l. N. leggur til, að frv. verði samþykkt. Einn nm., Ragnhildur Helgadóttir, var fjarverandi vegna veikinda, sbr. nál. á þskj. 345.

Þegar málið var til umr. í Ed., voru gerðar á því nokkrar breytingar.

Það er fyrst, að 1. málsgr. 1. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur verkamaður, iðnlærður eða óiðnlærður, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, og ber honum þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum.“ Þessi breyting er aðallega fólgin í því, að hér er því slegið föstu, að lögin nái jafnt til iðnlærðra sem óiðnlærðra verkamanna. Eins og þetta var upphaflega orðað í frv., þegar það var lagt fram, gat orkað tvímælis, hvort þetta ákvæði næði til iðnlærðra verkamanna.

Þá var bætt inn í frv. nýrri grein, sem nú er 2. gr. frv., eins og Ed. gekk frá því. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrrtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.“ Þessi viðbót virðist í alla staði eðlileg og eykur rétt verkamanna frá því, sem áður hefur verið.

Frv. fylgir allýtarleg grg., þar sem efni frv. og sérstakar greinar eru skýrðar. Í athugasemdum er á það bent m. a., að það hafi verið um langt skeið áhugamál verkalýðsfélaganna að fá viðurkenndan nokkurn uppsagnarfrest handa þeim launþegum, sem unnið hafa um lengri tíma hjá sama atvinnurekanda, en fengið laun sín greidd í venjulegu tíma- eða vikukaupi. Þá er bent á þá staðreynd, að fastir starfsmenn, sem fá laun sín greidd mánaðarlega, hafi slíkan uppsagnarfrest samkvæmt sérstökum samningi eða samkvæmt almennri viðskiptavenju. Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna er frá einum og upp í þrjá mánuði. Það ætti ekki að skipta neinu máli, hvort launþegar fá laun sín greidd mánaðarlega eða hvort laun eru greidd vikulega, eins og tíðkast um laun tíma- og vikukaupsmanna. Það, sem mestu máli skiptir, er samband atvinnurekenda og launþega. *Þegar samband* þeirra er varanlegt árið út eða lengur, er eðlilegt og ég vil segja sjálfsagt, að launþeginn eigi rétt á nokkrum fyrirvara, ef viðkomandi atvinnurekandi vill segja honum upp starfi. Sama máli gegnir um atvinnurekandann. Það er eðlilegt, að hann fái vitneskju um það með einhverjum fyrirvara, ef launþegi, sem hjá honum vinnur, óskar eftir því að láta af starfi. Þegar slíkt samband hefur skapazt milli atvinnurekanda og launþega, er líklegt, að það muni vara áfram, nema sérstakar ástæður komi til. Báðir aðilar eru illa undir það búnir, að samband þeirra rofni fyrirvaralaust. Það er því ekki óeðlilegt að lögfesta gagnkvæman uppsagnarfrest í þeim tilfellum, er launþegi hefur unnið hjá sama atvinnurekanda í samfleytt eitt ár eða lengur.

Í 1. gr. frv., 2. málsgr., er ákvæði, sem kveður svo á um, að tíma- eða vikukaupsmaður teljist *hafa unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár,* ef hann hefur unnið hjá honum samfleytt a. m. k. 1800 klst. á síðustu tólf mánuðum, þar af a. m. k. 150 klukkustundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögnina. Þetta svarar til ¾ hluta af fullri dagvinnu. Hér á landi er t. d. útivinna oft mjög háð veðurfari og árstíðum, svo að telja má, að 1800 vinnustundir á ári geti víðast talizt full vinna.

Um 2. gr. frv., sem bætt var inn í það í Ed., hef ég áður að nokkru rætt.

Í 3. gr. eru ákvæði, sem eiga að koma í veg fyrir ástæðulausar uppsagnir af hálfu atvinnurekenda, þar sem svo er fyrir mælt, að atvinnurekanda beri ekki að greiða launþega laun, þó að hann missi fyrirvaralaust vinnu hjá honum, þegar svo er ástatt, að vinna fellur niður af eðlilegum ástæðum. Í gr. er ákvæði um, að launþegi missi heldur ekki uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir. Bent er á nokkur dæmi þess, hvað átt sé við með orðunum „að vinna falli niður af eðlilegum ástæðum“, svo sem skortur á hráefni til fiskvinnslustöðva, út- og uppskipunarvinna er ekki fyrir hendi, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli vegna bruna eða skipstapa. Í skýringum er bent á enn fremur um þessa gr., að þau dæmi, sem bent sé á, séu ekki tæmandi, margt fleira geti komið til greina, svo sem ef vinna fellur niður vegna verkfalla eða verkbanna.

Síðari málsgr. 3. gr. er þannig, með leyfi hæstv.

forseta: „Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 3. málsgr. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum, ef hann ræður sig hjá öðrum.“ Þessari málsgr. var bætt inn í frv. í Ed. og er í alla staði eðlileg og sjálfsögð. Laun almennra verkamanna eru ekki það há, að menn þoli langvarandi atvinnuleysi, og sé um langvarandi vinnustöðvun að ræða af einhverjum óviðráðanlegum ástæðum, nær það vitanlega engri átt, að menn séu bundnir við fyrirtæki, sem enga atvinnu getur látið af hendi, enda munu fæstir atvinnurekendur ætlast til slíks af verkamönnum, sem hjá þeim hafa unnið.

4. gr. ákveður um, að fastir starfsmenn, tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti skv. 1. gr. laga þessara, skuli eigi missa neins af launum sínum fyrstu 14 dagana, ef þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms eða slysa. Efni þessarar greinar er í aðalatriðum það sama og efni 86. gr. almannatryggingalaganna. Þessi gr. er þó víðtækari. Ákvæði almannatryggingalaganna um þetta nær aðeins til fastra starfsmanna. Hér er lagt til, að ákvæðið gildi einnig um þá tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga til uppsagnar skv. 1. gr. frv. Hér er um allmikla réttarbót að ræða frá því, sem áður hefur gilt, fyrir almenna verkamenn.

5. gr. er um það, að atvinnurekandi geti krafið launþega um læknisvottorð, ef um slys eða veikindi er að ræða, eða hann sanni á annan hátt, að hann hafi verið óvinnufær. Þetta ákvæði er í flestum kaupgjaldssamningum milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga og er því að mestu aðeins staðfesting á því, sem áður hefur verið gert.

6. gr. kveður á um ákvæði laga þessara, haggist til samningur milli atvinnurekenda og launþega um greiðslur á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir séu greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra. Í grg. er bent á, að launþegi hafi yfirleitt vanizt því að skoða slíkar sjúkragreiðslur sem hluta af launagreiðslum sínum, svo að afnám sjúkrapeningagreiðslunnar mundi hafa sömu áhrif fyrir þá og bein launalækkun.

Í 6. gr. eru venjuleg ákvæði varðandi viðskipti launþega og atvinnurekenda, t. d. að ákvæði, sem eru í samningum milli þessara aðila og veita launþega minni rétt en lög þessi gera ráð fyrir, skuli ógild vera. Séu aftur á móti í samningum ákvæði, sem eru hagstæðari launþegum, skulu þau halda gildi sínu.

Ég hef nú í stuttu máli skýrt frv. að nokkru og rætt um öll helztu atriði, sem það hefur inni að halda. Ég tel frv. í heild hið merkasta og að í því felist miklar réttarbætur frá því, sem nú er. Aðalatriði þess hafa verið mörg undanfarin ár baráttumál verkalýðssamtakanna við svo að segja allar samningsumleitanir, sem fram hafa farið á milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna. Sum af fagfélögunum hafa fengið inn í sína samninga sumt af þeim ákvæðum, sem eru í þessu frv., en hin almennu verkalýðsfélög hafa ekki með samningum náð þeim ákvæðum. Hinn almenni verkamaður hefur ekki haft neinn uppsagnarfrest, atvinnurekandinn gat, hvenær sem honum sýndist, sagt honum upp án nokkurs fyrirvara, jafnvel þó að viðkomandi verkamaður væri búinn að vinna árum saman hjá sama atvinnurekanda. Flestir munu sammála um, að slíkt öryggisleysi sé litt viðunandi og að full þörf hafi verið á því að fá setta löggjöf, sem tryggi frekar en orðið var verkafólk fyrir óþarfa uppsögnum af hendi atvinnurekandans.

Ég vil þó taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að margir atvinnurekendur hafa komið fram við verkafólk sitt með ágætum og ekki sýnt sig í að vera með óþarfa uppsagnir, og hafi til uppsagnar komið á fólki, sem búið hefur verið að vinna hjá þeim lengi á sama stað, hefur því í nokkrum tilfellum verið sagt upp með töluverðum fyrirvara. En þrátt fyrir einstakar undantekningar er það sameiginlegt álit verkalýðshreyfingarinnar, að hin mesta þörf sé fyrir löggjöf, sem dragi úr hinu tilfinnanlega öryggisleysi, sem verkafólkið nú býr við á þessu sviði. Hví skyldi embættismaður eða skrifstofumaður hafa slík forréttindi fram yfir hinar almennu vinnustéttir? Er vinna skrifstofumannsins eða embættismannsins það þýðingarmeiri en verkamannsins, sem vinnur á eyrinni, byggir húsin, leggur götur og vegi, vinnur í hraðfrystihúsi, eða sjómannsins, sem sækir fiskinn á haf út og leggur oft og tíðum líf sitt í hættu við slík störf? Um þetta má að sjálfsögðu deila. En eitt er þó staðreynd: Við getum því aðeins lifað í landi voru, að við framleiðum nægilega mikið af góðri og vandaðri framleiðsluvöru til útflutnings. Ef útflutningur okkar dregst saman, hljóta lífskjör okkar að rýrna og jafnvel hrun getur verið á næstu grösum. Svo þýðingarmikil eru störf þessa fólks, sem vinnur að framleiðslustörfunum. Þess vegna ber þjóðfélaginu að gera allt, sem hægt er, til að örva fólk til slíkra starfa og um leið tryggja það fyrir óþarfa áföllum og skapa því sem bezta og öruggasta afkomu.

Þetta frv. er ein af mörgum leiðum, sem þarf að fara til að ná því marki, sem verkalýðshreyfingin hefur sett sér sem ófrávíkjanlegt mark að keppa að, en það er fullkomið atvinnuöryggi til handa öllum, sem vilja og geta unnið við hagnýt framleiðslustörf.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 369).

19. Ríkisreikningurinn 1955.

Á 63. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1955 [148. mál] (stjfrv., A. 295).

Á 64. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið í sama formi og áður er venja um slík. Ég sé ekki ástæðu til að flytja framsöguræðu um málið, en óska eftir því, að því verði vísað til hv. fjhn. d. að lokinni þessari 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. gat um, þá er það ríkisreikningurinn fyrir 1955, sem hér er á dagskrá, og um hann hef ég heyrt það, að umframgreiðslur utan fjárlaga, sem um ræðir fyrir það ár, hafi orðið alveg óvenjulega miklar. Vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. um hans álit á því varðandi þennan reikning fyrir árið 1955 eða afkomuna á því ári, hvert væri hans álit um, hversu mikilli upphæð umframgreiðslur nemi. Ég hef að vísu heyrt nefndar tölur í þessu sambandi, en teldi réttara að heyra skýrslu hæstv. fjmrh. þar um.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, þá ber reikningurinn náttúrlega með sér, hvað umframgreiðslurnar eru. Á rekstrarreikningi er fjárlagaáætlunin 455 millj. rúmlega, og reikningurinn er 512, þannig að það eru 56 millj. kr. umframgreiðslur, það er sem sagt rúmlega 12%. Þetta eru náttúrlega talsvert miklar umframgreiðslur, en þær byggjast að langmestu leyti á því, hvað lögboðin gjöld hafa farið mikið fram úr áætlun. (**JJós:** Heyrði ég rétt, eru það 56 millj. kr.?) Rúmar 56 millj. á rekstrarreikningi.

Þetta gefur mér tilefni til þess að fara nokkrum orðum um umframgreiðslurnar yfirleitt, en þær hafa orðið mjög mismunandi miklar á undanförnum árum. Ég hef gert á þeim samanburð alveg aftur til 1924, umframgreiðslum á rekstrarreikningi. Ef maður miðar við þetta tímabil, hafa þær á árunum frá 1924—1950, á öllu því tímabili, aðeins tvisvar farið niður fyrir 15%. Annars hafa þær verið yfir 15%, og metið er 1942, þá eru umframgreiðslurnar 216% af fjárlagafjárhæðinni. Þá eru veittar á fjárl. 24 millj., en fara fram úr um 76 millj. Á árunum 1949, 1948, 1947, 1946, 1945 og 1944, þessum árum, eru þær lægstar 1949, 15.2%, en 1948 eru þær 16%, 1947 29%, 1946 33%, 1945 42%, 1944 38%, 1943 61% og 1942 216%. En svo aftur 1950 eru þær 1.1%, 1951 16.6%, og 1952 eru þær 7.6%, 1953 11.4%, 1954 11.5% og á þessum reikningi 12.4%, og 1956 eru þær 9.6%. Umframgreiðslur nú eru því miklu minni en þær yfirleitt hafa verið undanfarið, að undanskildum örfáum dæmum, þegar tókst að hafa þær lægri.

Það kemur hér margt til, aðallega þó þessi uppbótarbúskapur, sem við búum við, þar sem stórkostlegar fjárhæðir eru ákveðnar, eftir að fjárlög hafa verið afgr. Það er síður en svo, að hægt sé að kalla þessar umframgreiðslur óvenjulega miklar, miðað við það, sem reynslan hefur orðið. Þó eru þær vitanlega of miklar. Það þyrfti m. a. sannast að segja að áætla lögboðnu gjöldin yfirleitt mun hærri en gert hefur verið.

Jóhann Jósefsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið, en verð því miður að álíta, að þær muni ekki vera alveg tæmandi, ef þær fréttir, sem ég hef haft um umframgreiðslur þess árs, sem um er að ræða, eru réttar. Hæstv. ráðh. sagði, að það væru 56 millj., og tengdi það við rekstrarreikninginn og fór ekki frekar út í það mál, en kom svo aftur með upplýsingar um, hvað prósentvís umframgreiðslur hefðu verið á undanförnum árum á ýmsum sviðum.

Þetta skýrist nú allt betur, þegar málið verður athugað í n., og ég þarf ekki að vera að toga neitt meira út úr hæstv. ráðh. um þetta efni endilega núna, vegna þess að í n. mun vera hægt að fá skýringar á því. En mínar upplýsingar, sem ég hef eftir góðum heimildum, eru þær, að það ár, sem um er að ræða, hafi umframgreiðslur, þ. e. a. s. greiðslur, er orðið hafa utan fjárl., numið 146 millj. og nærri því 800 þús., en ekki einungis 56 millj., eins og hæstv. ráðh. vildi vera láta. — Sem sagt, eins og ég tók fram, þá ætlast ég ekki til að fá frá ráðh. við þetta tækifæri nánari skilgreiningu á þessu, af því að ég á sæti í þeirri n., sem málið fær til meðferðar, en það ber nokkuð mikið á milli um fjárupphæðirnar, á milli þeirra upplýsinga, sem ég hef um þetta annars staðar frá, og þeirrar tölu, sem hæstv. ráðh. nefndi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins taka það fram, að hv. þm. ætti ekki að þurfa að sækja neitt til mín í þessu, því að reikningurinn liggur fyrir, og finnst mér satt að segja, að það hefði verið lágmark, áður en hann fór að ræða þetta mál hér á þinginu, að hann hefði lesið reikninginn og kynnt sér þá sjálfur, hvað umframgreiðslurnar hefðu verið, í staðinn fyrir að láta einhvern segja sér eitthvað um þetta. Þessar tölur, sem hv. þm. Vestm. nefndi, eru svo gersamlega framandi mínum eyrum, að ég skil ekki, hvernig þær geta verið til komnar. Það, sem ég nefndi hér áðan, var rekstrarreikningurinn, en þó að eignabreytingar séu teknar til greina, þá skil ég ekki, hvernig þessar tölur hafa getað komið upp. En það er sjálfsagt, að þeir athugi þetta í n., sem þar eiga sæti, ef þeim sýnist. En annars á þetta að vera opið fyrir öllum þm.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 295, n. 311).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. á tveimur fundum

og borið það saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1955. Það kom þegar í ljós, þegar n. fór að gera samanburð á frv. og ríkisreikningnum, að nokkrum tölum bar ekki saman. Var þetta athugað nánar, mér að nokkru leyti falið að gera leiðréttingar á þessu í samráði við starfsmann úr fjmrn., og auk þess bað ég svo skrifstofu Alþingis að lesa tölurnar með mér, bera þær saman, eftir að samvinnu við starfsmanninn var lokið. Vona ég, að þær breytingar, sem n. leggur til að gerðar verði á frv., séu nú réttar, því að vitanlega er ríkisreikningurinn sjálfur réttur, eða a. m. k. engin tök á að sjá annað. Hann er endurskoðaður, eins og venja er til, af yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins, og hafa þeir ekki gert tölulegar athugasemdir við niðurstöðurnar.

Hins vegar hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna að vanda gert nokkrar aths. út af ýmsu, sem reikninginn varðar. Þeim aths. hefur fjmrh. svarað að forminu til og yfirskoðunarmenn gert sínar tillögur að fengnum svörum ráðherra. Tillögur þeirra eru ýmist um það, að við svo búið megi standa, við svo búið verði að standa eða aths. sé til eftirbreytni framvegis o. s. frv., en engum af aths. vísa yfirskoðunarmennirnir nú til aðgerða Alþ., eins og þó hefur oft verið venja, að þeir hafa gert. Og það skal tekið fram, að að þessu sinni eru aths. óvenjulega fáar, sem þeir gera. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða að öðru leyti um ríkisreikninginn frekar, þar sem engri aths. er vísað til aðgerða Alþingis, en venja hefur verið að ræða sérstaklega um þær athugasemdir, sem þá meðferð hljóta.

Þær leiðréttingar, sem n. gerir á frv. til samræmis við rekstrarreikning ríkisins, skipta ekki miklum fjárhæðum, en samtals verða þær þó til að lækka greiðslujöfnuðinn úr kr. 79371372.60 í kr. 71826670.24, og er þá munurinn samtals kr. 7544702.36.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja hér, hvaða breytingar þetta eru að öðru leyti, sem n. leggur til að gera á frv. Það geta menn séð með samanburði við rekstrarreikning, enda eru þetta aðeins leiðréttingar.

ATKVGR.
Brtt. 311 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til **3. umr.** (A. 324, 329).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 329. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég ber fram litla brtt. á þskj. 329 við þetta frv. um að hækka 13. liðinn um 100 þús. kr., og er það í samræmi við rekstrarreikning ríkisins.

Það er dálítið einkennilegt, að ég skuli þurfa að bera þessa brtt. fram, og líka það, að ég ber hana fram persónulega, en hún er ekki frá n. Mér þótti ekki taka því að kalla n. saman út af þessu, því að það einkennilega er, að nefndin var búin að samþykkja að bera fram þessa till. ásamt öðrum till., sem bornar voru fram við 2. umr., en af mér alveg óskiljanlegum ástæðum hefur það fallið niður einhvers staðar á leiðinni og þessi till. því aldrei verið formlega samþykkt í deildinni. En þó var nú frv. prentað í fyrstu þannig, að tekið hafði verið fullt tillit til þessarar brtt., og ekki þarf að breyta greiðslujöfnuðinum neitt, þó að till. sé samþykkt, vegna þess að till. n. um greiðslujöfnuðinn er byggð á því, að þessi breyting sé gerð, sem ég legg nú til. Ég lít því á þetta sem algert formsatriði og býst við, að enginn hafi neitt á móti því að leiðrétta frv. á þennan hátt.

ATKVGR.
Brtt. 329 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 332).

Á 71. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum er sett upp á sama hátt og áður hefur tíðkazt. Sé ég ekki ástæðu til að fylgja því úr hlaði með framsöguræðu, en óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr., og vil geta þess, að málið er komið frá hv. Ed.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem mig langaði til að minnast á við þessa umr. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að ríkisreikningurinn er í þetta sinn eins úr garði gerður og áður hefur verið. En það er eitt atriði, sem ég hefði viljað beina til hans, hvort hann vildi taka til athugunar. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera það í þetta sinn varðandi þennan ríkisreikning, en mætti gera það við næsta ríkisreikning.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, hefur á undanförnum árum orðið allverulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði og honum verið ráðstafað í tiltekna hluti. Ég hygg hins vegar, að hv. þm. muni komast að raun um, að það er dálítið erfitt að finna út úr ríkisreikningnum, hver er raunverulegur greiðsluafgangur ríkissjóðs, og það byggist á uppsetningu reikningsins. Þetta stafar ekki af því, að það sé á neinn hátt rangt frá honum gengið eða á neinn hátt viljandi verið að villa um fyrir mönnum, heldur er hann bókhaldslega þannig upp settur, að það er illgerlegt nema með allverulegri þekkingu á þessum málum að finna út, hver er afkoma, raunveruleg afkoma ríkissjóðs, þ. e. a. s. hvort það er raunverulegur greiðsluafgangur eða ekki hjá ríkissjóði.

Ég hef átt þess kost að sjá sérstaka útreikninga í þessu sambandi, sem upp hafa verið settir til þess að finna út greiðsluafganginn á undanförnum árum, en það kemur í ljós, að út úr ríkis-

reikningnum sjálfum er næsta erfitt að finna þetta nema fyrir fróða menn. Þetta álít ég mjög bagalegt, og þó að ekki sé vafalaust hægt að breyta uppsetningu ríkisreikningsins sjálfs, þá mun vera mjög auðvelt að láta fylgja með sérstakt yfirlit, sem þetta sýnir. Sjóðsyfirlitið er ekki raunverulegur mælikvarði í þessu efni, og þyrfti því að koma þarna til sérstakt yfirlit, sem glöggt leiddi þetta í ljós, þannig að auðvelt væri að sjá þetta frá ári til árs. Þessu vildi ég beina til hæstv. ráðh., hvort hann teldi ekki ástæðu til að gera hér á nokkra bragarbót til upplýsingar fyrir þingmenn.

Það er enn fremur annað atriði í sambandi við ríkisreikninginn, sem alltaf veldur töluverðum deilum. Það kann vel að vera erfitt að setja reikninginn upp á þann hátt, að glöggt verði séð í skyndingu, hver raunveruleg niðurstaða sé í því efni. En hv. þingmönnum er kunnugt um, að það hafa verið hér oft uppi töluverðar deilur um það, hvernig ætti að líta á 20. gr., eignahreyfingar, hvað af henni væri eðlilegt að taka með í fjáraukalög og hvað ekki, og það hefur stundum munað allverulegum upphæðum, sem á milli hefur borið, t. d. skilnings fjvn. á því, hvað eðlilegt væri að taka með í fjáraukalög, og skilnings ráðuneytisins. Þetta er vitanlega einnig mjög bagalegt, að ekki skuli vera hægt að setja þetta upp á þann hátt, að það liggi nokkurn veginn í augum uppi, og sýnist vera eðlilegast, að 20. gr. sé þannig upp raðað, einstökum liðum hennar, að teknir séu sér allir þeir liðir, sem eðlilegt er að komi í fjáraukalög. Það er að sjálfsögðu enginn ágreiningur um það, að í fjáraukalög eiga að koma allir þeir liðir, sem í fjárlögum eru hverju sinni, ef þeir fara fram úr áætlun, enda eru þeir sérstaklega upp settir í 20. gr., en það koma einnig til ýmsir aðrir viðbótarliðir í þeirri grein, sem er jafnsjálfsagt að taka með í fjáraukalög, og enn fremur aðrir liðir, sem ekki er eðlilegt að þar séu teknir með. Þessu er einnig allverulega erfitt að átta sig á, eins og komið hefur fram í ágreiningi um þetta efni, og ég teldi, að það væri til mikilla bóta, ef auðið væri að haga uppsetningu þessarar gr. þannig, að það lægi ljóst fyrir með því að fletta upp reikningnum, hvernig ástatt er um það, hvað er eðlilegt að telja að þessi gr. fari mikið fram úr áætlun hverju sinni, svo að auðvelt verði um samanburð.

Þessum tveimur atriðum vildi ég leyfa mér að beina til hæstv. ráðh., en sé ekki að öðru leyti ástæðu til þess að orðlengja um ríkisreikninginn á þessu stigi málsins að minnsta kosti.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. tók fram, að það þarf að reikna sér dálítið til til þess að sjá eftir ríkisreikningnum, hver sé greiðsluafgangur eða greiðsluhalli í ríkisbúskapnum. Það hefur oft komið til orða í fjmrn., að það mundi máske rétt að láta fylgja uppsetningu á þessu sérstaklega, eins konar fylgiskjal með reikningnum. En það hefur aldrei orðið úr þessu, vegna þess að mönnum hefur fundizt, að það væri hægt að sjá þetta eftir reikningnum svo auðveldlega, að hverjum einum væri auðvelt að setja dæmið upp. Það er sjálfsagt að taka þetta til athugunar, og gæti vel komið til mála að mínu viti að gera þetta, sem hv. þm. tók fram. En það yrði þá að vera, eins og ég held að hann hafi nú vikið að, eins konar fskj. með reikningnum. Þessa þarf ekki fyrir það, að reikningnum sé neitt ábótavant, eins og við vitum, heldur aðeins af því, að það þarf að taka út úr vissa viðskiptaliði á greiðslureikningnum, sem ekki hafa bein áhrif á sjálfa greiðsluniðurstöðuna. Eftir reikningnum er auðvitað ævinlega augljóst í einni tölu, hver rekstrarafkoman er, en á hinn bóginn þarf að skoða nokkra liði og setja þá upp fyrir sér til þess að komast að niðurstöðu um greiðslujöfnuðinn.

Það hefur myndazt nokkuð föst venja í umræðum um það, hvernig tölurnar eru settar upp til þess að finna greiðslujöfnuðinn eða hvað það er, sem kallaður er greiðsluhalli eða afgangur í ríkisbúskapnum. Þá hafa verið teknar með allar rekstrartekjurnar og það, sem innborgað er af áður lánuðu fé, en á móti hafa svo verið tekin öll rekstrarútgjöldin, afborganir af föstum lánum, og svo allt það, sem ríkið hefur fest á árinu til viðbótar og telst til eignaauknigar. Þannig hefur þetta verið sett upp og myndazt föst venja. Mismunurinn á þessu er kallað ýmist greiðsluhalli eða greiðsluafgangur. Þetta þýðir, að við tölum ekki um greiðsluafgang, nema ríkið hafi getað borgað öll sín rekstrarútgjöld og alla sína fjárfestingu og allar sínar föstu afborganir af rekstrartekjunum að viðbættu því, sem ríkið hefur fengið inn í afborganir og vexti af útistandandi fé. En svo hefur líka verið sá háttur hafður á hér til viðbótar, að ef ríkið hefur tekið löng lán til þess að koma upp arðbærum fyrirtækjum, hefur það ekki verið talið hafa áhrif á greiðslujöfnuð þess árs, eins og eðlilegt er. En þetta veldur auðvitað því, að það þarf að reikna dálítið upp úr eignahreyfingakaflanum til þess að sjá niðurstöðuna, því að fyrir utan þessar greiðslur eru í honum fjárhæðir eins og auknar innstæður á vissum reikningum og lækkanir eða hækkanir á lausaskuldum, sem ekki er talið með, þegar greiðslujöfnuðurinn er fundinn, þ. e. a. s. greiðsluhallinn eða greiðsluafgangurinn. Ég mun taka það til athugunar, sem hv. þm. sagði um þetta, og þetta er einmitt það, sem okkur hefur oft dottið í hug, þó að ekki hafi orðið úr því.

En það er eitt í þessu enn. Það getur aðeins komið fyrir, að það sé álitamál, hvernig eigi að setja upp viðskiptaliði í þessu sambandi. Við skulum segja t. d. fjárhæðir eins og þær, sem lagðar eru í húsbygginga- og framkvæmdasjóði ríkisstofnana, hvort það eigi að telja með útgreiðslum eða ekki, þegar greiðslujöfnuðurinn er fundinn. Það er fé, sem ekki hefur komið í ríkissjóð, en ekki heldur eytt, heldur lagt til hliðar hjá stofnununum sjálfum. Það getur sem sagt verið álitamál um einstaka liði.

Varðandi fjáraukalögin held ég að ekki séu mikil brögð lengur að ágreiningi. Ég stend í þeirri meiningu, að það sé komin nokkuð föst venja um, hvernig fjáraukalögin eru sett upp og þá hvaða liðir af 20. gr. eru teknir inn á fjáraukalögin. A. m. k. þarf að myndast um það

föst venja hjá rn. og Alþingi. Þarf að vinna að því, að það verði algerlega föst venja um það. Annars er tilgangur fjáraukalaganna sá, að með því að setja upp fjáraukalög yfir allar greiðslur, sem ekki eru greiddar eftir fjárlögunum sjálfum, þá á að tryggja, að samþykktar séu endanlega allar greiðslur úr ríkissjóði. Samkv. því er nauðsynlegt að setja inn á fjáraukalögin allt það, sem ekki er þá bara hreyfingar á viðskiptareikningum eins og hlaupandi innistæðum og lausaskuldum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 375).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað frv. það, sem liggur fyrir, á þann hátt að bera saman tölur frv. og niðurstöður ríkisreikninganna, og þar sem ekkert athugavert hefur komið fram við þann samanburð, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þessi ríkisreikningur, sem hér liggur fyrir til 2. umr. og er fyrir árið 1955, hefur nú verið nokkuð ræddur í sambandi við önnur mál, sem fyrir þinginu liggja og munu vera geymd hjá hv. fjhn. og bæði fjalla um eftirlit með fjáreyðslu hjá ríkinu.

Það hefur verið nokkuð á það minnzt af þeim mönnum, sem helzt verja fjármálastjórnina, að það líti ekki út fyrir, að það sé mikil alvara í athugasemdum okkar yfirskoðunarmanna, vegna þess að við vísum ekki neinum af þeim til aðgerða Alþingis. En þess er að gæta, að síðan þessum reikningi var lokað, eru liðin um það bil 2 ár, og ýmislegt hefur síðan gerzt, og ber m. a. að segja það, sem ég hef vikið að áður, að þó að mér og öðrum þætti sú hæstv. stjórn, sem var við völd 1955, nokkuð eyðslusöm, þá hefur hennar eyðsla horfið í skuggann fyrir þeim ósköpum, sem síðan hafa gerzt í fjármeðferð þeirrar ríkisstj., sem nú er ríkjandi, enda þótt sami fjármálaráðherrann hafi verið í báðum og svipurinn sé þess vegna nokkuð líkur. En þess er að geta, að síðan þessum reikningi var lokað, höfum við séð samþykkt tveggja ára fjárlög, fyrir árið 1957 og 1958, því að fjárlög fyrir árið 1956 voru samþykkt áður en þessi reikningur var tilbúinn, og auk þess höfum við hér fyrir okkur á borðum þingmanna ríkisreikninginn fyrir 1956, og öll þessi þrjú plögg, fjárlögin fyrir þessi tvö ár og ríkisreikningurinn fyrir 1956, eru þannig, að það er eiginlega að kalla má slegið striki yfir alla þá fjáreyðslu, sem átti sér stað á árinu 1955, enda þótt ýmislegt, sem við gerum athugasemdir við samkvæmt þessum reikningi, sem hér liggur fyrir, og leggjum til að úrskurða þannig, að það sé til athugunar framvegis og til eftirbreytni o. s. frv., án þess að vísa því til aðgerða Alþingis, það sýnir það og sannar, að hér er mikil breyting á orðin. Auk þess verð ég sem einn af yfirskoðunarmönnum og sá eini, sem nú á sæti á Alþingi, að taka það fram, að svar varðandi þessi atriði frá minni hálfu felst að miklu leyti í því frv., sem ég hef lagt hér fram og farið hefur til 2. umr. og liggur hjá hv. fjhn. og vænta má að hún skili áliti um, áður en þessu þingi er lokið.

Út í einstakar athugasemdir, sem fylgja þessum reikningi, svör við þeim og úrskurðartillögur, skal ég ekki fara, nema tilefni gefist til, og mæli að sjálfsögðu með því eins og hv. fjhn. og frsm. hennar, að reikningurinn verði samþykktur eins og hann liggur fyrir.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 404).

---

20. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Á 28. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um viðauka við l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip** [125. mál] (stjfrv., A. 250).

Á 54., 56. og 57. fundi í Nd., 20., 25. og 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur sjútvmrn. látið semja, og fjallar það um að koma þeim mikla vanda, sem stafar af þurrafúa í vélbátum, af því stigi, sem það hefur verið, en ríkissjóður hefur staðið í miklum ábyrgðum vegna þeirra miklu áfalla, sem bátaeigendur hafa orðið fyrir af völdum þurrafúans. En nú er ætlunin að koma þessu máli á tryggingagrundvöll, og sýnist svo vegna athugana, sem gerðar hafa verið á málinu, að það muni verða öllu heppilegra form til þess að snúast við þessum vanda. Það má, svona til þess að rifja þetta mál nokkuð upp, hvernig vandinn hefur hvílt á ríkissjóði, skýra frá því, að á fjárlögunum 1955 var fyrst heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir þá bátaeigendur, sem yrðu fyrir því óhappi eða áfalli, að bráðafúi kæmi upp í bátum þeirra. Þá var heimilað að verja allt að 2 millj. kr. í þessu skyni. Næsta ár, 1956, var á fjárlögum veitt 1.3 millj. kr. ábyrgð og 1957 sama upphæð, 1.3 millj. Og 1958 er nú heimild til þess að verja 8 millj. kr. í þessu skyni, enda lágu þá fyrir upplýsingar um, að stórskemmdir höfðu orðið á mörgum skipum og mátti í raun

og veru horfast í augu við þá alvöru, að flestir vélbátar, keyptir inn á ákveðnu árabili, mundu vera með stórskemmdum eða meiri eða minni skemmdum af völdum þurrafúans. Ríkisstj. hefur sem sé rætt um þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri að koma þessu vandamáli á grundvöll tryggingaformsins, og er frv. miðað við það.

Ég legg til, að frv. verði vísað að umr. lokinni til sjútvn., þó að það sé nú öðrum þræði og aðallega tryggingamál.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh., sem talaði hér áðan, um það, hvað mikils virði er fyrir útveginn að fá bætt það tjón, sem útgerðarmenn verða fyrir af þessum bráðafúa. Nú hagar þannig til, að þegar menn verða fyrir þessu tjóni, eiga þeir undir högg að sækja með það, hafa að vísu fengið ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánunum, sem þeir hafa fengið, en það hefur oft farið í það mikill tími og verið erfiður róður. Ég held því, að það sé til bóta að skipa þessum málum fast, eins og gert er ráð fyrir hér.

Ég sakna aðeins eins í þessu. Mér er sagt, að nú sé farið að nota í Danmörku efni til þess að verjast þessum bráðafúa. Reynsla er kannske ekki komin mikil á það enn þá, en þó það mikil, að bátaábyrgðarfélögin dönsku taka í tryggingu báta, sem hafa verið varðir með þessu efni, en ekki aðra báta. Ef þetta er rétt, þá held ég vert væri fyrir okkur að athuga þetta og vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að þetta mál sé athugað nánar.

Það er vitanlega mests um vert fyrir okkur, ef hægt væri að koma í veg fyrir, að þessa fúa verði vart eða komi fram í þeim skipum, sem við látum byggja hér eftir. Þetta hefur farið sívaxandi undanfarið, og það er miklu meira vert fyrir okkur að koma í veg fyrir, að það haldi áfram að verða svo í vaxandi mæli, heldur en þó að við jafnvel getum komið okkur niður á, hvernig eigi að greiða skemmdirnar, þegar þær verða, að hvað miklu leyti af ríkissjóði og að hvað miklu leyti bátaeigendur eigi sjálfir að bera kostnaðinn, eins og virðist vera gert ráð fyrir, en þó ekki fyllilega ljóst í hvaða hlutföllum í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Það var aðallega til þess að vekja athygli á þessu, að ég tók til máls, að fyllilega verði athugað um þetta nýja lyf, ef svo mætti segja, sem farið er að nota í Danmörku og með það góðum árangri, að bátaábyrgðarfélögin dönsku taka að sér að tryggja þá báta, sem eru byggðir og varðir með þessu lyfi, um leið og þeir eru byggðir, en ekki aðra báta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 313, 314).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr. á þskj. 250, er flutt af hæstv. ríkisstj.

Það er upphaf þessa máls, að fyrir nokkrum árum fór að verða vart óvenjumikilla fúaskemmda í íslenzkum fiskibátum úr tré. Nú er það að vísu engin nýlunda, að tré fúni, og ekki heldur neitt einsdæmi, að fúaskemmdir komi fram í gömlum skipum. En hér var yfirleitt um nýleg skip að ræða og skemmdirnar furðumiklar miðað við það, sem áður hafði þekkzt hér á landi.

Þessi mikli skipafúi á síðustu árum hefur almennt gengið undir nafninu þurrafúi, sem sérfróðir menn telja nú rangnefni, en í frv. því, sem hér liggur fyrir, er í stað þess notað orðið bráðafúi, sbr. bráðafár, sem er ágætt orð og gefur til kynna það, sem sérstaklega einkennir þessar fúaskemmdir, að þær breiðast út á mjög skömmum tíma.

Eins og tekið er fram í grg. þessa frv., telja fróðir menn sig nú vita með vissu, hvað bráðafúanum valdi, og er að þessu vikið í grg. á þskj. 250 á bls. 3. Bráðafúanum valda lífverur úr jurtaríkinu, fúasveppir, og þá sérstaklega þær tegundir fúasveppa, sem tilgreindar eru í 1. gr. frv., einkum svonefndur kjallarasveppur eða „coniophora cerebella".

Skemmdir af völdum þessara sveppategunda eru kunnar víða um lönd, og er ýmislegur fróðleikur um það efni í riti um fúa í tréskipum, sem Iðnaðarmálastofnun Íslands gaf út árið 1956.

Í þessu riti frá Iðnaðarmálastofnuninni er m. a. grg. um þetta efni frá þekktri vísindastofnun í Bretlandi, þýdd af dr. Sigurði Péturssyni gerlafræðingi, sem er starfsmaður við atvinnudeild háskólans. En skemmt tré úr íslenzkum skipum hefur verið sent til rannsóknar erlendis, og hafa þar fundizt fúasveppir þeir, sem ég hef áður nefnt.

Þá hefur nokkuð verið unnið að því að reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig á því standi, að bráðafúinn hefur verið svo skæður sem raun er á í fiskibátum hér á landi nú í seinni tíð, og í grg. frv. er einnig sagt frá helztu niðurstöðum í þeim efnum.

Þó má segja, að enn sem komið er sé þar fremur um líkur að ræða en vissu. Á það er bent í grg. m. a., að meira sé um það nú en áður, að skip séu byggð úr hráum viði, sem ekki hafi fengið hæfilegan geymslutíma og rétta verkun, í öðru lagi, að loftstreymi sé ófullnægjandi í skipunum, og í þriðja lagi, að salt sé nú lítið notað í fiskibátum, miðað við það, sem áður var, en í því kunni að hafa verið nokkur fúavörn.

Við smíði tréskips hefur sem kunnugt er verið reynd notkun ýmissa fúavarnaefni, og er sjálfsagt að styðja tilraunir í þá átt. Verður að vænta þess, að sú stofnun, sem væntanlega bráðafúatryggingu hefur með höndum, fylgist með nýjungum, sem fram kunna að koma á þessu sviði, og beiti aðstöðu sinni til að hafa áhrif á notkun þeirra, eftir því sem reynsla gefur tilefni til.

Fyrir nokkrum árum voru svo mikil brögð orðin að bráðafúanum, að sýnt þótti, að hér væri um nýtt og alvarlegt vandamál að ræða. Þá var svo komið, að dýrar viðgerðir höfðu farið fram á mörgum skipum af þessum sökum, og varð þá að gera ráðstafanir til þess, að eigendur

skipanna gætu staðið straum af viðgerðunum, þar sem erfitt var að fá nægileg lán í þessu skyni gegn tryggingu í skipunum.

Árið 1954 var ríkisstj. í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1955 heimilað að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin nema allt að 2 millj. kr. Í fjárlögum fyrir árið 1956 og 1957 var veitt sams konar heimild og upphæðin þá ákveðin allt að 1.3 millj. kr. hvort ár, en í fjárlögum fyrir árið 1958 var enn bætt við 8 millj. kr. heimild í þessu skyni.

Alþingi hefur því, eftir því sem ég kemst næst, alls heimilað ábyrgð í þessu skyni, sem nemur 12.6 millj. kr.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem sjútvn. hefur fengið hjá atvmrn., hafa á árunum 1955—57, eða á þeim tíma, sem þessi ábyrgðarheimild hefur verið í gildi, eða mestum hluta hans, verið tekin lán með ríkisábyrgð vegna bráðafúa út á 42 fiskibáta, samtals að upphæð nálega 10.2 millj. kr., en auk þess liggja nú fyrir umsóknir um lán út á 10 fiskibáta, og ríkisábyrgðarlán vegna þeirra eru áætluð samtals um 4.8 millj. kr.

Ég skal taka fram, að þessar tölur eru nokkru hærri en tilgreint er í grg. frv., og er það vegna þess að nokkuð er liðið síðan grg. var samin.

Hér er því um að ræða rúmlega 50 skip, sem þarfnazt hafa meiri og minni viðgerða vegna bráðafúa á því tímabili, sem hér er um að ræða, og kostnaður við hvert skip ca. 300 þús. kr. að meðaltali, en sumar viðgerðirnar hafa þó kostað miklu meira en þeirri upphæð nemur.

Það er því auðsætt, að skipaeigendum er um megn að standa sjálfir straum af því tjóni, sem hér getur verið um að ræða. Virðist þá eðlilegast, eins og gert er ráð fyrir í frv., að koma upp sérstakri tryggingu gegn bráðafúa og þá jafnframt að gera það, sem unnt er, til að koma í veg fyrir skemmdirnar og finna þær sem fyrst, þar sem um þær er að ræða.

Í frv. er gert ráð fyrir, að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem nú annast almennt vélbátatryggingar, hafi vátryggingu vegna bráðafúa með höndum og að skyldutryggingin nái til allra tréskipa með þilfari, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland.

Samkvæmt 5. gr. verða bráðafúatryggingarnar sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi. Gert er ráð fyrir, að Samábyrgðin endurtryggi þann hluta áhættunnar, sem hún telur sér ekki fært að bera sjálf, og er þá jafnframt gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki að sér endurtrygginguna fyrst um sinn, en reynt verði að fá endurtryggingu erlendis, þegar það þykir henta og þess er kostur.

Í samræmi við það, sem ég hef áður sagt eða bent á um nauðsyn þess, að fúaskemmdir finnist sem fyrst, er skipaskoðun ríkisins í 4. gr. gert skylt að láta fara fram sérstaka bráðafúarannsókn á tréskipum ár hvert og tilkynna Samábyrgðinni, ef bráðafúaskemmda verður vart.

Það er og vonandi, að með þessu takist að draga eitthvað úr útbreiðslu fúaskemmdanna og þá jafnframt viðgerðarkostnaðinum.

Þá má segja, að ekki sé útilokað, að einhver ný fúavarnaefni komi til sögunnar, og er, eins og ég sagði áðan, nauðsynlegt að fylgjast vel með öllum nýjungum, sem fram koma á því sviði, eins og raunar var bent á af einum hv. þm. við 1. umr. þessa máls.

Erlendis er nú farið að byggja mikið af fiskibátum úr stáli, en innflutningur slíkra báta hingað er fyrir nokkru hafinn, og má gera ráð fyrir, að hann fari vaxandi, ef reynslan af þeim stálbátum, sem nú eru í notkun, verður sæmileg.

Þá eru nú að koma til sögunnar ný efni til skipasmíða, sem áður voru óþekkt, þótt enn sé of snemmt að spá um notkunargildi þeirra, en það eru efni, sem væntanlega mundu ekki fúna.

Það er því vel hugsanlegt, að þeim vanda, sem af bráðafúanum stafar, verði áður en langt líður bægt frá bátaútgerðinni, a. m. k. að verulegu leyti, en á meðan svo er ekki, verður að sjá svo um, að tjónið verði mönnum ekki ofviða, þeim sem fyrir því verða, og finna til þess viðunandi leið.

Sjútvn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir, og rætt það á nefndarfundum. Nefndin hefur rætt við fulltrúa frá skipaskoðun ríkisins, fengið upplýsingar hjá atvmrn. varðandi bráðafúalán og ýmis einstök atriði í frv. og kynnt sér ýmislegt, sem fram hefur komið opinberlega um þetta mál undanfarið.

Að athuguðu máli eru nm. sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með nokkrum minni háttar breytingum, sem tilgreindar eru á þskj. 313, en þar að auki flytur meiri hluti n. eina brtt., sem prentuð er á þskj. 314.

Ég skal taka það fram, að í frv. eru eitt eða tvö atriði að auki, sem nefndin hefur hugsað sér að athuga nánar milli umræðna og hefur unnið að því að afla sér upplýsinga um hjá ráðuneytinu.

Brtt., sem nefndin ber fram á þskj. 313, eru við 3., 4. og 6. gr. Brtt. við 3. og 4. gr. eru aðeins orðalagsbreytingar, og felst ekki í þeim nein breyting á efni frv., orðalag aðeins fært til betri vegar að nefndarinnar dómi. En brtt. við 6. gr. hefur í för með sér nokkra efnisbreytingu. Í 6. gr. er ákveðið, að ágreiningur, ef hann verður til staðar milli vátryggða og vátryggjanda, skuli lagður í gerð og í gerðardómi skuli vera 3 menn, tilnefndir af hæstarétti. Síðan segir í 2. mgr., að gerðardómur skuli háður í Reykjavík. Þetta virðist n. óþarft ákvæði, að gerðardómurinn skuli háður í Rvík, og sé rétt að hafa þetta atriði óbundið.

Þá skal ég geta brtt. á þskj. 314, sem flutt er af þrem nm. Hún er við 5. gr. og fjallar um endurtryggingu hjá ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað, a. m. k. fyrst um sinn. Í brtt. er svo fyrir mælt, að á meðan leita þurfi endurtryggingar hjá ríkissjóði, skuli ákvörðun iðgjalda háð samþykki atvmrn. og fjmrn.

Þetta sýnist okkur, sem að till. stöndum, eðlilegt og sjálfsagt ákvæði, og er þess að vænta, að menn geti á það fallizt, að svo sé.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð, sem ég vildi segja í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Hv. frsm. sjútvn. hefur nú gert grein fyrir afstöðu n. til málsins, eins og hún liggur fyrir á þskj. 313, og hef ég ekki neinu við það að bæta, sem hann sagði um það efni.

Ég vildi aðeins í sambandi við brtt. meiri hl. n. á þskj. 314 segja það, að mér og hv. þm. Snæf. þótti ekki ástæða til að kveða nánar að um þetta efni en gert er í 5. gr. frv., þar sem sagt er, að meðan leita þurfi endurtryggingar hjá ríkissjóði, skuli hafa samráð við fjmrn. um ákvörðun iðgjalda. Þar sem þetta frv. er stjórnarfrv., sem flutt er eftir ósk ríkisstj., litum við svo á, að það mundi vera samkomulag um það innan ríkisstj. að kveða ekki ákveðnar á um þetta efni heldur en gert er í 5. gr. frv., en ég geri hins vegar alveg ráð fyrir því, að það muni bera að sama brunni um þetta, hvort ákvæði þessi standa óbreytt eða samþykkt verður brtt. á þskj. 314, því að samkomulag verður að sjálfsögðu að fást um þetta milli þeirra ráðuneyta, sem þetta mál tekur til í ríkisstj.

Þá vildi ég aðeins drepa á, að það var nokkuð um það rætt í sjútvn., að nauðsynlegt mundi verða, meðan núverandi ástand helzt að því er snertir efnahagsmálin og í sambandi við útgerðina, að sú iðgjaldagreiðsla, sem allþungbær verður fyrir útgerðina og fellur á hennar herðar í sambandi við þetta frv., mundi verða að sæta sömu meðferð og er um aðrar iðgjaldagreiðslur útvegsins, og ég geri ráð fyrir því, að ef þetta mál hefði legið þannig fyrir fyrir áramótin, þegar verið var að semja um útgerðina, að þá hefði þannig verið að farið, að um hvort tveggja þetta hefði gilt hið sama.

Ég vildi láta það koma hér fram, sem um þetta var rætt, og ég fyrir mitt leyti verð að telja eðlilegt, að um hvorar tveggja þessar iðgjaldagreiðslur giltu hvað þetta snertir sömu ákvæði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 313,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 313,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 314 samþ. með 13:8 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 313,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 325, 328).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að gera grein fyrir brtt. á þskj. 328, sem flutt er af sjútvn. Það er brtt. við 7. gr. varðandi gildistöku þeirra ákvæða, sem þar er um að ræða, að í staðinn fyrir 1. marz komi 15. apríl. Við höfum gert þessa brtt. í samráði við atvmrn., vegna þess að gera má ráð fyrir, að afgreiðsla frv. geti dregizt enn nokkurn tíma, þar sem það á eftir að fara í gegnum hv. Ed.

ATKVGR.
Brtt. 328 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 333).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 333, n. 377, 379).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., er stjórnarfrv., komið frá Nd. Sjútvn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en hins vegar flytur hún tvær smávægilegar brtt. á þskj. 379. Er fyrri till. einvörðungu orðalagsbreyting, sem gerð er samkv. ábendingu fræðimanna, sem unnu að undirbúningi frv., en hin síðari er flutt af þeirri augljósu ástæðu, að málið mun ekki hljóta afgreiðslu fyrir þann tíma, sem ákveðinn er að lögin taki gildi, þ. e. a. s. gildistíminn verði frá 1. maí, en ekki 15. apríl, eins og nú er gert ráð fyrir í frv. eftir meðferð hv. Nd.

Aðalefni þessa frv. er það, að tekin verði upp skyldutrygging á öllum íslenzkum tréskipum, sem stunda fiskveiðar og ekki hafa þilfar, gagnvart svonefndum bráðafúa, sem hefur valdið miklu tjóni á íslenzkum fiskiskipum nú á seinni árum. Þó að svo sé ákveðið í 1. gr. frv., að þessi skyldutrygging nái ekki til opinna vélbáta eða skipa, sem annað stunda en fiskveiðar, þá er þó svo ákveðið í þessari sömu grein, að Samábyrgðinni, sem ætlað er að annast þessar tryggingar, sé einnig skylt að vátryggja slík skip, ef eigendur þeirra óska þess, með þeim kjörum, sem ráðh. ákveður í samráði við Samábyrgðina.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um það, að skipin skuli metin til fjár eftir gildandi matsreglum bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar.

Það þykir nauðsynlegt í sambandi við framkvæmd þessara fyrirhuguðu laga, að allur sá floti, sem tryggja þarf, verði metinn. Enda þótt þær skemmdir, sem hér ræðir um, séu eingöngu á tré skipanna, þá er það augljóst, að verði slíkar skemmdir verulegar, þarf oft og tíðum að rífa ýmislegt annað, vélar upp úr skipum og annað slíkt, og þykir því nauðsynlegt að meta allt skipið til fjár, þegar grundvöllur er lagður að þessari tryggingu.

Þá er í frv. ákvæði um það, að árgjöld skuli ákveðin árlega af ráðherra í samráði við Samábyrgðina og að þessi árgjöld séu miðuð við áhættu samkvæmt reynslu síðustu 3 ára. Þessi ákvæði stafa af því, að verðmæti þess flota, sem þarna ræðir um, breytist ár frá ári, og einnig má gera ráð fyrir því, að áhætta kunni að minnka verulega, þegar þau ákvæði taka

gildi, sem tryggja betra eftirlit með þessum skemmdum, og að reynt verði frekar en undanfarið hefur verið gert að koma í veg fyrir, að þær komist á hættulegt stig.

Í sambandi við þetta eru ákvæði um það í 4. gr. frv., að árleg skoðun fari fram á öllum tréskipum til þess að kanna, hvort skemmdir af bráðafúa séu finnanlegar, og á það að geta komið í veg fyrir, að þær nái því marki að hafa valdið tilfinnanlegu tjóni. A. m. k. má ætla, að þar sé um verulega breytingu til bóta að ræða frá því, sem verið hefur.

Loks eru svo ákvæði í frv. um það, að tryggingarnar skuli vera sérstök deild í Samábyrgðinni og stjórn hennar ákveði með hliðsjón af hag sínum, hve mikinn hluta áhættunnar hún beri í sambandi við trygginguna, en hins vegar verði ríkissjóður endurtryggjandi, a. m. k. fyrst um sinn, og taki þannig á sig þá áhættu, sem eftir verður, þegar eigendur skipanna hafa samkvæmt ákvæðum um lágmark bótaskyldu tekið sinn hluta og Samábyrgðin sinn.

Aðalvinningurinn við þetta frv. virðist vera sá, að öryggi útgerðarinnar gagnvart þeim stórfelldu og óviðráðanlegu áföllum, sem hún hefur orðið fyrir á undanförnum árum í sambandi við bráðafúann, aukist, í öðru lagi, að byrðar ríkissjóðs, sem á undanförnum árum hefur orðið að taka á sig milljónabyrðar vegna fúaskemmda í skipum, minnki, og í þriðja lagi, eins og ég hef drepið á áður, að unnið verði betur að því að koma í veg fyrir tjón af völdum þessa vágests í fiskiskipum okkar og þá um leið að öryggi bæði skipa og áhafna verði meira en áður hefur verið í sambandi við þessi atriði.

ATKVGR.
Brtt. 379,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 379,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 393).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og er endursent þaðan til einnar umr. Breytingarnar, sem hv. Ed. hefur gert á frv., eru við 1. gr. og 7. gr. Breytingin á 1. gr. er lítils háttar og ekki efnisbreyting, aðeins breyting á orðalagi, en breytingin við 7. gr. er í því fólgin, að gert er ráð fyrir, að lögin taki gildi 1. maí 1958 í stað þess, sem áður var gert ráð fyrir í frv., að þau tækju gildi 15. apríl, en sá dagur er nú liðinn.

Sjútvn. hefur ekki tekið málið til meðferðar, síðan það kom aftur til d., en það virðist einsætt að samþykkja frv. eins og það er.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 412).

---

21. Fjáraukalög 1955.

Á deildafundum 7. marz var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1955 [149. mál] (stjfrv., A. 296).

Á 33. fundi í Sþ., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að segja fáein orð nú þegar um þetta fjáraukalagafrv., sem að sjálfsögðu fer til hv. fjvn.

Í fyrsta lagi vil ég minnast á það, sem hér er sagt í aths. við þetta frv., að skv. því, sem þar segir, mætti ætla, að við yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hefðum samið þetta frv. En því er ekki til að dreifa, því að við höfum ekki samið fjáraukalög í mörg ár, heldur aðeins lagt það til í okkar aths., að leitað væri heimildar í fjáraukalögum fyrir öllum umframgreiðslum, og í rauninni er það svo skrifstofuverk að semja frv.

Nú er það líka víst, að ef við hefðum gengið frá þessu máli, þá væri það með talsvert öðrum svip en það er, og má þó segja, að það hafi tekið nokkrum breytingum núna, áður en það kemur til umræðu, því að frá því að það var lagt hér fram, er búið að bæta inn á það nokkuð á áttundu milljón króna. Ég hef nú ekki borið þetta saman, hvar þær milljónir eru, en ég reikna með því, að það sé það, sem stendur á 22. og 24. gr. og hafði fallið niður á frv. í upphafi. En auk þessa tel ég að vanti á þetta frv. nokkuð yfir 20 millj. kr., og það er annars vegar samkvæmt 3. gr. A, sem eru framkvæmdir hjá landssímanum, sem nema rúmum 10 millj. kr., því að það hefur ekki verið tekinn nema nokkur hluti af því inn á fjáraukalög í stað þess að taka það allt. Í öðru lagi er 20. gr., sem eru framkvæmdir og lán, sem við höfum venjulega tekið allt inn á fjáraukalög, en þar vantar í 11 millj. 727 þús.

Það getur vel verið, að það séu einhverjar fleiri upphæðir, sem vantar inn á þessi fjáraukalög, ég hef ekki farið svo alveg nákvæmlega í gegnum það, en vil biðja hv. fjvn. að athuga þetta, áður en hún afgreiðir málið, því að enda þótt þetta sé í rauninni aðallega formsmál, þar sem hér er allt um garð gengið og búið að borga allar þessar upphæðir, þá er skemmtilegra,

fyrst verið er með fjáraukalög á annað borð, að þau séu þá rétt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 296, n. 411).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1955 er nýlega orðinn að lögum. Hann gekk sína lögmæltu braut hér á hv. Alþ., í gegnum þrjár umr. í hvorri þingdeild, og jafnframt var hann athugaður í fjhn. beggja deilda. Þar með er Alþ. búið að samþ. umframgreiðslur ársins 1955 í raun og veru. Afgreiðsla fjáraukalaga fyrir árið 1955, sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi, svo sem er venjulegt, er þess vegna í sjálfu sér ekki til þess að taka afstöðu til umframgreiðslna, heldur til þess að ganga frá skýrslu yfir aukafjárveitingar og fullnægja fyrirmælum stjórnarskrár, sem gerir ráð fyrir fjáraukalögum. Fjvn. athugaði fjáraukalagafrv. sem slíka skýrslu, þar það ýtarlega saman við reikninginn til þess að sannprófa, að tölur þess væru rétt teknar upp úr reikningnum og frv. sett upp í sama formi og verið hefur að undanförnu, en það má telja nauðsynlegt, vegna þess að þá getur samanburður á milli ára átt sér stað.

Nefndin fann við þessa athugun eina villu, sem veldur ósamræmi milli frv. og reikningsins. Í stað útgjaldaaukningarinnar allrar á 13. gr. D, miðað við fjárl., er aðeins tekinn inn á frv. munurinn á aukningu tekna og gjalda 13. gr. D, og þetta er í ósamræmi við frv. að öðru leyti. Þetta leggur n. til, svo sem sjálfsagt er, að leiðrétt verði, og um leið þarf að leiðrétta heildartölu 1. gr. frv.

Brtt. eru fram settar í nál. á þskj. 411. Það er fyrst: Fyrir „kr. 100413935.90“ í 1. gr. komi: kr. 103803375.65. Og önnur till.: Fyrir „kr. 2163-543.62 í 2. gr. (13. gr. D) komi: kr. 5552983.37. Að öðru leyti leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Saga þessa frv. til fjáraukalaga fyrir 1955 er nú að því leyti með sérstökum hætti, að fyrst var frv. hækkað, frá því að það var lagt hér fram í þinginu og þangað til það var tekið til umr., um tæpar 8 millj. kr. Og nú í annað sinn leggur hv. fjvn. til að hækka frv. um rúmar 3 millj. kr. frá því, sem þá var komið. En þó að þetta sé hvort tveggja leiðrétting til bóta á frv., eins og það kom upphaflega, þá tel ég ekki, að þar með sé frv. komið í það horf, sem það ætti að vera, því að inn á það vantar frá mínu sjónarmiði nálega 20 millj. kr. til viðbótar.

Það er þá í fyrsta lagi skv. ríkisreikningnum á bls. 14, sem eru „aðrar eignahreyfingar landssímans“. Eignahreyfingar landssímans ofarlega á þeirri sömu bls., rúmar 10 millj., 10 millj. 784 þús., eru teknar inn í 20. gr. og gert rétt upp, en hinn hlutinn, sem er rúml. 10 millj. kr., framkvæmdir gerðar fyrir lánsfé og eigin fé landssímans, eru ekki teknar inn á 20. gr. og ekki inn á fjáraukalagafrv., eins og ég tel að eigi að vera. Það er þarna fært til málsbóta í þessu efni, að það sé eigið fé landssímans, sem þarna hafi verið um að ræða og framkvæmt hafi verið fyrir, og það er að miklu leyti rétt. En það breytir frá mínu sjónarmiði engu, því að þær eignir, sem ríkisstofnanir hafa safnað, eru að því leyti til engu réttmætari en tekjur sömu stofnana og eiga að sjálfsögðu að koma annaðhvort á fjárl. eða á fjáraukalög.

Önnur upphæð er á 20. gr., að þar er ekki tekið inn á frv. nema 23 millj. af tæpum 35 millj., sem er mismunur á fjárl. og ríkisreikningi og ég tel að svo að segja allt eigi að koma inn á fjáraukalög. Það eru þar að vísu tvær upphæðir frekar smáar, sem gætu dregizt frá, sem eru eignarinnstæður og fyrirframgreiðslur, 777 þús., og fé, sem áður hefur verið fært til gjalda á ríkisreikningi, um 500 þús. Nú hefur hv. fjvn. ekki athugað þetta eða ekki þá orðið sammála um að taka þessar upphæðir inn á fjáraukalagafrv., og ætla ég ekki að fara að flytja brtt. um það. Ég tel sjálfsagt og mæli með því, að frv. fari eins og það er til 3 umr., en þætti æskilegt, að hv. fjvn. tæki þetta til athugunar fyrir þá umr.

Ég skal taka það fram, að það er náttúrlega hárrétt hjá hv. frsm. fjvn., að hér er ekki um neitt fjárhagslegt atriði að ræða, vegna þess að ríkisreikningurinn er auðvitað aðalatriðið. Hann er búið að samþykkja og þar með allar greiðslur, og þær greiðslur, sem hér er um að ræða og ég hef minnzt á, eru ekki gerðar neinar athugasemdir við, og þess vegna eru þessi atriði, sem hér um ræðir, eins og fjáraukalög yfirleitt í heild sinni formsmál svo að segja eingöngu. En úr því að verið er með fjáraukalög og ætlazt til þess, að inn á þau séu tekin öll gjöld, sem hafa verið greidd, hvort sem það er í eignahreyfingum eða í framkvæmdum á rekstrarreikningi ríkisins, þá tel ég rétt, að fjáraukalögin séu afgreidd svo rétt sem verða má, enda þótt það hafi ekki neina fjárhagslega þýðingu, vegna þess að hér er um fjármuni að ræða, sem búið er að borga út fyrir löngu og ekki verður neitt aftur tekið með.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er auðvitað hárrétt, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að það er skylt, að fjáraukalög séu rétt, þótt í raun og veru séu þau bara skýrsla, en hafi ekki verulegt gildi annað, þar sem ríkisreikningurinn ber með sér umframgreiðslurnar og með afgreiðslu hans eru heimildirnar veittar. Um það erum við sammála. Skýrslan á að vera rétt, og sérstaklega er æskilegt, að myndaðar séu fastar reglur um það, hvernig hún er upp sett. Og fjáraukalagafrv. núna, með þeirri leiðréttingu, sem fjvn. leggur til að á frv. sé gerð, er í samræmi við uppsetningu fjáraukalaga á undanförnum árum.

Nú má alltaf deila um ýmis atriði á reikningunum, hvort þau eigi að takast inn á fjáraukalög, t. d. eins og það, sem snertir eignahreyfingu hjá landssímanum. Enn fremur er 20. gr. samsafn af ýmsum hlutum, sem deila má um, hvort eigi að vera á fjáraukalögum eða ekki. Þar eru fyrir-

framgreiðslur, þar eru lán, þar eru afborganir, þar er geymslufé í sjóði o. s. frv. Ég álít, að það hefði verið mjög æskilegt t. d., að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga settu reglur um það, hvernig fjáraukalögin skyldu upp byggð, að því leyti sem það liggur ekki ljóst fyrir og getur verið umdeilanlegt. En í þetta sinn eru fjáraukalögin í sama stíl og þau hafa verið að undanförnu, og fjvn. taldi rétt að gera ekki röskun á forminu, því að grundvallaratriðið er það um gildi fjáraukalaga, eins og þau eru orðin nú, að þau séu sambærileg frá ári til árs og gefi hugmynd um breytingar, sem verða á umframeyðslu frá ári til árs. Það er auðvitað sjálfsagt, að við fjvn.-menn ræðum við hv. yfirskoðandann á milli 2. og 3. umr. og tökum til athugunar, hvort okkur getur ekki komið saman um till. í þessu efni eða láta frv. vera í því formi, sem það hefur verið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Enda þótt hér sé um að ræða deiluatriði, sem varðar um 20 millj. kr., hvort eigi að vera á fjáraukalögum eða ekki, þá er þetta, eins og ég tók fram áðan, formsmál og ekki annað. En ég tel eigi að síður, úr því að verið er með fjáraukalög á annað borð, að þá sé rétt að taka inn á þau öll útgjöld, alveg eins þó að þau fari til framkvæmda og þó að það sé fyrir eigið fé, eins og t. d. hjá landssímanum, og hefur verið svo áður.

Varðandi aðstöðu okkar yfirskoðunarmanna vil ég taka það fram, sem sjálfsagt allir yngri þm. ekki vita, að það var lengi svo, að yfirskoðunarmenn sömdu fjáraukalögin, og þá voru þau samin mjög nákvæmlega, þannig að það var tekinn hver einn og einasti liður inn í fjáraukalög á hverri grein og allar umframgreiðslur teknar þar með. Nú eru nokkur ár síðan yfirskoðunarmenn hættu þessu og lögðu til í sínum athugasemdum, að það yrði leitað aukafjárveitingar, og síðan hefur fjáraukalagafrv. verið sem skrifstofuverk samið af fjmrn. og með þeim hætti, að það eru teknar bara niðurstöðutölur á hverri grein. Um það hefur aldrei verið, að ég hygg, neinn ágreiningur varðandi þær upphæðir, sem eru á rekstrarreikningi ríkisins, en hitt, sem hér greinir á um, varðar framkvæmdir bæði hjá landssímanum og samkvæmt 20. gr., sem ég tel að eigi að vera á fjáraukalögum, enda þótt það hafi ekki verið tekið inn þar enn. Hins vegar get ég endurtekið það, að þetta er mál, sem hefur ekki mikla þýðingu að þræta um, vegna þess að það hefur enga fjárhagslega þýðingu, en er formsmál eingöngu. En réttast er, úr því að bundið er við að setja fjáraukalög á hverju þingi, að það sé þá gert í fullu samræmi frá ári til árs, eins og hv. frsm. viðurkenndi alveg hreinlega.

ATKVGR.
Brtt. 411,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 411,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 442).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

---

22. Tollafgreiðslustöðvun (stjfrv.).

Á 91. fundi í Nd., 12. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu [185. mál] (stjfrv., A. 491).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Ólafur Thors: Herra forseti. Út af því máli, sem hér er nú á dagskrá á þskj. 491, vildi ég leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gæfi stutt fundarhlé, til þess að þm. Sjálfstfl. gæfist færi á að ræðast við um meðferð málsins. Það er kannske ekki alveg fullur skilningur á milli hæstv. fjmrh. og mín um það, sem við höfum rætzt við um meðferð málsins, og vil ég gjarnan, að það liggi ljóst fyrir, áður en lengra væri farið. — [Fundarhlé.]

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þar sem gert er ráð fyrir því, að á næstu dögum verði fjallað hér í hv. Alþ. um frv., sem hefur í för með sér hækkun á aðflutningsgjöldum, þykir rétt að leggja til, að tollskrifstofunum sé lokað á meðan, þ. e. a. s. að því leyti, að ekki sé tekið á móti skjölum til tollafgreiðslu. Fyrir því er þetta frv. fram komið. Það er gert ráð fyrir því, að þetta gildi til laugardags og að honum meðtöldum, í þeirri von, að fyrir þann tíma yrði búið að afgreiða frv., sem snertir aðflutningsgjöldin.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fyrir þessu aðra framsögu. Það hefur verið venja hér, þegar svona hefur staðið á, að hafa þennan hátt á, og hefur ævinlega verið um það gott samkomulag, og ég geri mér von um, að þannig verði einnig nú. Mundi ég þá gera það að uppástungu, að þessu máli yrði ekki vísað til nefndar fremur en venja er um slík mál.

Ólafur Thors: Herra forseti. Það er rétt, að það hefur verið venja undanfarin ár, að þegar fyrir dyrum hafa staðið svipaðar ráðstafanir og nú eru í vændum, hefur frv. svipað því, sem hér liggur fyrir, verið afgreitt.

Ég verð að vísu að segja það, að ég tel ósköp litlu máli skipta, hvort þetta frv. verður samþykkt eða ekki, vegna þess að mánuðum saman, að ég segi ekki missirum, hefur þjóðin vitað, að það væri von á einhverjum örlagaríkum ráðstöfunum. Ég hygg þess vegna, að allir, sem hafa haft nokkur föng á því að fá sín plögg tollafgreidd eða sínar erlendu skuldir greiddar, hafi gert allar þær ráðstafanir, sem tiltækar eru til að tryggja sig gegn þeim ófögnuði, sem þeir hafa

talið vera í vændum. Ég sé hins vegar enga ástæðu til þess, úr því að hæstv. fjmrh. óskar eftir, að þessi lög séu samþykkt, að neinn setji sig á móti því, og ég hef umboð míns flokks til þess að tjá okkur samþykka því og þá með þeim hætti, að málið verði afgreitt nú í þessari d. og án nefndar. En ég hefði kosið að mega athuga nokkru nánar, hver meðferð málsins verður í Ed., vegna þess að það er ekki enn alveg fullt samkomulag á milli hæstv. ríkisstj. og sjálfstæðismanna um meðferð aðalmálsins, en þetta er aðeins undanfari þess. Og ég hefði kosið, að auðið yrði að ná samkomulagi að fullu um það, áður en þetta mál verður endanlega afgreitt. Við höfum rætt um það, að 1. umr. aðalmálsins yrði á miðvikudag. Það hafa komið fram óskir frá hæstv. ríkisstj., að því yrði svo lokið í þessari viku. Ég hef sagt, að ég geti ekki tekið á því neina ábyrgð fyrir hönd Sjálfstfl., en skýrt frá því, að við höfum enga tilhneigingu til að draga málið. Og það eina, sem þá væri óafgert á milli okkar, er, hvenær færi fram eldhúsdagur eða hvort það færu fram sérstakar útvarpsumræður um þetta mál. Og ég hefði kosið, að það yrði gengið frá því, áður en endanlega verður gengið frá þessu máli.

En sem sagt, hæstv. forseti, þá sjáum við enga ástæðu til að vera á móti þessu frv. og heldur enga ástæðu til þess að óska eftir, að það fari til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Gert er ráð fyrir, að Alþ. fjalli næstu daga um frv. frá ríkisstj., sem hefur í sér till. um hækkun á aðflutningsgjöldum. Ríkisstj. þykir rétt að leggja til, að hv. Alþ. setji lög um það í dag, að tollafgreiðslur séu stöðvaðar í nokkra daga, eða á meðan fjallað er um þetta áður nefnda frv. Er í þessu frv. gert ráð fyrir, að þessi tollafgreiðslustöðvun nái til laugardags. Er það sett í trausti þess, að þá verði búið að ákvarða um aðalmálið.

Ég sé ekki ástæðu til að leggja til, að þessu máli verði vísað til nefndar. Það fór nefndarlaust og með góðu samkomulagi allra um hv. Nd. Það hefur einnig verið svo um hliðstæð mál undanfarin ár, þegar eins hefur staðið á. Ég vildi svo biðja hæstv. forseta að greiða fyrir málinu með því að fara fram á það við deildina, að það yrði gert að lögum nú án tafar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 500).

---

23. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.

Á 38. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins [168. mál] (stjfrv., A. 371).

Á 76. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, n. 431).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er stjórnarfrv. og gerir ráð fyrir því, að réttindi þau, sem hlutatryggingasjóður veitir, verði nokkuð aukin frá því, sem

nú er, þannig að þau skuli auk þess, sem þau áður tóku til, nú einnig taka til síldveiða í reknet. Frv. er, eins og frá segir í athugasemdum við það, til orðið og fram komið sem samningsatriði milli ríkisstj. og útvegsmanna um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins á árinu 1958, og verður að teljast eðlilegt, að það nái fram að ganga, þó að ekki væri nema af þeim grundvallarástæðum, að tekjur hlutatryggingasjóðs, sem fengnar eru að hálfu leyti með sérstöku gjaldi á útfluttar sjávarafurðir bátaflotans, eru teknar einnig sem útflutningsgjald á þær afurðir, sem framleiddar eru með síldveiðum í reknet, eru sem sagt einnig teknar af reknetasíld. Þetta hefur svo verið frá upphafi, en reknetaveiðarnar sjálfar hafa ekki verið hlutatryggðar í sjóðnum.

Þetta frv. er að því leyti einhliða, að þar er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á tekjuhlið sjóðsins, og mundi frv. því, þegar til framkvæmda kæmi, raska að verulegu leyti fjárhagsgrundvelli hlutatryggingasjóðs. Það væri því eðlilegt, að ráðstafanir væru jafnhliða gerðar til þess að afla hlutatryggingasjóði tekna á móti þeim gjöldum, sem hann kann að verða fyrir vegna framkvæmda á því atriði, að reknetaveiðarnar verði tryggðar hjá sjóðnum.

Sjútvn. hefur skoðað þetta mál og aflað sér upplýsinga um það, hvernig hlutatryggingasjóður stendur fjárhagslega, og samkvæmt upplýsingum, sem Fiskifélag Íslands eða sá starfsmaður þess, sem hefur með að gera hlutatryggingasjóð, hefur gefið nefndinni, skal tekið fram, að hagur hlutatryggingasjóðs, sem er í tveim deildum, þ. e. a. s. deild, sem tekur til þorskfiskveiðanna, og síldveiðideild, sem tekur til síldveiða, er þannig, að síldveiðideildin á minna en ekkert, hún er í nokkurri skuld við almennu deildina, en hins vegar er almenna deildin allvel fjárhagslega stæð, og í yfirlitinu segir, að eignir almennu deildarinnar séu 11 millj. 628 þús., en skuldir síldveiðideildarinnar umfram eignir séu 2 millj. 961 þús. Eignir hlutatryggingasjóðs umfram skuldir í heildina tekið eru því 8 millj. 667 þús. kr. Á árunum frá 1950 til 23. sept. 1957 hefur almenna deildin greitt í bætur 15 millj. 899 þús. kr. Síldveiðideildin hefur á sama tíma greitt í bætur 14 millj. 771 þús. Það er þess vegna engan veginn óhugsandi, að sjóðurinn sem heild gæti komizt af a. m. k. eitthvað til að byrja með án þess að fá nýjar tekjur inn, þannig að síldveiðideildin mundi, ef hennar hlutur yrði rýr, verða að eiga innhlaup um áframhaldandi lán hjá almennu deildinni að óbreyttri tekjuhlið.

Það hefur hins vegar komið til mála og var enda um það talað og mun hafa verið á það fallizt, bæði af stjórnarvöldunum og útvegsmönnum, að sjóðnum yrði aflað meiri tekna með því að hækka að nokkru það gjald á útflutningsafurðir, sem nú er í gildi, en það er ½%, og mun hafa verið um það talað að hækka það gjald a. m. k. á síldarafurðum í ¾%. Hins vegar eru lögin um hlutatryggingasjóð í heildarendurskoðun og líklegt, að þeirri endurskoðun ljúki á næsta hausti.

Sjútvn. hefur því þótt hlýða að láta frv. fara án breyt. til 2. umr., en á milli 2. og 3. umr. kemur mjög til mála, að nefndin skoði frv. aftur með tilliti til þess, hvort ekki sé hyggilegast að gera brtt. við tekjuhlið sjóðsins nú þegar við afgreiðslu þessa frv. En að svo stöddu máli leggur n. til, að frv. verði samþykkt til 3. umr. í því horfi, sem það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 371, 448).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 448. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Eins og um getur í nál. sjútvn. um mál þetta, áliti, sem gefið var út fyrir 2. umr. þess, er málinu þann veg háttað, að að óbreyttu hefur það eingöngu verkanir eða getur haft til aukningar á útgjöldum sjóðsins, en breytir engu um tekjur hans. Þetta var svo látið fara af þeirri ástæðu, að heildarendurskoðun á lögum um hlutatryggingasjóð stendur yfir. En eins og um getur í nál., taldi n. ástæðu til að líta yfir málið aftur fyrir 3. umr. og hefur nú gert það og orðið sammála um að flytja við það þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 448. Ég segi: nefndin varð sammála. Það voru að vísu ekki allir nm. mættir á þeim fundi, þar sem málið var afgreitt, en ég hef ekki ástæðu til að ætla, að um það sé ágreiningur í nefndinni, enda sammála allir þeir, sem á fundi voru, um að flytja brtt. við frv. á þá lund, að útflutningsgjald af síldarafurðum verði hækkað úr ½% í ¾%.

Það var frá því greint við 2. umr. málsins, að síldardeild hlutatryggingasjóðs er mjög fjárvana. Hún á minna en ekki neitt, hún skuldar almennu deildinni nokkuð á þriðju millj. kr., sem hún á ekki eignir fyrir. Það er þess vegna sýnilegt, að síldveiðideild sjóðsins hefur til þessa illa staðizt, og er þess ekki að vænta, að hún standist betur, þótt hún taki á sig meiri ábyrgðir, nema síður sé, og þykir því rétt að flytja hér þá till., sem fyrir liggur. Útflutningur síldarafurða mun hafa verið á síðasta ári eitthvað nálægt 200 millj. kr. að verðmæti. Gjaldið, sem til sjóðsins rennur af því, ½ af hundraði, gerir þess vegna 1 millj. kr. og mundi með þessari breytingu hækka um ½ millj. kr. En með því að ríkissjóður er samkvæmt lögum skyldur til að leggja sjóðnum til jafnmikið fé og tekjur hans af útflutningsgjaldi nema, mundi þessi breyting, sem hér er gerð till. um, hækka tekjur sjóðsins um 1 millj. kr.

Nú er það hins vegar upplýst, að ef um hlutatryggingu hefði verið að ræða á reknetasíldveiðunum s. l. haust, mundu útgjöld sjóðsins af þeim ástæðum hafa numið því sem næst 3.6 millj. kr. Það er þess vegna sýnilegt, að sjóðnum mundi sízt af þessum tekjum veita, sem honum eru ætlaðar með þessari brtt. En að sjálfsögðu standa

vonir manna til, að reknetasíldveiðin verði ekki að jafnaði eins arðlítil og hún varð á s. l. hausti, enda var það óvenju aflatregt haust á reknetaveiðunum.

Það er sem sagt till. sjútvn., að gjaldið af útflutningi síldar verði hækkað úr ½% í ¾%, og mundi það þýða til handa sjóðnum ½ millj. kr. tekjur að auki af því gjaldi og aðra ½ millj. kr., sem ríkissjóður legði honum til samkv. lögum, þannig að tekjur hans mundu aukast um 1 millj., miðað við álíka síldarmagn og veiðzt hefur á undanförnum árum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að samkvæmt þessari brtt. hv. sjútvn. er haldið áfram á sömu brautinni og hér er alltaf verið á, sem sé að leggja á nýja skatta og hækka útgjöldin á atvinnuvegunum eða þjóðinni til þess að gera þetta eða hitt.

Ég hef nokkrum sinnum hér á Alþingi lýst þeirri skoðun minni, að af öllum sköttum og tollum, sem lagðir eru á þjóðina, sé ekkert gjald þó jafnfráleitt og að leggja á útflutningsgjald, leggja á þær afurðir, sem verið er að flytja úr landi og þarf að gefa með í stórum stíl úr ríkissjóði eða nú útflutningssjóði, til þess að það sé mögulegt að halda atvinnunni uppi. Nú á hér að bæta samkvæmt þessari till. einni millj. ofan á gjöld sjávarútvegsins, og má segja, að það væri kannske ekki þýðingarmikið, ef framlögin frá útflutningssjóði væru hækkuð að sama skapi til þessara sömu aðila. Ef ég man rétt, var það á síðasta sumri eitt af útgjöldum útflutningssjóðs að borga á hverja síldartunnu, saltaða síldartunnu, hátt upp í 100 kr., og maður sér þess vegna, hvernig ástandið er á því sviði, eins og yfirleitt í allri framleiðslunni.

Þetta mál liggur ákaflega ljóst fyrir, og ég skal ekki fara um það mörgum orðum, en ég vildi segja þessi orð aðeins til þess að gefa í skyn eða segja frá því, hvernig á því stendur, að ég mun greiða atkvæði á móti þessum brtt. og að sjálfsögðu á móti frv., ef þær verða samþykktar, því að það er með öllu útilokað, að það sé hægt að fá mig til að samþykkja útflutningsgjald á sjávarafurðir.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari tölu, sem hv. þm. A-Húnv. hélt hér, þykir mér aðeins vert að benda á fáein atriði.

Ég fagna því út af fyrir sig, að við skulum eiga góða og gegna íhaldsmenn hérna hjá okkur, sem vilja gjarnan hamla gegn því, að ákveðin séu mjög mikil útgjöld. Hins vegar hef ég ekki alveg séð samræmið í því. Mér heyrðist á hv. síðasta ræðumanni, að hann hefði ekki verið frá því að samþykkja frv., ef ekki hefði komið til þessi breyting, þ. e. a. s. hann hefði verið til með að ákveða auknar útborganir úr hlutatryggingasjóði, en hinu sé hann alveg á móti, að sjá honum fyrir einhverjum tekjum til þess að standa undir þeim útgjöldum. Það verður að vera eitthvert samræmi í hlutunum, og það gefst ekki vel að greiða miklu meira út en inn er tekið til langframa.

En varðandi það, að hér sé um að ræða einhverja fásinnu í að hækka útflutningsgjöld eða leggja á útflutningsgjöld til ákveðinna þarfa, eins og hér er gert, þá er þetta mál nokkuð óskylt ýmsum öðrum, því að hér er beinlínis um að ræða tryggingarmál fyrir sjávarútveginn sjálfan. Það má kannske taka til samanburðar, að það þýði lítið að vera að efna til almannatrygginga, því að menn verði auðvitað að borga það allt saman sjálfir, sem þeir fá þaðan. Almannatryggingarnar hafa sínar tekjur ýmist beint í iðgjöldum af hinu tryggða fólki eða þá opinberir aðilar, svo sem bæjarfélög og ríkissjóður, leggja þetta til, og menn verða auðvitað að standa undir þessu öllu saman sjálfir. Samt sem áður þykir það ómaksins vert að tryggja menn fyrir elli og örorku, og ég er ekki enn þá farinn að sjá framan í þann mann, sem vill halda því fram, að slík starfsemi sé alger vitleysa og byggist ekki á neinu öðru en einhvers konar gamalli hringavitleysu.

Hér er í rauninni um sams konar atriði að ræða. Útgerðin leggur á sjálfa sig ákveðin gjöld til þess að tryggja sig fyrir ákveðnum skakkaföllum, sem hún getur orðið fyrir, og ég skal taka það fram, að hér er ekki um neinn hlut að ræða, sem ríkisvaldið ætlar að troða upp á útgerðina nauðuga. Þetta var einmitt till. útgerðarmannanna sjálfra, þegar ræddur var rekstrargrundvöllur útvegsins nálægt síðustu áramótum. Þá sáu útvegsmenn að sjálfsögðu fram á, að þeir yrðu fyrir verulegu tjóni með því að verða að borga tryggingu sínum hlutráðnu sjómönnum fyrir veiðitímabilið, sem þá var rétt nýliðið, reknetasíldveiðina að hausti og fram eftir vetri, og höfðu mjög mikinn áhuga fyrir því, að hlutatryggingasjóður tæki einmitt til þeirra veiða, og vænti ég þess, að hvorki hv. þm. A-Húnv. né aðrir geti láð útgerðarmönnum það, þó að þeir vildu tryggja sig fyrir þessu, og sem iðgjaldagreiðslu í þessa tryggingu munu þeir ekki hafa neitt á móti því, að þannig verði farið að, sem hér er lagt til.

Mér er sömuleiðis kunnugt um það, að stjórn hlutatryggingasjóðs hefur rætt þessi mál og telur þetta vera eðlilega og sanngjarna leið til tekjuöflunar í þessu skyni. Og þrátt fyrir það að þm. A-Húnv. bendi okkur á það, bæði sjútvn. og öðrum, sem þessa þingdeild skipa, að vert sé að fara með allri varfærni í að leggja á frekari útflutningsgjöld, og get ég verið sammála honum um það að vissu marki, þá hefur hann ekki enn sannfært mig um, að hér sé um að ræða fráleita leið, og mun ég að sjálfsögðu telja eftir sem áður, að hér sé einmitt farin eðlileg leið til þess að tryggja útveginn fyrir aflabresti. Eða hver mundi vilja halda því fram, að hin leiðin væri heppilegri, að halda þessum veiðum utan hlutatryggingasjóðs áfram, eiga það á hættu, að útgerð dragist saman? Það má kannske segja, að þá yrði minna um greiðslur á útflutningsgjöldum, en þá yrði líka minna um útflutning, og ég held að öllu samanlögðu, að þá hljóti allir þm. að geta glöggvað sig á því og þurft ekki til þess mjög langan tíma, að hér er einmitt um að ræða leið, sem er eðlilegt að farin sé, þegar eins stendur á og hér er um að ræða.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi út af síðustu ræðu taka það fram, að ég hrekk ekki neitt við og er ekkert viðkvæmur fyrir því, þó að ég sé kallaður íhaldsmaður, því að hér er komið út í svoleiðis botnleysu með öll okkar fjármál, að það veitti sannarlega ekki af því, að þeim mönnum, sem eru íhaldsmenn í raun og veru, í þeim skilningi að standa gegn vitleysunni, fjölgaði eitthvað á Alþ. — En varðandi þetta mál sjálft og það, sem hv. frsm. vék að, að honum virtist vera ósamræmi í minni afstöðu, þá er nú það að segja, að ég hef ekki átt neinn hlut að þessu máli, en ef ég man rétt, var við 2. umr. um það hér í hv. deild á það minnzt, að það væri ekki með öllu víst, að hve miklu leyti eða hvort hlutatryggingasjóður gæti að fullu staðið undir þeim gjöldum, sem þarna væri ætlað, og skildist mér þó, að hann ætti töluverðar eignir, sem þýddi það, að möguleiki væri á því að leggja fram eitthvað hærra gjald.

En hvað sem því líður, þá eru nú fleiri leiðir til þess að ná tekjum í einn sjóð heldur en að leggja á útflutningsgjöld, sem sannarlega er fráleitara en nokkuð annað, sem hægt er að koma með hér á Alþ. í skatta- og tollamálum, að fara að leggja á útflutningsgjöld á þær vörur, sem alltaf er verið að vandræðast með að hægt sé að framleiða vegna þess, hvað mikið þarf að gefa með þeim.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég get verið hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sammála um, að það er ákaflega leitt að þurfa að afla tekna með því að leggja útflutningsgjöld á útflutningsvörurnar. En við stöndum víst bráðlega frammi fyrir því hér á hinu háa Alþ. að verða að leggja miklu hærri skatta — ég vil segja beinlínis á útflutningsvörurnar í sambandi við þær aðgerðir, sem í vændum eru hér á Alþ. með að leggja mjög háa skatta á allar rekstrarvörur sjávarútvegsins.

Það gætir nokkurs misskilnings hjá hv. þm. A-Húnv. í þessu máli. Það einkennilega hefur skeð, að síðan þessi lög voru samþ. 1949, hafa þeir útvegsmenn, sem gert hafa út á reknet, orðið að greiða ½% útflutningsgjöld af útfluttum síldarafurðum, sem þeir hafa veitt í reknet, án þess þó að njóta þeirra hlunninda að komast undir það að fá greidda hlutatryggingu, eins og gert er bæði í sambandi við þorskveiðar og eins síldveiðar fyrir Norðurlandi. Það er fyrst núna með þessari breytingu á hlutatryggingasjóði bátaútvegsins, sem gert er ráð fyrir, að hún eigi einnig að ná til reknetaveiðanna, og ég fullyrði, að allir útvegsmenn muni fúslega ganga undir það að taka á sig þá byrði, sem brtt. sjútvn. gerir ráð fyrir, að hækka útflutningsgjaldið úr ½% í ¾%. Ég tel, að með þessari breytingu á hlutatryggingasjóðslögunum sé svo miklum hlunnindum náð fyrir útvegsmenn, að þeir geri sig alveg ánægða með að sæta því að verða að borga þetta hærra útflutningsgjald.

Eins og ég tók fram í byrjun minnar ræðu, er ég sammála hv. þm. A-Húnv., að bezt færi á því, að ekki þyrfti að leggja útflutningsgjöld á útfluttar sjávarafurðir, enda eru ekki lögð útflutningsgjöld á sumar aðrar tegundir sjávarafurða og ekki á neinar afurðir landbúnaðarins. Það væri eðlilegra, að útflutningsframleiðslan, hvort heldur um landbúnaðarafurðir er að ræða eða sjávarafurðir, væri verðlaunuð með útflutningsverðlaunum, en ekki tekin af henni útflutningsgjöld, eins og við neyðumst til að gera, eins og nú standa sakir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 448 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 462).

Á 89. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 462, n. 487).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjórnarfrv. og komið frá hv. Nd. Sjútvn. hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur nú fyrir, eftir að hv. Nd. hefur gert á því breytingu, sem varðar gjaldheimtu til hlutatryggingasjóðsins.

Í gildandi lögum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins frá 25. maí 1949 er svo fyrir mælt, að tekjur sjóðsins skuli vera ½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum, ásamt jafnháu framlagi úr ríkissjóði. Þessar tekjur skiptast þannig milli hinna tveggja deilda sjóðsins, hinnar almennu fiskveiðideildar og síldveiðideildar, að tekjur vegna síldveiði falla til síldveiðideildarinnar, en tekjur vegna þorskveiða til almennu deildarinnar. Rétt til trygginga í almennu fiskideildinni eiga öll skip bátaflotans, sem stunda þorskveiðar með línu, botnvörpu, dragnót, netum o. s. frv., þ. e. öll þau skip, sem skapa þau útflutningsverðmæti, sem gjaldskyld eru til sjóðsins. Hins vegar eiga aðeins þau skip rétt í síldveiðideild, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða svipuð veiðarfæri, og eru þau skip, sem gerð eru út á reknet, þar undanskilin, enda þótt gjöld til sjóðsins séu heimt af aflaverðmæti þeirra eins og annarra síldveiðiskipa.

Aðalefni þessa frv. er það, að þetta misræmi verði leiðrétt og reknetaskip njóti sama réttar sem önnur skip, sem gerð eru út til síldveiða. Hefur þessarar breytingar verið óskað mjög eindregið af útvegsmönnum og hæstv. ríkisstj. heitið þeim að beita sér fyrir þeirri breytingu á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Önnur breyting, sem gert er ráð fyrir í frv., er sú, að útflutningsgjald af síldarafurðum til hlutatryggingasjóðs verði ¾ % í stað ½ % áður, og leiðir að sjálfsögðu af því hlutfallslega aukningu á framlagi ríkissjóðs til síldveiðideildarinnar.

Þessi breyting telst nauðsynleg með hliðsjón af því, að afkoma síldveiðideildarinnar hefur verið mjög erfið vegna margra ára aflabrests og hagur deildarinnar af þeim sökum þannig, að hún skuldar almennu fiskveiðideildinni nú nokkuð á 3. millj. kr. Þykir þess vegna ekki fært að lögfesta aukin útgjöld deildarinnar, nema í móti komi nokkur tekjuaukning hennar um leið, og mun sú aukning, sem hér er gert ráð fyrir, vera sú minnsta, sem hugsanlegt er að komi að viðhlítandi gagni.

Í grg. með frv. er þess getið, að heildarendurskoðun löggjafarinnar um hlutatryggingasjóð standi nú yfir. Hins vegar þykir ekki fært að láta þær breytingar, sem hér er um að ræða, bíða niðurstöðu þeirrar endurskoðunar, þar sem slíkur dráttur gæti haft lamandi áhrif á reknetaútgerðina á næstu tímum, en hún hefur verið, eins og mönnum er kunnugt, vaxandi þáttur í atvinnulífi okkar hin síðari ár.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

---

24. Einkaleyfi til útgáfu almanaks.

Á 36. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks [75. mál] (stjfrv., A. 126).

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkvæmt tilmælum háskólaráðs. Í því felast tvær mjög smávægilegar breytingar á gildandi lögum frá 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Í 1. gr. felst það eitt, að breytt er sektarákvæðum laganna til samræmis við breytt peningagildi.

Í 2. gr. felst það, að örlitið er rýmkað það verkefni, sem háskólaráð má verja fé úr almanakssjóði til. Í gildandi lögum er tekið svo til orða, að verja megi fé úr almanakssjóði til eflingar stærðfræðivísinda, en hér er lagt til, að notað verði orðalagið stærðfræðileg vísindi, þ. e., að réttur háskólaráðs til að úthluta fé úr sjóðnum sé ekki einungis bundinn við framlag til hreinna stærðfræðivísinda, heldur megi einnig styrkja þau vísindi, sem reist séu á stærðfræðilegum grundvelli, ýmis hagnýt vísindi, sem einkum styðjast við stærðfræði, svo sem eðlisfræði, stjörnufræði, efnafræði, tölfræði og verkfræði.

Ég vildi mega vænta þess að lokinni þessari umr., að hv. deild vísi frv. til hv. menntmn. og málið fái skjóta afgreiðslu hjá hv. nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 126, n. 419).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þar sem frsm. menntmn. í þessu máli, hv. 5. landsk. þm., er ekki kominn á fundinn, vil ég leyfa mér að fara um málið fáum orðum f. h. nefndarinnar.

Frv. þetta er stjórnarfrv., en fram borið eftir tilmælum háskólaráðs. Það felur í sér lítils háttar breytingu á l. nr. 25 frá 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Efni frv. er tvíþætt: annars vegar að hækka dálítið hámarkssektir fyrir brot á almanakslögunum og hins vegar að gera reglur um úthlutun úr almanakssjóði rýmri en verið hafa. Menntmn. telur réttmætt, að þessi breyting verði gerð á lögunum, og mælir með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. Efni þess er tvíþætt: í fyrsta lagi að hækka hámarkssektir fyrir brot á almanakslögunum, en sektir þær, sem nú eru í lögum, eru algerlega óraunhæfar og gagnslausar, í öðru lagi að gera reglur um úthlutun úr sjóðnum rýmri en verið hafa, og er breytingin sú, að hægt verði að veita til fleiri greina en beinlínis stærðfræði, þó þannig, að það séu vísindagreinar, sem byggjast í höfuðatriðum á stærðfræðivísindum. Finnst menntmn. sjálfsagt að verða við óskum háskólaráðs um, að þessar breytingar verði gerðar á lögunum, og mælir því með samþykkt frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 485).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Með lögum nr. 25 frá 1921 var Háskóla Íslands veitt einkaleyfi til útgáfu almanaks og dagatala. Síðan hefur háskólinn fengið nokkrar tekjur af innfluttum almanökum svo og prentuðum almanökum hér innanlands. Þessar tekjur auk vaxta af höfuðstól, sem myndazt hefur, hafa runnið í svokallaðan almanakssjóð. Samkvæmt þessum lögum frá 1921 má verja vaxtatekjum sjóðsins til eflingar stærðfræðivísindum í landinu.

Sá skilningur hefur verið ríkjandi hjá háskólanum, að ekki væri heimilt að geyma vaxtatekjur milli ára og verja þannig á næsta ári meiri vaxtatekjum en eins árs vöxtum. Hafi eitthvert ár ekki þurft að úthluta öllum vaxtatekjunum, hefur afgangurinn verið lagður við höfuðstól í almanakssjóði. Þó að næsta ár kynni að verða þörf fyrir að veita meira fé, hefur háskólinn ekki talið sér heimilt að nota þær vaxtatekjur, sem á annað borð höfðu verið lagðar við höfuðstól.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 126, er farið fram á tvenns konar breytingar á lögunum.

Fyrri breytingin samkvæmt þessu frv. er um sektarákvæðin. Samkvæmt núv. lögum eru sektir fyrir brot á þeim frá 10 til 2000 kr., en samkv. frv. er ætlazt til, að sektarféð nemi allt að 20 þús. kr., en lágmark sekta er ekki talið nauðsynlegt að tilgreina. Að vísu var breytt l. 1948 um sektarfé, þannig að án sérstakra lagabreytinga hækkar sektarfé samkvæmt þeim lögum, svo þó að þetta sektarfé hefði ekki verið hækkað samkv. þessu frv., mundi það samt hækka samkvæmt þeim lögum, en þó aldrei ná hærri upphæð en 6 þús. kr. En hér er ætlazt til, að hámarkið verði 20 þús. kr.

Önnur breyt. samkvæmt þessu frv. og aðalbreytingin er sú, að ætlazt er til að heimila háskólanum að verja öllu fé sínu til þeirra vísindaiðkana, sem lögin segja fyrir um, í stað þess að verja aðeins vöxtunum. Menntmn. hefur ekki getað fallizt á þetta sjónarmið. Hún vill ekki mæla með því, að höfuðstóllinn sé skertur, en ef frv. væri samþykkt óbreytt, hefði háskólinn óbundnar hendur um að verja ekki aðeins tekjum sínum, heldur líka öllum höfuðstólnum, en höfuðstóllinn er nú orðinn um 256 þús. kr. Menntmn. vill hins vegar heimila úthlutun á öllum árlegum tekjum sjóðsins, og það er allmikil breyting frá því, sem nú er í lögum, því að nú má ekki verja nema vaxtatekjunum einum, en þær nema ekki nema um 12 þús. kr., eins og nú er.

Nefndin flytur því brtt. á þskj. 485 við 2. gr. frv., þannig, að í stað orðsins „fé“ komi: tekjum. — Þetta þýðir að sjálfsögðu það, að verja má öllum tekjum sjóðsins í þessu skyni, sem lögin segja fyrir um, en ekki höfuðstólnum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá háskólanum, mun þetta nema því, að til úthlutunar verða kringum 52 þús. kr. í þessu skyni í staðinn fyrir aðeins um 12 þús. kr., ef lögunum væri ekki breytt, svo að hér er um mjög mikla hækkun að ræða, þótt ekki sé fallizt á það sjónarmið háskólans að gefa allan stofnsjóðinn lausan í þessu skyni.

Það er líka á það að líta, að á s. l. vetri, — ég hygg að það hafi verið í desember — var hækkað allverulega það gjald, sem háskólinn fær af almanökum. Upphaflega var þetta gjald 1921 5½ eyrir af hverju almanaki. Gjaldið var fyrir um það bil 10 árum þrefaldað, en nú hefur það verið hækkað upp í 55 aura, svo að áætlaðar tekjur af þessu eina gjaldi eru um 40 þús. kr. á ári. Þetta er sú viðbót, sem háskólinn fær þá til árlegrar notkunar, við þær ca. 12 þús. kr., sem vaxtatekjurnar eru.

Loks er smávægileg orðalagsbreyting í 2. gr. frv. frá því, sem nú stendur í lögunum. Í lögunum stendur nú, að verja skuli vöxtum sjóðsins til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi. Háskólinn óskar eftir, að þessu verði breytt þannig, að verja megi fénu til stærðfræðilegra vísinda. Þetta er svipað orðalag, en þó telur háskólinn, að þetta sé rýmra en áður og með þessu orðalagi sé hægt að styrkja ekki aðeins hrein stærðfræðileg vísindi, heldur megi einnig styrkja rannsóknir í vísindagreinum, sem reistar eru á niðurstöðum stærðfræði, svo sem eðlisfræði, stjörnufræði, efnafræði, tölfræði og verkfræði. Nefndin sér ekkert að athuga við það, að þessi breyting verði samþykkt.

Menntmn. leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari einu breyt. á þskj. 485, að í stað orðsins „fé“ í 2. gr. frv. komi: tekjum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 485 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 523).

25. Samvinnufélög.

Á 55. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög [131. mál] (stjfrv., A. 262).

Á 56. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það hefur lengi verið í lögum, að samvinnufélögunum væri skylt að leggja í varasjóð vissan hundraðshluta af viðskiptum. Fyrir þessu lágu eðlileg rök, þegar það var í lög sett, en nú sýnist ekki vera ástæða til þess að hafa þetta ákvæði lengur í lögum. Ekki er meiri ástæða til þess að skylda samvinnufélög til að leggja þannig í varasjóð en hver önnur félög í landinu. Er því lagt til, að þetta ákvæði verði fellt niður. Á hinn bóginn er lagt til, að áfram standi það ákvæði, að þeim sé skylt að leggja í varasjóð allan hagnað af utanfélagsmannaviðskiptum.
Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. allshn. að lokinni 1. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 16:3 atkv.

Á 83. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 262, n. 436 og 437).

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 262 um breyt. á l. um samvinnufélög, er flutt af hæstv. ríkisstj. og hefur verið til meðferðar í allshn.
Nefndin hefur ekki orðið einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hl., að það verði fellt, og eru álit nefndarhlutanna á þskj. 436 og 437.
Þær breytingar, sem frv. fer fram á að gerðar verði á lögunum um samvinnufélög, eru við 3. og 24. gr. laganna.
Þegar lög um samvinnufélög eða samvinnulögin, eins og þau hafa verið nefnd, voru sett fyrir 37 árum, voru mörg af kaupfélögum landsins fámenn og skammt á veg komin, enda sum þeirra þá nýlega tekin til starfa og þátttaka fyrst í stað minni en síðar hefur orðið. Af andstæðingum þessa félagsskapar var þá mjög á því alið, að félögin væru fjárhagslega ótraust og varhugavert að eiga við þau mikil viðskipti. Í samvinnulögunum var því lögð áherzla á, að félögin yrðu gerð sem traustust fjárhagslega. M. a. var þeim í þessum lögum gert skylt að safna varasjóðum og beinlínis ákveðið í lögunum, á hvern hátt efla skyldi varasjóðina. Samkvæmt 3. gr. laganna ber að leggja í varasjóð arð af viðskiptum við utanfélagsmenn, nema það af honum, sem varið er á annan hátt til almenningsþarfa, en samkvæmt 24. gr. l. ber að leggja í varasjóðinn eigi minna samtals en svarar 1% af samanlagðri sölu aðkeyptra vara og afurða. Auk varasjóðsákvæðanna voru svo í lögunum sérstök ákvæði um það, að félagsmenn í kaupfélagi bæru sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum félagsins.
Nú eru að ýmsu leyti aðrir tímar í þessum efnum en þá voru, þ. e. a. s. fyrir 37 árum, þegar samvinnulögin voru sett. Fylgi samvinnustefnunnar hefur almennt farið mjög vaxandi í landinu. Félagsmenn í samvinnufélögum skipta nú nokkrum tugum þúsunda. Sú hjátrú, ef svo mætti segja, sem fyrrum var víða ríkjandi og alið á, að samvinnufélögin væru sérstaklega varhugaverðar stofnanir fjárhagslega, má nú heita úr sögunni. Þvert á móti er það nú orðin almenn skoðun, enda á reynslu byggð, að helzta úrræðið til þess að greiða fyrir framförum og velmegun í hverju byggðarlagi sé að halda þar uppi sem öflugustum félagsskap með sem mestri þátttöku almennings. Út á við njóta samvinnufélögin nú álits og trausts fullkomlega á borð við aðra aðila, sem viðskipti annast. Lagaákvæði til þess að efla traust félaganna hafa því ekki lengur sömu þýðingu og fyrrum.
Samábyrgðarákvæðið var fellt niður úr samvinnulögunum fyrir 20 árum eða svo, og hefur ekki orðið vart við, að það hafi orðið félögunum til óþæginda. Eftir standa enn ákvæðin um hin árlegu framlög varasjóðs, en með þessu frv. er lagt til, að ákvæði 3. gr. samvinnulaganna um skyldu til að greiða í varasjóð samtals 1% af aðkeyptum vörum og seldum afurðum verði fellt niður. Eftir sem áður geta félögin lagt fé í varasjóð eftir þessari reglu eða á annan hátt, ef þau telja sér það nauðsynlegt, en þeim er það þá ekki skylt samkvæmt landslögum.
Sömuleiðis verður það enn í lögum, þó að þetta frv. verði samþykkt, að félögunum sé skylt að leggja í varasjóðinn allan arð af viðskiptum við utanfélagsmenn, að frádregnum opinberum gjöldum, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa, sbr. 6. lið 1. gr.
Með þessu eru varasjóði að jafnaði tryggðar nokkrar tekjur, og er vart þörf á, að frekari fyrirmæli séu í landslögum um það efni. Það er rétt að taka það fram, að öðrum félögum en samvinnufélögum er hvergi gert skylt að leggja ákveðið umsetningargjald í varasjóð. Hér er því um það að ræða að auka sjálfsákvörðunarrétt samvinnufélaga í þessu efni til móts við önnur félög, sem eru að lögum sjálfráð um það, hvað þau leggja í varasjóði sína. Meiri hlutinn telur, að hér sé um eðlilega lagabreytingu að ræða.
Þá má benda á það, sem raunar stendur í nál. meiri hl. á þskj. 436, að í 26. gr. samvinnulaganna er svo ákveðið, að ekki megi úthluta arði til félagsmanna, fyrr en allar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega, árgjöld í sjóði greidd og 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, lagðir í stofnsjóð, sem er eign félagsmanna. En stofnsjóðsinnstæður félagsmanna í kaupfélögum eru að lögum til tryggingar skuldbindingum félagsins.
Fjárhagsgrundvöllur samvinnufélaganna er því

með lögum, þó að þetta frv. verði samþykkt, betur tryggður en hjá öðrum félögum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en eins og ég sagði áðan, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. og ég, sem sæti eigum í þeirri n., sem um þetta frv. hefur fjallað, gátum ekki átt samleið með öðrum nm. hvað frv. snertir, og höfum við lagt fram álit okkar á þskj. 437 og gert þar grein fyrir þeim ástæðum, sem við teljum fram fyrir því, að við getum ekki lagt til, að frv. verði samþykkt.

Ekki verður annað skilið af ræðu hv. frsm. meiri hl., hv. þm. N-Þ., en það, að varasjóðsákvæðið í samvinnulögunum hafi í upphafi verið sett til þess að gera traustan fjárhag samvinnufélaganna. Þetta er vafalaust rétt, svo langt sem það nær, vegna þess að varasjóðsákvæði fara alltaf í þá átt að gera traustari fjárhag þeirra félaga, sem hlut eiga að máli. En svo segir hann: Þetta ákvæði hefur ekki þýðingu lengur. — Og mér skildist það væri vegna þess, að félögin væru nú orðin svo fjárhagslega vel stæð, að þetta ákvæði um tryggingarsjóði ætti ekki lengur við og þess vegna bæri að fella það niður.

Einhverjum gæti nú dottið í hug að spyrja, hvort skilja ætti orð hv. þm. svo, að fjárhagur samvinnufélaganna væri nú orðinn svo sterkur, að tími væri kominn til að gera þau skattfrjáls. En þó að þessi rök stangist að miklu leyti við veruleikann, þá eru þetta þó einu rökin, sem ég hef heyrt borin fram hér á þingi með þessu frv., sem hér liggur fyrir, m. ö. o. þau rök, að samvinnufélögunum eigi ekki lengur að vera skylt að leggja í varasjóð, vegna þess að þau séu orðin svo fjárhagslega vel stæð, að því sé engin ástæða til að gera það. En hv. þm. lét undir höfuð leggjast að geta þess, að varasjóður samvinnufélaganna er grundvöllurinn fyrir skattlagningu þeirra til ríkissjóðs. Það er meginatriði þessa máls. Hann sagði enn fremur, að samvinnufélögin eigi að hafa fullt frjálsræði eins og önnur félög til þess að ákveða, hvort þau leggi í varasjóð eða ekki.

Ég vil benda á, að það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að halda því fram, að þetta sé nokkuð sambærilegt við önnur félög, vegna þess að varasjóðsákvæðið er sett til þess að tryggja ríkissjóði grundvöll til þess að skattleggja samvinnufélögin eins og aðra skattgreiðendur. Með því að kippa þessu ákvæði burt á þeim forsendum, sem hv. þm. lagði nú fram, að félögin væru orðin svo fjársterk, að ekki væri þörf á að hafa þetta ákvæði lengur, þá er jafnframt kippt í burtu grundvellinum fyrir skattlagningu þeirra.

Um leið og þetta frv. var lagt fram hér í d., — þetta er 131. mál, — var lagt fram annað frv., einnig hér í þessari d., sem var 130. mál. Það var um skattgreiðslu félaga, eins og þm. er kunnugt. Þar er lagt til, að skattgreiðslu félaga sé breytt í þá átt, að öll félög, samvinnufélög sem önnur félög, greiði sama skatt af tekjum sínum, eða einn skatt, 25%. Þegar þessi frv. voru bæði lögð fram og komu bæði samtímis til 1. umr., höfðu menn ekki áttað sig á því, hvað litla frv., sem er 131. mál, þýddi. En þegar menn fóru að athuga það ofan í kjölinn, komust þeir að raun um, hvað fólst í frv. Það, sem í því felst, er, að með því eru samvinnufélögin gerð því nær skattfrjáls til ríkissjóðs.

Ég ber mikla virðingu fyrir og traust til hæstv. fjmrh., en hann er flm. þessa frv. Ég verð þó að láta nokkra undrun í ljós yfir því, að hann sem fjmrh. og jafnframt varaformaður Sambands íslenzkra samvinnufélaga ætlar með þessu frv. að gera samvinnufélögin að mestu leyti skattfrjáls, á sama tíma sem hann ætlast til, að skattalögunum sé breytt þannig, að öll félög greiði sama skatt.

Menn héldu, þegar þessi frv. voru lögð fram, að nú væri loksins upp runnin sú stund, er allar félagsheildir í landinu, sem störfuðu á svipuðum grundvelli, ættu að greiða sama skatt. Við vitum, að samvinnufélögin greiða nú 8% skatt af tekjum sínum, meðan önnur félög greiða eftir hækkandi stiga miklu hærri skatt. Að vísu greiða samvinnufélögin, eins og lögin eru nú, einnig stríðsgróðaskatt. En það er líka eini skatturinn, sem þau greiða að jöfnu við önnur félög. En það er nú sýnilegt, að ekki átti fyrir mönnum að liggja að sjá þá stund renna upp, að samvinnufélögin tækju sama þátt í greiðslu til almenningsþarfa og önnur félög. En ég vil í þessu sambandi taka fram, að skattafrv., sem nú liggur hjá hv. fjhn., virðist ekki hafa fengið neina afgreiðslu eða jafnvel ekki athugun og ekki útlit til, að það sjái dagsins ljós á næstunni.

Ég vil nú spyrja hv. þingmenn úr stjórnarflokkunum, sem þessum málum sinna: Vakir það fyrir þeim að samþykkja þetta frv., sem er skattfrelsi fyrir samvinnufélögin, en láta hitt frv. sofna í n., sem veitir einhverja linkind öðrum félagsheildum í landinu?

Samvinnufélög greiða nú skatt til ríkissjóðs af því, sem þau greiða af rekstrarhagnaði í varasjóð. Að vísu hafa þau frádráttarheimild, sem nemur ⅓, eins og útgerðarfyrirtæki, og skattur kemur því ekki á þann hagnað, sem lagður er í varasjóð, nema að ⅔ hlutum. En samkv. núgildandi lögum ber samvinnufélögum að greiða 1% í varasjóðinn af seldum vörum og afurðum hvers árs. Önnur ráðstöfun á ársarðinum, svo sem tillag í stofnsjóð og útborgun tekjuafgangs félagsmanna, er hvort tveggja skattfrjálst, enda er ekki um það deilt. Það, sem þess vegna kemur til skatts, — það, sem ríkissjóður leggur á skatt, er tillagið, sem félögin leggja til varasjóðs á hverju ári. Enn fremur er allur hagnaður af viðskiptum utanfélagsmanna skattskyldur og leggst því allur í varasjóð. Á þennan hátt er, eins og nú mæla lög, fundinn grundvöllur fyrir skattgreiðslu samvinnufélaganna til ríkissjóðs. Þeim er sem sagt eftir lögunum frá 1937 gert að skyldu að leggja ákveðinn hluta af tekjum sínum í varasjóð. Hitt er ekki skattskylt.

Svo að ég víki aftur að ræðu hv. þm. N-Þ., þá vil ég benda á það, að fyrir samvinnufélögin er ekki varasjóðstillagið hlunnindi eins og hjá hlutafélögum, heldur er það kvöð, sem löggjafinn hefur sett til þess að mynda grundvöll fyrir skattgreiðslu þeirra. Þetta er tvennt ólíkt, og því er það hrein fjarstæða að tala um, að sam-

vinnufélögin eigi að hafa sama rétt og hlutafélögin til þess að ákveða, hvað mikið þau leggi í varasjóð. Það væri sama og að segja við hlutafélögin, að þau eigi sjálf að hafa rétt til að ákveða, hversu mikið þau greiða í skatt. Ég geri ráð fyrir, að hv. samvinnumönnum mundi finnast það hart aðgöngu, ef gerð væri tillaga um slíkt athafnafrelsi.

Af þessu ætti að vera ljóst, að möguleiki ríkissjóðs til þess að innheimta skatt hjá samvinnufélögum fer algerlega eftir þeim fjárhæðum, sem lagðar eru í varasjóð félaganna. Samkvæmt frv. á félögunum að vera það í sjálfsvald sett, hvað þau leggja í varasjóð af hagnaði, þegar frá er tekinn hagnaður af viðskiptum utanfélagsmanna. Það hlýtur öllum að vera ljóst, hvaða afleiðingar það ákvörðunarfrelsi hefur. Þeim er að vísu skylt að leggja hagnaðinn af viðskiptum utanfélagsmanna í varasjóð, en þá fylgir sá böggull skammrifi, að þau mega fyrst draga frá alla skatta og opinber gjöld, sem lögð eru á þennan hagnað. Alla skattgreiðendur í landinu hefur í mörg ár hungrað og þyrst eftir slíkum fríðindum, að mega draga skatta frá tekjum. Nú eiga þessi fríðindi aðeins að falla í skaut samvinnufélögum, meðan skattarnir taka eignirnar af öðrum skattgreiðendum. Það mætti einnig geta þess hér, að harðsnúnasti andstæðingur hér í þinginu þess, að skattgreiðendur fengju að draga skatta frá tekjum, hefur verið, síðan þetta ákvæði kom í lög, hæstv. fjmrh., svo að ég verð að segja, að mér finnst hann vera æði ósamkvæmur sjálfum sér í þessu efni. Ef samvinnufélögum er nauðsynlegt að fá þessi skattfríðindi, verð ég að segja, að þá er öðrum ekki síður nauðsynlegt að fá þau, sem hafa orðið meira fyrir barðinu á skattabrjálæðinu í landinu en samvinnufélögin. Ef félögin mega ráða því sjálf, hvað þau leggja í varasjóð, og varasjóðurinn er eini sjóðurinn, sem kemur til skatts hjá félögunum, kemur þá nokkrum í hug, að þau fari sjálf að gera sig skattskyld, ef þau ekki þurfa þess?

Eftir að þetta frv. hefur verið gert að lögum, geta félögin lagt — og þau munu leggja í framtíðinni allan afgangshagnað í stofnsjóð, og stofnsjóður er skattfrjáls. En stofnsjóðurinn er talinn í lögum um samvinnufélög aðalrekstrarfé félaganna, svo að á þann hátt kemur hagnaðurinn af rekstrinum félögunum til góða í stofnsjóði eins og í varasjóði. En munurinn er aðeins sá, að stofnsjóðurinn er skattfrjáls. Þá er ekki annað, sem fer í varasjóð, en hagnaður af utanfélagsviðskiptum, eftir að búið er að draga skattana frá þeim hagnaði.

Því hefur lengi verið haldið fram, að skattskýrslum félaganna að því er snertir viðskipti utanfélagsmanna hafi á undanförnum árum og sé enn mjög ábótavant. Og því er enn fremur haldið fram, að skattayfirvöldin gangi mjög slælega eftir því, að sannanir séu færðar fram fyrir því, að allur hagnaður af utanfélagsviðskiptum sé talinn fram. En í lögum stendur, að ef ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir utanfélagsviðskiptum og hagnaði af þeim, þá er allur hagnaður félaganna skattskyldur. Svo stranglega var nú tekið til orða, þegar samvinnulögin voru fyrst sett. Þá var litið svo á, að félögunum bæri svo rík skylda til að standa skil á fullum skatti af þeim hagnaði, að það mætti ekki láta undir höfuð leggjast og þess vegna yrði að setja ströng viðurlög, ef ekki væri að gert.

Ég skal engan dóm leggja á, hvort þessar sögusagnir eru réttar, en þeim er þráfaldlega haldið á loft. Hitt er svo annað mál, sem hver maður getur vel sagt sér sjálfur, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið oft og tíðum fyrir félögin að gera fullnægjandi grein fyrir viðskiptum utanfélagsmanna. En ef þetta er nú svo, að lítill afrakstur verður reikningslega á skattaframtölum félaganna af utanfélagsviðskiptum, þá fer að verða létt á metunum það, sem félögin hér eftir eiga að greiða í skatt til ríkissjóðs, til almannaþarfa.

Ef þetta frv. verður gert að lögum, verður það aldrei burtu skafið, hversu lengi sem um þetta mál verður rætt, að samvinnufélögin verða á eftir að mestu leyti skattfrjáls til ríkissjóðs. Sá, sem heldur öðru fram, gerir það annaðhvort af ókunnugleika eða á móti betri vitund. Ákvæðið, sem nú er í skattalagafrv., er liggur fyrir fjhn. d. um sömu skattgreiðslu samvinnufélaganna og annarra félaga, verður því í framtíðinni ekki annað en napurt háðsmerki í huga almennings yfir núverandi tilraunum samvinnumanna til að láta líta svo út í gegnum það frv., að þeir greiði sama skatt og önnur félög í landinu, á meðan þeir samkvæmt samvinnulögunum eru því nær gerðir skattfrjálsir.

Þjóðfélagið er byggt upp á þeirri meginreglu, að allir leggi fram fé til almenningsþarfa, hver eftir sinni getu. Ef einhver er undanþeginn skatti, eins og t. d. samvinnufélögin verða, hlýtur skattabyrðin að leggjast því þyngra á hina, á allan almenning og aðra félagsstarfsemi í landinu. Almenningur og félagsstarfsemi í landinu önnur verður að taka á sig þá byrði, sem létt verður af samvinnufélögunum með þessu frv. Þess vegna vil ég nú spyrja að síðustu: Hafa samvinnumenn skap til að taka við slíku skattfrelsi, meðan allur annar rekstur í landinu stynur undan brjálsemi skattheimtunnar?

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta það koma fram hér, svo að það valdi ekki misskilningi í sambandi við ræðu hv. frsm. minni hlutans, að ég sagði ekkert um það í minni ræðu, að samvinnufélögunum væri ekki þörf á að safna fé í varasjóði nú eins og fyrr. Ég sagði það eitt um þetta atriði, að ég og meiri hl. n. teldu þess ekki þörf nú, að í lögum væru ákvæði um það, að félögin legðu í varasjóð 1% af verði aðkeyptra vara og afurða. Einnig að öðru leyti virtist mér gæta nokkurs misskilnings í ræðu hv. frsm. minni hl. á eðli þess máls, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. frumvarpsins, sem fyrir liggur á þskj. 262.

Hér er um það að ræða, hvort ákveða skuli í lögum, að tiltekin tegund félagsskapar, þ. e. a. s. samvinnufélögin, skuli leggja fé í varasjóð og hve mikið. Þetta hefur verið gert hingað til, að því er samvinnufélögin varðar. Þeim hefur með lögum verið gert skylt að leggja í varasjóð sinn, hvernig sem á stendur, 1% af verði aðkeyptra

vara og afurða. Um önnur félög, t. d. hlutafélög, gilda engin slík ákvæði í lögum, og í þessu frv. er nú lagt til, að þessi lagaskylda samvinnufélaganna verði felld niður til samræmis við önnur félög. En eftir stendur þó það, að þau leggi í varasjóði allan hreinan ágóða af utanfélagsmannaviðskiptum. Þetta ætti að nægja, ekki sízt þegar einnig á annan hátt er í lögum allvel um það búið, að félögin standi við skuldbindingar sínar, en það er einmitt þetta, sem er hlutverk varasjóða. Til þess og þess eins eru varasjóðir stofnaðir að treysta fjárhagsgrundvöll þess aðila, sem safnar varasjóði.

Hv. frsm. minni hl. virðist ekki, þótt einkennilegt sé, gera sér fyllilega grein fyrir þessu meginhlutverki varasjóða, til hvers þeir eru stofnaðir og hvers vegna varasjóðsákvæðin voru á sínum tíma sett í samvinnulögin, en að þessu vék ég nokkuð í framsöguræðu minni áðan.

Ég hygg, að það sé á algerum misskilningi byggt, ef hv. frsm. minni hl. eða aðrir gera sér það í hugarlund, að fyrirtæki stofni varasjóði til þess að sjá hinu opinbera fyrir skattstofni. Það hefur heldur áreiðanlega ekki vakað fyrir löggjafanum, þegar samvinnulögin voru sett í öndverðu. Nei, varasjóðsákvæðin voru sett í lögin til tryggingar fjárhag félaganna og til þess að efla traust þeirra út á við. Og þegar þessi ákvæði eiga ekki lengur við eða þeirra er ekki af ýmsum ástæðum talin hin sama þörf og áður var, er rétt að nema þau úr lögum og láta félögin sjálf um það, hve mikið þau telja sig þurfa að leggja í varasjóðinn af því, sem inn kemur vegna viðskipta félagsmanna. Ef þau telja sér þörf á þeirri árlegu aukningu varasjóðs, sem hingað til hefur verið lögboðin, geta þau sjálf ákveðið að framkvæma hana eftir sem áður.

Það færi beinlínis alveg í bága við tilgang varasjóða, ef þeim væri sérstaklega ætlað að vera skattstofn, ef þeim væri ætlað að veikja fjárhagsgrundvöll félags í stað þess að styrkja hann. Í öðrum lögum er beinlínis ákveðið, að varasjóður félaga skuli vera skattfrjáls, ef hann fer ekki fram úr ákveðnum hluta af tekjum, eins og hv. frsm. minni hl. kom að áðan í sinni ræðu, og sýnir það, hvernig á þessa hluti er litið.

En þetta mál, sem hér liggur fyrir, er í eðli sínu ekki skattamál og í rauninni þarflaust að ræða það sem skattamál, en ég minnist aðeins á þetta af því, að hv. frsm. minni hl. ræddi um það áðan. Í samvinnulögunum segir, að um tekju- og eignarskatt til ríkisins fari eftir almennum skattalögum, ekki eftir samvinnulögunum, heldur eftir almennum skattalögum. Samvinnulögin fjalla ekki um það mál, og þá ekki heldur það frv., sem hér liggur fyrir.

Fyrir þessari hv. d. liggur hins vegar sérstakt frv. um breytingu á skattalögunum, m. a. um breytingu á tekjuskatti samvinnufélaga, þar sem þessi tekjuskattur er hækkaður til nokkurra muna. Ef hv. frsm. minni hl. eða einhverjum öðrum hv. þm. þykir það ekki nóg, vilja láta auka skatt á samvinnufélögum meira, þá stendur þeim auðvitað opið að gera tillögur til breytinga á því frv. Þar eiga slíkar breytingar heima og þar eiga líka heima þær umræður um skattamál, sem fram hafa farið í sambandi við þetta mál, aðallega af hálfu hv. minni hl. nefndarinnar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er með nokkuð sérstökum hætti bæði meðferð þessa máls hér í þinginu og svo einnig efni þess. Eins og fram hefur komið hér í umræðunum, þá er næsta þskj. á undan því, sem hér er nú á dagskrá, frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, og því frv. var vísað til fjhn. d. á sínum tíma, en þessu frv. er hins vegar vísað til allshn. Að sjálfsögðu var eðlilegt, að þessi mál, sem svo nátengd eru hvort öðru og einmitt í sambandi í skattalegu tilliti, hefðu farið til sömu nefndarinnar.

Mér finnst út af fyrir sig, að menn geti deilt eða greint á um það, hversu mikill eða lítill skattur á samvinnufélög eða önnur félög í landinu skuli vera. En það er fyrir neðan virðingu hv. þingmanna að koma hér og segja: Það á ekki að tala um skattamál í sambandi við þetta, og þetta er í eðli sínu ekkert skattamál. — En efni frv. er að setja samvinnufélögunum það í sjálfsvald, hvort þau greiði nokkra skatta eða ekki.

Það er kunnugt, að sum samvinnufélög hafa ætlað að fara í kringum þau ákvæði núgildandi laga, að þeim beri að greiða í varasjóð tiltekinn hluta af veltu sinni, og ég held, að það sé rétt, að það liggi deilumál fyrir ríkisskattanefnd um þetta atriði, varðandi skattlagningu á Samband ísl. samvinnufélaga, sem aðeins á einu ári munar milli 2 og 3 millj. kr. í skattgreiðslum Sambandsins eins. Þetta frv. sker alveg úr um það, að sú deila, sem þar er háð, hlýtur auðvitað að ganga á móti Sambandi ísl. samvinnufélaga og það er að koma, a. m. k. þangað til þetta frv. er orðið að lögum, í stórkostlega miklu meiri skattaálagningu en hefur verið fram að þessu. En við sjáum það, að bara þarna er um að vísu samband samvinnufélaganna að ræða, en bara skattlagningin á einu ári getur munað milljónum króna, miðað við það, hvort þetta ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir að heimila í lögum, er fyrir hendi eða er ekki fyrir hendi.

Ég spurðist fyrir í fjhn. í sambandi við það skattamál, sem þar er, um nokkur atriði, sem ég óskaði eftir að við fengjum svör við frá skattstjóra, og ein af þeim spurningum, sem ég bar þar fram, var þessi: Hvaða áhrif má ætla, að ákvæði frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög, eða þetta frv., sem nú er hér til umr., geti haft á skattgreiðslu þeirra? Þessari einu spurningu af mörgum var hins vegar ekki svarað af skattstjóranum. Hins vegar átti honum að vera mjög auðvelt að svara þessari spurningu, því að hún getur haft þau áhrif að gera samvinnufélögin algerlega skattfrjáls. Ég hef fengið um þetta umsögn sérfræðings í skattamálum, sem hefur unnið um margra ára skeið á skattstofunni, og segir hann m. a. um þetta atriði, áhrif þessa frv. á skattgreiðslur samvinnufélaganna:

„Erfitt er að gera sér grein tölulega fyrir áhrifum frv. á samvinnufélögin", — það er hérna átt við skattafrumvarpsins, — „en með

hliðsjón af frv. til l. um breyt. á l. um samvinnufélög", — því, sem nú er á dagskrá hér, — „sem lagt hefur verið fram, er hægt að segja þetta með fullri vissu:

1) Samvinnufélög, sem eingöngu hafa viðskipti við félagsmenn, urðu áður að svara skatti af því, sem skylt var að leggja í varasjóð, þ. e. 1% af veltu. Nú getur slíkt samvinnufélag gert sig algerlega skattfrjálst". — Þetta er umsögn þessa sérfræðings í skattamálum um þetta, og um þetta þarf í raun og veru ekki að deila.

„2) Samvinnufélög verða nú eingöngu að svara skatti af hagnaði af utanfélagsmannaviðskiptum." — Og hann hefur stillt upp nokkrum dæmum, þessi aðili. Í fyrsta lagi, þar sem engin utanfélagsmannaviðskipti væru, og stillir því upp, að um sé að ræða samvinnufélag með 200 þús. kr. tekjur, velta 10 millj. kr. Skattar voru áður 5758, en verða hér engir, ef félagið óskar sjálft eftir því að leggja ekkert af hagnaðinum í varasjóðinn. Og félag með 300 þús. kr. tekjur og veltu 20 millj. kr. var með skatta áður 15841, en skv. þessu frv. þyrfti það ekki að borga neina skatta frekar en það vildi sjálft, og félag með 500 þús. kr. tekjur og 25 millj. kr. veltu átti áður að greiða 20 þús. kr., en gæti eftir þessu frv. orðið algerlega skattfrjálst.

Eins hafa mikil áhrif á skattgreiðslur samvinnufélaganna ákvæðin hér um utanfélagsmannaviðskipti, en þar er gert ráð fyrir nokkrum dæmum hjá þessum sama aðila og ráðgert þá, að um 15% af veltunni sé utanfélagsmannaviðskipti. Og þá lítur dæmið þannig út, að ef um væri að ræða tekjur upp á 50 þús. kr. og veltu 2½ millj., þá voru skattar áður 1533 kr., en yrðu nú eftir ákvæðum þessa frv. 1250 kr. Og ef tekjurnar væru 100 þús. og veltan 5 millj. kr., voru skattar áður 3066, en yrðu 2500. Ef félag hefði tekjur upp á 200 þús. kr. og veltu 10 millj., þá urðu skattar áður 6891, en yrðu nú 5000. Félag með 300 þús. kr. tekjur og veltu 20 millj. kr. var skattað áður 18634 kr., en nú 7500, og félag með 500 þús. kr. tekjur t. d. og veltu upp á 25 millj. kr. átti áður að greiða í skatta 33341 kr., en miðað við þessar breytingar 12500.

Það er algerlega útilokað að ræða um þetta mál öðruvísi en í sambandi við einmitt skattamál samvinnufélaganna. Það er svo annað, að menn kannske vilja hafa einhverja aðra aðferð á því að jafna metin á milli félaganna, hlutafélaga og samvinnufélaga, í sambandi við skattgreiðslur heldur en þá, sem lagt er til með oft nefndu frv., sem hér liggur fyrir, um breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt. En það er ómögulegt að búast við því, að menn geti leitt það hjá sér að ræða um skattgreiðslur samvinnufélaganna í sambandi við þetta mál, þegar það er þess eðlis, að það setur samvinnufélögunum, eins og margsinnis hefur verið tekið fram, það í sjálfsvald, hvort þau í raun og veru greiða nokkra skatta eða ekki. Það er þess vegna ákaflega einkennilegt að bera fram á sama þinginu og svo að segja í sömu þingskjölum eða hverju á fætur öðru annars vegar tillögur um það í skattalagafrv. að hækka hlutfallsgjald samvinnufélaga í sambandi við skattgreiðslur úr 8% upp í 25%, en á hinn bóginn að ganga þannig frá málunum, að þessi skattlagning geti orðið nær engin, ef samvinnufélögin vilja hafa tiltekinn hátt á ráðstöfun síns arðs. Og það byggist auðvitað fyrst og fremst á því, að þeim kemur alveg að sama haldi í raun og veru, eins og þeirra uppbygging er, hvort þau úthluta arði í stofnsjóðinn eða varasjóðinn, því að eins og hv. 2. þm. Reykv. benti réttilega á, þá hagnýtast stofnsjóðirnir sem rekstrarfjármagn samvinnufélaganna. Það má þess vegna ætla, að samvinnufélög, sem engin utanfélagsmannaviðskipti hafa, mundu í framtíðinni algerlega hverfa af skattskránum einmitt vegna samþykktar þessa frv., ef þau óskuðu þess sjálf að vera ekki lengur á skattskrá.

Sannast að segja hefur þegar verið nægjanlega mikið misrétti í sambandi við skattamálin hér hjá okkur, þó að þessu eigi nú ekki við að bæta, og það er skoðun mín, að ég held, að þeir menn, sem að slíku ranglæti standa eins og hér er um að ræða, verði í raun og veru mjög skamma stund fegnir út af því og það muni sannast, að fólk tekur það ekki sem góða og gilda vöru, að borgararnir í þjóðfélaginu búi algerlega við gagnstæð réttindi eftir því, hvort þeir kjósa að haga sínum atvinnurekstri á grundvelli samvinnufélagsskapar eða einhvers konar annars félagsskapar, hlutafélaga eða einkarekstrar.

Hv. framsóknarmönnum, sem standa nú að þessu frv. ásamt öðrum stjórnarsinnum, hefur tekizt að ná samkomulagi um það, eftir því sem fram kemur um afgreiðslu málsins í allshn., við hina tvo stjórnarflokkana að afgreiða þetta mál núna með þeim afleiðingum, sem það getur haft. Hitt er hins vegar enn á huldu, hvað verður um skattafrv., sem einnig liggur fyrir þessu þingi, en það er spá mín, að slík ákvæði eins og hér er um að ræða muni ekki lengi í lögum standa og það muni sjálfsagt, ef það verður samþykkt nú, fyrr en varir koma að því, að slíkt ranglæti yrði aftur afnumið.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að mér finnst meðferð þessa máls hér í hv. d. vera mjög óeðlileg. Nú er það þannig, eins og kunnugt er, að fyrir d. liggur annað frv. um breytingu á skattskyldu félaga. Væri því auðvitað það eðlilegasta, að þessi mál hefðu orðið samferða og vísað til sömu n., en sá háttur hefur ekki verið hafður á, eins og kunnugt er. E. t. v. er þetta gert af ásettu ráði, enda verður þetta auðveldlega til þess, að menn missa þá heildaryfirsýn yfir málið, sem nauðsynleg er til þess að gera sér grein fyrir því, hvað hér er raunverulega um að ræða.

Af hálfu stuðningsmanna þessa frv. hefur því verið haldið fram, að samvinnufélögin byggju hér við ranglæti miðað við annan atvinnurekstur, þar sem þeim er gert að leggja vissa prósentu af arði sínum í varasjóð, en tilsvarandi ákvæði gildi ekki um annan atvinnurekstur. Þetta kann að líta vel út, ef litið er á þetta ákvæði eitt. En það, sem hér skiptir meginmáli, er auðvitað sú staðreynd, sem allir þekkja, sem einhvern kunnugleika hafa á skattalöggjöf og skattamálum, að samvinnufélögin þurfa ekki að greiða

skatt af því, sem þau leggja í stofnsjóð, en annar félagsskapur, sem atvinnurekstur annast, hefur enga samsvarandi möguleika.

Skattamál samvinnufélaga eru annars málefni, sem mikið hefur verið rætt, eins og eðlilegt er, og á því er ekki vafi, að samkv. þeirri löggjöf, sem nú gildir, njóta samvinnufélögin mjög verulegra skattfríðinda, og það er eðlilegt, að þeim, sem annan atvinnurekstur stunda, sé þetta nokkur þyrnir í augum. Ég vil engan veginn halda því fram, að sjálfsagt sé og eðlilegt, að allur atvinnurekstur, í hvaða formi sem hann er, sé skattlagður eftir nákvæmlega sömu reglu. Hitt hlýtur hins vegar að verða deilumál, og mun ég víkja nokkuð að því á eftir, hvað mikill mismunur á aðstöðu mismunandi félagsforms á að vera hvað skattgreiðslur snertir. En hvað sem líður réttmæti þess, að samvinnufélögin njóti þeirra skattfríðinda, sem þau njóta nú, þá er ekki á því nokkur vafi, að jafnvel þó að frv. það, sem nú liggur fyrir um breytingu á skattgreiðslu félaga, yrði samþykkt, sem engan veginn er þó víst enn þá, þá mundi það bil, sem nú er milli samvinnurekstrarins og einkarekstrar, verða aukið mjög frá því, sem nú er, hvað skattfríðindi snertir. Það er að vísu svo, að frv. það, sem nú liggur fyrir um breytingu skattgreiðslu félaga, gerir ráð fyrir því, að í stað þess að félagaskatturinn verði stighækkandi, eins og hann nú er, skuli greidd ákveðin prósenta af arði félaganna, þannig að skatturinn verður hlutfallslegur í stað þess að vera stighækkandi. Ég skal enga dul draga á það, þó að það mál sé ekki til umræðu hér nú, að þetta atriði út af fyrir sig tel ég til bóta. Ég tel eðlilegra, að félagaskattur sé hlutfallslegur heldur en stighækkandi. Á hinu er þó rétt að vekja athygli, að það er ekki um það að ræða, að það eigi að létta sköttum af félögunum í heild til hins opinbera eða ríkisins, og kemur það glöggt fram í grg. fyrir frv. Það er aðeins um að ræða breytingu á formi þessa skatts, en gert ráð fyrir því, að heildarskatturinn til ríkisins verði nokkurn veginn sá sami og áður. En breytingin er fyrst og fremst fólgin í því, að það eru stærri hlutafélögin eða þau, sem skila meiri hagnaði, sem koma til að lækka í skatti, en aftur á móti kemur skatturinn til að hækka á öðrum félögum. Þrátt fyrir þetta tel ég þetta atriði út af fyrir sig þó til bóta frá því, sem nú er. Það er að vísu gert ráð fyrir því í frv., að stríðsgróðaskattur félaga til bæjar- og sveitarfélaga falli niður, en það verður þá auðvitað komið undir því, hvort bæjar- og sveitarstjórnir telja sig mega missa þann tekjustofn, sem hér er um að ræða, hvort um raunverulega skattaívilnun þessum aðilum til handa verður að ræða hvað þetta atriði snertir. Hins vegar hefur verið á það bent, að verði það frv., sem hér liggur fyrir, samþ., þá þýði það mjög verulega ívilnun til handa samvinnufélögunum, þannig að það bil, sem nú er milli samvinnufélaga og t. d. hlutafélaga, kemur til að breikka mjög verulega frá því, sem nú er.

Nú tel ég mig síður en svo í hópi andstæðinga samvinnufélagsskaparins, þó að ég að vísu telji ekki, að samvinnuúrræðin og þetta form á atvinnurekstri sé nein allsherjarbót allra þjóðfélagsmeinsemda. Eftir sem áður tel ég ekki vafa á því, að það er ekki eingöngu þannig, að samvinnufélagsskapurinn eigi á sér fullan rétt, heldur er ekki vafi á því, að það er rekstrarform, sem ýmis vandamál getur leyst. Annað mál er svo það, hvort samvinnufélagsskapinn á að styrkja í svo ríkum mæli sem nú er, með stórkostlegum skattfríðindum, miðað við annan atvinnurekstur, og ég tel sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á því, að slík skattfríðindi geta haft í för með sér mjög verulegar hættur. Ég sé að vísu ekki svo mjög ofsjónum yfir því, að um einhvern hagnað sé að ræða á atvinnurekstri, hvort sem um samvinnufélagsskap er að ræða eða atvinnurekstur í öðru formi. Skilyrðið fyrir því, að hæfir menn fáist til að stunda atvinnurekstur, hlýtur ávallt að vera það, að von sé um einhvern hagnað, og ber síður en svo að lasta það, að sköttunum sé ekki þannig fyrir komið, að þessi hagnaðarvon hverfi með öllu, þannig að ef víst væri, að áhrifin af þessum skattfríðindum kæmu eingöngu fram í meiri hagnaði þessum aðilum til handa, þá væri minni ástæða til andstöðu við málið en ella. En þessu er engan veginn þannig varið að mínu áliti, að trygging sé fyrir því, að þær skattaívilnanir, sem veittar kunna að vera, þurfi að koma fram í betri afkomu og meiri hagnaði þeirra fyrirtækja, sem þessara fríðinda njóta. Það er mjög mikil hætta á því, að í stað þess að skattfríðindin bæti afkomu þeirra aðila, sem þeirra njóta, verði þau beinlínis skjól fyrir óhagkvæman atvinnurekstur. Það er ekki vafi á því, að ef ákveðið fyrirtækjaform nýtur skattfríðinda, þá skapar það möguleika á því, að rekstur slíkra fyrirtækja geti þrifizt, í fyrsta lagi þó að þeim sé verr stjórnað en öðrum fyrirtækjum, og í öðru lagi skapa skattfríðindin möguleika á því að ráðast í ýmiss konar rekstur, sem telja má óhagkvæman frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Skattfríðindin, í hvaða mynd sem þau eru, bitna því ekki endilega fyrst og fremst á þeim, sem ekki njóta þessara skattfríðinda, og þurfa ekki að þýða betri afkomu þeirra, sem njóta skattfríðindanna, en þau geta einmitt að verulegu leyti komið fram í því, að sá rekstur, sem skattfríðindanna nýtur, verður með óhagkvæmara móti en ella og bitnar þannig á þjóðfélaginu í heild. Það er ekki vafi á því, að munurinn á aðstöðu samvinnufélagsskaparins og annars félagsskapar, ekki sízt eftir að búið væri að samþykkja þetta frv., er orðinn svo mikill, að sú hætta, sem verið hefur fyrir hendi í þessu efni áður, hlýtur að fara stórum vaxandi. Ég skal taka það fram, að þetta sjónarmið, sem hér er nefnt, á ekki eingöngu við samvinnufélagsskapinn og þau skattfríðindi, sem hann kann að njóta, heldur auðvitað við öll slík skattfríðindi og þá auðvitað ekki sízt við hinn opinbera rekstur, en sú hlið málsins er ekki til umræðu nú.

Niðurstaðan af því, sem sagt hefur verið, verður sú, að ég tel stórlega varhugavert að samþykkja það frv., sem fyrir liggur, og er sammála hv. minni hl. allshn. um það, að réttmætt mundi vera, óháð því, hvað verður um afdrif hins málsins, sem fyrir liggur, að fella þetta frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Efni frv., sem hér liggur fyrir, er að létta að nokkru leyti

af samvinnufélögum skyldu til að leggja fé í varasjóði, en slík kvöð hvílir ekki á hlutafélögum eða öðrum fyrirtækjum. Í nál. minni hl. allshn. er lítið rætt um efni frv., en hins vegar um skattamál samvinnufélaganna, og það er einmitt vegna þess, sem ég sé ástæðu til að segja nokkur orð, út af því, að hv. minni hl. hefur leitt umræður um skattamál inn í umræðurnar um þetta frv.

Hv. frsm. minni hl. virðist liggja svo mikið á að koma að sínum skoðunum um það efni, þ. e. a. s. skattamálin, að hann getur ekki beðið eftir því, að frumvarpið um breytingar á skattalögunum komi hér til umræðu, sem væntanlega verður eftir fáa daga. Ég vænti þess, úr því að þetta tilefni hefur gefizt, að mér leyfist þá einnig að ræða nokkuð um skattamál, út af því, sem fram hefur komið.

Frásögn minni hl. um skattamálin, þ. e. a. s. skattamál samvinnufélaga, í nál. þeirra á þskj. 437 er röng og villandi.

Í 1. gr. frv. segir, að arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádregnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, skuli lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa. Um þetta segir svo í nál. minni hl., með leyfi hæstv. forseta:

„Félögin fá með þessu sérstaka frádráttarheimild á sköttum frá tekjum, sem engir aðrir skattþegnar hafa."

Víst ætti þeim háttvirtu þingmönnum, sem gefa út minnihlutaálitið, að vera það kunnugt, að á öðrum skattþegnum hvílir ekki skylda skv. landslögum til að leggja fé í varasjóði eins og á samvinnufélögunum. Aðrir skattþegnar hafa því enga þörf fyrir heimild til að draga opinber gjöld frá tekjum, áður en þær eru lagðar í varasjóði. Það er því erfitt að skilja, hvers vegna þessi setning, sem ég vitnaði til, er sett í nál., en hún getur vel orðið til þess að villa um fyrir mönnum. Eins og setningin er orðuð, gætu þeir, sem lesa hana eða heyra lesna, fengið þá hugmynd, að ætlunin sé að veita samvinnufélögunum sérstaka heimild til að draga greidda skatta frá tekjum, áður en þær eru skattlagðar, en engar till. liggja fyrir um slíkt.

Þá segir enn fremur í nál. minni hl., að verði frv. samþykkt, geti samvinnufélögin komið sér hjá allri skattgreiðslu til ríkissjóðs, nema af þeim óverulega hagnaði, sem stafar af viðskiptum utanfélagsmanna, eins og það er orðað. Þetta er ekki rétt. Samvinnufélögin borga skatt til bæjar- og sveitarfélaga einnig vegna félagsmannaviðskipta samkvæmt ákvæðum í samvinnulögunum, og skattur þessi er ekki frádráttarhæfur við ákvörðun skattskyldra tekna. Félögin þurfa því að borga tekjuskatt til ríkissjóðs af þeim upphæðum, síðan aftur skatt af þeim tekjuskatti, þar sem hann er ekki frádráttarhæfur, o. s. frv. Hér er því rangt með farið í nál. Og hv. 5. þm. Reykv. endurtók þessi ósannindi í ræðu sinni hér áðan. Hann sagði, að frv. gæti haft þau áhrif, að samvinnufélögin verði algerlega skattfrjáls, þ. e. a. s. ef þau hafa engin utanfélagsmannaviðskipti. Og hann vitnaði í einhvern mann, sem hann kallaði sérfræðing í skattamálum, og sagði, að hann segði þetta, og hv. þm. var með einhver útreiknuð dæmi, sem hann sagði að væru eftir þennan sérfræðing. Það er dágóð sérfræði það. En það lítur út fyrir, að frsm. minni hl., hv. 2. þm. Reykv., sé þegar búinn að átta sig á því, að hann og félagi hans hafa farið rangt með í nál., því að í ræðu sinni áðan orðaði hann það þannig, að félögin gætu orðið því nær skattfrjáls. Þarna er hann byrjaður að draga í land, og er það vel, ef hann áttar sig á því, að hann hefur þarna ofmælt áður.

Samvinnufélögin munu vissulega halda áfram að borga skatta, þó að þetta frv. verði samþykkt, en mörg þeirra hafa á liðnum árum verið mestu skattgreiðendur í þeim bæjar- og sveitarfélögum, þar sem þau eiga heima. Öðru máli gegnir um sum önnur félög. Hér er til viðskiptafyrirtæki, sem mig minnir að nefnist Innflytjendasambandið. Það mun vera félagsskapur kaupmanna og þeirra fyrirtækja til að annast vörukaup. Þetta samband hefur starfað alllengi, og ég hef heyrt, að það hafi ekki greitt tekjuskatt né eignarskatt og ekki heldur útsvar. Hygg ég, að þær upplýsingar séu réttar. Af hverju stafar það, að þetta innkaupafélag kaupmanna hefur ekki borgað skatta, en Samband ísl. samvinnufélaga, sem annast innkaup fyrir kaupfélögin, borgar stórar fjárhæðir í skatta? Ástæða gæti verið til að athuga þetta mál og afla upplýsinga um það. Og það eru fleiri stór viðskiptafyrirtæki, sem ekki hafa greitt skatta til ríkisins. Svo mun vera um Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Það félag annast sölu á frystum fiski fyrir framleiðendur og mun einnig fást eitthvað við innkaup. En það hefur að sögn aldrei greitt tekjuskatt. Hvernig stendur á því? Til samanburðar má nefna skattgreiðandann Samband ísl. samvinnufélaga, sem einnig annast sölu á freðfiski, og einnig mætti gjarnan nefna hér til samanburðar sérstakt afurðasölufélag bænda á Suðurlandi, Sláturfélag Suðurlands, sem er samvinnufélag. Það mun á undanförnum árum hafa borgað mikinn tekjuskatt, ég hygg oft sem nemur hundruðum þúsunda á ári. Víst gæti þetta allt verið merkilegt rannsóknarefni.

Eins og áður segir, er það efni þessa frv. að létta nokkuð þá skyldukvöð um framlög í varasjóði, sem nú hvílir á samvinnufélögunum. En þó að frv. verði samþykkt, hvílir eftir sem áður sú lagaskylda á félögunum að leggja allan hreinan hagnað af utanfélagsmannaviðskiptum í varasjóði. Þetta telja samvinnumenn eðlilegt, vegna þess að það er ekki tilgangur félaganna að færa félagsmönnum gróða af verzlun, heldur að útvega þeim vörur til eigin nota með hagkvæmustum kjörum og koma framleiðsluvörum þeirra í sem bezt verð. Því er lagt til, að enn haldist í lögum fyrimælin um, að hreinn hagnaður af utanfélagsmannaviðskiptum leggist í varasjóði samvinnufélaga, en engin slík kvöð hvílir á öðrum félögum eða fyrirtækjum. En hv. minni hl. allshn. þykir ekki fullnægjandi, að slík kvöð viðkomandi hagnaði af utanfélagsmannaviðskiptum hvíli á samvinnufélögunum einum allra fyrirtækja. Hann vill halda við skyldu félaganna til að leggja í varasjóð 1% af viðskiptaveltunni. En hvers vegna ber hv. minni hl. þá ekki fram till.

um, að önnur fyrirtæki, t. d. hlutafélög, sem annast kaup og sölu á vörum, skuli einnig leggja í varasjóð 1% af sinni viðskiptaveltu? Væri óeðlilegt að gera ráð fyrir slíku af mönnum, sem alltaf eru með jafnréttið á vörunum? Eða er kannske að vænta till. frá hv. minni hl. um þetta? Vill hv. minni hl. t. d. setja lög um, að félög, önnur en samvinnufélög, sem selja landbúnaðar- eða sjávarafurðir, skuli leggja í varasjóði 1% af verði afurðanna? Ekki væri það ósennilegt, úr því að hann vill ekki fallast á, að létt verði af t. d. Sláturfélagi Suðurlands þeirri lagaskyldu að leggja 1% af söluverði landbúnaðarafurða frá félagsmönnum í varasjóð. Hefur hv. minni hl. ef til vill nú í smíðum frv. um þetta efni? Það er ástæða til að spyrjast fyrir um ýmislegt vegna hinnar einkennilegu afstöðu hv. minni hl. allshn.

Minni hl. heldur því fram, að samvinnufélögin muni sjálf geta ráðið miklu um það, hvað skattskyldar tekjur þeirra eru miklar, einkum ef þetta frv. verður samþykkt.

Önnur fyrirtæki geta að sjálfsögðu einnig haft áhrif á upphæð skattskyldra tekna hjá sér, t. d. hlutafélög. Þau geta takmarkað hagnað sinn með því að setja lágt verð á þá þjónustu, er þau veita. Þau geta miðað álagningu á vörur, er þau selja, við það, að tekjuafgangur verði lítill, og þau geta líka veitt viðskiptamönnum sínum afslátt á vöruverði, en við það lækka skattskyldar tekjur hjá félögunum. Það er opin leið fyrir þessi fyrirtæki að gera það.

Það er ekki nýtt að heyra einstaka menn — og þá marga — tala um forréttindi samvinnufélaga. Sá söngur hefur oft verið kyrjaður fyrr en hér í dag. Meðal forsöngvara í þeim kór hafa oftast verið þeir menn, sem hafa verzlun og ýmiss konar viðskiptastarfsemi með höndum, og margir þeirra hafa stofnað og rekið hlutafélög til að annast þann rekstur. En ef þeir sjálfir tryðu því, að samvinnufélögin nytu óeðlilegra réttinda, samanborið við t. d. hlutafélög, hvers vegna hafa þessir menn þá ekki yfirgefið hlutafélagaformið í sínum atvinnurekstri, en stofnað samvinnufélög í staðinn til þess að geta notið þeirra réttinda, er landslög ákveða þeim félögum? Þetta hefðu þeir getað, því að öllum er frjálst að beita sér fyrir stofnun samvinnufélaga, og mönnum er líka frjálst að ganga í samvinnufélög, sem fyrir eru. En þetta hafa þessir menn ekki gert. Skýringin á því mun vera sú, að þrátt fyrir þann áróður, sem þeir halda uppi, að of vel sé búið að samvinnufélögum, samanborið við aðra, hafa þeir talið sér sjálfum hagkvæmara að hafa sinn rekstur í öðru formi, og þetta mun vera rétt athugað hjá þeim, sem vilja hagnast á verzlun og ýmiss konar fjármálastarfsemi.

Með þátttöku í kaupfélögunum geta menn aflað sér nauðsynja til eigin nota með hagkvæmara móti yfirleitt en með öðrum hætti, og samvinnufélagsskapur um sölu á eigin framleiðsluvörum er einnig gagnlegur samkv. margra ára reynslu margra framleiðenda. En vilji menn græða á verzlun, þá stofna þeir ekki kaupfélög, því að samvinnufélög veita einstaklingum ekki svigrúm til fjáröflunar með þeim hætti.

Frsm. minni hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það virðist ætla að verða erfitt að fá hv. samvinnumenn til að skilja það, að tillag til varasjóðs hlutafélaga er byggt á allt öðrum forsendum en tillag til varasjóðs samvinnufélaga, og það byggist á því, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, að samkvæmt lögum er sett kvöð á varasjóð samvinnufélaga. Allt öðru máli gegnir með það tillag, sem hlutafélögin leggja í sinn varasjóð. En kvöðin, sem lögð er á varasjóð samvinnufélaga, er sú, að þau eiga að greiða eftir ákveðnum reglum skatt til ríkissjóðs af því, sem greitt er í varasjóði. Fyrir hlutafélögin eru þetta hlunnindi. Þau þurfa ekki að greiða skatt af því, sem fer í varasjóði. Hins vegar greiða þau skatt af öllum öðrum tekjum. En samvinnufélögin leggja ýmist í frjálsa sjóði, stofnsjóði, eða úthluta fénu skattfrjálst til félagsmanna sinna. Hv. þm. V-Húnv. sagði: Hvers vegna eru ekki hlutafélög skylduð til að leggja 1% í varasjóð af viðskiptaveltu sinni? Já, ég mundi segja, ef ég ætti að velja: Ég vil gjarnan taka það hlutskipti að greiða 1% af veltu í varasjóð, ef allur annar hagnaður verður skattfrjáls, annaðhvort með því að leggja í stofnsjóð félagsins eða sem frjálst og skattfrjálst framlag til félagsmanna. Slíkur samanburður verður ekki hans máli til framdráttar.

Hv. þm. var að snupra menn fyrir það að ræða skattamál í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil nú spyrja hann: Undir hvaða málaflokk heyrir þetta frv., ef það er rangt málefnislega að ræða skattamál í sambandi við það? Greinar frv. fjalla allar um ákvæði í samvinnulögunum, sem varða skattgreiðslu samvinnufélaganna. Ef svo er, er þá rétt að segja, að það eigi ekki að ræða um skatta við þessa umræðu? En ég get vel skilið það, að hv. þm. vildi vera laus við allar umræður um skatta í sambandi við þetta frv. vegna þess málstaðar, sem hann berst fyrir.

Hann minntist á, að samvinnufélögin greiddu mikla skatta til bæjar- og sveitarsjóða. Það er rétt, þau greiða víst 2% af fasteignamati þeirra fasteigna, sem þau nota, og svo sveitarútsvar, að mig minnir, af hagnaði af verzlun við utanfélagsmenn. Það er ekki þetta, sem við erum að ræða um hér. Við erum að ræða um skatt til ríkissjóðs, til almenningsþarfa.

Hv. þm. hélt því fram, að ég hefði dregið í land frá því, sem stendur í nál., vegna þess að ég hefði sagt í minni fyrri ræðu, að frv. gerði félögin nálega skattfrjáls.

Ég get ekki séð, að það standi í nál. eða því sé haldið fram þar, að félögin séu alveg skattfrjáls. Í nál. stendur: „Verði frv. samþykkt, er sýnilegt, að samvinnufélögin geta komið sér hjá allri skattgreiðslu til ríkissjóðs nema af þeim óverulega hagnaði, sem stafar af viðskiptum utanfélagsmanna.“ Við höfum aldrei haldið öðru fram. Ég hef aldrei sagt, að þau yrðu alveg skattfrjáls. Þau eiga að borga skatt af þeim óverulega hagnaði, sem stafar af viðskiptum við utanfélagsmenn, þegar hagnaðurinn er talinn fram. Ef hann er ekki talinn fram, þá borga þau auðvitað engan skatt af honum.

Það er nú næsta broslegt að heyra því haldið

fram af hverjum þm. eftir öðrum, að samvinnufélögin eigi að hafa sama rétt og önnur félög til þess að leggja í varasjóð. Hlutafélög mega leggja 20% af sínum tekjum í varasjóð og meira ekki, en ef þau leggja minna í varasjóð, þá borga þau hærri skatt. Samvinnufélögin verða að láta ákveðinn hundraðshluta af sinni veltu í varasjóð. Af því, sem þau leggja í varasjóðinn, eru ⅝ skattskyldir. Ef framlag þeirra til varasjóðs minnkar, þýðir það lægri skatt fyrir samvinnufélögin. Rökfærsla hv. þingmanna stangast því á við veruleikann.

Út af því, sem hv. þm. N-Þ. sagði einmitt í sambandi við varasjóðinn og ákvæðin, sem eru nú í lögum um hann, — og hann tók fram, eins og hann hefur áður tekið fram, að honum finnst óréttlátt að skylda samvinnufélögin til að leggja í varasjóð, — þá vil ég spyrja: Hvaðan kemur þá það fé, sem ætti að verða grundvöllur fyrir skattlagningu ríkissjóðs á félögin til almennra þarfa, ef félögin leggja ekki í varasjóði? Hvar á þá ríkissjóður að ná sínum skatti? Hann má ekki skattleggja stofnsjóðinn, og hann má ekki skattleggja greiðslur til félagsmanna af verzlun þeirra yfir árið. Hvar getur hann þá samkvæmt lögum fundið grundvöll til þess að leggja tekjuskatt á félögin? Við komum alltaf að sama svarinu: Það er varasjóður félaganna, sem er grundvöllurinn fyrir skattlagningu ríkissjóðs. Með því að setja það á vald félaganna, hversu mikið og hvort þau leggja í varasjóð, þá er um leið félögunum í sjálfsvald sett, hversu mikinn skatt þau greiða í ríkissjóð. Ég vil taka fram enn þá einu sinni, að það, sem ég ræði um, er fyrir utan þann óverulega hagnað, sem stafar af utanfélagsviðskiptum.

Hv. þm. sagði, að varasjóður eins félags gæti ekki haft nema eitt hlutverk, það að tryggja afkomu félaganna. En ég verð að segja: Því miður er þetta ekki rétt hvað samvinnufélögin snertir. Varasjóður samvinnufélaganna hefur tvenns konar hlutverk. Hann hefur þetta hlutverk, sem hv. þm. sagði, að tryggja afkomu þeirra, og það er hlutverk, sem varasjóðir hafa venjulega. Hann hefur og hitt hlutverkið, að segja til um, hvaða fjárhæð ríkissjóður getur skattlagt af tekjum þeirra. Þetta stafar af þeirri sérstöðu, sem samvinnufélögin hafa í íslenzkum skattalögum.

Hann sagði einnig: Varasjóðir, sem hafa það hlutverk að tryggja afkomu félaganna, eiga þess vegna ekki að vera skattstofn. — Ég er alveg á sama máli og hv. þm. að þessu leyti, en ég vil bara benda hv. þingmönnum á, að s. l. 5—8 ár hefur varasjóður hlutafélaga í landinu verið skattstofn, sem hefur verið þunglega skattlagður, — og af hverju? Af því að félögin hafa orðið að borga miklu hærri skatta en tekjur þeirra námu. Og þegar tekjurnar hrökkva ekki til, þá er gripið til varasjóðsins. Flest hlutafélög í landinu í dag eða mjög mörg eru með öfugan höfuðstól, vegna þess að skattarnir hafa étið sig svo djúpt inn í varasjóði félaganna, að mörg félög hafa enga varasjóði lengur. Ég er alveg sammála hv. þm., að á þennan hátt á ekki að skattleggja félög. Ef samvinnufélögin hefðu eitthvað svipaðan grundvöll, mundi ég vera honum sammála. En þeirra grundvöllur var lagður fyrir mörgum árum, þegar samvinnulögin voru samþykkt, — lagður á allt annan hátt og með allt annað fyrir augum.

Ég held, að hv. þm. N-Þ. hafi spurt, hvort okkur, sem værum á móti þessu frv., fyndist þá, að ætti að skattleggja samvinnufélögin hærra í skattalögunum en gert er ráð fyrir í því frv., sem fyrir liggur. Það vakir alls ekki fyrir okkur. Fyrir okkur vakir, að samvinnufélögin haldi áfram að hafa tekjustofn, sem háður sé skattlagningu til ríkissjóðs. En okkur er alveg sama, hvort samvinnufélögin borga 8%, eins og nú er, eða 25%, eins og gert er ráð fyrir í frv., ef svo á frá málunum að ganga eins og með þessu frv., að félögin þurfi ekki að telja fram tekjur frekar en þau vilja. Um það er deilt.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður, enda hafa þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, ekki gefið mikið tilefni til andsvara af minni hálfu umfram þau andsvör, sem þegar hafa komið fram frá öðrum.

Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. hafi misskilið mig, þegar hann virtist álíta, að ég hefði sagt, að ekki mætti leggja skatt á varasjóði. Ég ætla, að ég hafi ekki sagt það, eða a. m. k. var ekki ætlun mín að segja það, heldur sagði ég hitt, að það væri ekki tilgangur varasjóða að vera skattstofn, þeir væru ekki stofnaðir til þess að vera skattstofn.

Annars er í sjálfu sér ekki þýðingarmikið að deila um það, hvað hafi vakað fyrir löggjafanum, þegar ákvæðin voru sett um varasjóði samvinnufélaga. Ég hef haldið því fram, að það muni ekki hafa verið það að lögfesta þar skattstofn fyrir ríkissjóðinn, heldur allt annað, og get ekki fundið neinar líkur til þess, að svo hafi verið. Ákvæði um skatta eiga að sjálfsögðu að vera í skattalögum, og það er alveg þarflaust að hafa slík ákvæði í öðrum lögum, eins og t. d. samvinnulögunum, sem helzt má telja til félagsmála.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Í stjórnarsamningi fyrrv. ríkisstj., þeirrar er sat næst á undan þeirri, sem nú er, var eitt þess, sem ákveðið var að gera, að endurskoða lögin um tekjuskatt og koma þar á nokkrum leiðréttingum frá því, sem verið hefði. Sú endurskoðun var tvíþætt, annars vegar var endurskoðun á skattinum á einstaklinga og hins vegar skattur á félög. Eins og kunnugt er, náði fram að ganga töluverð leiðrétting varðandi einstaklinga frá því, sem verið hafði, og mikið verk hafði verið unnið til þess að undirbúa nýja löggjöf um skatta á félög, og virtist a. m. k. svo um sinn sem samkomulag væri fengið milli undirnefndar eða þeirra manna, sem að þessu höfðu sérstaklega unnið til undirbúnings, um tillögur þessa efnis. En í þeim ákvæðum var eitt meginefnið það að fá sett ný ákvæði, er hindruðu takmarkalausa álagningu veltuútsvars og þá um leið einnig afnæmu hinn svokallaða striðsgróðaskatt.

Menn töldu sem sé, að allvel mundi horfa um samkomulag í þessum efnum, þó að játað skuli, að það samkomulag hafði ekki komizt á til hlít-

ar. Og það var vitað mál, að ýmsir af þeim, er sérstaklega töldu sig vera málsvara samvinnufélaganna í landinu, voru þess mjög hvetjandi, að löggjöf yrði sett um þessi efni. En svo skeði atburður, sem skyndilega gerbreytti viðhorfinu í þessum efnum. Það var, að upp var kveðinn í hæstarétti dómur, sem kvað á um það, að samvinnufélögin og sérstaklega Samband ísl. samvinnufélaga, sem ég hygg að þar hafi verið málsaðili, skyldu lúta öðrum reglum um álagningu veltuútsvars en aðrir skattgreiðendur.

Þetta varð til þess, að hæstv. fjmrh., — sem ég harma mjög og raunar víti, að ekki skuli vera við slíkar umræður sem þessar, og ég bið um að koma þeim skilaboðum áleiðis, að ég tel ósæmilegt, að fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur, þegar slíkt skattamál sem þetta er hér til umræðu í Nd. Alþingis, — en þá var það svo, að hæstv. fjmrh. missti skyndilega allan áhuga á því að halda fram þeirri endurskoðun skattalöggjafarinnar varðandi hlutafélög, sem um hafði verið samið. En því var hreyft, hvort það gæti verið vegna þess, að þarna hefðu samvinnufélögin enn fengið eina forréttindaaðstöðuna og áhugi hans til endurskoðunarinnar hefði einungis enzt, á meðan samvinnufélögin voru í þessum efnum látin lúta sömu lögum og aðrir, en áhuginn gufaði upp, jafnskjótt og komið var í ljós, að einnig að þessu leyti höfðu samvinnufélögin forréttindi umfram aðra.

Þessu var hreyft á fundi í þáv. ríkisstj., og fjmrh. kvað þvert nei við og taldi sjálfsagt, að endurskoðuninni yrði haldið áfram. Einhvern veginn fór það nú samt svo, að eftir þetta gekk málið ekki. Því þokaði ekki neitt áleiðis. Áhuginn var sem sé gersamlega úr sögunni, þó að hreinskilnina og kjarkinn brysti til þess að segja til um, af hverju hið skyndilega áhugaleysi var komið í staðinn fyrir eirðarleysi hæstv. fjmrh. og hv. þm. V-Húnv. um breytingu á þessu, meðan samvinnufélögin voru um þetta atriði látin sitja við sama rétt og aðrir þegnar landsins.

Þetta varð til þess, að horfið var frá því og ekki reyndist kleift að koma fram því, sem lofað hafði verið, að endurskoða tekjuskattslögin einnig varðandi skatta félaga. Hins vegar hafði heyrzt, að unnið væri að því að halda endurskoðun áfram, og menn fögnuðu því mjög, þegar það bar að og sagt var frá því í vetur, að til stæði, að hér á Alþingi yrði lögð fram breyting á tekjuskattslögunum, sem hefði í sér fólgið fullkomið jafnrétti félaga varðandi a. m k. tekjuskattinn. Þá voru látin eiga sig ákvæðin um veltuútsvör, sem áður höfðu verið talin meginhluti þessa máls.

Í fyrstu virtist svo sem vantraust manna á áhuga hæstv. fjmrh. í þessum efnum hefði ekki við rök að styðjast. En þegar betur var að gáð, kom í ljós, að hér var einmitt um fullkominn og algeran skollaleik að ræða, að því fór svo fjarri, að hæstv. fjmrh. ætti skilið nokkurt traust eða þakkir fyrir þá umbót, sem hér var boðuð og ýmsir héldu í fyrstu að í þessum frv. væri fólgin, — að hér var einmitt verið að leika þann leik, sem átti að hafa í för með sér, að héðan í frá eiga samvinnufélögin ein allra skattþegna í landinu að geta með góðum tekjum sjálf skammtað sér, hversu mikinn tekjuskatt þau skuli gjalda.

Frv. um breytingu á tekjuskattslögunum, sem átti að hafa í sér fólgið jafnrétti félaga í þessum efnum, — þeim böggli fylgdi sem sagt heldur óþrifalegt skammrif, og það er þetta frv., sem nú er til umræðu hér í hv. d. Það var að vísu látið í fyrstu svo sem það frv. kæmi skattamálum ekkert við, því að hv. þm. N-Þ. var að leika þann gamanleik hér í sinni framsögu og ræðuhaldi í upphafi, sem þetta væri ekkert skattamál og nánast væri ósæmilegt að tala um skattamál í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og í allshn. lét hv. þm. einmitt svo í fyrstu og sjálfur raunar lengst af öðru hvoru sem þetta væri óbundið öllum skattamálum. Á meðan ekki var gengið frá samningum milli stjórnarflokkanna um áframhaldandi samstarf, var ljóst, að þetta frv. hafði mjög litinn byr í allshn., en jafnskjótt og ljóst var, að til samninga dró um lausn efnahagsmálanna, var mjög freklega farið að reka á eftir afgreiðslu málsins, og það duldist ekki, úr hvaða átt sá eftirrekstur kom. Jafnframt var því beinlínis lýst yfir af hv. form. allshn., hv. 10. landsk. þm., að þetta mál ætti að afgreiðast í sambandi við frv. um tekjuskatt, að þar væri beint samband á milli, og það fór ekki leynt, að það var talið nauðsynlegt af stuðningsmönnum þessa frv., að það yrði afgreitt áður en jafnréttisfrv. svokallaða um tekjuskattinn yrði tekið til meðferðar.

Hv. frsm. og félagar hans vildu sem sagt ekki eiga undir neinum eftirkaupum við sína góðu samstarfsmenn um það að samþykkja fyrst það frv., sem felur í sér, að samvinnufélögin yrðu jafnrétthá öðrum, nema því aðeins að búið væri að afgreiða þetta á undan, sem á að tryggja það og tryggir, að samvinnufélögin ein allra skattþegna, þeirra sem góðar tekjur hafa, geti sjálf ákveðið, hvort þau vilji borga nokkurn skatt eða ekki. Þegar búið væri að tryggja það með löggjöf, að samvinnufélögin fengju þá algeru sérstöðu í landinu, voru framsóknarmenn reiðubúnir að koma fram með helgisvip og segja: Jú, nú erum við reiðubúnir til þess að ætla samvinnufélögunum sams konar réttindi og öðrum varðandi skattaálagningu á það fé, sem félögin sjálf lýsa sig fús til þess að hafa skattskylt.

Svona liggur þetta mál í raun og veru fyrir. Það má margt um það segja, hvort réttlætanleg sé sú sérstaða, sem samvinnufélögin undanfarin ár hafa haft í skattamálum, eða ekki. Ég skal ekki blanda mér í þær deilur. Það er vafalaust eðlilegt, að þau um sumt hafi einhverja sérstöðu. Ég mæli ekki á móti því. En hvort sú sérstaða á að taka til, eftir að rekstrinn hefur orðið jafnumfangsmikill og fjarskyldur því, sem í upphafi var ráðgert, þegar félögin fyrst voru stofnuð og einnig þegar lögin frá 1921 voru sett, það er annað mál. Það er atriði, sem þarf að rannsaka og hugleiða af viðsýnum mönnum með glögga þekkingu á skattareglum, hvaða áhrif þær hafi, og það var þvílík athugun, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafði boðað að láta fram fara og menn vonuðu að mundi fram fara, en var stöðvuð, eftir að kom í ljós, að samvinnufélögin nutu sérréttinda varðandi veltuskattinn,

sem menn höfðu ekki gert sér grein fyrir áður. En þetta er mál fyrir sig. Hitt er annað mál og því óskylt og sannast sagt fullkomlega ósæmilegt, að þessi félög skuli vera að sækjast eftir meiri forréttindum en áður án þess að fást til þess að gera grein fyrir, að svo sé í raun og veru, að þeir skuli vera að reyna að hylja það fyrst fyrir Alþingi, þegar málið er lagt fram, síðan í n., loks hér við 2. umr. málsins af forsvarsmönnum þessa frv., að þetta er einmitt tilgangurinn.

Það er, eins og ég segi, athugunarefni, að hve miklu leyti hinar almennu skattareglur eigi að gilda um form þessa félagsskapar, alveg eins og það er athugunarefni, að hvaða leyti þörf er á því að breyta tekjuskattslögunum varðandi tekjuskatt og hafa þar einn skattstiga, eins og nú er ráðgert í hinu nýja frv., en ekki stighækkandi skattstiga, eins og hingað til hefur verið.

Þetta er athugunarefni. Hitt verður að teljast mjög ámælisvert af hæstv. fjmrh., að bera þetta frv. fram með þeim hætti, sem hann hefur gert, að gera ekkert til þess að skýra málið, þegar það fyrst er flutt hér í d., að etja sínum aðstoðarmönnum fram til slíkra blekkinga eins og hv. þm. N-Þ. og hv. þm. V-Húnv. hafa haft hér í frammi og óvirða þingheim með því að mæta ekki sjálfur við umræðurnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PP, SkG, StgrSt, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GÍG, EOl.

nei: JóhH, JPálm, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, RH, SÁ, BBen, BÓ.

6 þm. (IngJ, JS, PO, SvbH, ÁkJ EmJ) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 19:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í lögum um samvinnufélög er svo ákveðið, að félögin skuli greiða 1% af sölu aðkeyptra vara og afurða til varasjóðs árlega. Enn fremur er ákvæði um, að arður af viðskiptum, sem utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, skuli lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa. Upphaflega voru þessi ákvæði rökstudd þannig, að nauðsynlegt væri að setja þau, til þess að löggjafarvaldið hefði íhlutun um, að samvinnufélögin styrktu sérstaklega fjárhag sinn með þessu tillagi til varasjóðsins. Á hinn bóginn er engum öðrum félögum en samvinnufélögum lögð sú skylda á herðar að leggja þannig til varasjóða sinna. Öllum öðrum félögum er þetta í sjálfsvald sett.

Segja má, að það hafi ekki verið óeðlilegt, að þessi ákvæði væru í lögum, á meðan samvinnufélögin voru ung og lítil reynsla orðin af þeirra starfi. En nú sýnir reynslan ótvírætt, að það er engin sérstök ástæða til þess að leggja samvinnufélögunum þessar kvaðir á herðar með löggjöf og að það er alveg óhætt að láta þau vera fjár síns ráðandi að þessu leyti eins og önnur félög. Þess vegna er lagt til með þessu frv., að þetta ákvæði, að samvinnufélagi sé skylt að leggja 1% af sölu aðkeyptra vara og afurða til varasjóðs, skuli falla niður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að það ákvæði standi, að arður af viðskiptum, sem utanfélagsmenn kunna að hafa við félagið, skuli lagður í varasjóð. Er því ákvæði haldið vegna þess, að samvinnufélögin hafa þá sérstöðu, að þeim er alls ekki ætlað að ráðstafa til félaga sinna neinum arði af utanfélagsmannaviðskiptum, heldur verði honum varið til þess að efla félagssamtökin og verði varasjóður sá, sem þannig myndast, almannaeign, ef félögin eru lögð niður, en aldrei einkaeign þeirra, sem í félögunum eru. En höfuðatriði málsins er þetta: Reynslan sýnir, að það er alveg eðlilegt, að samvinnufélög verði hliðstæð öðrum félögum að þessu leyti, að þeim sé ekki skylt að greiða 1% af sölu aðkeyptra vara í varasjóð, heldur ráði þau því sjálf, að hve miklu leyti þau leggja til varasjóðs af félagsmannaviðskiptum.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til nefndar, og ég held, að ég muni það rétt, að allshn. hafi orðið fyrir valinu í Nd., og legg til, að þessu máli verði vísað til hennar.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þetta mál spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig er háttað sambandi þessa frv., ef að lögum verður, við skattgreiðslu samvinnufélaga til ríkissjóðs? Verður nokkur breyting að þessu frá gildandi reglum um skattgreiðslu samvinnufélaga, og ef svo er, þá spyr ég: Hver er breytingin, og hvaða verkanir getur hún haft? Það er ekki að tilefnislausu, að ég spyr um þetta. Þegar þetta mál var rætt í hv. Nd. og sjálfstæðismenn gagnrýndu það sem skattamál, sögðu flokksbræður hæstv. ráðh. í deildinni, að allt þetta væri á misskilningi byggt, hér væri ekki um skattamál að ræða, sögðu þeir. Blað hæstv. ráðh. hefur sagt hið sama, og það hefur gengið lengra. Það hefur staðhæft, að sjálfstæðismenn hafi með gagnrýni sinni verið að ofsækja samvinnufélögin. Ég kann ekki við þessa framkomu. Það, sem máli skiptir, er þetta: Snertir þetta frv. skatta samvinnufélaganna til ríkissjóðs, eða snertir það ekki skattamál? Þetta er aðalatriði málsins. Hitt er ekki sæmandi, að vera að fara í felur með tilgang frv. Sé það hins vegar vilji manna að

leysa samvinnufélögin að mestu undan skattgreiðslu til ríkissjóðs, þá er að ganga hreint til verks. Af þessum ástæðum hef ég leyft mér að beina þessari fyrirspurn til hæstv. ráðh. og óska svars hans.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. V-Sk. spurði, hvernig þetta frv. kynni að snerta skattgreiðslur samvinnufélaga. Hv. þm. er nokkuð kunnugur skattamálum sem yfirskattanefndarformaður, og ég geri ráð fyrir, að hann hafi gert sér þetta ljóst. En fyrst hann spyr, skal ég gjarnan segja örfá orð um skattamál samvinnufélaga. Annars gefst tilefni til þess að ræða það, þegar frv. um breytingar á tekjuskattslögunum, sem liggur nú fyrir þinginu, kemur hingað. En verði þetta frv., sem hér er, samþykkt, sem alls ekki er skattamál, heldur fjallar um, hvort skylda skuli samvinnufélög til þess að leggja í varasjóði, — verði það samþykkt, þá búa samvinnufélögin við nákvæmlega sömu kjör að því er þetta snertir og öll önnur félög, þ. á m. hlutafélög. Hér er því um það eitt að ræða í sambandi við þetta mál, að það séu ekki frekari kvaðir á samvinnufélögunum um varasjóðsframlög, að því er varðar viðskipti þeirra við félagsmenn, en eru á öðrum félögum í landinu. Þeir, sem ekki vilja samþykkja þetta frv., vilja hafa í lögum sérstakar kvaðir á samvinnufélögunum umfram það, sem er á öðrum félögum.

Um skattamál samvinnufélaga er svo aftur það að segja, að ráði þau því sjálf, hversu mikið þau leggja í varasjóð af félagsmannaviðskiptum, þá eru þau varðandi skattauppgjör einnig nákvæmlega sett á sama hátt og hlutafélög. Hlutafélögin ráða því sjálf, hversu mikið þau leggja í varasjóð, og samvinnufélögin mundu þá gera það líka. Og þó að skattafrumvarp það, sem liggur fyrir Nd., sé ekki hér til umr., þá er ástæða til þess út af því, sem hv. þm. V-Sk. sagði, að benda á, að verði það frv. samþykkt, munu samvinnufélögin borga skatt eftir sama skattstiga og öll önnur félög. Þau munu þá einnig að því er varðar framlög til varasjóða af félagsmannaviðskiptum búa við sömu reglur og önnur félög. Þetta er aðalatriði málsins. Þeir, sem ekki vilja samþykkja þær reglur um skattálagningu, sem eru í frv., sem liggur fyrir Nd., og þeir, sem vilja ekki fallast á að afnema þá kvöð á samvinnufélögunum, sem hér er gert ráð fyrir að afnema, vilja alls ekki unna samvinnufélögunum jafnréttis. Þeir vilja halda í lögum eða hafa í lögum sérstakar kvaðir á samvinnufélögin, sem gerir þeim erfiðara að starfa en öðrum félögum. Menn geta svo kallað þessa afstöðu hvað sem þeir vilja. En vitanlega dylst engum, að slík afstaða getur ekki mótazt af öðru en kala til samvinnufélaganna, andstöðu við þau og jafnvel fjandskap, því að það getur ekki verið, að sú afstaða að vilja hafa sérstakar kvaðir á tilteknum félögum umfram önnur félög byggist á nokkurri jafnréttishugsun eða því, að menn vilji unna jafnréttis.

Þeir, sem mæla í móti því að létta þessari varasjóðskvöð af félagsmannaviðskiptum samvinnufélaga, eiga að færa rök fyrir því, hvers vegna þeir telji nauðsynlegt að hafa hana áfram í lögum. Og það væri fróðlegt að heyra þessi rök. Og það væri fróðlegt að heyra hv. þm. V-Sk. svara þessari spurningu t. d.: Telur hann þá ekki sjálfsagt, ef hann vill halda áfram þessari kvöð í lögum, að það sé þá líka lögfest, að hlutafélög borgi 1% af veruumsetningu sinni í varasjóð? Og kannske hann vilji líka lögleiða það, að hlutafélög borgi allar tekjur af utanfélagsmannaviðskiptum í varasjóð, eins og raunar samvinnufélögunum er ætlað að búa við, jafnvel eftir að þessi breyting hefði verið gerð? Ég vildi því beina þessum spurningum til hans: Í fyrsta lagi: Hvaða rök sér hann fyrir því, að það verði að lögskylda samvinnufélögin áfram til þess að leggja 1% af félagsmannaviðskiptum í varasjóð? Í öðru lagi: Álítur hann þá ekki sjálfsagt, ef hann telur þetta nauðsynlegt, að festa það í lög, að hlutafélögum beri að gera hið sama?

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mér virðist hæstv. ráðh. fara í kringum þá spurningu, sem ég lagði fyrir hann. Ég spurði beint: Hvaða áhrif hefur þetta frv., ef að lögum verður, á skattgreiðslu samvinnufélaga? Þessu svaraði ráðh. ekki, heldur kom með alls konar útúrdúra. Hæstv. ráðh. sagði í sinni frumræðu, að samvinnufélögin væru einu félögin, sem lögum samkvæmt er skylt að leggja í varasjóð. Þetta er rétt. En hann gat þess ekki, hæstv. ráðh., að þetta eru einu félögin, að ég hygg, þar sem skattgreiðslan er miðuð við varasjóð. Og það er þetta, sem máli skiptir í þessu sambandi. Ef kippa á þessum grundvelli burt, þá hlýtur að verða að gera breytingu á hinum almennu skattalögum, ef það á að koma fram, sem hæstv. ráðh. gefur hér í skyn, að samvinnufélögin eigi að lúta sömu reglum um skattgreiðslu og önnur félög. Það er alveg rétt, að samvinnufélögunum er skylt að leggja hundraðsgjald af veltu, 1%, í varasjóð. ⅔ þessa eru skattskyldir samkvæmt núgildandi reglum. Með þessu frv. er hins vegar lagt á vald félaganna sjálfra, hvort þau leggja nokkurn eyri í varasjóð, — ef það eru félög, sem eingöngu skipta við félagsmenn, — eða ekki. Það þýðir vitaskuld að óbreyttum lögum að öðru leyti, að þessi samvinnufélög verða skattfrjáls í ríkissjóð. Er það ekki rétt skilið hjá mér? Ég vil, að þetta komi skýrt fram, að það sé ekki farið í neinn feluleik með þetta. Er það meiningin að gera þessi samvinnufélög skattfrjáls í ríkissjóð eða ekki? Það er þetta, sem máli skiptir. Allt annað eru málalengingar, sem koma ekki þessu máli við. Félögin þurfa ekki annað en leggja í stofnsjóð, og stofnsjóður er skattfrjáls. Þetta er þungamiðja þessa frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. fannst, að ég hefði ekki svarað þeirri spurningu, sem hann bar fram. Það er auðvitað á algerum misskilningi byggt. Ég svaraði henni fullkomlega. En ég vil upplýsa það aftur, til þess að það verði algerlega ljóst, að ef þetta frv. verður samþ. og skattalagafrv., sem liggur fyrir Nd., þá búa samvinnufélögin, að því leyti sem varðar ríkisskattana, við sömu kjör og önnur félög. En

á meðan það ákvæði er í l., sem þetta frv. fjallar um að afnema, þá eru samvinnufélögunum lagðar á herðar sérstakar kvaðir með ákvæðum um framlög í varasjóð.

Hv. þm. V-Sk. sagði, að samvinnufélögin væru einu félögin, þar sem varasjóður væri lagður til grundvallar skattálagningu, því að þau borguðu eftir núgildandi lögum skatt af ⅔ þess, sem lagt væri í varasjóðinn. Þetta er náttúrlega alveg á misskilningi byggt, því að þetta gildir um hlutafélögin líka. Ef þau leggja í varasjóð af frjálsum vilja, þá greiða þau af hluta þess skatt eins og samvinnufélögin. En hlutafélögin eru frjáls að því, hvort þau leggja nokkuð í varasjóð eða ekki, og það verður nákvæmlega sama aðstaða fyrir samvinnufélögin, eftir að þetta frv. er samþ., að þau eru frjáls að því, hvort þau leggja nokkuð í varasjóð eða ekki af félagsmannaviðskiptum. En aftur á móti verður á þeim sú sérstaka kvöð áfram, að þau verða að leggja allan hagnað af utanfélagsmannaviðskiptum inn í varasjóðinn og borga þar með skatt af ⅔ af þeim tekjum. Þannig verður sérstök kvöð áfram á samvinnufélögunum umfram nokkra aðra, umfram hlutafélögin, þó að þessu ákvæði verði breytt, sem þetta frv. fjallar um.

Hversu mikla skatta samvinnufélögin borga, áður en svona l. eru sett og eftir, fer vitanlega algerlega eftir því, hversu miklar tekjur samvinnufélögin hafa, alveg eins og það fer eftir því, hvort hlutafélögin hafa háar skattskyldar tekjur eða ekki, hve mikið þau borga. Ef hlutafélögin hafa háar skattskyldar tekjur, borga þau mikla skatta. Ef þau hafa litlar eða engar skattskyldar tekjur, borga þau litla eða enga skatta. Það, sem hv. þm. spurði um þetta, er algerlega út í hött. Ef hlutafélag væri rekið þannig t. d., að það greiddi viðskiptamönnum sínum svo mikið sem afslátt, að það hefði litlar eða engar tekjur, þá mundi það lítinn eða engan skatt borga að sjálfsögðu. Ef það hefur aftur á móti gróða, borgar það skatt. Alveg eins er með samvinnufélag. Ef það skilar félagsmönnum aftur í afslætti meginhlutanum af þeim tekjum, sem það hefur haft af viðskiptum við þá, hefur félagið litlar skattskyldar tekjur af þeim viðskiptum. En geri það ekki þetta, þá verður félagið vitanlega að borga skatt, nákvæmlega eins og hlutafélagið. Það er alveg hliðstætt. En þó er sú sérstaka kvöð á samvinnufélaginu áfram, að ef um ágóða af utanfélagsmannaviðskiptum er að ræða, þá verður að leggja hann allan í varasjóð. En hlutafélaginu er það frjálst, hvort það leggur ágóðann í varasjóð eða ekki. Hér er einvörðungu um það að ræða að taka þessa sérstöku kvöð af samvinnufélögunum að því er varðar félagsmannaviðskiptin, þannig að þau verði varðandi þau hliðstæð öðrum fyrirtækjum. Hvort þau borga mikinn eða lítinn skatt framvegis, fer eftir því, hvort þau hafa mikinn eða lítinn tekjuafgang, alveg eins og um annan rekstur í landinu.

Málflutningur sjálfstæðismanna virðist helzt byggður á því, að þeir vilji láta lögbjóða, að samvinnufélög skuli hafa svo og svo miklar skattskyldar tekjur, þó að þau hafi máske raunverulega engar hreinar nettótekjur. En hvað ætli menn segðu um það, ef það yrði sett í l., að hlutafélögin ættu að borga 1% af umsetningu sinni í varasjóð, hvernig sem reksturinn gengi, og borga svo skatt af ⅔ af því, jafnvel þó að þau hefðu engar hreinar tekjur? Slíkt getur vitanlega alls ekki staðizt, og þetta ákvæði, sem hér er verið að breyta, fær í raun og veru ekki staðizt.

Sannleikurinn er sá, að hv. þm. V-Sk. og aðrir þeir, sem hafa talað á móti þessu máli, geta alls ekki unnað samvinnufélögunum jafnréttis á við annan rekstur. En vitanlega er sannleikurinn sá, að þjóðinni ríður mjög á því að hafa einmitt öflugan samvinnurekstur. Sú eina reglulega samkeppni, sú heilbrigðasta samkeppni, sem á sér stað í landinu, er einmitt samkeppnin á milli samvinnufélaganna annars vegar og annarra fyrirtækja hins vegar. Það er sú samkeppni, sem þjóðinni kemur að mestum og beztum notum. En því aðeins getur þessi samkeppni orðið eðlileg, að hvorugum aðilanum sé íþyngt með sérstökum kvöðum af hálfu löggjafarvaldsins, eins og gert hefur verið með því ákvæði, sem hér er farið fram á að afnema, til þess að aðilarnir verði jafnt settir að þessu leyti. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði í málinu. En þegar til kemur, vilja ýmsir alls ekki unna samvinnufélögunum jafnréttis.

Ég vil svo benda á það aftur, að hv. þm. V-Sk. svaraði aldrei þeim spurningum sem ég beindi til hans. Hann svaraði aldrei þeirri spurningu minni t. d., hvort hann teldi ekki sjálfsagt til jafnréttis að lögleiða, að hlutafélög væru skyldug til þess að greiða 1% af viðskiptaveltu sinni í varasjóðina. Kannske hann vildi heldur lögleiða, að hlutafélögunum væri skylt að leggja allan gróða sinn af viðskiptum við utanfélagsmenn í varasjóð, eins og samvinnufélögunum verður skylt að gera jafnt eftir sem áður, þótt þetta frv. yrði að lögum? Ég get varla ætlað hv. þm. V-Sk., að hann sé á móti því að afnema skylduna til að leggja í varasjóð hjá samvinnufélögum, nema hann hafi þá í huga að lögleiða sams konar kvöð á önnur félög.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Ed., 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 262, n. 507 og 526).

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta er ósköp lítið frv. og breytir í sjálfu sér ekki miklu. Það, sem það breytir, er, að það ákveður að losa samvinnufélögin við þá kvöð, sem á þeim einum hefur hvílt hér á landi, að leggja ákveðinn hluta af tekjuafgangi ársins í varasjóð. Það hefur átt að leggja 1% af öllum vörum, sem seldar hafa verið til félagsmanna, í varasjóð. Þetta hafa félögin oft ekki getað, og þá hefur það komið fyrir, að óbilgjarnar skattanefndir hafa áætlað þeim tekjur, sem væru það

háar, að þær nægðu til í 1% í varasjóðinn, og hækkað svo skatta eftir því. Kærur um þetta hafa komið til ríkisskattanefndar nokkrum sinnum. Vitanlega gátu þau ekki lagt meira í varasjóðinn en þau höfðu tekjur til, og breyttum við og námum burt slíkar tilbúnar áætlunartölur. Með þessu frv. er þessi kvöð alveg leyst, svo að svona lagað þarf ekki að koma fyrir, ef það verður samþykkt. Slík kvöð hvílir heldur ekki á neinum félagssamtökum eða einstaklingum öðrum mér vitanlega. Aftur á móti er ákveðið, að leggja skuli í varasjóð allar tekjur af verzlun utanfélagsmanna. Það er náttúrlega svo og svo með verzlun utanfélagsmanna, það er oft dregið í efa, að hægt sé að finna hana rétta og nákvæma, og það er sjálfsagt erfitt. En ákvæði er um það í lögum, að liggi það ekki fyrir, þá eigi yfirskattanefnd að áætla það, hverjar þær séu, og þá kemur af sjálfu sér ágóðinn, þegar það hlutfall er fengið. Það á að renna í varasjóð félaganna, en þó þannig, að þau opinberu gjöld, sem hvíla á félaginu vegna þessara viðskipta, má draga frá, áður en tekjuafgangurinn er lagður í sjóðinn.

Þessi ákvæði, sem hér er lagt til að breytist í samræmi við það, sem ég nú hef sagt, eru eiginlega svo sjálfsögð, að ég held, að það þurfi ekki um þau að tala. Þó að menn séu á móti þeim, eða telja sig vera það, þá er það eiginlega af annarlegum sjónarmiðum, en ekki af því, að þeir telji ekki, að þetta sé rétt.

Þetta frv. er nú flutt um leið og flutt er annað frv., sem ekki er komið til þessarar d. enn þá, um breytingar á tekjuskattslögunum, þar sem lagt er til, að öll félög verði sköttuð jafnt með 25% af tekjuafganginum.

Það mun verða talað um það af einhverjum, kannske hér af minni hl. í n. líka, að það sé ekki sambærilegt, því að félögin hafi möguleika til þess að koma sér hjá því að greiða mikið í ríkissjóð með því að úthluta tekjuafganginum sem arði til félagsmanna. Það er mikið rétt, að arður, sem úthlutað er til félagsmanna, og eign, sem við það myndar stofnsjóð, sem stendur inni í félögunum, og er eign hvers einstaklings, hann verður ekki skattskyldur hjá félaginu sem slíkur, heldur hjá einstaklingunum. Og við því er ekkert að segja. Það er ætlazt til þess beint í samvinnulögunum, að á þann hátt myndist stofnfé, sem félagið hafi sem veltu í sínar þarfir. Undir svipuðu númeri hafa verið látin ganga hér á landi allmörg félög, sem þó ekki eru samvinnufélög og ákaflega hæpið er, hvort rétt hefur verið framkvæmt eða ekki. Ég skal aðeins nefna af þeim félögum t. d. Samlag skreiðarframleiðenda, sem s. l. ár hefur um 2 millj. kr. óúthlutaðan arð um áramót og ekki er látið borga skatt af honum. Hefði það verið samvinnufélag, hefði það verið látið borga skatt af honum, en þó fyrst fengið að draga frá það, sem það borgaði út af arði í fyrra. Ég skal nefna Lýsissamlag ísl. botnvörpunga, sem á orðið nokkrar millj. í sjóði, stofnsjóði, sem er sérsjóðir þeirra, sem lýsið hafa lagt inn, og ekki er einu sinni talið fram hjá þeim og aldrei hefur verið skattlagt. Ég skal nefna Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem sama gildir um. Ég skal nefna Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, — já, það er nú skattfrjálst að lögum eins og Mjólkursamsalan, þau eru bæði skattfrjáls að lögum sérstaklega. Ég skal nefna Innkaupasamband stórkaupmanna. Þessi félög starfa öll á nokkurs konar samvinnugrundvelli, en kalla sig ekki samvinnufélög, hafa notið sams konar fríðinda í öllum sköttum og meira þó en samvinnufélögin og ættu auðvitað öll að takast og skattleggjast aftur í tímann eins og samvinnufélögin. Það hefur nú ekki verið gert, — Samtrygging ísl. botnvörpuskipa sömuleiðis og Innkaupasambandið sömuleiðis. Það er til heill bunki af svona félögum hér í Rvík fyrir landið allt og í Vestmannaeyjum, sem njóta sams konar hlunninda utan laga eins og samvinnufélögin njóta að lögum, sum hafa haft þau alveg, eins og Vestmannaeyjafélögin, önnur hafa tekið sér enn meira vald og hafa skákað í því skjólinu.

Með þeirri breytingu, sem nú verður gerð, náttúrlega breytist þetta. Þessi félög koma þarna inn undir, nákvæmlega eins og samvinnufélögin, enda eru þau í eðli sínu samvinnufélög, þó að þau séu stofnuð af mönnum, sem ekki geta fellt sig við nafnið, — það er ekki annað, sem um er að ræða, — og þá gengur jafnt yfir alla hvað þetta snertir.

Frsm. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það hefur verið fjallað um þetta mál í n., en nm. ekki orðið allir á eitt sáttir, eins og fram kom af framsöguræðu hv. 1. þm. N-M. (PZ).

Frv. þetta miðar að því að fella úr gildi nokkur ákvæði í lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Samkvæmt þeim lögum eru félögin nú skyld til þess að leggja vissa fjárhæð árlega í varasjóði. Í 3. gr. segir svo: „Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.“ Og í 24. gr. sömu laga segir, að árgjald í varasjóð félags og aðra óskiptilega tryggingasjóði skuli eigi vera minna samtals en 1% af sölu aðkeyptra vara og afurða. Það er þetta síðartalda ákvæði, sem ætlað er að nema úr lögum með þessu frv., sem hér liggur fyrir, en hinu ákvæðinu á að breyta.

Því hefur verið haldið fram í umr. um þetta mál í hv. Nd. og einnig í blöðum undanfarnar vikur, að það sé ekki ástæða til þess að skylda samvinnufélög frekar en aðra aðila til að leggja vissa fjárhæð af mörkum í varasjóði árlega. Hefur verið bent á, að félögin séu nú orðin það fjárhagslega vel stæð og örugg, að þessa þurfi ekki með, og má þetta að ýmsu leyti til sanns vegar færa. En hér er þó fleira, sem athuga þarf, og það fyrst og fremst, að varasjóðstillag samvinnufélaga er raunverulega þeirra skattstofn. Það er sá stofn, sem skattar og gjöld til hins opinbera eru miðaðir við árlega. Það er því gefið mál, að með því að rýra þennan skattstofn og gera hann í sumum tilfellum að engu, er verið að skapa samvinnufélögunum mikið hagræði. Það er að vísu gert ráð fyrir því í öðru stjórnarfrv., sem liggur fyrir hv. Nd., að héðan í frá skuli samvinnufélög og hlutafélög greiða 25% af skattskyldum tekjum í ríkissjóð,

og virðist hér vera um mikið jafnrétti að ræða, og algert jafnrétti a. m. k. á pappírnum.

Við, sem að þessu minnihlutanál. stöndum, ég og hv. þm. V-Sk. (JK), hefðum talið æskilegt, að þessi frv. bæði hefðu verið athuguð sameiginlega, vegna þess að þau grípa á vissan hátt hvort inn í annað. En því var ekki að heilsa, þar sem leiðir frv. skildi strax í upphafi og frv. um skattskyldu félaga hefur ekki enn komið frá Nd. og er þar í fjhn.

Því er ómótmælt, að samvinnufélag, sem ekki hefur nein utanfélagsmannaviðskipti, verður, ef þetta frv. nær samþykki, algerlega skattfrjálst. Við sjáum því ekki betur en samvinnufélag geti **samkvæmt þessu frv.** í reyndinni ráðið því að mestu leyti sjálft, hverjar verða skattgjaldstekjur þess. Enn fremur er svo kveðið á í frv., að draga megi opinber gjöld frá þeim hagnaði af utanfélagsmannaviðskiptum, sem árlega er lagður í varasjóð. Fáum við ekki betur séð en á þennan hátt sé samvinnufélagi veitt hagræði og sjálfræði meira en gerist um aðra skattþegna.

Eins og kunnugt er, hafa farið fram á undanförnum árum og áratugum miklar umr. um samvinnufélög og einkarekstur og ýmsar deilur verið háðar, aðallega milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Ég geri ráð fyrir, að þessar deilur hafi staðið alltaf öðru hverju, frá því að samvinnufélögin voru sett á stofn, a. m. k. frá 1920, þegar samvinnufélagalögin voru sett. Og í þessum umr. hafa ýmis rök verið færð fram á báða bóga, og eftir því sem ég hef fylgzt með þeim umræðum, hafa framsóknarmenn í sjálfu sér aldrei borið á móti því, að samvinnufélögin nytu vissra fríðinda. En þeir hafa sagt: Það er rétt, að samvinnufélögin njóti þessara fríðinda, vegna þess að þau eru á ýmsan hátt eðlilegra og hagkvæmara rekstrarform fyrir allan almenning. — Ein af rökum þessara manna hafa verið að benda á, og það hefur verið talið samvinnufélögunum til mjög aukins gildis, — að sá ágóði, sem þau kynnu að safna, færi aldrei út af viðkomandi félagssvæði, hins vegar gæti einkaatvinnurekandi hvenær sem er tekið sig upp með allt sitt og flutt burt úr héraðinu fyrir fullt og allt. Ef samvinnufélag léti hins vegar af störfum, þá skildi það þó a. m. k. ýmislegt eftir sig í héraðinu, m. a. væntanlega gildan varasjóð, sem ætti þar að ávaxtast, unz nýtt samvinnufélag tæki til starfa á því sama svæði, sem ynni að sama markmiði.

Þegar af þessari ástæðu telur minni hl. n., að þetta frv. þurfi frekari athugunar við. Og sannleikurinn er sá, að skattamálin og þessi mál öll eru orðin það flókin og yfirgripsmikil, einkum á síðari tímum, að mér virðist, að um þau geti enginn alþm. talað fullum hálsi, þegar taka á tillit til allra aðstæðna, nema hafa skattasérfræðinga sér við hlið.

Hv. frsm. meiri hl. taldi, að þetta ákvæði, sem nú á að lögfesta, væri alveg sjálfsagt. Enn fremur taldi hann upp ýmsa aðila, sem ekki greiða skatt, en eru þó ekki skattfrjálsir að lögum. Ja, mér er spurn: Hvers vegna greiða þessir aðilar ekki skatt? Væri ekki athugandi að láta þá greiða skatt? Þessar sífelldu skattaívilnanir til hinna og annarra skapa ákaflega leiðinlegt andrúmsloft í þessu efni, og væri held ég réttara að hreinsa til í eitt skipti fyrir öll og láta alla aðila sitja þar við sama borð, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Ég gat þess, að það hefðu verið miklar umr. um þessi mál undanfarin ár og áratugi og að mér virtist, að af málflutningi framsóknarmanna hefði komið fram, að samvinnufélögin hefðu á vissan hátt notið fríðinda á undanförnum árum, en það væri ekki nema sjálfsagt. En nú kveður svolítið við annan tón í þeirra málflutningi. Nú telja þeir, að fyrst þegar þetta frv. verður að lögum, séu samvinnufélögin orðin jafnrétthá öðrum rekstraraðilum í þessu efni, vegna þess að hingað til hafi þau notið miklu verri kjara. Þessa röksemd hef ég ekki rekizt á í þeirra málflutningi hingað til, svo að mér sé minnisstætt. — En það eru nú sjálfsagt miklu meira spennandi umr. í Nd. núna, þar sem bjargráðin eru til umr., heldur en það, þó að ég og hv. 1. þm. N-M. færum hér að skattyrðast út af gömlu deilumáli, sem mikið hefur verið rætt um, — það mundi ýmsum finnast gamlar lummur. En ég get ekki stillt mig um að enda þessi orð mín með því að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, smápistil úr leiðara Tímans þriðjudaginn 29. apríl s. l. Sá leiðari ber yfirskriftina „Skattfríðindasögur Morgunblaðsins.“ Þar segir svo:

„Það er stefna framsóknarmanna, að samvinnufélögin njóti sem líkastrar aðstöðu og einkareksturinn. Þeir telja, að sérstök hlunnindi séu samvinnuhreyfingunni ekki hagkvæm, þegar til lengdar lætur, heldur geti dregið úr árvekni hennar og framtaki; jafnréttisaðstaðan sé henni bezt; á þeim grundvelli geti hún skapað einkarekstrinum hollt aðhald og hann henni — og almenningi þannig tryggð hin bezta þjónusta.“

Ég veit ekki betur en þetta sé einmitt aðalinntakið í röksemdum sjálfstæðismanna undanfarin ár í þessum efnum. Ef þessi leiðari, svo sem maður verður að gera ráð fyrir, túlkar sjónarmið framsóknarmanna, þá sé ég ekki annað en framsóknarmenn og sjálfstæðismenn séu orðnir algerlega sama sinnis í þessu máli. Ég man það, — það hefur líklega verið í minni fyrstu stjórnmálaræðu, — þá vék ég að þessum málum og sagði nákvæmlega það sama að efni til og hér er sagt í leiðara Tímans. En ég hafði ekki fyrr lokið máli mínu en ég fékk yfir mig álitlega gusu af formælingum úr öðrum áttum.

Þegar á þetta er litið, held ég, að ekki hefði annað þurft en að fá nokkra útvalda sérfræðinga í þessum efnum til þess að forma þær till., sem allir aðilar hefðu getað sætt sig við í framtíðinni. Ég verð því miður að ætla, að með því að reka þetta mál á þennan hátt séu hv. framsóknarmenn að reyna að vekja sjálfstæðismenn upp til andstöðu við samvinnufélögin til þess að geta svo túlkað það í sínum málflutningi og blaðakosti, eins og sézt hefur nú undanfarna daga, að sjálfstæðismenn vilji umfram allt fjandskapast við samvinnufélögin. En ég segi fyrir mig, að það er fjarri því, að mig langi neitt til að gera slíkt. Ég viðurkenni fyllilega og hef frá upphafi viðurkennt gildi samvinnufélaga og er sjálfur þátttakandi í samvinnufélagi, sem starfar þar, sem ég á heima.

Að öllu þessu athuguðu hefðum við talið eðlilegt að hrapa ekki svona að þessu máli, heldur athuga það allt saman miklu betur, einmitt í sambandi við það frv., sem nú liggur fyrir hv. Nd., einkum þegar þess er gætt, að þessir tveir stjórnmálaflokkar, sem ég hef gert að umtalsefni í þessari ræðu minni, virðast vera orðnir alveg sammála um allt, sem máli skiptir í þessu efni.

En á þessu stigi leggjum við til, að frv. verði fellt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef allmikið kynnzt samvinnufélagsskap og get þess vegna varla stillt mig um að leggja hér aðeins orð í belg.

Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, hefur verið mikið deilt um samvinnufélög, allt frá því að fyrsta félagið var stofnað, og menn hafa skipzt þar í flokka, samkeppnismenn og samvinnumenn, og samkeppnismenn hafa lagt sig fram um að misskilja samvinnufélagsskapinn og láta aðra misskilja hann. Það er alltaf mikill munur á afstöðu þeirra manna, sem vilja skilja, og hinna, sem vilja misskilja.

Þó að ég tali svona, þá er langt frá því, að ég væni hv. 11. landsk. þm., þann ágæta vin minn, um það, að hann vilji misskilja samvinnufélagsskapinn. En þó er það svo, að það er ljóst af því, sem hann sagði, að hann misskilur, og það, sem í nál. stendur frá hans hendi, er af misskilningi sprottið að ýmsu leyti. Þetta stafar af því, að þeim, sem hafa viljað misskilja samvinnufélagsskapinn, og þeirra á meðal hafa verið þeir, sem ritað hafa um samvinnufélagsskap í blöð Sjálfstfl., hefur tekizt að villa um fyrir þessum hv. ágæta alþm.

Það var svo í upphafi, í sambandi við fyrsta kaupfélagið, meðan það var aðeins eitt til í landinu, að þá var deilt um álögumál, og fóru fram mikil málaferli í Þingeyjarsýslu út af útsvarsskyldu kaupfélagsins. Að málsóknum á hendur kaupfélaginu og álögum stóð höfuðandstæðingur samvinnufélagsskaparins, kaupmaðurinn á staðnum, sem var oddviti, svo að þetta mátti telja mjög eðlilegt. Og það var ekki fyrr en löngu seinna, að lög voru sett um gjaldskyldu kaupfélaga. Í þeim l., samvinnulögunum, voru höfð ákvæði, sem tekin voru beint upp úr reglum samvinnufélaganna. Þar með var ákvæði um ótakmarkaða samábyrgð, því þegar kaupfélögin voru fyrst að fara af stað, þá þurftu þau að byggja sig sem sterklegast upp til þess að geta haft nauðsynlega tiltrú. Samábyrgðin var eitt þeirra atriða, sem þá voru höfð til þess að skapa tiltrúna. Nú er búið að nema úr l. þessa ótakmörkuðu samábyrgð, vegna þess að þegar kaupfélögunum óx fiskur um hrygg og þau höfðu sannað tilverurétt sinn og traustleika, þá voru þessi ákvæði óþörf og þau voru numin úr lögum.

Annað ákvæðið var skyldan til að leggja í varasjóð til þess ekki aðeins að fá höfuðstól milli handa fyrir félagsskapinn, heldur til þess að hafa þar bakhjall og tryggingarfé í viðskiptum og skapa tiltrúna. Þetta ákvæði er enn í l., og það er þetta ákvæði um skylduna til að leggja í varasjóð, sem nú er verið að leggja til með frv. því, sem hér liggur fyrir, að verði afnumið. Það var viðurkennt af hv. 11. landsk. þm., að kaupfélögin væru orðin svo fjárhagslega sterk, að ekki væri ástæða þess vegna til þess að skylda þau ein allra félaga í landinu með landslögum til þess að byggja upp hjá sér varasjóð. Þar af leiðandi mun hann út frá því sjónarmiði, sem þetta frv. er flutt, sem sé sjónarmiðinu um það að nema úr lögum þetta ákvæði, sem var sett af félögunum sjálfum og tekið inn í landslög fyrir tilstilli þeirra til þess að efla traust þeirra, meðan þau voru ung og höfðu ekki unnið sér þá tiltrú, sem þau hafa nú, þá mun mega slá því föstu, að hann gengur inn á það sjónarmið og lítur svo á, að þess vegna megi ákvæðið hverfa úr lögum. En hann lítur svo á, að þetta ákvæði hafi haft það sem aðaltilgang að vera skattstofn félaganna, og ég sé það í nál., að þetta er sameiginlegt álit þeirra, sem að minni hl. standa. Ég skil það líka á umr. þeim, sem hafa farið fram í blöðum, að þeir, sem ég kalla andstæðinga samvinnufélaganna, leggja áherzlu á þetta. En það er misskilningur.

Í nál. minni hl. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum eiga samvinnufélög að greiða 8% í tekjuskatt af skattskyldum tekjum. Skattskyldar eru þær tekjur félaganna, sem lagðar eru í varasjóð. Af þessu leiðir, að félögin hljóta að leggja allt kapp á það að greiða sem allra minnst fé árlega í varasjóði. Er það eðlileg sjálfsbjargarviðleitni á tímum hinnar hörðu skattheimtu. Að vísu er gert ráð fyrir því í öðru stjórnarfrv." o. s. frv. „að hækkaður sé skattur."

Þeir slá þessu föstu, minnihlutamennirnir, að þær tekjur félaganna, sem lagðar eru í varasjóð, séu skattskyldar. En hvað segja tekjuskattslögin um þetta? Þetta er ekki nema brot af sannleikanum, því að þau segja einmitt, lögin, 8. gr.: „Ef nokkuð af ársarði þessara félaga," þ. e. samvinnufélaga, „er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna." Því eru bara takmörk sett, það er aðeins sú upphæð, sem er eins og hér segir, sem eigi nemur fjárhæð, sem er meiri en ⅓ af ársarði.

Þetta er þess vegna nokkuð öfugt fram sett hjá minni hl. og sýnir, að hugsun sú, sem að baki stendur, er byggð á miklum misskilningi. Sem sagt, samvinnufélögin hafa skattfrjálst það, sem þau leggja í varasjóð, nema það fari yfir þriðjung ársarðsins. Og samvinnufélögin eru ekki ein um þetta, heldur einnig félög, sem stunda útgerð, og loks önnur félög, en þá er það ⅓ hluti af ársarði, sem þau hafa skattfrjálsan, ef þau leggja hann í varasjóð.

Þetta sýnir það m. a., að það er rangt ályktað, að varasjóðstillag félaganna sé sett sem skattstofn. Frá þessu sjónarmiði er ekkert athugavert við það fyrir félag að leggja fé í varasjóð. En það er athugavert fyrir félag, sem telur sig ekki þurfa að byggja sig upp lengur á sama hátt og gömlu félögin þurftu á sínum tíma, að vera

skyldað til þess, hvernig sem árar, að leggja 1% af umsetningu sinni í varasjóð, alveg eins hvort sem árar vel eða illa. Það er mjög athugavert. Og frá sjónarmiði þeirra, sem skilja samvinnufélögin og eru þeim vinveittir, getur það heldur ekki talizt athugavert, þó að úthlutað sé arði til félagsmanna. Fyrst og fremst er það svo, að verzlun er — eða a. m. k. frá minu sjónarmiði — ekki hið sama hjá kaupmanni eða hlutafélagi, sem verzlar, og kaupfélaginu. Hlutafélagið og kaupmaðurinn verzla til þess að hafa hagnað handa sér, en samvinnufélag kaupir vörur og selur vörur fyrir félagsmenn sína, til þess að þeir hafi sem bezt tækifæri til að kaupa vörur með hagfelldum kjörum og koma sinni framleiðslu í verð. Ef einn maður kaupir sér vörur, kallar enginn það verzlun, og ef einn maður selur sína vöru, við skulum segja beint til neytandans, þá kallar í sjálfu sér enginn það verzlun, og dettur engum í hug, að hann verði sérstaklega skattskyldur af þeim viðskiptum. En það er satt að segja ekki allur munur á því, hvort tveir eða þrír eða fjórir eða hversu margir sem eru leggja saman til þess að ná hagfelldum kaupum fyrir sig og selja sína vöru eða hvort það er einn maður.

Hins vegar hefur kaupmaðurinn og hlutafélagið önnur sjónarmið og er að safna sér ávinningi með verzluninni, og þeirra viðskipti, þeirra verzlun svarar til þess, þegar kaupfélög verzla við utanfélagsmenn, enda er líka glöggur greinarmunur gerður á þessu hjá kaupfélögunum í því, að hagnaður af verzlun við utanfélagsmenn er algerlega skattskyldur á sama hátt og slíkur arður er hjá hlutafélagi og kaupmanni.

Það er að visu vitnað í það, sé ég er, og hv. 11. landsk. minntist á það líka, að frá arðinum af skiptum við utanfélagsmenn, sem félögin mega alls ekki taka á nokkurn hátt í rekstur sinn til eyðslu, en verða að leggja í varasjóð eða láta ganga til almenningsþarfa, t. d. til menningarframkvæmda fyrir hérað sitt eða eitthvað því um líkt, megi draga, áður en lagt er í varasjóðinn, útsvar og skatt, og það er rétt. En það má aðeins draga útsvar og skatt frá þessum upphæðum, áður en þær eru lagðar í varasjóðinn, en það má ekki draga þær frá skattskyldum tekjum, þær upphæðir eru ekki skattfrjálsar. Það er langt frá því. Og kaupfélög, sem oft hefur sézt í blöðum sjálfstæðismanna að séu skattfrjáls, eru víða hæstu gjaldendur, bæði til sveitar og ríkis, í umhverfi sínu, og það er vegna þess, að þau gjalda t. d. þetta sem snertir utanfélagsmannaviðskiptin og greiða að öðru leyti af tekjum sínum, mega ekki frekar en önnur fyrirtæki draga útsvar og skatt frá og verða þess vegna alltaf undir skatti og útsvari með þær upphæðir frá ári til árs. Það er því langt frá því, þó að þetta ákvæði, sem hér er verið að tala um í frv. því, sem fyrir liggur, verði að lögum, að kaupfélög losni undan sköttum. Það er aðeins það, sem þau losna við, að vera ein skuldbundin með landslögum til þess allra samtaka í landinu að leggja ákveðið gjald í varasjóð, hvernig sem árar.

Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að kaupfélögin hafi engra sérstakra skattfríðinda notið í þess orðs venjulegu merkingu. Ég tel, að þau hafi jafnan goldið a. m. k. eftir því, sem eðlilegt er, og oft meira, miðað við þann skipulagsmun, sem er á þeim og hinum venjulegu samkeppnisfyrirtækjum.

Ég tel, að fyrir staði þá, sem kaupfélög starfa á, sé það ómetanlegt gagn, hvernig þau byggja upp fyrir framtíðina með sínum óskiptilegu sjóðum, og þó að kaupfélögunum verði leyft að vera laus við það að vera lögbundin til að leggja árlega í varasjóð, þá draga þau sjálfsagt ekkert af sér eftirleiðis við slíka uppbyggingu. Sá reginmunur er á þeim og hinum venjulegu fyrirtækjum öðrum fyrir staðina, sem þau starfa á, að við félagsslit eru allir hinir svokölluðu óskiptilegu sjóðir, allar þær eignir, sem eru ekki séreignir, arfur til héraðsins og til ráðstöfunar á vegum héraðsvalds, en hver einstaklingur og hvert hlutafélag tekur sínar eignir á einhvern hátt með sér, og þær verða ekki almenningseign. Enn fremur ber á það að líta líka, að kaupfélögin eru almenningsfélög, eru opin fyrir alla. Það er reginmunur.

Ég vona, að þegar hv. 11. landsk. athugar þessi mál betur en hann hefur gert í gegnum þau sjóngler blaðakostsins, sem hann hefur haft, þá sjái hann, að hér er ekki sérstaklega skattamál á ferðinni, heldur réttlætismál, og eins veit ég líka, að hinn hv. þm., sem að minnihlutanál. stendur, á nóga sanngirni til hjá sér til þess að skipta um skoðun í þessu efni.

Það er nefnilega þannig, þetta mál, að enginn getur verið á móti þessu frv. nema sá, sem telur samvinnufélagsskapinn svo ótraustan öllum öðrum félagsskap fremur, að skylda þurfi hann einan með landslögum til þess að leggja í varasjóð hjá sér.

Þannig er málið, þegar það er krufið og þegar á það er litið með fullum skilningi, eins og við samvinnumenn höfum skilyrði til að líta á þetta.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að þakka hv. þm. S-Þ. fyrir þetta fræðslu-erindi, því að hann taldi, að mestur hluti þeirra umræðna, sem fram færu um þessi mál, byggðist á misskilningi og þar á meðal nál. okkar minni hlutans.

Ég vil í sambandi við þessa staðhæfingu hans spyrja: Er það rangt samkv. gildandi lögum, að skattgreiðsla samvinnufélaga miðist við varasjóðstillag? Er það rangt, að sú skylda hvíli á samvinnufélögunum í dag að leggja 1% af veltu í varasjóð og ⅔ þess sé skattskylt? Er þetta rangt? Ég spyr hv. þm. Ef þetta er rangt hjá okkur, þá viðurkenni ég fyrir mitt leyti, að nál. sé ekki rétt byggt upp. En ég held, að þetta sé hárrétt. Ég vildi gjarnan fá leiðréttingu hv. þm., ef ég fer hér rangt með. Og ég spyr hann einnig: Er nokkurt félag nú til hér í landi, sem hefur heimild til að draga frá opinber gjöld, áður en skattur er á lagður? Hér á að lögleiða þetta. Er þetta ekki sérstaða, sem hér á að koma fram? Ég spyr um það þennan hv. þm., sem þóttist vera að fræða okkur, sem lítið eða ekkert vita um þessi mál. Ég spyr hann: Er þetta rétt, eða er þetta rangt? Það er ekki annað, sem við segj-

um í nál., en að hér sé um sérstöðu að ræða, ef þetta verður lögfest. Ég veit ekki til, að það séu nokkur félög, sem njóta þessara fríðinda. Hitt er annað mál, ég tel, að allir skattþegnar ættu að njóta þeirra, en ekki einstakir skattþegnar.

Ég er sammála frsm. meiri hl., að þetta ætti að ræðast og afgreiðast í beinu sambandi við tekjuskattsfrv., sem liggur fyrir í Nd. Sennilega verður það þó þannig að láta skattafrv. daga uppi, en knýja þetta fram.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. lagði fyrir mig tvær spurningar. Inn á svör við þeim spurningum kom ég nú að vísu í því, sem ég sagði áðan, en ég skal samt sem áður gera tilraun til þess að tala ljósar en ég líklega hef talað áðan.

Hann spurði: Er það rangt, að skattskylda samvinnufélaga miðist við varasjóð, að hún hvíli á ⅔ hlutum varasjóðstillags? Ég fullyrði, að það sé rangt, að skattskyldan miðist við varasjóð eingöngu, en hún nær einnig til varasjóðstillags, ef lagt er meira í varasjóð en nemur ⅛ af ársarði félagsins.

Ég vona, að hv. þm. átti sig á því, að þetta er önnur regla en minnihlutaálitið byggir á, og þá vona ég líka, að þannig sé komið, að hann viðurkenni, að hann hafi þarna byggt á misskilningi, eins og hann lofaði að viðurkenna.

Ég las upp áðan ákvæðið úr lögunum, úr 8. gr. skattalaganna, sem þetta snerti. Ef nokkuð af hreinum tekjum þessara félaga er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ⅛.

Þá spurði hann að því, hvort það væri nokkurt félag til í landinu nema samvinnufélögin, sem hefði leyfi til þess að draga opinber gjöld frá sínum skattskyldu tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Ég veit ekki til þess, að það sé nokkurt félag í landinu, sem hefur leyfi til að gera þetta. Samvinnufélögin hafa það sem sé ekki heldur. En þegar lög skylda þau til þess að leggja arð af skiptum utanfélagsmanna í varasjóð, þá er leyfilegt að draga frá, áður en lagt er í varasjóð, það sem nemur útsvari og skatti, en hins vegar er sú upphæð skattskyld eftir sem áður, því að skattskylda samvinnufélaga nær yfir miklu meira en þennan hluta af varasjóðstillaginu, sem við erum að ræða um. Skattskyldan nær yfir yfirfærslur þær, sem gerðar eru milli ára, yfir það, sem lagt er í sameignarsjóði, o. s. frv.

Ég vona, að ég hafi svarað þessu nógu greinilega, og undirstrika það og hygg það fullsannað, að með frv. þessu er aðeins verið að leysa félögin frá þeirri gömlu kvöð, sem þau bundu sig sjálf og töldu sig fyrrum þurfa að leggja á sig, að leggja 1% af umsetningu í varasjóð. Og okkur öllum kemur yfirleitt saman um það, að samvinnufélögin séu það traust félög, að landslög þurfi ekki að skylda þau til þessarar sjóðssöfnunar frekar en önnur félög.

Frsm. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. varð nokkuð tíðrætt um misskilning þann, sem honum þótti vera um að ræða af hálfu okkar nm. í minni hl., og má vera, að skýrar hefði mátt að orði komast í nál., a. m. k. að því er varðar þá ⅔ af varasjóðstillögum, sem skattskyldir eru, en ekki allt tillagið, eins og ætla mætti, ef ekki er athugað gaumgæfilega. En hv. þm. féll enn fremur í þá freistni, sem ýmsum hv. framsóknarmönnum liggur ákaflega nærri hjarta, að láta í það skína, að þeir einir skilji samvinnufélagsskapinn og það sé raunverulega þeirra félagsskapur og þeirra eign.

Eins og hv. þm. drap á, er öllum heimill aðgangur að samvinnufélagi, eða a. m. k. öllum, sem fullnægja vissum skilyrðum, og við vitum, að í samvinnuhreyfingunni íslenzku eru menn af öllum stjórnmálaflokkum.

Ég get ekki stillt mig um að minna hv. þm. á eitt atriði, sem ég hlustaði á fyrir nokkrum árum. Það var þegar erindreki Sambands ísl. samvinnufélaga var að spyrja einn af frumherjum samvinnuhreyfingarinnar úr Dalasýslu, sem var þá kominn á efri ár, hvers hann mundi óska, ef hann ætti sér eina ósk til handa samvinnufélögunum. Ja, því er fljótsvarað, sagði hinn gamli samvinnumaður. Það er, að samvinnuhreyfingin íslenzka losi sig sem allra fyrst úr faðmlögum hinna pólitísku flokka. Og varð ekki misskilið, við hvað hann átti. Þetta vildi ég biðja vin minn, hv. þm. S-Þ., að hugleiða ögn nánar.

Hv. þm. varð enn fremur tíðrætt um það, að ég hefði slegið því föstu, að aðaltilgangur varasjóðsframlags samvinnufélaga væri sá að vera skattstofn þeirra. Þetta hef ég nú reyndar ekki gert, og ég verð að segja, að mér finnst þetta að sumu leyti óeðlilegt, að láta skattskyldu félaganna á nokkurn hátt byggjast á þessu framlagi þeirra í varasjóð. En hinu verður á hinn bóginn ekki neitað, að með því að lögfesta þetta frv. minnkar skattstofninn, eins og löggjafinn hefur núna gengið frá þessu atriði.

Ég læt þetta vera mitt síðasta orð um þetta mál, a. m. k. í dag, en ég vildi einungis spyrja hv. þm. S-Þ. einnar spurningar, — og hann getur alveg eins svarað henni eftir þennan þingfund eða einhvern tíma, þegar leiðir okkar liggja saman, því að við hittumst nú daglega, og harma ég það ekki neitt: Er hann sammála þeim pistli úr leiðara Tímans, sem ég las upp áðan? Ef svo er, þá erum við sammála í öllum meginatriðum, og þá held ég það sé ekkert oftraust á okkur báðum, að við mundum leysa hin atriðin í þessu máli sæmilega vel, með sérfræðinga við okkar hlið, þannig að þessum málum gæti orðið vel skipað í framtíðinni, svo að allir mættu vera ánægðir.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Það virðist hafa komið fram bæði hér í d. og eins í nál. og í Nd., að varasjóðstillag samvinnufélaganna sé einhver skattstofn fyrir félögin. Þetta er mjög misskilið. Ég skrapp í gær upp í ríkisskattanefnd og náði mér í eitt framtal frá einu samvinnufélagi, og það leit nú þannig út, að tekjuskatturinn var 3676 kr., sem var 8% af skattskyldu tekjunum. Og skattskyldu tekjurnar voru varasjóðstillag að hér um bil ⅝ og aðrar

tekjur að ⅓, svo að það er alrangt að tala um varasjóðstillagið sem skattstofn félaganna. Þess vegna er það byggt á algerum misskilningi, þessi samtenging þessa frv. við hitt frv. Þegar verið er að tala um, að samvinnufélögunum hafi verið ívilnað o. s. frv., þá hefur verið hægt að blekkja fólk, af því að samvinnufélögin hafa verið skattlögð eftir öðrum leiðum en ýmis önnur félög. Það er það, sem er orsökin. Það hefur verið ósköp svipuð útkoman, en þau hafa verið skattlögð eftir öðrum leiðum, og þess vegna hefur verið svona auðgert að blekkja, að jafnvel sjálfstæðismenn hafa oft getað það.

Hitt er rétt, sem þm. V-Sk. sagði, að það er ekki til í lögum að leyfa á sama hátt að draga opinber gjöld frá eins og gert er hér í þessu frv., en það er heldur ekki á sama hátt lögð kvöð á neinn annan skattþegn, eins og þarna er gert, að leggja allan ágóða af verzlun utanfélagsmanna í varasjóð.

Þetta væri nokkuð tilsvarandi eins og við segðum við einhverja verzlun, sem verzlar með ákveðna vöru aðallega: Jú, ef þú verzlar með aðrar vörur, þá skaltu taka ágóðann, sem af því verður, og þú borgar af honum útsvar, þú leggur hann í sérstakan sjóð til að tryggja þína framtíð, en sá hluti af gjöldunum, sem þú borgar opinberlega, sem liggur á þessum viðskiptum, hann er skattfrjáls. — Þetta er ekki sagt við neinn, en þetta er sagt hér um bil þó við samvinnufélögin: Það, sem þú skiptir við utanfélagsmenn, — þú mátt skipta við þá, — og það, sem þú hagnast á viðskiptum við þá, það getur þú ekki notað á sama hátt og aðrar þínar tekjur, þú verður að festa það í sérstökum sjóði, en vegna þess að á það kemur einhver hluti af þeim sköttum, sem þú borgar, þá máttu draga það frá, áður en þú festir það eða leggur það til hliðar fyrir framtíðina. — Þetta er það, sem gert er, og þetta er nýtt. Ég er með þessu ákvæði og sé ekkert við það að athuga. (**Gripið fram í:** Skattskyldan er ekki létt með því.) Nei, nei, hún er ekkert létt með því, ekkert annað en að hann er alltaf fyrri, þessi partur, sem kemur inn. (**Gripið fram í:** Borgar fyrir sig sjálfur.) Já, borgar með sér sjálfur á alveg sérstakan hátt.

Ég nefndi í minni fyrri ræðu nokkuð mörg félög, sem væru hér á landi hálfgerð samvinnufélög. Ég nefndi til dæmis samvinnufélag skreiðarframleiðenda, sem um hver áramót á stóra sjóði, sem eru ógoldnar verðuppbætur til félagsmannanna, leggur af því ákveðinn hluta í sjóði til að tryggja sig og sína starfsemi og greiðir hitt sem uppbætur árið eftir. Þetta er nákvæmlega tilsvarandi og samvinnufélögin gera, og það hefur alltaf verið farið þannig með þau, að óborgaði sjóðurinn, sem til er um áramót, er talinn eign félagsins, borgaður af honum eignarskattur ævinlega og alltaf. En til frádráttar kemur svo það, sem greitt er í stofnsjóði félagsmanna árið áður, en það, sem eftir er, telst tekjur. Eins ætti að fara með þessi hálfgerðu samvinnufélög, þó að það hafi ekki verið gert.

Ég held, að þegar menn fara að athuga þetta frv., hv. minni hl. og þeir, sem honum fylgja, þá muni þeir komast að raun um, að það sé sjálfsagt að samþykkja það og það fyrirbyggi m. a. það, að einstakar yfirskattanefndir og stundum skattanefndir hagi svo til, þegar eitthvert kaupfélag hefur ekki nógar tekjur til að láta 1% af öllum viðskiptum félagsmanna fara í varasjóð, að búa þá til tekjur. Þannig var það um eitt kaupfélag á árinu 1954, að áætluð var tekjuviðbót á það kr. 81377.49, til þess að það næði því að borga þetta 1% af öllum viðskiptum félagsmanna í varasjóðinn. Og svo voru tekjurnar hækkaðar sem því nam. Svo urðum við að lækka aftur tekjuskattinn í ríkisskattanefnd úr kr. 10886.00, sem hafði verið hægt að koma honum upp í með þessu móti, og niður í kr. 6544.00. Svona var farið að fara með samvinnufélögin hingað og þangað um landið af mönnum, sem segjast vilja þeim vel, og þetta þurfti að fyrirbyggja. Það var náttúrlega brot á samvinnulögunum að láta ekki 1% í varasjóðinn. En hvar átti að taka það, þegar peningarnir voru ekki til og ágóðinn var enginn? Hvar átti að taka hann? Kaupfélögunum var bara áætluð tekjuviðbót, sem því nam, alltaf nákvæmlega, að þau hefðu 1% í varasjóðinn. Þessu þarf að breyta, og það gera þessi lög — eða frumvarp — og þau á að samþykkja.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. (FÞ) lagði fyrir mig fyrirspurnir. Ég get svarað því játandi, að ég vildi, að samvinnufélögin þyrftu ekki að styðjast við pólitíska flokka. En hitt er það, að ég er trúlítill á, að sú ósk rætist fyrst um sinn, vegna þess að samvinnufélögin þurfa að verja sig og þurfa á vörn að halda fyrir pólitískum flokkum, og það kemur m. a. í ljós hér á Alþingi. Ég hefði t. d. ekki blandað mér í þessi mál, ef ekki hefði verið sótt að því réttlætisákvæði, sem ég tel að felist í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Við getum náttúrlega lofað því báðir hvor um sig að vinna að því að eyða pólitík í sambandi við þessi mál, eftir því sem hægt er, og þá vil ég óska þess, að hv. 11. landsk. byrji með því að unna samvinnufélögunum þess réttlætis að þurfa ekki ein að leggja fé í varasjóð, hvernig sem hagur þeirra er og hvernig sem árar.

Þá spurði hann mig líka að því, hvort ég væri sammála því broti úr leiðara Tímans, sem hann las hér áðan upp, um að samvinnufélög og önnur verzlunarform ættu að njóta jafnréttis. Og ég svara því hiklaust játandi. Ég er því sammála. En ég lít ekki svo á, að þetta jafnrétti sé það, að kaupmaður t. d. og samvinnufélag greiði nákvæmlega eftir sömu reglum til almenningsþarfa. Ég tel, að jafnréttið þar á milli þurfi að vera hlutfallslegt eftir forminu, sem er á verzluninni hjá þessum tveimur aðilum. Ég hefði líka getað nefnt hlutafélag, en ekki sérstaklega kaupmanninn, og ég vil segja það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, það þokar í þá áttina, að jöfn staða til gjalda verði á milli hlutafélags og kaupfélags.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 102. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 536).

26. Sala áfengis, tóbaks o. fl. til flugfarþega.

Á 75. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja áfengi og tóbak til erlendra farþega, er fara um Keflavíkurflugvöll [164. mál] (stjfrv., A. 362).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Um alllangt skeið hefur flugmálastjórnin annazt rekstur almenns flugs á Keflavíkurflugvelli. Hefur starfsemin aðallega verið fólgin í því, að erlendar flugvélar hafa haft þar viðkomu á ferðum sínum á milli Evrópu og Bandaríkjanna.

Eins og kunnugt er, fer millilandaflug íslenzkra flugfélaga fram um Reykjavíkurflugvöll, og innanlandsflugið fer einnig fram um Reykjavíkurflugvöll. Íslenzkar flugvélar koma ekki við á Keflavíkurflugvelli, nema alveg sérstaklega standi á í Reykjavík, að þar sé ekki hægt að lenda vegna veðurskilyrða eða flugvélar geti ekki tekið þann benzinforða með sér, þegar þær fara frá Reykjavíkurflugvelli, sem nauðsynlegur er til millilandaflugsins, og þurfi því að koma við á Keflavíkurflugvelli til að taka þar benzin.

Keflavíkurflugvöllur má því heita svo til algerlega eingöngu rekinn sem millilendingarflugvöllur fyrir erlendar flugvélar á ferðum þeirra yfir Atlantshaf.

Íslenzka flugmálastjórnin hefur orðið að byggja upp mjög víðtæka og kostnaðarsama flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli til þess að geta leyst af höndum þá þjónustu, sem óhjákvæmileg er, til þess að hægt sé að starfrækja flugið þar þannig, að forsvaranlegt geti talizt. Er þetta mjög kostnaðarsamur rekstur, eins og hv. þm. er kunnugt, bæði af fjárlögum og eins úr ríkisreikningunum. Hins vegar hefur umferðin um Keflavíkurflugvöll verið mjög mikil, þannig að umferðin hefur fullkomlega staðið undir rekstrarkostnaðinum þar og að jafnaði gefið verulegan tekjuafgang á hverju ári, sem notaður hefur verið til þess að byggja upp innlenda flugvelli hingað og þangað um landið.

Mönnum var það ljóst þegar fyrir allmörgum árum, að Keflavíkurflugvöllur mundi eiga þess að vænta í framtíðinni, að aðrir flugvellir, sem kæmu til greina sem millilendingarflugvellir á ferðunum yfir Atlantshafið, gætu orðið honum allskeinuhættir í samkeppninni um það að ná til sín lendingum. Það eru mörg ár síðan flugmálastjóri ritaði ríkisstj. Íslands bréf, þar sem hann benti á, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir á Keflavíkurflugvelli til þess að bæta þar aðstöðuna þannig, að við yrðum ekki undir í samkeppninni við erlenda flugvelli. Bent var á ýmislegt, sem gera þyrfti, og hefur verið unnið að því, svo sem frekast hefur verið hægt, um mörg ár að bæta þarna alla aðstöðu og allan aðbúnað, til þess að hægt væri að bjóða sem allra fullkomnasta þjónustu.

Eitt af því, sem flugmálastjórinn benti á á sínum tíma og ekkert hefur verið gert í til þessa, er, að þeir erlendir flugvellir, sem við okkur keppa um þessa þjónustu, hafa gert ráðstafanir til þess að setja upp sérstakar verzlanir á flugvöllunum, sem hefðu á boðstólum vörur með lágum eða litlum tollum, sett yrði upp eins konar fríhöfn, þar sem áhafnir flugvélanna og þeir farþegar, sem eingöngu hafa þar viðdvöl, á meðan flugvél er afgreidd, gætu fengið vörur keyptar með lágu verði og litlum tollum.

Það er sérstaklega Shannonflugvöllur í Írlandi, sem fyrir allmörgum árum síðan gerði ráðstafanir til að koma upp slíkri tollfrjálsri verzlun. Á flugvellinum þar er á boðstólum hvers konar varningur, sem flugfarþegar og áhafnir flugvéla, sem eingöngu eru í gegnumflugi, geta fengið keypt ótollað.

Á Shannonflugvelli er til sölu áfengi og tóbak með mjög lágu verði, sömuleiðis úr, parfume, vefnaðarvara, fatnaður og annað þess háttar.

Ég hef sjálfur átt þess kost einu sinni, þegar ég átti leið þarna um, að dveljast í þessari verzlun um nokkurn tíma og sjá það, sem þar fór fram. Farþegarnir flykktust þarna inn ásamt áhöfnunum og gerðu mikla verzlun, og það var auðséð, að það var almennur áhugi, bæði hjá farþegum, sem voru þarna á ferð, og eins hjá áhöfnum flugvéla, sem þarna dvöldust.

Þetta hefur leitt til þess, að flugvélar leita mjög lendingar á Shannonflugvelli og að sama skapi hefur dregið úr lendingum flugvéla á Keflavíkurflugvelli á ferðum þeirra fram og til baka yfir Atlantshafið.

Áhafnir flugvélanna, sérstaklega kapteinar þeirra, ráða miklu um það, þegar ferð flugvélarinnar vestur eða austur um Atlantshaf er ákveðin, hvort viðkoma er höfð á Keflavíkurflugvelli eða Shannonflugvelli, og ég heyrði það á viðtölum, sem ég átti við áhafnir á flugvélum, sem staddar voru á Shannonflugvelli, þegar ég var þar, að áhafnir flugvélanna beita sér mjög fyrir því, að vélarnar lendi frekar á Shannon en í Reykjavík, bæði vegna þess að áhafnirnar hafa sjálfar áhuga fyrir því að gera þarna góða verzlun og þær vita, að farþegarnir kjósa frekar að lenda á flugvelli, þar sem þeir geta notið slíkra hlunninda, heldur en lenda á velli, sem ekki hefur upp á neitt slíkt að bjóða.

Reikningar flugmálastjórnarinnar sýna greinilega, að á seinni tímum hefur lendingum mjög fækkað á Keflavíkurflugvelli og tekjur flugvallarins því farið stórlækkandi, þannig að nú eru horfur á því, að flugvöllurinn muni ekki gera meira en svo að geta staðið undir rekstri sínum og lítið eða ekkert verða afgangs, sem hægt er

að nota til byggingar flugvalla úti um land, eins og verið hefur áður, og má búast við því, ef svo heldur áfram sem nú horfir, að jafnvel geti orðið um rekstrarhalla að ræða þarna vegna fækkandi lendinga. Ég hef því að undanförnu látið athuga möguleikana á því að búa áhöfnum og farþegum flugvéla, sem leið eiga um Keflavíkurflugvöll, þá aðstöðu á flugvellinum, meðan þeir dveljast þar, sem líkist sem mest því, sem er á öðrum flugvöllum, sérstaklega Shannonflugvelli, og mér er kunnugt um að þetta fólk sækist mjög eftir.

Það, sem hægt er að gera á þessu stigi málsins, er að reyna að koma þarna upp verzlun, sem hefur á boðstólum áfengi og tóbak, sem selt er með sambærilegum hætti og gert er á þeim erlendu flugvöllum, sem við keppum við á þessum sviðum.

Lengra virðist ekki tiltækilegt að ganga í bili. En athugun og reynsla á hinum erlendu flugvöllum hefur sýnt, að það er einmitt þetta tvennt, áfengið og tóbakið, sem fyrst og fremst dregur hinar erlendu flugvélar að flugvöllunum og gerir þá eftirsóknarverða, þannig að ef við gætum komið svipaðri starfsemi upp hér hjá okkur, þá gætum við gert okkur vonir um að standa betur að vígi í samkeppninni við þá flugvelli, sem við keppum við, heldur en við gerum nú.

Ég hef ekki viljað fara af stað með þetta frv., fyrr en ég var búinn að tryggja, að hægt væri að skapa þannig aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, að algerlega væri hægt að loka þá farþega og þær flugáhafnir, sem leið eiga um Keflavíkurflugvöll, af í sjálfri flugvallarbyggingunni frá öðrum, er þar dveljast, þannig að útilokað væri, að þeir gætu haft samband við landsmenn. Ég vildi ekki fara af stað með málið, fyrr en ég hafði það algerlega tryggt, að engin hætta væri á því, að þetta gæti verið misnotað, þannig að hægt væri að koma víni eða tóbaki inn í landið til landsmanna úr þessari friverzlun, sem talað er um að reyna að koma þarna á stofn. Hefur nú verið þannig frá málinu gengið, að það er hægt að loka algerlega af þann hluta flugstöðvarinnar, sem þessir erlendu farþegar hafast við í, á meðan þeir dveljast hér, og hægt er að tryggja, að misnotkun á þessum hlutum á ekki að geta átt sér stað.

Ég hef í höndum ýmsar grg. og upplýsingar í sambandi við þetta mál og fyrirkomulag í sambandi við þessa hluti á erlendum flugvöllum ásamt bréfum og áskorunum frá flugmálastjóra og flugráði. Ég mun að sjálfsögðu láta þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, í té allar þessar upplýsingar, ef hún óskar eftir, en að svo stöddu máli sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna, að ég átta mig ekki alveg fyrirvaralaust á þessu frv., enda mun því hafa verið útbýtt nú í dag, en ég get ekki neitað því, að mér þykja nokkrar líkur vera til þess, að vafasamt sé, að þessi brennivínsverzlun á Keflavíkurflugvelli verði svo úr garði gerð, að ekki komist þar neinir aðrir að en erlendir farþegar. Og hvernig verður það með íslenzka farþega, sem kynnu að vera farþegar með þessum erlendu flugvélum? Komast þeir þá heldur ekki inn í króna, sem á að mynda þarna á vellinum?

Það getur vel verið, að þetta sé þýðingarmikið atriði til þess að draga flugvélar að þessum flugvelli, eins og hæstv. ráðh. sagði. En sannast að segja, þá hélt ég, að Keflavíkurflugvöllur væri svo langt úr leið fyrir flugvélar, að þær færu ekki að fljúga hingað norður undir heimskautsbaug aðeins til þess, að farþegar geti fengið sér vín. Ég hélt, að það giltu önnur lögmál um það, hvar flugvélum væri hentast að lenda eða hafa viðkomustaði, heldur en þetta. Auk þess hygg ég, að áfengissala eigi sér stað í flugvélunum sjálfum, eða svo hefur mér virzt í þeim flugvélum, sem ég hef farið með á milli landa, og mér kemur þetta ókunnuglega fyrir sjónir, þótt ég hins vegar vilji ekki vera að rengja hæstv. ráðh. um, að þetta kunni að hafa þessa þýðingu, en merkilegt þykir mér það samt. En eitt stærsta atriðið í þessu máli sýnist mér þó vera það, sem hæstv. ráðh. að vísu vék að, hvernig það verði tryggt, að ekki hefjist þarna dulbúin viðskipti við aðra aðila en þessa erlendu farþega, og það hefur oft verið svo, þótt vel hafi átt að búa um hlutina í fyrstu, að það hefur ekki reynzt eins öruggt, þegar til framkvæmdanna hefur komið, og getur á sama veg farið um þetta.

Mér sýnist, að aðaltilgangurinn sé aðeins sá að veita farþegum þjónustu. Þetta er ekki gert í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð, virðist mér, því að vínið á að vera tollfrjálst. Eða er þá nokkur hagnaður af því fyrir íslenzka ríkið að koma upp þessari nýtízku búð eða þessari nýtízku krá á Keflavíkurflugvelli annar en sá að veita þessum erlendu farþegum þjónustu? Mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti sannfært mig um það, að þetta eitt geti virkilega haft það í för með sér að draga erlendar flugvélar hingað til Íslands til viðkomu, að slík verzlun hafi þennan undramátt. Að vísu þekki ég ekki eins vel og sumir aðrir undramátt þessarar vöru. En að hann sé svona mikill, hélt ég alls ekki. En sérstaklega vildi ég leggja áherzlu á þetta við þá nefnd, sem fær þetta mál til athugunar. (PZ: Þú ert sjálfur í henni.) Ég í henni? Ég er alls ekki í þeirri nefnd, — eða á það að koma til landbn. eða hvað? Ef því verður vísað til menntmn., þá get ég náttúrlega athugað þetta þar, en ég vil víkja því til hv. n., sem kann að fá þetta frv. til athugunar, að hún gefi því fyllstu gætur, hvort hér sé verið að opna einhvers konar verzlun, sem jafnvel almenningur, og þótt ekki væri almenningur, heldur einhverjir Íslendingar geta runnið í, þegar þeim liggur á, og jafnframt vildi ég vekja athygli n. á því, hvort ákvæði frv. ná aðeins til erlendra manna, en ekki til innlendra, sem kynnu að vera farþegar í þessum sömu flugvélum.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gat þess í framsöguræðu sinni, að á Shannonvellinum á Írlandi væru seldar ýmsar aðrar vörur en áfengi og tóbak. Síðar í ræðu sinni gat hann þess og, að skilyrði vegna húsakosts væri

ekki á Keflavíkurflugvelli til sölu á öðru en áfengi og tóbaki.

Mig langaði nú til að hafa orð á því á þessu stigi málsins, hvort samt sem áður væri ekki rétt að hafa í frv. heimild til handa ríkisstj. til viðtækari sölu, þótt ekki væri hægt að framkvæma hana eins og sakir standa.

Ég teldi, að það væri einhvers virði fyrir okkur að geta haft þarna innan langs tíma, ef þetta kæmist á fót, á boðstólum íslenzka úrvalsvöru af ýmsu tagi, og teldi það ekki minna virði fyrir okkur en áfengissöluna í sjálfu sér.

Ég stóð aðeins upp til að hafa orð á þessu og vildi beina því til hv. n., sem málið fær, hvort hún vildi ekki athuga þessa hlið málsins, að ganga þannig frá frv. eða lögunum þegar í stað, að heimildin væri til viðtækari sölu en aðeins áfengis og tóbaks, eins og frv. hljóðar nú á.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Það komu fram hjá hv. þm. Barð. nokkrar áhyggjur út af því, hvort íslenzkir flugfarþegar, sem leið eiga um Keflavíkurflugvöll, gætu komizt inn í hina tollfrjálsu vínbúð og gert þar viðskipti á sama hátt og þeir, sem fara um flugvöllinn í gegnumflugi.

Út af þessu vil ég aðeins taka fram, að íslenzkir flugfarþegar, sem hefja flugferð á Keflavíkurflugvelli eða ljúka henni þar, fara frá vél eða að um húsakynni tollgæzlunnar á vellinum, en koma ekki við í vínbúðinni.

Þá spurðist hv. þm. Barð. fyrir um það, hvort rétt væri, að tollfrjálst áfengi og tóbak hefði slíkt aðdráttarafl, að flugfarþegar, sem ættu leið yfir Atlantshafið, óskuðu sérstaklega eftir að koma við á flugvöllum, sem byðu upp á tollfrjálsar verzlanir, ef lenda þyrfti á annað borð.

Hjá flugmálastjórninni liggja fyrir og hafa lengi legið fyrir áskoranir frá erlendum flugfélögum, sem hafa stundað flug um Keflavíkurflugvöll, um að komið yrði á rekstri tollfrjálsrar áfengissölu á Keflavíkurflugvelli. Segja hin erlendu flugfélög, að á meðan slík þjónusta sé ekki til á vellinum, þá kjósi þau heldur, þegar því verði við komið, að fara um aðra flugvelli, sem geti boðið upp á hana, vegna þess að vitað sé, að farþegarnir óski þess.

Þá gat hv. þm. Barð. þess, að ríkið mundi sennilega hafa litla tekjuöflun af þessu, vegna þess að ekki væri ætlað að leggja mikið á það vín og tóbak, sem þarna yrði selt.

Það er rétt, það er ekki tilætlunin að hafa verulegan hagnað af víninu og tóbakinu. Hins vegar er tilætlunin að reyna að laða flugvélarnar til okkar, fá þær til þess að lenda hér, svo að við fáum af þeim lendingargjöldin, og upp úr því er miklu meira að hafa en þó að eitthvað væri verið að leggja á áfengi og tóbak. Það eru þessi lendingargjöld, sem við höfum misst af vegna þeirrar þjónustu, sem aðrir flugvellir hafa boðið, en við ekki haft.

Þá minntist hv. 1. landsk. þm. á það, hvort ekki væri æskilegt að hafa í lögunum heimild til þess að reka tollfrjálsa verzlun með annað en aðeins áfengi og tóbak.

Ég gat þess í framsögu, að ég hefði miðað frv. við áfengi og tóbak, vegna þess að eins og nú háttaði til á flugvellinum væru ekki tök á að koma þar upp verzlun með aðrar vörur. Hins vegar get ég vel fallizt á, að athugað verði í nefnd, hvort rétt sé að hafa heimildina almennari en frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 386).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Nefndinni þótti rétt að gera við þetta frv. tvær brtt., en er eiginlega alveg samþykk efni þess, þrátt fyrir það þótt brtt. séu gerðar.

Brtt., sem er við 1. gr., er í því fólgin, að eins og greinin var, mátti skilja það svo, að íslenzkir menn, sem færu í áframhaldandi flugi í gegnum Keflavíkurflugvöll, ættu ekki aðgang að þessum veitingum, þar sem sett var: „til erlendra farþega".

Til að komast fram hjá þessu og láta vera skýrt, að allir þeir, sem færu í gegnum völlinn í framhaldsflugi, hefðu þessi réttindi, var orðalagi 1. gr. breytt lítils háttar.

Þá þótti líka rétt að breyta örlítið orðalagi 2. gr. Það er vitað mál, að þeir vellir, sem þessar útsölur hafa, hafa þar margt fleira á boðstólum en vín og tóbak, og að því er einhver vísir þarna, um bréfsefni, um póstkort o. fl., og ef aðstæður yrðu þær í framtíðinni, að betri skilyrði yrðu til slíkrar sölu og væri hægt að víkka þau eitthvað út, þá þótti rétt að taka inn í það heimild til þess. Þess vegna var bætt aftan við: „og hvers konar aðrar vörur" í 2. mgr. En afleiðingin af þessu varð svo sú, að fyrirsögninni á frv. varð að breyta lítils háttar.

Þetta eru engar efnisbreytingar að heitið geti, og með þessum breytingum leggjum við til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 386,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 386,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 386,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 405).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed. (A. 405).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég sakna þess, að enginn af hálfu hæstv. ríkisstj. skuli gera grein fyrir þessu máli hér. Eftir efni þess getur það heyrt undir ýmsa ráðherra í raun og veru, — ég veit ekki, hver er sá, sem sérstaklega á að sjá um það, hvort það er hæstv. utanrrh., hvort það er fjmrh. eða e. t. v. dómsmrh., en enginn þeirra lætur svo lítið að vera hér viðstaddur og gera grein fyrir málinu. En ég verð að spyrja, hvaða ástæður liggi til þess, að nauðsyn sé á því að flytja þetta frv., og einkanlega, ef ástæða er til þess að stofna slíka áfengisútsölu á Keflavíkurflugvelli, af hverju hún er þá ekki einnig stofnuð á Reykjavíkurflugvelli. Það er vitað mál, að Reykjavíkurflugvöllur er einnig lendingarstöð í millilandaflugi, og einmitt að svo miklu leyti sem íslenzk flugfélög halda uppi millilandaflugi, þá nota þau Reykjavíkurflugvöll, en ekki Keflavíkurflugvöll. Talið mun vera, að það dragi að þeim flugvöllum viðskipti, sem njóti slíkra hlunninda sem hér er um að ræða, að þetta séu fríðindi, sem farþegar á flugvélum sækist eftir. Eins og hér háttar til, mundi það þá aðallega koma til varðandi farþega, sem ferðast á milli Evrópu og Bandaríkjanna. Ef þetta verða talin hlunnindi, — og annars sýnist vera ástæðulaust að setja þessi lög, — er þá verið að veita þeim félögum, sem hafa lendingarstöð í Keflavík og eingöngu eru erlend flugfélög, réttindi umfram það flugfélag íslenzkt, sem nú þegar heldur uppi föstum áætlunarferðum milli Evrópu og Bandaríkjanna. Ég sé ekki, að það fái með nokkru móti staðizt. Ég get hugsað mér ýmsar ástæður, eins og hættu á smygli og annað slíkt, sem geri það varhugavert yfirleitt að fara inn á þessa braut, og einmitt þær hættur hafa orðið þess valdandi, að hingað til hafa menn ekki treyst sér til að setja slík ákvæði sem í þessu frv. eru fólgin. En ef menn telja þær hættur einskisverðar, þá eru þær auðvitað alveg jafneinskisverðar á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli. Það á að vera hægt að hafa alveg sama eftirlit, að engin misnotkun eigi sér stað hér, eins og hægt er að hafa slíkt eftirlit á Keflavíkurflugvelli. Ég vil því leggja áherzlu á að fá grg. um það undir meðferð málsins, af hverju er hér gert svo mjög upp á milli, sem sagt að hinum erlendu flugfélögum, sem keppa við íslenzkt flugfélag, er verið að veita sérréttindi umfram hið íslenzka flugfélag. Það er efni þessa frv., eins og það liggur fyrir.

Ég vil vænta þess, að einhver af hálfu hæstv. ríkisstj. verði til þess að skýra þann hugsunargang, sem hér er á bak við, svo að þm. megi átta sig betur á málinu en þeir fá gert eftir efni sjálfs frv. og hinni ófullkomnu grg., sem því fylgir. Það liggur að vísu ekki fyrir, og mér er ókunnugt um, í hvaða n. málið hefur verið til athugunar í Ed. (**Gripið fram í:** Allshn.) Allshn., — en ef málið er flutt að tilhlutan hæstv. utanrrh., er þá ekki réttast að vísa málinu til hv. utanrmn., og er nokkuð á móti því, að lagafrv. hér í d. sé vísað til þeirrar ágætu og prýðilega starfhæfu nefndar?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 95. og 96. fundi í Nd., 14. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 19. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 405, 508, 521).

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., var flutt í Ed. **af hæstv. utanrrh.** Eins og frv. var upphaflega. var gert ráð fyrir, að ríkisstj. væri heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu seldi áfengi til erlendra farþega og flugvélaáhafna, sem um völlinn færu, áfengisverzlun ríkisins ræki útsöluna undir yfirstjórn utanrrh., er ákveði verð áfengisins, sem selt er með þessu móti, og settar yrðu svo nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina kæmu til með að skipta. Þá skyldi og heimilt, að útsalan gæti selt tóbak, og skyldi farið eftir sömu reglum um þá verzlun og við sölu áfengis, eftir því sem við ætti.

Hv. Ed. afgr. frv. með þeim breytingum, að heimilt skyldi vera að selja áfengi til allra farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi og auk tóbaks skyldi vera heimilt að selja hvers konar aðrar vörur, sem henta þætti.

Breytingarnar eru sem sé þær, sem hv. Ed. gerði á frv., að sala áfengis á Keflavíkurflugvelli skuli ná til allra farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi, en ekki einskorða við erlenda farþega, eins og upprunalega var gert ráð fyrir. Þá er og bætt inn í, að um framhaldsflug væri að ræða. Þá var því og bætt við, að ríkisstj. gæti heimilað verzluninni að hafa á boðstólum auk áfengis og tóbaks hvers konar aðrar vörur, sem henta þætti, og skulu að sjálfsögðu gilda um þá verzlun reglur, sem um getur í 1. gr., eftir því sem við á.

Allshn. Nd. hefur rætt frv. á fundi sínum nokkuð og gat ekki fallizt á að afgr. það óbreytt eins og Ed. gekk frá því. Nm. eru andvígir því, að Keflavíkurflugvelli verði veitt ákveðin forréttindi fram yfir Reykjavíkurflugvöll. Sé sú skoðun á rökum reist, að það dragi úr viðkomu erlendra farþegaflugvéla til Keflavíkurflugvallarins, að farþegarnir fái þar ekki þá þjónustu og fyrirgreiðslu, sem þeir óska eftir og veitt sé á flugvöllum erlendis, hlýtur hið sama að gilda um Reykjavíkurflugvöll. Í þessu sambandi má benda á, að flugfélagið Loftleiðir h.f. hefur viðkomu á Reykjavíkurflugvelli í framhaldsflugi á milli Evrópu og Ameríku. Með því að veita Keflavíkurflugvelli þessi auknu réttindi fram yfir Reykjavíkurflugvöll gæti það orðið til tjóns fyrir þetta íslenzka flugfélag.

Nú má að sjálfsögðu um það deila, hvort það geti talizt sérstaklega nauðsynleg þjónusta fyrir flugfarþega og áhafnir flugvéla í framhaldsflugi að geta fengið keypt áfengi, tóbak o. fl. vörur á íslenzkum flugvöllum við vægu verði.

Í grg. er talað um, að hlutaðeigandi íslenzkir embættismenn hafi kynnt sér nokkuð fyrirkomu-

lag tollfrjálsra viðskipta á flugvöllum erlendis og hafi þeir eindregið lagt til, að sams konar háttur verði upp tekinn á Keflavíkurflugvelli. Í grg. þessari er því jafnvel haldið fram, að flugvélar, sem að öðru jöfnu mundu leggja leið sína um Keflavíkurflugvöll, hafi fremur kosið að fara um Shannonflugvöllinn í Írlandi, til þess að farþegar og áhafnir gætu átt viðskipti í hinum tollfrjálsu búðum þar. Mér finnst nú, að fyrir þessu liggi dálítið hæpnar sannanir. Þó skal ekkert um það fullyrt, nema aukin fyrirgreiðsla eins og sú, sem hér um ræðir, geti stuðlað að auknum viðkomum véla, sem fljúga milli Evrópu og Ameríku, til íslenzkra flugvalla.

Allshn. er mótfallin því að gera upp á milli þessara tveggja aðalflugvalla landsins, Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkurflugvallar. Fyrir því leggur n. til, að frv. verði breytt, og leggur til eftirfarandi breytingar:

Við 1. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Ríkisstj. er einnig heimilt að setja á stofn sams konar útsölur á Reykjavíkurflugvelli, eftir að þar hefur verið byggð afgreiðslustöð til sameiginlegra afnota fyrir þau flugfélög, sem völlinn nota.

Við 2. gr. Upphaf gr. orðist svo: Ríkisstj. getur heimilað útsölum þeim, sem um getur í 1. gr. o. s. frv.

Við fyrirsögn frv. Á eftir orðunum „á Keflavíkurflugvelli“ komi: og Reykjavíkurflugvelli.

Eins og afgreiðsluskilyrðin eru nú á Reykjavíkurflugvelli, verður ekki hægt, svo að séð verði, að koma þar á slíkri útsölu nú þegar. Þá fyrst, þegar þar hefur verið byggð afgreiðslustöð, sem uppfyllir þær kröfur, sem til slíkra afgreiðslustöðva eru gerðar, til sameiginlegra afnota fyrir þau flugfélög, sem völlinn nota, þá fyrst yrði hægt að setja þar á stofn verzlun með þessar tilteknu vörur og þá með vægu verði, eins og þarna er orðað í grg.

Í sjálfu sér tel ég þetta frv. ekkert stórmál. En sé það á annað borð álit þeirra manna, sem þessum málum eru kunnugastir, að nauðsynlegt sé að koma á fót útsölu með áfengi og tóbak o. fl. fyrir farþega og flugvélaáhafnir í framhaldsflugi á Keflavíkurflugvelli, verður ekki séð, hvað það er, sem mælir á móti því, að Reykjavíkurflugvöllur fái sömu réttindi, þegar þar verða til staðar nauðsynleg afgreiðsluskilyrði.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefur flutt brtt. á þskj. 521 við frv. um, að í staðinn fyrir orðin „setur nánari reglur“ í 2. málsgr. 1. gr. komi: setur að fengnum till. áfengisvarnaráðs nánari reglur o. s. frv. Allshn. hefur ekki rætt þessa till., þar sem hún var ekki komin fram, þegar n. afgr. frv. frá sér, en sem einn nm. sé ég ekkert, sem mælir á móti till., og tel hana frekar til bóta.

Einn nm., hv. þm. N-Þ., hefur sérstöðu í málinu og skrifaði því undir nál. með fyrirvara.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég hef flutt hér brtt. við þetta frv. um, að leitað skuli álits áfengisvarnaráðs, þegar gefin er út reglugerð um meðferð áfengis í þeirri útsölu eða þeim útsölum, sem hér á að stofna til. Í áfengislöggjöfinni er svo ákveðið, að um allar reglur, sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum, skuli leitað álits áfengisvarnaráðs, og tel ég eðlilegt, að það verði einnig gert í þessu tilfelli, því að sömu forsendur eru að sjálfsögðu fyrir því eins og hinu. Það leiðir af sjálfu sér, að það er mikils um vert og alveg nauðsynlegt, að allrar varúðar sé gætt í sambandi við framkvæmd áfengissölu á þessum stöðum, að þetta áfengi verði ekki selt nema til þeirra manna, sem eru í framhaldsflugi á vélunum, og ef svo er, sem haldið er fram og að mér skilst byggt á nokkrum kunnugleika, að þeir, sem ferðast í flugvélunum, leggi allmikið upp úr því að geta fengið slíkt áfengi keypt á viðkomustöðum þeirra, þá sé ástæða til að taka tillit til þess í sambandi við þýðingu þessara samgangna í höndum Íslendinga.

Hér er enn fremur gert ráð fyrir því að hafa þarna á boðstólum ýmsa aðra hluti, t. d. tóbak og ýmsa dýra muni, sem máske eru seldir með minna tollálagi en almennt gerist. Og það er sagt og þá sérstaklega á þeim flugvellinum, sem talið er að mestri samkeppni valdi við flugvellina hér um samgöngurnar á milli Evrópu og Vesturálfu heims, að þá sé einnig allmikið upp úr þessu lagt af þeim, sem með flugvélunum ferðast, að eiga þess kost að geta keypt slíka muni á leið sinni, þar sem flugvélarnar koma við. Og sé þetta verulegur þáttur í því að styrkja aðstöðu Íslendinga í millilandafluginu í samkeppni við aðra, þá er náttúrlega sjálfsagt að taka það til athugunar og gera það, sem skynsamlegt er og hyggilegt og ef til vill arðvænlegt í þessu efni. En að þessu stefnir þetta frv., sem hér liggur fyrir, að styrkja aðstöðu Íslendinga í samkeppni við önnur flugfélög, einkum á leiðinni milli Evrópu og Ameríku eða Vesturheims. En sem sagt, ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, hv. frsm. n. hefur fyrir sitt leyti lagt með því, að þessi till. mín verði samþykkt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 508 með fyrirvara. Ég vil ekki synja hæstv. ríkisstj. um heimild til þess að koma upp þeim útsölum á flugvöllum, sem hér er um að ræða, og með þeim hætti, sem þar er gert ráð fyrir. En hins vegar vildi ég leggja áherzlu á það nú við meðferð málsins, að þessi heimild, ef að lögum verður, verði ekki notuð, nema mjög traustlega sé um það búið, að ekki verði slys af. En eins og kunnugt er, þá er alltaf mikill vandi að gæta hátollavarnings, sem ekki hefur verið greiddur tollur af, og því þykir mér ástæða til þess að láta þessi varnaðarorð fylgja.

Í öðru lagi get ég raunar sagt það, að ég taldi mig ekki hafa aðstöðu til þess að meta það, hvort verða mundi verulegt gagn af því fyrir rekstur flugvallanna að veita þessa heimild, en þar sem frv. er fram komið, vildi ég þó ekki standa gegn því, að þessi heimild yrði veitt, og hef mælt með frv. ásamt öðrum nm., en skrifa undir nál. með þessum fyrirvara. Ég mun hins vegar greiða atkv. með brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 521.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Þegar nefndin fór að athuga frv., eins og það kom frá Ed., varð mönnum það strax ljóst, að ef slík heimild

væri gefin eingöngu á Keflavíkurflugvelli, eins og frv. upphaflega gerði ráð fyrir, mundi við það hlutur innlendra flugfélaga, sem hafa bækistöð sína á Reykjavíkurflugvelli, verða gerður miklu verri en hlutur hinna erlendu félaga, og því þótti n., a. m. k. meiri hl. hennar, sjálfsagt, að gengið yrði þannig frá frv., að möguleiki væri fyrir því, að innlendu félögin sætu við sama borð hvað þetta snertir með sína erlendu farþega.

Hv. þm. N-Þ. bar nokkurn ugg í brjósti um það, að erfitt væri að búa svo vel um hnútana í þessu efni, að ekki yrði misnotað. Samkvæmt frv. á áfengisverzlun ríkisins að reka þessar útsölur undir yfirstjórn utanrrh. Till. nefndarinnar byggist á því, að hún komist í framkvæmd, þegar slíkar breytingar hafa verið gerðar á afgreiðsluhúsakynnum félaganna á Reykjavíkurflugvelli, að telja mætti tryggt, að ekki væri hætta á, að misnotkun ætti sér stað, enda tel ég sjálfsagt, að gengið sé þannig frá, áður en heimildin kemur til framkvæmda. Ég fyrir mitt leyti er ekkert hræddur um það, að ekki sé hægt að ganga þannig frá húsakynnum og allri skipun í sambandi við þetta, að misnotkun geti ekki komið til mála.

Þetta er nú orðið algengt víða erlendis, að til sé verzlun, sem selur fugfarþegum tollfrjálsar eða að mestu leyti tollfrjálsar vörur, um leið og þeir fara út af vellinum. En þar er þannig frá gengið, að farþegar fá ekki að fara út úr þessum vistarverum, sem tollvöruafgreiðslan er í, fyrr en þeir fara í flugvélina. Þeir mega ekki opna þá pakka, sem þeir kaupa þar, fyrr en þeir eru komnir í flugvélina. Þetta er gert til þess að tryggja, að misnotkun eigi sér ekki stað, og er ekkert við því að segja. Ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt, að þessi heimild verði gefin hér, því að það er opinbert leyndarmál, að ferðir erlendra ferðamanna yfir Ísland með erlendum flugvélum hafa minnkað einungis af þeirri ástæðu, að þeir fá ekki sömu fyrirgreiðslu hér og þeir fá á flestum öðrum flugvöllum erlendis, er þeir koma til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 101. fundi í Nd., 20. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 521 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 508,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 508,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 508,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

Á 102. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 545).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 105. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, EggÞ, FS, FÞ, JK, KK, PZ, SÓÓ, BSt.

nei: SE.

BjörnJ greiddi ekki atkv.

6 þm. (BjörgJ, FRV, GTh, HermJ, JJós, SB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 555).

---

27. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 55. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt [130. mál] (stjfrv., A. 261).

Á 56. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. eru nokkur höfuðatriði, sem ég vildi leyfa mér að gera stutta grein fyrir við þessa 1. umr. málsins.

Þá er þess fyrst að minnast, að þegar skattalöggjöfin var til heildarendurskoðunar um árið, var lokið við þann kafla löggjafarinnar, sem fjallaði um skattgreiðslur einstaklinga, en aftur á móti varð ekki lokið þá að endurskoða þann kafla laganna, sem fjallaði um skattgreiðslur félaga. Að vísu var sá kafli einnig endurskoðaður af þeim mönnum, sem áttu þá sæti í n. til þess að íhuga skattamálin, en það mál komst ekki svo langt, að hægt væri að byggja upp nýja löggjöf um félagaskattinn. Þetta mál hefur verið til athugunar síðan, og er nú að finna í þessu frv. till. um úrlausn í þessu efni.

Það er enginn vafi á því, að mikil nauðsyn er á, að fjölbreytni aukist í atvinnulífi landsmanna, m. a. þarf iðnaðurinn að taka vexti í mörgum greinum. Mörg af þeim verkefnum, sem þarf að taka fyrir, eru stór, til þeirra þarf mikið fjármagn, og það þurfa víða að koma til samtök margra og félagsskapur til þess, að þau geti orðið leyst.

Vafalaust er æskilegast, að sem flestir geti orðið beinir þátttakendur í atvinnurekstri og framleiðslu á einhverja lund. En þegar verkefnin eru stórfelld og stórfelldari en svo, að einstaklingar ráði vel við þau, þá verða menn að leggja saman í eitt fé og atorku, til þess að vel megi fara. Mörg af þeim verkefnum, sem óleyst eru,

eru þannig vaxin, að æskilegt væri að leysa þau með mjög almennri þátttöku í félögum.

Enginn vafi er á því, að skattalöggjöfin hefur veruleg áhrif á atvinnumálin. Í nútímaþjóðfélagi hefur það mjög mikla þýðingu t. d., hvernig félög eru skattlögð. Við höfum undanfarið haft hér mjög stighækkandi skatta á félögum, einkum síðan 1940, að lögleiddur var striðsgróðaskatturinn. En þessi tilhögun hefur ekki gefizt vel. Í fyrsta lagi hefur þessi tilhögun gert mjög erfitt fyrir um fjármagnsmyndun yfirleitt í félögum, allt of erfitt fyrir. Í annan stað hefur þessi mjög stighækkandi skattur á félögum fælt frá því að stofna myndarleg félög til þess að glíma við örðug verkefni. Þessi háttur hefur líka ýtt undir menn að dreifa efnahagsstarfseminni í mörg smærri félög, og hefur þetta vafalaust orðið til baga. Reynt hefur verið að bæta úr þessum ágöllum, sem menn hafa komið auga á, með því að leyfa mjög ríflegar fyrningarafskriftir á vissum þýðingarmiklum tækjum, sem þarf að kaupa til atvinnurekstrar. En þótt það sé mjög þýðingarmikið og geri mikið gagn að leyfa slíkar ríflegar fyrningarafskriftir til þess að byggja þannig upp fjármagn, þá er það ekki fullnægjandi. Meira að segja getur farið svo, ef ákaflega langt er gengið í því efni, en skattalög hörð að öðru leyti, að það ýti jafnvel undir ýmsa óeðlilega fjárfestingu. Og félög, sem eru að byggja sig upp og hafa lítið fjármagn í byrjun til að kaupa fyrir atvinnutæki og litinn aðgang að lánsfé, fá ekki notið þeirra hlunninda, sem fyrningarafskriftirnar veita, vegna þess að þau komast ekki yfir tækin, sem leyft er að afskrifa ríflega.

Eins og ég gat um áðan með örfáum orðum, hafa þessi mál verið alllengi í athugun, sérstaklega á vegum fjmrn. Þessi athugun hefur tekið langan tíma, því að málið er mjög vandasamt viðfangs og margir erfiðleikar hafa reynzt á leiðinni. Hér hefur einnig blandazt inn í, að auk hinna mjög stighækkandi skatta, sem hafa verið lögleiddir til ríkissjóðs og sveitarfélaga sameiginlega með striðsgróðaskattslögunum, hefur lengi tíðkazt hér að leggja á til tekjuöflunar fyrir sveitar- og bæjarfélög svokölluð veltuútsvör. Og þetta veltuútsvaramál hefur alla tíð blandazt inn í þetta efni og gert það enn torveldara viðfangs en ella hefði verið. Það má segja, að vandamálið hafi verið tvíþætt: annars vegar, hvernig skattleggja skyldi félögin til ríkissjóðs, og hins vegar, hvernig skattleggja skyldi þau til sveitarfélaganna. En það hefur æ betur og betur komið í ljós, eftir því sem meira hefur verið unnið að þessu máli, að það er ákaflega vafasamt að bíða með það að stíga nokkurt skref í þessu máli, þangað til hægt verður að leysa báða þætti þess. Það liggur í því, að til þess að leysa veltuútsvaramálið þarf að endurskoða fjárhagsgrundvöll bæjar- og sveitarfélaga, og það hefur mjög glöggt komið í ljós, að það er ekki létt verk. Þess vegna hef ég að þaulathuguðu máli og þeir, sem með mér hafa mest verið til ráðuneytis um þetta mál, og ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að afnema nú stighækkandi skatt á öllum félögum, og ættu þá félögin að greiða jafnan hundraðshluta af tekjum sínum öll saman. Hefur það orðið að ráði að beita sér fyrir þessari lausn á vandamálinu, enda þótt veltuútsvaramálið sé þá að sjálfsögðu ekki leyst um leið, eins og þetta frv. ber með sér.

Fyrir þessari breytingu sýnast vera mjög skynsamleg rök auk þeirra, sem ég hef raunar þegar drepið á. Það er í fyrsta lagi, að stærri félög verða óstarfhæf eða lítt starfhæf, ef stighækkun er mjög veruleg, því að þau þurfa að eignast fjármagn, eins og ég hef drepið á, en geta ekki að ráði safnað fjármagni, ef stighækkunin er jafnstórfelld og hún var lögleidd 1940. Þá kemur einnig til, að stighækkandi skattur kemur til hjá einstaklingunum, þegar arði er úthlutað úr félögunum.

Ég gat þess áðan, að í þessu frv. væri ekki fjallað um veltuútsvörin, og það mál er þá óleyst eftir sem áður, því að það kostar endurskoðun á fjármálum bæjar- og sveitarfélaga, en slíkt hefur ekki reynzt neitt áhlaupaverk, eins og ég tók fram. En hér var um tvennt að ræða, annars vegar að láta allt óbreytt enn um óákveðinn tíma varðandi skattlagningu félaga, þótt aðkallandi nauðsyn væri á því að breyta skattstiganum til ríkisins, eða þá að taka þennan mikilvæga þátt, þ. e. a. s. skattgreiðslurnar til ríkisins, út úr til úrlausnar út af fyrir sig og gera ný lagaákvæði um það, hvernig félög skuli greiða skatt til ríkisins, leysa þann merka áfanga sér í lagi. Og eftir að hafa glímt við þetta mál nú missirum og raunar árum saman, hikaði ég ekki við að taka þennan kost, þegar ég fann, að það mundi vera hægt að fá fylgi fyrir skynsamlegri úrlausn. Því er það, að nú liggur þetta frv. hér fyrir, þar sem gert er ráð fyrir þessu nýmæli, að í stað hinna mjög stighækkandi skatta á félögin verði lagður á þau einn skattur, hlutfallslega jafn á félögin öll.

Ég skal geta þess, að við höfum fylgzt allvel með í því, hvað gerzt hefur í þessum málum annars staðar undanfarið, og rétt er að taka það fram, eins og raunar er gert í grg., að í Noregi og Svíþjóð hefur nú sá háttur verið upp tekinn, sem gert er ráð fyrir að hér verði framvegis um skattlagningu á félög, en í Danmörku er að vísu nokkuð annar háttur á hafður, þótt þar sé ekki sami háttur eins og hér var. Í Danmörku greiða t. d. hlutafélögin skatt eftir því, hversu hagnaður þeirra er hár samanborið við innborgað hlutafé. Ég hika ekki við að láta í ljós þá skoðun, að ég tel hér um mjög merkilegt nýmæli að ræða.

Þá vil ég næst greina frá, að í þessu frv. eru ný ákvæði um lækkun skatta á lágum tekjum, en eins og hv. þm. vafalaust rekur minni til, þá var lögfest lækkun á skatti á lágum tekjum hér í fyrra, en nú er gert ráð fyrir að lækka þennan skatt enn meira en þá var ákveðið, og eru nýmælin þau, að í staðinn fyrir 33⅓% lækkun á að koma 50% lækkun, og gert er ráð fyrir því, að tekjuhámarkið sé miðað við 55 þús. kr. hreinar tekjur hjá hjónum með tvö börn, en í fyrra var miðað við 47500 kr. hreinar tekjur hjóna með eitt barn á framfæri.

Þá er í því sambandi leiðrétt óeðlilegt þrep, sem varð í skattstiganum í fyrra við þessar breytingar og ýmsir bentu þá á, en tóm vannst ekki til þess að laga þá.

Þessi breyting kemur hv. þm. vafalaust ekki á óvart, því að ríkisstj. hafði lýst því yfir, að hún mundi beita sér fyrir frekari lækkun á skatti á lágum tekjum en orðinn var.

Þá eru ákvæði í frv. um að auka þann sérstaka frádrátt, sem fiskimönnum er heimilaður í skattalögunum, og hækka hann úr 500 kr. á mánuði upp í 850 kr. á mánuði. Þessi frádráttur er veittur fiskimönnum umfram þann frádrátt, sem þeir hafa vegna sjófatakostnaðar, eins og hv. þm. vafalaust kannast við, og rökin fyrir þessum sérstaka frádrætti fiskimönnum til handa umfram aðra eru þau fyrst og fremst, að þeir eru langvistum fjarverandi frá heimilum sínum og geta því alls ekki unnið fyrir sjálfa sig neitt líkt við það, sem aðrir geta við komið, sem að staðaldri starfa heima hjá sér. Eins og við vitum, þá er því þannig varið, að langflestir vinna sér mjög mikið til hags í frístundum sínum heima við, og þær tekjur þurfa þeir, ef þeir vinna að byggingum t. d., ekki að telja með skattskyldum tekjum. Fiskimenn geta yfirleitt alls ekki komið þessu við. Er litið svo á af þeim, sem standa að þessu máli, að með þessu sé verið að jafna þann aðstöðumun.

Loks vil ég minna á, að í frv. eru ný ákvæði um eignarskatt. Þegar ákveðið var að gera nýtt fasteignamat, var um leið sett í lög, að breyta skyldi sköttum þannig, að skattabyrðin í heild ykist ekki við það, að fasteignamatinu væri breytt. Í samræmi við þetta eru hér till. um eignarskattinn, þar sem skattstiganum er breytt þannig, að gert er ráð fyrir því, að hann gefi í heild til ríkisins jafnmikið og áður þrátt fyrir hækkun fasteignamatsins. Verður þá nýja fasteignamatið aðeins til þess að auka samræmið í því, hvernig eignarskatturinn kemur niður. En eins og við vitum, var áður í því geysilega mikið ósamræmi, því að menn urðu að telja meginhluta eigna sinna, aðrar en fasteignir, fram með nokkurn veginn gangverði, en fasteignirnar voru áður taldar langt undir verði.

Loks vil ég minna á, að enn eitt veigamikið atriði er í athugun varðandi skattalöggjöfina, og það eru skattgreiðslur hjóna eða samsköttun hjóna, en þeim athugunum er ekki að fullu lokið. Það mál er þannig vaxið, að það þarf að athugast í sambandi við tekjuöflun til að mæta rýrnun á skatttekjum ríkisins, sem verulegar breytingar á lögum um þetta efni mundu hafa í för með sér, og það er af þessum ástæðum, sem það atriði er ekki með í þessu frv.

Ég hef þá greint frá höfuðatriðum málsins og vildi leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það má segja, að núverandi opinber skattheimta hafi undanfarin ár og sé enn að murka lífið úr því hagkerfi, sem við búum við. Þessi aðferð til þess að útrýma því hagkerfi, sem við búum við eins og önnur Vesturlönd, er að sjálfsögðu í samræmi við skoðanir vissra flokka í landinu, sem vilja koma á því kerfi, sem þeir berjast fyrir, en það er, að enginn einstaklingur megi eiga nokkuð, heldur að ríkið eigi allt. Þess vegna er allur rekstur í landinu, eins og sakir standa, byggður á sandi, meðan við verðum að þola þá opinberu skattheimtu, sem við búum við í dag. Þessi skattheimta er ein aðaluppistaðan í verðbólgunni. Menn láta sér yfirleitt ekki koma til hugar, að skattheimta geti haft mjög mikil áhrif á verðbólguna. En skattheimtan er ein aðaluppistaðan í verðbólgunni í dag, vegna þess að hún ýtir undir mjög mikla óheilbrigða eyðslu og hún eykur óhemjulega þrýsting á allar útlánastofnanir landsins. Skattheimtan er ein aðalástæðan fyrir því, hversu hátt útlánin eru komin í lánastofnunum þjóðarinnar. Og það veldur að sjálfsögðu því, að þessir peningar fara í umferð og til eyðslu. Ef skattalögin væru byggð á heilbrigðum grundvelli, mundi þeim félögum, sem hafa rekstur með höndum í landinu, verða leyft að safna sjóðum til þess að geta haldið rekstrinum gangandi. Í dag er ekki því að heilsa. Því félagsformi, sem mest er notað hérna, hlutafélagsforminu, er ekki leyft að halda eftir neinu af tekjum sínum, þegar ríki og bær eru búin að gera sínar kröfur. Til þess að geta starfað, verða svo þessi félög að flýja á náðir bankanna til þess að fá rekstrarfé. Það er ekki einungis svo, að þeim sé synjað um að safna rekstrarfé, heldur ganga skattarnir svo nærri félögunum, að þau verða að borga nokkuð af sköttunum af eignum sínum á hverju ári. Sumir halda, að þetta sé ekkert alvörumál og að ekki liggi á að leiðrétta svona meinsemd í þjóðlífinu. En það er annað verra, sem þetta ástand leiðir af sér. Það gerir alla menn í landinu að skattsvikurum, sem geta komið því við; og það er alvarlegt ástand. Allt þetta hefur svo valdið því, að meginhluti þjóðarinnar ber slíka fyrirlitningu fyrir skattalögum og opinberri skattheimtu, að skattheimtan nær hvergi tilgangi sínum í dag. Þetta er alvarlegasta hliðin á þessu alvarlega máli, sem margir forráðamenn þjóðarinnar hafa ekki viljað hlusta á undanfarin ár. En nú er meinsemdin að koma svo greinilega í ljós, að ekki er hægt lengur að skella við þessu skolleyrunum.

Ef þjóðin vill, að atvinnurekstur geti þrifizt hér í landinu, verður að breyta opinberri skattheimtu frá því, sem hún er í dag. Það má segja, að skattabrjálsemin sé í hámarki hér í landinu, og síðasta dæmið er stóreignaskatturinn, sem á var lagður á síðasta þingi og átti að innheimta 80 milljónir kr. hjá gjaldendum. En nú er upplýst, að hann innheimtir ekki 80, heldur 135 millj. kr. Hann er 70% hærri en þingið ætlaðist til, að hann yrði. Eignirnar eru því nær undantekningarlaust, — ég fullyrði það, — því nær undantekningarlaust virtar á hæsta söluverði. Flestir þeirra, sem greiða þennan skatt, greiða hann af fasteignum, því að það eru aðallega fasteignirnar, sem koma skatthæðinni upp. Margir, fjöldamargir af gjaldendum skattsins eiga eingöngu fasteignir, sem eru notaðar við framleiðslu. Þeir, sem eiga eignir, sem eru notaðar til framleiðslu, eru allir í vandræðum með rekstrarfé. Það er á takmörkum hjá mörgum, að þeir geti rekið þessar framleiðslueignir, vegna þess að þá skortir rekstrarfé. Af þessum mönnum á að taka hundruð þúsunda og sumum milljónir króna. Þeir geta hvergi tekið þessar fjárhæðir nema úr eignum. Þeir mega ekki draga skattinn frá tekjum, og

skattalögin, eins og þau eru nú, heimila þeim ekki að halda neinu eftir af því, sem þeir þéna á árinu. Til þess að geta greitt skattinn verða þeir að selja eignirnar. Annað geta þeir ekki gert. Og þá kemur spurningin um það, hver geti keypt þær, svo að þeir geti borgað skattinn.

Eitt gott dæmi er hér rétt við húsdyrnar. Það er stóreign, sem einn einstaklingur á, og þessi eign er notuð til almenningsþarfa. Hún er einhver nauðsynlegasta byggingin í Reykjavík. Þessi maður, að ég held, á ekki neitt annað en þessa byggingu, en hún er mjög verðmikil. Þessi maður á að greiða þúsund krónur á dag í 10 ár í stóreignaskatt og vexti. Hvernig á nú þessi maður að fara að greiða skattinn? Hann fær ekki að halda neinu eftir af tekjum sínum. Hann getur því ekki borgað hann af tekjunum. Hann hefur engar aðrar útgöngudyr en að selja eignina til þess að borga skattinn. En ef til vill hefur það líka verið hugmyndin á bak við þessar ráðstafanir, að menn yrðu að selja eignirnar og ríkissjóður að yfirtaka þær. Nefna mætti fjöldamörg fleiri dæmi þessu lík, en þetta sýnir, hversu geysileg skammsýni hefur ráðið, þegar þessi skattur var á settur, eins og ástandið er í landinu í dag. Ef menn syntu í peningum, syntu í lausafé og rekstrarfé, þá væri öðru máli að gegna. Þá mætti hugsa sér, að þeir gætu borgað þetta. En því miður er nú ekki því að heilsa.

Hvað því frv. viðvíkur, sem hér er til umræðu, verð ég að segja, að það er spor í rétta átt. Það er talsvert mikið spor í rétta átt, ég verð að viðurkenna það. Með þessu frv. er stríðsgróðaskatturinn afnuminn, og þá er afnumið það haft, sem fyrirmunaði öllum stærri rekstri í landinu að geta notið sín. Það er settur einn skattur, 25%. Að vísu er ekki mikið við því að segja. En mér sýndist í grg., að hæstv. fjmrh. ætlaði sér nú samt sem áður ekki að láta ríkissjóð verða fyrir neinum halla af þessari breytingu. Hér er því ekki um neina fórn að ræða af hendi ríkissjóðs. Mér fyndist þó, — og ég vil beina því til hæstv. fjmrh., — mér fyndist, að ríkissjóður gæti vel lækkað skatta, án þess að það sé tekið með hinni hendinni, sem gefið er með annarri. Gæti vel verið, að það væri alveg eins hollt að lækka skattana á þann veg og láta það koma framleiðslunni í landinu til góða.

Það er í öðru lagi hækkun á skattfrjálsri arðsútborgun, sem raunar er ekki nema ofur eðlilegt, þegar vextir eru komnir upp í 7½—8%. Það er þó samt sem áður talsvert betra en áður var.

Í þriðja lagi eiga öll félög að greiða skattinn, eftir því sem mér skilst, bæði hlutafélög og samvinnufélög. Eru þá sett hvað þessa skattgreiðslu snertir á sama grundvöll bæði félagsformin.

En þó að þetta sé spor í rétta átt, verð ég þó að láta í ljós þá skoðun, að litlu sé bjargað fyrir atvinnureksturinn í landinu, meðan engar skorður eru settar við álagningu útsvara. Hæstv. fjmrh. gat þess í ræðu sinni, að hann hefði ekki treyst sér til þess að fara lengra í þetta skipti en að láta breytinguna ná til félagakafla skattalaganna. En ég vil benda á, að þó að það sé gott að fá þessa breytingu, getur hún orðið að engu, með því að engar skorður eru settar við álagningu útsvaranna, og á ég þar aðallega við veltuútsvarið. Eins og allir vita, er þetta útsvar lagt á einstaklinga og félög án nokkurs tillits til afkomu þeirra eða eigna. Ég efast um, að til sé nokkurt land í heiminum, þar sem slík skattheimta er viðhöfð. Ég er ekki út af fyrir sig að álasa bæjar- og sveitarfélögunum í þessu efni. Ég veit vel, að þau hafa þungan hagga að bera og hafa gert þetta út úr neyð. En sú skylda hvílir og hefur hvílt á stjórn landsins og þá fyrst og fremst hæstv. fjmrh. að koma þessu á réttan grundvöll. Og fyrr en það er gert, verður þessi breyting, sem hér er borin fram í dag, vægast sagt afar vafasöm og mjög vafasamt, hvort hún kemur framleiðslu og atvinnuvegum landsins að nokkru gagni, meðan útsvarshlið málsins er alveg óleyst.

Það er nú svo stutt síðan frv. var lagt fram, að menn hafa ekki haft tíma til þess að gera sér grein fyrir því, hvað kynni nú að vanta í frv. Það er gott, það sem gott er í því, en ég efast ekki um, að sitt hvað sé, sem vantar og ætti að vera í frv. Ég vil t. d. benda á, að við endurskoðun skattalaganna á undanförnum árum í mþn. lögðu sjálfstæðismenn áherzlu á það, að breyting yrði gerð á ákvæðum um frádrátt frá skatti vegna taps. Nú má færa tap aðeins á milli tveggja ára. Það hefur verið margsýnt fram á, að það er óheilbrigt að synja mönnum um að færa tap á milli fleiri ára en tveggja, ef þeir verða fyrir miklum töpum. Það á að vera grundvallarhugsun laganna, að skattgreiðandinn megi draga frá heiðarleg töp, svo lengi sem þau eru til. Þetta og fleira verður vafalaust athugað nánar við meðferð frv. í n. En hvernig sem um slíkar till. fer, þá vil ég þó endurtaka það, sem ég sagði, að ég tel það stórt spor í rétta átt, sem hér hefur verið stigið, þó að ýmislegt vanti á, að það nái fullkomlega tilgangi sínum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir dálítið annað hljóð í hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), þegar hann ræðir þetta frv. nú, heldur en var í síðasta skiptið, þegar hann ræddi hér um tekjuskattsfrv., sem þá lágu fyrir. Þá var verið að gera nokkra breyt. viðvíkjandi tekjuskatti sjómanna eða réttara sagt á frádrætti þeirra, og hv. 2. þm. Reykv. kom upp, eins og oft í skattamálum, fyrir hönd Sjálfstfl. og sagði, að nú væri allt of lítið að gert, það yrði að ganga miklu lengra í slíku og sjómenn ættu það að öllu leyti skilið, og flutti jafnvel till. um slíkt.

Það er nú ofur lítið um sjómenn í þessu frv., sem liggur hérna fyrir. En hv. 2. þm. Reykv. og Sjálfstfl. hefur líklega alveg gleymt því að gera neinar brtt. viðvíkjandi því að ganga ofur lítið lengra viðvíkjandi sjómönnunum, því að mér heyrðist á hv. 2. þm. Reykv., að hann hefði orðið svo feginn yfir 1., 2. og 3. gr. í þessu frv., að það hefði bókstaflega ekki komizt að í hans huga að muna nú eftir þeim till., sem Sjálfstfl. væri vanur að gera til þess að bæta kjör alþýðunnar, eftir að hann væri kominn í stjórnarandstöðu.

Ánægjan yfir þeim tilslökunum, sem átti að gera gagnvart auðvaldinu, var svo mikil, að það komst ekkert að hjá hv. 2. þm. Reykv. annað en

að lýsa ánægju sinni yfir slíkum tilslökunum, og er ríkisstj. sannarlega ekki vön að fá slíkar ánægjuyfirlýsingar úr þeirri átt. (ÓTh: Það liggur fyrir frv. frá Sjálfstfl. um þetta). Já, það er ekki verið að ítreka það, þegar hv. 2. þm. Reykv. er að ræða um þessi mál. Hann var búinn að steingleyma því sjálfur, að það væri nokkurt slíkt frv. til, annars hefði hann minnt á það.

Nú komst ekkert annað að en ánægjan yfir fyrstu greinunum í þessu frv., og ég held, að það sé fyllilega rétt, bæði hjá hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv., sem báðir fyrst og fremst hafa gert þessar fyrri greinar frv., sem fyrir liggur, að umræðuefni, að það mun verða litið svo á seinna meir sem þar sé um aðalatriði í þessu frv. að ræða.

Það er ýmislegt gott í síðari greinum þessa frv., margt, sem samið hefur verið um og hefur staðið til um nokkurn tíma að ætti að ná fram að ganga, bæði viðvíkjandi kjörum sjómanna, viðvíkjandi lækkun skatta á lágtekjum og öðru slíku. En eins og greinilegt er af þeim umr., sem nú þegar hafa orðið um þetta mál, verða þessi hagsmunamál alþýðu manna auðsjáanlega ekki aðalatriðið í þeim umr., sem hérna fara fram, enda er þar að vísu ofur lítið haldið áfram á braut, sem barizt hefur verið fyrir undanfarið, en þar sem um er að ræða fyrri hluta frv. viðvíkjandi breytingunni á hlutafélagaskattinum, þar er hins vegar farið inn á nýjar brautir af hálfu ríkisstj. Og ég mun nú gera það að nokkru umtalsefni. Ég vil um leið láta það hins vegar í ljós, að ég álít, að það, sem hæstv. fjmrh. minntist á viðvíkjandi hjónaskattinum, þurfi helzt að fylgjast með þessu, en ekki bíða seinni tíma eða annarrar löggjafar.

Það er þá viðvíkjandi hlutafélagaskattinum og þeim brtt., sem gerðar eru út af honum. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að skattalögin hefðu verið að murka lífið úr því kapitalistiska hagkerfi, sem við búum við. Hann vildi, skildist mér, alveg sérstaklega kenna það stríðsgróðaskattinum og þeim lögum, sem í sambandi við hann voru sett, og bætti því hins vegar auðvitað við, að þetta, að skattalögin vildu murka svona lífið úr því kapitalistiska þjóðfélagi, það væri náttúrlega gert af þeim, sem vilja það kapitalistiska þjóðfélag feigt. Ég vil nú minna hann á, hverjir það eru, sem vilja það kapitalistiska þjóðfélag feigt að hans áliti. Stríðsgróðaskatturinn var settur 5. maí 1941, og þá var það gamla þjóðstjórnin, sem setti hann, og undir lögin skrifa Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson, Jakob Möller, Ólafur Thors og Stefán Jóh. Stefánsson. Ég veit ekki, hvort það er einmitt meining hv. 2. þm. Reykv. að álíta, að það hafi verið þessir menn, sem hafi sett þennan skatt með tilliti til þess, að þeir vildu endilega hið kapitalistiska skipulag feigt. Ef það væru hins vegar einhverjir menn þar í, sem hefðu endilega viljað þetta kapitalistiska þjóðfélag feigt á þeim tíma, þá gafst nú kannske tækifæri árið eftir til að breyta þarna ofur lítið um. Þá voru núverandi lög um stríðsgróðaskattinn sett, og þau voru gefin út 20. maí 1941 og þá var nefnilega komið upp í 200 þús. kr. hámarkið. Og hver gaf þau lög út? Þau eru undirskrifuð af Jakob Möller, fjmrh. Sjálfstfl., þannig að mér sýnist hv. þm. vera að fara að dylgja nokkuð skarplega að Sjálfstfl. um, að hann vilji það kapitalistiska þjóðfélag feigt. Þá var Sjálfstfl. einn í ríkisstj. á Íslandi, þegar þau lög voru gefin út. Það er ekki það, sem veldur, hvað þarna er, að þau sósíalistisku áhrif hafi verið svo mikil. Það er allt annar hlutur. Og ég held, að það sé alveg rétt, að við gerum okkur það greinilega ljóst, því að ég veit alveg, að þessi breyting, sem hér er að fara fram, mun upp á seinni tímann þykja marka nokkur tímamót í íslenzkri skattalöggjöf, eins og líka hv. 2. þm. Reykv. tók réttilega fram.

Það hefur verið svo með okkar þjóðfélag, frá því að kapitalisminn yfirleitt fór að ryðja sér til rúms í því fyrir og um aldamótin, að þetta útlenda auðvaldsskipulag, sem áður var, berst hingað til lands í bændaþjóðfélag, sem hafði mjög eindregnar og ákveðnar hugmyndir viðvíkjandi auðmagni og auðvaldi, og það er engum efa bundið, að afstaða bænda almennt hér á Íslandi og allrar alþýðu um aldamótin er sú að vera hrædd við allt, sem heitir auðmagn. Það stafaði þegar af þeirri reynslu, sem þeir Íslendingar hlutu, sem fluttust til Ameríku, til Kanada og Bandaríkjanna, á síðari hluta síðustu aldar. Þeir urðu skelfdir við að komast í kynni við það auðvald, sem þar ríkti. Og við, sem enn þá munum fyrstu áratugi þessarar aldar hér, vitum, hvernig það gagnsýrði allt íslenzkt þjóðfélag, þessi ótti við, að hér kynni líka að koma upp auðvald. Og það er mér kært að minnast meira að segja á þær kennslubækur, sem maður sjálfur lærði í skóla, eins og Karls Finnbogasonar, — meira að segja í landafræðikennslubókunum þá var þessi ótti sterkur. Og það hefur allan tímann verið svo hér á Íslandi, að okkar bændaþjóðfélag hefur óttazt tilkomu auðmagns í landinu og með hvers konar löggjöf raunverulega reynt að setja skorður við því. Það hefur verið ótti fátækrar, smárrar, frumstæðrar bændaþjóðar við, að mikið fjármagn gæti safnazt á einstakra manna hendur og orðið þess vegna þjóðinni ofjarl. Og þau dæmi, sem þeir höfðu séð fyrir sér, einmitt af því, hvernig slíkt auðmagn hafði skapazt, hve voldugt það hafði orðið, þau ollu því, að menn voru smeykir. Þessi andstaða hefur raunverulega mótað okkar tekjuskattslöggjöf alla leið síðan. Meira að segja hefur Sjálfstfl., þegar hann hefur farið einn með stjórn, ekki farið varhluta af þessari ákaflega sterku andúð, sem hefur verið svona rótgróin hjá þessari bændaþjóð.

Þess vegna hefur raunverulega tekjuskattslöggjöfin á Íslandi verið þannig, að stórgróði hefur verið bannaður. Við höfum oft orðað þetta, — og ég held, að við höfum verið sammála, 2. þm. Reykv. (BÓ) og ég, um okkar skilgreiningu á þessu, þó að við rekjum orsakirnar misjafnt, — ég hef orðað þetta þannig hér áður fyrr, að kapitalisminn væri bannaður á Íslandi og hann yrði að þrífast hér í banni laganna með skattsvikum og gjaldeyrissvikum. Og ég held, að það sé nokkurn veginn rétt, að það er ekki vegna þess, að við sósíalistar höfum verið svo voldugir, að við höfum verið að útrýma honum, — ég man sérstaklega eftir, að ég sagði þetta oft við fjmrh. Sjálfstfl., sem við einu sinni sátum í ríkisstj. með, og hann samþykkti þetta algerlega, — heldur

var þetta vegna þess, að þarna var á ferðinni ákaflega sterk, frumstæð hvöt hjá varfærinni bændaþjóð, sem vildi ekki hleypa sér út í neinar gönur í þessum efnum. Þess vegna hefur auðvaldið á Íslandi orðið að þrífast í hálfgerðu banni laganna, með skattsvikum og öllu mögulegu líku, vegna þess, hve auðmagnsþróuninni hefur verið þröngur stakkur skorinn frá upphafi. Og það er rétt einmitt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að þetta hefði gert alla, sem geta það, að skattsvikurum.

Á þessu eru vissulega tvær hliðar. Það mundu vera ýmsir, sem e. t. v. kynnu að óska eftir því, að kapitalismi gæti þróazt hér á löglegan hátt og gróði myndazt á löglegan hátt. En sannleikurinn er, að afstaða þjóðarinnar gagnvart gróðamyndun hefur verið sú, að gróðamyndun væri siðferðislega forboðin, og á því hefur þetta raunverulega byggzt. Og það er ekkert undarlegt. Það á rót sína að rekja til þess, að okkar þjóð, sem um aldir er búin að vera nýlenduþjóð, búin að vera þjóð, sem lætur arðræna sig og sér allan gróðann hverfa út úr landinu og hatar þess vegna gróðamyndun og fyrirlítur hana og finnst hún hátt upp hafin yfir slíkt athæfi, — afstaða slíkrar þjóðar verður auðvitað allt önnur en þjóðar, þar sem gróðamyndun á sér stað í landinu sjálfu. Við skulum muna eftir því, að þegar borgarastéttin brýzt til valda í Englandi og byrjar að skapa sér gróða, þá gerir hún það undir þeirri forsendu, að það sé ákaflega kristilegt athæfi að safna saman auð. Púritanisminn enski verður eins og hennar trúarkenning um það, hve það sé eðlilegt og guði þóknanlegt að vera sparsamur og iðinn og duglegur og safna auð og eyða honum ekki. Hún á þess vegna mjög sterkar rætur í íslenzku þjóðlífi og í íslenzkri þjóð, þessi andstaða á móti gróða. Og það er engum efa bundið, að það væri það bezta fyrir íslenzka þjóð, ef hún gæti þróazt á þann veg, að hún þyrfti aldrei að viðurkenna auðmagnsmyndun eða gróðamyndun sem löglegan atvinnuveg. Það væri bezt, ef hún gæti þróazt á þann veg, að hún gæti fengið að hlaupa sem mest yfir kapitalismann sem slíkt stig. Það veit enginn, hvað mikið kann að fara forgörðum hjá okkar þjóð, þegar verður farið að líta svo á, að gróðamyndun sé eðlilegur hlutur, löglegur og jafnvel lofsamlegur. Allar áminningar Hallgríms Péturssonar eða hverra annarra sem er, svo að ég tali nú ekki um kristninnar, það fer að verða nokkuð lítið úr þeim, þegar farið er að ganga inn á það sem löglegt athæfi í einu þjóðfélagi. (**BÓ:** Mega menn spara?) Sparnaður og gróði er alveg sitt hvað, og gróði skapast ekki fyrir sparnað, heldur fyrir arðrán, og það ættu þeir, sem eru í slíkri aðstöðu eins og hv. 2. þm. Reykv., að gera sér ljóst.

Þess vegna er, þegar svona mál koma fram eins og þessi hérna, úr mjög vöndu að ráða, og það er rétt a. m. k., að þeir, sem setja svona mál í gegn, geri sér alveg fyllilega ljóst, hvað af því kann að hljótast.

Hin rökin eru svo aftur vissulega þung, að eigi á annað borð gróðamyndun að eiga sér stað í landinu og vilji menn ýta undir hana, þá sé ákaflega hart að gera það á þann veg, að menn þurfi um leið að vera lögbrjótar og að almennings-álitið verði þannig, að raunverulega sé það afsakað, það sé eiginlega ekki talið nema eðlilegt, að menn hafi einhvern veginn reynt að komast hjá þessu.

Mér skildist á hv. 2. þm. Reykv., að það mundi nú raunverulega vera hans hugmynd, ef jafnstórar tilslakanir væru gerðar eins og þær, sem hérna felast í, að stighækkandi skatturinn á hlutafélög verði afnuminn og í staðinn settur 25% skattur, sem sé jafn á öllum, smáum sem stórum, þá mundi líka ýmislegt eiga að fara að breytast hjá kapitalistunum sjálfum, hjá auðfélögunum sjálfum, það yrði líka að ganga út frá því, að þau færu að gerast tiltölulega heiðarleg, a. m. k. í því að telja fram til skatts. Og ég get nú raunverulega ekki skilið, að þetta frv. sé flutt í öðru skyni en því af hálfu hæstv. ríkisstj. en að einmitt það eigi að vera höfuðtilgangurinn, þannig að ef eitthvað svipað ætti að halda áfram eins og verið hefur um skattsvik á Íslandi fram að þessu hvað hlutafélög snertir, þá sé ekki til neins unnið með þessu frv., sem hérna liggur fyrir. Mér skilst, að forsendurnar fyrir þessu frv. hljóti að vera þær, að það verði að vera algerlega umbreytt hvað snertir framtalningu af hálfu hlutafélaga upp frá þessu. Við vitum ósköp vel, að hlutafélög hafa haft öll möguleg ráð í þessum samböndum, og sum stærstu hlutafélögin, sem mynduð hafa verið, hafa jafnvel farið inn á alls konar kúnstir í þessu sambandi, eins og útdeilingu arðs með 30 ára skuldabréfum og annað slíkt, fyrir utan svo öll þau skattsvik, alla þá eyðslu, sem var í sambandi við þetta og er, og annað slíkt.

Ég held, að það sé rétt fyrir okkur að gera okkur það ljóst, þegar við ræðum um breyt. í þessu efni, að í þessum gömlu, grónu kapitalistísku löndum, eins og Englandi og Bandaríkjunum, eru skattsvik undantekning hjá auðfélögum. Almennt séð er rétt talið fram í þessum löndum. Ég hef stundum orðið var við það, þegar maður hefur sagt það við menn hér heima, að þeir hafa orðið undrandi: Hví í ósköpunum skyldu þeir ekki svíkja skatt í Ameríku eða Englandi eins og hér? Samt sem áður er þetta svo, að þetta mun vera rétt, og ég hef heyrt það staðhæft og get ekki á móti því borið, að það mundi vera svo t. d. í London, ef firma færi fram á það við lögfræðifirma að búa út falska skattskýrslu, að hvert einasta lögfræðifirma mundi vísa því frá sér. Þau eru ekki mörg í Reykjavík, sem mundu gera það, þannig að þegar verið er að ræða um hlut eins og þetta, þá hlytu þeir, sem með því eru, að ætla sér að stuðla að alveg gerbreyttri afstöðu, ekki bara hjá almenningi, heldur líka hjá þeim félögum, sem í hlut eiga.

Það er eitt frá sósíalistísku sjónarmiði, sem gæti sérstaklega mælt með því, að þessi breyting verði á. Það er, að með því skattkerfi, sem verið hefur t. d. í Bandaríkjunum og í Englandi, þá getur maður lesið það í hinum opinberu skýrslum alveg nákvæmlega, hve mikil gróðamyndun er í landinu, hvað t. d. stærstu hlutafélögin græða og borið þetta saman við, hvaða vinnulaun þessi félög borga út. Og þessir stóru amerísku hringar, — það er oft og tíðum ekki fjarri því, að gróðinn, sem þeir hafa, sé jafnhár

vinnulaununum, sem þeir borga, sem sé af hverjum verkamanni hefðu þeir raunverulega jafnmikið upp úr hans vinnukrafti eins og þeir borga honum fyrir vinnukraftinn. Það væri náttúrlega mjög gott, ef á annað borð hefði verið lögleitt kapitalistiskt þjóðfélag á Íslandi, að maður hefði getað haft slíkar skýrslur til þess að geta vitnað í um þann gróða, sem myndazt hefur á Íslandi. Og ég get ekki skilið annað en það hljóti að vera einn tilgangurinn með þessari aðferð gagnvart hlutafélögunum, að þarna verði algerlega umbreytt og að öll sú gróðamyndun, sem fram fer, fái algerlega að koma fram og það opinberlega, þannig að um það þurfi ekki að rífast. Hingað til höfum við í öllum þeim umræðum, sem fram fara um efnahagsmál og þjóðhagsmál á Íslandi, alltaf orðið að gizka á þennan lið. En ég er hræddur um, að það verði að vera tvennt til staðar í sambandi við slíkt. Það er annars vegar, að það verði fylgzt á allt annan hátt en verið hefur með öllum skattframtölum hlutafélaganna, og enn fremur tryggt, að svo miklu leyti sem eftirlit er með slíku, að það gangi jafnt yfir.

Ég veit ekki, hvort meiningin er að halda áfram þeirri reglu, sem verið hefur, að menn geti svo að segja talið fram sjálfir og svo og svo mikið af þeim hlutafélögum, sem starfandi eru í þjóðfélaginu, geti skammtað sér skattinn sjálf eftir sem áður. Þá mundi þetta bara þýða lækkun fyrir þau. Og ég vildi gjarnan heyra það, ekki endilega núna, heldur við áframhaldandi umr. um þetta mál og í n., hvort það ætti að breyta öllu því framtalskerfi, sem verið hefur hér fram að þessu. Mér liggur nær að halda, að það yrði að taka til mjög alvarlegrar endurskoðunar alla aðferð *við bókhald á Íslandi, ef svona á að breyta hlutafélagalögum.* Það má mikið vera, ef það væri ekki rétt, að það opinbera yfirleitt teldi fram fyrir þessi fyrirtæki. A. m. k. þarf að hafa mjög góða gát þarna á, meðan þetta er að breytast. Það er ekki búið í einu vetfangi að kippa í lag þeirri spillingu, sem átt hefur sér stað í sambandi við þetta mál. Og það væri ákaflega æskilegt sem sagt að heyra, hvernig menn hugsi sér það framkvæmt, því að ef ekkert breytist með þetta, þá er þessi hluti frv. að öllu leyti bara til ills eins, þá fórnar hann því eftirliti, sem þjóðfélagið þarna getur haft með kapitalmynduninni í landinu, réttara sagt þeim ráðstöfunum, sem það þannig gerir til að hindra hana, en í staðinn fyrir að gera kapitalismann löglegan meira eða minna og auðsöfnunina léti það skattsvikin viðhaldast.

Ég segi þetta vegna þess, að ég vil, að þeir, sem með þessu eru, geri sér alveg ljóst, hvers konar breytingar eru að verða með þessu, en einnig vegna hins, að ég álít að nokkru leyti brotið blað með svona löggjöf viðvíkjandi þeirri afstöðu, sem hefur annars mótað skattalöggjöf Íslands frá upphafi þessarar aldar, — þeirri gömlu afstöðu bændaþjóðarinnar að óttast auðmagnið, vilja ekki mynda það og fordæma gróðann sem raunverulega siðferðislega ranglátan og eigi þess vegna ekki að eiga sér stað. Menn eiga ekki að geta grætt. Það er það eina, sem hefur staðið á bak við þá hugmynd, sem ráðið hefur í sambandi við skattalögin.

En svo er önnur hlið á þessu máli, sem líka er vert að menn átti sig vel á og ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér fyllilega ljóst allir í sambandi við þetta mál. Það er afstaðan gagnvart miklu fjármagni. Það hafa ekki getað verið til á Íslandi stór hlutafélög. Það hefur verið hægt að reka smá hlutafélög og þau næstum því með *þessu móti, sem* við hv. 2. þm. Reykv. vorum að lýsa áðan, en stór hlutafélög hafa bókstaflega ekki getað verið til, vegna þess að það var ekki nokkur minnsti möguleiki fyrir þau að geta skilað neinum gróða. Við skulum sérstaklega hugsa okkur, að eftir skattalöggjöf Sjálfstfl. um stríðsgróðaskattinn var bókstaflega alveg loku fyrir það skotið, þegar 200 þús. kr. tekjur voru settar sem svo að segja hámark, sem menn gætu grætt. Hvernig var hægt að mynda hlutafélag, sem hefði kannske 10, 20, 30, 40 millj. kr. hlutafé, og ætla því að mega ekki græða meira en 200 þús. kr.?

Hefur þetta bara verið tóm tilviljun, eða stafar það af því, að við höfum látið setja gamlar tölur í löggjöfina? Ég held, að það, sem þarna hefur búið á bak við, hafi verið það, að þjóðin hefur verið almennt á móti því, að það væri hægt að mynda stór hlutafélög í landinu, og löggjöfin, eins og hún hefur verið fram að þessu, hefur komið í veg fyrir slíkt. Þjóðin óttast stór hlutafélög. Þessi afstaða þjóðarinnar almennt hefur skapað það fyrirbrigði, að íslenzku þjóðinni hefur þótt það sjálfsagt, að þegar eitthvað mikið þyrfti að gera, þá yrði þjóðin öll að leggjast á eitt, engir einstaklingar að taka sig út úr, og ef þyrfti að gera einhverja stóra hluti í þessum efnum, þá yrði það að vera heildarátak þjóðarinnar. Og þetta hefur verið ekki aðeins skoðun *sósialistisku flokkanna í landinu,* þetta hefur líka verið skoðun Framsóknarfl. og Sjálfstfl. Þegar menn hafa lagt í stórvirki eins og t. d. sementsverksmiðjuna, þá hefur það þótt sjálfsagður hlutur, að þetta væri þjóðareign, alveg sjálfsagður hlutur, og þegar rætt hefur verið mál eins og með áburðarverksmiðjuna, þá er það aðeins sérstök tilviljun, vegna sérstakra aðstæðna, að að ofur litlu leyti skuli hlutafélagsformi leyft að komast þar að með ríkisfyrirtæki. Þetta hefur stafað af því, að þjóðin hefur verið hrædd við stórt fjármagn í fárra manna höndum, og hafi þurft að koma upp stórum atvinnufyrirtækjum, þar sem þurft hefur mikið fjármagn, hefur þess vegna þjóðin álitið sjálfsagt, að þjóðin ætti þau. Þetta hefur verið svo sjálfsagt í meðvitund fólks, að þegar meira að segja Sjálfstfl. og Framsfl. eru einir í ríkisstj. hér um nokkurt skeið á undanförnum áratug, og þegar ég veit að lagt var allmikið að þeim að láta sementsverksmiðjuna verða einkafyrirtæki eða hlutafélag, þótt ekki væri nema hlutafélag að nafninu til, þá stóðu þessir tveir flokkar á móti því og hindruðu það, og sementsverksmiðjan er enn ríkisfyrirtæki og þjóðareign.

Nú sagði hæstv. fjmrh., að það væru mikil verkefni fram undan, m. a. í sambandi við iðnað, og þess vegna væri rétt, að nokkur breyting yrði gerð á skattalögunum, sem gerði það mögulegt, að menn gætu myndað stærri hlutafélög.

Ég hefði fyrir mitt leyti kosið, að það væri

áfram skoðun þjóðarinnar og þar með líka Sjálfst.- og Framsfl., að þegar við þyrftum að leggja í stór fyrirtæki, sem útheimtu svo mikið fjármagn, að íslenzkir einstaklingar gætu ekki lagt í það, þá legði þjóðin í það sem heild og það yrði fyrst og fremst þjóðareign, sem reist yrði við okkar stóriðjufyrirtæki, t. d. við okkar fossa, og að svo miklu leyti sem eitthvað af fyrirtækjum yrði einstaklingseign, þá væru það frekar þau smærri. Hins vegar dylst mér ekki, að í sambandi við þá breytingu, sem hér er verið að gera, opnast viss möguleiki, sem hingað til hefur ekki verið til og ég fyrir mitt leyti er hræddur við, að útlent auðmagn geti komið inn í landið, án þess að við getum haft eins mikið eftirlit með því og við höfum getað gert og höfum gert fram að þessu. Það er vitanlegt, að hér á Íslandi er ákaflega lítið útlent auðvald starfandi í landinu, svo lítið, að það má næstum því segja, að það sé ekki neitt. Það hefur þýtt m. ö. o., að jafnt íslenzk borgarastétt, sem hér hefur eignazt nokkrar eignir, sem íslenzk bæði bændaalþýða og önnur alþýða hefur eignazt það, sem til er á landinu af fyrirtækjum, og á það sjálf.

Ég gæti trúað að sumu leyti, að Ísland væri af þeim löndum, þar sem á annað borð ríkir kapitalistiskt skipulag, þá væri það eitt af þeim löndum, þar sem íbúarnir sjálfir, hvort heldur það eru nú kapitalistar, verkamenn, bændur eða aðrir, ættu sem næst því 100% af öllum þeim fyrirtækjum, sem í landinu væru. Hið erlenda auðmagn í landinu er hverfandi lítið. Og við vitum ósköp vel, af hverju þetta stafar. Þetta stafar af því, að það hefur eðlilega ekki verið girnilegt fyrir erlent auðmagn að leggja fé í fyrirtæki í þessu landi, vegna þess að þau gátu ekki gefið gróða, gátu a. m. k. ekki gefið gróða á löglegan hátt, og fyrir útlent fjármagn var afar erfitt að ætla að gefa slíkan gróða á ólöglegan hátt. Íslenzkir einstaklingar, sem eru hnútunum kunnugir, hefðu kannske getað einhvern veginn, eins og talað hefur verið um, snúið sig út úr slíku, en fyrir útlendinga var það bókstaflega óhugsandi.

Það er hins vegar engum efa bundið, að með þessari breytingu á tekjuskattslögunum opnast hvað tekjuskattinn snertir möguleikar fyrir því, að útlendu auðmagni, að svo miklu leyti sem það eftir íslenzkum lögum getur starfað, — og það mundi geta starfað hér nokkuð í íslenzkum hlutafélögum, — því eru opnaðir möguleikar til að taka þátt í íslenzkum hlutafélögum með þessu móti.

Ég veit, að það er hægt að færa ýmis rök að slíku, að það gæti verið heppilegt fyrir íslenzkt atvinnulíf, — ef menn vilja í því kapitalistiska þróun, þá gæti það verið heppilegt, að slíkir möguleikar væru opnaðir í landi, þar sem eins mikið er eftir að gera og hjá okkur. Ég hef áður lýst því, og skal ekki endurtaka hér mína skoðun í því efni, að ég álít, að slík þróun yrði bezt með því, að að svo miklu leyti sem við þyrftum að fá erlent fjármagn, þá tækjum við það að láni, ríkið sem slíkt, og hagnýttum það hér innanlands, ýmist í fyrirtæki, sem ríkið sjálft á, eða jafnvel að einhverju leyti lánað einstaklingum, þegar um minni fyrirtæki væri að ræða.

En ég vil minna á, að einmitt sú mikla þróun, sem átt hefur sér stað á Íslandi, það sem af er þessari öld, og sú þróun, þar sem verkamenn, bændur og borgarar raunverulega hafa lagzt á eitt um að byggja okkar land upp og hafa unnið stórvirki í því sambandi, — þessi þróun, þessi efnahagslega þróun hefur gerzt þannig, að þjóðin hefur verið efnahagslega mjög sjálfstæð hvað það snertir, að útlent auðmagn kemst ekki inn í landið. Menn hafa átt þetta sjálfir. Við höfum getað deilt um það, hvernig það skiptist okkar á milli, einstaklinganna á Íslandi, stéttanna og annað slíkt. En í heild hefur útkoman orðið þessi: Íslendingar hafa átt þetta sjálfir. Og ég held, að það sé svo dýrmætur hlutur, hvað mikið sem við kunnum nú að kvarta, þegar okkur kemur illa saman, liggjum í deilum og öllu mögulegu slíku, að þá eigum við að athuga ákaflega vel, áður en við sleppum því. Það þýðir, að ég álít, að við þurfum að vera ákaflega vel á verði gagnvart þeim möguleika, sem opnast fyrir erlent fjármagn hvað breytinguna á tekjuskattinum snertir að komast inn í íslenzkt atvinnulíf og verzlunarlíf, — möguleika, sem hingað til hefur ekki verið til. Það getur verið stór hætta á ferðum í þessu sambandi, og sé útlent auðmagn einu sinni komið inn í ríkum mæli, þá fylgir því sú hætta, að Íslendingar ráða ekki við það og að jafnvel slíkt útlent auðmagn geti náð tökum á ekki aðeins efnahagslífi landsins, heldur jafnvel stjórnmálalífi landsins. Við þurfum ekki að líta til annars en meira að segja þeirrar baráttu, sem menn hafa jafnan oft orðið að heyja bæði í Noregi og Danmörku viðvíkjandi slíkum áhrifum, og hafa samt þær þjóðir að mörgu leyti reynt að vera á verði.

Ég vil þess vegna í sambandi við þennan þátt löggjafarinnar hvetja til ýtrustu varúðar um, að menn átti sig vel á því, hvaða breyting þarna er að verða, og geri sér ljóst, að henni fylgir hætta, jafnvel stór hætta.

Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það hefði verið ein aðferðin við að reyna að leyfa mönnum að græða að hafa afskriftirnar miklar. Kom ekki hv. 2. þm. Reykv. eitthvað inn á það, að við hefðum verið að hagræða því í sambandi við atvinnufyrirtækin og annað slíkt? (Gripið fram í.) Jæja, þá bið ég afsökunar, ef það er ekki rétt hjá mér. Ég man eftir, að í nýsköpunarstjórninni höfðum við einmitt þá aðferð að leyfa þeim, sem voru þá að leggja í skipin og önnur fyrirtæki, að afskrifa um 20%, ef þeir gætu. En þetta var miðað við það þá, að menn væru að leggja í atvinnufyrirtæki. Og sannleikurinn var, að með því að þjóðin hefði svona mikið eftirlit með því, hvernig undanþágurnar undan skattalögunum væru gefnar, var hægt að sjá svo um, að það gæti skapazt gróði á vissum sviðum, við skulum segja hvað snertir framleiðsluatvinnuvegina, þannig að menn mættu þar afskrifa sín tæki og það jafnan fljótt, jafnvel á fimm árum, ef menn gætu grætt það mikið, að menn hefðu efni á því. Og þetta hefur — held ég — að mestu leyti staðið síðan. Þetta sama var aftur á móti ekki viðurkennt við t. d. verzlunina, og ég álít, að það hafi verið rétt að mismuna á þennan hátt. Þjóðfélagið sagði: Við getum leyft gróðamyndun og eignasöfnun, þegar menn eru

að leggja í atvinnufyrirtæki, sem hjálpa til þess að auka framleiðslu þjóðarinnar, og þess vegna mega þessi atvinnutæki afskrifast svona, hvort sem þau eru nú í sjávarútvegi, landbúnaði eða iðnaði, en við getum ekki leyft svona, þegar um verzlun er að ræða, og verzlunin var sem sé undir sama harða eftirlitinu, skorinn jafnþröngur stakkur og áður.

Ég vil vekja athygli á því, að með þeirri breytingu, sem hérna er gerð á tekjuskattslögunum, er enginn munur gerður þarna á. Það fjármagn, sem sett er í verzlun, fær sömu aðstöðu og sama rétt í sambandi við gróðamyndun og það fjármagn, sem sett er í atvinnurekstur eða framleiðslu á einn eða annan hátt.

Þetta álít ég mjög varasamt. Það er ekki það mikið um fjármagn á Íslandi eða fjármagn, sem við ráðum yfir, að við höfum efni á því að láta fjármagn yfirleitt leika lausum hala, og skattalögin, svo gölluð sem þau hafa verið, og jafnvel með þeirri spillingu, sem þau hafa oft skapað, þá hafa þau þarna verið visst aðhald. Það hefur verið hægt að veita undanþágu í skattalögunum viðvíkjandi framleiðslunni, sem ekki hefur verið gerð viðvíkjandi verzluninni. Hins vegar er það vitanlegt, að meinið í öllu efnahagslífi Íslands, eitt stóra meinið í öllu efnahagslífi Íslands á þessari öld hefur verið það, að fjármagnið hefur alltaf streymt of mikið í verzlunina, en of lítið í framleiðslutækin. Þetta var strax niðurstaða, sem sú fyrsta stjórn, sem Framsfl. og Alþfl. mynduðu hér á Íslandi, 1934 til 1937—38, komst að, og sú bezta rannsókn, sem enn þá hefur verið gerð á efnahag Íslands, sú skýrsla, sem Rauðka, eins og hún var kölluð, sem skipulagsnefnd atvinnumála samdi þá, komst einmitt að þeirri niðurstöðu, að það fjármagn, sem streymdi í verzlunina, væri allt of mikið. Það var þá um 100 millj. kr., sem hún taldi að væri í verzluninni á Íslandi, á sama tíma sem í öllum sjávarútveginum var t. d. bara 22 millj. kr. fjármagn. Og þetta er raunverulega átumeinið í íslenzku þjóðfélagi, að verzlunarauðmagnið hefur verið of áhrifaríkt í öllu atvinnulífi Íslands og í öllu efnahagslífi Íslands á þessari öld og hefur alltaf haft svo sterk pólitísk völd í landinu, að það hefur raunverulega getað skammtað þeim atvinnurekstri, sem er í framleiðslunni, aðstæðurnar, — og þetta er hættulegt.

Ég álít, að það hefði einmitt með tilliti til þess líka, sem hæstv. fjmrh. minntist nú á, að það væru stór verkefni fram undan, eins og í sambandi við iðnað og annað slíkt, þá hefði verið ákaflega rétt að athuga í þessu sambandi, hvort það hefði einmitt ekki átt að draga í sambandi við samþykkt svona laga úr þeim möguleikum, sem verzluninni væru gefnir. Það er síður en svo, að við þyrftum að uppörva til meiri fjármagnsmyndunar í verzlunarhlutafélögum á Íslandi. Það lægi nær fyrir okkur að þjóðnýta oliufélögin og láta ríkið reka þau heldur en að fara að ýta undir, að það myndu ust á fleiri sviðum sterk hlutafélög, sem settu fjármagn þjóðar og einstaklinga í verzlunarreksturinn fyrst og fremst. Ég held, að það væri eitt af því, sem þyrfti að taka til athugunar við þetta mál í nefnd og í framhaldsumr. um það.

Svo vil ég að síðustu segja það, og það er nú að sumu leyti líka í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að mér fannst hann eiginlega fullbráðlátur. Mér fannst bera nokkuð mikið á því, að verzlunarauðvaldið í Reykjavík lýsti ánægju sinni yfir þessu frv. og ætlaðist nú til að fara að fá eitthvað meira. Hann lauk sínu máli með því að segja, að það væri nú litlu bjargað við þetta frv., þó að hann segði, að það væri talsverð bót að því, meðan engar skorður væru reistar við álagningu útsvara. Það er svo sem auðséð, hvað stórkapitalið hjá okkur á Íslandi muni fara fram á næst.

Ég vek greinilega athygli á því í sambandi við þetta frv., að með því eru numdar úr lögum þær skorður, sem hingað til hafa verið fyrir bæjarfélög, að þau megi ekki leggja útsvör á aðila, sem hafa 200 þús. kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir, þannig að þessar 200 þús. kr. hafa sem sé verið loftið, sem maður hefur rekið sig upp undir í slíku sambandi. Þetta hámark er nú afnumið, um leið og lögin um stríðsgróðaskatt eru afnumin. Að vísu ber að muna það, að svo og svo mikið af stríðsgróðaskattinum hefur verið greitt aftur til bæjanna, en þetta þýðir hins vegar, að þeir bæir, sem hafa t. d. mikið af auðfélögum innan sinna vébanda, fá nú aðstöðu, — og við skulum nú segja, að kapitalistarnir í landinu fari að verða mjög duglegir og fari að telja miklu réttar fram en hingað til, því að þeirra gróði sýnir sig að vera miklu meiri en þeir hafa viljað af láta fram að þessu, þá er gefið, að bæir, við skulum segja eins og sá, sem ég er fulltrúi fyrir, Reykjavík, geta þá farið að leggja miklu meiri útsvör á þessi auðfélög, og því finnst mér að hv. 2. þm. Reykv., sem líka er fulltrúi Reykjavíkur hér og almennings í Reykjavík, eftir því sem hann telur, og allra stétta, hefði nú átt að vera dálítið ánægður yfir. Þetta þýðir, að fólk hér í Reykjavík má vafalaust eftir samþykkt þessara laga búast við því, að sú þunga útsvarsbyrði, sem hvílt hefur á verkamönnum og millistéttafólki, fari nú að minnka, vegna þess að nú geta auðfélögin farið að bera þarna þó nokkuð miklu meira en verið hefur hingað til.

Hv. 2. þm. Reykv. veit, hve þungt hefur verið kvartað undan miklum útsvörum í Reykjavík og að þau hafa bæði þótt hækka mjög ört, heildarupphæðin, og þyngjast á láglaunamönnum og ekki hvað sízt á meðaltekjumönnum. Það er þó aldrei meiningin hjá auðmannastéttinni í Reykjavík að koma næst með þá kröfu, að það eigi að fara að takmarka einhvern rétt okkar kæra sveitarfélags til þess að leggja útsvör á þá ríkustu í þessu sambandi? Mér heyrðist jafnvel hv. 2. þm. Reykv. telja þessa ágætu löggjöf, sem hann var annars að lýsa svo mikilli ánægju yfir, fara að gerast harla vafasama, þegar hann kom að því, að nú væri eftir útsvarsrétturinn og álagning hans hjá sveitarfélögunum á Íslandi. Ég vil um leið lýsa ánægju minni yfir því, að sá réttur er þó ekki af tekinn, heldur þvert á móti aukinn með þessu, þannig að ef stjórnarvöld skyldu ekki standa nægilega vel á verði í sambandi við þær tilslakanir, sem nú eru gerðar um tekjuskattinn, þá er þó sveitarfélögunum á Íslandi enn veittur sá gamli réttur, sem þau hafa

haft svo að segja frá alda öðli til þess að standa á verði um hag íbúanna og almennings. En það er svo sem auðséð, hvaðan árásin muni koma á þann rétt. Hins vegar er það engum efa bundið, að þó að hægt verði að breyta þessu viðvíkjandi tekjuskattinum og sú mjög vafasama tilraun verði gerð, þá verður öðru máli að gegna viðvíkjandi útsvörunum. Þar kemur áreiðanlega til með að verða staðið harðar á móti, að nokkur breyting verði á, hvernig sem auðmannastéttin kann að sækja það. Og frá sjónarmiði sveitarfélaganna er það engum efa bundið, að ýmis þeirra munu vafalaust fagna því að fá þann rétt, sem þau fá með þessu.

Ég vildi láta þessar athugasemdir mínar koma fram við 1. umr. málsins, því að ég álít alltaf gott við hverja löggjöf, sem samþ. er, að menn hugsi sem allra ýtarlegast um, hverja afleiðingu hún kann að hafa. Hafi ég miklað eitthvað fyrir mér af þeim hættum, sem ég hef séð, þá þætti mér vænt um, ef svo reyndist. En höfuðatriðið fyrir mér hefur verið hitt að vara við þeirri hættu, sem ég sé í þessu, og þeirri miklu breytingu, sem með því verður á því kerfi, sem ríkt hefur viðvíkjandi tekjuskatti á Íslandi, það sem af er þessari öld.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Áður en lengra er haldið, vil ég segja aðeins örfá orð út af þeim tveimur ræðum, sem þegar hafa verið haldnar.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) sagði m. a., að sér sýndist sá ágalli á þessu frv., að með því væri afnumin sú sérstaða, sem ýmis framleiðsla eða ýmis atvinnurekstur hefði haft í skattalöggjöfinni, en allt nú gert jafnt að þessu leyti, bæði verzlunaratvinnurekstur og framleiðsluatvinnurekstur og iðnaðaratvinnurekstur. Þetta er vafalaust byggt á misskilningi hjá hv. þm. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að nema neitt úr lögum af þeim ákvæðum, sem fyrir eru um sérstakar afskriftir, t. d. á ýmsum framleiðslutækjum og iðnaðartækjum, þannig að sá mismunur, sem áður hefur verið gerður í þessu efni, helzt alveg þrátt fyrir þessar nýju tillögur.

Hv. 3. þm. Reykv. drap nokkuð á, að mjög vafasamt mundi vera, að heppilegt væri að gera mögulegt að stofna til stórra hlutafélaga eða víðtæks félagsskapar af því tagi, — en gat um, sem rétt er, að eins og skattalöggjöfin hefur verið, þá hefur slíkt verið mjög torvelt, — þetta væri mjög vafasamt.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé eitt okkar mesta mein, hve fjármagnsmyndunin í landinu sé lítil og hefur lengi verið. Þar er náttúrlega ekki skattalöggjöfin ein, sem kemur til greina, heldur er það líka sú verðbólguþróun, sem hér hefur verið áratugum saman, og er allt of langt mál að ræða það í einstökum atriðum.

Ég held, að það sé talsverð hætta á því, að Íslendingar verði allt of háðir erlendu fjármagni varðandi framfarir sínar á næstunni, ef ekki tekst að bæta mjög úr í þessu efni og auka stórlega fjármagnsmyndun í landinu sjálfu. Ég álít, að það eigi að grípa til ýmissa nýrra úrræða í því efni, eins og t. d. þeirra að reyna meira en áður hefur verið þær leiðir að stofna félagsskap, t. d. hlutafélög, um þýðingarmikil verkefni og reyna að fá almenning til þátttöku í þeim hlutafélögum. Í mínum augum standa mál þannig, að þetta frv. ætti að geta greitt mjög fyrir því, að þessi leið væri farin meira en gert hefur verið. Auk þess mundi þetta frv. greiða fyrir því, að samvinnufélögin, sem eru, eins og við vitum, félög almennings í landinu, geti komið þessu við. En þarna hafa ákvæði skattalaganna mjög verið til trafala, bæði varðandi starfsemi hlutafélaga og samvinnufélaga.

Ég álít því mjög nauðsynlegt að breyta til einmitt í þessa átt, eins og ég raunar færði rök fyrir af minni hendi í framsögu málsins.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) taldi skatteftirlit hér ákaflega lélegt, og ég held, að hann hafi tekið þannig til orða, að nærri stappi, að menn skammti sér skattinn sjálfir. Þetta er auðvitað alveg ofmælt hjá hv. þm., þó að skatteftirlit þyrfti að vera hér mun betra en tekizt hefur að gera það. Sérstaklega vil ég upplýsa, að það hefur verið unnið verulega að því undanfarið að auka þetta aðhald, og verður áfram unnið að því að auka það og gera það sem bezt og fullkomnast, því að það er vitanlega mjög þýðingarmikið, að þetta eftirlit geti verið sem bezt.

Þá var það út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (BÓ). Ég vildi segja aðeins örfá orð út af henni.

Hann taldi, að ákvæði frv. um breytta tilhögun á félagaskattinum væri mjög til bóta eða a. m. k. talsvert mikið spor í rétta átt, eins og hann tók til orða. En hann sagði í því sambandi, að þó yrði að taka það fram, að það væri lítlu bjargað, á meðan ekki væru settar skorður við álagningu útsvara.

Ég verð að segja, að mér þykir þetta nokkuð eftirtektarverð ummæli af hendi hv. 2. þm. Reykv., sem er fulltrúi hér á þingi fyrir Sjálfstfl., en eins og við vitum, þá er Sjálfstfl. meirihlutaflokkur í Reykjavík. Í Reykjavík er mjög mikill atvinnurekstur, þ. á m. iðnaðarrekstur, og þessi ummæli hv. þm. jafngilda því, að það sé til lítils, þó að ríkið lækki skattana, á meðan Sjálfstfl. fær að leika lausum hala með skattálagningu sína í Reykjavík. Þetta er skýr og hrein yfirlýsing frá hv. 2. þm. Reykv. um þetta m. ö. o., að meiri hl. Sjálfstfl. í höfuðborginni sé líklegur til þess að ofsækja menn þannig með skattálögum og útsvarsálögum, að löggjöf eins og þessi, jafnstórfellda breytingu sem hún hefur í för með sér um greiðslu skatta til ríkisins, geti orðið gerð að engu í framkvæmdinni, þessi meiri hluti í Rvík sé líklegur til þess að búa þannig að mönnum. Þetta er að vísu nokkuð í samræmi við reynslu þá, sem orðið hefur í þessu efni. En það er a. m. k. mjög merkilegt að fá slíka yfirlýsingu hér á Alþingi frá einum merkasta þm. Sjálfstfl., og þeim, sem er venjulega framsögumaður flokksins hér í skattamálum.

Þá sagði þessi hv. þm., að síðasta dæmið um skattabrjálæðið væri álagning stóreignaskattsins. Ég skal ekki fara mjög út í það, því að stóreignaskatturinn er ekki hér til umr. En sjálfstæðismenn kölluðu það ekki neitt brjálæði að leggja á stóreignaskatt, þegar þeir áttu sjálfir frumkvæði að slíkum skatti 1950. Þá var ekki talað

um það úr þeirra herbúðum, að þar væri um nokkurt brjálæði að ræða.

Loks minntist hv. 2. þm. Reykv. á, að skattheimtan hér undanfarið hefði verið að smámurka lífið úr efnahagskerfinu, en forráðamenn landsins hefðu ekki viljað hlusta á réttmætar aðvaranir um þetta mál.

Hv. 2. þm. Reykv. og hv. sjálfstæðismönnum er nauðsynlegt að festa sér það í minni, að þegar löggjöfin var sett um að hækka sérstaklega beinu skattana og löggjöfin um stríðsgróðaskattinn og lengst var gengið í þessum efnum og vafalaust þannig gengið fram, að lýsing hv. 2. þm. Reykv. er auðvitað sérstaklega meint um það, þá var það Sjálfstfl., sem hafði fjármálaforustuna. Mörgum mun kannske koma þetta dálítið kynlega fyrir, þegar áróður Sjálfstfl. fyrr og síðar í þessum efnum er athugaður. En þetta er ómótmælanleg staðreynd. Og síðan hefur yfirleitt verið unnið í þá stefnu jafnt og þétt að lækka beinu skattana frá því, sem þeir voru, þegar Sjálfstfl. hafði fjármálaforustuna í landinu.

Þetta vildi ég taka fram út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Það er ekki viðeigandi annað en að draga athygli manna að þessum atriðum, fyrst hv. þingmaður fór að ræða um þau sér í lagi.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að fara um þetta frv. fáeinum orðum, áður en það fer til nefndar. Ég skal þó ekki fara langt í því að fara hér að ræða mjög almennt um skattamál og fjárhagsmál yfirleitt. En ég get þó ekki leynt því, að ég get ekki stillt mig um út af næstsíðustu ræðu að lýsa undrun minni yfir því, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem er, eins og allir vita, greindur maður að eðlisfari, skuli vera enn svo blindur af öfgum, að hann skuli geta lagt sig í það að halda hér langa ræðu um það, hvílík hætta sé á auðvaldsmyndun og auðvaldsráðum í þessu landi.

Ég undrast þetta meira núna en áður, vegna þess að það er kunnugt, að þessi hv. þm. er einn af áhrifamestu valdamönnum í núverandi stjórnarflokkum. Að öðru leyti hlýtur það að vekja undrun, þegar talað er um svona hluti, þegar það blasir við sem höfuðvandamál á hverju Alþingi, hvernig eigi að fara að því að láta framleiðsluna í landinu ganga, af því að það getur enginn atvinnuvegur þrifizt nema með stórfelldum meðlögum frá ríkinu, sem kölluð hafa verið millifærsla frá launastéttunum og yfir í atvinnurekstur inn.

Nú er það svo, að skattamál og gjaldamál yfirleitt eru að verða höfuðvandamál í okkar þjóðfélagi. Þegar komið er svo, að tollar og skattar og útsvör eru orðin meira en 10 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu á ári, þá gefur það auga leið, hvílíkur voði er hér fyrir dyrum.

Hv. þm. muna það nú sjálfsagt, að einn af mikilhæfustu þm., sem var hér fyrir síðustu kosningar, lagði það til fyrir nokkrum árum að afnema tekjuskattslögin alveg, og einn af fulltrúum hér á Alþingi í stjórnarflokkunum hefur nú tekið töluvert ræki lega undir þá kröfu, hv. 5. landsk. þm., og ég verð að segja það, að það er ekkert undarlegt, þó að mönnum detti svona hlutir í hug, þegar þeir kynna sér ástandið á þessu sviði eins og það er.

En ég fyrir mitt leyti er nú ekki svo bjartsýnn, að ég geti látið mér detta það í hug að afnema tekjuskatt, því að það er í sjálfu sér eðlilegt gjald. Tekjuskattur er eðlilegt gjald og hefur verið það og í raun og veru ekkert undarlegt við það, þó að hann sé á lagður. En það er annað, sem er óeðlilegt og fullkomlega óréttmætt á þessu sviði, og það er það, hvernig tekjuskattslögin eru, hvernig þau hafa verið notuð, því að þau hafa verið í því formi, að það má segja, að það sé í rauninni ekki annað en að miklu leyti ræningjastarfsemi, vegna þess að það er í mörgum efnum, sem allar tekjur manna eru hirtar til þess opinbera og stundum jafnvel meira en það.

Ég fyrir mitt leyti tel, að það, sem hér er farið fram á í þessu frv. varðandi félögin, hlutafélögin og samvinnufélögin, það að hafa prósentvís jafnan skatt á öllum, það sé sú rétta aðferð, og þess vegna tel ég, að það stefni mjög til bóta að því er þessa aðila snertir. En ég vil láta það ná meira en til félaganna. Ég vil láta það ná til einstaklinganna allra líka, og það vil ég biðja hv. fjhn. að athuga, hvort hún gæti ekki fallizt á það. Það kann nú að vera til of mikils mælzt að búast við því. En ég vil þó segja, að það er sú rétta aðferð um álagningu tekjuskatts í mínum augum, að hann sé eðlilegt prósentgjald, að t. d. sá maður, sem hefur 20 þús. kr. tekjur, borgi sinn fimmta hluta af því, sem maður, sem hefur 100 þús. kr. tekjur, borgar, en ekki að vera að nota þessa aðferð, tekjuskattsaðferðina, til þess að jafna tekjur manna á þann hátt, því að til þess eru nóg önnur ráð og miklu eðlilegra að gera það þá með því að koma í veg fyrir það, t. d. í launakerfinu, að það sé meiri mismunur á milli tekna manna. En þess vegna minnist ég á þetta, að ég veit og það er í raun og veru alkunnugt orðið í þessu landi, að tekjuskattsaðferðin og útsvörin lúta þar að nokkru leyti sömu reglu, — hún miðar að því að draga úr og lama mjög stórkostlega tekjuviðleitni margra manna. Það er kunnugt, bæði um skipstjóra, stýrimenn og marga aðra tiltölulega hálaunaða menn, að þegar þeir eru komnir að vissu tekjuhámarki á hverju ári, þá hugsa þeir sem svo: Ja, það er þýðingarlaust fyrir mig að halda áfram, það er betra fyrir mig að hætta heldur en að láta ríkið og bæjarfélagið hirða allt, sem ég afla hér eftir. — Og á margvíslegan hátt miðar þetta að því að lama tekjuviðleitni og sjálfsbjargarviðleitni fólksins að hafa þessa aðferð, eins og hún er og hefur verið.

Um leið og ég lýsi þess vegna fylgi mínu við það að breyta þessu varðandi félögin, þá vil ég lýsa þeirri skoðun, að ég álít, að þetta eigi að gilda alveg eins varðandi einstaklingana.

Nú er það svo, að það er komið í ljós á margvíslegan hátt, að hér er komið út í svo miklar öfgar, að það er ekki á neinu viti byggt. M. a. get ég bent hv. þingmönnum á það, að í ríkisreikningnum, sem ég hef hérna við höndina og er fyrir árið 1956, stendur, að það er óinnheimt af sköttum í árslok þess árs 37 millj. kr. eða rúmlega það, og samtímis er frá því sagt í þeim reikningi, að á því ári var fellt niður sem ófáanlegt af sköttum nokkuð á fjórðu millj. kr.

Þetta hefur alltaf verið að færast meira og meira í það horf, að skattarnir hafi verið óinnheimtanlegir að meiri og meiri hluta, og við yfirskoðunarmenn, *sem árlega finnum* að þessu og gerum kröfu til þess til fjmrn., að það hafi með þessu sterkara eftirlit, fáum alltaf þau svör, að það sé haft svo sterkt eftirlit og gengið svo hart eftir sköttunum, að lengra verði ekki komizt í því efni. En þrátt fyrir það stefnir alltaf í þessa átt, og þetta hefur það komizt lengst, í árslok 1956, sem er nú þó ekki í rauninni í árslokin, því að reikningi er ekki lokað fyrr en töluvert langt er komið fram á næsta ár á eftir, og ég efast ekki um, að á árinu 1957 hafi þetta hækkað töluvert mikið frá því, sem var 1956.

Þá er það annað í þessu sambandi, sem vert er að taka til athugunar og ástæða er til að ræða um ævinlega, þegar talað er um tekjuskattslög eða breytingu á þeim, og það er, að það sé fyrir það girt, sem nú er í lögum og nú er í framkvæmd, að það sé ekki einasta lagt á raunverulegar tekjur, heldur tilbúnar tekjur, sem eru engar tekjur. Og það stærsta í því efni er sú regla, sem upp var tekin 1942 og er í rauninni alger fjarstæða, að *leggja skatt á skatt, þannig* að það sé ekki heimilt að draga skatt og útsvar, sem þarf að borga á skattárinu, frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður, eins og áður var og eðlilegt verður að teljast.

Þá skal ég nefna það og skjóta því til hv. fjhn., sem fær þetta mál til meðferðar, að það eru vissir aðilar í okkar atvinnustarfsemi, sem ég fyrir mitt leyti álít að eigi að vera algerlega skattfrjálsir, vegna þess að það er ekki starfsemi, sem er til þess að auka tekjur, og það eru vinnslustöðvar, sem vinna úr vörum fyrir framleiðsluna, eins og sláturhús og mjólkurbú. Það er mjög mikið öðru máli að gegna með slíkar stofnanir heldur en með almenna verzlun, hvort sem það er samvinnufélag, kaupmaður eða hvernig sem það er. Að leggja háa skatta og há útsvör á þessar stofnanir, það álít ég alveg fjarstæðu, því að það kemur eðlilega fram í því, að það verður þá, eins og núna er komið, að borga þeim mun meira með vörunum, sem þessar stofnanir eru að gera söluhæfar, *heldur en ella mundi vera. Ég álít því*, að það eigi að vera reglan, að þessar stofnanir eigi að vera algerlega skattfrjálsar. Hitt getur miklu frekar komið til mála, að önnur verzlun og viðskipti séu undir sömu reglum.

Þá vil ég minnast aðeins á það, sem kemur fram aðallega í skýringunum við 1. gr. þessa frv., að þau réttindi, sem ætlazt er til að samvinnueða sameignarfélög hafi samkvæmt þessum lögum, gildi eingöngu, þegar um er að ræða félög, þar sem í eru þrír menn eða fleiri. Þetta vil ég biðja hv. fjhn. að athuga mjög rækilega, því að þetta kemur mjög í bága við lög, sem samþykkt voru hér á síðasta þingi um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Í 14. gr. þeirra laga stendur svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta, sem er annar liður: „Ef tveir eða fleiri bændur *stofna til búskapar á sömu jörð með því* að reka á henni félagsbú í stað þess að stofna á henni nýbýli, er heimilt að veita þeim aðstoð til ræktunar og bygginga, þannig að um sömu aðstoð til bændafjölgunarinnar sé að ræða og veita bæri, ef nýbýlamenn ættu í hlut.“ Og svo er minnzt á skilyrði fyrir þessum ákvæðum.

Þess vegna vil ég halda því fram, að það sé *algerlega rangt og verði að breytast í* þessu frv., að það þurfi endilega að vera þrír menn eða fleiri, sem eru í félagi, til þess að njóta þeirra hlunninda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, því að það *eigi* að vera heimilt alveg eins, þótt það séu ekki nema tveir menn eða þrír. En samkv. grg. fyrir þessu frv. á það að gilda aðeins, ef um er að ræða þrjá menn eða fleiri.

Um einstök atriði í frv. skal ég svo ekki fara fleiri orðum. Ég hef ekki haft tækifæri til þess enn þá að bera það alveg saman við lögin. En að þessu leyti tel ég það stefna mjög í rétta átt, varðandi félögin, eins og ég tók fram áðan, að jafna skattinn og gera hann prósentuskatt, og sum önnur ákvæði þess stefna til bóta, en þó engan veginn nægilega langt til þess, að við getum verið ánægðir með þá breytingu frá því ástandi, sem nú er.

Ég get svo að lokum ekki stillt mig um það að segja örfá orð út af því, sem hér kom fram síðast í ræðu hæstv. fjmrh., þegar hann fór að *tala um útsvarsálagningar og eins og venjulega* stefndi fyrst og fremst hér að Reykjavík. Þessi hæstv. ráðh. var að tala um það, eins og hann hefur oft gert áður, að það hefðu verið miklu hærri skattar, þegar sjálfstæðismenn voru í stjórn, heldur en þeir væru nú. Sú röksemd er hrein blekking, vegna þess að skattarnir á þeirri tíð voru miðaðir við miklu lægra tekjuhlutfall en nú er, síðan dýrtíðin hefur margfaldazt svo gífurlega sem raun er á. Og ef maður ber saman tölurnar, — eins og ég hef gert bæði í ræðu og blaðagrein, — ber saman þær raunverulegu tölur, sem út koma, þá sýnir það sig, að skattarnir eru alltaf að hækka og þeir hækka eins og kallað er sjálfkrafa, vegna þess að eftir því sem tekjurnar hækka, eftir því hækka skattarnir, sérstaklega á hinum hærri tekjum. Þetta ættu allir menn að *geta séð, sem kynna sér, hvernig* með það er farið.

Varðandi álagningu útsvara, þá mætti nátttúrlega margt um það segja. En það er furðulegt að hlusta á þá menn, sem standa mest fyrir skatta- og tollaálagningu hér í okkar landi, eins og hæstv. fjmrh. gerir, undrast á því, að sveitar- og bæjarfélög verði að taka útsvör og leggja þau á borgarana. Meginhlutinn af þeim útsvörum, sem á eru lögð í sveitarfélögunum, er til að standa undir útgjöldum, sem sveitarfélög eru yfirleitt að sligast undan úti um allt land og eru sprottin af löggjöf, sem sett hefur verið af Alþingi, og eru þannig til komin, að sveitar- og bæjarstjórnir komast ekki undan því að innheimta gjöld fyrir þeim. En aðferðin, sem við blasir, þegar verið er að taka tekjurnar og fjármunina af einstaklingum, er *svipuð því*, að *maður færi* að heyflekk með vélarýtu og tæki ofan af flekknum og ýtti því öllu saman, eins og ríkið gerir með sinni skatta- og tollaálagningu, og segði svo við þá, *sem á eftir koma*, eins og nú er sagt við sveitar- og bæjarstjórnirnar: Gerið svo vel. Þið megið hirða rökin. — Þetta er aðferðin, og einmitt þess vegna er það svo að eðlilegum hætti, þegar búið er að raka ofan af tekjum einstaklinganna og

fyrirtækjanna og félaganna af ríkinu og sveitar- og bæjarstjórnirnar koma svo á eftir, að í flestum efnum verði enn þá ískyggilegra og örðugra að innheimta og leggja á útsvörin, sem — eins og ég tók fram — eru þannig til komin, að það er verið að hirða rökin, sem ríkið skilur eftir.

Nú hafa sagt mér það menn, sem fást nokkuð við að undirbúa skattskýrslur hér í bænum, að ástandið sé nú almennt ekki betra en það, að það sé hjá flestum mönnum, sem þó hafa talsvert háar tekjur, þannig, að þeir hafa ekkert eftir til að borga vexti og afborganir af sínum skuldum. Nú verða menn þess vegna, þegar þeir eru að metast á um ríkisskatta og útsvör til sveitar- og bæjarfélaga, að gera sér grein fyrir aðstöðunni, og hún er þessi, að ríkið er búið að koma á undan og svo koma hinir á eftir. Þess vegna er á því mjög mikil nauðsyn og eiginlega skömm að því fyrir Alþingi, að það skuli ekki vera búið að ganga frá því fyrir löngu að leggja skatt, tekjuskatt og útsvar, á samtímis, það sé gert í einu lagi og því skipt á milli. Ég tel, að það sé mjög hæpin leið, eins og farið hefur verið fram á að eðlilegum hætti, að sveitar- og bæjarstjórnirnar fái réttindi til tolla- eða söluskattsálöguvalds, hitt eigi að vera, að það eigi að leggja beinu skattana á í einu lagi og skipta þeim svo á milli, en ekki setja sveitarfélögin í þær kvíar, sem þau eru sett í með þeirri aðferð, sem nú er viðhöfð.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða um þetta mál nú við þessa umr., nema frekara tilefni gefist til. En ég vil mega vænta þess, að hv. fjhn. taki þau atriði, sem ég hef hér minnzt á og þá ekki stríða algerlega í bága við hennar skoðanir, — taki þau til athugunar við meðferð þessa máls.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki nema að litlu leyti blanda mér inn í þær almennu umræður, sem þegar hafa átt sér stað um þetta mál hér og sérstaklega komu nú fram í ýmsum almennum sjónarmiðum hv. 3. þm. Reykv., sem eru vissulega töluvert gagnstæð öðrum almennum sjónarmiðum, sem fram voru sett af hæstv. fjmrh. En það eru þó nokkur önnur almenn sjónarmið, sem ég vil víkja að á þessu stigi málsins. Hins vegar mun ég ekki nú að neinu ræða einstök atriði eða efni þessa frv. við 1. umr. og tel eðlilegra, að slíkar umræður fari fram eftir athugun málsins í nefnd. Reynsla mín er öll í þá átt, að það séu fá mál sem skattamál að því leyti, hversu mikla athugun þarf við að hafa, áður en gengið er annaðhvort frá breytingum á skattalögunum eða nýmæli í þeim efnum. Og hefur það æ komið fram, t. d. undir meðferð mála hér á þinginu og í nefndum, að eftir á hefur komið í ljós, að í raun og veru var ýmist gengið að einhverju leyti í aðrar áttir en menn gerðu ráð fyrir eða a. m. k. með öðru móti, og þarf af þessum sökum að hafa sérstaka varúð við og hafa samráð við sérfræðinga og kunnáttumenn í þessum efnum, áður en Alþingi gengur endanlega frá breytingum eða nýmælum, eins og hér er um að ræða.

Ég vil hins vegar minnast á þann aðdraganda, sem hefur verið að þessu máli og ekki hefur komið fram í umræðunum hér, að það var samþykkt hér á þingi 1951 þáltill. sjálfstæðismanna um heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni og tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga. Þessi þál. var að vísu ekki löng, og vildi ég mega leyfa mér að vitna til hennar, með leyfi forseta, en hún var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt. Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt. Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstjórnin leggi frumvarp til laga um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þetta var sem sagt samþykkt 1951, og nú er 1958, og við erum enn með þó aðeins eina grein af endurskoðun skattalöggjafarinnar, sem ákveðið var fyrir sjö árum að láta fram fara heildarendurskoðun á.

Þegar ríkisstj. var mynduð að loknum alþingiskosningum 1953 undir forsæti sjálfstæðismanna, var það eitt af atriðunum, sem tekin voru upp í stjórnarsamninginn, að ganga frá heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar. Þá hafði starfað mþn. og hélt áfram störfum við endurskoðun skattalöggjafarinnar. Ég vil telja það mjög miður, að lagzt skuli hafa niður starfsemi mþn., því að mér er ekki kunnugt um annað en hún hafi á vissu stigi málsins lagzt niður, því að ég tel, að þá hafi ekki verið nema litlum þætti þeirrar endurskoðunar lokið, sem ákveðið var 1951 að framkvæma. Og við endurskoðun slíkrar löggjafar er mjög nauðsynlegt að starfi á milli þinga sérstakar nefndir með þeirri aðstoð sérfræðinga, sem bezt er völ á, og hefði átt að halda því áfram.

Ég held ég fari rétt með, að það muni hafa verið komið alllangt á veg síðari hluta árs eða haustið 1955 varðandi till. innan mþn. um einmitt skattlagningu félaga, en þá hafi hins vegar upp úr slitnað af nokkuð sérstökum ástæðum, eins og ég geri ráð fyrir að menn reki minni til, m. a. vegna deilumála, sem þá voru uppi um skattlagningu á samvinnufélögin og Samband ísl. samvinnufélaga sérstaklega og rétt m. a. sveitarfélaga til útsvarsálagningar á þau, og veit ég ekki, hvort eftir þennan tíma hefur nokkuð verið unnið í mþn. að lausn þessara mála. Nú er mér ekki kunnugt um, að hve miklu leyti þær till., sem hér eru lagðar fram, eru að miklu eða litlu leyti í samræmi við niðurstöður, sem þá voru fengnar, en ég tel, að það sé mjög fróðlegt að athuga það og að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, eigi einmitt að hagnýta sér þá athugun og rannsókn málsins, sem þegar hafði farið fram í mþn., þegar hún gengur frá þessu máli.

Ég sagði áðan, að nú eftir 7 ár, frá því að

þessi samþykkt var gerð á Alþingi um heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar, væri lagt fram frv. um einn þáttinn, þ. e. a. s. sérstaklega um skattlagningu félaga, auk þess sem ýmis önnur einstök og sérstök ákvæði eru í þessu frv., svo sem hv. þingmönnum er ljóst, bæði varðandi eignarskatt, skattfrádrátt sjómanna og nýmæli einhver um skattlagningu hjóna, þó að það séu ekki nein grundvallaratriði, sem þar er um að ræða.

En þá er annar meginþáttur endurskoðunar um skattalöggjöfina eftir, og það er sá þáttur, sem snýr að bæjar- og sveitarfélögunum, og vil ég nota þetta tækifæri við 1. umr. málsins til þess að vekja athygli á því.

Bæjar- og sveitarfélögin hafa í vaxandi mæli á undanförnum árum, eins og nokkuð hefur verið vikið hér að, verið í örðugleikum varðandi tekjuöflun sína til þess að standa undir þeim margvíslegu útgjöldum, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa haft, ekki aðeins útgjöldum, sem þau hafa sjálf ákveðið að ráðast í og óhjákvæmilega orðið sjálf að taka ákvarðanir um, heldur einnig útgjöldum, sem löggjafarvaldið hefur lagt á þessa aðila. Þess vegna hafa verið uppi raddir um það hér á þingi fyrr og síðar og margvíslegar áskoranir hafa borizt Alþ. frá þingum bæjar- og sveitarfélaganna, að það mætti ekki dragast að rétta hlut bæjar- og sveitarfélaganna, annaðhvort með þeim hætti, að þeim yrðu af löggjöfinni ákveðnir nýir og auknir tekjustofnar, miðað við það, sem verið hefur, eða þá að ríkið sjálft taki að einhverju leyti að sér þau útgjöld, sem það á undanförnum árum með löggjöf frá Alþingi hefur lagt á bæjar- og sveitarfélögin. Og ég minni á, að fyrir hv. Alþ. nú liggur frv. frá hv. 6. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen borgarstjóra, um hluta sveitarfélaga af söluskatti, og er það frv., sem nú er flutt í annað sinn og var flutt í fyrsta skipti á s. l. þingi, um það, að bæjar- og sveitarfélögin fái tiltekinn hluta af söluskatti til ríkissjóðs, meðan hann er á lagður eða svipaður skattur og hann hefur verið, og að þessi tiltekni hluti, sem bæjar- og sveitarfélögunum sé ætlaður af söluskattinum, renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaganna og síðan útdeilt á milli bæjar- og sveitarfélaganna eftir nánar tilteknum reglum. Þetta mál mun hafa verið rætt á ráðstefnum og fundum bæjarstjóra og Sambands ísl. sveitarfélaga og eiga rætur sínar að rekja til ályktana, sem þar hafa verið gerðar um þetta mál og byggzt hafa á nauðsyn sveitarfélaganna. Ég held, að hvað sem líður þeim breytingum, sem hér eru lagðar til á tekjuskattslöggjöfinni, þá verði ekki til lengdar umflúið að taka til alvarlegrar meðferðar aðstöðu bæjar- og sveitarfélaganna. Ég skal ekki fjölyrða um þetta eða hafa um þetta fleiri orð nú. Alþingi gefst aðstaða til að taka afstöðu til frv. þess, sem ég vék að áðan og flutt er af hv. 6. þm. Reykv. En þetta mál er miklu alvarlegra og meira virði en svo, að það verði afgreitt með einhverjum nánast að segja barnalegum og alvörulausum staðhæfingum um útsvarsálagningu sveitar- og bæjarfélaganna, eins og fram komu hér áðan hjá hæstv. fjmrh. Hann var hógvær í sinni ræðu fyrst í stað og talaði efnislega um þetta mál. Síðan breytti nokkuð um tón, og það var greinilegt, að þá var hæstv. ráðh. hættur að tala fyrir þingmennina, heldur var hann þá farinn að gefa tóninn fyrir Tímann, farinn að gefa tóninn varðandi það, sem ætti að koma í málgagni Framsfl. daginn eftir, og þá skipti alveg um, enda var þá hæstv. ráðh. genginn svo langt, að hann vildi leiða það af ummælum hv. 2. þm. Reykv. hér, að hann hefði í raun og veru gefið yfirlýsingu um, að það þýddi ekki að breyta skattalöggjöfinni, meðan Sjálfstfl. fengi að leika lausum hala í Reykjavík eða í stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.

Ég held nú ekki, að hæstv. fjmrh. ætti að tala svona, meðan ekki er lengra liðið frá úrslitum bæjarstjórnarkosninga hér í Reykjavík en raun ber vitni um, sem skýrt bera það með sér, að Reykvíkingar eru ekkert hræddir við að fela sjálfstæðismönnum meirihlutaaðstöðu og vaxandi áhrif og völd í stjórn sinna bæjarmálefna. Og það er algerlega úr lausu lofti gripið og strákslegur útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh. að leyfa sér að draga þær niðurstöður og ályktanir af ummælum hv. 2. þm. Reykv., sem hann gerði. En varðandi hins vegar útsvörin í Reykjavík, þá vita Reykvíkingar það, enda var það margsinnis sannað í umræðum og blaðaskrifum fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, að annars staðar á landinu eru útsvör í bæjar- og sveitarfélögum ekki lægri en hér í Reykjavík. Á þetta ekki aðeins við um það, að útsvörin séu lægri á einstaklingum eða fjölskyldum með tilsvarandi tekjur hér heldur en annars staðar á landinu, heldur og einnig hitt, að um það, sem atvinnurekstrinum hefur verið örðugast, og það eru veltuútsvörin, þá er það einnig staðreynd, að þau eru bæði og hafa verið lægri hér í Reykjavík en annars staðar, eða m. ö. o., að það hafa á undanförnum árum verið lögð lægri veltuútsvör prósentvís á hér í Reykjavík en í öðrum bæjar- og sveitarfélögum. Um þetta liggja fyrir bæði ýtarlegar skýrslur og grg., sem ekki verða hraktar.

Loksins vil ég leiðrétta nokkuð það, sem hæstv. fjmrh. talaði hér um stóreignaskattinn og skaut inn í þetta mál, en snertir í sjálfu sér ekki málið sjálft, að sjálfstæðismenn hefðu haft forgöngu um að leggja á stóreignaskattinn 1950 með lögunum um gengisbreytingu o. fl. En í því efni verða menn að hafa í huga og minnast þess, að ég man ekki betur en sá skattur kæmi þá í staðinn fyrir annan skatt, sem áður hafði verið ákvarðaður og ég held að hafi verið eignaraukaskatturinn í stjórnartíð fyrstu stjórnar Alþýðuflokksins á Íslandi, svo að forgangan að þessu leyti hafi ekki þá komið til, heldur tók þessi skattheimta við af annarri skattheimtu, sem lögfest hafði verið, en ekki var búið að framkvæma, og framkvæmd hennar féll niður. Stóreignaskatturinn á þeim tíma var þess vegna á margan hátt allt annars eðlis en sá stóreignaskattur, sem lagður var á af núverandi hæstv. ríkisstj., bæði vegna þess, að í eðli sínu tekur hann við af skatti, sem ætlaður var á eignarauknингu, sem átt hafði sér stað á stríðsárunum og upp úr stríðsárunum, á þeim tíma, sem hvað mest umrót hafði verið í efnahagslífi landsmanna, og að öðru leyti var þessi skattur í sambandi við ýmsar aðrar veigamiklar ráðstafanir í at-

vinnulífinu og efnahagslífinu, sem fyrst og fremst miðuðu að því, eins og gengisbreytingin, að skjóta stoðum undir útflutningsframleiðslu og atvinnurekstur landsmanna. Engu líku var til að jafna, þegar stóreignaskatturinn var á lagður í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. Að einu leyti enn má segja, að hann hafi þá tæplega heldur verið tímabær, vegna þess að að verulegu leyti er enn ógreiddur sá stóreignaskattur, sem lagður var á með löggjöfinni 1950 og átti víst að greiðast þá eins og nú á næstu tíu árum.

Ég vil svo að lokum um þetta mál segja, að ég geri ráð fyrir því þegar á þessu stigi málsins, að ýmis ákvæði þess séu til bóta. Það er ástæða til þess að fagna því, að hér er gerð nokkur breyting á skattlagningu hjóna, og höfum við sjálfstæðismenn borið hvað eftir annað fram tillögur um það á undanförnum þingum í ýmsu formi og þó sérstaklega og nú upp á síðkastið um það, að tekin væri upp sérsköttun hjóna. Enda þótt það sé ekki gert með þessu frv., þá kemur fram í því eða grg. þess, að það mál sé í nánari athugun, og er að vænta, að ekki líði á löngu þangað til á þessu atriði fáist verulegar breytingar frá því, sem verið hefur.

En ég lýk svo máli mínu með því að árétta það, að mál eins og þetta er eðlilegast að ræða í einstökum atriðum, eftir að það hefur fengið þá sérstöku athugun, sem því ber að fá í nefnd, og sérstaklega segi ég þetta einnig vegna þess, að málið mun koma til nefndar, sem ég á sjálfur sæti í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 261, n. 489 og 499, 490, 502).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 502. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt hefur verið til athugunar hjá fjhn. d. Liggja nú fyrir tvö nál., frá meiri og minni hl. Meiri hl. hefur skilað nál. á þskj. 489 og mælir með samþykkt frv., en einn nm., hv. 3. þm. Reykv., skrifar þó undir álitið með fyrirvara, og flytur hann nú brtt. um að fella niður þrjár fyrstu greinar frv. En meiri hl. ber fram brtt. við frv. viðkomandi skattgreiðslum hjóna, og eru þær fluttar eftir beiðni hæstv. ríkisstj. Minni hl., hv. 2. þm. Reykv. og hv. 9. landsk., hefur svo lagt fram sérálit og flytur einnig nokkrar brtt. við frv.

Vil ég nú fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv. og brtt. meiri hl.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði um skattskyldu svonefndra sameignarfélaga. Í gildandi lögum segir, að ef ekki séu fleiri en þrír félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, skuli skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga. Ef frv. verður samþykkt, verður skattgreiðslu slíkra félaga hagað þannig hér eftir, að sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, verða sérstakir skattgreiðendur. Um önnur sameignarfélög gildir það sama, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög. En hafi slík tilkynning ekki borizt firmaskrá innan ákveðins tíma, skal tekjum og eignum félags af þessari tegund skipt niður á eigendur félagsins og þær skattlagðar með öðrum tekjum og eignum þeirra.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að skattgjald allra skattskyldra félaga skuli vera hið sama, 25% af skattskyldum tekjum þeirra. Stríðsgróðaskatturinn, sem aðeins félög hafa greitt síðan 1954, á að falla niður.

Í 3. gr. frv. segir, að félög þau, er um ræðir í 3. gr. a, en það eru hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, megi draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, þó ekki meira en 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Í núgildandi lögum er ákveðið, að félög þessi megi draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ég vil nefna enn eitt atriði í frv., sem sérstaklega snertir félög. Það er ákvæði 5. gr. um, að eignarskattur félaga skuli vera 7 af þúsundi af skattskyldri eign. Þykir rétt að ákveða eignarskatt þeirra jafnan þúsundhluta af eignunum, en hverfa frá stighækkandi skatti, og er þetta í samræmi við ákvæði frv. um, að tekjuskattur verði jafn hundraðshluti af skattskyldum tekjum félaga. Áætlað er, að eignarskattur félaga eftir þessu nýja ákvæði muni nema svipaðri heildarfjárhæð og áður.

Félög hafa undanfarin 15 ár greitt tekjuskatt og stríðsgróðaskatt samkv. lagafyrirmælum frá 1942. Tekjuskattur hlutafélaga og stríðsgróðaskattur allra félaga hafa verið stighækkandi samkvæmt skattstigum, sem þá voru settir, og félög nutu aldrei þess vísitöluumreiknings á tekjum við skattaútreikning, sem í gildi var fyrir einstaklinga. Lagaákvæðin frá 1942 um skattgreiðslur félaga eru því fyrir löngu orðin úrelt, og má vel segja, að dregizt hafi lengur en skyldi að gera breytingar á þeim. En breytingar á lögum um skattgreiðslur einstaklinga voru gerðar fyrir fjórum árum, eins og kunnugt er. Eins og skýrt er frá í aths., er frv. fylgja, er ekki gert ráð fyrir, að þessi nýja skipan hafi í för með sér nokkra teljandi breytingu á tekjuskatti félaga til ríkisins í heild.

4. gr. frv. er um breytingar á tekjufrádrætti við skattaálagningu, er fiskimenn njóta. Sá sérstaki tekjufrádráttur, er sjómenn á fiskiskipum njóta auk hlífðarfatakostnaðar, er aukinn úr 500 kr. á mánuði upp í 850 kr. á mánuði. Þá segir og, að hlutaráðnir menn njóti frádráttar, þótt eigi séu þeir lögskráðir.

Í 5. gr. frv. eru ný ákvæði um eignarskatt, bæði einstaklinga og félaga. Þegar skattalögunum var breytt árið 1954, var ekki gerð breyting á eignarskattinum, en um allmörg undanfarin ár hefur skatturinn verið innheimtur með 50%

álagi. Hér er till. um nýjan eignarskattsstiga fyrir einstaklinga, en jafnframt á 50% álagið að falla niður. Ég hef áður minnzt á eignarskatt félaga.

Árið 1955 voru sett lög um samræmingu á mati fasteigna, og samkvæmt því hefur nýtt fasteignamat nú gengið í gildi. Í lögunum var svo fyrir mælt, að þegar nýja matið tæki gildi, skyldi endurskoða lagaákvæðin um eignarskatt og miða endurskoðunina við það, að eignarskatturinn hækkaði ekki almennt vegna hækkunar á fasteignamatinu. Eignarskattstiginn nýi í frvgr. er því við það miðaður, að skatturinn frá einstaklingum verði í heild svipaður og áður samkv. áætlunum, sem um það hafa verið gerðar. Svo er einnig um eignarskatt félaga samkv. frv., eins og ég hef áður vikið að.

Ákvæðin í 7. gr. frv. snerta svonefnda nýbyggingarsjóði útgerðarfyrirtækja. Upphaflega var ákveðið í lögum frá 1941 og síðar í skattalögunum 1942, að sérstök þriggja manna nefnd skyldi hafa eftirlit með því, að fylgt væri fyrirmælum laga um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóða, en síðar var með lögum nr. 50 frá 1948 ákveðið, að ríkisskattanefnd skyldi taka við verkefni þessarar sérstöku nefndar, og hefur framkvæmdin verið þannig síðan samkvæmt þessum sérstöku lögum. En hér eru ákvæðin um yfirfærslu á eftirlitinu til ríkisskattanefndar felld inn í lagagreinina, en þetta hefur vitanlega ekki í för með sér neina efnisbreytingu á gildandi lögum.

Áður hafa verið í gildi sérstök lög um lækkun tekjuskatts af lágtekjum. Ákvæði um þetta efni, sem gildi við skattaálagningu í ár, eru tekin inn í frv. í 10. gr. þess. Skattlækkunin á lágtekjunum er hér sett töluvert meiri en áður. Eru nánari skýringar á þessu í aths. um frvgr. Ég sé ekki ástæðu til að ræða að svo stöddu meira um efni frv., en vil bæta við nokkrum orðum um þær brtt., sem fram eru bornar á þskj. 489, í nál. meiri hl.

Á s. l. ári skipaði fjmrh. fimm manna nefnd til að athuga aðstöðu hjóna til skattgreiðslu og gera tillögur um það mál. Nefnd þessi samdi frv. um breytingar á skattalögunum eingöngu varðandi skattgreiðslur hjóna. Eftir að ríkisstj. hafði athugað frv., var það sent fjhn. þessarar deildar með tilmælum um, að hún tæki þær till., sem felast í frv., til flutnings sem brtt. við skattalagafrv., sem hér liggur fyrir. Flytur meiri hl. fjhn. þessar brtt. á þskj. 489. Eru þar teknar óbreyttar till. fimm manna nefndarinnar varðandi skattgreiðslur hjóna, og vil ég fara nokkrum orðum um aðalatriðin í þeim till.

Fyrst er að nefna efnisatriðin í 2. brtt. Þar segir, að ef gift kona, sem er samvistum við mann sinn, vinni fyrir skattskyldum tekjum utan heimilis og annars staðar en við fyrirtæki, sem hjónin eða börn þeirra eiga eða reka, megi draga 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattur er reiknaður af sameiginlegum tekjum hjónanna. Enn fremur segir, að þegar gift kona tekur þátt í atvinnurekstri með manni sínum, eigi þau rétt á því, að metið sé vinnuframlag konunnar og síðan dregnir 50% frá hlut hennar, áður en skattur er lagður á sameiginlegar tekjur hjónanna. Frádráttarstofninn sé þó aldrei hærri en nemur tvöföldum persónufrádrætti konunnar. Loks er í 2. brtt. ákvæði um það, að ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, megi þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, sem nemur hálfum persónufrádrætti hjóna og þriðjungi af persónufrádrætti ómaganna, þ. e. a. s. skylduómaga á heimilinu. Ákvæði hliðstæð þessu eru í gildandi lögum, en sá málsliður í 10. gr. l., sem geymir það ákvæði, er umorðaður með þessari brtt., og því er þetta ákvæði tekið hér með.

Í a-lið 3. brtt. segir, að hjón skuli bæði undirrita skattframtal. — Í b-lið þeirrar brtt. er svo ákvæði um, að ef gift kona aflar skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, sem hún og maður hennar, annaðhvort eða bæði, eða börn þeirra eiga og reka, geti hjónin krafizt þess að verða sérstakir skattgreiðendur hvort um sig. Eru ákvæði um það í málsgr., hvernig lögákveðinn frádráttur skiptist milli hjónanna, þegar þessi heimild er notuð. Þennan kost geta hjónin valið, ef þau telja hann hagfelldari en að njóta þess frádráttar á atvinnutekjum konunnar, sem heimilaður er í 1. efnismálsgr. 2. brtt. og áður er um rætt.

Þá er lagt til í niðurlagi 3. brtt., að persónufrádráttur hjóna hækki um 1000 kr. og verði sá sami og hjá einstaklingum.

Loks segir í 4. brtt., að eitt ákvæði í till. skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á næsta ári.

Till. þessum fylgir ýtarleg grg. frá höfundum þeirra, og er sú grg. prentuð með nál. meiri hl. á þskj. 489. Vísa ég til hennar til nánari skýringar á málinu.

Á undanförnum árum hefur oft verið rætt um, að breyta þyrfti lagaákvæðum um skattgreiðslur hjóna. Frv. um þetta efni hafa verið flutt á Alþingi nokkrum sinnum, þó að málið hafi ekki hlotið afgreiðslu. Ekki hafa till. í málinu allar verið á einn veg, heldur með ýmsu móti. En málinu mun einkum hafa verið hreyft vegna þess, að þátttaka kvenna í ýmiss konar launuðum störfum utan heimilanna, þar á meðal í opinberum störfum, hefur farið vaxandi á síðari tímum. Margt hefur verið rætt um málið og m. a. það, hvort það væri heppilegt eða ekki, að giftar konur ynnu mikið utan heimilanna. Á það hefur verið bent, að þjóðfélaginu mundi hollast, að húsfreyjur sinntu fyrst og fremst heimilisstörfum og uppeldi barna sinna eins og áður, en varhugavert gæti verið á ýmsan hátt, að giftar konur yfirleitt ynnu mikið utan heimila sinna, eins og nú mun tíðkast í sumum öðrum löndum. Víst vil ég taka undir þetta. En á hitt má þó jafnframt líta, að hjá mörgum giftum konum eru ástæður þannig, að ekki er óeðlilegt, að þær taki að sér störf utan heimilanna. Á það fyrst og fremst við um þær konur, sem ekki hafa börn til að annast, og er þá skiljanlegt, að þær vilji búa við svipaða aðstöðu að því er skattgreiðslu varðar eins og ógiftar konur.

Eins og ég nefndi áðan, hefur margt og mikið verið rætt um málið að undanförnu, bæði hér á þingi og utan þess. Því hefur verið haldið fram,

að vegna lagafyrirmælanna um samsköttun hjóna væri svo komið, að karl og kona, sem felldu hugi saman, létu það ógert í mörgum tilfellum að ganga í hjónaband, en byggju saman ógift. Og því hefur jafnvel verið haldið fram, að hjónaböndum væri slitið að lögum vegna skattalaganna, en hlutaðeigandi persónur byggju svo saman eftir sem áður, hefðu aðeins skilið að lögum til þess að geta orðið tveir sjálfstæðir skattgreiðendur. Ekki veit ég, hvað hæft er í slíkum sögum, en trúlegt þykir mér, að um nokkrar ýkjur hafi þar verið að ræða. Í samræmi við þetta og í framhaldi af því var svo að því vikið í ræðum þeirra, er báru fram frv. um hjónaskattsmálið hér á þingi fyrir nokkrum árum, að hér á landi fæddust tiltölulega fleiri óskilgetin börn en í nágrannalöndum okkar, og skattalögunum um kennt. Mig minnir, að því væri haldið fram og byggt á hagskýrslum, að Íslendingar hefðu a. m. k. Norðurlandamet á því sviði. Hvað sem um þetta má segja, er víst, að það er ekki nýtt í sögunni, að óskilgetin börn komi í heiminn. Það fyrirbæri er miklu eldra en skattalögin.

Í árbókum Espólíns er víða sagt frá siðferðisástandi hér á landi á þeim tímum, sem þeir annálar ná yfir, en það er alllangt tímabil. Um árið 1820 segir Jón Espólín t. d. svo: „Börn þau, er getin voru fyrir utan hjónaband, töldust fjórða og fimmta hvert. Freistuðu og margir að verða af með konur sínar, og margt gekk öfugt í þeim efnum.“ Þetta var nú fyrir tæplega 140 árum. En ekki voru skattalögin þar að verki, heldur einhverjar aðrar orsakir, og ég hef takmarkaða trú á því, að hlutfallstala óskilgetinna barna hér á landi breytist mikið, þó að þessar till. um skattgreiðslu hjóna verði lögfestar. En vitanlega geta tillögurnar átt rétt á sér fyrir því.

Margt orkar tvímælis í þessum efnum, en þó sýnist mér, að þessar till. séu miklu aðgengilegri en þær, sem áður hafa komið fram um skattgreiðslur hjóna, enda nú betur vandað til undirbúnings till. T. d. vil ég benda á það, að nú er gert ráð fyrir því, að konur, sem vinna að framleiðslustörfum eða á annan hátt að öflun skattskyldra tekna með mönnum sínum á heimilunum, njóti einnig hlunninda í þessu efni.

Ég tel því rétt að samþykkja þær till. um þetta efni, sem nú liggja fyrir, og því hef ég átt hlut að því með samnefndarmönnum mínum í meiri hl. fjhn. að bera þær fram. Annars er það svo um þessar brtt., að þær hafa í för með sér nokkuð aukna fyrirhöfn við álagningu tekjuskatts, og svo er um ýmsar þær breytingar á skattalögum, sem lögfestar hafa verið síðustu árin. Og verði haldið áfram að afla tekna í ríkissjóð með tekjuskatti, væri það áreiðanlega heppilegt, ef tækist að finna einfaldari skattareglur og aðferðir við álagningu skattsins. Þetta tel ég að þyrfti að taka til athugunar, og gæti þá svo farið, að einhverjar breytingar yrðu gerðar á þeirri byggingu, sem hér er verið að reisa, áður en langt líður, því að skattamál verða sjálfsagt oft til meðferðar á löggjafarsamkomunni. En eins og nú er ástatt, tel ég rétt að samþykkja brtt. á þskj. 489 og gera frv. svo breytt að lögum.

Frsm. minni hl. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. tók fram í sinni ræðu, hefur n. ekki orðið sammála um frv. Að vísu erum við í minni hl. n. sammála um eina aðalbreytingu frv., er snertir skattlagningu félaga. Við teljum tvímælalaust til bóta, að skattstiganum sé breytt þannig, að einn skattur sé tekinn, eins og frv. gerir ráð fyrir, 25% af framtöldum tekjum. Þetta teljum við til stórbóta, þrátt fyrir það þó að skatturinn hækki nokkuð á lægri tekjum og lágtekjufélögin þess vegna beri nokkru þyngri skatt en ella. Hins vegar er þess að gæta, að um leið og þetta er samþykkt, er afnuminn stríðsgróðaskatturinn, sem staðið hefur nú í mörg ár og hefur verið hindrun fyrir því, að nokkur stærri rekstur gæti þrifizt í landinu, vegna þess að eftir að félög komast upp í 200 þús. kr. tekjur, þá tekur ríkissjóður 90% af því, sem fram yfir er. En það er öllum ljóst, að atvinnurekstur getur ekki þrifizt hér á landi, ef ekkert atvinnufyrirtæki getur haft von um að fá — eða réttar sagt má hafa hærri en 200 þús. kr. tekjur, og af þeim tekjum á svo að taka skattgjöldin eftir skattstiganum. Ég veit það, að atvinnurekendur yfirleitt telja þessa breytingu spor í rétta átt, þó að þessi annmarki sé á því, að það þyngi nokkuð skattinn á lægri tekjum.

Ég vil nú segja, að það hefðu ekki verið sérstök útlát fyrir ríkissjóð, þó að ekki væri þyngt á lægri tekjum, um leið og þessu var breytt. Það er sýnilegt, að ríkissjóður er ekki að gefa mönnum neinar gjafir í sambandi við þessa breytingu, því að hann ætlar sér að hafa sömu tekjur af skattinum og áður var. Ég geri ráð fyrir, að ríkissjóður nái upp sínum hluta af stríðsgróðaskattinum með þessu. Hins vegar tapa bæjar- og sveitarfélögin sínum hluta af stríðsgróðaskattinum, með því að hinn gamli skattstigi fellur niður. En þá er þess að gæta, að bæjarfélögin geta, eftir að búið er að breyta skattstiganum, farið hærra upp í skattstiganum til þess að ná auknum tekjum.

Ég sagði við 1. umr. þessa máls, að þó að ég teldi þessa breytingu spor í rétta átt, þá leysti hún ekki úr því öngþveiti, sem nú er ríkjandi í sameiginlegri skattheimtu ríkis og bæjarfélaga. Vegna skorts á eðlilegum tekjustofnum er útsvarsálagning bæjarfélaganna — og á ég þar sérstaklega við veltuútsvarið — að sliga atvinnufyrirtækin. En ástæðan fyrir því er sú, að ríkissjóður hefur dregið til sín skattstofnana án þess að láta bæjarfélögunum í té leiðir til tekjuöflunar. En hins vegar hefur ríkissjóður í mörg ár — eða réttar sagt Alþingi — lagt á bæjarfélögin alls konar ný útgjöld og þyngt byrði þeirra frá ári til árs.

Hin sameiginlega skattheimta ríkis og bæja hefur færzt út í slíkar öfgar, að telja verður, að af því stafi stórhætta fyrir efnahagskerfi þjóðfélagsins. Félög og einstaklingar, sem einhvern atvinnurekstur hafa, verða að sæta slíkri ofsköttun, að fjárhagur þeirra er í bráðri hættu. Ég hef heyrt gætinn löggiltan endurskoðanda halda því fram, að 80—90% af félögum, sem standa í atvinnurekstri, séu með öfugan höfuðstól. Það vill segja, að höfuðstóllinn er horf-

inn og stöðugt gengið á varasjóðinn eða á hlutafé eða stofnfé sjálft. Þetta veldur svo því, að atvinnureksturinn verður algerlega févana. Atvinnureksturinn verður raunverulega taprekstur, þó að félögin á pappírnum sýni góða afkomu, *áður en skattar eru greiddir.*

Hinn sorglegi árangur þessarar ofsköttunar verður svo auðvitað sá, að atvinnufyrirtækin geta ekki safnað sjóðum til rekstrarins, og fjárhagur þeirra veikist ár frá ári. Hið opinbera er með ofsköttuninni að draga til sín rekstrarfé atvinnuveganna, sem hið opinbera svo notar sem eyðslufé, í staðinn fyrir að fé, er safnaðist fyrir hjá félögunum, mundi haldast í sjóðum þeirra og notfærðist sem aukið rekstrarfé. En af þessu leiðir svo að sjálfsögðu, að atvinnurekendurnir verða að knýja á lánsstofnanirnar til þess að bæta í það skarð, sem skattarnir höggva meira og meira í fjárráð þeirra. Og í rauninni er útlánaþenslan, hin mikla útlánaþensla lánsstofnananna á undangengnum árum, í beinu samhengi við sköttunina.

Ef þetta mál er athugað ofan í kjölinn, mun *koma í ljós, að efnahagskerfi þjóðarinnar* stafar stórkostleg hætta af þessu ástandi, og það er einn þátturinn í hinni sívaxandi verðbólgu, sem við þurfum að berjast við.

Ef með hinum opinberu sköttum er hindrað, að hægt sé að byggja upp atvinnufyrirtæki þjóðarinnar á heilbrigðum fjárhagslegum grundvelli, verða hér viðloðandi sífelldir fjárhagserfiðleikar og misvægi í efnahagskerfi þjóðarinnar.

Að öllu þessu athuguðu tel ég, að hæstv. fjmrh. hafi brugðizt hlutverki sínu og ég vil segja skyldu sinni, er hann lætur undir höfuð leggjast jafnframt þessu frv., sem hér liggur fyrir, að leggja fram till. um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, til þess að þeim sé gert mögulegt að breyta núverandi útsvarsálagningu sinni og þá sérstaklega veltuútsvarsins. Meðan ekki er leyst úr þeim vanda, er þessi breyting á skattalögunum, þótt í rétta átt sé, því miður til lítils gagns.

Félög atvinnurekenda í landinu telja þessa ofsköttun slíka ógnun við allan sjálfstæðan atvinnurekstur í landinu, að þau hafa beitt sér fyrir því að fá hingað kunnan erlendan sérfræðing í skattamálum til þess að segja álit sitt á skattamálum félaga hér á landi, eins og skattamálin eru hér framkvæmd. Sérfræðingur þessi, Wästhagen að nafni, er prófessor við *verzlunarháskólann í Stokkhólmi. Hann er einn* þekktasti sérfræðingur Svía í skattamálum og í miklu áliti einnig utan síns heimalands. Þessi maður hefur starfað hér um skeið, og það er nýlega komin út stutt grg. frá honum um þessi mál. Þar sem hér er um álit mjög merks manns að ræða, sem rannsakað hefur málið af þekkingu og óhlutdrægni, er lærdómsríkt fyrir Alþingi að heyra álit hans á þessum málum, og því vil ég, með leyfi forseta, lesa þessa stuttu, en athyglisverðu og lærdómsríku grg. Hún segir:

„Útsvörin eru sérlega þung á fyrirtæki, sérstaklega veltuútsvörin. Við athugun kemur í ljós, að samanlagður skattur ríkis og bæjar í ýmsum greinum í Reykjavík nemur verulega hærri upphæð en hreinar tekjur. Í vissum tilfellum nemur veltuútsvarið eitt mörgum sinnum meiri upphæð en tekjurnar. Veltuútsvar ber að *afnema og einnig eignaútsvör.* Þar sem stríðsgróðaskatturinn mun sennilega hverfa, er vart hugsanlegt að hækka útsvörin að sama skapi. Það mundi vera æskilegt, að fyrirtækin fengju útsvörin á sig lækkuð um t. d. helming frá því, sem nú er. Þá lækkun ætti að vera hægt að vinna upp að talsverðu leyti með bættu eftirliti með framtölum. Tekjusköttum ætti að breyta og leggja þá á hlutfallslega. Í stað þess frjálsræðis, sem bæjarfélögin hafa til að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum, ættu að koma fastari lagareglur. Sú till., að tekjusköttum á félög verði breytt í 25% hlutfallslegan skatt, er tvímælalaust spor í rétta átt. Einnig ætti að reyna að afnema eignarskattinn, sem varla á rétt á sér gagnvart fyrirtækjum og félögum. Skatta ríkis og bæja þarf að samræma, þannig að sömu tekjur yrðu skattlagðar í báðum tilfellunum. Einnig virðist bezt, að álagning skatta ríkis og *bæja eigi sér stað sameiginlega.* Í því skyni, að fyrirtæki hafi möguleika á því að hafa nægilegt fjármagn til að endurnýja byggingar og vélar og hafa nægilegt vörumagn o. s. frv., verður að sjá um það, að nettótekjur séu reiknaðar eftir grundvallarreglum, sem komi í veg fyrir, að gervitekjur séu skattlagðar. Æskilegt er, að fyrirtæki fái að afskrifa byggingar og vélar á því verði, sem endurnýjun mundi kosta, og í því sambandi ætti að vera hægt að styðjast við vísitölu vegna verðhækkana. Óbreyttar vörubirgðir ætti einnig að meta á föstu verði burt séð frá verðhækkuninni. Sú regla, sem ríkt hefur, að meta birgðirnar á því verðlagi, sem er á hverjum tíma og er stöðugt hækkandi, gefur ekki fyrirtækinu möguleika til þess að viðhalda raunverulegum mætti fjármagnsins.“

Þetta er einmitt það, sem er að gerast hér í dag.

„Sú regla, sem gilt hefur á Íslandi sem og í Danmörku og Noregi, að fríhlutabréf skuli skattleggja sem tekjur, verður að álítast úrelt. Fríhlutabréfin eru út af fyrir sig ekkert verðmæti fyrir hluthafana, þeir fá aðeins staðfestingu á því, að þeir eigi það, sem þeir eiga í fyrirtækinu. Aðeins ef hluthafarnir hafa fengið meiri arð en áður, geta hin nýju hlutabréf orðið verðmætaaukning fyrir hluthafana. En þeir verða þá að greiða tekjuskatt af hinum hækkaða arði, sem *úthlutað er, og skattlagning á hlutabréfin sjálf* og einnig hinn hækkaða arð verður þar af leiðandi tvísköttun á sömu tekjur. Í Svíþjóð eru fríhlutabréf ekki skattlögð sem tekjur. Ef skattlagningin væri endurskoðuð hvað þetta snertir, mundu fyrirtækin fá betri möguleika til að samræma hlutafé núverandi peningagildi, og það mundi þá einnig verða auðveldara að útvega nýtt fjármagn með útgáfu nýrra hlutabréfa.

Óski menn þess, að hlutafélög og sameignarfélög, kaupfélög og ríkis- og bæjarfyrirtæki heyi frjálsa samkeppni sín á milli, verður skattlagning allra þessara félagsforma að fara fram eftir

sams konar reglum, svo að möguleikarnir til samkeppni raskist ekki vegna skattaákvæða. Skattaeftirlitið þarf að bæta, svo að hinar skattskyldu tekjur verði skattlagðar á raunhæfan hátt. Til athugunar kemur, hvort öll fyrirtæki á Íslandi eigi ekki að skattleggjast af einu og sama skattyfirvaldi með sérfróðum mönnum, og það mundi einnig hafa þann kost í för með sér fyrir skattþegnana, að niðurjöfnun skatta mundi ekki vera eins tilviljun háð eins og nú virðist vera. Einnig bæri að athuga, hvort ekki væri rétt að sameina skattlagninguna á sama hátt að því er varðar smærri atvinnurekendur."

Og að lokum segir hann:

„Við alla skattlagningu á fyrirtæki verður að hlíta þeim grundvallarreglum, að fyrirtækin fái að halda nægilegu fjármagni til þess að auka framleiðni sína. Menn verða að gera sér ljóst, að framleiðniaukning er eina leiðin til þess að auka kaupmátt launa og bæta lífskjör þjóðarinnar."

Þetta segir þessi erlendi og óhlutdrægi maður, eftir að hann hefur athugað skattamálin hér á landi, eins og þau eru nú. Þetta álit sýnir, hversu róttækar breytingar hann álítur að gera þurfi, til þess að skattamálin hafi ekki beinlínis skaðleg áhrif á efnahags- og atvinnukerfi þjóðfélagsins.

Í sambandi við veltuútsvörin vil ég geta þess, að hér fyrir þinginu liggja nú tvö frv. til þess að bæta úr því öngþveiti, sem veltuútsvörin hafa skapað. Annað frv. er um það, að bæjarfélögin fái hluta af söluskatti. Hitt er um það að leggja veltuútsvar á atvinnurekendur, sem þeir mega taka til greina í verðreikningum sínum. Bæði þessi frv. eða hvort um sig getur bætt úr því ástandi, sem nú ríkir í þessum málum, ef þingið vill samþykkja þessar leiðir.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um þær brtt., sem ég og hv. 9. landsk. (ÓB) höfum borið fram við frv. Ég skal geta þess, að hv. 9. landsk. mun sérstaklega gera grein fyrir brtt. um sérsköttun hjóna. Ég skal einnig geta þess, að till. í sambandi við uppfærslu á hlutafé hlutafélaga og annarra félaga er borin fram fyrir tilmæli félagasamtaka atvinnurekenda hér í Reykjavík.

Við berum fram brtt. við 3. gr. Þar segir svo, að félög þau, er ræðir um í 3. gr. a, megi draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, þó ekki meira en 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Í núgildandi lögum mega félögin draga 5% frá tekjum sínum til arðgreiðslu, en það eru ekki settar neinar kvaðir á þessa arðgreiðslu. Hana má draga frá skatti, hvort sem hún kemur til útborgunar eða er sett í sjóði félaganna. Við erum á móti því, að þessari grundvallarreglu sé breytt. Hér er verið að breyta 5% í 8%, sem er ekki nema eðlileg breyting, sökum þess að 8% er nú ekki lengur nema almennir vextir af fé, og þegar 5% voru sett inn í lögin, þá var einnig miðað við almenna vexti. Þess vegna finnst okkur, að það sé ekki rétt að setja þá kvöð, að félögin megi ekki draga frá þessi 8%, nema því aðeins að arðurinn sé útborgaður. Í fyrra tilfellinu greiðir að vísu hluthafinn skatt af þeirri arðgreiðslu, sem hann fær, en í síðara tilfellinu gengur arðurinn til þess að byggja upp fyrirtækið fjárhagslega og á því að okkar áliti fyllilega jafnmikinn rétt á sér eins og þó að arðurinn sé útborgaður og ríkissjóður geti vænzt að fá eitthvað lítils háttar af sköttum í sambandi við þá greiðslu.

Þá berum við fram brtt. við 5. gr. frv. um skatt af eignum. Samkvæmt 10. gr. l. nr. 33 frá 1955 er mælt svo fyrir, að endurskoða skuli gildandi lagaákvæði um eignarskatt og miðist endurskoðunin við, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunarinnar. Hér er sagt, að skattarnir eigi ekki að hækka almennt, en þeir, sem sömdu frv., virðast hafa haldið sér við það sjónarmið, að ríkissjóður tæki ekki í heild hærri fjárhæð til sín en áður. Ég vil nú segja, að ekki eigi að skilja þetta ákvæði þannig. Ef sagt er, að skatturinn hækki ekki almennt, þá þýðir það ekki það eitt, að tekjurnar, sem ríkissjóður hefur af skattinum, séu hinar sömu og áður. Það hlýtur öllum að vera ljóst, sem líta á þennan nýja skattstiga og bera hann saman við þann eldri, að skattstiginn er ekki þannig myndaður, að hann haldi almennt óbreyttum skatti. Í skattstiganum er lítið eða ekkert tillit tekið til þeirrar gífurlegu hækkunar á fasteignum, sem orðið hefur við hið nýja fasteignamat, þar sem hið gamla fasteignamat er fimmfaldað. Ef þessi skattstigi verður samþykktur, þá er ekki neinn vafi á því, að þeir einstaklingar, sem eiga eignir sínar aðallega í fasteignum, verða að greiða miklu þyngri skatt en áður var. Brtt. okkar kemst því miklu nær því að fullnægja ákvæðum laganna frá 1955 en sá skattstigi, sem í frv. er.

Þá höfum við einnig borið fram brtt. við 4. gr. í sambandi við skattgreiðslu sjómanna. Fyrir þinginu liggur frv. flutt af sjálfstæðismönnum, þar sem þeir leggja til, að sjómenn verði skattfrjálsir. Ákvæði í þessu frv. ganga of skammt, þótt þau séu nokkur bót fyrir sjómenn. En sú breyting lagfærir ekki það, sem mest fer aflaga. Það þarf að búa svo í haginn fyrir sjómanninn, að hann af fjárhagslegum ástæðum telji sér hag í því að vinna á skipunum.

Nú er fiskifloti Íslendinga gerður út að ⅓ hluta með erlendum sjómönnum. Íslenzku sjómennirnir hafa gengið í land, vegna þess að þeir hafa fengið betur borgaða atvinnu annars staðar. Við höfum getað haldið úti flotanum með aðstoð erlendra sjómanna, vegna þess að þeir eru nægjusamari. En einmitt af þessari ástæðu er enn meiri og ríkari ástæða til þess að létta svo sköttum af atvinnutekjum sjómanna, að þeir sjái sér hag í því að stunda sjómennskuna. Auk þess er starf sjómannanna erfiðara og hættulegra en starf nokkurra annarra stétta í þjóðfélaginu. Þeirra starf hefur því algera sérstöðu, og þess vegna er ekki óeðlilegt, að þeir njóti líka algerrar sérstöðu hvað skattamál snertir. Skattfrelsið er kannske eina leiðin, sem hægt er að fara nú til þess að gera hlut sjómannanna betri og um leið fá fleiri Íslendinga til þess að stunda sjómennskuna.

Við leggjum einnig við sömu gr. fram brtt. um skattfrelsi gjafafjár. Það tíðkast nú í mörgum löndum, að gjafir, sem renna til menningar- og mannúðarmála, séu skattfrjálsar að vissu marki. T. d. hefur í Bandaríkjunum verið um langt

skeið undanþága í skattalögum til þess að mega leggja 20% af brúttótekjum til mannúðarmála, og er sú upphæð undanþegin skatti. Gjafir þessar renna að mestu leyti til málefna, sem ríkið sjálft í flestum tilfellum verður eða þarf að sjá farborða. Það, sem gerist í þessu efni, er, að skattgreiðandinn gefur nokkurn hluta af sínum tekjum gegn því, að ríkið láti niður falla kvöð sína um skattlagningu á hinn helminginn. Þetta er eðlileg heimild, sem á að komast í lög og kemst í skattalög, þó að hún verði ekki samþykkt nú. Þetta er heimild, sem mörgu góðu getur komið til leiðar.

Síðasta brtt. okkar við lögin er um uppfærslu hlutafjár. Eins og ég hef þegar getið um, þá er þessi till. borin fram eftir beinni málaleitun frá félagasamtökum atvinnurekenda. Nálega tveggja áratuga verðbólga hefur gert hlutafé flestra félaga, sem stofnuð voru fyrir 1940 eða jafnvel í stríðinu, mjög lítils virði. Hins vegar eiga mörg félög eignir, sem eðlilegt er að þeim verði heimilt að taka inn sem stofnfé til lagfæringar á verðbólgurýrnun hlutafjárins. Þetta mundi og leiðrétta höfuðstólsreikning félaganna, sem — eins og ég tók fram áðan — er þegar ófugur hjá fjölda félaga, er hafa orðið fyrir barðinu á opinberri skattheimtu. Í þessu sambandi er nauðsynlegt, að bréf, sem gefin eru út fyrir slíkri hækkun, séu skattfrjáls, þ. e. a. s. að ekki þurfi að greiða skatt af þeirri breytingu, sem þannig er gerð. Hins vegar er það að sjálfsögðu ófrávíkjanlegt skilyrði, að eignir standi á bak við uppfærslu hlutafjárins. Á annan hátt getur slík uppfærsla ekki gengið fyrir sig.

Í löndum, þar sem verðbólga hefur verið að verki í ríkara mæli en hér, hafa félög getað uppfært hlutafé sitt í samræmi við verðmæti véla og fasteigna, sem félögin eiga. Í löndum, þar sem gjaldeyririnn hefur hrunið og milljónin er orðin að engu, verður hin gamla hlutafjárskráning félaganna næsta hlægileg, þegar hlutafé á þann hátt er komið niður í nokkrar krónur. Þess vegna hefur verið nauðsynlegt að gera þessa breytingu. Þótt okkar gjaldeyrir hafi ekki hrunið jafnmikið og í sumum öðrum löndum, þar sem gjaldeyririnn hefur orðið svo að segja að engu, þá er mikil og rík ástæða fyrir því, að slík heimild sem þessi sé gefin fyrir félögin til þess að breyta hlutafé sínu og stofnfé í sambandi við núverandi eignir þeirra.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þegar skattamál eru hér til umr., vil ég fyrst lýsa þeirri skoðun minni, að ég álít, að okkar skattakerfi í heild sé sjúkt og það þurfi róttækrar endurskoðunar við. Slík endurskoðun þyrfti að fara fram bæði með aðstoð sérfróðra manna á hinu svo mjög flókna sviði hagmálanna sem skattamálin eru, auk þess sem einnig þyrfti að koma til praktísk þekking á þessum málum. Meðan slík heildarendurskoðun á skattakerfinu hefur ekki farið fram, eru allar till. til úrbóta á helztu vankköntum þess að mínu áliti bót, sem sett er á ónýtt fat, og þess vegna varla til frambúðar. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða hér skattamál almennt, það eru önnur stærri mál, sem hv. þm. hafa nú að sinna, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að eyða tíma hv. þdm. í slíkt. En eins og hv. frsm. minni hl., hv. 2. þm. Reykv., tók fram, þá höfðum við skipt þannig með okkur verkum, að ég mælti nokkuð fyrir einni brtt., sem við höfum flutt, nefnilega till. um skattamál hjóna.

Þessi mál hafa verið mjög til umr. á opinberum vettvangi að undanförnu. Grundvallarorsök þessa vandamáls er að mínu áliti hin mikla stighækkun á tekjuskattinum, sem nú er orðin og hefur verið að undanförnu. Það er auðvitað atriði, sem um má deila, hvort skattstigarnir eigi að vera stighækkandi. Hvað snertir félagaskatt, þá er afstaða okkar minnihlutamanna, eins og þegar hefur komið fram í ræðu hv. frsm. minni hl., sú, að við teljum það ákvæði til bóta að gera hlutafélagaskattinn hlutfallslegan í stað þess að vera stighækkandi, eins og hann er nú. Það er að mínu áliti ekki hægt að koma auga á neinn skynsamlegan grundvöll fyrir því, að skattur á félögum sé stighækkandi, enda mun það mjög óvíða tíðkast á erlendum vettvangi, og að því leyti sem það kann að vera tilfellið í einstökum löndum, þá er stighækkunin til mikilla muna minni en hér hefur verið hingað til, þannig að þá till. styðjum við, svo langt sem hún nær.

Hvað aftur á móti snertir skatta einstaklinga, þá tel ég, að mikilvæg rök megi færa fyrir því, að slíkur skattur sé að nokkru leyti stighækkandi. Það má með sanni segja, að krónan, sem fer til að fullnægja þörfum hinna efnuðustu fyrir munað, sé þjóðfélaginu minna virði en sú króna, sem fer til þess að seðja börn fátæka mannsins, þannig að skynsamleg rök má færa fyrir því, að hvað einstaklinga snertir eigi skatturinn að vera stighækkandi. Annað mál er það, að sú stighækkun tekjuskattsins, sem nú er, er komin út í fullkomnar öfgar. Þegar þannig er komið, að menn, sem hafa sæmilegar tekjur, verða að greiða 3 kr. af hverjum 4, sem þeir vinna sér inn, í tekjuskatt til ríkis og bæjarfélaga, þá hlýtur það að draga mjög verulega úr hvöt manna til þess að afla sér tekna. Sérstaklega hefur þetta auðvitað gengið út yfir hjón, þar sem konan hefur unnið úti, því þó að ekki sé um mjög háar tekjur að ræða hjá hvorum aðilanum fyrir sig, þá er það svo, að þegar þetta kemur saman, þá verður stighækkunin geysilega mikil, þannig að þetta atriði, hve stighækkun tekjuskattsins er komin út í miklar öfgar, er grundvallarástæðan fyrir því vandamáli, sem hér er um að ræða.

Varðandi þróun þessara mála má aðeins benda á það, að þegar það var ákveðið á sínum tíma árið 1942 að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem verið hafði til þess tíma, að draga útsvar og skatt frá tekjum, en lækka skattstigann tilsvarandi, þá voru margir svartsýnir á það, að þótt ekkert væri í sjálfu sér við þetta að athuga, þá mundi fljótlega sækja í sama horfið aftur, þannig að það yrði að hækka skattstigann að nýju, eftir að þessi breyting væri gerð. Þá var hámark skattstigans, eftir því sem ég man bezt, lækkað úr 40% niður í 22%. Nú hefur farið þannig, að það hefur komið á daginn, að þessir svartsýnu menn höfðu á réttu að standa. Skömmu eftir

þetta voru lagðir á ýmiss konar viðbótarskattar, eins og tekjuskattsviðauki eða hvað það nú hét, stríðsgróðaskattur o. s. frv. Til þess að gera skattkerfið nokkru einfaldara var þessu svo breytt árið 1954, en þá varð niðurstaðan sú, að skattstiginn á hæstu tekjur til ríkisins var aftur settur upp í 40%, eða það sama og verið hafði, áður en breytingin var gerð árið 1942.

Þær till., sem hér liggja fyrir frá hv. meiri hl. fjhn., ráða auðvitað á þessu verulega bót hvað snertir þær konur, sem vinna úti. Frá því hefur verið skýrt, og þarf ekki að rekja það nánar. En að áliti okkar, sem í minni hl. erum, gengur þessi till. of skammt. Það er að vísu ráðin nokkur bót á þessu vandamáli og veruleg bót hvað snertir konur, sem vinna úti. Fyrir hinu má ekki loka augunum, að þau hjón, þar sem konan sinnir heimilisstörfum, bera byrði skattstigans að fullu eftir sem áður, þannig að þarna verður um að ræða verulegt misræmi hvað snertir aðstöðu þeirra hjóna, þar sem konan vinnur úti og þar sem svo er ekki. Nú er það þannig í gildandi skattalögum, að kona, sem vinnur úti, fær að nokkru frádrátt fyrir kostnaði, sem hún hefur vegna barna sinna utan heimilis. Þar að auki mundu þessar konur nú fá dregið frá skattskyldum tekjum helming þess, sem þær vinna sér inn. Þetta er auðvitað verulega til bóta hvað þær snertir. Aftur á móti ef konan sinnir heimilisstörfum, þá njóta þau heimili hvorugrar þeirra ívilnana, sem hér er um að ræða. Ég endurtek það, að ég tel það út af fyrir sig til bóta, að réttur er þannig hlutur þeirra kvenna, sem vinna úti. Það hefur verið bent á það með réttu, að einmitt þessi mikla skattlagning á heimili, sem þannig stendur á um, verði til þess, að þjóðfélaginu nýtast verr kraftar sérmenntaðra kvenna, sem eru giftar, þar eð vegna skattaálagnanna telja þær ekki borga sig að vinna úti, og auk þess má vera, að eitthvað sé um það, að fólk, sem býr saman, sjái sér ekki fært að ganga í hjónaband vegna skattaálagnanna. Það sjá allir, að hvort tveggja þetta er óheilbrigt og úrbóta er þörf. Hins vegar hefur almennt verið litið þannig á, að hið eðlilega starfssvið konunnar sé undir flestum kringumstæðum heimilisstörfin og það sé óeðlilegt, að þau heimili, þar sem svo háttar til um, verði miklu verr sett hvað skattaálögur snertir heldur en önnur heimili. Þess vegna leggjum við til, að úr því að á annað borð er farið út í að leiðrétta það misrétti, sem hér er um að ræða, sem út af fyrir sig er lofsvert, þá verði þetta skref tekið að fullu og hjón, þar sem konan vinnur að heimilisstörfum, fái þá skattaívilnun, að tekjum þeirra skuli skipt til helminga og reiknaður skuli skattur af hvorum helmingi um sig. Til þess að vega að nokkru á móti þeim tekjumissi, sem ríkissjóður og aðrir opinberir aðilar mundu verða fyrir af þessum sökum, þá leggjum við til, að persónufrádráttur fyrir hjón sé lækkaður nokkuð frá því, sem nú er, enda er tilfellið það, að ef ekki væri um þessa miklu stighækkun skattstigans að ræða, þá væri það að mínu áliti sanngjarnt, því að það er hlutfallslega ódýrara að lifa fyrir hjón, sem saman búa, heldur en einn einstakling. Annað mál er svo það, að persónufrádrátturinn í heild er of lágur, en það atriði höfum við ekki séð okkur fært að taka almennt til meðferðar. Hins vegar vil ég taka það fram í sambandi við þessa brtt. okkar, að verði hún felld, þá munum við styðja þær till., sem hv. meiri hl. hefur borið fram um sköttun hjóna. Enn fremur vil ég vekja athygli á því, að verði aðalatriðið í till. okkar, a-liður í brtt. 3 á þskj. 502, fellt, þá munum við að sjálfsögðu taka aftur b-liðinn, því að þessi lækkun á persónufrádrættinum, sem við leggjum hér til, er auðvitað bundin við það, að heimildin til þess að skipta tekjum hjóna til helminga verði að lögum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á skattalögunum, er vandasamt mál og viðkvæmt og talsvert flókið og tæpast þess að vænta, að hv. þm., sem eru utan n. eða hafa ekki sérstaklega sett sig inn í það, geti fylgzt með öllum hliðum þess.

Við 1. umr. þessa máls talaði ég nokkuð um skattamálin almennt og mínar skoðanir á þessu frv. og þeim málum og skal ekkert ítreka af því, sem ég sagði þá, en halda mig við það sjálfsagða sjónarmið, sem ætlazt er til við 2. umr., að tala um einstök atriði. Og það, sem ég ætla mér einkum að gera að umtalsefni hér, er 5. gr. þessa frv., sem fjallar um eignarskatt. Í athugasemd við frv. frá hæstv. fjmrh. segir svo um þessa grein:

„Í 10. gr. l. nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, segir m. a., að þegar hið nýja fasteignamat samkvæmt lögunum taki gildi, skuli endurskoða gildandi lagaákvæði um eignarskatt og miðist sú endurskoðun við það, að skatturinn hækki ekki almennt vegna hækkunar á fasteignamatinu."

Þetta er rétt uppfært. En svo segir:

„Þessi endurskoðun hefur nú farið fram, og mun eignarskattsstigi sá, er greinir í 1. tölul. þessarar gr., gefa mjög svipaðan heildarskatt frá einstaklingum og gildandi eignarskattsstigi, þó sennilega heldur lægri."

Þegar hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessu frv. í byrjun við 1. umr., þá segir hann á þessa leið um 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Loks vil ég minna á, að í frv. eru ný ákvæði um eignarskatt. Þegar ákveðið var að gera nýtt fasteignamat, þá var um leið sett í þau lög, að breyta skyldi sköttunum þannig, að skattbyrðin í heild ykist ekki við það, að fasteignamatinu hefur verið breytt. Og í samræmi við þetta er hér till. um eignarskattinn, þar sem skattstiganum er breytt þannig, að gert er ráð fyrir því, að hann nemi í heild til ríkisins jafnmiklu og áður þrátt fyrir hækkun fasteignamatsins, skattbyrðin í heild sé ekki aukin vegna þeirra breytinga. Verður þá nýja fasteignamatið aðeins til þess að auka samræmi í því, hvernig eignarskatturinn kemur niður, frá því, sem áður hefur verið."

Í framsöguræðu sinni hér áðan sagði hv. þm. V-Húnv.:

„Eignarskatturinn samkvæmt frv. er við það miðaður, að skatturinn í heild verði ekki hærri vegna hækkunar matsins."

Nú er það svo, að þeir hv. þm., sem ekki þekkja mikið aðferðir þessara tveggja manna, gætu freistazt til þess að halda, að hér væri rétt með farið. En við, sem þekkjum þá betur og vitum, hve mikla tilhneigingu og ríka þeir hafa til að fara með blekkingar og færa fram röng atriði, getum vissulega ekki treyst því og allra sízt í skattamálum, að með það, sem frá þeim kemur, sé rétt farið. Ég fór því í það að gera nokkra athugun á því, hvernig þetta kæmi út, og er þó með *litilli* fyrirhöfn ekki mögulegt að rannsaka það til hlítar. En um sum atriði er þó fljótlegt að segja til um, hvernig útkoman verður, og ég skal nú fara hér með nokkrar tölur. Þó að kannske hv. þm. gangi illa að fylgjast með því, þá eru þær svo eftirtektarverðar, að það er vissulega ástæða til að nefna þær. Og minn samanburður miðast við fasteignir eingöngu, ef þær væru skattlagðar alveg sérstaklega og maður miðaði við skuldlausa fasteign.

Ef við hefðum fasteign, sem var 20 þús. kr., áður en breytingin á fasteignamatinu fór fram, þá var reiknaður skattur á hana skv. 14. gr. laga nr. 46 frá 14. apríl 1954 25 kr. Ef þessi fasteign væri í Reykjavík, þá yrði hún sett upp í 100 þús. kr., og samkv. þessu frv. yrði eignarskattur á hana 345 kr. Það er nú hvorki meira né minna. Ef þessi sama fasteign væri jörð, t. d. í Árnessýslu, þar sem fasteignamatið er hækkað um 220%, þá er hún nú metin á 64 þús., og eignarskattur á hana þar yrði 153 kr. Ef fasteignin væri í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslu, þar sem fasteignamatið var hækkað um 130%, þá mundi hún vera 46 þús. kr. nú og eignarskattur á hana 93 kr., m. ö. o.: hann færi á þessa eign í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu úr 25 kr. upp í 93.

Ef við tökum eign, sem var metin á 30 þús. kr. áður, þá hefði eignarskattur á hana verið skv. lögunum 45 kr. Væri hún í Reykjavík, þá væri matið á henni nú 150 þús. kr. og eignarskatturinn á hana 720 kr., úr 45 kr. í 720 kr. Væri þessi sama fasteign í Árnessýslu, þá væri hún nú metin á 96 þús. kr. og eignarskattur á hana 321 kr. í staðinn fyrir 45. Væri hún í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslu, þá væri hún nú metin á 69 þús. og eignarskattur á hana 175 kr. í staðinn fyrir 45.

Þess skal getið, að í þessum tölum er eignarskattsstiginn í heild skv. frv. þó heldur lægri en skv. gildandi lögum. En þegar þar kemur yfir, þá fer það að breytast, þá er eignarskattsstiginn hækkaður, ekki einasta það, að hann sé hækkaður alveg að fullu í samræmi við hækkun fasteignamatsins, heldur er farið þar umfram. Og skal ég nú lesa hér nokkrar tölur þessu til staðfestingar.

Ef við höfum eign, sem var 40 þús. eftir gamla matinu, þá var eignarskattur á hana 75 kr. Væri hún í Reykjavík, þá væri hún nú metin á 200 þús. kr. og eignarskattur á hana skv. þessu frv. 1170 kr. Væri hún í Árnessýslu, þá væri hún nú metin á 128 þús. kr. og eignarskattur á hana þar 560 kr. í staðinn fyrir 75. Væri hún í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslu, þá væri hún nú metin á 92 þús. kr. og eignarskattur á hana 297 kr.

Ef við hefðum fasteign, sem áður var 50 þús. kr., þá hefði eignarskattur á hana verið skv. gömlu lögunum 115 kr. Væri hún í Reykjavík, þá væri hún nú metin á 250 þús. kr. og eignarskatturinn 1695 kr. í staðinn fyrir 115. Eignarskatturinn á þessa eign er sem sagt töluvert meira en tífaldaður skv. þessu frv. frá eldri lögum. Væri þessi eign í Árnessýslu, þá væri hún nú metin á 160 þús. kr. og eignarskattur á hana 810 kr. í staðinn fyrir 115. Væri hún í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslu, þá væri hún nú metin á 115 þús. kr. og eignarskattur á hana skv. frv. 457.50 kr.

Ef við tökum fasteign, sem áður var 60 þús. kr., þá hefði á hana verið eignarskattur 165 kr. Ef hún væri í Reykjavík, þá væri hún nú metin á 300 þús. kr. og eignarskattur á hana 2290 kr. Væri hún í Árnessýslu, þá væri hún metin á 192 þús. kr. og eignarskattur á hana 1098 kr. Væri hún í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslu, þá væri hún nú metin á 138 þús. kr. og eignarskattur á hana 630 kr. í staðinn fyrir 165.

Ef við tökum svo fasteignir, sem hefðu samtals verið 100 þús. kr. eftir gömlu mati, — það eru tiltölulega fáar fasteignir, sem voru svo hátt metnar eftir gamla fasteignamatinu, en það geta þá verið fleiri fasteignir saman, — þá er eignarskattur á 100 þús. kr. 390 kr. Ef þessi fasteign væri í Reykjavík, þá væri hún nú metin á ½ millj. eða 500 þús. kr. og eignarskattur á hana samkvæmt þessu frv. 4320 kr. í staðinn fyrir 390 kr. Ef hún væri í Árnessýslu, væri hún nú metin á 340 þús. kr. og eignarskatturinn á hana 2640 kr. Væri hún í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslu, þá mundu þessar eignir vera 230 þús. kr. og eignarskatturinn 1485 kr. í staðinn fyrir 390.

Nú skal ég ítreka það, sem ég tók fram í upphafi, að þetta er miðað við fasteignir út af fyrir sig og gert ráð fyrir því, að eignarskatturinn breytist frá því, sem áður var í lögum, og samkvæmt þessu frv. En með því er náttúrlega ekki nema hálfsögð sagan, vegna þess að flestir menn, sem komast í eignarskatt og eiga fasteignir, eiga einhverjar aðrar eignir, og hækkun fasteignamatsins verður þess vegna til þess að koma ofan á aðrar eignir og færa eignina alla í hærri skattstiga en ella hefði verið.

Í öðru lagi er svo það, sem ekki er hægt að reikna út almennt og alls ekki nema fyrir hverja einstaka fasteign, að samkv. nýja fasteignamatinu hækkar grunnverð á flestum jörðum í landinu talsvert, áður en hækkunarprósentunni er bætt við, vegna umbóta, húsabygginga og jarðabóta, sem á jörðunum hafa verið gerðar. Allt þetta miðar þess vegna að því, að samkv. þessu frv. eru ákv. 10. gr. l. frá 1955, um samræmingu á fasteignamatinu, ekki einasta gersamlega svikin, heldur miklu meira en það, og þetta ætlar svo hæstv. fjmrh. og hv. fjhn. að fóðra með því að setja það inn í l., að af eignum undir 30 þús. kr. skuli ekki borga neinn eignarskatt. Og það er náttúrlega töluverður hluti af eignum, sem eru undir 30 þús. kr. og eru skv. þessu frv. gerðar skattfrjálsar. En samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef hér gefið og eru náttúrlega mjög takmarkaðar, þó að þær séu sannanlegar með frv. og lögum, svo langt sem þær ná, kemur í ljós, að hér er um að ræða gífurlega hækkun á

eignarskatti yfirleitt hjá öllum þeim skattgreiðendum, sem eiga skattskyldar eignir yfir 30 þús. kr.

Sú brtt., sem hér hefur verið flutt af hv. minni hl. fjhn., mundi gera á þessu nokkra bót frá því, sem í frv. er. En ég er ekki viss um, að allir hv. þm., sem annars vilja hafa á þessu löglegan hátt og standa við það, sem í l. stóð varðandi þessi efni, felli sig við t. d. það, að allar eignir, sem eru undir 100 þús. kr., séu skattfrjálsar. Ég skal ekki segja um það. Ég náttúrlega mundi greiða þeirri till. atkv. heldur en hafa þessi gífurlegu svik og blekkingar, sem hér er haft í frammi varðandi þetta mál og kemur fram í þessu frv., sem er einhver sú grófasta blekking, sem ég hef nokkurn tíma orðið var við, og eru þó mörg dæmin ljót.

Nú skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð, en vildi segja rétt örfá orð að lokum um þá deilu, sem verið hefur og er um skattskyldu hjóna. Ég sé það strax í hendi minni, að þær brtt., sem fluttar eru hér af hv. meiri hl. fjhn., gera mikla bót í þessu efni frá því, sem verið hefur. En ég felli mig engan veginn við, að það sé gerður réttindamunur á þeim giftu konum, sem vinna utan heimilis, og hinum, sem vinna alla daga heima á sínu heimili og að sínu barnauppeldi og sínu búi. Ég felli mig engan veginn við það t. d., að sveitakonurnar, sem ég hygg að vinni erfiðara verk almennt en nokkur önnur stétt í þessu þjóðfélagi, séu gerðar að þessu leyti réttminni en konur, sem vinna á skrifstofum í kauptúnum og kaupstöðum okkar lands. Það virðist nú vera nokkurn veginn nóg það ranglæti, sem sveitakonunum er sýnt með hinum frábæra og furðulega verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, þar sem gert er ráð fyrir því, að sú vinna, sem þær inna af hendi á heimilunum, sé ekki greidd neitt og þær eiga að vinna fyrir ekki neitt að sínu búi, fyrir utan það, sem í mjög mörgum tilfellum mun svo, að það er nokkurn veginn víst, að bóndinn sjálfur, þó að það sé til þess ætlazt, að hann eigi að hafa tekjur á við verkamenn, þá mun vera svo að því búið, að það er nokkuð víða, sem það ekki tekst. Ég held þess vegna, að það væri í þessu máli langeinfaldast og eðlilegast að samþykkja þá brtt., sem minni hl. hv. fjhn. hefur lagt hér fram, og gera það að aðalreglu, að skattskyldum tekjum hjóna sé skipt undir öllum kringumstæðum í tvo hluta og þær skattlagðar til tekjuskatts hvort í sínu lagi. Annars er það eins og ég tók fram hér við 1. umr., að þetta mál væri út úr heiminum sem deilumál, ef það væri farið inn á þá leið, sem réttlátust væri, að afnema stighækkun á skattlagningu tekna einstaklinga, eins og ætti að vera, en er mjög fjarri því að vera samkv. lögum og samkv. því frv., sem hér liggur fyrir.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. 10. des. s. l. flutti ég ásamt hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) og hv. þm. Ísaf. (KJJ) frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Daginn eftir að frv. var flutt fram hér í deildinni, var því vísað til fjhn. þessarar hv. deildar, en í marzmánuði s. l. kvaddi ég mér hljóðs hér utan dagskrár og það um aðstoð hæstv. forseta til þess, að frv. okkar yrði afgr. frá fjhn. Þrátt fyrir það, þó að þetta frv. sé búið að vera í vörzlum fjhn. til umsagnar á sjötta mánuð, fær það ekki enn að sjá dagsins ljós. Nú er hér í dag á dagskrá frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, sem hæstv. ríkisstj. hefur fært fram, og sé ég, að minni hl. fjhn., þeir hv. 2. þm. Reykv. og hv. 9. landsk., hefur flutt brtt. við það frv. og fært þar fram það ákvæði, sem ég ásamt tveim öðrum hv. þm. flutti í mínu frv., að kaup skipverja, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip yfir lengri eða skemmri tíma á skattárinu, skuli vera undanþegið tekjuskatti.

Það er sem betur fer ákaflega óvenjulegt og verður að teljast vítavert, að maður skuli ekki fá frv. sín afgr. úr n. og það þrátt fyrir það þótt hæstv. forseti reyni að leggja áherzlu á, að n. sinni þeim skyldum sínum að afgr. þau frv. og till. frá sér, sem vísað er til þeirra til umsagnar.

Ég vil þakka hv. minni hl. fjhn. fyrir að hafa tekið þessar till., sem ég ásamt tveim öðrum hv. þm. flutti um breytingu á tekju- og eignarskattslöggjöfinni, inn í sínar brtt. við frv. hæstv. ríkisstj., því að það er víst einasta vonin til þess að fá þetta frv. okkar þremenninganna eða brtt. fram aftur hér í hv. deild.

Ég geri mér miklar vonir um, að þrátt fyrir það að þeir eru aðeins tveir, sem eru flm. að þessum brtt., þeir hv. 2. þm. Reykv. og hv. 9 landsk., muni fleiri hv. þm. en við sjálfstæðismenn styðja það, að sú stétt, sjómannastéttin, sem leggur á sig erfiðasta starf, sem ég vil segja að sé til í okkar þjóðfélagi, fái þá viðurkenningu, sem farið er fram á með frv. því, sem ég flutti hér í desember s. l. Ég held, að alþjóð viðurkenni það, að sjómannastéttin íslenzka hafi erfiðari vinnudag, meiri áhættu í sambandi við lífsstarf sitt en nokkur önnur stétt, auk þess sem það er þjóðfélagsleg nauðsyn, að við reynum að hvetja unga menn til þess að leggja sjómennsku fyrir sig að lífsstarfi. Ég trúi því ekki fyrr en það reynist, að hv. stjórnarliðsmenn, sem kenna sig við Alþfl. og Sósfl., finni sig menn til þess að greiða atkv. gegn þessum sjálfsögðu till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég á hér á þskj. 490 nokkrar brtt., sem ég vildi gera grein fyrir. Ég er sammála meðnm. mínum í meiri hl. um það frv., sem hér liggur fyrir, og þær brtt., sem meiri hl. flytur, að undanteknum þrem fyrstu gr. í þessu frv. Að vísu minntist ég nokkuð á þann ágreining minn við 1. umr. þessa máls, en skal nú gera stutta grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Það er í fyrsta lagi það, sem ég finn að þessum þremur gr. og þeim breytingum, sem þar með eru gerðar, þegar sú tekjuskattslöggjöf, sem hingað til hefur gilt um hlutafélög á Íslandi, er afnumin og í staðinn settur einn allsherjarskattur, 25%, að þá eru raunverulega afnumdar með þessu allar þær hömlur, sem hingað til hafa verið á venjulegum stórrekstri í einstakra manna eign á Íslandi. Hingað til hefur það verið svo, að sökum löggjafarinnar um tekjuskatt og

eignarskatt hefur ekki verið hægt að mynda hér t. d. hlutafélög eða atvinnurekstur, sem ætti svo að skipti jafnvel tugum millj., það hefur ekki verið annar möguleiki til, ef menn hafa ætlað að koma þess háttar atvinnurekstri upp, eins og t. d. sementsverksmiðjunni, áburðarverksmiðjunni eða öðru slíku, heldur en hafa þetta ríkiseign raunverulega. Með þessari breytingu, sem nú er gerð á skattalögunum, eru þessar hömlur teknar burt.

Ég reyndi að vekja dálitla athygli á því við 1. umr. þessa máls, hvað þarna væri raunverulega að gerast og hvílík breyting yrði með þessu móti á allri aðstöðu um þessa hluti hér á Íslandi. Þetta tiltölulega þrönga form, sem bæði með hlutafélagalögunum, en þó sérstaklega með skattalögunum var skorið fyrir fjármagn eða auðmagn í stórum stíl, stafaði frá þeim tíma, þegar við vorum fyrst og fremst bændaþjóðfélag. Það var varúð gamals bændaþjóðfélags gagnvart miklu fjármagni á einstakra manna höndum, sem setti mark sitt á þá gömlu skattalöggjöf. Og það var líka bitur reynsla fátækrar nýlenduþjóðar, sem vildi gjalda varhuga við því valdi, sem felst í auð, þegar hann safnast á fáar hendur, sem þarna var að verki. Og ég álít, að það eigi ekki svona fyrirvaralaust að nema þessar hömlur burt. Ég álít, að það eigi að athuga þessa hluti betur en þarna er gert. Ég álít, að það eigi ekki að vera ótakmarkað, hve mikið fjármagn geti fengið að starfa hér skv. svona lögum. Við skulum bara hugsa okkur, að það væri að öðru leyti svo í haginn búið hér, að menn, sem eignuðust hér mjög mikið auðmagn, jafnvel svo að skipti tugum eða jafnvel hundruðum millj. kr., settu það í stór fyrirtæki hér, þá vitum við, hvers konar þýðingu slíkt mundi hafa í okkar þjóðarbúi hvað snertir það efnahagslega og pólitíska vald, sem safnaðist raunverulega saman í höndum slíkra félaga. Það er sem stendur ekkert annað en skattalöggjöfin, sem hindrar þetta. Og ég er hræddur við það að gefa auðmagni einstakra manna, þótt í hlutafélagsformi sé, lausan tauminn í þessu efni, og álít þess vegna, að heppilegast hefði verið þarna að setja eitthvert hámark, ef hefði átt að fara inn á þetta. Ég hef minnzt á það, hvort nokkrir möguleikar væru um samkomulag um slíkt. Þeir möguleikar eru ekki til. Þess vegna álít ég hvað snertir þetta atriði, að það væri heppilegra, að þetta mál biði, þessar gr. yrðu felldar nú og það yrði undirbúið betur síðar.

Það er sem sé í fyrsta lagi óttinn við innlent fjármagn safnað saman á fáar hendur, sem með þessu móti gæti fengið að njóta sín í stórrekstri á þann hátt að ná meiri tökum á íslenzku efnahagslífi en ég álít heppilegt. Hingað til hefur öll þróunin orðið sú, að þetta hefur orðið að vera fyrst og fremst ríkisrekstur eða opinber rekstur, ef menn hafa viljað koma slíkum stórrekstri á, en einkarekstur hefur ekki verið mögulegt að reka þannig. Nú er verið að skapa möguleika fyrir það, og það hefði ég viljað láta athuga betur, áður en það hefði verið gert.

Í öðru lagi: Með þessari breytingu á skattalöggjöfinni eru brott numdar þær hömlur, sem áður voru á því, að útlent fjármagn gæti komizt inn í íslenzkt atvinnulíf. Það eru raunverulega engar sérstakar hömlur í hlutafélagalögunum, sem gera það ómögulegt fyrir útlent fjármagn að vera starfrækt hér. Þær einu hömlur, sem þar eru, eru búsetan hér á Íslandi, og hana er mögulegt fyrir útlendinga að fá strax, ef viðkomandi stjórnarvöld veita viðkomandi útlendingum dvalarleyfi, og þar með getur útlent auðmagn, — ég tala nú ekki um, ef ríkisstj. er frekar vinsamleg því heldur en hitt, — þá getur það fengið að starfa hér, þannig að það eru engar sérstakar hömlur í hlutafélagalögunum, sem hindra þetta.

Hingað til hefur útlent auðmagn ekki starfað í hlutafélögum á Íslandi vegna skattalöggjafarinnar. Íslenzk skattalöggjöf hefur verið alræmd um allan heim, ef svo má segja, svo að ef nokkur útlendur auðmaður hefur hugsað til þess að leggja sitt fé í fyrirtæki hér á Íslandi, þá hefur hann hætt við það, þegar hann hefur heyrt um, hvernig skattalöggjöfin væri. Og þetta hefur um leið þýtt, að það er minna um útlent auðmagn í hlutafélögum og atvinnurekstri á Íslandi heldur en t. d. í nokkrum Norðurlandanna, og þess vegna er það gefið, að það er einmitt skattalöggjöfin, sem hefur fyrst af öllu valdið því, að útlent auðmagn hefur ekki sótzt eftir að ná hér tökum eða eignast aðstöðu í okkar atvinnulífi.

Skattalöggjöfin hefur verið hindrunin, hefur verið hömlurnar á þessari innrás útlends auðmagns í okkar þjóðlíf, — einu raunverulegu hindranirnar, sem þarna eru, því þó að menn kannske vildu segja, að ýmiss konar gjaldeyrislöggjöf væri það, þá skulum við athuga það, að það getur alltaf verið allt í lagi fyrir útlent auðmagn, ef það vill setjast hér að, að eiga sína peninga í íslenzku fé, ef það getur náð hér íslenzkum verðmætum og haft hér rekstur á Íslandi og notað sína peninga til þess að auka hann. Það er ekki endilega gefið, að útlent auðmagn mundi vera svo „interesserað“ í því að fá yfirfærslur eða annað slíkt.

Ég álít, að áður en við afnemum þær hömlur, sem hingað til hafa verið á því, að kapitalistiskt skipulag yfirleitt ryddi sér til rúms á Íslandi, fyrir því valdi, sem auðmagn getur öðlazt í okkar þjóðfélagi, þá hefðum við átt að athuga okkar gang betur, og ég er þess vegna á móti því að gefa því þetta tækifæri og hef þess vegna lagt til líka frá því sjónarmiði, að þessar gr. væru nú felldar, þannig að ef menn vildu taka þetta upp aftur, þá væri hægt að athuga það betur. En ég veit ekki, hvort allir þeir þm., sem að þessu standa, og þar með þm. stjórnarflokkanna, hafa gert sér þetta fyllilega ljóst. Ég vakti athygli á þessu við 1. umr., og ég geri það aftur nú, af því að ég held, að menn hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir, hvaða breytingar þetta frv. hefur í för með sér.

Þá álít ég í þriðja lagi, að það hefði verið eðlilegt, um leið og þessari löggjöf um skatt hlutafélaga er breytt, að það hefði verið komið einhverju meira skipulagi og einhverju meira samræmi á löggjöfina um hlutafélög og sérstaklega um hlutaféð. Og við vitum, að vegna þeirrar öru verðrýrnunar á gildi peninga, sem átt hefur sér stað hér á Íslandi á síðasta mannsaldri, er

þetta hlutafé, sem er í hlutafélögunum, oft og tíðum nafnið tómt. Hins vegar er það alls ekki eðlilegt eða heilbrigt, að hlutafélög geti haft svona og svona mikinn rekstur, gert svo og svo mikil kaup og annað slíkt, án þess að þarna standi á bak við eitthvert fjármagn. Með þessu móti er raunverulega verið að gefa alls konar svindli undir fótinn. Og með því að gera það mögulegt, að hlutafélög, hve lítið hlutafé sem þau svo hafa, geti fengið af þeim gróða, sem þau hafa, 75% til sín sjálfs og greiði aðeins 25% í skatt til ríkisins, — og svo er spursmálið um, hvað útsvarið verður, — þá er raunverulega verið að skapa þann möguleika, að af miklum gróða, sem hlutafélag hefur, sem hefur mjög lítið hlutafé, jafnvel gróða, sem væri kannske 100% miðað við hlutafé, þá væri hægt að láta sama gilda um slíkt og þó að það væri hlutafélag, sem hefði eðlilegan gróða miðað við vexti af sínu hlutafé. Þetta álít ég óeðlilegt, og ég veit, að t. d. ég held í Danmörku, þar sem farið hefur verið inn á svipaða leið og hér með 25 prósentin, hefur verið höfð sú regla, hefur a. m. k. verið í gildi fram að þessu, að þetta megi ekki fara fram úr ákveðinni hlutfallstölu miðað við hlutafé, þannig að þegar menn græða kannske fram yfir 20% t. d. af hlutafénu, ef gróðinn er orðinn 20% af hlutafénu eða meiri, þá verði öðruvísi skattar af því. Þetta væri eðlilegt. Sannleikurinn er sá, að það er alveg ótækt að gefa mönnum heimild til þess að geta haft kannske eitthvert smáhlutafé, geta tekið svo e. t. v. jafnmikinn gróða og hlutafé er og búið svo við svona kjör hvað skattana snertir.

Við verðum að muna það, að hlutafélögin á Íslandi eru ekki neitt svipuð hlutafélögum í öðrum löndum, og áður en þeim væru gefin samsvarandi réttindi og þau hafa í öðrum löndum, þarf að breyta þessum hlutum.

Ég álít, að það hefði þurft að breyta þarna fleiru. Ég álít, að það hefði þurft að breyta því, að hlutafélög hefðu átt t. d. að birta sína reikninga og það væri skilyrði fyrir því, að þau fengju svona réttindi, — meginið af stórum hlutafélögum erlendis birtir sína reikninga í opinberum blöðum eða skýrslum. — Það yrði að koma einhverju lagi á þetta form fyrir rekstur, sem hlutafélögin eru, áður en þeim væru veitt svona sérréttindi eins og þarna er. Það hefur ekki verið gert með þessu. Það verður látinn vera alveg sami glundroðinn og áður var. Þetta álít ég mjög óheppilegt. Og meðfram af þeirri ástæðu álít ég, að það ætti ekki að samþ. þessar þrjár fyrstu gr. nú.

Svo er í síðasta lagi það, að ég álít, að það hefði þurft að koma á allt öðruvísi reglum og ákvörðunum eða jafnvel samkomulagi við atvinnurekendur og þá aðila, sem þessi hlutafélög eiga, um skattframtal, áður en farið væri inn á svona reglur eins og hér eru. Það er vitanlegt, að mikið af þeirri auðsöfnun, sem fram hefur farið á Íslandi á undanförnum árum og jafnvel áratugum, hefur verið beint fyrir skattsvik, vegna þess, hve þröngan stakk skattalöggjöfin hefur skorið allri auðsöfnun. Og þess vegna hefur þessi þröngi stakkur og þau skattsvik, sem hann hefur raunverulega leitt af sér, leitt til þess, að skattaframtölin er tiltölulega lítið að marka, og það er alveg vitað, að það er heilmikil list, sem iðkuð er um það að telja þannig fram, að raunverulega svo og svo mikið af hlutafélögum skammtar sér skattinn sjálft.

Ef við viljum komast út úr þessu ófremdarástandi, sem allir hljóta náttúrlega að viðurkenna að sé ófremdarástand, þá verður að verða breyting þarna á frá beggja hálfu. Það er ekki nóg, að ríkið breyti þannig til, að það segi: Nú ætla ég að hætta að vera svona óskaplegt í sköttunum, að ég taki bókstaflega allt af ykkur og jafnvel meira til heldur en það, sem þið græðið, og ég ætla bara að taka 25%. — Ef ríkið segir slíkt, þá verður ríkið að segja um leið: En þá verðið þið nú að hætta því að vera alltaf að telja vitlaust fram, þið verðið sem sé að fara að taka upp heiðarleg skattaframtöl, og ríkið ætlar sér þá um leið að taka upp allt öðruvísi kerfi viðvíkjandi eftirliti með slíku og láta það varða allt öðru en verið hefur.

Það vilja kannske sumir meina, að af því að það sé nú einu sinni komið kapitalistiskt skipulag á Íslandi, þá hljóti þar með að fylgja skattsvik og allt slíkt. Það er ekki gefið. Það er að vísu svo í mörgum auðvaldsþjóðfélögum, en það er engan veginn í þeim öllum. Það er í mörgum gömlum og grónum auðvaldsþjóðfélögum þannig, að skattaframtöl eru tiltölulega rétt. Við skulum bara taka eitt fremsta auðvaldsþjóðfélag núna eins og Bandaríkin. Það er nokkurn veginn vitað, að meginið af þeim stóru auðfélögum þar telur rétt fram, og það er hægt að fletta upp í hagskýrslum og fjárhagsskýrslum Bandaríkjanna til þess að reikna það bókstaflega nákvæmlega út, hve mikill gróði allra auðhringa og auðfélaga í Bandaríkjunum sé, og bera það t. d. saman við vinnulaunin. Þetta eru hlutir, sem liggja þar alveg opinberlega fyrir.

Ef við eigum að fara að breyta okkar skattalöggjöf í þá átt, sem hér er lagt til, þá þurfum við að láta breyta þessu um leið, þannig að hún hætti, þessi sterka tilhneiging, sem verið hefur — að sumu leyti af máske eðlilegum ástæðum — hjá þeim, sem hafa sinn atvinnurekstur í hlutafélagsformi, að telja rangt fram. Og ríkið, þegar það breytir svona til, þá þarf það bókstaflega að setja sér það sem mark að vera að skapa eiginlega nýtt siðferðisástand í þessum efnum, gera okkar þjóðlíf heilbrigðara hvað þetta snertir. Ef gamla svindlið á allt saman að ganga áfram, þá er engin þörf á að vera að breyta þessu. Þess vegna álít ég, að það hefði verið eðlilegt, þegar svona breyting væri gerð, að mönnum yrði bókstaflega sagt, þeim sem að hlutafélögunum og slíkum félögum standa: Ja, nú er meiningin að gera breytingu á skattalöggjöfinni, sem gengur m. a. út frá því, að héðan í frá verði talið rétt fram og það verði tekið allt öðruvísi á þessum hlutum. — Og það hefði átt að þýða viðvíkjandi t. d. þessum þremur greinum, að þær hefðu í fyrsta lagi átt að öðlast gildi á næsta ári, með skattaframtali fyrir árið í ár. Nú hins vegar er meira að segja búið að telja fram að mestu leyti, vafalaust eftir gömlu reglunni, svo þokkaleg sem hún kann að vera, þannig að þetta kemur bara sem verðlaun þar ofan á, þessar breytingar, sem

þarna eru gerðar, og mundu þess vegna síður en svo vera til þess að ýta undir einhvern heilbrigðari „móral“ í þessum efnum. Ég held þess vegna, að það hefði verið nauðsynlegt, að þessum ákvörðunum hefði verið frestað núna, hins vegar fengju menn að vita, að það væri meiningin undir næsta þing að gera þarna breytingar á. Ég hef þess vegna gert það að till. minni á þskj. 490, að fyrstu þrjár greinarnar verði felldar í burtu. Það er ekki vegna þess, að ég sé ekki til viðtals fyrir mitt leyti um breytingu á þessu kerfi. Mér er það alveg ljóst, að það þarf að verða. En ég vil gera þá breytingu þannig, að það séu reistar vissar skorður við því, hve stór og voldug og áhrifarík í þjóðfélaginu hlutafélög, sem einstaklingar eiga, geti orðið. Ég vil, að það séu reistar skorður við því, hve útlent auðmagn geti náð miklum tökum í íslenzku þjóðlífi í formi hlutafélaga. Og ég vil, að það séu reistar skorður við því, hve mikill gróði geti verið af ákveðnu hlutafé, sem njóti svona skattfríðinda eins og hérna er talað um. Og ég vil, að samtímis því sem breytingar yrðu gerðar eitthvað í þessa átt, sem hérna er talað um, þá sé sjálfum skattaframtölunum og sjálfum grundvellinum að skattaframtölunum og aðferðunum við það og afstöðu manna til þessa breytt. Það er ekki kostur á neinu af þessu nú í sambandi við það að afgreiða þetta frv. með þessum þrem greinum í því núna. Þess vegna er það mín till. við þessa umr., að þær séu felldar, en frv. að öðru leyti samþykkt. Ég skal geta þess, að ef nokkur von væri um, að hægt væri að ná nokkru samkomulagi um breytingar þarna á, þá mundi ég, ef mínar till. næðu ekki fram að ganga við þessa umræðu, vera reiðubúinn til þess að vera með í að athuga það undir þriðju, ef þá gæti orðið samkomulag um að breyta í staðinn nokkuð þessum þrem fyrstu greinum. En eins og stendur, þá er ég á móti því að samþykkja þær við þær aðstæður, sem eru enn sem komið er.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð út af brtt. minni hl. fjhn. og því, sem flm. og aðrir hafa um þær sagt.

Ég vil fyrst taka fram út af brtt. og ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem nú síðast lauk máli sínu, að ég held ekki, að það sé ástæða til að óttast í sambandi við þessa skattalagabreytingu svo mjög útlent fjármagn og áhrif þess hér á landi. Ég hygg, að ef útlendingar hugsuðu til að stofna hér til atvinnurekstrar í stærri stíl, þá mundu þeir aldrei ráðast í slíkt nema að undangengnum samningum við stjórnarvöldin um ýmsa hluti því viðkomandi, þannig að Íslendingar mundu alltaf hafa tök á því að tryggja sinn hag í þessum efnum sem öðrum. Að öðru leyti sé ég nú ekki ástæðu til að fara út í að ræða um það, sem hann lagði til, að svo stöddu.

En þá eru það brtt. hv. minni hl. á þskj. 502.

Fyrsta brtt. er um það, að hlutafélög og önnur slík megi draga frá tekjum sínum 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé, hvort sem það er greitt út til hluthafanna eða ekki. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að hlutafé í hlutafélögum er eign hluthafanna, en ekki félagsins. Ég verð því að segja, að það er tæpast eðlilegt, að félögin megi draga frá skattskyldum tekjum sínum arð af hlutafénu og leggja hann í sína eigin sjóði. Þetta hefur að vísu verið látið viðgangast undanfarið, en þá var nú líka prósentan, sem mátti draga frá, allmiklu lægri en hér er lagt til. Ég vil nefna það til samanburðar, að samvinnufélög mega draga frá við skattframtal hæfilega vexti af stofnsjóðunum, en þó því aðeins, að vextirnir verði séreign félagsmannanna, en fari ekki í sameignarsjóði félagsins. Og ég býst ekki við, að samvinnufélögin óski neinnar breytingar á þessu. Mér finnst það eðlilegt, að þarna gildi það sama að því er hlutafélögin varðar.

Í 2. brtt. hv. minni hl. er lagt til, að allar tekjur skipverja á fiskiskipum verði skattfrjálsar. Ekki hafa þeir hv. flm. haft fyrir því að athuga, hvað þetta mundi lækka skatttekjur ríkisins, a. m. k. flytja þeir ekki fram neinar upplýsingar um það. Þetta er þó ekki smávægilegt atriði. Í þessum hópi eru margir mjög tekjuháir menn. Og það er líka önnur hlið á málinu. Ég held það sé óhætt að fullyrða, að mörgum öðrum þjóðfélagsþegnum, sem vinna að nauðsynjastörfum, væri gert rangt til, ef skattgreiðslur þeirra yrðu óbreyttar, en þetta væri samþykkt, að undanþiggja þannig fjölmenna stétt og þar á meðal marga tekjuháa menn algerlega tekjuskatti til ríkisins. Ég vil minna á það, eins og áður hefur verið tekið fram, að í stjórnarfrv., sem fyrir liggur, eru ákvæði, sem auka töluvert skattfrádrátt fiskimanna, sem þeir hafa notið að undanförnu, og um þetta hefur orðið samkomulag innan ríkisstj. og við aðra aðila. Ég tel því ekki, að það sé hægt að fallast á þetta. Þarna er vitanlega um yfirboð að ræða af hálfu stjórnarandstæðinga, eitt af því, sem menn eru nú vanir að sjá svona annað slagið.

Þá er einnig í sömu brtt., b-lið, till. um það, að menn megi draga frá tekjum við skattframtal gjafir til kirkna svo og félaga og stofnana, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, eins og það er orðað í till. Frádrátturinn má nema allt að 15% af nettótekjum skattþegns.

Ríkið leggur árlega fram mikið fé úr sjóði sínum til þessara mála samkvæmt lögum og öðrum ákvörðunum Alþingis. En hér er lagt til, að einstaklingunum verði auk þess veitt heimild til að ráðstafa ríkisfé til slíkra hluta. Ekki sýnist mér ástæða til að samþykkja þetta.

Það hefur lengi tíðkazt, að menn færðu gjafir til kirkna og margs annars, sem þeir vilja styðja. Svo hefur verið hér á landi um margar aldir. T. d. eignuðust kirkjur ítök víða, sem þeim voru gefin, og miklar gjafir fengu þær einnig í öðru formi. Um þetta má lesa í ritum frá liðnum tímum, en ekki minnist ég þess að hafa heyrt, að menn hafi á fyrri tíð farið þess á leit við kónginn í Kaupmannahöfn og aðra stjórnendur Íslands þar í borg, meðan þeir fóru með málefni Íslendinga, að þeir legðu fram nokkurn hlut af andvirði gjafanna. Enn gefa landsmenn oft stórfé til kirkna og til líknar- og menningarmála á hverju ári. Fyrir allmörgum árum gaf athafnasamur útgerðarmaður í kaupstað hér

eigi allfjarri, ef ég man rétt, byggðarlagi sínu heila höll, og ágóðanum af þeirri starfsemi, sem þar fer fram, mun varið til líknar- og menningarmála í kaupstaðnum. Ég get gjarnan líka sagt frá öðru alveg nýju dæmi, sem ég þekki. Í sveit á Norðurlandi var í fyrra hafin bygging nýrrar kirkju í stað gamallar timburkirkju, sem þar var fyrir, og vinnumaður á kirkjustaðnum gaf allt sementið, sem þurfti til kirkjubyggingarinnar. Svona mætti lengi halda áfram að nefna dæmi um höfðinglegar gjafir einstakra manna, þó að hér verði staðar numið. Dæmin um þetta eru óteljandi eins og vötnin á Tvídægru. Menn halda áfram að gefa fé til kirkna og heita á kirkjur og líknarstofnanir. Þær verða vel við. Og áheitaféð heldur áfram að streyma í sjóð Strandarkirkju og fleiri guðshúsa. Þannig mun verða áfram haldið, en við skulum ekki vera að blanda ríkissjóði inn í þetta. Ég held, að gjafirnar verði gefendunum sjálfum til meiri sálubótar, ef þeir veita þær eins og áður, án þess að hljóta til þess ríkisstyrk.

Þá má líka benda á það, að þó að engin breyting verði á skattalögunum, létta menn skattabyrði sína með því að veita gjafir. Við það lækkar eignarskatturinn og eignarútsvarið. Á síðasta þingi var lagður skattur á stóreignir. Kvartanir hafa heyrzt yfir honum. Ég býst nú reyndar við, að sumum, sem eiga að borga slíkan skatt, þyki nokkur upphefð í að vera í hópi þeirra manna, sem slíkan skatt greiða. En svo eru aðrir, sem vilja losna við hann og tala jafnvel um málshöfðun til þess að reyna að komast hjá skattgreiðslunni. Ef þessir menn hefðu nú verið forsjálir og verið búnir að gefa það, sem þeir áttu umfram 1 millj. kr., til kirkna eða einhverra góðra stofnana annarra, þá hefðu þeir losnað við skattinn og allar áhyggjur í því sambandi. Þannig geta menn grætt sjálfir peningalega á því að gefa, þó að ekki verði lögleiddur sérstakur ríkisstyrkur til þeirra framkvæmda.

3. brtt. minni hl. snertir skattgreiðslur hjóna. Er þar lagt til, að tekjum allra hjóna verði skipt til helminga og reiknaður skattur af hvorum helmingi fyrir sig. Ekkert er um það sagt frekar en um aðrar brtt. minni hl., hvað þetta mundi valda mikilli skerðingu á tekjum ríkissjóðs, en hún hlyti að verða mjög mikil.

Sanngjörn niðurstaða samanborið við skattgreiðslur ókvæntra manna mundi heldur ekki fást með þessu. Í till. finnst mér hvorki gætt þeirrar sanngirni né hófsemi, sem þyrfti að vera.

Hv. 9. landsk. segir, að samkvæmt till., sem meiri hl. fjhn. flytur, verði hjón, þar sem konan vinnur heima, að bera fulla skattabyrði. Við þetta er það að athuga, að tekjur af vinnu konu að heimilisstörfum eru ekki taldar skattskyldar tekjur, en vinna húsfreyjunnar við húsmóðurstörf, einkum á barnmörgum heimilum, er vitanlega ákaflega mikils virði. Minni hl. leggur að vísu til, að það sé lækkaður lítið eitt persónufrádráttur hjóna, en sú lækkun er tiltölulega lítil.

Hv. þm. A-Húnv. segir um þetta, að það sé gerður réttindamunur á hjónum eftir því, hvar þau eru, og hann talaði nokkuð um húsfreyjurnar í sveitunum í því sambandi. Ég vil benda á það, sem segir um þessar till. viðkomandi hjónaskattinum í grg., sem fylgir nefndaráliti meiri hlutans. Sú grg. er frá n., sem undirbjó þessar till. Og þar er bent á það, að þegar um er að ræða vinnu giftrar konu á heimilinu að framleiðslustörfum eða öflun skattskyldra tekna á annan hátt, þar sem hún vinnur í félagi við bónda sinn, þá verði það í ýmsum tilfellum nokkuð erfitt mat á því, hvað eigi að telja henni mikinn hlut af heildartekjunum. Það liggur ekki eins ljóst fyrir og þegar um er að ræða vinnu konu fyrir launum utan heimilis. Ég held líka, að það væri rétt fyrir hv. þm. A-Húnv. og aðra að láta bíða nokkrar fullyrðingar um útkomuna af þessu, þangað til nokkur reynsla er fengin. Það er nú svo, að bændur eru yfirleitt ekki hátekjumenn, og við mættum gjarnan sjá, hvernig útkoman af þessu verður, hvað skattur þeirra lækkar hlutfallslega frá því, sem nú er, við þessa breytingu og þá samanborið við þær breytingar, sem verða hjá öðrum. En ég held, að þetta sé í fyrsta sinn, sem hafa komið fram till. í þessu máli, sem gera ráð fyrir því, að þær konur, sem vinna að öflun skattskyldra tekna á heimilum með mönnum sínum, njóti ívilnunar, en það er vitanlega sjálfsagt að hafa það þannig, þó að þeim, sem áður hafa verið með till. um þessi efni, hafi, að ég held, alltaf yfirsézt þar.

4. brtt. hv. minni hl. er um eignarskattinn. Ég hef áður gert grein fyrir því, að skattaákvæðin í frv. muni gefa svipaðar heildartekjur af eignarskatti og nú er, en þar á mundi mikið skorta, ef brtt. minni hl. verður samþykkt. Og ég vil vekja athygli á því, að þeir, sem hafa átt eignir sínar að mestu í fasteignum undanfarið, hafa sloppið langtum betur við skattgreiðslur heldur en aðrir, þeir sem hafa átt eignir sínar að mestu í öðrum verðmætum. Þetta stafar af því, hvað fasteignamatið var um langan tíma úrelt og í fullkomnu ósamræmi við mat á öðrum eignum til skatts.

Hv. þm. A-Húnv. flutti hér ræðu áðan og talaði aðallega um þetta atriði í frv., og hann las hér upp heilmikið af tölum, útreikningum um það, skildist mér, hvað eignarskattur hefði verið undanfarið og hvað hann yrði í einstökum tilfellum og í einstökum héruðum, eftir að búið væri að samþykkja frv. Ekki gat ég tekið niður allar þessar tölur, enda fannst mér það ekki þess virði að gera það. En þó tók ég eftir því, að svo að segja í upphafi þessa talnalesturs sagði hann, að nú væri eignarskattur af 40 þús. kr. eign eða hefði verið 75 kr. Þetta er vitleysa. Eignarskattur af 40 þús. kr. eign hefur um mörg undanfarin ár verið 112 kr. og 50 aurar, en ekki 75 kr. Og ég get bezt trúað því, að allur hans útreikningur og talnaupplestur sé byggður á sandi eins og þessi tala, og ég verð að segja það, að þeim þingmanni, sem fer á slíku hundavaði og ekki hirðir um að vanda málflutning sinn betur en þetta, honum ferst illa að brigzla öðrum mönnum um, að þeir fari með blekkingar í skattamálum, en hann leyfði sér að bera slíkt fram áðan án þess að færa þó nokkur rök fyrir þeim áburði. Og hvað sem hann segir um fasteignamat og eignarskatt, þá er vissa fyrir því,

að það er langt frá því, að fasteignamatið nýja yfirleitt sé nokkuð nærri gangverði á fasteignum, þannig að fasteignaeigendur njóta þar mikillar ívilnunar í eignarskatti, þó að stórum minna sé en áður var. Það er því svo langt frá því, sem hugsazt getur, að með þessum nýju ákvæðum í frv. sé nokkuð gengið á rétt fasteignaeigenda í landinu.

Loks flytur hv. minni hl. till. um, að aftan við síðustu frvgr. komi ákvæði til bráðabirgða. Það ákvæði er um útgáfu fríhlutabréfa án nokkurrar skattgreiðslu. Ég verð að segja það, að mér finnst ekki auðvelt að átta sig á þessu máli í skjótri svipan, en hins vegar er hér eftir mjög takmarkaður tími til meðferðar á frv., þar sem til þess er ætlazt, að það hljóti fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Mér sýnist því ekki fært að samþykkja þetta. Ég held, að það þyrfti nánari athugunar við heldur en nú er hægt að láta fram fara, áður en tekin væri ákvörðun um það, hvort slíkt ætti rétt á sér eða eitthvað í þá átt.

Mér sýnist það ljóst, að brtt. hv. minni hl. mundu hafa í för með sér mikla skerðingu á þeim skattatekjum, sem ríkissjóði eru ætlaðar í fjárlögum þessa árs, og það sýnir takmarkaða ábyrgðartilfinningu flutningsmanna, að ekki sé meira sagt.

Umr. frestað.

Á 95. og 96. fundi í Nd., 14. og 16. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 19. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 261, n. 489 og 499, 490, 512, 518, 519).

Jón Pálmason: Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar umr. sýndi ég fram á það með glöggum tölum, hvernig 5. gr. þessa frv. er algerlega í ósamræmi við lög og loforð, sem gefin hafa verið varðandi eignarskattinn, og þau lög, sem með þessari gr. eru þverbrotin, eru lög um samræmingu á mati fasteigna frá 1955. Og ég gat þess einnig, hvað þessi lagagrein er algerlega í ósamræmi við þær yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. og þm. V-Húnv. höfðu gefið. Nú vildi hv. þm. V-Húnv. fara að verja þetta við þessa umr. og hafði ekkert annað sér til varnar heldur en eina tölu, sem hann tilfærði og er rangt tilfærð hjá honum og það, sem hann um það sagði, þess vegna ósannindi ein. Ég bar hér saman lögin, eins og þau eru, lögin frá 1954, og þetta frv., og skv. þeim lögum er eignarskattur af 40 þús. kr. eign 75 kr. Það, sem hv. þm. V-Húnv. er aftur að hengja sinn hatt á, er það, að það hefur verið ákveðið núna síðustu árin að innheimta þennan skatt með 50% álagi, og eftir því stjórnarfari, sem nú er og verið hefur, þá mundi það eins geta orðið ákveðið að innheimta þennan skatt eins og er skv. þessu frv. með 50% álagi. En jafnvel þó að þetta 50% álag sé tekið með og því bætt við 75 kr., eins og hv. þm. V-Húnv. vildi gera, og þessi skattur væri 112 kr. og 50 aurar, þá segir það lítið á móti þeim gífurlegu hækkunum, sem eru skv. þessu frv., því að ef þarna er um fasteign að ræða og hún væri í Reykjavík, þá væri af þessari eign skv. frv. 1170 kr. eignarskattur. Það sýnir, að hér er algerlega þverbrotið allt, sem um var samið og lofað var og lýst hefur verið yfir í sambandi við þetta mál.

Nú veit ég ekkert um það að eðlilegum hætti, hverjir það hafa verið, sem hafa haft það með höndum með hæstv. fjmrh. að semja þetta frv. En ég er sannfærður um það, að ef minir samstarfsmenn í landsnefnd fasteignamatsins, Hannes Pálsson og Páll Zóphóníasson, hefðu um það fjallað, þá hefðu þeir ekki skilað því á þennan hátt, því að þeir eru það heiðvirðir menn, að þeir mundu ekki láta svona eftir sig sjást.

Ég hef nú, af því að ég er búinn að sjá, að það er ekki hægt að fá leiðréttingu á þessu með breytingu á skalanum, af því að komið er undir þinglok, leyft mér að flytja brtt. við þessa grein á þskj. 519, og fer hún fram á það, að í þetta sinn sé eignarskatturinn reiknaður þannig út, að fasteignir séu teknar með gamla matinu eins og það var frá 1942, og er það í samræmi við það, sem við í samgmn. höfum lagt til og hefur verið samþykkt hér í hv. d. varðandi vegaskattinn, að láta gilda í þetta sinn sömu reglur og áður hafa um það gilt. Og mig langar mjög til að sjá, hverjir þeir eru af hv. þdm., sem vilja þverbrjóta þau lög, sem áður hafa verið í gildi varðandi þetta mál, og hverjir vilja halda þau.

Þá sagði hv. þm. V-Húnv. við fyrri hluta þessarar umr. snertandi hjónaskattinn, að ég hefði haldið því fram, að það væri farið eftir því, hvar hjón væru búsett. Það er alveg rangt. Ég minntist ekkert á það, að það væri farið eftir því í frv., en mótmælti því, að giftum konum væri gert nokkuð hærra undir höfði, þeim sem vinna úti, heldur en þeim, sem vinna alltaf á sínu heimili, og tók þar t. d. aðstöðu giftra kvenna í sveitum landsins. Hér er þess vegna alveg eins og í hinu tilfellinu um blekkingu eina að ræða hjá hv. þm. V-Húnv. Og ég er sannfærður um, að það verður yfirleitt ekki vel séð að gera þeim giftu konum lægra undir höfði í skattgreiðslu, sem vinna að staðaldri alltaf á sínu heimili við stjórn síns heimilis, við uppeldi sinna barna, heldur en hinum, sem vinna úti. Ég vænti því, að hv. þdm. vilji samþykkja þá brtt., sem um þetta er frá minni hluta hv. fjhn.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég á hér eina brtt. við brtt. frá meiri hl. fjhn., en hann flytur á þskj. 489 breytingar, sem snerta sérsköttun hjóna. Þessar breytingar fela í sér nokkra rýmkun á því, að hjón fái að telja fram hvort í sínu lagi, frá því, sem er í núgildandi lögum um þetta efni. Í brtt. minni hl. fjhn. er hins vegar lagt til að rýmka þetta allmiklu meira en í till. meiri hl. fjhn. felst. Og þó að segja mætti máske, eins og fram kom hjá hv. þm. A-Húnv., að þær till. ættu nokkurn rétt á sér og þess vegna væri rétt að samþykkja þær, þá sýnist mér, að viðhorfið sé þannig nú, að það þurfi ekki að gera ráð fyrir því, að það verði gert, og flyt ég því brtt. við brtt. meiri hl. fjhn. um þetta efni. Þessar till. mínar lúta að því, að mér þykir gert upp á milli um frádrátt hjá hjónum eftir því, að hvaða störfum húsmóðirin vinnur. Þannig er það um sveitakonur, að það á að vera heimilt,

eftir að farið hefur fram sérstakt mat á gildi starfa sveitakonunnar á heimilinu, að draga frá sömu upphæð og leyft er í öðrum tilfellum, en hins vegar settar þær hömlur á þennan frádrátt, að hann getur orðið allmiklu minni hjá sveitakonum heldur en konum, sem vinna að öðrum störfum, og það felst í því, sem stendur hér í öðrum lið, sem fjallar um störf sveitakvennanna og hvernig hagað skuli skattlagningu í sambandi við það. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Aldrei kemur þó hærri hlutur til greina sem frádráttarstofn en nemur tvöföldum persónufrádrætti konunnar.“ Í þessu tilfelli, þegar um er að ræða sveitakonu, má þó frádrátturinn aldrei nema meiru en sem svarar 12 þús. kr. — eða 13 þús. kr., ef samþykktar yrðu breytingar meiri hl. fjhn., sem lúta að því að hækka þennan persónufrádrátt.

Þetta get ég ekki fallizt á, og þess vegna hef ég flutt hér um það brtt. að leggja til, að ákvæðin um þessar hömlur gagnvart sveitakonunni og hennar störfum verði felld niður. Till. mín raskar að engu leyti öðru efni brtt. meiri hl., og geta þær að öllu staðizt, þó að hún verði samþykkt. En með tilliti til þeirrar skoðunar minnar, að störf sveitakvenna beri ekki að meta í minna gildi en annarra húsmæðra í þessu landi, þá get ég ekki fellt mig við, að það sé sanngirni fyrir því að gera hennar hlut lægri en annarra húsmæðra með slíkum takmörkunum sem í þessum ákvæðum felast. Ég vildi þess vegna vænta þess, að hv. d. geti verið mér sammála um, að rétt sé að fella þessar takmarkanir niður úr brtt. um þetta efni.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að leiðrétta eitt atriði, sem ég fór með, þegar ég talaði hér síðast um mál það, sem liggur fyrir. Mér dettur í hug í því sambandi, að mjög kunnur norskur stjórnmálamaður sagði eitt sinn við norskan hagfræðing: Þið eigið gott, hagfræðingarnir, að mega viðurkenna það, að ykkur hafi skjátlazt, það megum við stjórnmálamennirnir ekki. — En ég er nú í þeirri aðstöðu að vera bæði prófessor og stjórnmálamaður, og með tilliti til þess vona ég, að litið verði á það mildari augum, þó að ég gerist til að leiðrétta það, sem ég því miður fór rangt með síðast. En ég gerði ráð fyrir því og þá ályktun virðist mér einfaldast að draga af því nál., sem fyrir liggur um hjónaskattinn, að þau réttindi, sem giftar konur, sem vinna úti, hafa til frádráttar vegna kostnaðar við húshjálp, mundu halda áfram, þó að þessar brtt. væru samþykktar. Hv. 8. þm. Reykv. benti mér á það, að þetta væri ekki rétt. En þar sem hún á nú ekki sæti á þinginu, þá tel ég rétt, að ég leiðrétti þetta sjálfur.

Það mun vera gert ráð fyrir því, að ef giftar konur, sem vinna úti, fái þau hlunnindi, sem þarna er um að ræða, þá hafi þær ekki rétt til þess að draga frá kostnað vegna aðstoðar við heimilishjálp. Nú hefði þetta auðvitað átt að koma fram í áliti þeirrar n., sem sérstaklega hefur athugað þetta, en ég treysti því, að það væri ekki villandi, sem þar stendur, og af þessu er þessi missögn sprottin. Af þessu leiðir svo aftur það, að bilið milli þeirra kvenna, sem vinna úti, og þeirra, sem vinna að heimilisstörfum, verður minna en mér hafði sýnzt í upphafi og þessi skattfríðindi fyrir þær konur, sem úti vinna, verða auðvitað langtum minni en ella hefði orðið, og getur jafnvel verið í sumum tilfellum, að þetta frv. verði verra en það fyrirkomulag, sem er nú, því að í núgildandi lögum er heimild til þess að draga frá ⅔ af kostnaði vegna heimilishjálpar, en nú verður ekki heimilt að draga frá nema helming af tekjunum, þannig að ef þau störf, sem konan vinnur úti, eru illa launuð, þannig að þau geri litið meira en hrökkva fyrir húshjálpinni, þá getur það verið þannig, að hún lendi í hærra skatti, eftir að búið er að samþykkja þetta, heldur en áður var, þó að ég geri nú annars ráð fyrir því, að hér sé frekar um undantekningu að ræða.

Það var eitt atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., hv. þm. V-Húnv. (SkG), sem ég vildi við þetta tækifæri gera athugasemd við. Hann sagði, að misræmið, sem um yrði að ræða eftir samþykkt þessa frv. milli þeirra giftu kvenna, sem vinna að heimilisstörfum, og þeirra, sem vinna úti, væri að því leyti ekki fyrir hendi, að vinna húsmóðurinnar á heimilinu væri verðmæti og þau væru skattfrjáls. Það, sem liggur til grundvallar því vandamáli, sem hér er um að ræða, er auðvitað hin mikla stighækkun tekjuskattsins, eins og ljóst er, sem bitnar að sjálfsögðu einnig á þeim heimilum, þar sem konan vinnur að heimilisstörfum. Nú er þetta sjónarmið hv. þm. V-Húnv. að vísu rökrétt, að það er ekki nokkur vafi á því, að vinna konunnar að heimilisstörfum er verðmæti, sem hægt væri að meta til peninga. En þeirri reglu mun nú alls staðar vera fylgt, að svo er ekki gert, þegar þjóðartekjur eru t. d. gerðar upp o. s. frv., þá er vinna húsmæðra að heimilisstörfum ekki metin til tekna. Ef farið væri inn á þá braut, þá mundi auðvitað leiða af því ýmislegt annað, sem mundi þykja fráleitt. Það má þá eins meta til tekna vinnu heimilisföðurins, ef hann passar stundum börnin, o. s. frv., en ég hugsa, að fáum dytti í hug að gera það. Jafnvel mætti þá fara að meta mönnum það til tekna, ef þeir raka sig sjálfir eða veita sér aðra persónulega þjónustu, því að auðvitað er það sparaður peningur, þannig að þótt ég viðurkenni, að sjónarmið hv. þm. V-Húnv. sé að vísu fyllilega rökrétt, þá mundi það leiða út í öfgar. Þetta er dálítið hliðstætt spurningunni um það, sem bar hér á góma við efnahagsmálaumræðurnar, hvort fjárlögin væru í rauninni núll.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sagði, að það, sem ég hefði haldið fram hér áður viðkomandi þeim útreikningum, sem hann birti í ræðu sinni fyrr við umr. málsins, hefði ekki verið rétt. En ég gerði samanburð á því, hvað eignarskatturinn hefði verið nú um nokkur undanfarin ár og hvað hann mundi verða að þessu frv. samþykktu, og það tel ég að eigi að gera með þeim hætti að taka tillit til þeirrar hækkunar á skattinum, sem í gildi hefur verið síðustu árin. Öðruvísi verður þessi samanburður ekki réttur. En við sína útreikninga virtist hv. þm. A-Húnv. hafa sleppt

því 50% álagi, sem í gildi hefur verið um allmörg ár.

Hv. þm. flytur hér brtt. á þskj. 519 og leggur þar til, að við útreikning eignarskatts á eignir í árslok 1957 skuli verð fasteigna tekið eftir fasteignamatinu 1942. Þetta gamla fasteignamat er nú búið að endurskoða skv. ákvörðun Alþingis og nýtt mat gengið í gildi. Eins og ég hef áður bent á, þá var þetta gamla mat frá 1942 orðið mjög úrelt og raunar fyrir löngu ónothæft við mat á eignum manna til skatts, og var því sannarlega kominn tími til og þó fyrr hefði verið að gera á því breytingar. Þetta hefur verið gert, og virðist þá sjálfsagt, að skatturinn verði reiknaður eftir hinu nýja mati. Ef frá því væri horfið nú og reiknað á þann hátt, sem hv. þm. A-Húnv. leggur til, þá yrði enn í þetta sinn farið eftir hinu gamla mati, sem kom í ljós, þegar það var tekið til endurskoðunar af þar til kjörnum mönnum, að var ófullkomið að ýmsu leyti og þar um ósamræmi að ræða, sem þurfti að leiðrétta og hefur verið gert á þann hátt, sem lögin mæltu fyrir um. Ég vil enn fremur benda á það, að ef að þessu ráði yrði horfið, sem hv. þm. A-Húnv. leggur til, þá mundi eignarskattur á fasteignum verða miklu lægri en hann hefur verið undanfarin ár, vegna þess að nú eru ekki lengur í gildi ákvæðin um 50% hækkun.

Eins og segir í grg. frv., er gert ráð fyrir því og byggt á áætlunum, sem skattstofan í Reykjavík mun hafa gert fyrir ráðuneytið, að eignarskatturinn í heild frá einstaklingum gefi svipaða upphæð og áður, ef frv. verður samþykkt.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefur borið fram brtt. við frv. á þskj. 518, og hefur hann gert grein fyrir þeirri till. Það er rétt, sem hann tók fram, að til þess er ætlazt eftir þeim brtt. frá meiri hl., sem fyrir liggja, að það verði framkvæmt sérstakt mat á þeim störfum, sem konur leggja fram á heimilum sínum ásamt mönnum sínum við öflun skattskyldra tekna. Ég hygg líka, að það sé ekki auðvelt að komast að niðurstöðu um þetta á annan hátt, því að heimilis- og búreikningar munu ekki yfirleitt vera færðir þannig hér á landi, að það sé hægt að byggja á niðurstöðum reikninga skiptingu á vinnu fjölskyldunnar við öflun tekna á heimili. Að þessu er vikið í þeirri grg., sem fylgdi till. um skattgreiðslu hjóna frá þeirri sérstöku n., sem samdi þær till., og er þar á það bent, að hlutur giftrar konu í tekjum, sem hún hefur tekið beinan þátt í að afla með manni sínum, verði ekki fundinn öðruvísi en með mati, en einmitt þess vegna telur sú n., að það sé rétt að hafa þarna eitthvert hámark, sem miðað yrði við, einkum vegna þess, hvað þetta mat getur í ýmsum tilfellum orðið erfitt í framkvæmd. En ég tel, eins og ég hef áður tekið fram, að það sé rétt að láta þetta ákvæði óbreytt standa eins og það kom frá þeirri n. og sjá, hver reynsla af því fæst, þegar til framkvæmdarinnar kemur.

Hv. þm. Borgf. sagði, að með þessu væri hlutur sveitakonunnar gerður lægri en annarra. En ég vil benda á, að það eru engin sérákvæði þarna um konur í sveitum. Hér gildir sama regla um allar konur, sem taka þátt í því með mönnum sínum að afla skattskyldra tekna. Og það er vitanlega víðar en í sveitunum, sem slíkt á sér stað.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það kom nú fram í þessari síðustu ræðu hv. frsm., þm. V-Húnv. (SkG), sem hann var raunar búinn að gefa í skyn áður, að hann vill ekki taka tillit til þeirra laga, sem um það fjalla, að eignarskatturinn sé áfram eins og hann var, áður en endurskoðun fasteignamatsins fór fram. En þar segir í 10. gr. laga nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna, að þegar hið nýja fasteignamat samkvæmt lögunum tekur gildi, skuli endurskoða gildandi lagaákvæði um eignarskatt og miðist sú endurskoðun við það, að skatturinn hækki ekki almennt vegna hækkunar á fasteignamatinu. Nú hef ég sýnt fram á það með glöggum tölum, að það er ekki nóg með það, að þetta sé algerlega svikið, heldur er eignarskattsstiginn mikið hækkaður umfram það frá því, sem áður var, og verður þess vegna gífurleg hækkun á þessum skatti frá því, sem áður var. En þetta á að fóðra með því að fella niður skatt á lægstu eignunum, upp undir 30 þús. kr., sem eru auðvitað smáar upphæðir.

Varðandi mína till. um að reikna út með gamla fasteignamatinu í þetta sinn, þá er það miðað við, að það verði haldið sig við lög og undirbúin breyting á þessum lögum fyrir næsta þing og þá komið því á, sem ætlazt var til með lögunum upphaflega. Það var ekki einasta það, að þetta ákvæði væri í lögunum, heldur er mér kunnugt um það og var margsinnis upplýst, að þetta var samningur milli þeirra flokka, er studdu fyrrverandi stjórn, að eignarskatturinn skyldi ekki hækka af þessum ástæðum. En það er eins og fleira, sem nú gerist hjá hv. stjórnarflokkum, að það er hvorki tekið tillit til loforða, samninga og jafnvel ekki laga, og má þó segja, að þar farist menn mjög á mis eftir því, hvaða menn þar eiga hlut að máli. Nú ætti það að koma í ljós við atkvgr. um mína brtt., hverjir það eru hér í hv. d., sem vilja fara eftir loforðum og lögum, sem áður voru sett um þetta efni.

Það þýðir ekki neitt fyrir hv. þm. V-Húnv. að vera með vífilengjur um það, að minn samanburður hafi ekki verið réttur. Ég tók það strax fram, að sá samanburður var á gildandi lögum, sem eru 14. gr. laga nr. 46/1954, og þessu frv. Það þurfti ekkert að fara milli mála eða valda neinum misskilningi. En tilbúningur hv. þm. er byggður á öðrum ástæðum, sem ég gaf ekki að neinu leyti tilefni til, að taka með þá hækkun, sem ákveðið hefur verið að innheimta skattinn með, því að það má alltaf gera slíka hluti og breytingu frá lögum varðandi þau efni, og mundi auðvitað enginn öruggur fyrir því, að það sé ekki hægt að samþykkja hér að innheimta þennan skatt, sem á að setja með þessu frv., líka með 50% álagi, ef fyrir því fengist meiri hluti hér á hv. Alþingi.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Út af ræðu hv. frsm. meiri hl. vil ég taka það fram, að ég gerði engar athugasemdir við það út af fyrir sig, þótt það ætti að meta hlut húsfreyjunnar í þeim tilfellum, sem þar um ræðir, úr heildartekjum

heimilisins. Það finnst mér, að eðlilegt geti verið að gert sé, t. d. að því er snertir konur í sveit. Þar telur bóndinn fram í einu lagi, og er gert ráð fyrir því, að svo verði það áfram eins og verið hefur og þess vegna sé þetta eðlileg leið til þess að ákveða hlut konunnar í sameiginlegum tekjum heimilisins. Ég hafði ekkert við það að athuga. Það, sem ég hef að athuga, er, að það skuli vera bornar verulegar brigður á það, að þetta mat geti staðizt eða fáist réttilega gert. Ég þekki nokkuð til um framkvæmd skattamála í sveitum, og ég hygg, að það megi alveg eins byggja á réttmæti slíks mat eins og yfirleitt er byggt á réttmæti framtalanna og þess vegna sé ekki nein ástæða til að vera að gera neinar sérstakar ráðstafanir í þessu tilfelli, frekar en gert er, þegar byggja á framtalinu yfirleitt. Það er að sjálfsögðu í langsamlega flestum tilfellum, sem þetta ákvæði tekur til húsmæðra, sem vinna í sveit. Það kunna að vera til einhverjar aðrar hliðstæður um sameiginlega tekjuöflun, sem er skattskyld, í öðrum tilfellum. En hér eru gerð alveg sérstök ákvæði, þegar konan vinnur utan heimilis. Þarna er eingöngu um að ræða sameiginlega vinnu hjónanna fyrir öflun skattskyldra tekna. En ég fyrir mitt leyti get alls ekki fallizt á það, að hlutur konunnar, sem vinnur með bónda sínum að sameiginlegum skattskyldum tekjum, sé í nokkurn máta rýrari en hlutur t. d. þeirrar konu, sem vinnur utan heimilis, og löggjöfin eigi að gera þeirri konu hvað þetta snertir hærra undir höfði en hinni, sem helgar heimilinu alla starfskrafta sína, bæði við uppeldi barnanna og sameiginleg störf við öflun tekna fyrir heimilið. En þetta virðist mér að sé gert með því að setja á hámark, sem dregur mjög niður þau hlunnindi, sem falla í skaut fyrst og fremst sveitaheimilanna, því að til þeirra tekur þetta fyrst og fremst.

Ég get því ekki fallizt á annað en brtt. mín um niðurfellingu á þessu ákvæði sé bæði réttmæt og sanngjörn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 101. fundi í Nd., 20. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 490,1 felld með 16:2 atkv.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 490,2—3 teknar aftur.
— 489,1 samþ. með 17:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 502,1 felld með 13:8 atkv.
3. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 502,2.a felld með 15:9 atkv.
— 502,2.b felld með 15:9 atkv.
— 518 felld með 17:11 atkv.
— 489,2 samþ. með 18:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 489,3.a (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 489,3.b (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 502,3 felld með 17:11 atkv.
— 502,4 felld með 17:11 atkv.
— 519 felld með 16:12 atkv.
5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 18:2 atkv.
6.—11. gr. (verða 8.—13. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 489,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 502,5 felld með 18:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 544).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Mér kom það á óvart, að hér var hringt til fundar núna, því að mér hefur ekki borizt dagskrá fyrir mitt leyti, og í ríkisútvarpinu var það tilkynnt í hádeginu, að í Alþingi yrðu í dag einungis fundir í Nd. En ég kom hérna fram hjá og leit inn, einmitt á þeim tíma þegar var verið að hringja frá forsetastól, að mér skilst, til að kalla þm. saman. Mér finnst þetta furðuleg vinnubrögð, að láta tilkynna það í útvarpi á réttum fréttatíma, að hér verði enginn fundur í dag, og svo allt í einu er mönnum hópað saman.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum hjá hæstv. forseta.

Forseti (BSt): Hvað það snertir, að eitthvað hafi verið tilkynnt um fundarhöld hér í d. í ríkisútvarpinu, þá bað ég ekki ríkisútvarpið að tilkynna neitt um fundarhöld hér, hvorki eitt né annað. Ég frábið mér því allar aðfinnslur út af því. Á hinn bóginn fól ég skrifstofunni og símavörzlu Alþingis fyrir um það bil klukkutíma að boða alla þm. d. á þennan fund og lagði ríka áherzlu á það, að allir hv. þm. d. fengju tilkynningu um fundinn. Við erum nú jafngamlir á þingi, ég og hv. þm. Vestm., og munum báðir sjálfsagt eftir því ótal sinnum, að þegar mjög líður að þinglokum, eru oft kallaðir saman fundir, án þess að borin sé prentuð dagskrá til þingmanna.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég hef hvorki fengið símahringingu né prentaða dagskrá aðra en þá, sem gilti fyrir fund í Nd. í dag. Hún beið mín heima, eins og venjulegt er um dagskrár, um hádegi. Og hvað það snertir, að hæstv. forseti hafi ekki látið útvarpinu í té fregn um þetta mál, þá er það áreiðanlegt, að það er eins og ég sagði, að það var sagt frá því í fregnum, að það yrði enginn fundur í öðru en Nd. hér í dag, og ég kannast ekki við, að maður sé skyldur til að gegna fundarboði, sem kemur á þann hátt eins og nú í hendur manns algerlega af tilviljun og

án þess að farið sé að formlegum leiðum í því, því að síðast þegar fundi var slitið í þessari hv. d., þá sagði forseti, eins og venja er til, að næsti fundur yrði boðaður með dagskrá.

Forseti (BSt): Að boða þm. fund með dagskrá getur verið bæði prentuð dagskrá og munnleg. Það er fullkomin fundarboðun að boða mann í síma. Hér fæ ég lista frá starfsliði Alþingis um það, hverjum hafi verið boðaður þessi fundur símleiðis, og virðist öllum hafa verið boðaður hann nema hv. 8. landsk. þm., það virðist ekki hafa náðst í hann. Hér er merkt við hv. þm. Vestm. einnig. (**Gripið fram í:** Aldrei hringt.) Það hefur án efa verið hringt heim til hv. þm. (Gripið fram í.) Ég veit ekki um það, þetta er ósköp venjulegt. Ekki getur forseti sjálfur farið til allra þm. En sé svo, að hv. þm. hafi ekki verið boðaður fundurinn, þá verð ég að biðja hann að afsaka það. Það er ekki mér að kenna. Ég lagði svo fyrir, að öllum hv. þm. d. væri boðaður fundur, og þessa fundarboðun yfirleitt tel ég algerlega löglega, enda er það undir atkvæðum deildarmanna komið, hvort hér verður nokkurt mál tekið fyrir, því að það mál, sem á dagskránni er, þarf afbrigði, og hv. d. getur fellt það að taka málið fyrir. (**Gripið fram í:** Hvaða mál er það, með leyfi?) Það er frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 130. mál, Nd., þskj. 544. — 1. umr. Ef leyft verður. Er þá gengið til dagskrár og dagskrármálið tekið fyrir, sem er tekjuskattur og eignarskattur, frv., 130. mál, Nd., þskj. 544 1. umr. Ef leyft verður. Og með leyfi d., ef það fæst, er vitanlega dagskráin þar með samþykkt.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur nú legið lengi fyrir hv. Nd., og ég geri fastlega ráð fyrir því og raunar veit, að efni þess er hv. þdm. hér mætavel kunnugt, því að meiri háttar atriði, sem í því eru fólgin, hafa verið talsvert mikið rædd almennt. Ég vil segja frá þeim með örfáum orðum samt sem áður.

Það er fyrst, að settar eru nýjar reglur um skattlagningu félaga, sem gera ráð fyrir því, að stighækkandi skattur á félögum sé afnuminn, en þess í stað komi eitt skattgjald. Þetta er aðalatriðið að því er varðar hið nýja fyrirkomulag um skattlagningu félaga.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að nýjar reglur verði settar í lög um skattframtöl og skattgjald þeirra hjóna, sem vinna bæði að öflun skattskyldra tekna, og eru um þetta allýtarlegar reglur í frv.

Þá eru í þessu máli ný ákvæði um eignarskatt, sem eiga að vera til þess, að eignarskattsbyrðin í heild aukist ekki við hið nýja fasteignamat, og er það í samræmi við lagaákvæði, sem um þetta efni var lögfest, þegar lögin um nýja fasteignamatið voru samþykkt.

Þá er í málinu gert ráð fyrir því að auka eða hækka þann sérstaka frádrátt, sem fiskimönnum er heimilaður í skattalögunum. Er það ákvæði í frv. í samræmi við samkomulag, sem varð um það atriði við stéttarfélög sjómanna.

Loks eru í frv. ákvæði um frekari lækkun á skatti á lágtekjum en áður hefur verið lögfest. Þessi eru höfuðatriði málsins.

Ég vil svo taka fram, að þetta frv. hefur tafizt nokkuð mikið í hv. Nd., m. a. út af því, að beðið var eftir því, að fram kæmi uppástunga um fyrirkomulag á skattgjaldi þeirra hjóna, sem vinna bæði að öflun skattskyldra tekna. Vegna þessa dráttar hafa skattanefndir víðs vegar um landið og skattstjórar orðið að bíða með sín lokastörf og ekki getað lagt síðustu hönd á skattaálagninguna. Er þessi bið orðin ákaflega löng nú þegar. Hér við bætist, að mjög líður nú vonandi að þinglokum. Af þessum ástæðum vildi ég leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta og hv. d., að máli þessu verði hraðað í gegnum þessa hv. d., þannig að þetta frv. gæti fengið afgreiðslu og skattanefndir farið að vinna að því fullum hraða að ljúka störfum sínum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég varð þess ekki var í ræðu hæstv. fjmrh., að hann legði til, að málinu yrði vísað til hv. fjhn. Það má vera, að það hafi farið fram hjá mér. En ef hann hefur ekki gert það að sinni till., þá vil ég leggja það til, að málinu verði vísað þangað til athugunar.

Ég skal ekki gera þetta mál að umræðuefni neitt að ráði á þessu stigi, en það hefur í umr. um það komið mjög fram, að hér væri létt stórum álögum af atvinnurekstrinum, þ. e. a. s. af félögum.

Nú er það þannig, að hér er um að ræða bæði tekjuskatt og stríðsgróðaskatt. Tekjuskatturinn rennur allur í ríkissjóð, en stríðsgróðaskatturinn skiptist milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Nú er ætlunin að fella stríðsgróðaskattinn niður. Nú kemur það hins vegar fram í grg. frv., að tilgangurinn er ekki sá að draga úr tekjum ríkissjóðs af heildarsköttum fyrirtækja eða félaga. Það segir í grg. á bls. 5 og hefur þó komið enn skýrar fram á öðrum stöðum, að gert sé ráð fyrir, að þessi nýja tilhögun gefi ríkissjóði svo til sömu heildarskatta og áður. Ef þetta frv. felur þannig í sér svo mikla leiðréttingu fyrir félögin, þá er mér spurn: Er það þá eingöngu á kostnað sveitarfélaganna, sem þessi létting gjalda á að vera? Nú er það öllum kunnugt, að sveitarfélögin hafa svo að segja aðeins einn tekjustofn, sem eru útsvörin, og á undanförnum árum hefur hvað eftir annað verið rætt um það á Alþingi og skipaðar nefndir í það mál að reyna að finna nýja tekjustofna handa sveitarfélögunum. Lítill árangur hefur að vísu orðið af því. En nú fyrir fáeinum dögum samþykkti fjhn. þessarar deildar einróma að flytja hér till. um að skora á ríkisstj. að athuga og gera till. um nýja tekjustofna sveitarfélaga og leggja frv. um það fyrir næsta Alþingi. Sú till. hv. fjhn. mun væntanlega verða lögð hér fram mjög fljótlega. En meðan sveitarfélögin í landinu — ég vil segja öll eða svo að segja öll — stynja undir því að hafa ekki aðra tekjustofna við að styðjast en útsvörin og það er stefna Alþingis að

reyna að finna nýja eða aukna tekjustofna handa sveitarfélögunum, þá er mér spurn: Er það ætlun hæstv. fjmrh. með þessu frv., að án þess að sveitarfélögunum sé séð fyrir nokkrum nýjum tekjustofnum, eigi að svipta þau þessum tekjustofni, og er sem sagt öll leiðréttingin á skattgreiðslu félaga með þessu frv. fólgin í því, að ríkissjóður á að hafa sitt eins og áður, en sveitarfélögin eiga að missa sínar tekjur?

Að vísu má segja, að til þess að ná þessu upp hafi sveitarfélögin þá leið að hækka sín útsvör. Nú ætla ég, að flestum þyki, að æskilegt sé að þurfa ekki að hækka neitt að ráði heildarupphæðir útsvara sveitarfélaganna né heldur útsvarsstiga. En meðan málin horfa svo sem nú er, þá er vant að sjá, meðan sveitarfélögin fá enga nýja tekjustofna, hvaða leiðir þau hafa þá aðrar en að hækka enn útsvörin til þess að mæta þeim tekjumissi, sem þau verða fyrir samkvæmt þessu frv.

Mér finnst rétt að láta þessi sjónarmið koma fram, vegna þess að allmikið hefur á því borið, að með þessu frv. væri verið að bæta stórlega hag atvinnurekstrarins í landinu, en sem sagt, grg. sjálf segir: ríkissjóður á einskis í að missa, og ég vænti, að hæstv. fjmrh. geri hér glögga grein fyrir því, hvort þetta á allt saman að ganga út yfir sveitarfélögin og á þeirra kostnað.

Forseti (BSt): Ég vil geta þess, að hér kom til mín einn af hv. þdm. og tjáði mér, að hann hefði ekki fengið boð um þennan fund, auk hv. þm. Vestm., en þó stendur hér á skrá yfir hv. þdm. frá símaþjónustunni, að hann hafi fengið boðið. Ég vona, að þetta komi ekki aftur fyrir, og ég get ekki sakað mig um þetta, því að ég lagði það alveg skýlaust fyrir símaþjónustuna að boða alla hv. þdm. á fundinn.

Til að taka af öll tvímæli um næsta fund, þá verður hann haldinn á morgun á venjulegum fundartíma og þetta sama mál væntanlega tekið á dagskrá, ef n. hefur lokið störfum, og e. t. v. einhver fleiri mál, en að öðru leyti verður fundurinn boðaður með dagskrá. Ég mun eftirleiðis ganga úr skugga um það sjálfur, ef þarf að boða skyndifund, að það sé gert þá ýtrasta, til þess að allir hv. þdm. fái að vita um það.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru aðeins fáein orð út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. tók fram. Ég held, að hann hafi allt of þröngt sjónarmið í þessu máli, og bara af því tilefni vil ég aðeins undirstrika, hvað mér sýnist aðalatriðið í þessu frv. Aðalatriðið í þessu frv. er ekki það, hvort félögin í landinu, ef tekin eru skattaframtöl þeirra, eins og þau hafa verið undanfarin ár, og borið saman, hvað þau eigi að greiða mikið í heild samkv. þessu frv. og eftir gamla laginu, eiga að greiða samtals meira eða minna. Aðalatriðið frá mínu sjónarmiði í þessu frv. er sú breyting á skattlagningaraðferðinni, sem hér er stungið upp á, og það er sú breyting, sem ég tel að hafi höfuðþýðingu fyrir atvinnureksturinn í framtíðinni.

Áður hefur þessu verið þannig háttað, eins og við vitum, að það hafa verið háir stighækkandi skattar á félögunum. Þetta hefur gert það að verkum, að félög, sem hafa með höndum meiri háttar atvinnurekstur og þess vegna verið nokkuð stór og þar af leiðandi að eðlilegum hætti þurft að hafa og verið réttmætt að hefðu í krónutölu hærri tekjuafgang en önnur félög, sem hafa haft minni verkefni með höndum og hafa þá haft að krónutölu lægri tekjuafgang, — að þessi félög hafa borgað miklu meira af sínum tekjum í skatta til ríkis og bæja heldur en hin, þó að þau hafi í sjálfu sér alls ekki haft tiltölulega neitt hagstæðari útkomu.

Þetta hefur stighækkandi reglan gert að verkum. Og hún hefur gert annað að verkum. Þegar menn hafa séð þetta í hendi sér, hafa menn sótt á að deila atvinnurekstri niður í smáfélög, en það hefur verið mjög óheppilegt fyrir þróun atvinnulífsins. Menn hafa verið ákaflega ragir við að koma upp myndarlegum félögum, sem hefðu með höndum stór verkefni, af ótta við þessa stighækkandi skattstiga. Menn hafa séð, að þó að þessi félög hefðu tiltölulega lítinn afgang, þá var skatturinn samt gífurlega þungur, vegna þess að hann var miðaður við stighækkandi skatt á þann hagnað, sem fram kom. Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, er einmitt þetta, að hafa ekki stighækkandi skatt, heldur fasta prósentu, alveg án tillits til þess, hvort félagið hefur mikinn eða lítinn afgang, eða sagt með öðrum orðum, hvort félagið er lítið eða stórt. Þetta ætla ég að geti orðið stórfelldur léttir í framtíðinni fyrir atvinnureksturinn og haft mjög góð áhrif almennt í þá átt, að menn verði djarfari en áður hefur verið í því að stofna myndarleg félög, sem hefðu með höndum stór verkefni, jafnvel félög, sem nytu miklu almennari þátttöku en áður hefur átt sér stað, og það til að sinna stórum verkefnum, en það hætti, sem verið hefur undanfarið, að menn geri ráðstafanir til þess að kljúfa atvinnureksturinn niður í smáfélög, en séu mjög hikandi við að stofna til meiri háttar samtaka.

Þetta er svo stórkostlegt atriði í mínum augum, miðað við þessa reynslu, að mér finnst, að allir ættu að sameinast um að innleiða þessa breytingu, hvað sem svo líður metingi um tekjur ríkis og tekjur sveitar- og bæjarfélaga. Þetta er að mínu viti aðalatriði málsins. Og ég er alveg sannfærður um, að þó að hægt sé að reikna þetta dæmi eins og það er reiknað í grg., að ríkissjóður mundi hafa álíka tekjur í heild og áður, miðað við þær skýrslur, sem fyrir liggja, þá hefur þetta þær breytingar í för með sér á atvinnurekstrinum í landinu, að til stórfellds ávinnings verður. Og verður það auðvitað líka, ef allt fer að líkum, til stórfellds ávinnings fyrir bæjar- og sveitarfélögin.

Ég tel því, að það sé alls ekki rétt að láta þetta mál bíða eða blandast inn í vandamálið um tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga. Þetta mál hefur ákaflega lengi tafizt einmitt af því, að það hefur ofizt inn í það vandamál, sem er mjög margþætt. En loks var tekin ákvörðun um að taka þennan mikilsverða þátt út úr og reyna að leysa hann til hagsbóta fyrir atvinnureksturinn á þessa lund. Ég vil þess vegna vona, að það verði sæmilegt samkomulag um að gera

þessa breytingu, hvað sem öðrum vandamálum líður.

Jón Kjartansson: Ég skal ekki orðlengja þetta mikið. Ég verð að taka undir þau ummæli hv. þm. Vestm., að meðferðin á málinu hér í þessari hv. d. er dálítið einkennileg — að knýja málið fram nú og taka það fyrir alveg fyrirvaralaust, en málið er búið að liggja svo til í allan vetur í Nd. En það þýðir ekkert um það að ræða hér. Mér hefði satt að segja fundizt, að það hefði þurft að fylgja þessari breytingu, sem hér er gerð á skattgreiðslu félaga, breyting á útsvarslögunum. Það er vitaskuld alveg rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. segir, að þetta frv. gengur svo til eingöngu yfir bæjar- og sveitarfélögin. Þau geta ekki haft önnur úrræði, ef á að svipta þau þeim tekjustofnum, sem þau hafa að lögum, en að leggja á hækkað útsvar og þá vafalaust á sömu aðila sem við ætlum hér að lækka skatt á.

En það var nú ekki eingöngu þetta, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, heldur vildi ég mjög eindregið skora á hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, að hún láti ekki það ranglæti lögfestast, sem hér er gert við skattgreiðslu hjóna. Ég tel það hróplegt ranglæti, sem er Alþ. ekki samboðið að lögfesta. Það á að ívilna þeim hjónum, þar sem konan vinnur utan heimilis. Við skulum hugsa okkur barnlaus hjón, sem hafa góðar aðstæður, eða hjón, sem eiga eitt eða tvö börn og geta kostað þau á dagheimili. Þau eiga að fá þessa ívilnun. En húsmóðir, sem hefur fimm börn á heimili og hefur ekki efni á að kaupa neina aðstoð heimilinu og getur þar af leiðandi ekki unnið utan heimilis, hún fær engin hlunnindi í skattgreiðslu hjá ríkinu. En hvort halda nú hv. alþm. að sé heilbrigðara fyrir þjóðfélagið, starf húsmóður, sem hefur umsjá fimm barna á heimili, eða hinnar, sem hefur eitt eða tvö börn, sem hún getur ekið niður á barnaheimili og unnið sjálf utan heimilisins? Ég spyr: hvort halda menn sé þjóðhollara starf? Ég neyðist til að endurtaka það sama sem ég sagði hér — ég held á síðasta þingi eða næstsíðasta. Það voru kvenréttindakonur í Danmörku á fundi, er fengu frægan prófessor til að ræða þetta mál. Prófessorinn sagði þessum kvenréttindakonum: Það borgar sig fyrir ríkið að greiða þeim húsmæðrum laun, sem vilja starfa á heimilunum, heldur en hinum, sem fara út fyrir heimilið. — Þetta sagði hann. Og þetta er vafalaust hárrétt. Ef það á að sundra heimilunum, þá held ég, að þjóðfélagið fari illa.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. lýsti hér afstöðu sinni í sambandi við hinn svonefnda hjónaskatt, og það kom fram hjá honum misskilningur, sem er ákaflega ríkur á því stigi hugsunar um þessi mál, þegar ekki er búið að brjóta þau fullkomlega til mergjar.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir og er til umræðu, er reynt að taka til greina fyrst og fremst það ranglæti, sem verið hefur milli skattgreiðslu einstaklinga og hjóna, og leiðrétta það. Í öðru lagi er reynt að jafna milli hjóna eftir þeim aðstæðum, sem þau hafa. Það er gert ráð fyrir því, að konur, sem vinna úti, fái ívilnun með frádrætti á tekjum, vegna þess að þær afla skattskyldra tekna og geta vitanlega ekki á sama tíma unnið heimili sínu við heimilisstörf; en enn fremur eru líka konur, sem ganga að vinnu með mönnum sínum við öflun skattskyldra tekna, eins og sveitakonan, sem gengur á engi, eða iðnaðarmannskonan, sem vinnur að iðnaði á verkstæði manns síns, veitingamannskonan, sem vinnur með manni sínum að veitingasölu, kaupmannskonan, sem er í búðinni með manni sínum, o. s. frv. Ef þessar konur eða heimili þeirra fengi ekki einhverjar ívilnanir hliðstæðar þeim, sem útivinnukonan og heimili hennar fá og menn yfirleitt skilja að eigi að fá ívilnanir í skóttum frá því, sem nú er, þá væri þarna ranglæti framið. En svo eru eftir konurnar, sem hv. þm. V-Sk. benti á, — konurnar, sem vinna eingöngu við heimilishaldið. Hann telur, að þær verði fyrir hróplegu ranglæti, þegar borið er saman við konurnar, sem vinna úti, — hróplegu ranglæti, að því er reglur þær, sem frv. felur í sér, gera ráð fyrir. Og hann nefnir til samanburðar hjón, sem eiga tvö börn. Konan vinnur úti og fer með börn sín á dagheimili, hún fær frádrátt af tekjuöflun sinni, sem er hreinlega skattskyld. Ég held því fram, að þetta sé ákaflega eðlilegt, vegna þess einmitt að hún fer með börn sín á dagheimilið og þarf að gjalda fyrir að hafa þau þar. Hún getur sem sé ekki sinnt heimili sínu á sama tíma, sömu stundum og hún vinnur að tekjuöfluninni. Hin hjónin eru svo hjónin, sem eiga fimm börn, og konan fer ekki út til að afla tekna, en vinnur að gæzlu og umsýslu barnanna heima. Sú kona vinnur heimilinu fyrir óbeinum tekjum, sem eru ekki skattskyldar. Það er sá mikli munur á þessari aðstöðu. Yfirleitt er það svo, að það, sem konurnar vinna fyrir heimili sín, er ekki skattlagt. Og ég tel, að það sé réttmætt, að það sé ekki gert, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, eins og örlaði á hjá hv. þm. V-Sk., að það sé heppilegt einmitt, að konur vinni sem mest heima og byggi upp heimili sín. Ef hv. þm. V-Sk. getur ekki eytt þeirri ímyndun sinni, að ranglega sé gert upp í frv. á milli þessara tveggja hjóna, þá vil ég ráðleggja honum að hugsa sér það, að t. d. kona hans færi að vinna fyrir skattskyldum tekjum úti, og reikna það út, hvað hann þyrfti að kaupa af vinnu í staðinn fyrir heimilið, til þess að konan gæti farið út til að vinna. Ef hann reiknar það, þá sér hann í raun og veru, hvað það er mikið, sem konan vinnur fyrir og er skattfrjálst í heimilinu hjá honum og öðrum þeim heimilum, þar sem konurnar vinna heima.

Það er enginn vafi á því, að ef ætti t. d. að veita þeim heimilum, þar sem konan vinnur innistörfin að heimilishaldinu og aflar engra skattskyldra tekna, hliðstæðan frádrátt þeim, sem ætlaður er öðrum hjónum, sem frv. ræðir um, þá yrði það ekki gert, svo að réttlátt væri, nema með því að meta tekjur af vinnu konunnar heima í heimilinu og leggja þær við þær raunverulegu tekjur hjónanna, sem nú eru fram taldar, — leggja þær við þær og draga svo frá. Og að gera það, væri náttúrlega hægt reikningslega, þó að mat í slíkum efnum hlyti að verða mjög svo vandasamt og ólíklegt, að það yrði fullkom-

lega réttlátlega framkvæmt. En víst er um það, að þetta væri mikil skriffinnska og í raun og veru farið þá út á þær leiðir með skattframtölin, sem eru meira mat en heppilegt er. En undir öðrum kringumstæðum væri ekki hægt að taka upp, svo að réttlátt væri, frádrátt vegna heimilishaldsvinnu eiginkonunnar.

Jón Kjartansson: Hv. þm. S-Þ. taldi hér upp nokkrar húsmæður, konur, sem honum fannst eiga fullan rétt á ívilnun í skatti, því að þær geta haft aðstöðu til að vinna utan heimilanna og afla þar af leiðandi tekna. En hann gat ekki um húsmóðurina, eins og hann vildi ekki meta neitt hennar starf, — þá húsmóður, sem verður að vinna á heimilinu. Hann sagði þó í lokin, að það mætti reikna henni einhvers konar vinnukonukaup og bæta því þá við tekjur bóndans. Ég hélt nú satt að segja, að það væri greiðandi eitthvað fyrir það, að konan vinnur þessi störf á heimilunum, þjóðfélagslega séð. Ég hélt það þyrfti ekki endilega að segja við húsmóðurina: Jú, þú getur fengið einhverja ívilnun með því að bæta vinnukonukaupi ofan á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. — Ég hélt, að starf húsmóðurinnar væri meira metið en kemur fram í ræðu þessa hv. þm.

Ég skora eindregið á hv. n. að athuga rækilega þennan hjónaskatt og láta eitt og sama yfir alla ganga, ekki vera að refsa þeim húsmæðrum, sem vinna nytsamasta starf í þjóðfélaginu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi nú fyrst og fremst að gefnu tilefni leyfa mér að skora á hv. þm. V-Sk. að hugsa þessi mál ýtarlegar og betur en hann auðheyrilega hefur gert. Það er á engan hátt verið að refsa þeirri konu, sem vinnur heimastörfin, þó að heimili hennar fái ekki sérstakan frádrátt vegna hennar starfa, vegna þess að hennar störf eru alls ekki reiknuð heimilinu til skattskyldra tekna, hennar störf eru skattfrjáls, og á þann hátt fær heimili hennar ívilnun. Og ef hann veltir fyrir sér dæmunum, þeim sem hann tók áðan, annars vegar um hjónin, sem fara með börn sín á dagheimilið, til þess að konan geti unnið úti, þá blasir þetta við. Í stað þess að fara á dagheimilið með fimm börnin, þá vinnur síðarnefnda konan að gæzlu þeirra og umönnun heima, og þar af leiðandi aflar hún þannig tekna með vinnu sinni, vinnu, sem hin hjónin þurftu að kaupa og kemur til frádráttar þeim tekjum, sem konan aflaði þar, meðan hún hafði börn sín á dagheimilinu.

Ég vil skora á hv. n. að gera rækilegan samanburð á aðstöðu þessara tveggja hjóna, og ég efast ekki um það, að hún gerir það og kemst að þeirri niðurstöðu, að það er rétt gert upp á milli hjónanna, eftir því sem till. eru í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 544, n. 558 og 559, 552, 554).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls rakti hæstv. fjmrh. efni frv. í stórum dráttum. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, sem hann sagði, enda munu allir hv. þdm. hafa kynnt sér frv.

Fjhn. d., sem málinu var vísað til, ræddi það á tveimur löngum fundum í gær. Verð ég að kannast við það, að ég beitti meðnm. mína töluverðri vinnuhörku þá, en ég vona, að þeir séu þó óskemmdir af.

En ástæðan til þess, að ég lagði áherzlu á að fá málið afgr. í n. og einnig að ég boðaði þennan fund í dag sérstaklega til þess að koma þessu máli áleiðis, er sú, að það er orðið mjög bagalegt a. m. k. og raunar alveg óforsvaranlegt, að skattanefndir landsins vita ekki enn þá, eftir hvaða reglum á að leggja skatta á fólkið. Að vísu ber þessi hv. d. enga ábyrgð á, hvað málið hefur dregizt. Það hefur tafizt óeðlilega í hv. Nd. En ég sé enga ástæðu til þess, að þessi hv. d. taki sér vinnubrögð hv. Nd. til fyrirmyndar, heldur þvert á móti. Samt hefur sá hraði ekki verið hafður á, að málið hafi ekki fengið algerlega þinglega meðferð hér í þessari hv. deild.

Á fundum sínum í gær fékk fjhn. ýmsa aðila, sem hafa haft afskipti af þessu máli, til viðtals og ræddi við hvern þeirra um sig þann þátt frv., sem hann varðaði sérstaklega.

Frv. er að stofni til samið af n., sem Skúli Guðmundsson, hv. þm. V-Húnv., var form. í. Ræddi n. við hann sérstaklega um félagaskattinn, sem var aðaltillaga þeirrar nefndar. N. ræddi einnig við Jón Sigurðsson erindreka, form. Sjómannasambandsins, og þá sérstaklega um skattafríðindi þau, sem sjómönnum eru ákveðin í frv. Einnig ræddi n. við Karl Kristjánsson, hv. þm. S-Þ., um þau ákvæði frv., er snerta skattgreiðslu hjóna, en hann hafði verið í n., sem undirbjó þann þátt frv. Alþingismennirnir, hv. þm. S-Þ. og hv. þm. V-Húnv., mæltu með þeim þáttum frv., sem n. ræddi við þá um. Jón Sigurðsson erindreki sagði að vísu, að fiskimenn mundu óska eftir algeru skattfrelsi, — og hvaða stétt mundi ekki gera það, ef hún væri um spurð? Hins vegar viðurkenndi hann, að skattfríðindi þau, sem sjómönnum eru ákveðin í frv. og fiskimönnum sérstaklega, væru í samræmi við loforð, sem þeim höfðu verið gefin í sambandi við kjarasamninga, og má því næstum skoða þessi ákvæði sem samning við fiskimenn, og samningum er sjálfsagt mjög varhugavert að breyta með lögum.

Auk þessara manna ræddi n. við Jónas Guðmundsson, form. Sambands íslenzkra sveitarfélaga, um viðhorf bæjar- og sveitarfélaga til frv. Jónas kallaði síðan stjórn sambandsins til fundar, og sendi hún bréf síðar á fundinn. Það bréf ætlaði ég að lesa hér upp, það er mjög stutt, en því miður veit ég ekki vel, hvar það er. Ég hélt, að ég hefði haft það hér hjá mér í skúffunni. — Nú, hér er það komið prentað sem fskj. við álit hv. minni hl. n., og þarf því ekki að lesa upp, þar sem hv. þm. hafa það fyrir augum. Þessu bréfi fylgdi skrá yfir striðsgróðaskattinn á árinu 1956. Við athugun þessarar skrár kom það í ljós, sem ég skal játa að mér kom á óvart, að sveitarfélögin missa furðulega

lítils í samkv. frv. og fá það væntanlega að fullu bætt með meira gjaldþoli margra fyrirtækja, ef frv. verður samþ. Í raun og veru er þessi hluti sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti ekki teljandi nema í Reykjavík. Í Reykjavík er hann 3 millj. og einhver hundruð þúsund króna, ef ég man rétt, og má segja að sjálfsögðu, að það muni um þá upphæð nokkuð, en þó ekki ýkja mikið í þeim háu tekjum, sem Reykjavíkurbær hefur. Hvað önnur sveitarfélög snertir, þá sé ég ekki, að það muni þau að neinu ráði. Til dæmis er sá hluti, sem Akureyrarbær, þar sem ég bý, fær af stríðsgróðaskatti, lítið hærri en útsvarið mitt, og þá geta menn getið nærri, að það mun ekki mikið muna um það. Í sumum bæjum er það miklu minna og öðrum sveitarfélögum.

Ég verð að segja það, að í n. kom ekki fram mikill ágreiningur um þetta mál. Þó fór það svo, að n. fylgdist ekki að um eitt nál. Meiri hl. n., hv. 8. landsk., hv. 4. þm. Reykv. og ég, leggur til, að frv. verði samþ. Við bindum okkur ekki við, að það sé endilega óbreytt, en tveir hv. nm., hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. N-Ísf., tóku ekki þátt í atkvgr. um málið, en sögðust mundu skila séráliti. Nú var þessu nál. þeirra útbýtt hér á fundinum fyrir augnabliki, og hef ég ekki haft tíma til að lesa það. E. t. v. bera þeir fram einhverjar brtt., þó að þær fylgi ekki þeirra nál., og sé ég ekki ástæðu til þar af leiðandi og ekki við því búinn að ræða þeirra nál. né þær brtt., sem annars staðar liggja fyrir, fyrr en flm. hafa gert grein fyrir þeim, eða þá að ég sé ástæðu til þess að gera aths., sem ekkert er víst.

En það er sem sagt till. meiri hl. n., að frv. verði samþ., og er það að líkum, að meiri hl. óskar þá jafnframt eftir því, að það verði með sem allra minnstum breytingum.

Og hvað sem öðru líður um breytingar, þá er nokkuð á það að líta, hve mikið liggur á því að fá þetta mál afgert, og ef það á að sendast aftur til hv. Nd., þá gæti það eftir fenginni reynslu að dæma töluvert dregizt, að úrslit á málinu fengjust.

Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru fyrst örfá orð um málsmeðferðina á Alþingi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er stjórnarfrv., og því var útbýtt í hv. Nd. 24. febr. Það var svo afgr. þaðan 22. maí, eftir sem sagt þriggja mánaða meðferð þar. Þegar það kemur til þessarar d. í fyrradag, þá er kallaður saman fundur hér á óvenjulegum tíma fyrirvaralítið, þar sem þetta mál er tekið á dagskrá og lögð á það áherzla af fjmrh., að það sé afgr. með skyndingu, helzt jafnvel sama dag. Að vísu varð nú sú ekki raunin á, og d. samþykkti að vísa málinu til fjhn. til athugunar, þótt ætlun fjmrh. virðist hafa verið sú að ganga fram hjá n. í jafnþýðingarmiklu máli. Hins vegar hefur eftirrekstur verið það mikill á eftir þessu máli, að því fer fjarri, að nægur tími hafi fengizt til þess að athuga það ofan í kjölinn og fá allar þær upplýsingar og skýringar, sem æskilegt hefði verið.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess réttilega, að við ættum í þessari hv. d. ekki að taka okkur Nd. til fyrirmyndar. En ég vil segja, að eitthvað má nú á milli vera, einhver millivegur ætti að vera til, að liggja í þrjá mánuði yfir frv. eða krefjast þess, að það sé til athugunar í d. aðeins einn, tvo eða í mesta lagi þrjá daga, fyrir allar þrjár umr. og athugun n. Og eins og ég hef nú tekið fram við hinn virðulega forseta þessarar d., sem um leið er formaður fjhn., þá skoraði ég á hann að hafa í huga, sem hann jafnan hefur, virðingu þessarar d. með því að ætla henni nokkru rýmri tíma en þetta til athugunar á svo þýðingarmiklu máli. Það er svo vafalaust rétt hjá honum, að það er orðið mjög aðkallandi fyrir skattanefndir að fá að vita ákveðið, eftir hvaða lögum eigi að leggja á skatta nú í ár. En þessir miklu annmarkar á meðferð málsins, of mikill dráttur í Nd. og of mikill hraði í þessari d., skrifast auðvitað fyrst og fremst á reikning hæstv. ríkisstj. eða fjmrh., sem hefur flutt málið, og hefði þá átt að athuga það í tæka tíð, áður en málið kom hingað, að það væri jafnaðkallandi fyrir skattanefndir og hv. form. fjhn. lætur nú í skína.

Þessar aths. vildi ég láta koma fram hér um sjálfa málsmeðferðina. Ég vil um leið taka það fram, að hv. frsm. og form. fjhn. varð fúslega við óskum okkar í minni hl. um að reyna að afla álits eða fá til viðtals á fundi fjhn. suma þá aðila, sem við óskuðum eftir, en hins vegar fékkst ekki að ræða við alla þá aðila, sem óskað var eftir, m. a. skattstjórann í Reykjavík og fleiri þá, sem við óskuðum upplýsinga frá, — en ég vil taka það fram, að hann varð fúslega við því að ná í suma þessa aðila.

Þetta frv. hefur bæði sína kosti og galla. Það er í því merkilegt ákvæði og þýðingarmikið, að því er snertir hámark eða ákvörðun á skattgjaldi félaga. Það hefur verið svo síðan 1942, þegar lögleiddur var stríðsgróðaskattur hér á landi, að stríðsgróðaskattur og tekjuskattur til samans hafa verið mjög háir og numið af tekjum, sem eru fram yfir 200 þús. kr., 90% af tekjunum. Um leið var svo ákveðið, að sveitarfélög mættu ekki leggja útsvar á þann hluta teknanna, sem fram yfir væri 200 þús., en í staðinn skyldu sveitarfélögin fá 45% af stríðsgróðaskatti, sem til félli þar.

Nú er það auðvitað ljóst, að meiri háttar atvinnurekstur getur auðvitað ekki þrifizt í landinu með slíkri skattaáþján eins og þessari. Þessi skattalög, sem gilt hafa allan þennan tíma, í 16 ár, hafa lamað stórlega atvinnureksturinn í landinu og þá fyrst og fremst allan meiri háttar atvinnurekstur, þar sem gera má ráð fyrir, að hagnaður, a. m. k. sum árin, fari yfir þessa fjárhæð, 200 þús. kr., eða nálgist þá upphæð.

Það hefur því verið og er hin brýnasta nauðsyn að kippa þessum málum í lag og færa skattgjöldin af hinum hærri tekjum til ríkissjóðs í skaplegra horf til þess að veita atvinnurekstrinum nægilegt svigrúm og möguleika til að þróast og dafna. En um leið og ég tel mikla nauðsyn á þessu, vil ég taka það jafnframt fram, að ég tel brýna nauðsyn til bera að lækka þær álögur, þau útsvör, sem sveitarfélögin taka af atvinnurekstrinum, sumpart með allháum útsvarsstigum og sumpart með svokölluðum veltuútsvörum.

Nú er það svo, að ríkissjóður styðst ekki

nema að tiltölulega litlu leyti við þessa beinu skatta, tekjuskatt og stríðsgróðaskatt. Langsamlega mestur hluti af tekjum ríkissjóðs er hinir óbeinu skattar, tollar, innflutnings- og aðflutningsgjöld, söluskattur o. s. frv., og á hinum síðari árum hefur hluti hinna beinu skatta af heildartekjum ríkissjóðs farið sífellt minnkandi. Þess vegna verka tekjuskatturinn og stríðsgróðaskatturinn ekki ýkjamikið í heildartekjum ríkissjóðs.

Fyrir sveitarfélögin gegnir hér gerólíku máli. Þar eru hinir beinu skattar — útsvörin — yfirgnæfandi hluti af tekjum og starfsfé sveitarfélaganna, og hver breyting eða skerðing á þeirra möguleikum þar hefur því veruleg áhrif á framkvæmdir og fjárhag sveitarfélagsins. Útsvörin eru svo til eini tekjustofn, sem bæjar- og sveitarfélög hafa yfir að ráða, en til þess að tryggja fjárhag sveitarfélaganna og til þess um leið að gera það mögulegt, sem ég nefndi áðan, sem er líka nauðsyn, að sveitarfélögin gætu fært niður sína útsvarsstiga og dregið úr veltuútsvörunum, sem liggja þungt á atvinnurekstrinum, þá er alveg óhjákvæmileg nauðsyn að útvega sveitarfélögunum nýja tekjustofna, og það hefur verið krafa sveitarfélaganna og samtaka þeirra mörg ár og sú krafa verið flutt hér inn í Alþingi hvað eftir annað. Nefndir hafa verið settar á laggirnar með þessu hlutverki, m. a. fyrir nokkrum árum var n. skipuð af fyrrverandi ríkisstj. undir forustu Skúla Guðmundssonar, hv. þm. V-Húnv., en þrátt fyrir margra ára starf og strit varð enginn árangur af því starfi, og Alþingi hefur ekki fengið frá þeirri nefnd neinar till. um þetta, sem var annað meginhlutverk n., þ. e. að athuga nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin og um leið endurskoða verkaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga.

Inn á Alþingi hefur verið flutt nokkrum sinnum frv. í samræmi við óskir Sambands íslenzkra sveitarfélaga um það, að þau fengju hluta af söluskatti, meðan hann er innheimtur. En þrátt fyrir það þó að söluskatturinn fari nú hækkandi ár frá ári, hafi nýlega verið stóraukinn og eigi með þeim efnahagsmálatillögum, sem nú liggja fyrir Alþ., að stórhækka hann enn þá, þ. e. a. s. ekki prósenttöluna, heldur með því að reikna hana á miklu hærri grundvelli en áður, og þrátt fyrir það að söluskatturinn hefur — ég held öll árin — farið mikið fram úr áætlun fjárlaga, þá hafa þessar óskir sveitarfélaganna ekki fengið áheyrn hjá meiri hl. Alþingis og ríkisstj.

Ég skal taka það fram í því sambandi, að þessar óskir og till. hafa haft mikinn hljómgrunn í þremur þingflokkanna, þ. e. Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb., eða Sósfl. áður. Hins vegar hefur andstaðan gegn þessu jafnan komið frá Framsfl., og vegna þess að þau hafa nú verið álög á þjóðinni undanfarin ár, að Framsfl. hefur farið með fjármálin og verið í ríkisstj., þá hefur ekki fengizt lagfæring á þessum málum enn þá.

Það hefur sem sagt engin leiðrétting fengizt á þessu mikla vandamáli um nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. En þegar nú þetta frv., er hér liggur fyrir, er lagt fram, þá er það eitt það fyrsta, sem sést, að með því á að svipta sveitarfélögin einum tekjustofni, sem þau hafa haft, án þess að annar tekjustofn komi í staðinn, en þessi tekjustofn hefur verið um 16 ára skeið þessi 45% af stríðsgróðaskatti, sem ríkið innheimtir, en endurgreiðir síðan sveitarfélögunum.

Ég verð að taka það fyrst fram, að mér sýnist hér vera töluvert öfugstreymi, og ber vott um og sannar enn algert skilningsleysi núv. hæstv. fjmrh. á fjármálum og tekjuþörf sveitarfélaga. Í stað þess að verða við ítrekuðum óskum sveitarfélaganna og ítrekuðum óskum, sem bornar hafa verið fram á Alþingi um að reyna að finna nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin, þá lætur hann það eins og vind um eyrun þjóta, en leggur í staðinn fram frv. um að taka tekjustofn af sveitarfélögunum án þess að sjá fyrir nokkrum öðrum tekjustofni í staðinn. Þetta finnst mér ákaflega mikið skilningsleysi á þessu mikla vandamáli.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. taldi, að þetta skipti í rauninni sáralitlu máli fyrir sveitarfélögin. Hann tók svo til orða, að hluti sveitarfélaganna eða sú upphæð, sem sveitarfélögin fengju af stríðsgróðaskatti, væri furðulega lítið og ekki teljandi nema í Reykjavík, og virtist svo sem þá gerði það ekki mikið til, fyrst það væri eingöngu Reykjavík, sem hefði fengið einhvern hluta af þessu. Að vísu veit ég ekki, hvort rétt er að túlka orð hv. frsm. meiri hl. þannig frá honum persónulega, en ég veit, að sá er hugurinn og andinn hjá hæstv. fjmrh., sem hefur nú flutt þetta mál inn í þingið.

Á árinu 1956 varð stríðsgróðaskatturinn í heild rúmar 9 millj. kr. og hlutur sveitarfélaganna 4½ millj. Á árinu 1957 varð hann nokkru hærri. Og ég geri ráð fyrir, að í ár mundi þetta verða alltaf um 6 millj. kr., sem félli í hlut sveitarfélaga. Það má vera, að hv. frsm. meiri hl. finnist 6 millj. ekki vera neinn peningur, en ég get sagt honum það, að öll sveitarfélög á landinu og höfuðborgina líka munar vissulega um þá upphæð.

Það er að vísu rétt, að með afnámi laganna um stríðsgróðaskatt er um leið afnumið bannið við því að leggja útsvör á hærri tekjur en 200 þús. kr. skattskyldar, en þau fyrirtæki, sem hafa slíkar tekjur, eru sárafá, þannig að útsvarstekjur af þeim nema aldrei nema litlum hluta af þeirri upphæð, sem sveitarfélögin eru þannig svipt.

Þetta er viðhorfið gagnvart sveitarfélögunum, og í tilefni af því, hverju máli þetta skiptir þau, óskaði fjhn. eftir að fá formann Sambands ísl. sveitarfélaga á fund og óskaði skriflegrar umsagnar stjórnarinnar, og er hún prentuð með nál. minni hl., en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Sambandsstjórnin er og hefur jafnan verið þeirrar skoðunar, að stefna beri að því að sjá sveitarsjóðum fyrir nýjum tekjustofnum, og þar til það hefur verið gert, er hún andvíg því, að þeir tekjustofnar, sem fyrir eru, séu af þeim teknir". M. ö. o.: hún andmælir því, að þessi tekjustofn sé af tekinn án þess að sjá fyrir einhverju nýju í staðinn.

Nú þykist ég vita, að hv. frsm. meiri hl. muni svara því til, að fjhn. þessarar deildar hafi flutt þáltill., sem væntanlega kemur til afgreiðslu strax eftir hvítasunnu, um að skora á hæstv. ríkisstj. að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. En það eru

náttúrlega engin rök, því þó að slík áskorun sé gerð og jafnvel þó að ríkisstj. færi eftir henni og legði fyrir næsta Alþingi slíkt frv., þá yrði það þó aldrei lögfest fyrr en á næsta Alþingi, en eitt ár fellur þá úr, sem sveitarfélögin verða svipt þessum tekjustofni, án þess að nokkuð kæmi í staðinn. En auk þess er ég ekki ákaflega bjartsýnn eftir þá reynslu, sem orðin er í þessum málum, þó að fjhn. Ed. flytji slíka áskorun, að hæstv. ríkisstj. hrökkvi þá strax við og fái lögfest strax á næsta Alþingi nýja og fullnægjandi tekjustofna til sveitarfélaga. Framburður þessarar till. fjhn. er auðvitað spor í rétta átt, en hann er engin rök í þessu máli í sambandi við sviptingu þessa tekjustofns sveitarfélaganna nú.

Ég tók það fram, að það væri brýn nauðsyn að lagfæra og lækka hina háu skatta, sem eru á atvinnurekstrinum. Nú er með þessu frv. ákveðið, að félög skuli greiða 25% af sínum skattskyldu tekjum í tekjuskatt til ríkissjóðs, og að þessu leyti er frv. gagnlegt. Og eins og ég tók fram, þá verður næsta sporið að vera það, að um leið og sveitarfélögunum eru útvegaðir nýir tekjustofnar, sé hægt að færa niður skattstigana og veltuútsvörin á félögunum til að skapa atvinnurekstrinum betri skilyrði frá skattalegu sjónarmiði heldur en verið hefur. En um leið og þetta er gert, verðum við að hafa annað í huga, og það er það, að þótt skatturinn til ríkisins sé þannig lækkaður á hinum stærri og tekjuhærri félögum, þá er hann hækkaður verulega á öllum hinum smærri atvinnurekendum.

Í grg., sem fjhn. Nd. barst frá ýmsum samtökum atvinnuveganna, er gerð grein fyrir þessu. Það bréf er undirritað af Páli Þorgeirssyni f. h. Félags ísl. stórkaupmanna, Sveini Valfells f. h. Félags ísl. iðnrekenda, Eggert Jónssyni f. h. Landssambands iðnaðarmanna, Lárusi Péturssyni f. h. Sambands smásöluverzlana, Gunnari Guðjónssyni f. h. Verzlunarráðs Íslands og Björgvin Sigurðssyni f. h. Vinnuveitendasambands Íslands. Í þessu bréfi, sem er dags. 11. marz, segir svo m. a.: „Það leiðir af breytingu þeirri, sem nú er fyrirhugað að gera, að þau félög, sem hafa lágar tekjur, muni nú greiða miklum mun hærri tekjuskatt en áður". Síðan benda þau á atriði, sem ég mun koma síðar að, hversu þetta bitnar sérstaklega á eldri félögum, sem hafa tiltölulega lágt innborgað stofnfé og hlutafé.

Ég hef aflað mér útreikninga á því, hvernig þessi nýju lög verka, og höfum við hv. þm. N-Ísf. aðeins getið um dæmi í nál., en þessi athugun leiðir til þess, að ef teknar eru skattskyldar tekjur félaga, hvort sem eru hlutafélög eða sameignarfélög, þá leiðir þetta frv. af sér hærra skattgjald til ríkissjóðs heldur en gildandi lög á öllum félögum, sem hafa lægri skattskyldar tekjur en 145 þús. kr.

Ég skal taka fram, að hér er að sjálfsögðu átt við hluta ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti nú og núgildandi tekjuskatt. Hins vegar fer svo skatturinn lækkandi samkvæmt þessu frv. Hann lækkar frá því, sem nú er, á félögum, sem hafa meira en 145 þús. kr. skattskyldar tekjur, og lækkar mjög verulega, þegar tekjurnar eru orðnar nokkuð háar. T. d. þegar félag er með 500 þús. kr. skattskyldar tekjur, þá lækkar samkvæmt frv. skatturinn úr 229250 kr. niður í 125 þús. kr. Um leið og ég endurtek, að það er nauðsyn að lagfæra og breyta þeim fráleitu skattalögum, sem hér hafa verið um 90% af tekjum yfir 200 þús. kr., þá skulum við líka gera okkur grein fyrir, að það eru fyrst og fremst hin stærri félög með háar tekjur, sem njóta góðs af þessu frv., en ég býst við, að miklu fleiri félög hér á landi hafi tjón af þessari breytingu að því leyti, að ríkisskatturinn á þeim hækkar.

Að þessu leyti er frv. að sjálfsögðu meingallað, og er furðulegt, að þessari lagfæringu á hinum stærri atvinnurekstri þurfi að fylgja svo þungar búsifjar fyrir allan þorra af hinum smærri atvinnufyrirtækjum á landinu.

Eins og þetta frv. hefur verið gyllt í augum manna, bæði þingmanna, atvinnurekenda og alls almennings, af hálfu aðstandenda þess eða flm., þá skyldi maður ætla, að hér væri ríkissjóður að gefa eftir stórkostlega sinar skatttekjur af félögunum, en því fer fjarri, því að samkvæmt grg. frv. og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, á ríkissjóður alls einskis í að missa, þó að þetta frv. verði að lögum. Það er gert ráð fyrir því, að það, sem linað er á hinum tekjuhærri félögum, verði tekið með hinni hendinni af hinum smærri atvinnurekendum. M. ö. o.: ríkissjóður ætlar engu að sleppa. En að því leyti sem á að verða gróði fyrir atvinnufyrirtækin í heild af þessu, þá á það allt að gerast á kostnað sveitarfélaganna. Þessi vinnubrögð eru með þeim hætti, að ekki verður hjá því komizt að átelja þau og átelja þau harðlega.

Við í minni hl. flytjum nokkrar brtt. við frv. Þær munu ekki vera komnar úr prentun enn, enda er það svo, að allt er þetta síðbúið og prentsmiðjan hefur ekki undan, þannig að þetta mál fái þinglega meðferð, og ég vil út af ummælum hv. frsm. meiri hl. um, að málið hafi hlotið alveg þinglega meðferð, taka fram, að svo er ekki. Það er ekki hægt að segja, að málið fái þinglega meðferð, þegar ekki er einu sinni hægt að fá prentaðar brtt. og nál., áður en mál er tekið til meðferðar. Þessar brtt. eru því enn skriflegar, þar sem þær eru ekki komnar úr prentsmiðjunni, og vildi ég leyfa mér að skýra þær í örfáum orðum.

1. brtt. er við 3. gr. frv., en þar segir svo: „Félög þau, sem um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, þó eigi meira en 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé."

Nú er það svo í gildandi lögum, að slík félög mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Þessi 5% eru hér hækkuð upp í 8%, og er það mjög eðlilegt, miðað við hækkun vaxta, sem hér hefur orðið hin síðari ár. Hitt er óeðlilegt, að binda þetta nú því skilyrði, sem ekki er í gildandi lögum, að þessi frádráttarhlunnindi koma aðeins til greina, ef arður er útborgaður. Ef fyrirtæki t. d. á byrjunarstigi eða síðar á einhverju sérstöku framkvæmda- eða útþenslustigi telur ekki rétt að borga út arð, heldur vill nota þessa sömu fjárhæð til aukningar fyrirtækisins eða til að gera það samkeppnishæfara, þá nýtur það ekki þessara

hlunninda, og verð ég að segja, að ég skil ekki, hvaða rök liggja til þess, að svo er gert. Í því bréfi frá samtökum atvinnuveganna, sem ég gat um, er lögð áherzla á að fá breytingu á þessu. Þar segir: „Samtökin álíta, að þau félög, sem vilja nota arð af eigin fé í félaginu til þess að byggja það upp og treysta fjárhag þess, eigi einnig að hafa heimild til þess að draga 8% arð af hlutafé eða stofnfé, þótt hann sé ekki greiddur út sem útborgaður arður.“ Um þetta fjallar fyrsta till., og vænti ég, að hún fái áheyrn hjá hv. þdm., því að 8% frá 5% er aðeins eðlileg lagfæring vegna vaxtahækkunar, en hitt er óeðlilegt, að skerða þessi hlunnindi frá því, sem verið hefur.

Þá er 2. brtt. Hún er við 4. gr., og hún er til þess að greiða fyrir fjársöfnun til ýmiss konar vísinda, menningar- og mannúðarmála. Þar segir, að fjárhæð, sem skattþegn hafi gefið einhverjum eftirgreindum aðila, þ. e. kirkjum eða félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá skattayfirvöldum borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið, megi draga frá skattskyldum tekjum. Hér hafa verið samþykkt á Alþingi ýmis hlunnindi og friðindi í skattamálum í sambandi við fjársafnanir menningar- og líknarfélaga, fjársafnanir þeirra og happdrætti. Komið hefur fyrir, að með sérstökum lögum væru gjafir manna eða fyrirtækja til slíkra mannúðarmála gerðar skattfrjálsar. Hér er lagt til, að sett sé almenn regla um, að gjafir til slíkra aðila skuli frádráttarbærar, þó aldrei þannig, að gjöfin verði meira en 15% af nettótekjum gefandans.

Þá er næst brtt. varðandi hjónasköttun, og er hún á þá lund, að samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skuli skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helmingi fyrir sig. Þetta mál var rætt nokkuð við 1. umr. þessa máls af hv. þm. V-Sk. og hv. þm. S-Þ. Sú lausn, sem í frv. er gert ráð fyrir á þessu vandamáli, er ekki fullnægjandi. Þar er meginreglan sú, að aðeins þegar kona vinnur fyrir sjálfstæðum tekjum utan heimilis og við annan atvinnurekstur en maður hennar rekur, skuli dregið frá 50% af hennar tekjum, áður en skattur er á lagður. Núverandi ástand er óviðunandi í þessum efnum og ósanngjarnt. En með þessum till. er sporið ekki stigið nema til hálfs, og er þessi skipan á ýmsa lund gölluð. Það hefði verið eðlilegra, eins og hv. þm. V-Sk. rökstuddi rækilega hér við 1. umr., að láta þær húsmæður, sem vinna störf sín á heimilinu, en ekki utan þess, njóta einnig hér nokkurra fríðinda eða þau heimili. En með þeirri skipan, sem hér er lögð til í frv., er fremur verið að örva og hvetja giftar konur til þess að vinna utan heimilis, í staðinn fyrir að þjóðfélagið ætti, eins og hv. þm. benti á, fremur að stuðla að því gagnstæða. Hér er lagt til, að sú regla verði lögtekin, að tekjum hjóna verði skipt til helminga, og nær þetta þá bæði til þeirra heimila, þar sem bæði hjónin vinna úti fyrir sjálfstæðum tekjum, og þeirra heimila, þar sem konan leggur fram allt sitt starf á heimilinu.

Við flm. ætlum, að í þessu sé fólgin heppilegri regla fyrir þjóðfélagið og miklu réttlátari skipun.

Þá er 4. till. okkar um það að breyta nokkuð skatti og álagningu og útreikningi eignarskattsins, en þvert ofan í yfirlýsingar og gefin fyrirheit um það, að fasteignamatið nýja ætti út af fyrir sig ekki að hafa áhrif til hækkunar á eignarskatti, þá er frv. þannig úr garði gert frá fjmrh., að fasteignamatið er látið hafa þar veruleg áhrif til hækkunar. Fjallar 4. brtt. um að breyta þar nokkuð skattstiganum og auk þess að við útreikning eignarskatts á eignir í árslok 1957 skuli verð fasteigna tekið eftir fasteignamatinu 1942. Þessar till. lágu einnig fyrir í hv. Nd.

Loks er 5. till. um ákvæði til bráðabirgða, sem ég skal aðeins víkja að nánar. Það segir svo í hinu tilvitnaða bréfi samtaka atvinnuveganna, að þessi hækkun á skatti á hinum smærri atvinnurekstri eða tekjulægri mundi bitna alveg sérstaklega á og vera tilfinnanleg fyrir þau félög, sem stofnuð eru fyrir löngu og innborgað stofnfé eða hlutafé er lág upphæð, miðað við nútímaverðgildi krónunnar, vegna þess að þessi 8%, sem draga má frá, eru miðuð við hlutafé eða stofnfé og hjá þessum eldri félögum er oft um mjög lágar stofnfjár- eða hlutafjárupphæðir að ræða. Þessi félög njóta því alls ekki þess hagræðis, sem þeim er ætlað að hafa samkvæmt ákvæðum frv. Hér telja fulltrúar samtaka atvinnuveganna að sé hið mesta ósamræmi og misrétti á ferðinni í skattlagningu einstakra félaga, sem þurfi leiðréttingar, og leggja því til, að hlutafélögum og sameignarfélögum sé heimilt að hækka hlutaeða stofnfé, sem greitt er inn fyrir mörgum árum, í samræmi við verðgildisrýrnun krónunnar, frá því að innborgað var og til þessa dags.

Í 5. brtt. okkar um ákvæði til bráðabirgða er reynt að verða við þessum eðlilegu óskum þannig, að til ársloka 1959 sé hlutafélögum og sameignarfélögum heimilt að hækka hlutafé eða stofnfé félagsmanna í samræmi við eignir þeirra 31. des. 1958, þó megi hækkun hlutafjár eða stofnfjár aldrei vera meiri en sem svarar vísitöluhækkun dagvinnukaups í almennri verkamannavinnu í Reykjavík, frá því er hlutafé eða stofnfé var greitt, o. s. frv., till. nokkru lengri, en þetta er aðalefnið. Enn fremur segir þar, að ný hlutabréf eða stofnfjárbréf, sem út eru gefin fyrir þessari hækkun í réttu hlutfalli við eign hvers hluthafa í félaginu, skuli ekki vera skattskyld sem úthlutun til félagsmanna þrátt fyrir ákvæði d-liðs 7. gr. þessara laga. Og er þetta vegna þess, að hér er aðeins um eðlilega leiðréttingu að ræða vegna breytingar á verðgildi krónunnar.

Ég hef þá rakið nokkur almenn atriði í sambandi við þetta frv., bæði kosti þess og galla, og þær brtt., sem við í minni hl. flytjum hér og eru að mestu samhljóða þeim brtt., sem minni hl. hv. fjhn. Nd. flutti um meðferð málsins þar.

Auk þess, sem ég hef nú getið, eru ákvæði í þessu frv. um skattfrádrátt sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, og það er gert ráð fyrir að

hækka hann lítils háttar frá því, sem verið hefur, þannig að skattfrádrátturinn nemi 1350 kr. á mánuði fyrir sjómenn á íslenzkum fiskiskipum.

Hv. frsm. meiri hl. upplýsti hér, að þetta væri samningsmál. Mér er að vísu spurn, hvaða heimild einstakir ráðh. eða hæstv. ríkisstj. hefur til þess að semja, gera bindandi samning við einstök samtök eða félög um breytingar á gildandi lögum og svo sé aðeins komið til Alþ. og sagt: Alþ. verður að samþykkja þetta, því að þetta er bindandi samningur. — Ég ætla, að ríkisstj. og ráðh. séu að fara nokkuð út fyrir sínar heimildir með slíkri samningagerð. Hitt er annað mál, að þessi aukni skattfrádráttur sjómanna er nauðsynlegur og æskilegur, og ég vil aðeins segja út af ummælum hv. frsm. meiri hl., — hann sagði, að sjómenn vildu helzt vera skattfrjálsir, en hverjir vildu það ekki, yfirleitt hvaða stétt vildi ekki vera skattfrjáls? — að þetta mál hefur fleiri hliðar en það, sem hann ræðir hér um. Þetta eru ekki eingöngu fríðindi til þeirra manna, sem á hverjum tíma að þessu vinna, heldur er hér um þjóðfélagslegt vandamál að ræða til þess að örva menn til starfa á íslenzkum fiskiskipum. Á síðustu vertíð, þ. e. a. s. á síðasta ári, þurfti að fá erlenda fiskimenn nokkuð á annað þúsund, — ég ætla, að það hafi verið milli 12 og 13 hundruð eða þar um bil, — til starfa á íslenzkum fiskiskipum til að geta haldið flotanum úti. Að vísu var það nokkru minna á síðustu vertíð, ég ætla um 6—7 hundruð, en vitanlega ber að því að stefna, að Íslendingar sjálfir fáist til að starfa á sínum fiskiskipum. Og eitt af því, sem samtök og trúnaðarmenn sjómanna telja að væri eitt stærsta sporið í þessa átt, er einmitt það að gera þessi störf skattfrjáls. Hefur verið flutt frv. í hv. Nd. af hv. þm. Snæf. og fleirum um að gera tekjur sjómanna á íslenzkum fiskiskipum algerlega skattfrjálsar. Við í minni hlutanum höfum ekki flutt þá till. hér, vegna þess að aðrir hv. þingmenn, hv. þm. Vestm. og tveir aðrir, hafa flutt till. í þá átt, og mun hann að sjálfsögðu reifa það mál.

Ég mun svo ekki hafa um þetta frv. frekari umræður að sinni, en vænti, að ég hafi skýrt í megindráttum sjónarmið okkar hv. þm. N-Ísf., sem skipum minni hl. fjhn. í þessu máli. En ég vil aðeins taka fram, að það er ákaflega illa farið, þegar inn í bráðnauðsynlega leiðréttingu á skattlagningu félaganna er blandað og tengd við óaðskiljanlega önnur atriði, sem eru skaðleg að ýmsu leyti og óheppileg og spilla fyrir málinu, að um leið og brýna nauðsyn ber til að lækka stórum og breyta núgildandi skattstiga á félögum, sérstaklega á tekjuhærri félögum, þá skuli hæstv. ráðh. og þingmeirihluti þurfa að setja það skilyrði fyrir framgangi slíks máls annars vegar, að sveitarfélögin séu svipt tekjustofnum, sem þau hafa haft, án þess að sjá fyrir nokkrum nýjum, og um leið heimta þá hækkun á öllum þorra hinna smærri atvinnurekenda. Ég segi, að það er ákaflega slæmt, þegar góðum málum er spillt með slíkum vinnubrögðum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 561) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 552 varðandi skattgreiðslu hjóna.

Ég gat þess við 1. umr. málsins, að ég gæti ekki fellt mig við þær till. um skattgreiðslu hjóna, sem Nd. hafði samþykkt. Samkv. þeim till. er hjónum mjög mismunað. Sérstaklega kemur þetta ranglátlega niður á húsmæðrum, sem vinna innan heimilanna. Hjá þeim er engin ívilnun veitt um skattgreiðslu. Þetta tel ég svo hróplegt ranglæti, að ekki sé samboðið Alþ. að afgreiða málið þannig.

Brtt. mín er millileið, og ég skoða hana sem varatill. við þá till., sem hv. minni hl. flytur og lýst var hér frá honum, þar sem hann leggur til helmingaskattgreiðslu allra hjóna. Ég tel mína till. varatill. við hana. Mín till. er, eins og ég gat um, millileið. Með henni eiga hlunnindin að ná til allra hjóna, en ná nú aðeins til þeirra húsmæðra, sem vinna utan heimilanna, og til húsmæðra í sveitum. Þó er það athyglisvert, að hlutur húsmæðra í sveitum er gerður lakari en þeirra húsmæðra, sem vinna á „sjoppum“ hér í Reykjavík og annars staðar í kaupstöðum. Þetta finnst mér dálítið einkennilegt sjónarmið. Ég tala nú ekki um hitt, að svipta alveg þær húsmæður hlunnindum, sem vinna innan heimilanna nytsamast starf allra húsmæðra.

Ég vona, að hv. þdm. styðji mína till. og leiðrétti þetta ranglæti, sem komið er inn í þetta frv. Ég vona, að stefnan verði ekki sú hér að taka öll börn út af heimilunum og ala þau upp á barnaheimilum, setja svo húsmæðurnar út í „sjoppurnar“ eða í því um líkt starf. Ég vona, að það verði ekki, heldur verði reynt að hlúa að starfsemi húsmæðranna, svo að þær geti fengið að vinna sitt nytsama verk í framtíðinni eins og hingað til.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Mitt erindi hingað í ræðustólinn er aðallega til að minnast á þann þátt frv., sem snertir skattgjald hjóna, en þó vil ég að gefnu tilefni frá hv. 6. þm. Reykv. í leiðinni minnast örlítið á það, sem hann sagði um vöntun sveitarfélaga á tekjustofnum.

Ég er honum alveg sammála í því, að það er ákaflega æskilegt fyrir sveitarfélögin að fá nýja, öruggari og ekki síst vinsælli tekjustofna en þau hafa nú. En það má minna á það, að sjálfsagt verður torvelt að finna tekjustofna, sem ekki koma að einhverju leyti allþungt við gjaldendurna. Það má vafalaust samt finna reiðing, sem liggur betur á heldur en þeir reiðingar, sem nú eru á lagðir.

Hv. 6. þm. Reykv. er genginn úr deildinni — um stundarsakir vonandi — en ég ætla samt ekki að láta niður falla að segja það, sem ég ætlaði honum þó að heyra, en það er það, að ég tel, að meðan sveitarfélögin hafa ótakmarkaða heimild til að leggja á útsvar eftir efnum og ástæðum, þá sé minni ástæða fyrir þau að

kvarta. Og með þessu frv., sem nú liggur fyrir, er rýmkaður álögurétturinn.

Hann sagði, hv. þm., að það hefði verið n. starfandi undir forustu Skúla Guðmundssonar, sem átti að gera till. um nýja tekjustofna, en hún hefði ekki flutt neinar till., og það var að heyra á honum, að það hefði jafnan verið svo á Alþ., að Framsfl. hefði lagzt á móti till. í þá átt, aðrir flokkar hefðu virzt hafa þar aðra afstöðu. Ég get upplýst það, af því að ég var í þessari n., að ég flutti þar till. einmitt um það, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskatti, en það er till., sem hv. 6. þm. Reykv. hefur hreyft hvað eftir annað hér á Alþingi, og í n. var það svo, að sízt tóku sjálfstæðismennirnir þeirri till. bezt. Mér fyndist þess vegna það vera alröng ályktun og vil mótmæla henni, að það sé Framsfl., sem standi þarna á móti, þó að menn úr honum hafi ekki viljað ganga inn á það hér á Alþ. að afhenda hluta af söluskattinum, nema því aðeins að séð væri fyrir, að ekki skertist tekjuöflun ríkissjóðs. Það hefur þá komið í hlut Framsfl. að standa þar sem ábyrgur einmitt af því, að fjmrh. hefur verið framsóknarmaður, eins og hv. 6. þm. Reykv. drap á, en alls ekki af því, að flokkurinn hafi verið mótfallinn því, að sveitarfélögin fengju aukna og nýja tekjustofna. Mér hefur virzt aftur á móti, að þeir, sem undir það hafa tekið með tillöguflutningi, að sveitarfélögin fengju hluta af söluskattinum, vanræki að sjá fyrir því, að ríkissjóður missti þar ekki nauðsynlegan tekjustofn, og þess vegna hafi þeir leikið þar ábyrgðarleysisafstöðuna, sem aldrei er hrósverð.

Hv. minni hl. hefur lagt fram skriflegar brtt. Ein þeirra snertir tekjuskattgjald hjóna, og till. er einfaldlega um það að skipta samanlögðum tekjum hjóna í tvennt og skattleggja hjónin sem tvo einstaklinga. Það út af fyrir sig eru hugmyndir, sem fram hafa komið áður, en þeim fylgja annmarkar. Sérstaklega virðist mér í fljótu bragði mega benda hv. minni hl. á það, að sú till., sem hann flytur hér, er, að því er mér virðist, — en ég hef nú ekki haft tækifæri nema rétt til að líta á hana og heyra hana einu sinni upp lesna, — ekki rétt rímuð við frv., sem fyrir liggur. Og það er vegna þess t. d., að samkv. skattalögunum eru tvenns konar skattstigar, og annar þeirra er fyrir hjón. Ef sá skattstigi gildir áfram, hygg ég, að svo tæri, að hjónin sem tveir einstaklingar kæmust langt niður fyrir það, sem tveir einhleypingar greiða, og kæmust þá niður fyrir það, sem ég hugsa að flutningsmenn ætlist til. Og enn fremur virðist mér samkv. tillögublaðinu ekki gert ráð fyrir því, að niður falli ákvæði úr frv., sem brjóta í bága við nýja ákvæðið. Mér virðist þess vegna um þessa till. formlega það að segja, að hún hitti ekki í mark, ja, sé eitthvað líkt því, sem fornmenn kölluðu að höggva klámhögg.

Af því að ég var í nefnd þeirri, sem vann að endurskoðun á ákvæðunum um skattamál hjóna, og tók þátt í að semja þann þátt í frv., sem fjallar um þau efni, þá tel ég rétt að skýra frá því, að n. lagði allmikið verk í að kynna sér það, sem fram hefur komið í þessum málum hér á Alþ., og enn fremur að tala við það fólk, sem að undanförnu hefur aðallega lýst óánægju yfir gildandi ákvæðum um skattgjöld hjóna, en það hafa fyrst og fremst verið samtök kvenna, kvenfélagasambönd, og svo einstakar áhugakonur. Til fundar við nefndina komu margir fulltrúar frá kvennasamtökunum og einstakar áhugakonur, og þær lýstu sínum sjónarmiðum um annmarka á gildandi löggjöf, og þær gáfu sínar bendingar um það, hvað þær teldu rétt til úrlausnar. Og til þess að stytta mál mitt, þá get ég sagt það, að ég veit ekki betur en að með þeim till., sem í frv. eru um skattgjöld hjóna, séu sættir fengnar við þá aðila, sem ó-ánægðastir hafa verið með reglur þær, sem gilt hafa.

Það er enginn vafi á því, að þetta fólk, sem hefur óánægjunni lýst, hefur haft rök að mæla, og því meira hefur verið um misbresti á því, að löggjöfin ætti við, sem lengri tímar hafa liðið, því að atvinnuháttarbreytingar í þjóðfélaginu hafa hnigið í þá átt, að konur haga nú á allt annan hátt vinnubrögðum sínum en áður. Utan heimilanna er á boðstólum fyrir konur í þéttbýlinu margháttuð atvinna, sem þeim er hagfellt að sinna og þær geta betur sinnt en nokkurn tíma áður vegna þess, hvað tækni heimilanna hefur farið mikið fram og heimilisstörfin eru fljótunnari og léttari en þau áður voru. Og þó að segja megi, að það sé þjóðfélagslega og menningarlega og uppeldislega ákaflega þýðingarmikið, að konan annist heimili sitt og uppeldi barna sinna á heimilinu, þá er ekki hægt að neita því, að það er líka þjóðfélagslega mikilsvert, að vinnukraftur konunnar notist fullkomlega og komi til tekjuöflunar fyrir þjóðfélagið. Og það má segja, að það geti líka einmitt verið hættulegt fyrir menningu heimilanna og kvennanna sjálfra, eins og nú er komið á fólksfáum heimilum, þar sem heimilisstörfin eru ekki mikil, ef þær hafa ekki tækifæri til þess að vinna utan heimilanna, telja það ekki borga sig fjárhagslega, heldur taka það upp, sem konurnar sjálfar hafa kallað „slæpingslíf".

Ég held þess vegna, að það eigi að taka fullt tillit til þessarar þróunar í þjóðfélaginu og þeirrar óánægju, sem hefur verið mjög áberandi á undanförnum árum. Og sem sagt: í frv. er tekið þannig tillit til þessara atriða, að ég hygg, að konur muni vel við una, enda áttu þær fulltrúa í þessari nefnd.

Hins vegar er það svo, að ef till. minni hl. yrði samþ. og þó að hún yrði nú samræmd frv., svo að hún félli inn í það eðlilega, þá væri rofið það samræmi, sem reynt hefur verið að skapa með þessum tillögum og n. reyndi að skapa í samræmi við vilja þeirra kvenna, sem mest hafa túlkað þessi sjónarmið og bezt sett sig inn í þau.

Lækkun skatta hefur sem sé ekki verið aðalatriðið í ádeilunni á skattgjaldsreglurnar. Aðalatriðið má segja að hafi verið, að komið væri á samræmi milli skattgjalds hjóna annars vegar og einhleypinga. En það er langt frá, að það hafi verið, eins og nál. sýnir í tölum, og líka, að komið væri á samræmi milli skattgjalds

hinna einstöku heimila, og í því sambandi má telja, að skipta megi heimilunum í 3 flokka til skýringar. Í fyrsta flokki og þeim, sem talið er að hafi orðið harðast úti — þess vegna tel ég hann 1. flokk — eru heimili þeirra giftu kvenna, sem afla mikilla peningatekna með vinnu utan heimilisins. Heimili þeirra hafa orðið að greiða, — ja, það er sýnt í dæmum í frumvarpsgreinargerðinni, — kannske upp undir 20 þús. kr. meira en heimili manns og konu, sem búið hafa saman án þess að vera gift.

Í öðru lagi, af því að tekjur þessara hjóna hafa verið lagðar saman, peningatekjur konunnar bætzt ofan á tekjur mannanna, þá hafa þessi heimili orðið harðara fyrir skattgjaldinu en heimili þeirra kvenna, sem verja allri sinni vinnu til að byggja upp heimilið og spara útgjöld þess, af því að slík vinna er skattfrjáls, ekki talin fram, en hefur alveg sama gildi fyrir heimilið og öflun tekna til að borga þau útgjöld, sem hún sparar.

Þá eru einnig konur, sem eru nokkuð hliðstæðar þeim, sem ég nefndi fyrst, konur, sem vinna að fyrirtækjum með mönnum sínum. Þær hafa náttúrlega verið að nokkru leyti rangindum beittar, miðað við þær konur, sem vinna bara að húshaldi og eru á ýmsan hátt hliðstæðar konunum, sem afla tekna utan heimilis síns.

Frv. reynir að gera samræmi á milli þessara giftu kvenna, nefnilega að gefa konum þeim, sem fyrst voru taldar, rétt til 50% frádráttar af tekjum, sem þær afla utan heimilis. Þá er með því móti gert ráð fyrir því, að þær fái skattlinun sambærilega við þá skattlinun, sem konurnar, sem vinna heima, fá með því að hafa vinnu sína skattfrjálsa. 50% frádrátturinn svarar til skattfrelsis heimavinnu konunnar, og 50% af matsverði af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, sem afla teknanna saman, — matshluti konunnar úr þeim tekjum er líka hliðstæða, og á þennan hátt reynir frv. að setja alla þessa þrjá flokka við sama borð. En ef tekjum hjónanna væri skipt til helminga, eins og minni hl. gerir ráð fyrir, þá væri þarna ekki lagað ósamræmið á milli þessara flokka, heldur aðeins lækkaður skatturinn, en það er ekki það, sem konurnar hafa út af fyrir sig beðið um, heldur réttlætið og samræmið innbyrðis.

Hv. þm. V-Sk. hefur lagt fram sérstaka till. og lýsti yfir nú, að hún sé varatill., sem komi til greina á eftir till. minni hl. fjhn. Sú till. út af fyrir sig hefur þann stóra galla að skapa ekki samræmi, og á margan hátt rýfur hún einmitt samræmið freklega og það frekar en skiptingin í tvennt.

Það hefur verið bent á það í rökræðum um þetta mál hvað eftir annað í blöðunum og á mannamótum, að sumar konur séu þannig settar, að þær séu sá aðilinn, sem aðallega aflar tekna fyrir heimilin. Það er bent á það, að býsna mörg heimili séu þannig sett, að það sé konan, sem vinni aðallega fyrir hinum skattskyldu tekjum, og þá er nefnd kona námsmannsins, kona sjúka mannsins og kona öreiðumannsins eða öreglumannsins. Ég vil nefna dæmi um það, hvernig till. hv. þm. V-Sk. skapar ósamræmi í þessu sambandi, og dæmið vil ég setja þannig upp: Við skulum segja, að slík kona, sem vinnur fyrir öllum tekjum heimilisins, hafi 60 þús. kr. í launatekjur. Ég nefni 60 þús. kr., bæði af því, að það getur vel staðizt, og líka af því, að það eru samkv. brtt. hámarkslaun, sem eiga að fá frádrátt. Eftir frv. á þessi kona, sem fær 60 þús. kr., að fá helming þeirrar upphæðar skattfrjálsan, eða 30 þús. kr., en eftir till. hv. þm. V-Sk. aðeins fjórða part eða 15 þús. kr. Þetta er mikill munur og sýnir, hvað brtt. skákar málinu inn á skakkan grundvöll. En gerum líka samanburð á heimili þessarar konu og annarrar konu, sem vinnur eingöngu að húshaldi, en maður hennar aflar hinna skattskyldu tekna. Hann hefur líka 60 þús. kr. í tekjur. Það eru hinar skattskyldu tekjur heimilisins, eins og fyrrnefnda konan hafði. Frádráttur verður á heimili hans enginn samkv. frv., enginn sérstakur frádráttur, en samkv. till. hv. þm. V-Sk. 15 þús. kr. og auk þess vinna konunnar innan heimilis við spörun teknanna. Þannig mundi brtt. verka og rjúfa samræmi og jöfnuð, sem frv. er grundvallað á.

Þessar till., sem í frv. felast um skattgjald hjóna, eru áreiðanlega byggðar á allrækilegri athugun og íhugun og gerðar í samræmi við fólk, sem hefur hugsað mikið um þessi mál, og einnig í samvinnu, þ. e. a. s. fræðilegri samvinnu, við skattstofu ríkisins. Og það er varla von, að hægt sé að skjóta svona skyndigerðri till. inn í slík mál, án þess að hún verði eins og fleygur, sem rífur og umturnar, og ég vara þá, sem vilja þessu máli vel, við því að greiða þessari till. atkv. Ég vara þá líka við að greiða atkv. till. um helmingaskipti teknanna, vegna þess að það er ekki það, sem fólkið hefur beðið um, sem hefur verið óánægt með lögin. Það hefur beðið um jafnrétti og réttlæti, en ekki sérstaklega skattalækkun. Auk þess vil ég endurtaka, að till. rímar áreiðanlega ekki við frv., svo að það yrði vanskapningur, ef hún yrði samþ.

Hv. þm. V-Sk. hefur lagt áherzlu á það, að það sé ranglæti gagnvart konunni, sem vinnur heima, að heimili hennar fái ekki skattaívilnun. Hann byggir þetta, að mér finnst, á því, að hann metur ekki fullkomlega, hversu mikils virði fjárhagslega vinna hennar er fyrir heimilið, og finnst mér honum farast þá í því efni dálítið líkt og fólki, sem lítur svo á, að þeir, sem í landinu framleiða vörur, sem neytt er innanlands, afli ekki þjóðartekna, sem séu jafnverðmætar tekjum af framleiðsluvöru, sem flutt er út og fenginn er fyrir erlendur gjaldeyrir. Það er eitthvað svipaður misskilningur, sem gerir það að verkum, að afstaða hv. þm. V-Sk. er eins og hún er. Það er vitanlega jafnverðmætt peningalega fyrir heimilið, það sem aflað er handa heimilinu innan þess eða sparað, eins og peningar, sem fengnir eru fyrir vinnu utan heimilisins til að kaupa fyrir sams konar þarfir, alveg eins og það er eins þýðingarmikið fyrir þjóðfélagið, að framleidd sé vara, sem er nauðsynleg til neyzlu innanlands, eins og vara, sem flutt er út til að fá erlendan gjaldeyri fyrir, því að ef ekki hefði verið framleidd varan innanlands til neytenda, þurfti vitanlega á erlendum gjaldeyri að halda til að geta fengið hana.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég átti ekki gott með að nema allt, sem hv. þm. S-Þ. sagði um þetta mál. Honum lá nokkuð lágt rómur, og ég gat ekki vel áttað mig á sérstaklega samanburðinum á milli þess, sem hv. minni hl. hefur lagt fram í skriflegum brtt. um skattlagningu hjóna, og þess, sem hv. þm. V-Sk. flytur á þskj. 552. Væri mér því þökk á, ef hæstv. forseti vildi lofa mér að heyra till. minni hl. n. sem snöggvast eða lána mér skjalið.

Annars er þetta sérstaka atriði, sem kemur mér til þess að biðja um að fá að líta á skriflegu brtt., eitt til sönnunar því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um afgreiðslu þessa máls hér á þingi, sem hæstv. forseti taldi þinglega, en hún verður ekki talin þingleg, þar sem svo mikið er eftir rekið, að veigamiklar brtt. geta ekki legið frammi skriflegar sökum þess, hve seint gengur að prenta þingskjöl.

Ég get í flestum, ef ekki öllum atriðum tekið undir þær ádeilur, sem koma fram í áliti minni hl. fjhn. á þskj. 559. Það er næsta illa farið, þegar verið er að veifa framan í þjóðina máli slíku sem þessu, sem á að heita að sé gert í áttina til réttlætingar og þess, sem betur má fara, þegar það er gert á þann hátt, sem farið hefur úr hendi hæstv. ríkisstj. og hv. þingmeirihluta með þetta frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt. Ef hægt væri að segja, að um einhverja leiðréttingu væri að ræða fyrir einn hluta skattþegnanna, þá er blandað í það ranglæti gagnvart öðrum hluta skattþegnanna og vel að merkja í garð þeirra af skattþegnunum, sem minna mega sín en þeir, sem reka stórfyrirtæki.

Að öðru leyti er íbúum sveitarfélaga almennt íþyngt og þá sérstaklega hér í Reykjavík með því að taka frá bæjar- og sveitarfélögum þann mikla tekjustofn, sem þau hafa haft að opinberri tilhlutan, stríðsgróðaskattinn eða part af honum, og þá vitaskuld ekki vísað í annað hús með að afla tekna á móti. Er þá öllum ljóst, til hverra ráða sveitar- og bæjarfélög verða að grípa undir þeim kringumstæðum, sem sé hækkunar útsvara. En það er ríkisstj., sem bendir á þessa leið, og hv. þingmeirihluti, sem styður stjórnina, hefur við meðferð þessa máls dyggilega róið undir þessu ranglæti.

Ég er þeirrar trúar, að eins og valdhafarnir hafa daufheyrzt við á undanförnum árum hinum ýmsu röddum, sem fram hafa komið um nauðsyn öflunar tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög, muni þeir lítt rumska, þó að hér sé gerð í þessari hv. deild áskorun til stjórnarvalda um að hefjast handa eitthvað í þessu skyni. Það er orðinn margra áratuga svefn, sem liggur yfir framkvæmdum í þá átt að gera sveitarfélögunum eitthvað bærilegra að standa við sínar skuldbindingar. En hins vegar hafa valdhafarnir af öllum flokkum svo að segja á hverju þingi íþyngt þessum aðilum, bæjar- og sveitarfélögum landsins, með nýjum byrðum, en ekki fengizt til þess að hreyfa hönd eða fót til að — (**Forseti**: Ég bið hv. ræðumann að afsaka. Á hann langt eftir af ræðu sinni?) Ég var rétt að byrja, hæstv. forseti. (**Forseti**: Þá held ég, að ég verði að biðja hann að gera svo vel að fresta framhaldi ræðunnar.) Já. — [Frh.]

Forseti (BSt): Ég skil ekki, að hv. þm. N-Ísf. þurfi að tala um þingsköp. Ég veit fyrir fram, hvað hann vill segja eða í hvaða átt það muni ganga, og ég býst við að verða fyrir fram við hans óskum.

Sumir hv. þdm. hafa kvartað yfir því að halda áfram fundi hér seinni partinn í dag, sökum þess að hvítasunnan er nú á morgun. Að vísu er laugardagurinn fyrir hvítasunnu ekki neinn helgidagur, svo að ég viti til, og ég vandist því sem ungur maður að vinna jafnvel 10 tíma á laugardaginn fyrir hvítasunnu eins og aðra daga. Samt sem áður vil ég nú ekki vera að þreyta menn hér og vænti þá, að menn sýni stundvísi og röggsemi á næsta fundi. Er því umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 107. fundi í Ed., 27. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 544, n. 558 og 559, 552, 554, 561).

Jóhann Jósefsson [frh]: Herra forseti. Ég var nokkuð byrjaður á að tala um það frv., sem hér liggur fyrir, þegar hæstv. forseti d. stöðvaði umr. á síðasta fundi, sem mun hafa verið á laugardaginn fyrir hvítasunnu.

Ég var nú að vísu ekki með skriflega ræðu og er því ekki vel viss á því, hvar ég hafði staðar numið, en ég hafði varið nokkrum orðum í að benda á, að með þessu frv. væri bæjar- og sveitarfélögum enn íþyngt m. a., og þar sem einhver af hv. þm. hafði til þess vísað, að nokkur bót kynni að vera í því, að hér væri í þessari hv. d. flutt þáltill., sem benti í þá átt að afla bæjarfélögunum tekna, þá kvað ég, að ég legði litla trú á, að slíkt mál næði framgangi frekar nú en endranær, og það væri ekki sterkur grundvöllur fyrir þeirri kröfu, þó að hún kæmi frá annarri d. þingsins í formi þál. Er mjög illa farið með þessa tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga, hvaða vettlingatökum öll stjórnarvöld virðast á henni taka, því að jafnvel þegar fyrirsvarsmenn — sumir hverjir — bæjar- og sveitarfélaga eru komnir á Alþingi, þá gerast þeir styrktarmenn þess, að í stað þess að auka tekjur bæjar- og sveitarfélaga á einhvern hátt, séu enn þá þyngdar byrðar þessara sveitarfélaga og þar með byrðar skattborgaranna á þeim stöðum.

Það er vitanlegt, að Samband ísl. sveitarfélaga, sem er þekkt stofnun í þessu landi, en ekki að því skapi mjög áhrifamikil, að því er virðist, hefur andmælt frv. og bréf sambandsins fylgdi með nál. minni hl. fjhn. og fylgir því.

Í sinni glöggu ræðu talaði frsm. minni hl., hv. 6. þm. Reykv. (GTh), mjög skilmerkilega fyrir því og sýndi fram á, hversu þetta frv., till. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hefur á sér, ef svo mætti að orði kveða, yfirskin guðhræðslunnar, þar sem það í vissum atriðum virðist gera tilslakanir, er á hinn bóginn ekki nema yfirskin að því er snertir allan fjölda manna, því að frv. sýnir það bezt sjálft, að þær byrðar, sem létt er af stóratvinnurekstrinum, eiga að leggjast á hina minni skattgreiðendur víðs vegar um land, og verð ég því að skoða þetta sem yfirskin. Og það er merkilegt, að undir þeirri

fjármálayfirstjórn, sem við nú höfum hér í landi, er einmitt hafizt handa um að létta sköttum af stóratvinnurekstrinum, þegar það er vitað, að þeir aðilar, sem stjórnin leggur sérstaka rækt við hvað snertir að létta undir skattgreiðslur þeirra, þeir aðilar, sem þar eru starfandi, eru svo mjög komnir út í að mynda stórgróðafyrirtæki á ýmsum sviðum. Þá vaknar hæstv. fjmrh. til vitundar um, að það þurfi að létta sköttum af þessum fyrirtækjum, og lætur sína menn koma með frv. í því efni og um leið til þess að þyngja á öðrum mönnum, sem ekki eru við þessi stórfyrirtæki sambandsins — Sambands ísl. samvinnufélaga og starfsmanna þess — riðnir. Smáfyrirtækjum annarra er íþyngt til þess að létta á vinum fjmrh.

Þetta frv. ber þess ljósan vott, hve hlutdrægnin er enn þá ríkjandi í till. þeim til skattaálagningar, sem hæstv. fjmrh. gengst fyrir, að hann hlífist ekki við að láta það út ganga hreint og beint á prenti, að hann vilji létta á stórfyrirtækjum og þyngja á þeim smærri. Þessi þjónusta hæstv. ráðh. við það auðvald og þá auðhringa, sem eru skyldir Sambandinu eða Sambandshagsmununum, kom bezt fram í því, þegar hér var stofnað fyrirtæki, sem kennt er við Coca-cola, á árunum, að þá hefði eftir öllum venjulegum reglum ekki verið unnt að koma því á stofn, en hæstv. fjmrh. barg því þá, að það, sem bannað var öðrum, var þeim leyft, en þar er forstjóri SÍS eigandi, og áfram er haldið á þeirri braut, líka með þessu frv.

Hv. frsm. minni hl. benti mjög rækilega á það, að ríkinu er ekki ætlað að missa neins í við þessa minnkun á sköttum, og til þess að það mark náist, að ríkið missi ekki neins í, er farin sú leið að þyngja á hinum smærri skattgreiðendum. Þó eru til í þessu frv. önnur atriði, sem eru óskyld þessum skattabreytingum og eiga að vera svona eins og til þess að sykra þetta í munni einhvers hluta af almenningi. Það er t. d. skattalækkunin á sjómönnum, sem ég held að hv. 1. þm. Eyf. hafi lýst hér yfir að væri samkv. samningi við Alþýðusambandið eða önnur öfl, sem standa utan þessara veggja. Það er að vísu óviðkunnanlegt, að því sé opinberlega yfir lýst, þegar svona löggjöf er sett, að viss ákvæði í lögunum séu sett af ríkisstj. samkvæmt samningi við stofnanir utan þings og hópa manna utan þings, en framan í það er manni nú sýnt með þessum ákvæðum sumum hverjum. Þó er það svo, að þessi lækkun á skattskyldu sjómanna er að því er virðist meira til að sýnast en vera og vinnur alls ekki bug á því þjóðfélagsvandamáli, sem fyrir liggur, að því er snertir það að útvega næga sjómenn á báta og togara. Þetta vandamál er orðið öllum kunnugt og ekki síður fyrir það, þegar við ár eftir ár verðum að flytja inn mörg hundruð af útlendingum til þess að stunda sjóinn, bæði á togurum og vélbátum. Smávegis skattalækkun á kaupi sjómanna eða tekjum þeirra er næsta þýðingarlítið spor til þess að gera það eftirsóknarvert og miklu eftirsóknarverðara en það nú er fyrir menn að stunda sjómennsku og vinna fyrir kaupi á sjó yfir höfuð. Það duga ekki þessi vettlingatök, sem hæstv. ríkisstj. er að burðast við hér með þingstyrk sinna flokksmanna að koma í gegn. Það verður næsta haldlítið til þess að ríða baggamuninn, þannig að vandamálið leysist á eðlilegan hátt og menn fari að hafa meiri áhuga fyrir því eða svo mikinn áhuga fyrir því að vinna við sjóinn — Íslendingar — að það þurfi ekki að grípa til innflutnings útlendinga.

Við umr. í Nd. kom líka í ljós af hálfu flokksmanna minna, að þessi litla viðleitni í frv. mundi ná skammt til þess að ráða bót á þessu þjóðfélagsvandamáli, þó að það kunni að vera fyrir einstaka menn og þá kannske fyrir Alþýðusambandið, ef það hefur sett þessa kröfu upp, að það yrði lækkaður skattur á sjómönnum, og stjórnin sé að leitast við að gera hreint fyrir sínum dyrum gagnvart því. Og það er víst líka sá hópur manna í landinu, sem hæstv. ríkisstj. virðist vilja virða sem þegna, hinir allir, sá mikli fjöldi, sem þar er utan við, nýtur lítils tillits frá hálfu stjórnarvaldanna og er mergsoginn á öllum sviðum. En þetta er þó svo alvarlegt mál, hvað menn eru tregir til að stunda sjómennskuna hér á landi og fiskveiðarnar einkum, að því verður að gefa alvarlegan gaum af hálfu þeirra, sem stjórna þessu landi, að svo miklu leyti sem þeir ráða við, og það hefur verið á undanförnum mánuðum víða rætt og mikið rætt, að það kröftugasta átak, sem í þessu efni væri hægt að gera og fært að gera og yrði að gera, væri að losa undan skattskyldu kaupgreiðslur til skipverja á fiskiskipum alveg til þess að gera það verulega eftirsóknarvert að ráða sig á fiskiskip, bæði á smærri og stærri skip. Í Nd. mun hafa verið flutt till. af hálfu okkar flokks í þessu efni, ekki vegna þess, að við séum bundnir samningum eða loforðum við neinn einstakan hóp manna í þessu skyni, heldur vegna þess, að Sjálfstfl. viðurkennir það, sem hv. 6. þm. Reykv. í sinni ágætu ræðu um daginn taldi vera þjóðfélagslegt vandamál. Lausnina á því teljum við nauðsynlega, sjálfstæðismenn alls staðar yfir höfuð, og viljum stíga djarft spor í því efni að létta skattgreiðslum af þeim, sem sjóinn stunda, og bæta þeim á þann hátt þeirra aukna erfiði, auknu hættur og langar fjarvistir frá heimili sínu, sem aðrir atvinnuvegir heimta ekki. Við leggjum því til, eins og í Nd. var lagt til, í brtt. 554, sem flutt er af mér, hv. þm. V-Sk. og hv. þm. N-Ísf., að kaup skipverja, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip, þar með talin sel- og hvalveiðiskip, yfir lengri eða skemmri tíma á skattárinu, sé undanþegið tekjuskatti og gildi það jafnt, hvort sem þeir taka hlut í afla skipsins eða séu ráðnir upp á beinar peningagreiðslur.

Það ber öllum saman um, að niðurgreiðslurnar á kostnaði við útgerðina séu orðnar lítt bærilegar að þyngslum til, og engir hafa talað hærra um það en þeir, sem nú stjórna þessu landi. Nú veit maður það, að niðurgreiðslurnar byggjast á þeim mikla tilkostnaði, sem útgerðin hefur, og væri hann enn hækkaður með hækkuðu kaupi til sjómanna, þá mundi þörf fyrir niðurgreiðslur ekki minnka, heldur aukast, og sjómennirnir yrðu að fórna, eins og hingað til hefur verið, hér um bil öllu sínu kaupi, ef það væri komið upp í háar summur, í útsvör og ríkiskassann. Er

því bezta leiðin til úrbóta fyrir þennan hóp manna að veita þeim svo ríflega skattívilnun, að þeir þurfi ekki, eins og hingað til hefur verið, beinlínis að óttast það að fá miklar tekjur, vegna þess að við það hækki skattarnir á þeim — tekjuskattarnir — svo óhemjulega, að það eru dæmi þess, að sumir þessara manna hafa hreint og beint gengið af skipunum vissan tíma ársins til þess að minnka tekjur sínar. Og hvað það þýðir, að duglegir sjómenn og forustumenn á því sviði séu svo hrelldir með tekjuskattskröfum, að þeir hreint og beint hætti við störf sín, — hvað það þýðir fyrir framleiðsluna og afkomu atvinnuvegarins geta allir skilið, því að það eru vitaskuld færustu mennirnir, sem mest afla, og við það, að þeir hrökklist í land, missir atvinnuvegurinn miklu meira en höfðatala þeirra segir til um.

Ég býst við, að þessi krafa, sem nú er komin hátt á loft og haldið er uppi af mörgum talsmönnum í þessu landi, talsmönnum sjómanna og talsmönnum þess, að atvinnuvegurinn til sjávarins gangi ótruflaður, — ég býst við, að þessi krafa endi á því, að löggjafarþingið verði að sinna henni. Og þó að hv. Ed. Alþ. í þetta sinn kunni ekki að sjá sér fært að greiða atkv. með brtt. okkar þrímenninganna, sem er á þskj. 554, þá er merkið ekki fyrir það fallið.

Á aðra brtt. vildi ég aðeins minnast. Hún er á þskj. 552 og er flutt af hv. þm. V-Sk., og hef ég heyrt málflutning hans og málflutning mótherja hans, hv. þm. S-Þ., og verð að segja, að þrátt fyrir hinar lærðu og ýtarlegu ræður, sem hv. þm. S-Þ. hefur haldið til þess að kveða niður þá kröfu, sem hv. þm. V-Sk. hefur fært hér upp fyrir húsmæður þessa lands, þá hef ég ekki sannfærzt um, að málstaður hv. þm. V-Sk. sé rangur. Hv. þm. S-Þ. hefur í andmælum sínum gegn þessari till. m. a. minnzt á það, að húsmæðurnar á heimilunum, sem ekki gengju út á reita eða annað til að fá borgaða atvinnu, ynnu ekki fyrir, — eða mér hefur skilizt það, að hann vildi láta þær koma í þann flokk, að þær ynnu ekki fyrir því, sem skattlagt yrði af skattayfirvöldunum. Störf húsmóðurinnar á heimilinu, svo nauðsynleg sem þau eru, væru ekki þess eðlis, að skattayfirvöldin gætu náð sér þar niðri á þeim, en á hinn bóginn ef þær færu í vinnu utanhúss, þá ynnu þær fyrir tekjum, sem skattlagðar yrðu, og finnst mér það vera meginuppistaðan í málflutningi hv. þm. S-Þ. En húsmóðirin á heimilinu vinnur óbeinlínis að því að ala upp handa ríkinu skattstofna, sem eru engu þýðingarminni en kaupið á reitunum eða kaupið í frystihúsunum, — eða guð veit hvað það er, — eða búðunum eða sjoppunum, sem unnið er fyrir. Húsmóðirin á heimilinu hefur fyrst og fremst það hlutverk að ala upp kynslóðina, sem á að taka við á eftir okkur, og í þeim mikla hópi verða margir dýrmætir kraftar, starfandi og góðir skattþegnar sinnar fósturjarðar, þegar fram í sækir. Þegar litið er á málið frá þessu sjónarmiði, jafnvel þegar bara er hugsað um það, sem skattkrefjandi ríkisins getur gert sér að mat, þá finnst mér, að hv. þm. S-Þ. ætti að kannast við það, að húsmóðurstarfið á heimilunum og uppeldisstarf hennar og aðhlynningin að ungviðinu er sízt af öllu þýðingarminni en vinnan í sjoppunum eða á reitunum eða frystihúsunum, á ökrunum eða túnunum eða hvar sem sú vinna á sér stað. Fyrir utan þetta er svo það almenna heilsusamlega sjónarmið þjóðarinnar um hið þýðingarmikla starf húsmóðurinnar í landinu. Það er sannarlega ekki um of ýtandi undir það, að húsmæður sleppi sínum heimilisstörfum til að vinna sér inn kaup utanhúss, því að þær hljóta að sleppa niður einhverju af skyldustörfum gagnvart uppvaxandi kynslóð um það sama leyti, þær geta ekki annað. Það getur ekki farið saman að stunda sitt heimili myrkranna á milli og vera verndarandi hinnar uppvaxandi kynslóðar og vakandi yfir heill húsbónda og heimilis jafnt og þétt og leggja alla sína krafta þar fram, — það getur ekki farið saman við það að vinna öllum stundum utanhúss og hafa heimilisverkin í hjáverkum.

Ég vona því, að með tilliti til hinna mörgu ágætu húsmæðra í þessu landi, sem bæði nú og í framtíðinni sinna sínum heimilisstörfum og hafa enga hjáguði í þeim efnum til að ala önn fyrir heill heimilisins, — með tilliti til þess mikilvæga starfs og með tilliti til þeirra, sem þess njóta nú, sem er hin uppvaxandi kynslóð, og með tilliti til þess, að þeir verða ríkinu góðir skattgjafar á sínum tíma, þá geti jafnvel hv. þm. S-Þ., sá sanngjarni maður, fallizt á, að breytingartillaga hv. þm. V-Sk. á þskj. 552 á við mjög sterk rök að styðjast. Ekki fyrir það, að ég vilji gera lítið úr rökum hins ágæta þm. S-Þ., heldur vegna þess, að ég þykist vita, að hann hafi sett markið við nokkuð önnur og þrengri sjónarmið en rétt er að gera í þessu efni, þegar störf íslenzkra húsmæðra yfir höfuð koma til umr.

Nú eru komnar út prentaðar þær brtt., sem ekki lágu fyrir prentaðar, þegar ég var að byrja þessa ræðu, brtt. hv. minni hl. Þær eru að vísu ekki mjög margar, en þær eru allar mjög þýðingarmiklar, þær eru komnar hér á þskj. 561, og veit ég, að hv. 6. þm. Reykv. hefur um þær rætt og óþarfi fyrir mig að endurtaka nokkuð af hans ræðu. Ég tel þær allar til stórra bóta á þessu máli og vil óska þess fyrir mitt leyti, að þær nái framgangi, eins og aðrar till., sem miða að því að bæta frv., og vil benda á, að það er næsta hættulítið fyrir þessa hv. deild að taka einhverjum sönsum á einhverju sviði og áhættulítið um það, að málið stöðvist nokkuð fyrir það, vegna þess að við höfum virka daga núna komandi og Nd. mundi ekki þurfa að tefja þetta mál, enda ekki til þess ætlazt af neinum, að það sé gert, heldur aðeins farið fram á það af okkur, sem erum í minni hl. hér á þingi, að tekið sé tillit til sanngjarnra breytinga til að bæta frv. stjórnarinnar eða hennar sendimanna, sem er að vísu á yfirborðinu til bóta á einu takmörkuðu sviði eða fleirum, en er meingallað að mörgu leyti og þarf mikillar lagfæringar við.

Út af skattgreiðslu sjómanna vil ég sérstaklega leggja áherzlu á það, að við verðum að gera okkur ljóst, að þegar farið er að tala um að ívilna sjómönnum í skatti, þá er það gert til að gera tilraun til að leysa þetta stóra þjóðfélagslega vandamál, sem er að verða hvað snert-

ir framleiðslu aðalgjaldeyrisvörunnar, sem landið hefur á boðstólum og þarf að hafa, og það verður að taka dálítið djarft spor til þess að reyna að kippa í lag með áhugann á fiskimannsstörfunum frá því, sem verið hefur að undanförnu. Við getum ef til vill sætt okkur við það í framtíðinni, þó að enginn íslenzkur fjósamaður sé til á þessu landi, heldur einungis danskir eða útlendir fóðurmeistarar o. s. frv., það er ekki svo geysilega há tala, sem þar kemur til greina. En þegar um er að ræða þann atvinnuveginn, sem er undirstaða þjóðarbúsins að mestu leyti og stendur undir svo að segja allri útlendri fjáröflun, þá er ekki hægt að sætta sig við það, að við eigum að búa við hjálp útlendinga í framtíðinni, hjálp, sem við búumst við að geti tekið enda af öðrum ástæðum, þegar minnst vonum varir. Það eru aðallega, eins og menn vita, Færeyingar, sem hafa á þann hátt hlaupið undir bagga með Íslendingum, að þeir hafa léð sinn mannafla hingað til þess að vinna á íslenzkum skipum. En þeir eru í örum vexti með uppbyggingu síns eigin flota, og má búast við, að það líði ekki langur tími, þangað til þeir þurfa allra sinna manna við, og við þurfum þess vegna að vera við því búnir í tíma og vinna af alefli að því, að straumhvörf verði hjá íslenzkum sjómönnum með áhuga þeirra á að fara á fiskiskipin hér heima og vinna að öflun sjávarfanga.

Ég er þess fullviss, að áreynsluminnsta skrefið í þessu efni er að veita sjómönnunum skattfrelsi, og ég held eftir viðræður við marga menn, sem eru nákunnugir þessum málum, að það út af fyrir sig mundi duga til þess að festa íslenzka sjómenn við íslenzk skip.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 561,1 felld með 10:5 atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 552 felld með 9:6 atkv.
— 561,2 felld með 9:7 atkv.
— 554 felld með 9:6 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 561,3 felld með 9:6 atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 561,4 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 561,5 felld með 9:5 atkv.
7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
8.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 561,6 felld með 10:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

---

28. Kostnaður við rekstur ríkisins.

Á 44. fundi í Ed., 17. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins [93. mál] (stjfrv., A. 174).

Á 47. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. alþm. er auðvitað ljóst, er það mikið vandamál, hvernig eigi að halda uppi allri þeirri þjónustu, sem þjóðin vill að ríkið hafi með höndum, án þess að kostnaðurinn vaxi alveg yfir höfuð. Vafalaust eru þessi mál óvíða jafnörðug viðfangs og hér vegna þess, hve kostnaður er gífurlegur á mann við margvíslega þjónustu, en þjóðin vill búa nýtízku búskap í öllum greinum.

Kröfur um fjárframlög af hendi ríkisins eru hér sennilega meiri og almennari en annars staðar gerist, og bæjarfélög og sveitarfélög eru hér óvenju fámenn og eiga erfitt með að standa í stórræðum. Þess vegna beina menn áreiðanlega meira kröfum sínum hér til ríkisins en jafnvel nokkurs staðar annars staðar, og þótt mönnum þyki mikið um þann kostnað, sem bæjar- og sveitarfélög verða að standa undir víða, þá mun það sönnu næst, að ríkið leggur meira til opinberra mála hér tiltölulega en nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli.

Undanfarið hafa ríkinu verið bundnir þungir baggar með löggjöf frá Alþingi, og mjög mikill hluti af ríkisútgjöldunum er þess vegna lögboðinn. Þó er allverulegur hluti þeirra, sem ekki er beinlínis lögboðinn, og það er sá beini kostnaður við sjálfa ríkisstarfræksluna. Þessi kostnaður, þótt hann sé mikill minni hluti ríkisútgjaldanna, er eigi að síður mjög þýðingarmikill þáttur, og þjóðin á mikið undir því, að hægt sé að halda honum innan eðlilegra takmarka. Það eru sífellt gerðar atrennur til þess að hamla á móti því, að þessi kostnaður vaxi, eins og við þekkjum, og sú orrahríð stendur auðvitað látlaust í ráðuneytunum, og þar er ýmist sótt eða varizt. Sumar stofnanir og sum ráðuneyti sækja þá á að auka þennan kostnað, af því að þeim þykir nauðsyn til bera, en önnur ráðuneyti og þá einkanlega fjmrn. reyna að verjast, vegna þess að það kemur á það ráðuneyti að standa fyrir tekjuöfluninni á móti, og hv. Alþingi reynir áreiðanlega, eftir því sem það telur sér fært, að hamla einnig á móti óeðlilegum vexti kostnaðarins.

Stundum hafa verið skipaðar sérstakar sparnaðarnefndir og raunar æði oft, og því fer fjarri, að ég vilji halda því fram, að störf þessara sparnaðarnefnda hafi yfirleitt orðið til einskis. Nefndir þessar hafa oft kynnt sér mjög rækilega eða nokkuð rækilega ýmsa þýðingarmikla þætti í ríkisbúskapnum og oft gefið ýmsar gagnlegar bendingar. En það hefur sannast að segja verið sameiginlegt einkenni á störfum allra þessara sparnaðarnefnda, að þær hafa orðið að láta sér nægja að gefa bendingar, miklu fremur en að gera ákveðnar, rökstuddar tillögur. Nefndirnar hafa sjaldan getað kynnt

sér einstaka þætti svo rækilega, að þær hafi beinlínis treyst sér til þess að byggja á þeirri kynningu eða þeirri rannsókn nákvæmar till. um það, hvað ætti að gera. T. d. hafa þær oftast nær ekki treyst sér til þess að dæma um það, hvort hægt væri að koma við sparnaði, t. d. um mannahald, húsnæði, bifreiðaafnot o. s. frv., o. s. frv., hjá þessari eða hinni stofnuninni, þó að þær hafi oft bent á, að sýna þurfi ráðdeild í þessum efnum.

Þetta er ekkert óeðlilegt, þar sem það mun sanni næst varðandi slík atriði, sem þó eru oft mjög þýðingarmikil, og raunar þau atriði, sem eru þýðingarmest eða með því þýðingarmesta í þessu sambandi, að sparnaðarnefndir, sem sitja tiltölulega stuttan tíma, hafa varla möguleika til þess að fella í þessu efni dóm, en verða af eðlilegum ástæðum að gefa bendingar. Þess vegna er vitaskuld takmarkað gagn að sparnaðarnefndunum, þó að þær geti haft mikla þýðingu. Og ég vil alls ekki gera lítið úr því, að þær hafi þýðingu, því að sannast að segja eru þessi mál þannig vaxin, að hér verður aldrei neitt gert, sem stendur langa hríð, heldur þarf ævinlega að vera að vinna að þessum málum. Ef á að vera sæmilegt aðhald í þessum efnum, þá verður það að vera með því að vera af og til alltaf að endurskoða þau, og raunar af og til þannig, að nýir kraftar koma að til þess að benda á það, sem betur mætti fara. Í því efni hafa sparnaðarnefndirnar gert gagn. En þær ná ekki til botns í verkefninu, sem ekki er von.

Nú hefur oft verið um það rætt, með hverjum hætti væri unnt að skapa aukið aðhald frá því, sem verið hefur í ríkisbúskapnum, og stundum hefur komið til orða að stofna ráðsmannsembætti, embætti eftirlitsmanns, fastskipaðs eftirlitsmanns, sem ætti a. m. k. að hafa tillögurétt um það, hversu koma skyldi fyrir einstökum greinum ríkisbúskaparins. En það hefur ekki orðið úr því, að það hafi verið lögfest að setja upp slíkan ráðsmann, og sumir hafa óttazt, að fastskipaður embættismaður í svona starfi mundi ekki, þegar til lengdar lætur, verða það aðhald, sem aðrir hafa vonazt eftir, og þess vegna hafa ýmsir mjög hikað við að setja slíka löggjöf.

Í 22. gr. fjárlaga hefur nokkuð lengi verið ákvæði um, að ríkisstj. væri heimilt að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjmrh., þar til sett verði lög um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við opinberan rekstur. Það hefur sem sé um nokkuð langa hríð verið gert ráð fyrir því, að sett yrðu lagaákvæði um þessi efni, en til bráðabirgða verið samþykkt ár frá ári þetta ákvæði í 22. gr. fjárlaga. Undanfarið hefur það verið ætlun ríkisstj. af og til a. m. k. að framkvæma þessa heimildargrein, en það hefur jafnan farið út um þúfur, og það hefur orðið á þann hátt, að einstök ráðuneyti og stofnanir hafa farið sínu fram, þrátt fyrir það þótt ákvæðið hafi verið að nota þessa heimild, og fjmrn. hefur enga aðstöðu haft til þess að spyrna fótum við, m. a. vegna þess, að ráðningar á fólki hafa verið alveg fullgildar að lögum, þótt fjmrn. hafi alls ekki um þær fjallað. Það er því alveg augljóst mál, að þetta ákvæði, sem var reynt til bráðabirgða, veitir ekki neina fullnægjandi stoð í þessu efni.

Nú hefur verið athugað undanfarið talsvert gaumgæfilega, hvað hyggilegt mundi vera að gera til þess að reyna að skapa meira aðhald um þessi efni en verið hefur, og það hefur orðið ofan á að gera þær till. til nýrrar löggjafar, sem felast í þessu frv. Í frv. er ekki gert ráð fyrir sparnaðarnefnd, sem sitji stuttan tíma, en þó er vitaskuld alltaf hægt að skipa slíka nefnd eða nefndir þrátt fyrir ákvæði frv. Það er heldur ekki gert ráð fyrir því í frv. að skipa fastan embættismann til eftirlits af ótta við, að það fyrirkomulag mundi ekki, þegar til lengdar léti, reynast það aðhald, sem menn hafa viljað fá. Á hinn bóginn er reynt að fara í þessu efni leið, sem ætti að geta falið í sér nokkra af kostum þess að hafa fastan mann til þess að líta eftir í þessu efni og jafnframt að hafa það í sér fólgið, að þarna væri veruleg hreyfing á einnig. Þetta er hugsað þannig, að í frv. er gert ráð fyrir að fela þremur sérstökum trúnaðarmönnum aðhald og eftirlit. Einn þeirra sé embættismaður, þ. e. a. s. ráðuneytisstjórinn í fjmrn., einn sé skipaður af ríkisstj. í heild og einn sé kosinn af fjvn. Alþingis til eins árs í senn. Það yrði þá hlutverk þessara manna, eins og segir í frv., að gera till. um aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum, og er gert óheimilt með lögum að stofna til nokkurrar nýrrar stöðu nokkurs staðar í ríkisrekstrinum, nema málið hafi verið borið undir þessa þremenninga, og sú ráðning ógild, sem gerð væri án þess, að málið hefði verið undir þá borið. Að sjálfsögðu er valdið til þess að ákveða endanlega um það, hvort starf skuli sett upp, ekki tekið af hlutaðeigandi ráðherra, því að slíkt er ekki talið fært, en það er skylt, að málið gangi í gegnum þennan hreinsunareld, og ef ráðherra fer ekki eftir till. trúnaðarmannanna, þá er honum samkvæmt frv. gert skylt að gera fjvn. Alþingis grein fyrir því, af hverju hann fór ekki eftir till. trúnaðarmanna, hver voru rökin fyrir því, að hann taldi svo brýna nauðsyn til þess t. d. að fjölga starfsliðinu, að hann samþykkti, að það yrði gert, þótt nefndin væri á annarri skoðun.

Ég ætla af langri reynslu í þessum efnum, að það ætti að mega vænta sér verulegs stuðnings fyrir Alþingi og ríkisstj. af þessu fyrirkomulagi, og þetta er einmitt hugsað þannig, að tveir af trúnaðarmönnunum séu með nokkrum hætti á vegum ríkisstj., en einn á vegum Alþingis, þ. e. a. s. fjvn., og er það einmitt gert til þess, að þarna skapist tengiliður varðandi þessi efni milli hv. Alþingis og framkvæmdavaldsins.

Ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um, að ef þetta verður vel rækt af þeim, sem hér er gert ráð fyrir að komi til aðhalds, þá ætti að mega hafa af þessu gagn.

Þá er loks gert ráð fyrir því, að þessir trúnaðarmenn fjalli ekki aðeins um starfsmannafjölda og veiti aðhald í því efni, eftir því sem þeim sýnist fært, heldur einnig stungið upp á, að undir þá skuli bera allar ráðstafanir, sem

verulegum kostnaðarauka geta valdið, svo sem aukningu húsnæðis, bifreiðakaup og fleira þvílíkt, sem lýtur að starfrækslunni. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að þeim sé skylt að íhuga eða endurskoða starfsrekstrarkostnað yfir höfuð og gera till. um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað, eins og það er orðað í 3. gr. frv.

Með þessu móti er ætlazt til, að saman geti farið, að meðal trúnaðarmanna í þessum efnum sé jafnan einhver, sem hefur nákvæma þekkingu á ríkisstarfrækslunni, þ. e. a. s. ráðuneytisstjórinn, sem er fastur trúnaðarmaður samkvæmt frv., en jafnframt komi aðrir tveir til, sem eru sérstaklega tilnefndir fyrir stutt tímabil í senn og ættu að geta tryggt, að fleiri sjónarmið en aðeins sjónarmið embættismannanna einna komi þarna til greina.

Mér finnst mjög hyggilegt að lögfesta þetta og gera tilraun, hvernig það gefst. Ég skal ekki færa fyrir þessu fleiri ástæður, en vil leyfa mér að lokum að óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjhn. d. að lokinni þessari 1. umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er ekki til þess að andmæla á neinn hátt þessu frv. Ég lít svo á, að það sé virðingarverð tilraun til þess að sporna eitthvað við örum vexti í rekstri þjóðarbúsins. Ég vildi benda á og biðja hv. nefnd að athuga, hvort þessi nefndarskipun, sem fyrirhuguð er, sé rétt, þ. e. tveir úr ráðuneytunum og einn frá Alþingi. Ég hefði fyrir mitt leyti talið heppilegra, að það væri einn frá ráðuneytunum, t. d. frá fjmrn., og svo tveir tilnefndir af fjvn. Alþingis. Ég vildi vænta þess, að hv. nefnd athugaði þetta eða aðra leið, sem teldist heppilegri. Ég sé ekki t. d. í sambandi við þessa lausn, að stjórnarandstaðan kæmi til greina, en tel það ekki hyggilegt, hver sem hún er á hverjum tíma. Ef tveir eru tilnefndir af fjvn. Alþ., þá yrði stjórnarandstaðan alltaf með. Þetta vildi ég biðja hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, að athuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 243, 247).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Um efni þessa frv., sem fyrir liggur, tel ég *nægja að vísa til framsöguræðu hæstv. fjmrh.* við 1. umr. málsins svo og til grg. þeirrar, er frv. fylgir. Tel ég, að þannig sé öllum hv. þm. d. fullljóst, hvað frv. hefur inni að halda.

Fjhn. d. hefur athugað þetta mál og rætt það á tveimur fundum. Á seinni fundinum voru tveir hv. nm. fjarverandi, þ. e. a. s. fulltrúar Sjálfstfl., en annar þeirra, hv. 6. þm. Reykv. (GTh), *hafði mælzt til bæði við mig og hlut*aðeigandi þm., að hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) mætti fyrir sína hönd á nefndarfundinum, og skrifar hann því undir nál.

Nefndin var öll á einu máli um það að mæla með frv. með eða án breyt., en hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara, og er sjálfsagt hans fyrirvari kominn fram í brtt., sem hann flytur á þskj. 247 og inniheldur þá eina breytingu, að í þá nefnd, sem frv. gerir ráð fyrir, kjósi fjvn. 2 menn og ráðuneytisstjórinn í fjmrn. sé þar sjálfkjörinn, en fulltrúi stj. í heild falli niður.

Það var kunnugt um þetta sjónarmið, þegar frv. var vísað til n., því að hv. þm. V-Sk. (JK) hafði hreyft því við 1. umr., að n. tæki þetta til athugunar, og það gerði hún lítillega á fyrri fundinum.

Það hafa komið fyrr fram tillögur svipaðs efnis og í þessu frv. felast og verið stungið upp á ýmsum leiðum hvað það snertir. Það var fyrir æði mörgum árum borið fram stjfrv. um ráðsmann ríkisins. Það var hv. þm. Vestm. (JJós), sem þá var fjmrh. og bar það frv. fram. Ef ég man rétt, var svo ákveðið í því frv., að þessi ráðsmaður ríkisins, sem átti að hafa svipað starf og hér er gert ráð fyrir að nefnd hafi, væri skipaður af hlutaðeigandi ráðherra. (**Gripið fram í:** Forseta.) Ja, það er nú sama, forseta Íslands, — já, það er sama, — eftir tillögum hlutaðeigandi ráðherra, því að forsetinn getur ekki skipað í embætti öðruvísi en eftir tillögum ráðherra.

Síðan liðu nokkur ár, og þá bar hv. þáverandi þm. Barð., Gísli Jónsson, fram frv. um svipað efni, en fór þó aðra leið, því að hann ætlaðist til, að fjvn. kysi þennan mann, en hann væri þó fastur starfsmaður.

Þannig hafa þessi tvö sjónarmið komið fram, annars vegar að fjvn. hefði þetta algerlega með höndum og hins vegar að fulltrúi ríkisstj. gerði það. — Í frv. er hér farið bil beggja og ætlazt til, að fastur embættismaður sé í nefndinni stöðu sinnar vegna, sem er ráðuneytisstjórinn í fjmrn., og svo að ríkisstj. öll skipi annan mann, en þriðja manninn kjósi fjvn.

Ég held, að það sé skoðun meiri hl. n., að þessi tilhögun sé einna heppilegust, að framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið eigi þarna hlut að í sameiningu. Nú mætti segja, að sú regla væri ekki beinlínis brotin, þó að till. hv. 2. þm. Árn. yrði samþ., en ég býst við, að meiri hl. d. finnist þó ekki ástæða til að samþ. hana, sökum þess að fjvn. hefur undir öllum kringumstæðum mikinn aðgang að því að fylgjast með í þessum málum og hafa afskipti af þeim. Ef fjvn. finnst stofnað til starfs að tilefnislausu, getur hún miðað fjárveitingu til hlutaðeigandi ríkisstofnunar í samræmi við það og neitað að viðurkenna slíkt starf. Frá því sjónarmiði virðist það vera óþarft, að fjvn. hafi tvo fulltrúa í nefndinni.

Hvað snertir það, sem hv. þm. V-Sk. minntist hér á, að með þessu móti, sem hér er farið fram á í frv., hefði stjórnarandstaðan ekki fulltrúa, þá er það að vísu rétt, að líkur eru nú til, að hún hafi ekki fulltrúa í þessari nefnd, en á hinn bóginn mundi sú stjórnarandstaða, sem nokkurs er megnug, t. d. sem telur einn þriðja fulltrúa í Alþ., hafa ýmis tækifæri til þess að hafa afskipti af þessum málum og gera sínar aths., bæði í fjvn., eins og ég þegar hef minnzt á, og auk þess að stjórnarandstaða, sem

teldi einn þriðja alþm., fær einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna, og vitanlega hafa þeir aðgang að öllum skjölum og skilríkjum viðvíkjandi fjárreiður ríkisins og geta gert sínar aths.

Mér hefur að vísu fundizt yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna ekki fylgja eftir sínum aths. nægilega, og það efni hefur oft verið rætt hér í hv. deild í sambandi við afgreiðslu ríkisreikningsins, þar sem þeir vísa hvað eftir annað málum, sem þeir hafa gert aths. við, ótiltekið til aðgerða Alþ. án þess að gera nokkrar till. um það, hvað eigi að gera. En þetta er atriði, sem ég álít að í Alþ. eigi að laga og krefjast þess af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna, að þeir geri beinlínis tillögur um það, hvað skuli gera út af þeim aths., sem þeir gera, — öllum þeirra aths.

En hvað sem um þetta er og ekki sízt ef yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna ynnu starfið eins og ég álít að þeir eigi að vinna það, þá hefur auðvitað stjórnarandstaðan alveg fullkomin tök á því að fylgjast með og gera sínar aths. að því er starfrækslu ríkisins snertir, en hitt hlýtur alltaf að vera, að yfirráðin séu hjá meiri hl. Alþ. og þeirri ríkisstj., sem hann skipar eða velur.

Ég geri ráð fyrir, að hv. 2. þm. Árn. tali fyrir sinni till., og ég skal ekki ræða hana frekar eða þetta mál nú, fyrr en þá, ef mér svo sýnist, þegar hann hefur talað fyrir sínu máli. En ég vék aðeins að þessu vegna þess, að þeim tilmælum var beinlínis beint til n., jafnhliða því sem málinu var til hennar vísað, að hún tæki þetta atriði til athugunar.

Það er sem sagt tillaga n., sem ég gat um, að frv. verði samþ., — vitanlega leggur hv. 2. þm. Árn. til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem hann hefur gert till. um. En ég fullyrði ekki um það, hvort hans fyrirvari gildir það, að fylgi hans við frv. sé bundið því skilyrði, að sú till. verði samþ. Ég held, að það sé nú ekki.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Það var vegna fjarveru hv. 6. þm. Reykv. (GTh), að ég mætti á einum fundi fjhn. þessarar hv. d., þar sem þetta frv., sem hér er nú til umr., var tekið fyrir í nefndinni. N. var búin að ræða um frv. á öðrum fundi, eins og hv. frsm. skýrði frá áðan, og ég geri ráð fyrir því, að þar hafi frv. verið tekið til meðferðar og lesið grein fyrir grein og athugað, en fullnaðarákvörðun n. var tekin á þeim fundi, sem ég mætti á. Ég hafði þess vegna ekki aðstöðu til þess að koma þá með á fundinum ákveðnar till. til breyt. á frv., sem ég hafði þó þá strax nokkurn hug á, en skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Það væri nokkur ástæða til að fara um þetta frv. nokkrum orðum, en ég mun nú ekki gera það að neinu ráði.

Eins og hv. frsm. tók fram, er hv. þdm. kunnugt efni frv. Bæði er það, að hæstv. fjmrh. fylgdi því úr hlaði hér með ræðu og skýrði það og tilgang þess, og einnig má benda á, að það, sem þetta frv. fjallar um, er ekki nýtt, eins og hv. frsm. kom inn á, þar sem hann minntist á þau tvö frv., sem flutt hafa verið hér áður á hv. Alþ. um að segja má sama efni, þ. e., að einhver stofnun yrði sett á fót, annaðhvort með einum manni eða fleiri, eins og nú er gert ráð fyrir, til þess að hafa eftirlit með ríkisrekstrinum og fjölgun ríkisstofnana o. s. frv.

En þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, virðist mér vera nokkuð laust í reipum, og gæti verið, að ef það væri á annað borð tekið sterkum tökum að koma slíku eftirliti á sem hér er rætt um, þá gæti það verið á breiðari grundvelli en hér er gert ráð fyrir. Eftir þessu frv. er aðeins gert ráð fyrir því, að þessir 3 menn, sem þarna eru kosnir til þessara starfa, þ. e. ráðuneytisstjórinn í fjmrn., einn maður tilnefndur af fjvn. Alþ. og einn maður tilnefndur af ríkisstj. í heild, hafi þetta starf með höndum, þ. e. að fylgjast með ríkisrekstrinum og sjá um, að ekki sé fjölgað starfsfólki við ríkisstofnanir eða nýjar ríkisstofnanir settar á stofn, nema þeir hafi áður um það fjallað og sagt álit sitt um það.

Nú er það svo, að þó að þessir menn álíti, að fjölgun starfsmanna í einhverri deild stjórnarráðsins, sem farið er fram á af viðkomandi ráðh., sé óþarfi, þá geta þeir aðeins sagt við viðkomandi ráðherra: Við álítum, að þetta eigi ekki að gera. — En ef ráðherrann er á öðru máli, getur hann samkv. ákvæði 4. gr. frv. gert það, hvað sem þessir menn leggja til. Þarna er náttúrlega eitt höfuðatriði í þessari löggjöf, sem getur verið mjög athugandi, hvort menn, við skulum hugsa okkur t. d. í þessu tilfelli 3 menn, eigi að hafa aðeins tillögurétt í þessu og ekki meira, allt valdið sé í höndum ráðherra, eða þá hvort þeir eigi að hafa vald til þess að skera úr um málið. Ég skal nú ekki leggja fullan dóm á þetta atriði, en þetta er vissulega atriði, sem vert er að taka til athugunar í sambandi við svona mál. Og eitt er enn í þessu, að ef t. d. þetta frv. verður að lögum, og ég tala nú ekki um, ef brtt. mín yrði samþ., sem ég álít að væri bót á frv., að fjvn. skipaði tvo menn í þetta, — og ef þetta yrði að lögum, þá hefði ég álitið vera rétt áður að taka það til athugunar hreinlega, hvort þessir menn ættu ekki að hafa eftirlit með ekki aðeins ríkisstofnunum, vinnubrögðum þar og öðru slíku í skrifstofum ríkisins, heldur hreinlega með fjármálastjórninni.

Við vitum það ósköp vel, að undanfarin ár hafa greiðslur hjá ríkinu farið stórkostlega og óskyggilega fram úr áætlun. Maður þarf ekki annað en líta á ríkisreikninginn frá 1956, sem nú er nýskeð búið að útbýta til hv. þm., til þess að reka augun í þetta. Reikningurinn sýnir nefnilega, að umframgreiðslurnar nema á mörgum liðum reikningsins milljónum, og þó að við sjáum reikninginn og yfirförum hann, þá höfum við ekki hugmynd um, í hverju þessar umframgreiðslur liggja og hvernig á þeim stendur, en síðar fáum við ef til vill að vita það, þegar aths. yfirskoðunarmanna landsreikninganna koma. Þetta frv. gerir alls ekki ráð fyrir því, að þessi nefnd hafi þetta starf á hendi, en það hefði mér líka fundizt geta verið athugandi í þessu sambandi. Þó að þetta sé lítið frv., þá er þetta mjög mikilsvert mál, og eftir því sem ég bezt veit, þá er svipuð tilhögun komin á á Norður-

löndunum eða eitthvað í þá átt, sem hér er að stefnt. Og ég man ekki betur en að í frv. því, sem þáv. fjmrh., Jóhann Þ. Jósefsson, bar fram, — ég hygg 1948, — hafi þetta einmitt komið fram í umr. og gott ef það kom ekki fram í grg., en ég man nú ekki, hvort getið er um það í grg., sem fylgir þessu frv., og kann það að vera. En þetta hefði mér fundizt geta verið allt til athugunar, þegar slíkt frv. sem þetta er sett á stað. Þar sem þessir menn hafa aðeins tillögurétt í málum þeim, er þeir koma til að fjalla um, þá finnst mér vera nokkuð vafasamt, að þetta yrði sterk framkvæmd slíku nauðsynjamáli sem hér er um að ræða.

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um frv. í heild, en aðeins víkja að brtt. minni, sem ég ber fram.

Ég hef leyft mér að bera fram brtt., sem er á þskj. 247, við 3. gr. frv. En sú gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytisstjórinn í fjmrn., einn maður tilnefndur af fjvn. Alþingis til eins árs í senn og einn maður tilnefndur af ríkisstj. í heild til jafnlangs tíma skulu gera tillögur um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað."

Síðan er sagt, að sömu aðilar skuli tilnefna varamenn, nema varamann fyrir ráðuneytisstjórann tilnefnir fjmrh.

Ég held, að fjvn. ætti að skipa þarna tvo menn, en ekki ríkisstj. í heild annan manninn og fjvn. annan. Fjvn. fjallar á hverju ári um allan fjárhag ríkisins. Í þeirri nefnd er lagður grundvöllurinn, sem ríkisstj. á að fara eftir á viðkomandi fjárhagsári. Þeir menn, sem þar starfa, eru því þaulkunnugir þessum málum öllum, þ. e. fjármálum ríkisins, og mér hefur oft dottið í hug, að það væri ekki nein fjarstæða, að Alþ. léti fjvn. ekki hætta störfum, um leið og þingi er slitið eða hún er búin að afgreiða fjárlög, heldur að hún héldi áfram störfum á einhvern hátt og fylgdist með því, hvernig fjárlögunum yfirleitt er framfylgt, og gætti þess, að ekki sé farið út fyrir þann ramma, sem lögfestur er með fjárlögum.

Þetta, að fjvn. fengi aðstöðu til þess að tilnefna tvo menn í þetta starf, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er nokkuð í þessa átt. Þeir kæmu fram sem fulltrúar fjvn. og héldu sem slíkir áfram að fylgjast með rekstri ríkisins og fjármálum þess og framkvæmd fjárhagsmálanna á fjárhagsárinu. Þó að þarna sé aðeins um ráðgefandi nefnd að ræða, sem hefur ekki nema tillögurétt, er réttara, að fjvn. tilnefni tvo menn, en ekki ríkisstj. í heild annan manninn. Það má vel vera, að viðkomandi sex ráðherrar komi sér saman um tilnefningu manns í þetta embætti. En vel gætu komið ólík sjónarmið um val í slíka stöðu og reipdráttur. Meira að segja gæti hugsazt, að um bitling yrði að ræða. Ég skal náttúrlega ekki neitt fullyrða um það atriði, en burt séð frá því, þá álít ég vera miklu réttara, að fjvn. tilnefni þarna tvo menn, og þess vegna hef ég flutt þá brtt., sem hér er á þskj. 247, og ef hún yrði samþ., mundi 3. gr. hljóða svo:

„Ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og tveir menn tilnefndir af fjvn. Alþingis til eins árs í senn skulu gera tillögur um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað.

Varamann fyrir ráðuneytisstjórann í fjmrn. tilnefnir fjmrh., en fjvn. fyrir sína fulltrúa." — M. ö. o.: breytingin er engin önnur en þessi, að fjvn. tilnefnir báða mennina í staðinn fyrir annan.

Ég sé ekki, að vald ráðherra sé neitt rýrt, þótt brtt. mín verði samþykkt, vegna þess að trúnaðarmennirnir hafa aðeins tillögurétt, eins og ég hef minnzt á, og viðkomandi ráðh. geta hagað sér alveg eftir því, sem þeim sýnist, þrátt fyrir till. þessara manna.

Ég held, að ég hafi þá ekki þessi orð mín fleiri. Ég þykist hafa bent á, að það er full ástæða til þess, að þessi brtt. er komin fram. Ég geri ekki svo mikið úr því, sem kom fram frá hv. þm. V-Sk. og hv. frsm. drap á núna, að brtt. mín væri til þess, að minni hl. fjvn. fengi aðstöðu til að tilnefna einn mann. Ég álít, að aðalatriðið sé, að fjvn. í heild fái þarna aðstöðu til þess að fylgjast með fjárreiðum ríkisins og hafa eftirlit með því, að farið sé eftir gildandi fjárl. Minni hl. er þessi í dag og hinn á morgun, og ég vil ekki binda þetta mál við núverandi ástand, heldur gera tilraun til, að frv. þetta komi að gagni, með því að fjvn. á hverjum tíma hafi þennan rétt, sem í brtt. minni felst.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Af óviðráðanlegum ástæðum hef ég orðið að vera fjarri þingi vegna veikinda núna undanfarið og því ekki haft tækifæri til þess að fylgjast með þessu máli í n., eins og annars hefði átt að vera, ef ég hefði verið hér starfandi. Mér er það fagnaðarefni, að frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins er lagt hér fram, og ég hygg, að ég sé ekki einn um það, heldur mundu allir gjaldþegnar þessarar þjóðar vera sammála um það, að tekið væri eitthvað höndunum til þess að draga úr þeim ógnarkostnaði, sem er orðinn við rekstur ríkisins. Annars á það kannske ekki við við þessa umr. að tala almennt um málið, þetta er 2. umr., eins og vitað er, og mínar aths. geta vel beðið til 3. umr., ef því er að skipta.

Mér fyrir mitt leyti kemur þetta nú dálítið kynlega fyrir sjónir, af því að ég hef nokkra reynslu af tilraunum í þessa átt á öðru árabili og í öðru ráðuneyti en nú stendur að stjórn landsins, og mér verður, — ja, mér liggur við að segja og segja það opinberlega, sem stundum er sagt í gamni í rökræðum hér: „Gaman er að börnunum, þegar þau fara að sjá." Og það á ekki hvað sízt við hvað þetta mál snertir og þann hv. flokk, sem stendur að hæstv. fjmrh. Það hefur oft verið talað hér, þó ekki alvarlega nema venjulega einu sinni á ári, um sívaxandi kostnað á ríkisrekstrinum og flestum þótt hann fara of hraðvaxandi, og svörin hafa venjulega verið hjá hæstv. fjmrh. misjafnlega hortug, en alltaf eitthvað hortug til þeirra, sem hafa leyft sér að gagnrýna þennan sívaxandi kostnað: Nú, hvað á að spara, hvað á að spara? Vilja menn taka hinn liðinn og höggva af honum? — Þetta

hefur verið venjulegt svar hæstv. ráðh., sem nú leggur hér fram þetta frv., svo veigamikið sem það er eða hitt þó heldur. En það getur verið, að það sé gott að flagga því framan í þjóðina um sérstakar ráðstafanir til að draga úr eyðslunni og auka sparnaðinn.

Hv. frsm. n. fór nokkrum hóflegum og eins og vant var stillilegum orðum um þetta mál og var eitthvað að tala um það, að menn hefðu, bæði minni hl. og meiri hl. og allir hv. þm., fullt tækifæri til að koma að sínum aths. í sambandi við ríkisreikning, skildist mér, eða aths. ríkisreikningsendurskoðenda. Er það rétt og sjálfsagt bæði rétt athugað hjá hv. frsm. og ástæða til að vera ánægður yfir því, á meðan ekki er svo langt komið, að það sé bundið fyrir munn manna um aths. við gerðir ráðamanna ríkisins.

Hins vegar fannst mér ástæður hv. frsm. fyrir till. meiri hl., sem ekki eru nú mikið rökstuddar frekar en frv. sjálft, vera heldur veigalitlar og fram bornar í hógværum anda af undirdánugum þénustumanni stjórnarinnar.

Ég held, að aths. hv. minni hl. í þessu máli eigi við sterk rök að styðjast, þar sem hann hallast að því, að tillögurétturinn og íhlutunarrétturinn, svo langt sem hann nær, sé sérstaklega í höndum bæði ráðuneytisstjóra, eins og sjálfsagt er, og í höndum meiri hl. fjvn., því að fjvn. er, eins og hann tók fram, sú n. innan þingsins og sá hópur innan þingsins, sem hefur beztar aðstæður til þess að mynda sér skoðanir á útgjöldunum, hvort sem honum þykja þau meiri eða minni, miklu frekar en einstakir þm., og mín spá er það, að frvgr. sú 3., þar sem gert er ráð fyrir einum manni í þessa eftirlitsnefnd, kosnum af ríkisstj. eða skipuðum af ríkisstj. í heild, sé að því leyti til óholl, að þar er ekki gert frekar ráð fyrir því, að sá hinn sami hafi neitt til brunns að bera, — hann á ekki að vera ráðuneytismaður eða neitt því um líkt, hann á að vera algengur þm., eins og ég og allir hinir, — hún hafi það til brunns að bera, að hún gangi beint fram hjá því, að viðkomandi maður hafi nokkuð til brunns að bera til að starfa í slíkri nefnd, og þá yrði sennilega þessi maður ríkisstj. einn af þessum bitlingamönnum, sem úir og grúir af og alltaf er nóg af hjá öllum ríkisstj. og ekki sízt hjá þessari hæstv. ríkisstj., — bitlingamönnum, sem einhverra hluta vegna af pólitískum ástæðum fá sig setta í þetta af eigingjörnum ástæðum.

Um fjárveitinganefndarmennina gildir, eins og hv. frsm. minni hl. — ég leyfi mér að kalla það svo — tók réttilega fram, þeir eru, fjvn.-mennirnir — for better or for worse — eins og þar stendur, einu mennirnir innan þingsins, utan hæstv. fjmrh., sem vegna starfa sins og æfingar eru sérstaklega hlutgengir til þess einmitt að fjalla um þessi mál, miklu meira en við hinir erum, og þess vegna finnst mér það, burt séð frá því, hver stjórnar eða hver hefur meiri hl. í þetta og þetta sinn, að það sé þessi n., fjvn., sem á hverjum tíma leggi fram meginásinn í þá byggingu, sem hér er um að ræða.

Annars náttúrlega er hæstv. ráðh. ekki bundinn við neitt í þessu og á kannske ekki að vera, því að hann getur eftir ákvæðum frv. gengið á móti öllum þessum ráðgjöfum, bæði ráðuneytisstjóra og hinum tveimur eftirlitsmönnum, sem með honum eiga að starfa. Hann getur gert það með köldu blóði, og það kostar hann enga áreynslu aðra en þá að skrifa fjvn. grg., og það mun sennilega enginn hæstv. fjmrh., hvorki núverandi né tilkomandi, vera í neinum vandræðum með.

Af þessum ástæðum finnst mér, að það væri skynsamlegt af hv. d. að fallast á till. hv. 2. þm. Árn. í þessu máli. Hún miðar ábyggilega í rétta átt málefnalega skoðað. Alveg laust við alla stundarhagsmuni og alla pólitík, þá miðar hún málefnalega skoðað að minum dómi í rétta átt.

Ég mun að þessu sögðu ekki þreyta hv. d. á frekari aths. um þetta frv. að þessu sinni af þingskapalegum ástæðum, en við 3. umr. málsins er tækifæri bæði fyrir mig og aðra að koma lengra inn á mörg atriði snertandi þetta mál og snertandi forsögu þess á þeim þingum, sem undanfarið hafa verið haldin.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Mér skilst, að báðir þeir hv. ræðumenn, sem talað hafa á eftir mér um þetta mál, séu meðmæltir frv. eða stefnu þess, þó að báðir vilji fá á því breytingu. Raunar sagði hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), að sér fyndist frv. vera laust í reipunum, og veit ég ekki vel, hvernig á að skilja það, því að hann útskýrði það ekki að öðru leyti en því, að mér virtist hann telja minna gagn að frv. sökum þess, að sú n., sem ráðgerð er í frv., á ekki að hafa neitunarvald um það að stofna nýtt starf eða setja upp nýja ríkisstofnun. Ég held, að það sé varla hægt að koma slíku neitunarvaldi við samkvæmt okkar stjórnarfari og jafnvel stjórnarskrá.

Alþingi hefur löggjafarvald og fjárveitingarvald. Forsetinn og ríkisstjórnin hafa framkvæmdavaldið, og ég efast um, að það sé hægt að veita einstökum mönnum slíkt vald, sem mér virtist hv. 2. þm. Árn. gera ráð fyrir. Ég held jafnvel, að það þyrfti að breyta stjórnarskránni, ef slíkt ætti að vera hægt, og vitanlega er það í öllum efnum, sem tilheyra framkvæmdavaldinu, — og hér ræðir ekki um annað en framkvæmdaatriði í sjálfu sér, að þá ber hlutaðeigandi ráðh. alla ábyrgð á stjórnarathöfnum og hefur úrslitavaldið.

Vitanlega er það samt sem áður mikið aðhald fyrir ráðh. að þurfa í hvert sinn, sem stendur til að bæta við starfsmanni eða setja á stofn einhverja ríkisstofnun, að leita til slíkrar n. sem þessarar, og ef hún leggur á móti, telur þetta óþarft og ráðh. gerir það samt sem áður, þá vitanlega stendur hann miklu verr að vígi á eftir að verja sínar gerðir, og ráðh. eru nú eins og aðrir menn að því leyti að gefa ekki viljandi mikinn höggstað á sér. Ég held þess vegna, að það sé tvímælalaust, að starf, sem þessi n. á að vinna, hvernig sem því er fyrir komið, sé mikið aðhald fyrir ríkisstj. Mér fannst koma sá misskilningur fram hjá báðum hv. þm., sem hér töluðu, að hér væri eingöngu um fjmrh. að ræða, en það er ekki. Þetta gildir vitanlega um öll ráðuneyti og ekkert sérstaklega um fjmrn.

Þá þótti hv. 2. þm. Árn. það galli, að þessir menn skyldu ekki eiga að hafa eftirlit með fjármálastjórninni að öðru leyti en þessu, og skildist mér hann telja, að það hefði verið heppilegra, að þeim væri falið að hafa stöðugt eftirlit með fjármálastjórninni.

Ja, slíkt eftirlit er til eða á að vera til, og það er Alþingi, sem kýs menn til þess að hafa það eftirlit. Það eru yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna, sem eiga að hafa slíkt eftirlit, og Alþingi hefur úrslitavaldið. Það má ekki greiða neitt úr ríkissjóði, nema fé sé veitt til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. (**Gripið fram í**: Ekki einu sinni 100 milljónir?) Nei, ekki einu sinni 100 millj. Það verður að leita samþykkis Alþingis, a. m. k. eftir á, ef fjárhæð er greidd úr ríkissjóði, án þess að heimild sé til. Auðvitað gildir þetta ekki um hreinar áætlanaupphæðir, sem alla vega geta breytzt. Eins og fyrrv. hæstv. fjmrh. veit auðvitað, þá eru sumir liðir fjárl. bara áætlun, sem enginn getur ábyrgzt að standist. Hitt kynni að vera, og ég er ekki frá því, að nánari ákvæði þyrfti að setja um starfssvið yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, og það, sem ég teldi þá að hin mesta nauðsyn sé á í því efni, er það, að þeir gerðu ákveðnar till. út af hverri aths., sem þeir gera við ríkisreikninginn.

Hv. þm. Vestm. fagnaði því að mér skildist, að Framsfl. væri nú nýfarinn að sjá, að eitthvað þyrfti að gera í þessum efnum. Ég leyfi mér að fullyrða, að hann hefur séð það fyrr. Hann var að tala um, að fjmrh. væri hortugur í svörum, þegar fundið væri að fjármálastjórninni. Vitanlega verja menn sínar gerðir. Það hygg ég að hv. þm. Vestm. hafi einnig gert, þegar hann var fjmrh. Mér finnst ekkert óeðlilegt, þó að fjmrh. spyrji þá, sem finna að því, hve fjárl. séu há og hve ríkisreikningurinn sé hár: Hvað á að spara? — Sannleikurinn er nú sá, að það er hvorki núverandi fjmrh. né fyrrv. fjmrh., sem eiga aðalþáttinn í því, hve ríkisútgjöldin hafa hækkað, heldur er það Alþingi og einkum og sérstaklega þjóðin sjálf, sem alltaf krefst meiri og meiri framlaga. Það er nú sannleikurinn í málinu, og ef á að leggja eitthvað niður og ef eitthvað á að spara, þá rísa alltaf ótal menn upp og mótmæla því.

Það sem hv. þm. Vestm. kallaði mig — undirdánugan þjónustumann hæstv. ríkisstj., þá er nú hægt að viðhafa slík ummæli. Ég tek mér þau ekki nærri, því að það hefur einstaka sinnum komið í ljós, að ég er ekki sá undirdánugasti a. m. k., hvorki í mínum flokki né í öðrum flokkum. Ég hef ekki orðið var við það, að hv. þm. Vestm. rísi mikið upp á móti forustumönnum síns flokks.

Þá talaði hv. þm. Vestm. um það, að sá fulltrúi í þessari n., sem stjórnin öll ætti að skipa, kynni að verða óhæfur maður í þessa n., það yrði bitlingamaður, sem fengi þetta til þess að hafa eitthvert starf og einhverjar tekjur og gerði e. t. v. ekki neitt gagn. Þessu er auðvitað hægt að spá og ekki hægt að segja um það, fyrr en reynsla fæst. En ef þarf að gera ráð fyrir slíku um eina ríkisstj. og yfirleitt ríkisstjórnir í framtíðinni, hverjar sem þær eru, þá er það dómur um það, að við Íslendingar getum ekki stjórnað okkur sjálfir.

Annars er það út af till. hv. 2. þm. Árn. að segja, að það hefur verið stungið upp á tveimur leiðum áður hér á Alþingi í sama tilgangi og þetta frv. er borið fram, en þó alveg gagnstæðu fyrirkomulagi í hvert skipti. Það hefur verið stungið upp á því, að fjvn. ein kysi mann, sem hefði þessi störf með höndum. Það náði ekki fram að ganga í Alþ. Það hefur verið stungið upp á því, að ríkisstj. ein, þ. e. a. s. fjmrh. eða forseti eftir hans till., skipaði sérstakan embættismann til þess að hafa þetta starf með höndum. Það náði ekki heldur fram að ganga. Og ég varð dálítið hissa á því að heyra hv. þm. Vestm. halda því nú fram, að það ætti einkum og sérstaklega að vera fjvn., sem hefði þarna meiri hluta og sæi um þetta, þar sem það var einmitt hann sem ráðh., sem flytur stjórnarfrv. um það, að þetta sé fastur embættismaður, skipaður af fjmrh. eða forseta Íslands eftir hans till. Hann virðist hafa skipt mjög um skoðun síðan. Nú vill hann láta fjvn. hafa sem mest að segja um þetta efni. Hér er reynd þriðja leiðin, og hér er farið bil beggja. Hér er ætlazt til, að í n. sé maður kosinn af fjvn. og annar kosinn af ríkisstj. og oddamaðurinn sé svo fastur embættismaður, sem engin vissa er fyrir að í stjórnmálaskoðunum fylgi þeim meiri hluta, sem er við völd á hverjum tíma, m. ö. o. maður, sem embættisins vegna á að vera þarna hlutlaus. Ég held, að hvor leiðin, sem stungið hefur verið upp á áður, hafi nokkuð til síns máls. En hérna eru þær sameinaðar, og mér sýnist það töluvert mæla með því, að einmitt þessi leið sé farin nú. Og hvað fjvn. snertir, þá vísa ég til þess, sem ég hef áður sagt um það og ekki verið hrakið, að fjvn. hefur hvort sem er svo mikið vald í þessum efnum, að hún getur tekið í taumana. Ef hún hefur fylgi Alþ. a. m. k., þá getur hún tekið í taumana, ef ríkisstj. notar ríkisfé úr hófi fram án þess að hafa til þess heimildir. Það geta yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna einnig.

Mér þykir það heldur miður, að það kom ekki fram í ræðu hv. 2. þm. Árn., hvort hann gerir samþykkt sinnar till. að skilyrði fyrir fylgi við málið. Það virtist mér ekki koma neitt fram á nefndarfundinum, að svo væri, og hv. 6. þm. Reykv., sem sat á fyrri fundinum, þegar þetta mál var rætt í n., tók undir það, að efnislega væri hann þessum aðgerðum samþykkur, en mundi sennilega óska eftir breytingum einhverjum, sem ekki kom þó fram þá hverjar væru.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Mér láðist nú að geta þess í minni fyrri ræðu, sem hv. frsm. ítrekaði nú aftur í sinni seinni ræðu, en það var, hvort ég mundi fylgja frv., ef till. mín væri felld. Ég álít, að ef mín till. verður felld, þá verði frv. ekki eins gott og það yrði með henni samþykktri. En ég vil þó taka það fram, að ég álít, að hér sé stefnt í rétta átt með frv., og ég mun fylgja því, þrátt fyrir það þó að mín till. verði felld, vegna þess að ef lögin eru einu sinni komin á, þá er hægara að

breyta þeim til batnaðar aftur seinna heldur en að koma þeim á að nýju. Þess vegna mun ég með þetta sjónarmið fyrir augum fylgja frv., þrátt fyrir það þó að brtt. mín nái ekki samþykki. En annars verð ég nú að segja það, að mér finnst mótmæli hv. frsm. á móti till. vera mjög veigalítil, að þar komi það frekar til, að frv. megi ekki breyta, heldur en hann álíti, að mín brtt. sé til þess að gera frv. verra en það er. — Það var fyrst og fremst þetta, sem ég vildi taka fram.

En svo vil ég aðeins minnast lítillega á, að hv. frsm. sagði, að ég gerði lítið úr tillöguréttinum. Þetta er rétt, og það var það, sem ég átti við, þegar ég sagði, að mér fyndist frv. vera laust í reipum, það vera ekki eins kröftugt og það ætti og þyrfti að vera og næði þess vegna ekki fyllilega tilgangi sínum. En hann vill halda því fram, að tillögurétturinn sé aðhald fyrir ríkisstj. eða viðkomandi ráðh. Það má vel vera, að það sé rétt. En benda má á, að ef tillögurétturinn væri ekki aðhald, til hvers væri frv. þá fram komið. Það er það eina, sem vinnst með frv., ef það verður samþykkt, að það sé þó aðhald fyrir viðkomandi ráðh., en ég vildi láta það vera meira en aðhald.

Hv. frsm. minntist einnig á það, að fjvn. hefði vald til þess að taka fram fyrir hendurnar á ráðh. eða ráðuneytum, ef þar væri um óhóflega fjáreyðslu að ræða. Hann drap einnig á, að það væri líka í verkahring yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna að gera athugasemdir við fjárstjórnina. Hann sagði þetta í sambandi við það, sem ég minntist á lauslega að hefði mátt athuga í sambandi við samningu þessa frv., hvort ekki hefði átt að láta þessa menn fá það vald að fylgjast með fjármálum ríkisins. En á þessu starfssviði fjvn. að þessu leyti til og einnig hvað snertir yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna er sá stórkostlegi munur, sem mér finnst að hv. frsm. hafi ekki athugað í þessu sambandi, að annar aðilinn starfar eftir á, þegar búið er að framkvæma hlutinn. Með frv. er gert ráð fyrir, að trúnaðarmennirnir starfi áður en framkvæmt er og komi í veg fyrir, að hluturinn sé gerður, ef þeim svo sýnist. Þetta er það höfuðatriði, sem ekki verður fram hjá gengið í sambandi við þetta frv. Og að bera saman starf væntanlegra trúnaðarmanna, sem frv. gerir ráð fyrir, og yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, er alls ekki sambærilegt, vegna þess að aðrir eiga að kynna sér málin áður en til framkvæmda kemur, en hinir eiga að segja álit sitt um það, sem þegar hefur verið framkvæmt. Og við vitum ósköp vel, hvernig þetta hefur gengið og gengur enn. Athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna eru birtar með ríkisreikningunum, og því, sem athugavert er, vísað til aðgerða Alþingis. Síðan ekki söguna meir. Aldrei neitt frekar aðhafzt í þeim málum. En trúnaðarmenn þeir, sem gert er ráð fyrir að komi til samkvæmt þessu frumvarpi, eiga að koma til skjalanna áður en til framkvæmda kemur og koma í veg fyrir aðgerðir, sem að þeirra áliti eru ekki réttar.

Ég held, að það sé þá ekki fleira, sem ég þarf að taka fram á þessu stigi málsins. En ég vil endurtaka það, að ég fylgi frv., þrátt fyrir það að mín till. verði ekki samþykkt. En mér finnst ekkert vera komið fram enn þá, sem mæli svo gegn henni, að ástæða sé fyrir hv. d. að fella hana.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að segja nema örfá orð, sökum þess að í þessari síðustu ræðu hv. 2. þm. Árn. kom ekki neitt nýtt fram nema atriði, sem hann benti á, og sú staðreynd, sem hann benti á, er náttúrlega rétt, að það er sá munur á starfi yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna og starfi þessarar n., ef hún verður sett á laggirnar, að þessi n. á að segja til fyrir fram um það, hvort hún vill fallast á, að nýtt starf sé stofnað eða ný stofnun, en yfirskoðunarmennirnir segja til um það eftir á, hvort heimild hafi verið til þess og hvort þeir vilja láta samþykkja það í ríkisreikningunum athugasemdalaust. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. En mundi nú ekki verða töluverður aðstöðumunur fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna, ef þessi n. kæmist á? Nú vill ráðh. stofna embætti, og n. leggur á móti því, að það sé stofnað. Ráðherrann gerir það samt. Ég býst við, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna stæðu betur að vígi að víta þetta og jafnvel að leggja til í fyrsta sinn í þingsögunni, að komið væri fram ábyrgð á hendur hlutaðeigandi ráðherra, ef hann gerði slíkt þvert á móti till. þessarar n. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna eiga að fylgjast með ríkisrekstrinum, og þó að þeirra athugasemdir komi ekki fram fyrr en eftir á fyrir Alþingi og það löngu eftir á, þá vitanlega gera þeir sínar fyrirspurnir og hafa afskipti nokkur, jafnóðum og hlutirnir eru að gerast, eða þannig hygg ég að þeir starfi. Og það sést á fylgiskjölum með ríkisreikningunum, að þeir hafa skrifað bréf til ýmissa stofnana — eða til ráðuneytis og ráðuneyti til stofnana — löngu áður en ríkisreikningurinn er lagður fram. Ég held þess vegna, að þessi n. hafi mikla þýðingu, ekki hvað sízt til þess að undirbyggja starf yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna.

Svo vil ég að endingu taka það fram, sem ég hef oft gert í þessari hv. d. undir meðferð ríkisreikninganna, að ég álít, að yfirskoðunarmennirnir geri ekki fyllilega skyldu sína, þegar þeir einmitt um stærstu atriðin, þar sem þeir hafa mest við að athuga, segja bara: Svörin eru ekki fullnægjandi frá hendi hlutaðeigandi ráðherra og vísast til aðgerða Alþingis, — án þess að nokkur till. liggi þar fyrir frá þeim um, hvað Alþ. eigi að gera. Þeir að mér finnst eiga eins og aðrir endurskoðendur allra reikninga að úrskurða beint um það, hvað gera skuli. Nú eyðir t. d. ríkisstofnun langt fram yfir það, sem hún hefur leyfi til, og þá gæti beint komið til mála, að þeir gerðu till. um það, að innheimta bæri upphæðina hjá forstöðumanni þessarar ríkisstofnunar, o. s. frv. Ég álít, að það væri mjög nauðsynlegt í þessu sambandi, að þessu yrði breytt, einmitt endurskoðun ríkisreikninganna, þannig, að það lægju frammi ákveðnar till. út af hverri einustu athugasemd, sem þeir gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 247 felld með 10:2 atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er komið frá hv. Ed. Ég vil segja frá efni þess með fáeinum orðum.

Vitaskuld er það ákaflega þýðingarmikið, að hinn beini starfrækslukostnaður ríkisins geti orðið sem minnstur. Þótt meginhluti ríkisútgjaldanna sé lögboðin útgjöld, þá er hinn beini starfrækslukostnaður ævinlega mjög verulegur þáttur í ríkisbúskapnum og því mikið undir þessu komið.

Það er sumpart lögboðið, hversu þessi kostnaður skuli vera, en vitaskuld er ómögulegt að setja lagaákvæði um alla þætti þessarar starfrækslu, og því verður það ætíð nokkuð mikið komið undir framkvæmdastjórninni, framkvæmdavaldinu, hversu þessi kostnaður verður hár eða hvernig á þessum málum er haldið.

Menn hafa af og til kosið sérstakar nefndir til þess að kynna sér, hvernig ástatt væri í þessum efnum, og oftast hafa þær verið kallaðar sparnaðarnefndir. Þessar nefndir hafa skoðað ýmsa þætti þessara mála og ætíð gert álit og einhverjar uppástungur. En það mun vera nær alltaf, að þessar n. hafa látið þau fororð fylgja sínum bendingum, að þær hafi ekki haft aðstöðu til þess að kynna sér þessi mál eins og skyldi, þar sem þær hafi starfað einvörðungu tiltölulega stuttan tíma, og hafi því ekki tök á að fullyrða neitt um það, hvort ein eða önnur ráðstöfun eigi að koma til greina. Það hafa því meira orðið bendingar um atriði, sem þurfi nánari íhugunar við, heldur en beinar till., sem nefndirnar hafa yfir höfuð treyst sér til þess að gera. Þær hafa t. d. ekki treyst sér til þess að fullyrða, að í þessari eða hinni stofnuninni væri hæfilega margt starfslið miðað við verkefnin og annað þvílíkt, sem er meginatriði í þessum málum. Samt sem áður er ég þeirrar skoðunar, að störf þessara sparnaðarnefnda hafi gert gagn, því að þær benda oft á atriði, sem nauðsynlegt er að íhuga, og venjulega verða störf þeirra til þess, að menn litast betur um í starfrækslunni en ella mundi vera, þannig að það er vafalaust nauðsynlegt, að af og til komi til greina slíkar sparnaðarnefndir og fari fram slíkar sérstakar athuganir.

Uppástungur hafa stundum komið fram um að veita aðhald um útþenslu skrifstofa og stofnana með því að setja á fót sérstakt ráðsmannsembætti til eftirlits í því skyni, — setja upp ráðsmann ríkisins. En úr því hefur ekki orðið, og er það vegna þess, að margir hafa óttazt, að fastskipaður embættismaður í því starfi mundi ekki, þegar til lengdar lætur, verða það aðhald, sem sumir hafa vonazt eftir. Þess vegna hefur ekki verið sett löggjöf um að setja á fót slíkt fast ráðsmannsembætti.

Nú er hér till. um að fara í þessu efni aðra leið, eins konar millileið á milli þess að hafa aðeins sparnaðarnefndir við og við og svo aftur hins að hafa fastan embættismann, sem eigi að skoða þessi mál að staðaldri, og sú leið er fólgin í því að setja á fót nefnd, sem sé skipuð einum embættismanni og tveimur öðrum mönnum, sem tilnefndir væru þá til stutts tíma í senn, ásamt honum, annar af ríkisstj. í heild og hinn af fjárveitingavaldinu, fjvn. Alþingis, og þessari n. væri ætlað, eins og segir í frv., að „gera tillögur um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað“ — og enn fremur að athuga og gera álit um þær óskir, sem til hennar mundu koma um að setja stofnanir á fót eða fjölga starfsfólki eða leggja í annan aukinn kostnað í ríkisstarfrækslunni. Og til þess að tryggja það, að n. fái til meðferðar öll slík mál, þá eru þau ákvæði, að það megi ekki fjölga starfsliði við ríkisstofnanir eða annars staðar í ríkisrekstrinum, nema hafi verið leitað tillagna þessara trúnaðarmanna, enn fremur að skipun eða ráðning í störf sé ekki gild, nema málin hafi farið rétta boðleið og tillögur eða umsögn borizt um þau frá þessum trúnaðarmönnum. Loks er ákveðið, að ef ráðh. telur sér ekki rétt að fara eftir bendingum n., þá geti hann að vísu gert þá ráðstöfun, sem um er að ræða, t. d. ráðið mann eða fjölgað mönnum í stofnun, en þá sé ráðh. skylt að senda fjvn. Alþingis rökstudda grg. um það, hvers vegna hann taldi sér ekki fært að fara eftir áliti trúnaðarmannanna. Á sama hátt er gert ráð fyrir, að þessir trúnaðarmenn skuli fjalla um till., sem fram koma um að auka kostnað að öðru leyti í ríkisstarfrækslunni, svo sem t. d. aukningu húsnæðis, bifreiðakosts eða aðra slíka þýðingarmikla liði.

Með þessu er hugsunin sú að veita aukið aðhald í þessum efnum frá því, sem verið hefur, og er það skoðun þeirra, sem standa að þessu frv., að það ætti að mega gera ráð fyrir því, að þetta gæti orðið að verulegu liði til þess að skapa meiri festu og meira aðhald í þessum efnum en verið hefur. Það er sjálfsagt nokkurt álitamál, hvernig skuli velja þá trúnaðarmenn, sem eiga að hafa þetta starf með höndum, en hér er sem sagt stungið upp á, að það sé einn ráðuneytisstjórinn, úr fjmrn., og svo annar tilnefndur af ríkisstj. í heild og sá þriðji kosinn af fjvn. Alþ., og er þetta hugsað þannig, að þá geti saman farið hjá trúnaðarmönnun-

um nákvæm þekking á ríkisstarfrækslunni, sem ætti að vera hjá ráðuneytisstjóranum fyrst og fremst, en jafnframt séu með honum aðrir, sem eru sérstaklega tilnefndir fyrir styttri tímabil í senn og ættu að tryggja það, að þarna komi fleiri sjónarmið til greina en embættismannsins eins, þegar dæmt er um þau erindi um útfærslu starfrækslunnar, sem trúnaðarmönnunum berast.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til fjhn. d. að lokinni þessari umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að það ber mikla nauðsyn til þess að vera jafnan vakandi fyrir því að reyna að draga sem mest úr kostnaði við rekstur ríkisins á hverjum tíma, og allar till., sem miða í þá átt, eru vissulega góðra gjalda verðar.

Ég tel engum efa bundið, að það sé hugsun hæstv. fjmrh. að leggja nokkuð af mörkum til þessa aðhalds með því frv., sem hann leggur hér fram. En því miður get ég nú ekki séð í fljótu bragði a. m. k., í hverju þetta aukna aðhald er fólgið eða að það séu miklar líkur til þess, að sú skipan, sem hér er gert ráð fyrir, leiði til þess, að meiri festa komist á skipan þessara mála en nú er. Eins og hæstv. ráðh. tók hér fram, hefur verið ákveðið á undanförnum árum í 22. gr. fjárl., að ríkisstj. væri heimilt að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjmrh., þar til sett verði lög um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við opinberan rekstur. Ég veit ekki, hvort það er hugmynd hæstv. ráðh., að þetta frv., sem hann flytur hér, sé þess eðlis, að það geti skoðazt sem sú löggjöf um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við opinberan rekstur, sem gert er ráð fyrir í 22. gr. fjárl. En sé svo, þá held ég, að sé óumflýjanlegt að gera ýmsar og það jafnvel allveigamiklar breytingar á þessu frv., því að ég sé ekki betur en frv., eins og það er úr garði gert, beinlínis dragi úr því aðhaldi, sem gert er ráð fyrir í 22. gr. fjárl. Þar er svo ákveðið, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að fjmrh. skuli fá það vald að hafa endanlegt úrskurðarvald um fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana. Mér kemur það nokkuð á óvart, að það er fram tekið í grg. frv., að það hafi af og til verið ætlunin að framkvæma þessa heimildargr. Ég hef sannast sagna staðið í þeirri meiningu, að þessi heimildargr. hefði verið framkvæmd og þetta vald hefði verið í höndum hæstv. fjmrh. til þessa, a. m. k. hygg ég, að það hafi verið gert ráð fyrir því hverju sinni, þegar Alþ. samþ. þetta ákvæði, að sú væri ætlunin. Hæstv. ráðh. segir í grg. að vísu, að það hafi komið í ljós, að fjmrn. hafi enga aðstöðu haft til að spyrna við fótum, m. a. vegna þess, að ráðningar hafi verið fullkomlega gildar, þótt fjmrn. hafi eigi um þær fjallað. Þetta er vafalaust alveg rétt. En þá verðum við að íhuga, hvaða breytingar það eru í þessu frv., sem draga úr þessum vandkvæðum, sem verið hafa.

Í þessu frv. er lagt til, að skipuð verði eftir ákveðnum reglum þriggja manna nefnd, sem skuli hafa það hlutverk að gera till. um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað og undir þessar stofnanir skuli bera allar fyrirhugaðar mannaráðningar, sem ekki eru beinlínis bundnar í lögum eða um sé að ræða starfsmenn, sem ráðnir eru eftir kjarasamningum stéttarfélaga. Þetta er vitanlega góðra gjalda vert. En þá rís í því sambandi þessi spurning: Er vald þessarar nefndar slíkt, að hún geti girt fyrir þá erfiðleika, sem voru á því ákvæði, sem gilt hefur? Er henni veitt slíkt vald? Það skilst mér, að alls ekki sé gert. Þessari nefnd er ekki veitt það sama vald og fjmrh. hefur nú eða getur haft til þess beinlínis að setja fótinn fyrir það, ef hann telur, að óhæfilegar mannaráðningar sé um að ræða í ríkisstofnunum. Þessari n. er eingöngu ætlað að hafa tillögurétt, því að það er tekið fram í 4. gr. frv., að ráðh. sá, sem hlut á að máli hverju sinni, sé ekki bundinn við till. n. En hann á að senda fjvn. Alþ. eftir á rökstudda grg., vegna hvers hann hafi ekki farið eftir þeim. Slíkt ákvæði hefur auðvitað harla litla þýðingu, þegar búið er að framkvæma hlutinn. Það er ósköp svipað og með endurskoðun, sem fer fram löngu eftir á, því að við vitum það ósköp vel, að slíkum hlutum verður aldrei kippt í lag, þegar hluturinn einu sinni er orðinn. — Mér skilst, að skv. þessu hafi hin umrædda n. minna vald en hæstv. fjmrh. hefur nú samkvæmt umræddu fjárlagaákvæði, ef ríkisstj. er sammála um það eða fellst á, að því ákvæði sé beitt.

Þessi skipan girðir heldur á engan hátt fyrir það, enda er þar beinlínis gefizt upp við að reyna að koma í veg fyrir, að einstök ráðuneyti fari sínu fram, því að það er blátt áfram með þessu ákvæði 4. gr. lögfest, að hver einstakur ráðh. geti haft þessar till. að engu, ef honum sýnist svo. Mér sýnist því, að það séu mjög litlar líkur til þess, að þessi n. hafi meiri áhrif en hæstv. fjmrh. nú getur haft til þess að sporna gegn útþenslu í ríkisrekstrinum og auknu mannahaldi. Mér þykir ekki líklegt, að einstök ráðuneyti, sem hæstv. ráðh. kvartar um að hafi gert sér þetta eftirlitsstarf erfitt, muni frekar fara eftir till. þriggja manna n. heldur en till. hæstv. fjmrh., ekki sízt þar sem svo er í pottinn búið, að fjmrh. hefur þó aðstöðu til þess að synja um fjölgun, eins og nú er lagaheimild til um, en í þessu frv. er aðeins gert ráð fyrir, að umrædd n. geti gert till., sem ráðh. er svo á engan hátt bundinn við.

Ef ég hef skilið þessa hugsun frv. rétt, þá sýnist mér nokkurn veginn augljóst, að frv. miðar ekki að því að auka aðhald í þessu efni, nema síður sé, þannig að ég held, að það sé erfitt að hugsa sér það, að þetta frv. geti verið grundvöllur að þeirri löggjöf um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við opinberan rekstur, sem um er rætt í ákvæði 22. gr. fjárl. að beðið sé eftir og fjmrh. því veitt til bráðabirgða þetta mikla vald, sem hann hefur, ef ríkisstj. vill samþykkja það, eins og málum er nú háttað.

Þá er það enn önnur hlið þessa máls, sem mér finnst ekki vera rétt hugsuð, og það er skipan þessarar umræddu nefndar. Það er gert

ráð fyrir því, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. sé einn maður í nefndinni, annar sé tilnefndur af ríkisstj. í heild, sem er nú lítt skiljanlegt, af hverju sú aðferð er höfð, og þriðji sé kosinn af fjvn. Alþ. Samkvæmt þessari reglu hefur Alþ. aðeins einn mann af þremur í þessari n. Mér sýnist, að sú skipun mála út af fyrir sig sé fráleit, úr því að Alþ. á að hafa einhver afskipti af þessu máli, því að samkvæmt stjórnskipun ríkisins er það þó Alþ., sem hefur fjárveitingavaldið, en ekki ríkisstj. Og ef það á að setja slíka n. á laggirnar, þá sýnist mér, að það hljóti að vera eðlilegast og í rauninni það eina sjálfsagða, að Alþ. hafi a. m. k. meiri hluta í þessari nefnd. Með skipan n., eins og er gert ráð fyrir í frv., er augljóst, að að því er stefnt, að tryggt sé á hverjum tíma, að eingöngu stuðningsmenn ríkisstj. eigi sæti í þessari eftirlitsnefnd. Það tel ég einnig mjög hæpna ráðstöfun, því að það er eðlilegt, að einnig komi þar fram á hverjum tíma sjónarmið stjórnarandstöðunnar, því að sannast sagna er hætt við því, ef það eru tveir starfsmenn ríkisstj. sjálfrar, sem skipa meiri hluta í n., með allri virðingu fyrir þeim ágætu mönnum, sem í það mundu veljast, að þá mundi það á hverjum tíma verða ríkisstj., sem hefði úrslitaáhrifin um það, hverjar till. þessir menn mundu gera. Enda þótt sá maður, sem er ráðuneytisstjóri í fjmrn., sé á allan hátt hinn mætasti maður og vinni sitt verk með prýði, þá hygg ég þó, að honum mundi reynast það nokkuð erfitt að mæla gegn ákvörðun fjmrh. eða till. hans um að fjölga starfsliði í einhverri ákveðinni stofnun, sem undir fjmrh. heyrði. Ég hygg a. m. k., að hann yrði settur í æði mikinn vanda í því efni.

Það eru þessi atriði, sem ég vildi gjarnan láta koma fram hér, áður en mál þetta verður tekið til meðferðar í nefnd, því að þetta eru í rauninni undirstöðuatriði þessa frv., sem hér um ræðir. Mér sýnist sem sagt, að frv. geti naumast leitt til þess að skapa á nokkurn hátt meira aðhald en nú er, nema síður sé, ef ekki verða gerðar á því allverulegar breytingar frá því, sem það nú hljóðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki verið talið fært eða heppilegt að leggja til, að sérstakur embættismaður yrði skipaður sem nokkurs konar ráðsmaður ríkisins til þess að hafa með þessi mál að gera. Viðtækasta frv., sem gerði ráð fyrir raunhæfustum aðgerðum til þess að sporna við útþenslu í ríkisrekstrinum, mun án efa vera frv. það, sem flutt var á sínum tíma af þáverandi fjmrh., Jóhanni Þ. Jósefssyni, sem gerði ráð fyrir að koma á fót eftirlitsstofnun eða eftirlitsmanni með ríkisrekstrinum, ráðsmanni ríkisins. Vafalaust hefur þessi skipan haft sína annmarka eins og aðrar, og skal ég ekki nánar út í þá sálma fara, og það getur vel verið, að það sé óheppilegt að hafa fastan embættismann í þessu starfi, sem hafi þar alræðisvald og sé um áratugi við það bundinn og ekki sé hægt að gera þar breytingar á. Það er hins vegar augljóst mál, að slíkur starfsmaður yrði þó að hafa vissa tryggingu fyrir því að vera ekki settur frá völdum, þó að hann kynni að leggja fram einhverjar till., sem viðkomandi ríkisstj. ekki líkaði í alla staði. Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi málsins, hvort sú skipan er heppilegri en að setja einhvers konar n., sem verður þá að sjálfsögðu að hafa víðtækt vald. En á það má benda, að t. d. í Bandaríkjunum mun sú skipan á vera, að þar er sérstakur ríkisráðsmaður, ef svo má segja, sem er skipaður í það starf tiltekið árabil, og hann má ekki endurskipa. Það gæti án efa komið til greina, a. m. k. er sjálfsagt að kynna sér þá skipan mála, hvort það gæti verið hentugt að taka hana upp hér.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál að sinni. Ég ítreka það, að ég er sammála hæstv. fjmrh. um hina miklu nauðsyn þess að koma á meira aðhaldi um rekstur ríkisins og sparnaði á mörgum sviðum. Það er án efa hægt í ýmsum greinum að koma við ýmsum sparnaði. Og það er rétt hjá honum, sem hann tók hér fram áðan, að þær sparnaðarnefndir, sem skipaðar hafa verið á undanförnum árum, hafa aðeins starfað skamman tíma og hafa í rauninni ekki annað getað gert en komið með ábendingar, því að þær hefðu þurft að hafa miklu lengri starfstíma, ef þær hefðu átt að kanna allar aðstæður í einstökum ríkisstofnunum og gera sér grein fyrir því, hvort þar væri hægt að fækka starfsliði eða koma við hagkvæmari vinnubrögðum. Að því leyti er það vafalaust rétt, að það er nauðsyn að koma á laggirnar ákveðinni stofnun, sem með þetta hafi að gera, hvort sem það er ákveðinn embættismaður eða nefnd manna. En ég held, að það sé mikil nauðsyn, að þessu frv., sem hér liggur fyrir, verði allverulega breytt, ef það á að ná þeim tilgangi, sem hæstv. fjmrh. sýnist vilja stefna að.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gæti gefið tilefni til mikillar umræðu og lýsinga á ýmsu því, sem gerzt hefur á undanförnum árum. Að þessu sinni skal ég þó ekki fara langt út í þær sakir, því að til þess mun gefast frekara tilefni síðar. En það er kunnugt mál, að það hafa hvað eftir annað verið fluttar till. um að skapa aðhald í sambandi við fjármál ríkisins, og eins og síðasti ræðumaður vék að, þá var á sínum tíma flutt frv. af þáverandi fjmrh., Jóhanni Jósefssyni, um ráðsmann ríkisins. Síðar voru hvað eftir annað fluttar tillögur af hálfu hv. fyrrv. þm. Barð., sem lengi var form. fjvn., um að gefa fjvn. tækifæri til þess að fylgjast með fjárreiðum ríkisins betur á milli þinga en verið hefur. Allt þetta hefur verið fellt eða komið í veg fyrir, að það væri samþykkt, og fyrst og fremst af hálfu hæstv. fjmrh. og framsóknarmanna.

Það frv., sem hér liggur fyrir, sýnir það, sem ekkert er undarlegt, að hæstv. fjmrh. er farinn að finna, að honum er stundum nokkuð heitt, bæði hér á þingi og annars staðar, vegna þeirra óvinsælda, sem farið er að skapa meðal landsfólksins allt það hóflausa sukk í ríkisrekstrinum, sem hefur farið sívaxandi undir hans stjórn og þó aldrei eins og núna síðustu tvö árin. Þess vegna virðist mér, að þetta frv., sem

hér liggur fyrir, sé sprottið af því, að hæstv. ráðh. vill fá setta þrjá af sínum stuðningsmönnum til þess að dreifa á þá ábyrgðinni af því, hvað hér muni gerast, því að eins og síðasti ræðumaður vék að, þá er það gefið, að eftir þessu frv. mundu allir nm. verða stuðningsmenn verandi stjórnar, eins og nú er þeirrar, sem er, og hvenær sem skipt væri um, þeirrar stjórnar, sem við völd væri. Að vísu má segja, að það sé ekki alveg öruggt, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. sé alltaf fylgismaður stjórnarinnar, þó að hann sé það nú, en hitt er nokkurn veginn víst, að sá maður, sem skipa ætti af verandi ríkisstj., og sá, sem skipaður yrði af meiri hl. fjvn., eru fylgismenn þeirrar stjórnar, sem á hverjum tíma er.

Ég stóð nú upp aðallega til þess að geta þess, að ég hafði hugsað mér í byrjun þessa þings að flytja frv. með allt öðrum hætti um eftirlit með fjárreiðum ríkisins, og það frv. kemur áður en langt líður. En að það er ekki komið fram fyrir löngu, stafar af því, að ég og aðrir, sem að því standa, höfum verið að fá upplýsingar um það, hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndunum, og þær upplýsingar eru nú að mestu komnar, eftir því sem við höfum beðið um. En eins og sakirnar standa í þessum málum og staðið hafa á undanförnum árum, þá hefur raunar fyrir löngu verið full ástæða til þess að gera það upp og þá aldrei eins og nú á þessum síðustu tímum, hvort það á að vera svo áfram í framkvæmdinni, að fjárveitingavaldið sé hjá Alþ. eða hjá ríkisstj. Eins og menn vita, þá er fjárveitingavaldið skv. stjórnarskránni hjá Alþ., og það er það að formi til, en það hefur að undanförnu verið og er ekki í rauninni nema að forminu til, vegna þess að fjmrh. og ríkisstj. hafa leyft sér að víkja svo gífurlega frá ákvæðum fjárlaga og annarra fyrirmæla Alþ., að í raun og veru er það ekki nema á sumum sviðum, sem ákvörðun Alþ. er fylgt. Þess vegna ber mikla nauðsyn til þess, að það sé úr því skorið, betur en verið hefur, að fjárveitingavaldið er hjá Alþ., en ekki hjá ríkisstj., því þó að við, sem erum yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, sjáum þetta allt eftir dúk og disk, þegar allt er um garð gengið, þá höfum við ekki eða þeir, sem fjalla um okkar tillögur, neina aðstöðu til þess að gera ráðstafanir gegn þeim ákvörðunum og allri þeirri eyðslu, sem búið er að framkvæma löngu áður en yfirskoðun um það fer fram.

Nú skal ég ekki, nema frekara tilefni gefist til, fara um þetta fleiri orðum að sinni. En ég mun gera, áður en langir tímar líða, frekari grein fyrir því, hvað það er, sem ég hef hér í huga, og hvernig ástandið hefur verið á síðustu árum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil ekki segja margt út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði. Hann var að tala um sukk, sívaxandi sukk, sem hefði verið hér um langa hríð og færi sífellt vaxandi. Það gæti gefizt tilefni til þess, eins og hann sagði, í annan tíma að ræða nokkuð um það, hvað hver hefur aðhafzt í því sambandi, og mun ég alls óragur við það, þegar þar að kemur. En ég vil aðeins í sambandi við þetta benda hv. þm. A-Húnv. á það, að hann hefur nú lengi verið endurskoðandi landsreikninganna. Og hvers vegna notar hann þá ekki það tækifæri, sem hann hefur sem endurskoðandi landsreikninganna, til þess að upplýsa þjóðina um þetta sukk, sem hefur verið undanfarið og er svona mikið að hans dómi? Þó að hann upplýsi það, að slíkar aths. komi nokkuð seint, þá hefur það samt væntanlega nokkra þýðingu, að þjóðin fái að vita, þó að það sé eitthvað ofur lítið á seinni skipunum, um þetta ægilega sukk, — og það gæti þá orðið sundurliðað, í hverju það er fólgið, og það þar komið glöggt fram, í hvaða deildum eða stofnunum það er, og allt tilgreint í einstökum atriðum. Það er náttúrlega augljóst mál, að þeir, sem eru endurskoðendur landsreikninganna, ekki sízt þeir, sem eru það ár eftir ár og að því er virðist ættu að hafa mikla æfingu og reynslu í starfinu, ættu að hafa tök á því að geta upplýst þetta og komizt hjá því að þurfa að fara um þetta almennum orðum, heldur ætti þetta allt að vera að finna í aths. við landsreikninginn.

Varðandi þetta mál og hvað hægt sé að gera til þess að veita aðhald um útþenslu í ríkisrekstrinum, þá vil ég fara fáeinum orðum um þær aths., sem hv. 2. þm. Eyf. gerði. Hann sagði, að sér fyndist, að það væri á ýmsan hátt jafnvel dregið úr aðhaldinu með þessu frv., vegna þess að ríkisstj. hefði heimild til þess að fela fjmrh. að samþ. það, hvort fjölga skyldi starfsfólki.

Ég hef upplýst það í grg. frv. og skal upplýsa það enn, að þetta ákvæði hefur ekki komið að liði, vegna þess að þótt af og til hafi verið talað um það í ríkisstjórnum, að þetta skuli vera svona, þá hefur ævinlega sótt í það horf, að ráðuneytin hafa farið gersamlega sínu fram um þetta og ekkert samráð haft um þetta við fjmrh., fjölgað mönnum, eins og þeim hefur sýnzt, og látið stofnanir fjölga mönnum, eins og þeim hefur sýnzt, og svo þegar fjmrh. hefur uppgötvað þetta á eftir, þá eru ráðningarnar orðnar, skipanirnar hafa átt sér stað eða stöðuveitingarnar og ekki um annað að gera en að greiða kostnaðinn, því að það er hvergi neitt ákvæði um, að ráðningar skuli ekki gilda, nema fjmrh. samþykki. Þess vegna hefur þetta ekki komið að notum, og það nýja ákvæði í þessu, sem er nú einmitt miðað við þessa reynslu, er um það, að ráðning sé ekki gild, nema málið hafi farið til þessara trúnaðarmanna til álita, sem hér er stungið upp á að komi skv. frv., og það er þetta, sem er langsamlega aðalatriði málsins.

Hv. 2. þm. Eyf. benti á, að það mundi geta verið ástæða til þess að auka vald nefndarinnar eða trúnaðarmannanna, þannig að þeir gætu beinlínis neitað um, að fjölgað yrði fólki og lagt í kostnað, en ekki aðeins gert rökstuddar tillögur um þetta til ráðherra. Þetta er náttúrlega álitamál og má vel skoða, en okkur fannst ekki, að það mundi vera heppilegt eða leggjandi í að taka valdið af ráðherrunum í þessu efni, heldur mundi vera heppilegra að veita þeim þetta aðhald, sem er fólgið í því, að trúnaðarmennirnir skoði hvert

mál og að þeim sé skylt, ráðherrunum, að gera fjárveitingavaldinu sérstaka grein fyrir því, ef þeir víkja frá áliti trúnaðarmannanna. En vitaskuld er þetta til athugunar og er álitamál, hversu mikið vald skuli gefa trúnaðarmönnunum í þessu tilliti. En ég hika ekkert við að fullyrða af þeirri reynslu, sem ég hef um þessi mál, að það eru ákaflega sterkar líkur til þess, að þetta mundi veita miklu meira aðhald en nokkuð annað, sem reynt hefur verið fram að þessu. Hvort það væri hugsanlegt að finna eitthvað enn sterkara, það þori ég ekki að fullyrða um. En það nýja liggur ekki sízt í þessu, sem ég hef þegar tekið fram, að starfsmannafjölgun verður ógild, nema hún sé borin undir trúnaðarmennina, og að ráðh. skuli gera fjárveitingavaldinu grein fyrir því, ef hann fer ekki eftir tillögum þeirra. Ég fullyrði það líka eftir minni reynslu, að það mundi á undanförnum árum hafa gert gagn, ef þessi skipan hefði verið í gildi.

Hv. 2. þm. Eyf. fann að skipan nefndarinnar og vildi, að því er mér skildist, að Alþingi hefði jafnvel meiri hluta í n. Mér finnst það ekki eðlilegt. Mér finnst eðlilegra, að framkvæmdavaldið hafi þarna meiri hl. í n., en fjárveitingavaldið hafi á hinn bóginn þarna fulltrúa til þess að fylgjast með. Og það er vegna þess, að framkvæmdavaldið ber þó ábyrgð á „administrasjónninni", ef maður mætti nota svo ljótt orð, eða ber ábyrgð á því, að ríkisstarfrækslan eigi sér stað, og ber ábyrgð á því, hvernig hún er framkvæmd. Núna er þetta vald í höndum ráðherra, að skipa þessum málum, einstökum kostnaðarliðum í stofnunum og starfsmannafjölda, þar sem hann ekki er ákveðinn með lögum. Mér finnst ekki eðlilegt, að þetta verði tekið alveg úr höndum ráðherra og lagt undir sérstaka fulltrúa Alþingis. Mér finnst það ekki í samræmi við okkar stjórnskipan. Og mér finnst því heppilegra að hafa trúnaðarmenn frá báðum aðilum og þá tvo frá framkvæmdavaldinu, en einn frá löggjafarsamkomunni, valinn af fjvn.

Ég vil einnig benda á, að þær till., sem fram hafa komið um þessi efni áður, hafa einvörðungu verið á þá lund, ef ég man rétt, að sérstakur embættismaður skuli hafa þetta vald, ekki kosinn af þingi, ef ég man rétt, heldur skipaður af ríkisstj. eða ráðh., og sýnir það, að hugsunin hefur verið sú, að þarna yrði framkvæmdavaldið að taka ákvarðanir, en ekki löggjafarvaldið, um þessi einstöku atriði. — Ég held, að það hafi ekki verið fleira, sem gefur ástæðu til aths. af minni hendi, áður en málið fer til nefndarinnar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur gefið hér nokkrar skýringar á, hvernig í því liggi, að þessi tilhögun hefur verið valin, sem frv. greinir frá. En ég verð að segja það, að hann hefur ekki sannfært mig hér um, að neinar þær aths., sem ég bar fram, hafi ekki haft við full rök að styðjast. Hann staðfesti, að raunverulega hefði það runnið út í sandinn, að fjmrh. hefði getað haft eftirlit með fjölgun starfsmanna, vegna þess að ráðuneytin hefðu farið sínu fram, og nú væri þó sú nýja skipan upp tekin, og það skildist mér vera aðalnýmæli frv., að það væri ákveðið, að ráðning væri ekki gild, nema málið hefði verið lagt fyrir umrædda nefnd. Það getur út af fyrir sig verið góðra gjalda vert. En þá bara rekum við okkur enn á það sama, sem ég gat um áðan, að n. hefur ekki annað vald en tillögurétt, þannig að ráðh. getur eftir sem áður farið sínu fram, og sú eina kvöð, sem á hann leggst, er, að hann sendi fjvn. síðan grg. um það, af hverju hann hafi ekki farið eftir tillögum umræddrar n. Það getur vel verið, að í því felist eitthvert aðhald, en ég held, að það aðhald sé vægast sagt harla lítið.

Hæstv. ráðh. taldi, að það væri ekki gerlegt að ganga svo langt að taka ráðningarvaldið af viðkomandi ráðh. eða ríkisstjórninni. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá er þetta gert auðvitað í fjöldamörgum tilfellum. Við höfum launalög, þar sem er ákveðið um starfsmannafjölda í mörgum greinum, og það hefur jafnframt mjög tíðkazt, að það væru sendar til fjvn. Alþingis á hverjum tíma frá fjmrn. tillögur annarra rn. um fjölgun starfsmanna, og fjmrn. hefur talið eðlilegt, að það ylti að sjálfsögðu á því, hvort fjvn. og Alþ. teldi þessar mannaráðningar það nauðsynlegar, að hún vildi veita til þeirra fé. Og ríkisstj. hlýtur stjórnskipulega að sjálfsögðu á hverjum tíma að vera við það bundin að fjölga ekki starfsmönnum meira en svo, að hægt sé að greiða þeim laun af því fé, sem Alþ. veitir hverju sinni til viðkomandi embættis. Þetta er hin stjórnskipulega regla, þó að því miður hafi hún að undanförnu verið meira á pappírnum vegna þess, hversu lítið aðhald hefur verið um greiðslur umfram fjárlög. Ég sé því ekki, að það væri á neinn hátt goðgá að láta sér detta það í hug, að ráðh. væri bundinn við till. umræddrar n., þannig að það væri ekki hægt að skipa mann eða ráða í hina umdeildu stöðu og það yrði síðan lagt á vald Alþ. með eðlilegu móti, hvort það teldi þessa skipun mála heppilega eða ekki. Það mætti vel hugsa sér það form á, að ef Alþ. síðan með fjárveitingu viðurkenndi, að það væri eðlilegt, að settur yrði maður í þessa stöðu, eftir greinargerðum, sem fyrir fjvn. og Alþ. yrðu lagðar frá bæði viðkomandi ráðherra og eftirlitsnefndinni, þá að sjálfsögðu mundi málið ná fram að ganga, en fyrr ekki.

Hæstv. ráðh. sagði, að þar sem framkvæmdavaldið bæri ábyrgð á ríkisstarfseminni og starfrækslunni allri, þá væri eðlilegt, að það væri í þess höndum að ákveða endanlega, hvort starfsmenn væru svo og svo margir. Eftir okkar stjórnskipan og eftir þeim lögum, sem gilda, er ekki gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi það vald að geta ráðið því upp á sitt eindæmi, vegna þess, eins og ég áðan gat um, að það er í fjölmörgum lögum bundið, hvað mannahald á að vera, og það hefur aldrei verið talið neitt óeðlilegt, að settar væru reglur af Alþingi um það efni.

Ég held a. m. k., að ef það á að vera svo, þessi skipan mála, eins og hér er gert ráð fyrir, þá sé það í alla staði óeðlilegt, að framkvæmdavaldinu sé veitt það vald að hafa eftirlit með sjálfu sér, því að eftir tilhögun þeirri, sem er í skipun umræddrar eftirlitsnefndar, hefur framkvæmdavaldið meiri hluta í nefndinni, sem á að dæma um það, hvort ráðstafanir og ráðagerðir framkvæmdavaldsins sjálfs séu eðlilegar eða ekki,

og það held ég þó undir öllum kringumstæðum að ætti að vera eðlilegra, að það væri þó a. m. k. löggjafarvaldið eða fjárveitingavaldið, sem hefði meiri hluta í þessari nefnd.

Hæstv. ráðh. sagði, að þegar það hefðu komið fram till. um ráðsmann ríkisins á sínum tíma, þá hefði verið gert ráð fyrir því, að framkvæmdavaldið skipaði hann, og af því vildi hann ráða, að það hefði verið talið eðlilegt af þeim, sem að því máli stóðu, að þetta væri framkvæmdavaldsins mál. Það er vitanlega mesti misskilningur, vegna þess að að formi til, eins og við vitum, er sú skipan á höfð, t. d. með dómara hæstaréttar, að þeir eru skipaðir af framkvæmdavaldinu, og þó hefur aldrei nokkur maður látið sér detta í hug, að framkvæmdavaldið ætti að hafa neitt um að ráða aðgerðir þessara manna, og það var einmitt með ráðsmann ríkisins gert ráð fyrir því, að hann hefði alveg sérstaka vernd gagnvart framkvæmdavaldinu, þannig að það hefði ekkert yfir honum að segja.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. muni vilja taka til athugunar þær ábendingar, sem hér hafa fram komið. Vafalaust koma fram fleiri sjónarmið í þessu máli, þegar það verður rætt í n., en ég taldi rétt á þessu stigi að gera aðeins grein fyrir þessum atriðum, sem vissulega snerta meginkjarna þessa máls, hvaða líkur séu til þess, að frv. sem slíkt, eins og það er úr garði gert, geti stuðlað að því aðhaldi í ríkisrekstrinum, sem til virðist vera stofnað.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki mikið lengja þessar umr., því að til þess gefst tækifæri að ræða þessi mál nánar síðar, en örfá orð vildi ég þó segja út af því, sem hæstv. fjmrh. talaði um í sambandi við mína ræðu.

Hæstv. ráðh. talaði á þá leið eins og ég hefði aldrei gert neinar aths. við reikninga ríkisins og hans fjármálastjórn. En ég held nú, að aðrir hv. þm. og jafnvel fleiri menn hafi fylgzt með því, að á mörgum undanförnum árum hef ég gert og mínir samstarfsmenn allmargar aths. árlega við reikninga ríkisins og allar þær gífurlegu umframgreiðslur, sem þar hafa átt sér stað undir handarjaðri þessa hæstv. ráðh. En það er dálítið eðlilegt, að það dragi nokkuð bitið úr vopnunum, bæði hjá yfirskoðunarmönnum og öðrum aðilum, sem hlut eiga að máli, að í hvert sinn, sem ríkisreikningur er fyrir til meðferðar, þá eru menn búnir að sjá fjárl. og jafnvel ríkisreikning, sem er enn þá verri útlits heldur en sá síðasti. Og við, sem höfum fyrir nokkuð löngu lokið endurskoðun reikningsins 1955 og gert við hann margar aths., sem hv. þm. munu sjá innan skamms, höfum nú fengið í hendur ríkisreikninginn fyrir 1956, og þó að hinn sé að ýmsu leyti ekki fagur álits, þá tekur þó alveg steininn úr, þegar maður sér reikninginn fyrir árið 1956. Þegar við fáum tækifæri til að ræða þau mál, sem koma þar fram í dagsljósið í tölum, þá verður nóg tækifæri til þess að tala við hæstv. fjmrh.

Nú er það svo, eins og gefur að skilja, að sökin hvílir náttúrlega í raun og veru ekki á þessum eina manni, því að þar eru margir sakaraðilar, bæði í stofnunum og öðrum ráðuneytum. En það er eðlilegt, að það sé snúið sér fyrst og fremst að honum, því að hann er maðurinn, sem hefur ábyrgðina, og eini maðurinn, sem hefur tækifæri til þess að setja hnefann í borðið og skera fyrir það, sem er að gerast. En ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða það, að á því 7—8, — ja, líklega orðið rúmlega 8 ára tímabili, — við höfum nú ekki séð reikninga nema fyrir 7 ára tímabil, sem hann er búinn að vera fjmrh. í röð, — þá hefur verið eytt umfram fjárl. að meðaltali rúmlega 100 millj. kr. á hverju ári. Og það gefur auga leið, hvort ekki muni vera nokkuð margt í þeirri súpu á hverju einasta ári, sem ekki hefur verið samþ. á Alþingi, þó að menn sjái sér ekki annað fært, þegar liðið er eitt eða tvö ár, heldur en að slá striki yfir allt saman, þegar það er um garð gengið og er búið að ganga frá því, ekki hægt að innheimta peningana aftur eða taka til baka lánin og ábyrgðirnar o. s. frv.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, en mun gera fyrir þessu nánari grein, þegar málið kemur frekar til umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) benti á, að það væri í fjárl. veitt fé til launagreiðslna í einstökum stofnunum og þar með væri það í raun og veru bundið eða ætti að vera bundið, hvað notað væri til launakostnaðar. Ég er honum alveg sammála um þetta, það ætti að vera þar með bundið, hvað notað er til launakostnaðar. En reynslan sýnir bara, að ráðherrar og forstöðumenn stofnana efna til starfrækslukostnaðar oft langt umfram það, sem fjárl. gera ráð fyrir, og eins og ég hef margsinnis tekið fram, oft án þess að minnast á það einu orði við fjmrn. eða fjmrh. Og það er þetta ástand, sem þarf að breytast, og mér finnst, að það væri merkileg tilraun að koma upp þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir í frv. Ef það reyndist ekki vel eða menn yrðu fyrir vonbrigðum af því, þá mætti leita annarra enn þá sterkari úrræða.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sagði, að menn skyldu ekki halda, að hann hefði ekki gert neinar aths. við ríkisreikninginn. Ég benti honum á, að ef hann væri svona óánægður með starfrækslu ríkisins á undanförnum árum, þá hefði hann sem endurskoðandi átt að greina mjög ýtarlega frá því í einstökum atriðum, hverju honum fannst áfátt, en hann sagði, að af mínu tali hefði helzt svo verið að heyra, að hann hefði ekki gert neinar aths. Hann og hans félagar hafa gert ýmsar aths., en ég vil bara beina því til hv. þm. og raunar annarra, sem heyra mál mitt, að kynna sér þessar aths., sem eru prentaðar við landsreikningana, og bera þær saman við ummæli hv. þm. A-Húnv. um ríkisstarfræksluna. Ef menn gera þetta, þá hlýtur niðurstaðan að verða sú, að annaðhvort ýkir hv. þm. A-Húnv. það, sem hann segir um ríkisstarfræksluna og sukkið, eða þá að hann hefur vanrækt starf sitt sem endurskoðandi landsreikninganna.

Hv. þm. sagði annars, að það drægi nokkuð bitið úr vopnunum, að venjulega væri kominn enn þá hærri landsreikningur, þegar maður væri

að endurskoða þann gamla. Mér finnst þetta ákaflega einkennileg röksemdafærsla, og satt að segja finnst mér, að það ætti sízt að draga úr dugnaði hv. þm. við að draga fram í dagsljósið það, sem honum sýnist miður fara, ef hann sér, að ekki er frá hans sjónarmiði um neina úrbót að ræða.

Þá sagði hv. þm., að það væri að vísu rétt að taka það fram, að ég bæri ekki einsamall ábyrgð á allri ríkisstarfrækslunni, eða það væri ekki hægt að kenna mér um allt það, sem aflaga færi, eða eitthvað á þá lund. Þetta var mjög merkileg viðurkenning frá hv. þm. A-Húnv. Þetta er nærri því sögulegur atburður, að hann skuli segja þetta, því að fram að þessu hefur mönnum nú í nokkur ár, þeim sem hafa séð eða heyrt til hans, eða séð það, sem frá honum hefur farið, ekki getað dottið annað í hug en að honum hlyti að sýnast, að allt það, sem aflaga færi yfirleitt í þjóðfélaginu, væri einmitt mér að kenna og á mína ábyrgð. Þetta er ákaflega ánægjulegur dagur fyrir mig að heyra þetta frá hv. þm. A-Húnv., — merkisdagur.

Hv. þm. talaði hér nokkuð um ráðherraábyrgð og ábyrgð á stofnunum og sótti dálítið í sig veðrið aftur. Það kom smáský, því að hann sagði, að menn yrðu að snúa sér að þessum hæstv. ráðh., því að hann bæri nú ábyrgðina samt, sagði hann aftur örlítið seinna, sótti í sig veðrið aftur. En ég verð nú bara í allri góðsemd að benda hv. þm. A-Húnv. á, að það lætur auðvitað ekkert nærri, að nokkur einn ráðh., hvorki fjmrh. né nokkur annar, geti borið ábyrgð á allri ríkisstarfrækslunni. Ekki dettur mér í hug að játa það nokkru sinni, að ég hafi borið ábyrgð á þeim ráðuneytum, sem aðrir ráðh. hafa farið með á undanförnum árum, og þeim málaflokkum, sem þeir hafa stjórnað. Ég efast líka um, að þessir ráðh. mundu vilja, að ég gerði það, því að sumir af þeim eru nú dálítið státnir af ýmsu, sem þeir hafa gert á undanförnum árum, svo að ég dreg það alveg í efa, að þeir vildu skipta, að ég tæki þá á mig allt það, sem þeir hafa talið ástæðu til þess að vera státnir af, og þá náttúrlega hitt líka, sem miður hefur farið. Ég dreg það alveg í efa, að þeir vildu játa það, að ég hafi einn öllu ráðið og beri ábyrgð á öllu.

Þetta er nú meira í gamni en alvöru, en höfuðatriðið er þetta: Mér finnst, að hv. þm. A-Húnv. ætti að gera sér far um að greina ekki í almennum orðum, heldur greina sem nákvæmast frá því sem yfirskoðunarmaður landsreikninganna, hvað það er, sem honum finnst miður fara í ríkisstarfrækslunni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það má nú segja um hæstv. fjmrh. út af þessari síðustu ræðu, að litlu verður Vöggur feginn, því að hæstv. ráðh. fannst það mikill uppsláttur fyrir sig, að ég skyldi taka það fram, að ekki væri öll eyðsla og óreiðan í fjármálum ríkisins öllsömun honum að kenna. Þetta var í rauninni ekki mikið sagt, því að nóg er nú samt, þó að það séu fleiri, sem eru meðsekir í öllu því sukki, sem átt hefur sér stað og á sér stað, og hefur nú tekið fyrst steininn úr, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. En þess ber í þessu sambandi að geta, að það eru þó ekki borgaðar út fjárhæðirnar, sem ríkið greiðir, nema fjmrn. skrifi upp á, og það er þessi hæstv. ráðh., sem núna í meira en 8 ár er búinn að hafa stjórn þess ráðuneytis og ber þess vegna ábyrgðina, þó að það séu að eðlilegum hætti margir fleiri, sem eiga sök á því, að svo langt hefur verið gengið í fjáreyðslunni, og ef það hefði verið nokkur vilji fyrir hendi hjá þessum hæstv. ráðh. til þess að stoppa, þá hefur hann alltaf haft það í hendi sinni að skrúfa fyrir eða þá a. m. k., ef hann vildi eitthvað breyta til, sem hefur aldrei komið mikil viðleitni fram frá hans hálfu, þá hefur hann þó alltaf haft tækifæri til þess að setja hnefann í borðið og segja hingað og ekki lengra. Það hefur hann ekki gert, heldur hefur alltaf sokkið dýpra og dýpra og það undir hans stjórn og á hans ábyrgð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. A-Húnv. var nú heldur að sækja í sig veðrið aftur og taka upp gamla lagið. Hv. þm. sagði, að ekki væru þó borgaðar út fjárhæðirnar, nema fjmrh. skrifaði upp á. Það er nú lóðið. Þetta er endurskoðandi landsreikninganna, sem segir þetta. Ég held hann sé búinn að vera endurskoðandi landsreikninganna milli 10 og 20 ár. Stenzt þetta nú hjá hv. þm.? Ég held, að þetta standist heldur illa. Hver ráðh. sem er getur gefið út reglugerðir, ef hann hefur til þess lagaheimildir, sem hafa í för með sér útgjöld og það oft milljónaútgjöld, jafnvel miljónatugaútgjöld, án þess að fjmrh. geti nokkuð um það haft að segja. Getur þannig hvaða ráðh. sem er eftir okkar stjórnskipan komið því til vegar, að menn komi með löglegar kröfur á ríkissjóð, sem verður að borga. Alveg sama er um mannaráðningar. Og reynslan um það er ólygnust, eins og ég hef margtekið fram, að tugum saman, máske hundruðum saman, hefur fólk verið ráðið af öðrum ráðuneytum á undanförnum áratugum, án þess að það hafi verið minnzt á það við fjmrn., og þá ekkert verið annað að gera en greiða launin út. Það er lögleg krafa á ríkissjóð. Hvort þessi stjórnskipan er heppileg eða ekki, það er annað mál, en svona er þetta og við þetta verður fjmrh. að búa. Og svo kemur það oft í þokkabót, að þeir, sem stofna til útgjaldanna, státa ósjaldan af því að hafa gert þetta eða hitt, en deila svo eða senda út sína menn til þess að deila á fjmrh. fyrir það, að útgjöldin hafi vaxið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SkG, SvbH, BG, EystJ, GíslG, GÞ, GJóh, GÞG, HS, HV, JPálm, KGuðj, KJJ, MJ, EOl.

BBen, IngJ greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, StgrSt, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BÓ, EirÞ, EmJ, HÁ, JóhH, JS, HSF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Benediktsson: Þetta er hégómamál, sem ég sé ekki ástæðu til að greiða atkv. um, og sit því hjá.

Frv. vísað til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 414).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins er stjórnarfrv., sem þegar hefur verið samþ. í hv. Ed. Í frv. er lagt til, að þrem mönnum verði falið að gera till. um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað. Einn þessara þriggja manna sé ráðuneytisstjórinn í fjmrn., annar tilnefndur af fjvn. Alþingis til eins árs í senn og sá þriðji tilnefndur af ríkisstj. í heild, einnig til eins árs.

Í 1. gr. frv. segir, að óheimilt skuli að fjölga starfsliði við ríkisstofnanir, nema leitað hafi verið till. þessara þriggja manna. Enn fremur er óheimilt að ráða í stöðu, sem losnar, nema tillagna þeirra hafi verið leitað með sama hætti.

Í 2. gr. er svo kveðið á, að enga nýja ríkisstofnun megi setja á fót nema með lögum og um starfsmannafjölda skuli leitað tillagna þessara þriggja trúnaðarmanna, að svo miklu leyti sem lög um stofnunina geyma ekki fyrirmæli um mannahald.

Þá segir í 4. gr. frv., að ef fram kemur ósk um fjölgun starfsmanna við ríkisstofnun eða ráðningu í lausa stöðu, þá skuli hlutaðeigandi ráðuneyti senda beiðnina um það til trúnaðarmanna þeirra, sem á að fela þetta eftirlit, og að skipun, ráðning eða setning í stöðu sé ógild, þar til tillögur þeirra hafa borizt, en það á að vera eigi síðar en hálfum mánuði eftir að erindi barst til trúnaðarmannanna, nema hlutaðeigandi ráðh. hafi samþ. lengri frest til að skila tillögunum. Þar er þó tekið fram, að ráðh. hafi að sjálfsögðu úrskurðarvald um þessi efni. En fari hann ekki eftir tillögum hinna þriggja trúnaðarmanna, þá er honum skylt að gera fjvn. Alþ. rökstudda grein fyrir ástæðunum, sem því valda.

Í 5. gr. frv. er enn fremur ákveðið, að ef stofnun, sem lögin taka til, vill auka við húsnæði sitt, kaupa bifreið eða gera aðrar ráðstafanir, sem auka verulega rekstrarkostnað stofnunarinnar, þá skuli leita um það álits þessara þriggja manna, eins og um starfsmannafjölgun eða ráðningu í lausa stöðu væri að ræða.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, er efni frv., sem hér liggur fyrir.

Oft hefur verið rætt um það, hvaða ráð væru tiltækilegust til þess að koma á eftirliti og aðhaldi í ríkisrekstrinum, sem gæti orðið til þess að koma í veg fyrir óeðlilega útþenslu og leitt gæti til sparnaðar. Hafa komið fram till. um þetta efni áður hér á Alþingi, án þess að samkomulag hafi orðið um lögfestingu þeirra. Ríkisstj. hefur nú eftir athugun málsins lagt fram sínar till. um þetta í því frv., sem hér er til umr. Ég tel rétt, að Alþingi fallist á þær og samþykki frv. Að vísu er ekki unnt að fullyrða um það fyrir fram, hversu mikill árangurinn verður, en eigi að síður sýnist mér rétt, að þessi tilraun sé gerð, og ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir að ráða menn til eftirlitsstarfsins nema um skamman tíma í senn, og er þá auðveldara að gera breytingar á fyrirkomulaginu, ef ástæða þykir til, eftir að nokkur reynsla er fengin.

Fjhn. var falið að athuga þetta mál, og hefur hún skilað áliti á þskj. 414. Þegar greidd voru atkv. um frv. í n., greiddu tveir hv. nm. ekki atkv. um það, eins og greinir í nál., en meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ., einn þeirra, hv. 3. þm. Reykv., undirritar þó álitið með fyrirvara.

Ég sé, að tveir hv. nm. í fjhn., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. 9. landsk. þm. (ÓB), gera hér brtt. við frv., sem verið var að útbýta prentuðum nú fyrir fáum mínútum hér á fundinum. Ég mun ekki gera þær að umtalsefni að svo stöddu, þar sem ekki er búið að mæla fyrir þeim af hálfu flm. En ég vil að lokum láta þess getið, að til fjhn. var einnig vísað öðru frv., sem segja má að sé um sama efni, flutt af hv. þm. A-Húnv. um eftirlit til varnar gegn ofeyðslu hjá ríkinu og stofnunum þess, minnir mig að það nefnist, og nefndin er þegar búin að afgreiða það mál einnig, þó að ekki sé búið að prenta nál., en það mun vera komið í prentun og afgreiðsla n. á því var með þeim hætti, að hún leggur til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar, og var ekki ágreiningur í n. um þá meðferð á því máli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 434, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Eins og hv. þm. V-Húnv. og frsm. fjhn. gerði grein fyrir, þá hafði fjhn. jafnhliða þessu frv., sem nú er hér á dagskrá, til meðferðar frv., sem fjallar um skylt málefni, á þskj. 308, eða frv. hv. þm. A-Húnv. um varnir gegn ofeyðslu hjá ríkinu og stofnunum þess, og í n., eins og frá hefur verið greint, hlutu bæði þessi mál samhliða afgreiðslu.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, en sameiginlega mælir n. með því að vísa hinu frv. til ríkisstj.

Ég vil taka það fram almennt í sambandi við bæði málin, að þau hreyfa mjög athyglisverðu málefni. En þó er það skoðun mín, að hvorugt frv. sé í raun og veru fullnægjandi og þau mundu tæpast verða fullnægjandi heldur, þó að þeim væri steypt saman, sem við gerum þó tilraun til að nokkru leyti í brtt., sem fluttar eru á þskj. 434.

Samt sem áður má segja, að það mundi verða töluverður árangur af að fá þetta frv., sem hér liggur fyrir, samþ. með þeim brtt., sem við flytjum, hv. 9. landsk. og ég, og gæti það þá orðið til nokkurra bóta, meðan viðtækari athugun færi fram á þessu máli að tilhlutan hæstv. ríkisstj., ef svo færi, að samþykkt væri að vísa

hinu frv., sem ég hef getið, til hæstv. ríkisstj. til nánari athugunar og meðferðar.

Við erum hér að glíma við vandamál, sem er tvíþætt og raunar margþættara, þ. e. annars vegar almennan sparnað í ríkisrekstrinum og meiri hagkvæmni á einu sviði sem öðru og svo hins vegar almenna, hóflega meðferð á ríkisfé og þá einkum og sér í lagi að ekki sé farið út fyrir þann ramma um meðferð ríkisfjár, sem Alþ. ákveður á hverjum tíma. Það er kunnugt og hefur komið fram í grg. fyrir frv. hv. þm. A-Húnv., að um þetta gilda allvíðtækar reglur hjá öðrum þjóðum, að vísu með mjög mismunandi hætti og mjög mismunandi víðtækar. Þó tel ég, að til mikilla bóta væri að afla nánari upplýsinga um reynslu annarra þjóða á þessu sviði, og að henni fenginni og á grundvelli áframhaldandi eigin athugunar mætti koma þessum málum í heild í betra horf en verið hefur.

Það er rétt, sem sagt hefur verið, að ríkisrekstur okkar er með nokkuð sérstöku sniði. Hann hefur farið í vöxt á ýmsu sviði á undanförnum árum, en þó vaxið upp mjög óskipulega, og er sjálfsagt mjög mikil þörf á því að rannsaka ýmislegt nánar í þeim efnum. Ég skal ekki fara almennt inn á hagkvæmni ríkisrekstrarins, en reynslan er þó sú, að á sumum sviðum hafa allir stjórnmálaflokkarnir staðið sameiginlega að því, að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt væri að efna hér til ríkisrekstrar, sem þó hjá öðrum þjóðum er talið fráleitt af ýmsum, bæði einstaklingum og stjórnmálaflokkum. Sérstaða okkar miðast að sjálfsögðu að verulegu leyti við smæð þjóðfélagsins og efnahagsaðstæður að öðru leyti. En eftir því sem þetta færist meira í vöxt, þá er að sjálfsögðu meiri þörf fyrir aðhald á þessum sviðum og einnig um meðferð ríkisfjármálanna í heild, og við skulum hafa það í huga, að meðferð þeirra að formi til af hálfu stjórnarvalda, ríkisstj. annars vegar og Alþingis hins vegar, hefur ákaflega litlum breytingum tekið á mjög löngum tíma og einmitt litlum breytingum á þeim tímum, þegar mjög miklar gerbyltingar hafa átt sér stað í efnahagslífinu almennt og sérstaklega stöðugt vaxandi fjármunir, sem farið er með og ákvarðað um meðferð á af hálfu stjórnarvalda, hvort heldur sem er ríkisstj. eða Alþingi.

Ég skal nú láta þessar almennu athugasemdir nægja, en víkja þá að frv. sjálfu og þeim brtt., sem við flytjum við það.

Í 1. gr. frv. er svo ákveðið, að eigi megi fjölga starfsliði við ríkisstofnanir eða annars staðar í ríkisrekstrinum nema með tilteknum skilyrðum, eins og þar segir, og í n. kom það til umræðu, hvað átt væri þá við með „ríkisstofnanir eða annars staðar í ríkisrekstrinum". Þetta er nokkuð óljóst, en í umr. innan n. var því eiginlega slegið föstu, að þarna mundi vera átt við þær ríkisstofnanir og þann ríkisrekstur, sem fjárlög taka til eða greint er frá í fjárlögum. Við höfum auðvitað margvíslegar aðrar ríkisstofnanir og ríkisrekstur, bæði í stóratvinnurekstri okkar, sem eru síldarverksmiðjur ríkisins, svo að nokkuð sé nefnt, og svo bankarnir, sem eru nú flestir hverjir og stærstu bankarnir ríkisstofnanir algerlega hjá okkur. Við leggjum þess vegna til, að samþykkt verði við þetta brtt. aðeins til þess að kveða á um það, að skýrt sé tekið fram það, sem menn vilja samþykkja eða ætla sér að samþykkja hér. Það getur vel verið, að það væri ástæða til að hafa þetta miklu víðtækara og að ákvæði frv. tækju til annars ríkisrekstrar og annarra ríkisstofnana en þeirra, sem frá er greint í fjárlögum. Um það kann menn að greina nokkuð á. En þegar það liggur fyrir, að hæstv. ríkisstj. meinar aðeins þessar tilteknu ríkisstofnanir og ríkisrekstur, og það hefur komið fram innan fjhn., þá finnst okkur rétt og nauðsynlegt, að það sé þá skýrt kveðið á um það, svo að um það verði ekki deilt, fyrst þeir, sem flytja frv. og að því standa, meina það. Þess vegna leggjum við til við 1. gr., að 1. málsl. 1. gr. orðist svo: „Eigi má fjölga starfsliði við ríkisstofnanir eða ríkisrekstur, sem í fjárlögum greinir, nema leitað sé tillagna" o. s. frv. Þessi till. okkar felur þess vegna ekki í sér neina efnisbreytingu, en er aðeins til þess að kveða skýrt á um það, sem upplýst hefur verið að tilgangurinn sé að samþykkja hérna, og geri ég ráð fyrir, að menn telji eðlilegt og sjálfsagt, að slíkt verði samþykkt, nema þá þeir aðrir, sem kannske vildu breyta þessu og gera þetta miklu víðtækara, og það er annað mál.

Þá er aðalbrtt. okkar, við 3. gr., að í stað hennar komi ný grein, og þar viljum við gera tilraun til þess að fella dálítið saman ákvæðin í þessum tveimur frv., sem rætt hefur verið um, og auk þess kveða nokkru skýrar á um það, hvaða verkefni þeir aðilar ættu að hafa, sem eiga að hafa eftirlit með ríkisrekstrinum og stuðla að því að draga úr kostnaði, og loksins leggjum við til, að þeir trúnaðarmenn eða þeir aðilar séu öðruvísi skipaðir en er í frv. Frv. gerir sem sagt ráð fyrir því, að þeir, sem eiga að framkvæma þessa löggjöf, séu ráðuneytisstjórinn í fjmrn., einn maður tilnefndur af fjvn. og einn maður af ríkisstj. Þetta tel ég afar óeðlilega skipun, þegar á að fara að vinna að ráðstöfunum til að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn og einkum þegar við bætist eftirlit með umframgreiðslum frá fjárlögum, að þá sé það algerlega í höndum ríkisstj. og stuðningsmanna hennar á hverjum tíma, hverjir þetta eftirlit og þessi störf hafa með höndum, og það sé óeðlilegt að útiloka stjórnarandstöðuna frá því að geta átt hér hlut að máli, hver sem hún kann nú að vera á hverjum tíma; eðlilegast sé þess vegna, að það sé Alþingi sjálft, sem ákveði, hverjir þetta eftirlit skuli hafa, og við leggjum þess vegna til, að það sé kosin þriggja manna nefnd af hálfu Alþingis til þessara hluta.

Hv. þm. A-Húnv. vildi fela þau verkefni, sem hans frv. tók til, yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna. Það má náttúrlega sitt hvað um það segja, en það er að því leyti eðlilegra en er í þessu frv., að það eru þó aðrir aðilar en þeir, sem sjálf ríkisstj. hefur algerlega tangarhald á, ef svo mætti segja, hverju sinni. Að því leyti er það sama hugsunin og liggur til grundvallar þeirri till. okkar, að Alþingi kjósi

þá þriggja manna nefnd, sem við leggjum til að kosin verði.

Af þessum sökum leggjum við sem sagt til, að till. alveg umorðist og þannig, að Alþingi kýs þriggja manna nefnd, sem ber að vinna að ráðstöfunum til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins. Síðan tökum við upp, að sérstaklega sé tilgreint höfuðverkefni n., sem við sundurliðum í tvennt, það er í fyrsta lagi, að n. skuli öðru fremur gera till. um og stuðla að því á annan hátt, að tekin séu upp hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað, en í öðru lagi, og sá liður er í meira samræmi við efni frv. hv. þm. A-Húnv., skuli n. hafa eftirlit með því, að ríkisfé sé ekki eytt umfram það, sem í fjárlögum er ákveðið eða óhjákvæmilegt reynist. Ber að leita umsagnar n. um sérhverjar umframgreiðslur, sem ríkisstj. eða forstöðumenn ríkisstofnana telja ekki verða hjá komizt, þar til Alþingi getur tekið ákvörðun um málið.

Varðandi þennan síðari lið er gert ráð fyrir eftir okkar till. eftirliti þriggja manna n. með umframgreiðslum, sem ríkisstj. eða forstöðumenn ríkisstofnana telja á hverjum tíma að sé óhjákvæmilegt að stofna til. Við göngum ekki svo langt, að þessi n. geti stöðvað þessar greiðslur, annaðhvort með meirihlutavaldi eða þá með málskoti eins aðilans til Alþingis, eins og gert er ráð fyrir í frv. hv. þm. A-Húnv., og teljum a. m. k. til að byrja með nægjanlegt það aðhald, sem þessi brtt. okkar gerir ráð fyrir. En það hefur verið margtekið fram hér, að það er næsta ótrúlegt, hvað umframgreiðslurnar eru miklar á fjárlögum, bæði í ríkisrekstrinum og hjá einstökum stofnunum, og þetta sætir sífelldri gagnrýni. Það er að vísu rétt að viðurkenna það, að mjög verulegur hluti af þessu er kannske óhjákvæmilegur og að miklu leyti vegna þess, hve miklar sveiflur eru í fjármálalífinu. Alveg eins og það hefur verið reynsla undanfarinna ára, að umframtekjurnar skipta kannske að meðaltali á nokkrum undanförnum árum um 100 millj. kr. á ári, sem áætlaðar eru, þá er ekki óeðlilegt, að það sé töluvert af því, sem umfram er greitt á fjárlögum, umfram áætluð fjárlög, bæði hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum, að það sé kannske svo og svo mikið af því óhjákvæmilegt, en hitt er held ég heldur ekki umdeilt, að mikill hluti af þessu á hinn bóginn er þannig, að bæði ríkisstj. og forstöðumenn ríkisstofnana hafa haft ákaflega frjálst í hendi sér að stofna til umframgreiðslna, án þess að þær verði rökstuddar með því, að þær hafi verið óhjákvæmilegar af t. d. þeim ástæðum, að verðbreytingar hafi átt sér stað, frá því að áætlun var gerð, eða af einhverjum öðrum slíkum sökum.

Þá leggjum við til, að á eftir 3. gr. komi ný grein og sú grein yrði þá 4. gr., en hún er samhljóða 5. gr. í frv. hv. þm. A-Húnv., svo hljóðandi: „Þegar veitt er fé í fjárlögum í einu lagi til meiri háttar verka, svo sem atvinnuaukningar, skólabygginga, vegaviðhalds, hafnarbóta o. fl., þá er skylt að hafa samráð við n. samkvæmt 3. gr. um skiptingu fjárins.“ Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða og hefur verið rætt ýtarlega við afgreiðslu fjárlaga. Þegar nú undanfarin ár hafa verið veittar allt upp í 15 millj. kr. t. d. til atvinnuaukningar og engum reglum slegið föstum um það af hálfu Alþingis sjálfs, hvernig með þetta skuli farið, þá hefur það, eins og ég segi, iðulega verið undir meðferð og afgreiðslu fjárlaganna, að ástæður væru til, að Alþingi sjálft hefði eitthvað aðhald um þetta mál. Við sjálfstæðismenn höfum lagt til, að þetta fé, sem þannig er ráðstafað á fjárlögum, rynni í sérstakan atvinnuaukningarsjóð og þeim sjóði væri svo fengin sérstök stjórn, sem Alþingi sjálft kysi. Nú hafa hvað eftir annað verið felldar slíkar till. frá okkur. En sama eðlis er sú till. hér, að slíkri þriggja manna n. sem hér um ræðir yrði falið að gera till. um eða það yrði skylt að hafa samráð við hana um skiptingu slíkra fjárveitinga, þegar um þær er að ræða í fjárlögum og eru ýmsar fleiri en atvinnuaukningarfé, eins og fram kemur þarna beinlínis, skólabyggingar, vegaviðhald, hafnarbætur o. fl. Ég teldi til mjög mikilla bóta, að slík till. eins og þessi næði strax fram að ganga og gæti komizt inn í þetta frv., sem á að veita aðhald í fjármálum ríkisins á einu og öðru sviði.

Síðustu tvær brtt., 4. og 5., eru ekki mikilvægar, þær eru bara um laun n., sem ég þarf ekki að víkja frekar að, og 5. brtt. er svo, að fyrirsögn frv. verði breytt, þar sem við teljum, að fyrirsögnin þurfi að vera viðtækari vegna þeirra brtt., sem við leggjum til, ef þær ná fram að ganga, og orðist þess vegna þannig, að til viðbótar því: „Frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins“, komi: og eftirlit með greiðslum umfram fjárlagaheimild.

Ég skal nú ekki eyða tímanum í að skýra þetta nánar. Ég vildi mega vænta þess, að þm. geti fallizt á, að það sé til verulegra bóta að samþykkja þessar brtt. við frv., sem við leggjum hér til, og frv. mundi þá ná fremur þeim tilgangi, sem mér skilst að að sé stefnt af hálfu hæstv. ríkisstj., sem flutt hefur málið. En þó vil ég ljúka máli mínu með því að ítreka það, sem ég sagði áður, að enda þótt þær verði allar samþykktar, þá tel ég samt sem áður, að þetta mál þurfi áframhaldandi viðbótarathugun, sem mundi þá mega gera ráð fyrir að fram færi, eftir að sú afgreiðsla mála ætti sér hér stað, að frv. hv. þm. A-Húnv. yrði vísað til ríkisstj. einmitt með þeim rökstuðningi, að málið fengi áfram frekari athugun en það hefur nú fengið. Meðan sú athugun færi fram, mundi verða til nokkurra bóta að fá þetta samþykkt og þó einkum og sér í lagi með þeim breytingum, sem við leggjum til, en ég held, að það mundi ekki verða mikil breyting, ef þær yrðu ekki samþykktar.

Nú vil ég loks taka það fram, að till. hefur verið útbýtt mjög nýlega og hv. þm. hafa þess vegna ekki átt þess kost að kynna sér efni þeirra, svo að það mundi nú kannske vera æskilegt, að afgreiðslu málsins yrði frestað, enda á það ekki að koma að neinni sök, og málin gætu þá bæði orðið hér á síðari fundum sameiginlega á dagskrá og þess þá að vænta, ef menn gætu fengið frekara ráðrúm til þess að átta sig á þessum brtt., að menn kynnu að fall-

ast á, að þær mundu verða almennt til bóta í sambandi við afgreiðslu málsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, því að þótt ég sé fylgjandi því frv., sem hér liggur fyrir, þá álít ég rétt að nota þetta tækifæri til að koma fram með nokkrar athugasemdir í sambandi við okkar ríkisrekstur.

Það er raunverulega ekki aðeins ástæða til þess að gera ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins, það væri líka ástæða til þess að koma fyrir yfirleitt meira eftirliti við sjálft ríkisbáknið og ríkisrekstur-inn á öllum sviðum, eins og hann er hjá okkur. Þegar svo er í okkar þjóðfélagi, eins og þróunin hefur nú orðið, að ríkisrekstur hefur orðið þar sífellt meiri og meiri þáttur, þá er það raunverulega ekki nema eðlilegt, að það væri til þess hugsað að koma upp meira eftirlitskerfi um, hvernig þessi ríkisrekstur fer fram og hvort þar er gætt yfirleitt þeirrar hagsýni, sem þyrfti. Það er vitanlegt mál, að það, hvernig ríkisrekstur-inn hefur vaxið hjá okkur, hefur ekki verið gert skipulega. Hann hefur miklu frekar vaxið eins og villiskógur. Það hafa verið samþykkt á þessu þinginu þessi lögin um ríkisrekstur og á öðru þinginu önnur, jafnvel máske um ríkisrekstur á sama sviðinu, og þannig hefur hverri stofnuninni verið bætt ofan á aðra, jafnvel stundum þannig, að verkefnin eru orðin það lík, að það er næstum því eins, og það er ruglazt á forstjórunum í þeim, þegar á að fara að vinna. Ég tek t. d. suma okkar ríkisbanka. Jafnhliða þessu hefur svo aðstaðan orðið þannig í sjálfu atvinnulífinu, að ríkisreksturinn hefur farið þar stórkostlega vaxandi, og sum af stærstu fyrirtækjum, sem rekin eru á landinu, eru ríkisfyrirtæki, en raunverulega ekkert af öllum þessum ríkisfyrirtækjum kemur inn í sjálf fjárlögin, hvort heldur það eru gömul eða ný, hvort það eru síldarverksmiðjurnar, áburðarverksmiðjan, tilvonandi sementsverksmiðja eða raforkuverin eða annað slíkt. Þetta er allt saman stórrekstur hjá ríkinu, sem heyrir ekki á neinn hátt raunverulega undir neitt sérstakt eftirlit nema þeirra rn., sem eiga að stjórna þessu í hvert sinn, og alveg efasamt, hvað þau skoða sig yfirleitt eiga að hafa mikið eftirlit með þessum stofnunum, enda er það orðið víða svo í ríkiskerfinu hjá okkur, að þessar stofnanir eru eiginlega reknar með hugsunarhætti alveg eins og þetta væru einkastofnanir. Og í samræmi við það er það fyrirkomulag, að þeir, sem eru forstjórar í svona stofnunum, sitji þar raunverulega ævilangt, eins og verið hefur um dómara eða aðra slíka, sem haft hafa skv. stjórnarskrá og lögum alveg sérstök réttindi til þess að tryggja sjálfstæði þeirra embættisvalds. En sama skipanin hefur raunverulega verið höfð á um forstjóra fyrir stofnanir hjá ríkinu, fjárhagslegar stofnanir, atvinnurekstur eða verzlunarrekstur, þó að engin ástæða væri til slíks, þannig að sú embættismennska, sem þótt hefur gilda í því gamla ríkisbákni og var þar eðlileg, á meðan starf ríkisins var fyrst og fremst hin hreina embættismennska, dómarastörf og annað slíkt, hún hefur verið látin gilda, eftir að mikill meiri hluti af öllu ríkisbákninu er raunverulega orðinn hreint fjárhagslegs og atvinnulegs eðlis og ætti þess vegna að hlíta allt öðrum lögmálum og allt öðru eftirliti í því sambandi. Og það er engin tilviljun, að einmitt margt af þeirri gagnrýni, sem fram kemur á ríkisrekstrinum á sviði atvinnu og verzlunar, stafar m. a. af því, að það hefur verið yfirfært á hann það gamla fyrirkomulag, sem var á embættisrekstri, þegar það snerti dómarastörf eða annað þess háttar. Og ég, sem fyrir mitt leyti eða eins og sá flokkur, sem ég tilheyri, er með ríkisrekstri, ég er dálítið óttasleginn við, að það séu ekki fundnar upp aðferðir til þess að geta haft slíkt eftirlit með ríkisrekstrinum, að sú sjálfkrafa gagnrýni, sem raunverulega kemur fram á rekstri einstaklinganna frá okkur sjálfum, þegar þeim þykir hann ekki bera sig, sé raunverulega til hvað snertir sjálfan rekstur ríkisins á sviði atvinnu og verzlunar. Ég held, að það væri ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur, að þetta mál yrði mjög alvarlega athugað, það muni vera þörf fyrir almennt eftirlit á þessu sviði. Hins vegar mun nokkuð erfitt að finna út, hvernig því eftirliti yrði bezt fyrir komið, þannig að hagsmunir almennings yrðu sem bezt tryggðir í því sambandi. Í því stjfrv., sem hér liggur fyrir, er hins vegar ekki farið neitt inn á þetta svið. Það er hér aðeins rætt, eins og líka hv. 5. þm. Reykv. gerði nokkra grein fyrir, um þær stofnanir, sem heyra beinlínis undir fjárlögin, og það er raunverulega mikill minni hluti í ríkisrekstrinum á Íslandi.

Fyrir 20 árum rúmum var gerð nokkur tilraun til þess að skapa eftirlit með þeim atvinnustofnunum og verzlunarstofnunum, sem ríkið hefði, mynduð svokölluð rekstrarráð einmitt af þeim mönnum, sem þar unnu. Það tókst ekki vel, og það er líka máske nokkurn veginn gefið, að jafnvel þó að það væri kannske eðlilegt við slíkar stofnanir, að menn, sem í þeim vinna, hefðu þar fulltrúa, þá mundi þurfa að blanda þar mjög vel saman þeim fulltrúum, sem eftir þessu ættu að líta, til þess að það yrði eitthvað meira en nafnið tómt. Ég held þess vegna, að þegar á annað borð væri farið út í að semja frv. um svona hluti, þá hefði verið þörf á, að þarna hefði verið tekið dýpra í árinni um að skapa eitthvert eftirlitskerfi með ríkisrekstrinum í heild til þess að tryggja hann betur en núna er. Hins vegar er það góðra gjalda vert að gera það, sem hægt er, til þess að draga úr kostnaði við þann rekstur ríkisins innan ramma fjárlaganna. En í þessu frv. er þetta fyrst og fremst takmarkað við það, sem snertir nýjar stofnanir eða nýja starfsmenn, sem bætt yrði við, eða nýjan kostnað, sem lagt yrði í. Það er sem sé ekki á valdi þeirra manna, sem þarna ættu að athuga, að gera sérstakar tillögur um breytingar á sjálfu ríkiskerfinu í þessu efni, niðurlagningu ákveðinna stofnana hjá ríkinu eða annað slíkt.

Ég skal ekki neita því, að það er oft vafalaust mjög erfitt að komast að samkomulagi um, hvernig slíku eftirliti yrði bezt fyrir komið. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjhn. hafa

lagt fram brtt., sem mundi þýða það, að stjórnarandstaðan hefði líka aðstöðu, eins og hún nú er a. m. k., til þess að hafa þarna eitthvað að segja. Þetta er náttúrlega mál, sem alltaf er til athugunar, hve mikinn rétt eigi að gefa stjórnarandstöðu á hverjum tíma í slíku efni, og það væri vissulega ákaflega æskilegt, ef hægt væri að koma sér saman um það hér á Alþ., ekki bara í þessu máli, heldur fleirum, hvaða rétt stjórnarandstaða eigi að hafa yfirleitt. Sannleikurinn er a. m. k. af minni reynslu að dæma um rúma 20 ára setu hér á Alþ., að þá hefur ekki farið mikið fyrir þeim rétti, sem stjórnarandstaðan hefur haft lengst af, og það bæri vissulega að fagna því, ef það yrði breyting þar á. En þá þyrfti það líka að verða breyting, sem tryggði það, að stjórnarandstaða hefði slíkan rétt, hver svo sem hún væri, þannig að það væri ekki bara sagt, ef einhverjir vissir séu í stjórnarandstöðu: Ja, það er nú svo vond stjórnarandstaða, það er ómögulegt að láta slíka menn hafa neinn rétt. En væri aftur á móti um aðra að ræða, þá væri það svo góð stjórnarandstaða, að það væri sjálfsagt, að þeir hefðu sinn rétt. — En vissulega væri hitt æskilegast, að hægt væri að komast hér að samkomulagi á Alþ., þar sem stjórnarandstaða bæði í þessum málum og öðrum hefði sinn rétt, en það væri samkomulag um, að þeim leikreglum yrði ekki breytt, taflið slegið um koll, þegar önnur stjórnarandstaða væri en nú er t. d. í augnablikinu. Ég vil nú aðeins skjóta því inn, af því að það hafa oft komið hér fram bæði tilmæli og tillögur frá núverandi stjórnarandstöðu, um, að öðruvísi yrði tekið á þessum málum, og það væri vissulega mjög ánægjulegt, ef við gætum komið okkur niður á það hér á Alþingi, að breytt yrði um í þessum efnum frá þeirri venju, sem gilt hefur undanfarna áratugi, en þá líka með það fyrir augum, að við létum það gilda um komandi áratugi.

Ég vildi sem sé aðeins segja þessi orð sem hugleiðingar út frá því, sem þetta frv. gefur tilefni til. Ég stend með þessu frv., — það hefur orðið samkomulag um það hjá stjórnarflokkunum, — en vildi ekki láta hjá líða að segja það, sem mér býr í brjósti viðvíkjandi því vandamáli, sem þarna liggur fyrir, og sérstaklega því vandamáli, sem eftirlitið með öllum ríkisrekstrinum hjá okkur hlýtur að verða, og fyrir alla þá, sem vilja nú hafa ríkisrekstrinn góðan, hve mikil nauðsyn er á því að finna út hentugar aðferðir til þess eftirlits og til þess að tryggja betur stjórn ríkisfyrirtækjanna, ekki aðeins þeirra, sem undir fjárlögin koma, heldur líka annarra, heldur en verið hefur fram að þessu.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil fyrst benda á út af einu atriði, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að í 3. gr. frv., fyrri mgr. hennar, segir, að þessir þrír trúnaðarmenn skuli gera till. um hagfelldari vinnubrögð í ríkisstofnunum til að spara mannahald og annan rekstrarkostnað.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði hér áðan um þær brtt., sem hann flytur ásamt hv. 9. landsk. þm. á þskj. 434. Út af 1. brtt. þeirra, við 1. gr. frv., vil ég benda á, að í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að fjmrh. setji með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, og mætti þá að sjálfsögðu kveða þar nánar á um starfssvið trúnaðarmannanna heldur en gert er í frvgr. sjálfri, og sýnist mér af þeirri ástæðu eigi þörf á því að gera þessa breytingu á orðalagi greinarinnar.

Ein af brtt. þeirra hv. tveggja þm. er um það að orða um 3. gr. frv., og aðalbreytingin, sem þeir leggja til að gerð verði, er sú, að Alþ. kjósi þriggja manna n., sem eigi að hafa þau störf með höndum, sem frv. gerir ráð fyrir, og komi þetta fyrirkomulag í stað þess, sem ráðgert er í frv. Ég vil aðeins benda á það í þessu sambandi, að þetta er í ósamræmi við þær till., sem hafa komið frá hv. þm. Sjálfstfl. um eftirlit í þessum efnum, og get ég þar t. d. minnt á frv., sem flutt var á þingi 1955 af hv. þáverandi þm. Barð., en þar var gert ráð fyrir því, að eftir hverjar kosningar kysi fjvn. Alþingis einn mann til þess að hafa eftirlit með ríkisrekstrinum, og má þá að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, ef á þetta hefði verið fallizt, að sá maður hefði á hverjum tíma verið valinn af ráðandi þingmeirihluta.

Nokkuð finnst mér óljóst í þessari brtt. við 3. gr. Í fyrsta lagi er það, að ekkert er tekið fram um starfstíma þessarar n., sem Alþ. á að kjósa, hvort hún á að vera varanleg eða kosin til ákveðins tíma.

Þá er í næstu brtt., þeirri 3., kveðið svo á, að þegar fé sé veitt í fjárlögum í einu lagi til meiri háttar verka, svo sem atvinnuaukningar, skólabygginga, vegaviðhalds, hafnarbóta o. fl., þá sé skylt að hafa samráð við n. um skiptingu fjárins. Mér er ekki ljóst, hvað átt er við með því að hafa samráð við n., hvort það ber að skilja það á sama hátt og hv. þm. A-Húnv. útskýrði það orðalag í frv. því, sem hann flutti og áður hefur verið að vikið. En mér finnst það vera í ósamræmi við þær stjórnskipunarreglur og venjur, sem hér hefur verið fylgt, að setja ákvæði sem þessi, sem þarna eru till. um. Mér finnst það eðlilegt, að ríkisstj., hver sem hún er, hafi eins og áður skiptingu þess fjár með höndum, sem Alþ. veitir þannig til ákveðinna verka eða framkvæmda í einu lagi. Það mun vera venjan um margar af þessum fjárveitingum, að ríkisstj. ákveður skiptinguna að fengnum till. frá forstöðumönnum þeirra stofnana, sem um ræðir í hverju tilfelli. Þannig mun stjórnin fá álit og till. fræðslumálastjóra um skiptingu á fé til skólabygginga, frá vegamálastjóra um skiptingu á fé til vegaviðhalds, hafnarmálastjóra till. viðkomandi skiptingu á fé til hafnarbóta, og þannig mætti telja fleira, og þetta er eðlilegt, virðist mér, að stjórnin njóti aðstoðar þessara forstöðumanna og fái till. þeirra um skiptingu á þessu fé. Hitt finnst mér óeðlilegt, ef ætti að fela sérstakri þriggja manna nefnd, eins og hér er lagt til, að hafa þessa úthlutun með höndum ásamt ríkisstj., fela henni að ráðstafa þannig fé til ólíkra framkvæmda ásamt með ríkisstj.

Út af því, sem sagt hefur verið hér um að-

stöðu stjórnarandstöðunnar til þess að fylgjast með þessum málum, þá vil ég benda á það, að stjórnarandstaðan hefur nú a. m. k. — og hefur svo verið undanfarið — eftirlitsaðstöðu og aðstöðu til að koma fram athugasemdum um öll þau atriði viðkomandi ríkisrekstrinum, sem hún telur ástæðu til að finna að eða gera athugasemdir við, og þetta hefur stjórnarandstaðan með því, að hún hefur möguleika, sem hún hefur notfært sér undanfarið, til að velja einn mann af þremur til að endurskoða ríkisreikningana. Og það er á verksviði þessara yfirskoðunarmanna ríkisreikninga að gera athugasemdir til Alþ. um hvað eina, sem þeim finnst aðfinnsluvert, enda hafa þeir ávallt gert það, og þeir geta þá að sjálfsögðu borið fram till. á Alþ. út af því, sem þeir komast að í starfi sínu að betur mætti fara.

Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að hafa um þetta fleiri orð. Mér sýnist engin ástæða til að samþ. þessar framkomnu brtt., og um sumar þeirra, eins og ég hef tekið fram, er það að segja, að mér finnst það mjög óeðlilegt að afgr. málið með þeim hætti, sem þar er lagt til. Eins og ég hef áður tekið fram, þá er það þannig að í frv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir að velja þessa trúnaðarmenn eða eftirlitsmenn aðeins til eins árs í senn, þá tvo, sem eiga að vinna með ráðuneytisstjóranum í fjmrn., sem er fastráðinn starfsmaður, og mér finnst hljóta að vera heppilegt að hafa þennan háttinn á, a. m. k. til að byrja með, þar til reynsla er fengin um árangur af þessu eftirliti og því fyrirkomulagi, sem stefnt er að með frv. að upp verði tekið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Því hefur verið yfirlýst af hv. fjhn., að það frv., sem ég flutti hér fyrir nokkru um varnir gegn ofeyðslu hjá ríkinu, hafi verið afgr. í hv. fjhn., en á þann veg, að það sé till. um að vísa því til hæstv. ríkisstj.

Ég skal nú ekki um þessa afgreiðslu tala neitt nú, af því að ég hef ekki séð neitt frá n. um það efni og veit ekki, á hvaða grundvelli þessi till. er byggð. En eins og gefur að skilja, þá hlýtur í umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir og er stjórnarfrv., að vefast nokkuð inn í þær till., sem fyrir liggja í mínu frv. um eftirlit gegn ofeyðslu, og sannleikurinn er sá, að þetta grípur nokkuð hvað inn í annað, þó að það séu mjög ólíkar till., sem fram eru bornar í þessum efnum.

Við 1. umr. þess frv., sem hér liggur fyrir, lýsti ég því, hvað það væri í raun og veru fáránlegt, sem hér er lagt til, að sú n., sem á að vera til eftirlits, væri skipuð eingöngu mönnum úr stuðningsliði ríkisstj. á hverjum tíma, þegar á að vera um eftirlit að ræða með framkvæmdum ríkisstj., þá skuli það vera menn, sem stjórnarliðið sjálft skipar eingöngu til þess að dreifa ábyrgðinni, sem annars hvílir á ríkisstj. og fyrst og fremst á fjmrh. varðandi meðferð fjármálanna. Hér er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sjálf skipi einn manninn, að fjvn. skipi annan, sem þá yrði auðvitað úr meiri hl., og þriðji maðurinn sé ráðuneytisstjóri fjmrn., sem nú er stjórnarstuðningsmaður, en kannske yrði það ekki alltaf. En hvað sem því líður, þá er það starfsmaður, sem engin ástæða er til að sé í þessari n., því að hann er starfsmaður fjmrn. og forustumaður þess hvort eð er. Ég verð þess vegna að segja, að ef þessari skipun er haldið, þá tel ég það engu skipta fyrir Alþ., hvort þetta frv. er samþ. eða ekki, og ég fyrir mitt leyti get ekki greitt því atkv., ef þeirri skipan á að halda.

Nú kemur það í ljós, að afstaða hv. fjhn. til þessa frv. er ekki gleggri en það, að það er ekki nema minni hl. n., sem mælir með frv. skilmálalaust, því að þrír af fimm nm. skrifa undir nál. með fyrirvara og tveir af þeim hafa þegar gert grein fyrir, á hverju hann er byggður.

Ég verð nú að segja það, að þær brtt., sem hér eru fluttar af hv. minni hl. fjhn. á þskj. 434, eru til stórmikilla bóta á þessu frv., ef samþ. yrðu, og sneru því að mjög miklu leyti í svipað horf í sumum aðalatriðum eins og mitt frv. er byggt á, og er þar fyrst og fremst um að ræða þá umorðun, sem þar er fram sett á 3. gr. þessa frv. og byggir á því, að þessir þrír eftirlitsmenn séu kosnir af Alþ. og þá væntanlega með hlutfallskosningu í Sþ. Ég tók það fram hér við umr. um daginn, að ég legg á það litla áherzla, hvort það væru yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna eða sérstök n. kosin af Alþ., sem hefði þetta eftirlit með höndum. En ég legg á það höfuðáherzlu, að þeir menn, sem þarna er um að ræða, séu kosnir af Alþ., vegna þess að þeirra verk á að vera það að vernda rétt Alþ. gegn þeim yfirgangi, sem Alþ. hefur að undanförnu verið sýnt og hefur komið fram í því, að fjárl. hafa verið skoðuð sem eins konar málamyndalög, sem ekki væri frekar en verkast vildi skylt að fylgja og hefur enda ekki verið gert nema í mjög takmörkuðum skilningi og aldrei verr en nú þessi síðustu tvö ár. Þess vegna er það meginatriði í þessu máli, að þeir menn, sem eiga að hafa þarna eftirlit með framkvæmdavaldinu, séu starfsmenn Alþ. og kosnir af því, þarna er um þrjá menn að tala og þá yrðu það menn af þremur stjórnmálaflokkum.

Hins vegar er því sleppt í brtt. minni hl., sem er í mínu frv., að þessi n. hafi frestunarvald á ákvörðunum um umframgreiðslur frá fjárl., og það tel ég þó töluvert mikið atriði, en eigi að síður mikla bót frá frv., sem hér liggur fyrir, í þeirri brtt., sem hér er um að ræða, enda þótt frestunarvaldinu sé sleppt. En eins og ég hef sýnt fram á áður, þá er nú ekki farið fram á meira með því frestunarvaldi heldur en það, að ákveðið sé að fresta ágreiningsmálum, sem þannig koma upp, um 4—5 mánaða skeið, sem vera mundi í hæsta lagi milli þinga, eins og nú er komið málum.

Hv. þm. V-Húnv. mælti gegn þessari brtt. m. a. á þeim grundvelli, að það væri ekki ástæða til þess að taka neina menn úr stjórnarandstöðunni á hverjum tíma inn í þessa eftirlitsnefnd, og færði sem rök fyrir því m. a. till., sem hér hefði komið fram fyrir nokkrum árum frá hv. fyrrv. þm. Barð. um, að fjvn. kysi einn

mann til þess að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins.

Það eru nú margar till. náttúrlega, sem um þetta hafa verið fluttar, og ekkert óeðlilegt, þó að þær komi fram margvíslegar frá einstökum mönnum. En þær hafa ekki komið frá flokkum fyrr, því að hv. þm. Barð. þáv. flutti þessa till. upp á sitt eindæmi sem form. fjvn., og þó að hún stefndi til bóta frá því, sem áður hafði verið, þá verð ég að segja, að það væri ófullkomið ástand að ætla einum manni það eftirlit, sem hér er um að ræða, eins og málum þessum er komið.

Þá mælti hv. þm. V-Húnv. mjög á móti 3. brtt. á þskj. 434 um það, að haft skyldi samráð við þessa eftirlitsnefnd um skiptingu á ýmsu fé, sem veitt er sameiginlega á fjárlögum.

Ég verð nú að segja það, að hvenær sem það er ákveðið, sem ætti að ákveða, að slík eftirlitsnefnd hefði um það nokkurt úrskurðarvald, hvernig þessu fé yrði skipt, — en hvenær sem slíkar till. yrðu fram settar og lögfestar, þá mundu þær í fyrsta lagi verka þannig, að það yrði gengið frá fjárlögunum að þessu leyti á annan veg en gert er, sem ég teldi framför, því að það hefur heldur stefnt í þá átt, að fjvn. hefur látið fara fleiri af sameiginlegum fjárveitingum óskiptum en áður var. Hitt tel ég miklu réttara, af því að ég vil láta þingið sjálft ákveða svona hluti, að það sé gert á þann veg, að sem flestum slíkum fjárveitingum sé skipt af þinginu sjálfu. En ef á annað borð er eitthvað af slíkum fjárveitingum, eins og t. d. til atvinnubóta og fleiri hluta, ef þeim er sleppt utan við fjárlögin til ríkisstj. óskiptum, þá er það mjög sanngjarnt frá mínu sjónarmiði, að það séu eftirlitsmenn Alþingis, sem fjalla um það, hvernig sú skipting fer fram. Hins vegar vitum við það, sem kunnugastir erum þessum málum, að þó að fjvn. hafi lagt í það mikla vinnu og haft um það samráð við þm. allra kjördæma, hvernig einstökum fjárveitingum er skipt, t. d. til vegabóta, brúargerða o. fl., þá hefur verið algerlega vikið frá því af hálfu þeirra ráðherra, sem um það hafa fjallað, eins og komið hefur fram mjög rækilega í aths. okkar yfirskoðunarmanna um þau efni. Þess vegna er sannarlega þörf á því, að með þessu sé ríkara eftirlit en verið hefur.

Hv. 3. þm. Reykv. vék nokkuð hér að sinni sérafstöðu í þessu máli og kom inn á það, að hann teldi nauðsynlegt, að það væri haft eftirlit yfirleitt með ríkisrekstrinum öllum og þetta frv. í rauninni ætti þá að færast út á miklu víðara svið en hér er til ætlazt. Það, sem þessi hv. þm. sagði um það efni, var að mörgu leyti rétt, en í rauninni frá mínu sjónarmiði utan við það verksvið, sem hér er um að ræða um eftirlit með því, að fyrirmælum Alþingis sé hlýtt, því að ef ætti að setja á eftirlit með ríkisrekstrinum í heild sinni, þá verður það auðvitað að gerast af Alþingi og þá á annan hátt en gert er ráð fyrir með þeirri eftirlitsnefnd, sem hér er talað um, og með þeim till., sem fyrir liggja í mínu frv. um, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafi það eftirlit með höndum

Annars er ástandið á því sviði eins og flestum öðrum í okkar fjármálum í mjög mikilli óreiðu og afleitlega á margan hátt að því unnið. M. a. vil ég í þessu sambandi geta þess, sem ég fyrir mitt leyti tel mjög athugavert, að mjög stórum og þýðingarmiklum ríkisstofnunum, sem eru hreinar ríkisstofnanir, er haldið utan við fjárlög og utan við ríkisreikninga eins og það komi þeim ekkert við, og stærsta stökkið í því efni er það, sem nýlega hefur verið tekið um útflutningssjóð, sem hefur með að gera fjármuni, sem eru miklu meiri en öll fjárlögin voru áður; þó að hann sé hrein ríkisstofnun, er honum haldið alveg utan við fjárlög og ríkisreikninga. Auðvitað á slík stofnun sem útflutningssjóður, þó að honum sé haldið sem sérstakri stofnun, þá eiga allir hans reikningar að fylgja með ríkisreikningum, eins og hjá hverri annarri ríkisstofnun. Sama er að segja t. d. um Tryggingastofnun ríkisins, þjóðleikhúsið og fleiri stofnanir. Um þetta höfum við töluvert rætt, yfirskoðunarmenn, og erum sammála um það, að þetta ástand sé engan veginn gott, eins og það er. Það er heldur ekki gott, eins og lengi hefur verið tíðkanlegt með allar þær stofnanir, sem eru á 3. gr. fjárlaga, að það er ekki tekið inn á rekstrarreikning ríkisins annað en mismunur á tekjum og gjöldum í þessum stofnunum, í stað þess að taka allar tekjur og öll gjöld inn á rekstrarreikning, eins og er með aðrar stofnanir og ætti að sjálfsögðu að vera.

Þá vil ég að síðustu minnast örlítið á það, sem hv. þm. V-Húnv., frsm. meiri hlutans, nefndi hér um aðstöðu stjórnarandstöðunnar. Hann hélt því fram, að stjórnarandstaðan hefði á hverjum tíma eftirlitsaðstöðu í gegnum yfirskoðun ríkisreikninganna.

Þetta er eins og sakir standa algerlega rangt, því að það er ekki nein eftirlitsaðstaða annað en það að gera athugasemdir við það, sem búið er fyrir löngu að afgreiða og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa ekkert vald til þess að fá breytt, heldur bara segja til um og gera aths við: Þetta hefur nú verið svona með farið. — Svo þegar kemur til kasta Alþingis, þá er ekki að neinu leyti tekið tillit til þess, og þess vegna er sú eftirlitsaðstaða, sem þarna er um að ræða, nánast engin, heldur er það bara það eitt, að stjórnarandstaðan hefur á þennan hátt aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem hefur verið gert, og segja frá því, og má segja kannske, að hún hafi verið oft of hlífin með að rita um það, birta þær aths. og allt, sem í því sambandi er um að ræða, að birta það í blöðum, svo að þjóðinni gefist kostur á að sjá, hvað er um að ræða. Þar að auki hefur það nú stundum verið svo, að stjórnarandstaðan hefur engan mann átt í yfirskoðun ríkisreikninga, þó að það sé ekki þannig eins og nú standa sakir. Það átti sér stað hér á árunum, þegar Sósfl. var einn í stjórnarandstöðu, að hann átti þá engan mann í yfirskoðun ríkisreikninga, og svoleiðis getur komið fyrir aftur, ef aðstaða er þannig í Alþingi.

Það er þess vegna alls ekki rétt með farið hjá hv. þm. V-Húnv., að það sé nokkur eftirlitsaðstaða, sem þarna er um að ræða, eins og sakirnar standa, heldur er það aðeins aðstaða til þess að finna að því, sem búið er að afgreiða

og ganga frá, löngu áður en það kemur í hendur þeirra yfirskoðunarmanna, sem um það eiga að fjalla.

Í stuttu máli er það þess vegna afstaða mín til þessa frv., að ef það á að ganga óbreytt hér í gegn, eins og það liggur fyrir á þskj. 174, þá tel ég að því enga bót. Ég tel það ekki mikils virði, en töluvert mikla breytingu og breytingu til mikils gagns, ef brtt. minni hl. fjhn. á þskj. 434 yrðu samþykktar.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Við höfum hér á Íslandi lengi búið við verðbólguþróun, og þess vegna hygg ég, að ekki sé ágreiningur um það, að mikilvægt sé, ef slíka verðbólguþróun á að hefta með árangri, að ríkisbúskapurinn sé rekinn hallalaus og gætni ríki í fjármálastjórninni. Um það virðast nú allir sammála, þó að ég geti ekki stillt mig um að bæta hér við hvað snertir a. m. k. suma þá, sem nú styðja hæstv. ríkisstj., að ást þeirra á greiðsluhallalausum ríkisbúskap og gætilegri fjármálastjórn er ung, þó að ekki sé meira sagt.

Um þetta atriði ætti ekki að vera meiri háttar ágreiningur. Hins vegar vil ég gjarnan lýsa því sem skoðun minni, að enda þótt eftirlit með fjárreiðum ríkisins geti verið til bóta, ef skynsamlega er til þess stofnað, þá hef ég enga tröllatrú á því, að slík skipan, hversu skynsamleg sem hún kynni að vera, mundi vera fullnægjandi lausn þess vandamáls, sem hér er um að ræða.

Meginástæðan til þeirra miklu umframgreiðslna umfram heimildir fjárlaga, sem átt hafa sér stað lengi að undanförnu, er að mínu áliti hið almenna misvægi, sem hefur verið í þjóðarbúskapnum, þannig að hér er um að ræða aðeins anga af hinu almenna efnahagsvandamáli. Það gefur auga leið, að þegar það skeður, sem oft hefur skeð að undanförnu, að mjög stórkostlegar hækkanir hafa orðið á verðlagi og kaupgjaldi, ef til vill skömmu eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, þá verður ekki komizt hjá verulegum umframgreiðslum, ef þýðingarmiklir þættir ríkisbúskaparins eiga ekki að stöðvast með öllu.

Fyrir þessu finnst mér, að ekki megi loka augunum. Samt sem áður er að mínu áliti ekki vafi á því, að eftirlit með ríkisrekstrinum, meira en nú er, gæti verið hér til bóta, því þó að rekja megi kannske meginhluta þeirra umframgreiðslna, sem átt hafa sér stað, til hinnar almennu verðlagsþróunar, þá er ekki vafi á því, að það á ekki við allar umframgreiðslur.

Þetta mál hefur nú verið rætt ýtarlega við fyrri umr. þessa máls svo og í sambandi við frv. það um svipað efni, sem hér hefur verið flutt af hv. þm. A-Húnv., og fjölyrði ég ekki meira um það. En ég tel, að ef til slíks eftirlits eigi að stofna, þá sé það þýðingarmikið atriði, — og það er í rauninni mikilvægasta ákvæðið í þeim brtt., sem við hv. 5. þm. Reykv. höfum flutt, — að þetta eftirlit sé að nokkru leyti a. m. k. óháð fjármálastjórninni sjálfri.

Ef n. sú, sem þetta eftirlit á að hafa með höndum, verður skipuð á þann hátt, sem frv. upphaflega gerir ráð fyrir, þá þýðir það í raun inni ekki annað en það, að það er ríkisstj. sjálf og fjármálastjórnin, sem mundi eingöngu hafa þetta eftirlit með sjálfri sér. Ég tel, að það mundi því einmitt verða til mikilla bóta, ef það fyrirkomulag yrði tekið upp, sem við hv. 5. þm. Reykv. leggjum til, að Alþingi kjósi þessa nefnd, þannig að stjórnarandstaðan hafi þar a. m. k. hönd í bagga, eftir sem áður yrði það auðvitað þannig, að sá meiri hl. Alþingis, sem hæstv. ríkisstj. styður hverju sinni, hefði auðvitað meiri hl. í þeirri n., sem þannig yrði skipuð.

Hv. þm. A-Húnv. lagði til í sínu frv., að þetta eftirlit yrði falið endurskoðunarmönnum ríkisreikninganna. Hann hefur tekið fram, að á það leggi hann ekki áherzlu út af fyrir sig, en það, sem mundi mæla með slíku fyrirkomulagi, er kostnaðarhliðin. Þessir menn eru að störfum hvort sem er, þannig að gera má ráð fyrir því, að það yrði ódýrasta fyrirkomulagið, ef það yrði tekið upp. Hins vegar má ef til vill benda á ýmsa annmarka á því fyrirkomulagi, og þess vegna lögðum við hv. 5. þm. Reykv. til, að Alþingi kysi n., ef það gæti orðið líklegra til víðtækara samkomulags.

Við gerum okkur ekki neinar tyllivonir um það, að þessi ráðstöfun, jafnvel þó að okkar brtt. yrðu samþykktar, flytji fjöll í þessu efni, en ég er smeykur um, að verði sá háttur hafður á, sem gert er ráð fyrir í frv., eins og það liggur fyrir upphaflega, þá muni ekki einu sinni verða fluttar þúfur.

Ég fjölyrði svo ekki meira almennt um okkar brtt., enda hefur hv. 5. þm. Reykv. að mínu áliti þegar gert því efni góð skil, en vildi aðeins ljúka þessum orðum með því að víkja örlítið að nokkrum aths., sem hv. þm. V-Húnv. gerði við till. okkar.

Hann taldi óþarfa brtt. okkar við 1. gr., þess efnis, að skýrt yrði tekið fram um það, til hvaða ríkisstofnana og hvaða þátta ríkisrekstrar þetta eftirlit ætti að ná, og taldi fullnægjandi í því efni ákvæði 7. gr. frv. um það, að fjmrh. beri að setja reglugerð um starfssvið n. Ég er í þessu máli á annarri skoðun. Ég tel einmitt miklu réttara, að Alþingi kveði skýrt á um það, hvert starfssvið þessarar n. skuli vera, en það sé ekki tekið fram í reglugerð.

Um hitt má vitanlega deila, hvort þetta eftirlit á eingöngu að ná til þeirra greina ríkisbúskaparins, sem fjárlög fjalla um, eða vera víðtækara. Það tel ég ekki meiri háttar atriði, en hitt finnst mér eðlilegt og raunar sjálfsagt, að starfssvið n. sé sem skýrast ákveðið í lögunum.

Varðandi það, að í okkar till. er ekki ákveðið um starfstímabil væntanlegrar nefndar, þá skal ég játa, að þar hefur okkur orðið yfirsjón á. En það munum við leiðrétta, áður en till. verða bornar upp til atkvæða, og vænti ég þess, að okkur gefist til þess tóm.

Varðandi valdsvið n. vil ég taka það fram, að við höfum ekki hugsað okkur, hvorki að n. í heild né einstakir meðlimir hennar hefðu stöðvunarvald um fjárgreiðslu. Það var ekki okkar hugsun, heldur hugsuðum við okkur í því efni, að um öll þau mál, sem n. kemur til að

fjalla um, giltu svipuð ákvæði og í 4. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir, en sú 4. gr. mundi verða 5. gr., ef okkar till. væru samþykktar, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Telji ráðherra eigi fært að fara að till., er hann eigi við þær bundinn, en skal þá senda fjvn. Alþingis rökstudda grg.“

Við teljum eðlilegt, að þessi ákvæði gildi um valdsvið n. almennt, þannig að hún hafi ekki stöðvunarvald, hvorki um lengri né skemmri tíma. Eftir sem áður ættu þó störf n. að geta skapað aukið aðhald í þessum efnum frá því, sem nú er.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í sjálfu sér ekki mikillar umræðu vert. Það er algert sýndarmál, sem enga raunhæfa þýðingu hefur. Það bætir að vísu einni nýrri nefnd við í ríkisbáknið, en hún sýnist vera með öllu valdalaus og hefur ekki heimild til þess að vinna annað verk en það, sem fjmrn. nú þegar landslögum samkvæmt á að inna af höndum. Það virðist jafnvel svo eftir þessu frv., að valdsvið fjmrn. eigi að verða takmarkaðra en verið hefur, þannig að opnari leið verði til eyðslu en hingað til hefur verið. Þannig vill fara, þegar frv. eru samin, ekki af heilum hug, ekki til þess að finna lausn á raunverulegum vanda, heldur til þess að sýnast, eins og í þessu máli er. En það er ljóst, þegar ákvæði gr. eru borin saman við gildandi rétt, að einmitt þessi verður afleiðingin, ef frv. verður að einhverju haft, sem ég nú hef sagt.

Málið er þess vegna eitt hið ómerkilegasta, sem sézt hefur á Alþingi lengi, og er þá mikið sagt, og er lagað til þess að hafa þveröfug áhrif, ef nokkur verða, við það, sem látið er í veðri vaka. En það má segja, að það er merki um slæma samvizku hjá hæstv. ríkisstj., ber því vitni, að hún sjálf geri sér grein fyrir, að eyðslan er komin úr hófi og að almenningsálit er að skapast um það, að hér þurfi raunhæfra aðgerða við. En til þess að koma í veg fyrir þær raunhæfu aðgerðir er þetta frv. samið og lagt fram, og það hæfir einmitt ákaflega vel, að einmitt hv. þm. V-Húnv. skuli vera sérstakur talsmaður frv. hér, hann, sem umfram aðra beitti sér á móti með miklu offorsi því frv., sem þm. A-Húnv. bar fram hér fyrr á þinginu og var þó raunhæf leið að lausn á þessum vanda, þó að það skuli játað, eins og hv. þm. A-Húnv. gerði, að þar var ekki um fullkomna lausn vandans að ræða, en þó miklu raunhæfari í frv. þm. A-Húnv. en í þessu frv.

Að öðru leyti eru ákvæði einstakra greina frv. ákaflega óljós, þannig að endalaust má togast á um, hvað í þeim felst. Ég nenni nú ekki að fara að telja það upp eða spyrja hv. þm. V-Húnv. um, hvað átt sé við með einstökum greinum, enda veit ég, að það mundu verða goðsvör fullkomin, sem frá honum kæmu, ef hann færi að leitast við að skýra greinarnar.

Ég skal þess vegna ekki eyða orðum að því að ræða mikið um frv. En það var út af ummælum hv. þm. A-Húnv. og hv. 3. þm. Reykv., sem ég vildi segja nokkur orð.

Hv. þm. A-Húnv. gat þess, að því færi fjarri, að ætíð hefði stjórnarandstaða fullkominn eftirlitsrétt með ríkisrekstrinum, eins og nú er, ef átt er við það starf, sem endurskoðendur ríkisreikninga hafa með höndum.

Þetta er rétt hjá hv. þm. A-Húnv., að vel getur staðið þannig á, að stjórnarandstaðan hafi ekki afl til þess að fá einn af þremur kosinn. En þá vil ég benda minni hluta hv. fjhn. á það, að sami ágalli er varðandi brtt. þeirra. Það er að vísu til bóta að láta Alþingi kjósa þrjá menn í stað þess að hafa nefndina kosna eins og nú er. En ef tryggja á, miðað við reynslu, við skulum segja síðustu tveggja áratuga, að líklegt sé, að stjórnarandstaða hafi alltaf mann í þessari nefnd, þá nægir það ekki að hafa þrjá, heldur yrði að hafa mennina fimm.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði almennt um þetta efni, að rétt væri að tryggja rétt stjórnarandstöðu, og fór um það nokkrum orðum, að þá yrði að sjá svo til, að það væri ekki einungis góð stjórnarandstaða, sem sumir kölluðu, sem hefði þennan rétt, heldur einnig slæm stjórnarandstaða. Það er út af fyrir sig rétt, að ef menn vilja tryggja það fyrirkomulag, að stjórnarandstaða hafi tiltekin réttindi, þá verður að haga þannig til fyrirmælum, að líklegt sé, að sæmilega sterk stjórnarandstaða hafi ætíð þennan rétt, þó að þar séu auðvitað ætíð viss mörk, sem setja verði. Ég vildi því skjóta því til hv. 3. þm. Reykv., sem ég að vísu sé ekki hér inni í d. í bili, hvort hann yrði því fylgjandi, — ég beini því til hans, vegna þess að hann gerðist upphafsmaður þessa umtals hér, hvort hann yrði því fylgjandi, að reynt yrði að koma á samkomulagi um það innan þingheims, að yfirleitt þegar nefndir eru kosnar eða sérstakir trúnaðarmenn af hálfu Alþingis til þess að vinna mikilvæg störf, þá yrði tekin upp sú regla, að fimm menn yrðu kosnir. Ef þingflokkar kæmu sér saman um að hafa þennan hátt á, núv. þingflokkar, þá eru allar líkur til þess, að sú skipan gæti haldizt áfram, þó að stjórnarskipti yrðu eða einhverjir núv. stjórnarflokkar kæmust í andstöðu, annaðhvort einhverjir eða allir þeirra.

Við vitum, að allt þetta er miklum breytingum undirorpið. En því nefni ég töluna fimm, að með því eru líkur til þess, að sá flokkur, sem eitthvert verulegt þingfylgi hefur, hafi þó möguleika til þess að fá sinn trúnaðarmann kosinn. Það kom í ljós á þeim árum, þegar var samstjórn þriggja flokka, þar sem Sósfl. var í andstöðu, að þá hafði hann ekki afl til þess að fá endurskoðanda landsreikninga kosinn einn út af fyrir sig. Hann mundi hins vegar hafa átt þess kost að fá einn kosinn af fimm. Vera kynni, að hann hefði haft afl til þess að fá einn kosinn af fjórum, en yfirleitt er það óheppilegt í nefndum, — það gerir að vísu minna til um endurskoðendur en aðra, — en yfirleitt er það óheppilegt í nefndum að láta jafna tölu vera þar, þannig að hreinn meiri hluti geti ekki myndazt, og eru síðustu dæmi þess, að einn af úthlutunarmönnum á listamannastyrk, sem eru tilnefndir af þinginu fjórir, hefur skrifað um það mjög rækilega nú nýlega, að oddaatkvæði yrðu að vera í þeirri nefnd, ótæk skipun væri að hafa mennina fjóra. Þing-

flokkar eru hins vegar fjórir, eins og nú er, hafa stundum verið fimm, svo að hvernig sem á er litið, þá virðist það vera eðlilegt, að þegar slíkar nefndir eru skipaðar, væri komið á samkomulagi um það milli flokkanna, að fimm væru kosnir og þá eðlilegast fimm kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi. — Þessu varpa ég fram að gefnu tilefni frá hv. 3. þm. Reykv., einnig til athugunar varðandi þá brtt., sem hér er flutt af hv. minni hl. fjhn.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 174, n. 414, 434).

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að halda neina ræðu út af þessu, en ég vildi fara fram á það, af því að frsm. minni hl. fjhn. er fjarstaddur, að málinu sé frestað. Þar sem eru gagngerðar brtt. fyrirliggjandi við frv., þá er mjög æskilegt, að það séu sem flestir hv. alþm. við atkvæðagreiðslu.

Forseti (EOl): Frsm. minni hl. hefur flutt ræðu og flutt brtt., og það mun verða orðið við því að fresta atkvgr., en ég vildi nú ljúka umr. Hins vegar verður tekið fyrir næst annað mál, um eftirlit með eyðslu hjá ríkinu, sem er líka mál, sem þetta snertir, og þá gæfist líka tækifæri til þess að ræða meira um þetta mál, ef menn vildu. Það hefur þá enginn kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Atkvgr. verður frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 28. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 434,1 felld með 14:7 atkv.
1. gr. samþ. með 15:3 atkv.
2. gr. samþ. með 16:3 atkv.
Brtt. 434,2 felld með 16:8 atkv.
3. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Brtt. 434,3 felld með 16:8 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Brtt. 434,4 felld með 16:9 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 17:5 atkv.
Brtt. 434,5 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:8 atkv.

Á 85. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var meðferðin að vissu leyti samsvarandi því, að hv. stjórnarsinnar hér stæðu á móti því, að leiðréttar væru prentvillur í lagafrumvarpi. Eins og ég sagði þá m. a., var um það rætt innan fjhn., við hvaða ríkisstofnanir og við hvaða ríkisrekstur væri átt, og það er sameiginlegt álit um. og líka — skv. upplýsingum hv. formanns n. — ríkisstjórnarinnar, að það sé aðeins átt við þær ríkisstofnanir, sem í fjárlögum greinir. Og við leggjum þá til, að það sé m. a. sett inn í frvgr., að það sé það, sem menn meina, því að eins og hún er núna samþykkt, þá er hún miklu víðtækari. Þetta fellir nú allt stjórnarliðið hér, og ég segi: það samsvarar því, að menn fáist ekki lengur hér á Alþ. til þess að leiðrétta prentvillur, sem eru í frumvörpunum. Allar aðrar till. okkar nm. Sjálfstfl. í fjhn. voru felldar, og tel ég því frv., eins og það er núna, bæði gagnslaust og þýðingarlaust eða þýðingarlítið.

Það hafði að vísu hvarflað að mér að leggja til við þessa umr., að frv. væri vísað til ríkisstj., og hefði að vissu leyti verið eðlilegast, að þau hefðu þá bæði farið þangað, þetta frv. og frv. hv. þm. A-Húnv. um skylt efni. En það getur að sjálfsögðu, ef einhver vilji er þar fyrir hendi, orðið jafnmikill árangur af nánari athugun þess máls þar, þó að þessu máli yrði ekki vísað til stjórnarinnar, og með hliðsjón af þeirri afgreiðslu, sem málið hlaut hér við 2. umr., þá mun ég greiða atkv. á móti frv. nú.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru af fulltrúum Sjálfstfl. í fjhn. fluttar við það brtt., sem mjög hefðu horft til bóta, ef samþ. hefðu verið. En svo sem hv. 5. þm. Reykv. tók hér fram áðan, þá fékkst stjórnarliðið ekki til að sinna þeim till. í neinu eða gera nokkrar lagfæringar á frv. Það var þó svo við 1. umr. þessa máls, að þá vakti ég athygli á ýmsum atriðum í sambandi við málið, er íhugunar þyrftu í n., og tók hæstv. fjmrh. því þá vel, að athugað væri um einhverjar breytingar á því, sem æskilegar kynnu að reynast. En úr þessu hefur ekki orðið og ekki annað sýnna en ætlunin sé að knýja frv. hér fram. Það liggur hins vegar í augum uppi, að eins og frv. er nú úr garði gert, þá er þetta mál einskis virði og sýnilega aðeins ætlað til þess að flagga með það, án þess að í því felist nokkur raunverulegur áhugi til að breyta til hins betra í þessum efnum, og verður sú afstaða að teljast mjög vítaverð.

Ég hafði viljað leyfa mér að geta vænzt þess og lét það í ljós við 1. umr., að að baki þessu máli væri einhver áhugi í þá átt að spara í ríkisrekstrinum og koma á skynsamlegu eftirliti. En það er sýnilegt, eftir að málið hefur fengið meðferð í fjhn. og ekki verið sinnt ábendingum um breytingar, sem tvímælalaust hafa horft í þá átt að gera þetta eftirlit að einhverju öðru en nafninu tómu, að málið er eingöngu flutt sem sýndarmál og til þess ætlað að geta flaggað með því eftir á sem einhverjum ráðstöfunum í sparnaðarátt, þó að í því felist ekkert, sem í þá átt horfi.

Það hefur verið sýnt fram á það hér í umræðunum, sem er ómótmælanlegt, að með þessu frv. er dregið úr því eftirliti, sem nú er með þessum rekstri, því að eins og sakir standa nú, þá hefur fjmrn. það í hendi sinni með samþykki ríkisstj., sem ætla verður að ekki standi á, að ráða því, hvort fjölgað er starfsmönnum við ríkisstofnanir eða ekki, því að það er óheimilt að ráða nokkra nýja starfsmenn nema með samþykki ráðuneytisins. Með þessu frv., eins og það er úr garði gert, er hins vegar slíkur hemill algerlega af tekinn og það lagt í

vald hvers einstaks ráðherra, hvort hann fjölgar starfsliði við þær stofnanir, sem undir hann heyra, eða ekki. Þetta felst ótvírætt í frv. Skipun n. þeirrar, sem þar er um rætt, er þannig háttað og valdsviði hennar, að hún er nánast einskis virði. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir, að meiri hluti n. sé skipaður af ríkisstj. sjálfri, en n. þessi á að hafa eftirlit með aðgerðum einstakra ráðherra, þannig að ríkisstj. hefur þannig tryggt sér meiri hluta í n., sem á að hafa eftirlit með hennar störfum á þessu sviði. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir, hvílíkt skrípamál þetta er. En í annan stað, af því að þetta þykir nú ekki nægilega laust í reipunum, til þess að ráðherrarnir séu nægilega óbundnir, þá er svo ákveðið, að hver ráðherra um sig geti haft að engu álit þessarar n. og það eina, sem hann þurfi að gera, sé að senda fjvn. Alþingis eftir á rökstudda grg. um nauðsyn þess að fjölga starfsmönnum við viðkomandi stofnun. Við vitum það auðvitað öll, að þetta ákvæði er gersamlega út í loftið og hefur enga þýðingu og getur ekkert aðhald veitt, þegar um slíkt er að ræða að eiga að sækja menn til saka eftir á um þessi efni. Það þekkjum við öll af reynslunni.

Ég vildi nú leyfa mér, enda þótt ekki hafi fengizt fram þær breytingar, sem æskilegastar væru á þessu frv., að gera tilraun til þess að fá fram á því tvær lagfæringar, og eru þær till. minar fyrst og fremst fluttar til þess að kanna það, hvort fyrir hendi sé gersamlegt áhugaleysi hjá hv. stuðningsmönnum stjórnarinnar til þess að búa þetta mál skynsamlega úr garði, því að það er gott, að það liggi ljóst fyrir mönnum, þannig að ekki verði á móti mælt, hvort þarna er um að ræða einhvern snefil af áhuga til þess að draga úr kostnaði í ríkisrekstrinum eða hér er um algert gervimál að ræða.

Ég vildi því leyfa mér í fyrsta lagi að flytja brtt. við 3. gr. frv. um það, að í stað þess, að einn maður sé tilnefndur af fjvn. Alþingis, þá komi tveir menn tilnefndir af fjvn. Alþingis. Með þessu móti er Alþ. veitt meirihlutaaðstaða í þessari eftirlitsnefnd. Eðlilegast hefði að sjálfsögðu verið, að allir mennirnir væru kjörnir af Alþingi. Því hefur ekki fengizt hér framgengt. En það væri þó til nokkurra bóta, að mennirnir væru tveir, þ. e. a. s. að Alþ. hefði meiri hluta í þeirri n., sem þetta eftirlit á að hafa, því að hér er tvímælalaust um mál að ræða, sem eðli sínu samkvæmt, þ. e. a. s. aukning fjárveitinga til embætta, heyrir undir Alþingi að taka endanlegar ákvarðanir um í sambandi við fjárveitingar. Sé þess vegna nokkur löngun til þess, að þessi n. verði annað en nafnið eitt, þá sé ég ekki annað en hver og einn gæti fallizt á þá tilhögun, að tveir mannanna væru kjörnir af fjvn. Alþ. í stað eins. En það er ætlunin, að ráðuneytisstjórinn sitji þar áfram eftir minni till., en niður falli þetta ákvæði, sem er nánast næsta kyndugt, að einn maðurinn skuli tilnefndur af ríkisstj. í heild í nefndina, þannig að eftir minni till. yrði n. þannig skipuð, að það yrði ráðuneytisstjórinn í fjmrn., sem væri sjálfkjörinn, og svo tveir menn tilnefndir af fjvn. til eins árs í senn.

Þá er annað atriði, þ. e. 4. gr., þar sem segir um valdsvið nefndarinnar. Þar er svo að orði komizt, að ráðh. sé eigi bundinn við álit þessarar nefndar. Þar sem þess má tvímælalaust vænta eftir skipan n., að í rauninni hvor tilhögunin sem heldur verður þar á höfð, þá sé það tryggt, að málunum verði veitt fullkomlega vinsamleg athugun af þessari eftirlitsnefnd og reynt í alvöru að gera sér grein fyrir, hverja nauðsyn þarna er um að ræða, þá lít ég svo á, að ef þessi n. á að hafa nokkra þýðingu, þá eigi ráðh. að vera bundinn við hennar álit, ef álitið sé einróma. Og hin brtt. mín er því á þá leið, að telji ráðh. eigi fært að fara að tillögunum, er hann eigi við þær bundinn, nema n. sé sammála um álit sitt, en skal þá senda fjvn. Alþingis rökstudda grg., þ. e. a. s. í því tilfelli, ef það er aðeins meiri hl. n., sem mælir gegn ráðstöfun ráðherrans. En sé það n. einróma, sem leggur annað til, þá virðist það í alla staði óeðlilegt, miðað við þá hugsun, sem liggur á bak við þessa lagasetningu, ef um einhverja hugsun er þar að ræða, að segja, að þá sé ráðherra engu að síður algerlega óbundinn af tillögum nefndarinnar, því að það hefur a. m. k. ekki þótt á neinn hátt óeðlileg skipan, eins og verið hefur til þessa, að ef fjmrh. hefur verið andvígur *fjölguninni, þá væri hún ekki gild.* Og ef n., sem er sammála um þetta og er sett skv. lögum frá Alþingi og með aðild Alþingis að nefndinni, er á einu máli, þá getur það á engan hátt talizt óeðlilegt, að ráðh. sé við það bundinn. Hann getur að sjálfsögðu, þegar Alþ. kemur saman, leitað um það ákvörðunar Alþingis, eins og háttur er í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, hvort fé yrði veitt til þessarar starfsemi eða ekki, en þangað til virðist algerlega ástæðulaust að veita ráðh. svo frjálsar hendur, að hann geti haft till. þessarar n. að engu, því að þá hefur þetta gersamlega enga þýðingu.

Þetta eru þær tvær brtt., sem ég vildi leyfa mér að flytja hér við þessa umr. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf ég því að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim.

Jón Pálmason: *Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. Eyf., lýsti því hér í ræðu sinni, að eins og þetta frv. liggur fyrir nú, væri það alveg þýðingarlaust, og mun erfitt að mæla gegn þeim rökum, sem hann flutti um það. En frv. er samt sem áður ekki tilgangslaust, það sjáum við allir, því að það hefur þann tilgang að láta þrjá af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hafa nokkra launabót, sem mundi að líkindum verða eitthvað svipað því, sem nú er borgað til yfirskoðunarmanna ríkisreikninga. En varðandi gagnið vil ég bæta því við, að það vita allir menn, að enginn maður hefur meira um það að fjalla, sem hér er talað um, eins og er, heldur en ráðuneytisstjórinn í fjmrn., þ. e. a. s. að undanteknum fjmrh. sjálfum. Hér er því verið að fela þeim manni verkefni, sem hann raunverulega hefur og er hans embætti, er hans embættisverk. En það mun vera tilgangurinn að bæta þessum embættismanni, sem er prýðilegur embættismaður, bæta honum eitthvað upp í launum með því að setja á hann þetta*

starf, og þar að auki tveimur öðrum stuðningsmönnum hv. ríkisstj., einum úr fjvn. og einum, sem ríkisstj. skipar.

Þetta er mjög í samræmi við það, sem hefur gerzt á árinu 1956, því svo að maður nefni aðeins eitt atriði úr þeim reikningum, þá hafa óviss útgjöld skv. 19. gr. farið fram úr ákvæðum fjárlaga um eitthvað rúmar 6 millj. kr., og meginhlutinn af þessari upphæð er styrkir og nefndagjöld og alls konar fríðindi, sem stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafa verið látnir njóta á því herrans ári 1956, svo að þetta er alveg áframhald á sömu götunni.

Ég skal játa, að það er nokkur framför í brtt. hv. 2. þm. Eyf. um það, að tveir mennirnir væru tilnefndir af fjvn., en auðvitað ættu þeir að vera það allir, annaðhvort af fjvn. eða eins og lagt hefur verið til og stjórnarliðarnir hafa fellt, að þeir væru kosnir hlutfallskosningu hér á hv. Alþingi. En það er gott, að það komi reynsla á það, hvort hv. stjórnarliðar hér vilja gera þá litlu breytingu, að tveir af þessum mönnum skuli vera tilnefndir af hv. fjvn.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða um málið. Ég geri ráð fyrir því, eins og hv. 5. þm. Reykv. tók fram, að það hafi ekki mikla þýðingu, þó að það væri gerð tilraun með það, sem eðlilegast er, eftir það, sem hér á undan hefur gengið, að leggja til að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj., því að það var skv. áliti fjhn. tilgangurinn með þeirri till. varðandi mitt frv., að það ætti að taka málið til frekari athugunar fyrir næsta þing, og var þess vegna eðlilegast, að báðum málunum væri vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Hins vegar vil ég nú sjá, hvernig fer með brtt. hv. 2. þm. Eyf.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þeir hv. þm. sjálfstæðismanna virðast hafa töluverða löngun til að koma í veg fyrir, að þetta frv. um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins fái afgreiðslu á þann veg, að það verði samþykkt. Hv. 2. þm. Eyf. flytur nú skriflegar brtt. tvær. Önnur er um það, að fjvn. Alþingis skuli tilnefna tvo af eftirlitsmönnunum, í stað þess að henni er ætlað í frv. að tilnefna einn og aftur ríkisstj. í heild annan. Till. um sama efni, um það, að fjvn. skyldi tilnefna tvo eftirlitsmennina, bar einn hv. flokksbróðir hans, hv. 2. þm. Árn., fram í Ed., og sú till. var þar felld, og ég sé enga ástæðu til heldur fyrir þessa d. að fara að samþykkja þá breytingu á frv. A. m. k. mundi það ekki greiða fyrir framgangi þess að vera að setja hér inn breytingar, sem vitað er að hin d. er á móti, enda sé ég ekki, að það séu horfur á, að n. yrði neitt starfhæfari eða betur skipuð með því að gera þessa breytingu.

Önnur till. hans er um það að taka af ríkisstj. eða ráðherrum vald, sem þeir nú hafa og hafa haft, en hins vegar er það ekki lagt til í frv., og ég tel, að það sé rétt að samþykkja einnig 4. gr. óbreytta, eins og hún er í frv. Það má vitanlega alltaf athuga um breytingar síðar, þegar nokkur reynsla er fengin, og mér þykir ekki ólíklegt, að áframhaldandi athuganir á þessum málum, hvaða ráð mætti finna til þess að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins, geti leitt í ljós, að það verði ástæða til, áður en langt um líður, að gera á þessu einhverjar breytingar.

Mér þykir satt að segja dálítið einkennilegt, að hv. sjálfstæðismenn skuli nú snúast gegn þessu frv., þessari tilraun, sem hér er verið að gera, þar sem þeir hafa þó oft um það rætt og ritað að undanförnu, að eyðslan væri of mikil hjá ríkinu og finna þyrfti ráð til þess að draga úr kostnaði.

Hv. þm. A-Húnv. var að tala um, að það mundi vera tilgangur með þessu frv. fyrst og fremst að bæta við laun ráðuneytisstjóra í fjmrn. og veita einhverjum öðrum stjórnarstuðningsmönnum tekjur með því að skipa þá í þetta eftirlitsstarf. Hann vildi nú sjálfur samkvæmt frv., sem hann bar hér fram, auka lítið eitt við hýru yfirskoðunarmannanna. Það var ekki samþykkt. En ég vil út af þessari aths. hans benda á, að í frv., eins og það nú er, eru engin ákvæði um laun handa þessum eftirlitsmönnum. Hins vegar gerðu hv. sjálfstæðismenn tilraun til þess við 2. umr. málsins að fá það beint sett inn í frv., að Alþ. skyldi ákveða nefndarmönnum laun og þau ættu að greiðast úr ríkissjóði sem annar kostnaður af störfum nefndarinnar. Og þeir tóku ekki þessa till. sína aftur, þó að búið væri að fella till. þeirra um breytingu á skipun n., svo að það eru þeir, sem hafa lagt til og greitt atkv. með, að ráðuneytisstjórinn meðal annarra fái ákveðna borgun fyrir að taka þátt í þessu eftirlitsstarfi.

Ég tel eins og áður enga ástæðu til að gera á frv. breytingar og vil leggja til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mig undraði mjög á ræðu hv. þm. V-Húnv. hér, því að svo gersamlega var hún laus við, að gerð væri nokkur tilraun til að rökstyðja það, að rétt væri að hafa frv. í því formi, sem það er hér. Hins vegar lagði hann mikla áherzlu á að reyna að sýna fram á, að það sýndi fjandskap okkar sjálfstæðismanna við sparnað í ríkisrekstri, að við skyldum leyfa okkur að bera fram brtt. við þetta frv. Raunverulega er þessi fáránlega fullyrðing ekki svaraverð, svo gersamlega er hún út í bláinn, því að allar okkar till. hafa að því miðað að gera þetta frv. að einhverju öðru en einberu pappírsplaggi, eins og það er nú.

Afstaða hv. þm. V-Húnv., sem er jafnframt formaður fjhn., virðist ótvírætt benda til þess, að það sé ætlunin að anza engum lagfæringum á frv., hversu nauðsynlegar sem þær eru, og ætlunin sé að knýja frv. í gegnum þingið nákvæmlega í því formi, sem það er nú og var lagt fyrir þingið. Og það var í rauninni ekki önnur röksemd fundin í ræðu hv. þm. gegn okkar till. en sú, að ef þær yrðu samþykktar, væri hætt við, að frv. yrði ekki samþykkt, m. a. vegna þess, að Ed. hefði ekki viljað fallast á að gera breytingu á skipan þessarar n., sem hér um ræðir.

Þessi fullyrðing hv. þm. V-Húnv. er gersamlega haldlaus, því að hann veit það mætavel, að ef samkomulag gæti um það náðst að breyta

þessu ákvæði frv. og koma því í örlítið skynsamlegra horf og slíkt samkomulag tækist hér í Nd., þá eru engar líkur til þess, að ekki væri hægt að fá því samkomulagi einnig á komið í Ed. En þá stóðu sakir aðeins þannig í þessu máli, að þar var að mæta þvermóðsku hæstv. fjmrh. og stuðningsmanna hans við nokkra lagfæringu á málinu, og það er fram borin hér aftur þessi till. í von um, að það kunni eitthvað að hafa skipazt í betri átt í því efni og ráðh. hafi fengið eitthvað betri skilning á því, að það er ekki sæmandi að þykjast vera að gera ráðstafanir eins og hér er um að ræða, sem vitanlega allir eru efnislega sammála og öll þjóðin telur æskilegt að gerðar verði, en að gera þær í því formi, að það augljóslega skín í gegnum málið allt, að þetta sé gert til þess eins að blekkja og reyna að fá þjóðina til að trúa því, að hér sé verið að gera einhverja stóra hluti, þegar staðreynd málsins er hins vegar sú, að hér er um algeran hégóma að ræða, sem engin áhrif getur haft, ef á að hafa þann losarabrag á þessu, eins og gert er ráð fyrir í frv. Það er vitanlega ekki verið að taka á neinn óeðlilegan hátt vald af neinum ráðh., þó að þetta sé samþykkt, sem hér um ræðir, þegar vegna þess, að það hefur um margra ára skeið verið sérstakt ákvæði í fjárlögum um það, að einum ráðherra er falið það vald að synja öðrum ráðherrum um að fá að fjölga starfsmönnum við þau embætti, sem undir þá heyra. Það er því ekki um að ræða að taka neitt vald af öðrum ráðh. í þessu sambandi. Það er aðeins um það að ræða, að valdið sé lagt í hendur öðrum aðila en hefur haft það. En nú er lagt til, að allur hemill sé af þessu tekinn. Það er nú sparnaðarúrræðið, sem í þessu frv. felst.

Þrátt fyrir orð hv. þm. V-Húnv. vil ég ekki trúa því, að það sé staðfastlega ákvörðun stuðningsliðs ríkisstj. og hæstv. fjmrh. að vilja ekki anza neinum lagfæringum á þessu frv., því að þær till., sem hér eru fram bornar, eru vissulega lágmark þess, sem verður að teljast nauðsynlegt að lagfæra, til þess að eitthvert skynsamlegt útlit sé á þessu frv. eða væntanlegri löggjöf.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 451) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með nokkrum þm. SjálfstfI., sem hér hafa talað, að ég tel, að ef frv. þetta á að ganga óbreytt í gegnum d. í þeirri mynd, sem það er nú, eftir að brtt. okkar hv. 5. þm. Reykv. hafa verið felldar, þá tel ég ekki líkur á því, að það komi að neinu gagni, og mun greiða atkv. gegn frv., nema því aðeins að brtt. þær, sem hv. 2. þm. Eyf. hefur flutt, verði samþ., en þær tel ég til bóta, svo langt sem þær ná. Ég tel ekki líkur á því, að störf þessarar n. komi að meira gagni en störf hinna ótalmörgu sparnaðarnefnda, sem skipaðar hafa verið á undanförnum árum og hafa að vísu flestar verið á allgóðum launum. En enginn sýnilegur árangur, svo að mér sé kunnugt um, hefur orðið af störfum þessara nefnda, og felst ekki í þessu nein ásökun til þeirra manna, sem nefndirnar hafa skipað, því að það munu yfirleitt vera hinir mætustu menn.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var ummæli í ræðu hv. þm. V-Húnv. út af till. okkar hv. 5. þm. Reykv. um laun nefndarmanna. Við gengum út frá því sem gefnu, að ætlazt væri til það mikils starfs af þeirri nefnd, sem hér er um að ræða, að hún yrði launuð. Málið var ekki rætt á öðrum grundvelli í hv. fjhn. En við álítum, að um það væri aðeins deilt, hvort ráðuneytið ætti að ákveða þessi laun eða Alþingi, og töldum þá eðlilegra, að slíkt gerðist fyrir opnum tjöldum og laun nefndarinnar væru ákveðin af Alþingi. En nú mátti í rauninni skilja ummæli hv. þm. V-Húnv. þannig, að það hefði verið hugsun hæstv. ríkisstj. frá upphafi, að nefndin yrði ólaunuð og þetta væri nokkuð, sem komið væri inn frá okkur. Ég vil nú leyfa mér að spyrja þennan hv. þm. og aðra hv. stuðningsmenn stjórnarinnar, sem að þessu frv. standa, hvort þetta er raunverulega ætlunin. Með tilliti til þess, hvaða afgreiðslu málið hefur fengið, með tilliti til þess, að litlar líkur eru á, að störf þessarar nefndar komi að verulegu gagni, þá væri það kannske ekki óeðlilegt, að nefndin sé ólaunuð. Um það mun ég ekki gera neinn ágreining. En væri þá ekki eðlilegt, eins og venja mun, þegar ætlazt er til, að opinberar nefndir séu ólaunaðar, að það sé skýrt tekið fram í lögunum? Ég teldi þá eðlilegt, að um þetta yrði flutt brtt., áður en málið verður afgreitt, til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. En það mun ekki standa á mér að styðja þetta, eins og líklegt er að málið verði nú afgreitt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða miklu meira um þetta fram yfir það, sem orðið er. En varðandi launagreiðslur til nefndarinnar, sem nokkuð hefur borið á góma, þá viljum við sjálfstæðismenn um það efni hafa þann hátt, að það sé sagt í frv., sem við teldum að eðlilegt væri, og samkvæmt till. okkar, ef þær hefðu verið samþykktar, hefði hér verið um að ræða nefnd, sem átti að gegna bæði mikilsverðum og miklum störfum, og því vildum við taka það fram í frv., að þessi nefnd skyldi vera launuð. Hitt er svo annað atriði, að þegar þetta frv. er ekkert orðið nema sýndarmennskan, þá er náttúrlega alveg ástæðulaust að launa hana. En þá er líka betra að taka það alveg fram, og þess vegna vil ég leyfa mér að flytja hérna skriflega brtt., að við 7. gr. frv. bætist, að trúnaðarmenn samkv. 3. gr. skuli ekki taka laun fyrir störf sín samkv. lögum þessum.

Mér þykir vænt um að hafa heyrt það á máli hv. þm. V-Húnv., að hann hefur, eftir því sem næst varð komizt, ekki gert ráð fyrir því, að þessir nefndarmenn yrðu launaðir, og það m. a. vegna þess, að um það er þá ekkert ákveðið í lögunum, og væri þá mjög óeðlilegt, að þeir færu að taka laun úr ríkissjóði, án þess að nokkuð væri ákveðið um það. En þar sem þetta er aðalstuðningsmaður málsins, þá tel ég rétt um þetta atriði, að það sé skýrt kveðið á um það, og leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa

skriflegu brtt. með ósk um, að hún verði borin undir atkvæði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 452) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Út af því, sem fram hefur komið nú síðast í umr., vil ég taka fram, að ég hef ekkert látið uppi um það, að ég teldi það eðlilegt, að þessir eftirlitsmenn væru ólaunaðir, og það er alger rangtúlkun á mínum ummælum að halda því fram, að það hafi falizt í þeim. Ég var aðeins að svara hv. þm. A-Húnv., sem talaði um það, að tilgangur frv. væri sennilega sá einn að veita einum ákveðnum embættismanni ríkisins launaviðbót, og í tilefni af þessum ummælum hv. þm. A-Húnv. benti ég á, að það hefði einmitt verið till. frá flokksbræðrum hans tveim hér í d. að veita honum slíka uppbót. Hins vegar er ekkert um þetta fram tekið í frv., hvernig eigi að fara með launagreiðslur þeirra, eins og ég benti á áður, og ég tel, að það sé engin stæða til þess að taka fram neitt um það í frv., þó að það liggi í augum uppi, að það verði að greiða fyrir þau störf, sem þarna eru unnin, eins og önnur, eftir því hvað þau reynast umsvifamikil. Ég býst við, að allir geri ráð fyrir því.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það var nú náttúrlega ekkert undarlegt við það, þó að hv. þm. V-Húnv. lýsti því hér yfir, sem allir máttu áður vita, að það var til þess ætlazt, að þessi nefnd fengi sín laun. Hann hefur tvisvar sinnum haft orð á því, að ég hefði haldið því fram, að tilgangurinn væri aðallega sá að veita ráðuneytisstjóranum í fjmrn. launaviðbót. En ég tók fram, að það yrði auðvitað jafnt með alla mennina, og ég geri ráð fyrir því eftir þeirri reglu, sem gildir um embættismenn, að það þætti ekki viðeigandi, ef ráðuneytisstjórinn er í þriggja manna nefnd og tveir mennirnir fá laun, að hann fengi þá ekki neitt. Það yrði alveg á móti því, sem algengt er nú í svona starfsemi. Annars virðist mér áhugi hv. þm. V-Húnv. fyrir þessu máli benda mjög til þess, að hann ætli sér að verða einn af þessum nefndarmönnum væntanlegu.

Hv. 2. þm. Eyf. hefur sýnt fram á það með rökum, hvílíkt sýndarmál og hve þýðingarlaust málið er í raun og veru. En það er auðséð, til hvers það er ætlað. Það er ætlað til þess að blekkja landslýðinn, að nú hafi verið samþykkt frv., það hafi verið samþykkt lög um að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins. Samtímis því, sem það er orðið kunnugt allri þjóðinni, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur á tveimur árum hækkað útgjöldin um nokkur hundruð milljóna og ætlar að bæta næstu daga töluvert ríflegri fúlgu þar við, þá á að auglýsa það fyrir landslýðnum: Jú, það hefur verið samþykkt frv., sem ber það heiti að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins. En í frv. sjálfu er það augljóst, að það er sýndarmál eitt. Og svo á það að notast sem árásarefni á okkur sjálfstæðismenn, að við höfum verið á móti þessu frv., af því að það er búið að drepa fyrir okkur eða vísa til ríkisstj. frv., sem allur flokkurinn stóð að og ég var flm. að um miklu víðtækari og þýðingarmeiri ráðstafanir, eða frv., sem gat haft verulega þýðingu í þessa átt.

Þessi blekkingahugsun er ekki ný. Hún er algeng, og hún minnir mig ákaflega á eitt atriði, sem ég sá nýlega í blaði hæstv. fjmrh. og framsóknarmanna. Þar var því yfir lýst eins og einhverri dýrð. Á tveimur árum hefði ríkisstj. tekizt að fá lán upp á 418 millj., sem sagt bæta því við erlendar skuldir, og því var hnýtt aftan við, að hæstv. fjmrh. hafi lagt á það áherzlu, eftir að hann var búinn að upplýsa þetta, að nú yrði að fara að fara varlega í að taka enn þá meiri lán en þegar væri búið. Og flest þessi lán cru með þeim skilmálum, að það þurfi ekki að borga af þeim afborganir fyrr en eftir tvö ár, sem mun vera við það miðað, að þá hljóti þó þessi hæstv. ríkisstj. að vera farin frá.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 87., 89. og 91. fundi í Nd., 5., 8. og 12. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 106. fundi í Nd., 27. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 451,1 felld með 18:8 atkv.
— 451,2 felld með 17:10 atkv.
— 452 felld með 15:10 atkv.
Frv. samþ. með 17:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

---

29. Útflutningssjóður o. fl. (heildarlög).

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um útflutningssjóð o. fl. [186. mál] (stjfrv., A. 492).

Á 95. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að ýmsir telji, að allmikill dráttur hafi orðið á því að leggja fram tillögur í efnahagsmálunum. En ég fullyrði það, að þeir, sem rannsaka gerst það ástand, sem hefur verið í efnahagsmálunum á Íslandi í allmörg undanfarin ár, munu skilja, að það þarf margt að athuga og mörg tillit að taka, svo víða sem þær ráðstafanir, sem gera þarf, hljóta að koma við.

Hv. stjórnarandstaða hefur fengið frv. til athugunar fyrir helgi ásamt grg. og átt aðgang að upplýsingum hjá þeim sérfræðingi, sem aðallega hefur rannsakað þessi mál og átt mikinn þátt í að ganga frá frv., eins og það liggur fyrir, að sjálfsögðu að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar.

Ég ætla ekki að ræða aðallega það efni, sem tekið er til meðferðar í grg., minnist á það stuttlega í lok ræðu minnar, það er óþarft að rekja það öllu meir en þar er gert, en ég ætla að minnast með nokkrum almennum orðum á dýrtíðar- og atvinnumálin.

Það er raunverulega tvennt í íslenzku fjármálalífi, sem hefur haft djúptækari áhrif og átt meiri þátt í að koma því úr skorðum en flest eða allt annað, og það hefur kannske verið vitað áður, en það hefur sú rannsókn, sem núna hefur farið fram, leitt fullkomlega í ljós, og það er sjálfkrafa breyting á verðlagi og kaupgjaldi í kjölfar framfærsluvísitölunnar — og enn fremur, að útflutningsframleiðslan var þannig komin á vonarvöl 1946, að hún var raunverulega meira og minna gjaldþrota og það varð að taka töpin á ríkið, eins og ákveðið var þá og í sívaxandi mæli síðan raunverulega samkv. vísitöluhækkun.

Við Íslendingar munum vera eina þjóðin eða ein af sárafáum, sem sett hafa þá reglu að láta kaupgjald, vöruverð og þjónustu hækka á víxl sjálfrátt í samræmi við framfærsluvísitölu. Og það hefur verið upplýst við þá rannsókn, sem hefur farið fram, eins og er stuttlega minnzt á í grg. fyrir frv., að í efnahagsmálum okkar er þessi vísitöluregla sjálfhreyfivél, sem hlýtur að halda áfram að hafa sínar verkanir með þeim afleiðingum, sem fyrirsjáanlegar eru, nema með því móti, að þessari reglu verði í verulegum atriðum breytt.

Það er enginn efi á því, að það er mál, sem hlýtur að koma til athugunar, að binda vísitöluna að verulegu leyti við þjóðartekjurnar og aukningu þeirra á hverjum tíma. Ég ætla að minnast örlítið nánar á þessa vísitölureglu. Það er vitað mál, að hún var hugsuð í byrjun sem trygging fyrir láglaunastéttir og litið á hana þannig í upphafi og beinlínis til þess tekin upp. En við athugun á þessu máli munu ýmsar láglaunastéttir þegar eða sumir úr láglaunastéttunum vera komnir að þeirri niðurstöðu, sem er raunverulega augljós, að vísitalan getur verkað sem hefting á kjarabætur láglaunafólks, vegna þess að samkvæmt vísitölureglunni dreifast þjóðartekjurnar samstundis til allra þegna þjóðfélagsins, og meðan láglaunamaðurinn fær einhverja ákveðna upphæð, fær hálaunamaðurinn tvisvar sinnum til þrisvar sinnum hærri fjárhæð, eins og liggur í augum uppi og þarf ekki að skýra fyrir þeim, sem hér hlusta á mál mitt.

Það er eftirtektarvert í þessum rannsóknum, að það kemur í ljós, sem raunar hefur legið í verulegum atriðum fyrir áður, að vísitöluverkunin er að mestu leyti innlendur tilbúningur. Fróðustu menn, sem starfað hafa við rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið undanfarið, hafa sýnt fram á það, að 80%, eða nánar tiltekið 79% af þeim vörum og þjónustu, sem hækka vísitöluna, séu innlendar vörur og þjónusta. En um leið eða rétt eftir að kaup hækkar samkvæmt vísitölu, hækka þessir liðir, sumir þegar, en flestir stuttu á eftir, og nú, þegar styrkja þarf útflutninginn eins og raun er á og í jafnvíðtækum mæli og orðið er, þá er bersýnilegt, eins og þetta frv. ber raunar með sér, að þær álögur færast meir og meir yfir á innfluttar nauðsynjavörur, þ. e. vísitöluvörur, og þess vegna hækka þær vörur einnig. Þannig étur þetta sig upp og síðan koll af kolli.

Það er eftirtektarvert í þessu sambandi, að 1956, þegar fallið var frá 6 vísitölustigum, þá var það reiknað út, að ef þessi 6 vísitölustig hefðu verið tekin, þ. e. vísitalan hækkað, þá hefði það étið sig upp fyrir launþega næstum alveg á næstu mánuðum.

Þessi vísitöluregla hefur valdið því, að það hefur verið raunverulegt kapphlaup við vísitöluna um allar framkvæmdir í landinu og valdið ofþenslu. Og við vitum allir, hvaða áhrif það hefur haft. Það hefur einnig haft áhrif í þá átt að hækka stöðugt lögboðin útgjöld ríkissjóðs og enn fremur þau áhrif, að útflutningsuppbæturnar hafa stöðugt farið hækkandi síðan 1946. Samkvæmt þessu er augljóst, að dýrtíðarskrúfan hlýtur að halda áfram, nema hún sé stöðvuð með breytingu á verkun vísitölunnar, hvaða stefna sem að öðru leyti er tekin í dýrtíðarmálunum.

Eins og rakið er í grg. frv., stóðust ekki áætlanir um tekjur útflutningssjóðs og ríkissjóðs fyrir árið 1957. Ástæðurnar eru raktar í grg., og þær eru fyrst og fremst aflabrestur og þar af leiðandi minni gjaldeyristekjur en 1956, mikil fjárfesting og mikill innflutningur sumra fjárfestingarvara, meiri en 1956, og þá um leið samdráttur á innflutningi þeirra vara, sem eru hæst tollaðar.

Þegar litið er á árið 1958, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að innflutningur verði meiri en árið 1957, og lögboðin gjöld ríkissjóðs jukust samkvæmt vísitölureglunni og hækkun uppbóta fyrir útflutninginn vegna aflabrests og hækkaðs kaups til sjómanna. Þegar litið er á þessar staðreyndir, er spurningin, hvernig á að snúast við þessum vanda. Það hafa sumir haldið því fram, að það væri hægt að fara hina svokölluðu stöðvunarleið og halda henni áfram með árangri. Þetta er auðvitað alger misskilningur, og er ekki vandgert að finna þeim rökum stað.

Uppbótakerfið hefur þau einkenni, að það er í sjálfu sér mjög auðvelt að framkvæma það í byrjun. Það er vitanlega ákaflega auðvelt að framkvæma uppbótakerfi, meðan upphæðirnar, sem borgaðar eru með útflutningnum, eru ekki hærri en svo, að hægt er að taka það svo að segja eingöngu af ónauðsynlegri vöru með álögum, sem ekki hafa áhrif á vísitöluna og ekki hafa bein áhrif á kjör almennings. Þannig var þetta í fyrstu, en eftir því sem kerfið stækkar og eftir því sem uppbæturnar verða meiri fjárhæð, eftir því verður erfiðara og seinast óframkvæmanlegt að leggja þessar byrðar á ónauðsynlegri vörur, heldur á vörurnar yfirleitt.

Það er alveg auðsætt t. d. af reynslunni fyrir árið 1957. Það má ef til vill segja, að það hefði verið hægt að hafa minni fjárfestingu og flytja inn minna af fjárfestingarvöru. En við það hefðu þó ekki sparazt ýkja miklar upphæðir erlends gjaldeyris. Við verðum að flytja inn visst magn af fjárfestingarvöru á hverju ári, ef framkvæmdir eiga ekki að stöðvast og hér á að skapast atvinnuleysi. Við verðum að flytja inn rekstrarvörur, ekki komumst við hjá því, og við verðum að flytja inn lífsnauðsynjar almennings. Allt þetta þarf svo að segja vissa fjárhæð af gjaldeyri, og vegna þess, hve uppbótakerfið er orðið fjárfrekt, reyndist það svo 1957 og bersýnilega það sama og ekki síður

1958, að það er útilokað að taka þessar tekjur af hátollavörunum, minna nauðsynlegu vörunum, enda sýndi það sig 1957, að ekki var hægt að flytja inn nema um það bil helming af hátollavörum samanborið við 1956, vegna þess að við gátum vitanlega ekki komizt hjá að flytja inn þær vörur, sem ég nefndi áðan, fjárfestingarvörur, vörur til rekstrar, vörur til lífsnauðsynja.

Það er óhætt að fullyrða það, að af sérfræðingunum hefur verið leitað með öllum ráðum eftir því, hvernig væri hægt að láta sem mest af þunganum hvíla á ónauðsynlegri vörunum og taka innflutningsgjöldin sem mest þar, og lengra hefur ekki verið komizt í því en raun ber vitni. Hinar tekjurnar verður að taka með þeim hætti, sem ráð er gert fyrir í frv. og hlýtur að hafa í för með sér nokkra aukningu á dýrtíð.

Nú er spurningin: Hvernig átti að snúast við þessum vanda, sem ég hef nú lýst og við blasti? Það eru vitanlega margir, sem óskuðu eftir því, að nú væri gripið til varanlegra úrræða eða „þennastriks," sem stundum hafa verið orðuð og ýmsum eignuð, og sjálfsagt væri það gott og blessað, ef það væri hægt að fara slíkar leiðir í einu stökki.

Fyrsta hugsanlega leiðin og sú leið, sem farin er víða, þar sem svipað er ástatt og hér, er breytt gengi krónunnar, — að breyta skráðu gengi krónunnar, eins og oft og lengi hefur verið talað um og rök færð fyrir bæði með og móti, og miða við þarfir útflutningsins. Þetta virðist í sjálfu sér vera ákaflega einfalt, þegar litið er á það þannig, að eingöngu er reiknað út frá því, hvað útflutningurinn þarf margar krónur fyrir hverja tegund erlends gjaldeyris til þess að geta borið sig og komizt á rekstrarhæfan grundvöll, eins og var, áður en ólánið skall yfir 1946, að taka varð ríkisábyrgð á töpunum. En gallinn á þessu fyrirkomulagi er sá, að framleiðslan fær ekki nægilega margar krónur nema í bráðina. Og þó að allir, sem vildu taka þessa leið til athugunar, séu því fylgjandi að leggja sérstaklega há innflutningsgjöld á minna nauðsynlegar vörur, sem lengi hafa verið hátollaðar, og nota tekjurnar til þess að greiða niður lífsnauðsynjar, innlendar og erlendar, þá verður af nægilegri gengisbreytingu slík vísitölubreyting, að stéttasamtökin vilja ekki una því að taka slíkt á sig, falla frá vísitölunni. En um leið og því er neitað, leiðir það af sjálfu sér og er auðreiknað dæmi fyrir hvern og einn, að það er örstutt yfir í nýja gengisbreytingu, ef framleiðslan á að fá sitt. Þannig er það og verður, meðan vísitöluspólan heldur áfram að vinna með sinni sjálfhreyfivél.

Það er auðsætt mál, að þessi leið kostar almenning í landinu nokkru meir en sú leið, sem hér er farin. Hér í þessu frumvarpi er gerður munur á því, hver framleiðslan er, sem uppbæta á, og það er náttúrlega gefin leið, að með því að gert er ráð fyrir að borga um 80% á bátafisk og togarafisk, 70% á Faxasíld og 50% á hval og norðlenzka síld, sparast nokkur fjárhæð í útflutningsuppbótum, og af því leiðir, að álögur verða um skeið nokkru minni. Þessi leið var ekki farin af þeim ástæðum, sem ég hef rakið, og þegar af þeirri ástæðu einnig, að ríkisstj. hefur heitið því í upphafi og álítur það farsælustu vinnubrögðin að hafa samband og samvinnu við stéttasamtökin, en Alþýðusamband Íslands hafði lýst því yfir á síðasta Alþýðusambandsþingi, að það væri mótfallið gengisbreytingarleiðinni.

Sú leið, sem einnig hefur komið til athugunar og sérfræðingarnir hafa bent á, er svokölluð jöfnunarleið. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessa leið hér að ráði, því að hún er raunverulega annað form fyrir gengisbreytingu. Þessi leið verður eins og venjuleg gengisbreyting nokkru dýrari fyrir almenning, vegna þess að það eru borgaðar sömu uppbætur á alla útflutningsframleiðslu.

Leiðin, sem hefur verið valin, var hvorug þessara leiða, eins og vitað er, heldur sú, sem hér liggur fyrir. Og eins og segir í grg. frv., þá miðar það að þrennu: að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins, að jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarbúinu gjaldeyris, frá því, sem verið hefur, og gera framkvæmd nauðsynlegs stuðnings við þær einfaldari og í þriðja lagi að draga úr misræmi í verðlagi, sem skapazt hefur innanlands undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis.

Ég fer hér stutt yfir sögu, vegna þess að þessi atriði eru rakin ýtarlega í frv. Það er gert ráð fyrir því í frv., að allur atvinnurekstur, er aflar gjaldeyris, fái útflutnings- og yfirfærslubætur, í annan stað skal upphæð bóta á útfluttar vörur verða, eins og ég hef þegar getið um, 50, 70 og 80%. Í annan stað er ákveðið, að greiddar verði 55% yfirfærslubætur á gjaldeyristekjur vegna annars en útflutnings, svo sem tekjur af siglingum, flugsamgöngum, ferðaþjónustu o. fl. Þessir bótaflokkar koma í stað núverandi bótakerfis. Vinnslubótum á smáfiski o. fl. er nú haldið áfram. Greiddar verða nú útflutningsbætur á útfluttar afurðir, sem engar bætur hafa fengið til þessa, og eins og ég sagði áðan á gjaldeyristekjur af öðru en útflutningi. Það er í samræmi við meginreglu þá, sem frv. felur í sér, að greiddar skuli bætur á keyptan gjaldeyri, að frv. gerir ráð fyrir, að yfirfærslugjald sé á allan seldan gjaldeyri. Í stað þeirra yfirfærslugjalda, sem bankarnir og tollayfirvöldin innheimta af mestum hluta innflutnings og af duldum greiðslum, koma 30 og 55% yfirfærslugjald í bönkum á öllum yfirfærslum og innflutningsgjöld hækkuð á ýmsum hátollavörum, og innheimta tollyfirvöldin þau gjöld. Eins og frv. ber með sér, er almenna yfirfærslugjaldið jafnhátt yfirfærslubótunum, þ. e. a. s. 55%. Þessi breyting er vitanlega veruleg frá því, sem áður hefur verið, og af þeim ástæðum, sem ég hef rakið að nokkru. Af rekstrarvörum er nú ekki tekið yfirfærslugjald og innflutningsgjald, en í stað þess eru útflutningsuppbætur nú lægri en þær verða. Til þeirrar breytingar, sem verður á þessum gjöldum, er tekið tillit með hækkandi útflutningsuppbótum.

Það má fullyrða, að þetta hefur í för með sér

ýmsa kosti. Verðlag á erlendri rekstrarvöru og tækjum samræmist verðlagi annarrar erlendrar vöru og verðlaginu innanlands, og það er vafalítið, að þetta hefur þau áhrif, að meiri sparnaður verður sýndur í notkun þessara vara en verið hefur til þessa.

Frv. er allt við það miðað, að það íþyngi almenningi eins lítið og frekast er unnt. Útflutningsuppbæturnar eru, eins og ég hef getið um áður, misjafnar, og þar af leiðandi sparast, eftir því sem hægt er, álögur á innflutninginn. Ekki er tekið nema 30% af nauðsynjavöru, sem er einnig gert til þess að íþyngja almenningi sem minnst, og til jafnvægis er sérstakt gjald tekið á vissa vöruflokka, eins og ég gat um áðan. Það er gert ráð fyrir 5% kauphækkun, sem samsvarar 9 vísitölustigum, og í frv. er gert ráð fyrir, að kaupgjaldsvísitalan 183 stig haldist óbreytt, þangað til eftir að þessi 9 stig hafa komið til sögunnar.

Það er gert ráð fyrir því og minnzt á það í frv., að ekki muni verða meiri hækkun fram á haustið en þessi 9 vísitölustig. En vitað mál er það, að Stéttarsamband bænda, Alþýðusamband Íslands og Samband starfsmanna ríkis og bæja koma saman í haust og hljóta þá að taka sínar ákvarðanir um það, hvernig þau snúast við vísitöluspursmálinu, hvort þau sjá sér hag í því að setja vísitöluspóluna aftur í gang eða ekki. Það er vitanlega þeirra mál og verður reiknað út frá þeirra hagsmunum og vonandi út frá heill þjóðarinnar um leið.

Um frv. vil ég segja þetta og spyrja: Er hægt að bæta útflutningsframleiðslunni minna en gert er í þessu frv? Og það er raunverulega sú spurning, sem er meginkjarni þessa máls. Er hægt að bæta útflutningsframleiðslunni minna, án þess að hún stöðvist? En allir erum við áreiðanlega sammála um það, að hjá stöðvun verður að komast. Ef hægt er að benda á það, að eitthvað sé hægt að spara í þessu, þá er vitanlega sjálfsagt að taka það til athugunar, en ég held, að það sé þegar svo þaulrannsakað, að mér þykir ekki líklegt, að það komi fram kröfur eða ábendingar um það atriði. En ef ekki er hægt að bæta útflutningsframleiðslunni minna en gert er í þessu frv., þá er heldur ekki hægt að hafa álögurnar minni, þá er heldur ekki hægt að taka minna. En ef hvort tveggja þetta er viðurkenndar staðreyndir, að framleiðslan geti ekki fengið minna og þess vegna sé ekki hægt að taka minna, þá er spurningin um það, hvernig hægt sé að taka þessar millifærslur þannig, að þær komi minna við almenning en gert er ráð fyrir í þessu frv. Þetta eru raunverulega þrjú höfuðatriði málsins, sem umræður hljóta að verulegu leyti að snúast um.

Ég sagði hér í upphafi máls míns, að þetta væri hvorki pennastrik né varanleg úrræði, en ég álít, að þetta frv. sé mjög stórt spor, mjög stór áfangi í rétta átt. Það sýnir sig á næstunni, hvort stéttasamtökin telja það samræmast hag sínum að stíga næsta skrefið áfram, fara nýjan áfanga eða jafnvel taka skrefið út til fulls eða stanza hér. En skv. þeim rökum, sem ég hef hér fært fram, er auðvitað augljóst og skylt að segja það eins og er, að það getur ekki haft nema þær afleiðingar að dýrtíðarskrúfan haldi áfram, ef vísitölufyrirkomulaginu er ekki breytt. Varanleg lausn hefur alltaf verið í mínum augum fullur skilningur stéttasamtakanna á efnahagskerfinu öllu og samvinna og tiltrú milli ríkisstj. og stéttasamtakanna um lausn málsins í samræmi við þeirra hag, í samræmi við almannahag. Þetta er raunverulega og hefur alltaf verið í mínum augum hin varanlega lausn, því að ég á ákaflega erfitt með að skilja það, að nokkur, sem gerir sér fulla grein fyrir efnahagskerfinu, eins og það er nú með vísitöluspólunni sem sjálfvirkri hreyfivél, geti, ef hann skilur þetta niður í kjölinn, dregið af því nema eina ályktun, og sú ályktun er, að stöðvun á dýrtíðinni er raunverulega allra hagur, þegar litið er á málið út frá réttum rökum og réttum skilningi. Það er ekkert óeðlilegt, svo margt hefur það verið, sem rannsaka hefur þurft í þessum efnahagsmálum, þó að þessi skilningur sé ekki til staðar, og á það sjálfsagt nokkuð í land.

Það hefur verið oft minnzt á það af andstæðingum mínum, að ég hafi lofað, að úttekt á þjóðarbúinu skyldi fara fram og birta skyldi um það skýrslur. Það hefur að vísu verið svo, að fjölmennar nefndir frá þeim stéttum, sem ríkisstj. hefur fyrst og fremst samið við, hafa fengið aðgang að þeim skýrslum, sem samdar hafa verið og sýna niðurstöður af ýmsum aðgerðum á þeirra hag. En vitanlega er þetta ekki nægileg vitneskja og nægileg fræðsla. En ég sakna þess ekki, eftir að rannsóknin hefur farið fram í vetur, þó að ekki hafi verið birtar skýrslur um þessi mál, fyrr en það verður gert nú. Eins og við vitum, eru til skýrslur frá hagfræðingunum fjórum frá árinu 1955, og þær eru sjálfsagt að ýmsu leyti vel gerðar. En það hefur komið í ljós, að það eru ýmis atriði þar, sem ekki hafa verið tekin til athugunar á þeim stutta tíma, sem sú n. hafði til þess að vinna sitt verk. Sama má segja um skýrslu þess hagfræðings, sem kom hér frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að sú skýrsla er á mjög takmörkuðu sviði. Nú get ég skýrt frá því, að öllum þessum gögnum hefur verið safnað saman ásamt skýrslum, sem hafa verið gerðar eftir athugun s. l. ár, og úr þeim verður unnið. Ég geri ráð fyrir því, að hv. andstæðingar hafi, eins og þeir hafa látið liggja orð að, álitið, að ég mundi reyna að láta gefa út þessar skýrslur þannig, að þær fengju þann rétta pólitíska blæ. Mér hefur aldrei dottið í hug að gefa skýrslurnar út á þann hátt. Ef gagn á að verða að þessum skýrslum, þá verða þær að vera algerlega hlutlægar, því að með öðru móti verða þær ekki að gagni. Og ég hef nú fyrir alllöngu tryggt mér til þess vinnu þess manns, sem líklegastur er til þess að geta gefið þessar skýrslur út á hlutlausan og hlutlægan hátt og þannig, að gagn mætti að því verða. En hann hefur ekki getað unnið að því, vegna þess að hann hefur hvern einasta dag verið önnum kafinn við þær rannsóknir, sem farið hafa fram fyrir ríkisstj. En hann mun leita eftir samþykki hjá fjórmenningunum, hagfræðingunum fjórum, um birtingu skýrslunnar frá 1955, enn fremur samþykkis þess hagfræðings, sem kom hér frá

Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, til að birta skýrslu hans.

Það er skoðun mín, eins og ég hef þegar sett hér fram, að glögg og hlutlæg fræðsla um efnahagsmálin og vitneskja og skilningur almennings á því, hvar við stöndum og hvað er að, sé eina leiðin til þess að leysa þessi mál. Það getur vel verið, að það eigi nokkuð í land. Eins og ég sagði áðan, hefur verið stiginn hér stór áfangi, og það er von okkar, sem stöndum að þessu frv., hvort sem sú von rætist eða ekki, að með skilningi verði hægt að stíga næsta áfanga, hvort sem sporið verður stigið þá til fulls eða ekki, en það byggist fyrst og fremst á því, hvernig þær stéttir, sem ríkisstj. hefur heitið og vill hafa samstarf við, taka þessum málum, og það er byggt á þeim rökum, sem ég hef þegar sett fram í ræðu minni hér að framan og þarf ekki að endurtaka hér í lok minnar ræðu.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt, þegar efnahagsmálin eru nú tekin hér til umræðu í sambandi við þetta frv., þó að upp séu rifjuð nokkur þýðingarmestu atriðin frá liðnum árum og mánuðum varðandi gang efnahagsmálanna og þá reynt að gera upp fyrir sér, hvernig staðan hefur verið í hvert eitt skipti, þegar glímt hefur verið við þessi mál hér á Alþingi, og hvernig staðan er í aðalatriðum nú, sú sem nú er við að glíma.

Þegar lögin um útflutningssjóð voru sett í árslok 1956, var þannig ástatt, eins og menn muna eftir, að það kerfi, sem þá hafði verið í gildi um hríð, bátagjaldeyriskerfið til stuðnings útflutningsframleiðslunni, var gersamlega komið í þrot. Þá stóðu málin þannig, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett, að bátagjaldeyriskerfið var raunverulega orðið einu ári á eftir tímanum með sínar greiðslur til sjávarútvegsins, eða það kerfi skuldaði þá útvegsmönnum um eitt hundrað og tugi millj. króna. Þó var það svo, að staðan um áramótin, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett, hefði þó orðið enn þá verri en hún raunverulega varð, hefði sú ríkisstj., sem þá tók við völdum á árinu 1956, ekki gripið til þess, sem kunnugt er, að binda allt verðlag í landinu fast frá ágústmánuði til ársloka og takast með þeim hætti að stöðva vísitöluna og þar með kauphækkanir í landinu við 186 vísitölustig framfærslukostnaðar, í stað þess að hún hefði farið yfir 200 stig um áramótin, ef allt hefði verið látið leika lausum hala. En vegna þess að á árinu 1956 höfðu verið hér mjög miklar almennar verðhækkanir og einnig seinni hluta ársins 1955, þannig að á rösklega 12 mánaða tímabili hafði vísitalan hækkað um 25 stig og kaup auðvitað í samræmi við það, þá stóðu málin einnig þannig, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett í árslok 1956, að til viðbótar við það að afla fjár til þess að borga þær skuldir, sem saman höfðu safnazt, þurfti nú að mæta nýjum stórauknum kröfum frá útflutningsframleiðslunni. Þannig stóðu þessi mál í árslok 1956, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett.

Því var að sjálfsögðu haldið fram, þegar þau lög voru sett, að í kjölfar þeirra mundi renna gífurleg verðhækkun, því að hér væru lagðar óbærilegar álögur á landsmenn. Það var ekkert um það að villast, að það þurfti að afla allmikils fjár. En það var reynt að koma því þannig fyrir, að verðlag hækkaði sem minnst, a. m. k. á þeim vöruflokkum, sem mest skipti hinn almenna launþega í landinu. Og með þessu setti ríkisstj. sér það að reyna að hamla gegn hækkandi verðlagi, eins og tök voru á. Það var gert með því m. a. að setja á fót allstrangt verðlagseftirlit og ákveða þá í byrjun mjög verulega lækkun á álagningu bæði í heildsölu og smásölu. Og fleiri ráðstafanir voru gerðar, sem allar miðuðu að því að reyna að hamla gegn hækkandi verðlagi og reyna helzt að fóta sig þannig, að stöðvun yrði á verðlagshækkununum í landinu. Þannig var mörkuð stöðvunarstefnan, sem reynt var að fylgja eftir, eins og tök voru á.

Það hefur margt verið sagt um þessa stöðvunarstefnu, sem ríkisstj. reyndi í lengstu lög að halda við. Það hefur jöfnum höndum verið reynt að halda því fram, að hún hafi ekki komið að neinu gagni og að óhjákvæmilegt væri að gefa hana upp á bátinn. Staðreyndir sýna það, að frá því í ágúst 1956 og fram í aprílmánuð nú 1958 hafði kaupgjaldsvísitala hækkað um 5 stig. Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að hér sé ekki öll sagan sögð með því, að hin opinbera vísitala hafi hækkað um 5 stig, því að niðurgreiðslur hafi aukizt verulega á þessu tímabili og þannig hafi hluti af verðlagshækkuninni verið falinn. Ég fékk fyrir stuttu upplýsingar frá hagstofunni um það, hvernig þessu væri varið, og nákvæma sundurliðun á því. Frá 1. okt. 1956, eða sem sagt eftir að núverandi ríkisstj. gerði þær ráðstafanir, sem stöðvunarstefnan var byggð á, og fram að þeim tíma, sem hagstofan svaraði mér, eða 25. marz nú í ár, eða eftir rösklega 18 mánaða tímabil, þá höfðu niðurgreiðslur aukizt um 5.21 stig. Og af þessari aukningu er um að ræða hækkun á landbúnaðarvörum frá s. l. hausti upp á 4 stig, önnur niðurgreiðsluaukning var aðeins 1.21 stig. Það er því ekki rétt, þegar því hefur verið haldið fram, að hér hafi farið fram mjög veruleg aukning á niðurgreiðslum og þannig hafi verið falin sú verðhækkun, sem átt hefur sér stað. Hún hefur verið tiltölulega lítil.

Hækkunin á verðlagningu landbúnaðarafurða á s. l. hausti var með nokkuð sérstökum hætti. Að réttu lagi, skv. réttum vísitöluútreikningi, átti verðlagið aðeins að verka á vísitöluna um eitt stig, en verkaði á vísitöluna um nærri 4 stig, vegna þess að fulltrúar bænda fóru fram á það að fá nokkra aukahækkun, vegna þess að þeir töldu, að á undanförnum árum hefði þeirra hagur verið fyrir borð borinn og þeir hefðu ekki fengið það, sem þeim bar skv. sex manna nefndar áliti, og fóru nú fram á viðaukabætur við það, sem bein vísitala hreyfði verðlag þeirra um, sem nam um 3 stigum, og var það vitanlega málefni alveg út af fyrir sig.

Það má því segja, að raunverulega hafi tekizt þannig til á tæpum tveimur árum, að raunverulega hafi bein vísitöluhækkun, þar með taldar auknar niðurgreiðslur, ekki numið nema um 7 stigum, og sú hækkun er sízt meiri hér á landi

á þessu tímabili en í flestum nálægum löndum. Í flestum nálægum löndum hefur kaupgjaldsvísitala eða framfærsluvísitala hækkað fyllilega eins mikið á þessu sama tímabili. En við höfum á þessum tíma, sem stöðvunarstefnan hefur verið reynd, sannarlega haft við ýmsa erfiðleika að glíma. Á þessu tímabili skullu yfir áhrif Súez-stríðsins, sem leiddu óhjákvæmilega af sér mjög verulegar verðhækkanir á ýmsum vörum, þar sem fragtir stórhækkuðu, en verðlag hér í landi er einmitt mjög háð eða bundið fragtatöxtum vegna hinna miklu aðflutninga til landsins. Og þær verðhækkanir hlutu vitanlega að koma fram í verðlagi hér, og það er nákvæmlega sama, hvaða stefna hefði verið ríkjandi hér í okkar efnahagsmálum, við hefðum aldrei getað komizt undan því að taka á okkur einhverja verðhækkun af þessum ástæðum.

En það voru ekki aðeins utanaðkomandi ástæður, sem hér gripu inn í, heldur var það einnig svo, að innanlands var miskunnarlaust unnið að því að brjóta niður þessa tilraun ríkisstj. til þess að halda verðlagi kyrru í landinu. Stærsti stjórnmálaflokkurinn í landinu, stjórnarandstöðuflokkurinn, gerði blátt áfram allt, sem í hans valdi stóð, allan þennan tíma til þess að reyna að brjóta niður þessa stefnu. Hann talaði opinskátt um það í blöðum sínum, að eðlilegt væri og sanngjarnt, að stéttafélög segðu upp samningum sínum og heimtuðu hækkað kaup, og skipulagði slíkar kauphækkanir í ýmsum tilfellum, m. a. hjá launahæstu stéttunum í landinu, og má þar nefna bæði flugmenn og farmenn og fleiri. Í ýmsum tilfellum tókst vitanlega að koma þessu fram til óþurftar fyrir stöðvunarstefnuna. Fjölmenn stéttasamtök, eins og t. d. samtök iðnverkafólks hér í Reykjavík, fengu tiltölulega greiðlega vegna þess áróðurs, sem stjórnarandstaðan hélt hér uppi, þvert ofan í það, sem verkalýðssamtökin almennt settu sér á þessu tímabili, þó nokkra kauphækkun, en þessi kauphækkun verkaði mjög verulega á verðlagningu í landinu, enda var síðan óspart hamrað á því við verðlagseftirlitið, að óhjákvæmilegt væri að verða við beiðnum iðnrekenda um hækkanir á hvers kyns vöruverði, m. a. vegna kauphækkunar þeirrar, sem þeir hefðu samþykkt, og það meira að segja rökstutt í bréfum til verðlagsyfirvaldanna hvað eftir annað.

Þá linnti að sjálfsögðu ekki látum, m. a. hjá stjórnarandstöðunni, að krefjast þess, að verzlunarálagning yrði hækkuð, því að of naumt hefði þar verið skorið, og auðvitað varð að láta þar undan í einstaka tilfellum. Við þetta bættist svo sá mikli áróður, að sú stefna, sem upp var tekin með setningu laga um útflutningssjóð að haga innheimtunni á óhjákvæmilegri tekjuöflun þannig, að ákveðnir vöruflokkar yrðu þar að standa undir meiri álögum en aðrir vöruflokkar, — þá var því miskunnarlaust haldið fram, að með þessu væri verið að falsa vísitöluna og reyna að koma fram kjaraskerðingu hjá verkafólki í landinu. Og auðvitað hefur þessi áróður haft nokkuð að segja. Þannig hefur vitanlega öllum verið ljóst, að það hefur sífellt orðið hæpnara og hæpnara, að hægt yrði að standa áfram á því að halda hér svo til föstu verðlagi, og mátti því fyllilega búast við því, að hér yrði eitthvað undan að láta. Það er eigi að síður skoðun mín, að sú stefna, sem hér var reynt að halda uppi þetta tímabil, sé sú, sem er í eðli sínu réttust og eðlilegust, og það muni koma að því, áður en langt um líður, að reynt verður að standa gegn hinni ríku tilhneigingu, sem hér er í landinu til þess að skrúfa verðlagið upp sífellt, því að þeir eru orðnir margir í þessu landi, sem hafa beinlínis hagsmuni af því að hækka verðlagið frá ári til árs. En slíkt verður alltaf skammgóður vermir og getur ekki bjargað til frambúðar.

En hvernig var svo staðan nú í árslok hjá framleiðsluatvinnuvegunum, eftir að lögin um útflutningssjóð höfðu staðið um eins árs bil? Jú, staðan var þannig, að það kom fram nokkur rekstrarhalli hjá útflutningssjóði, eða talið er, að rekstrarhallinn hafi numið um 34 millj. kr. Og það kom einnig fram nokkur rekstrarhalli hjá ríkissjóði, sem talið er að nemi um 45 millj. kr. Það, sem gerzt hafði á árinu, var það, að verulegur aflabrestur hafði orðið. Afli í aðalverstöðvum landsins hafði brugðizt mjög mikið. Gjaldeyristekjur þjóðarinnar urðu minni, við höfðum úr minna að spila en áður, og það hlaut vitanlega að segja til sín. Það kom m. a. fram í því, að þeir vöruflokkar, sem mest áttu að gefa í tekjur bæði fyrir útflutningssjóð og eins fyrir ríkissjóð, hátollavöruflokkarnir, höfðu verið skornir mjög verulega niður í innflutningi, eða þveröfugt við það, sem stjórnarandstaðan í blöðum sínum hafði verið að halda fram allt árið, að lögð væri sérstök áherzla á það að flytja eingöngu inn lúxusvörur og nú væri mönnum neitað um að flytja inn hinar nauðsynlegu vörur, til þess að hægt væri að halda uppi lúxusvöruinnflutningi. En hátollavörurnar voru lækkaðar í innflutningi um rösklega 31% frá árinu á undan, eða síðasta árið, sem Sjálfstfl. var við stjórn.

Innflutningurinn féll úr 254 millj. kr. í gjaldeyri í 174 millj. kr., eða um 80 millj. Þetta þýddi tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð og útflutningssjóð, sem nam yfir 100 millj. kr. Ég veit vel, að það hefði mátt gjarnan halda þannig á sölu gjaldeyrisins á árinu, að ekki hefði komið til þessa eins og gerði, m. a. með því að draga allverulega úr hinni miklu fjárfestingu, sem var í landinu. En um það hefur ekki fengizt samstaða, það hafa verið uppi ríkar kröfur í öllum flokkum að halda uppi hinni miklu fjárfestingu. Útkoman var sú, að fjárfestingin á s. l. ári óx á milli 10 og 13%, að talið er, þrátt fyrir það þó að útflutningurinn hafi minnkað og þó að gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafi minnkað á árinu.

Íbúðarhúsabyggingar í Reykjavík einni saman jukust um full 12%.

Það, sem helzt er því um að sakast í þessum efnum, er, að það hefur verið látið um of undan þeim almennu kröfum í landinu að halda uppi miklum fjárfestingarframkvæmdum, að sjálfsögðu ýmiss konar nauðsynlegum framkvæmdum, mun meira en raunveruleg efni hafa staðið til gjaldeyrislega séð. Það hefur ekki þótt fært að stöðva hinar miklu framkvæmdir við bygg-

ingu á sementsverksmiðju eða draga neitt verulega úr byggingu á þeim raforkuverum, sem í byggingu eru, eða öðrum stórframkvæmdum í fjárfestingu í landinu. Hvort tveggja er, að í þessum efnum höfum við að verulegu leyti verið bundnir af samningum við verktaka, og auk þess er því ekki að neita, að almenningur í landinu hefur mjög óskað eftir því, að haldið yrði áfram af fullum krafti við þessar framkvæmdir, sbr. t. d. íbúðabyggingar í höfuðstaðnum. En það þýðir ekkert annað en að játa það eins og það er, að það er erfitt, þegar gjaldeyristekjurnar minnka, að ætla sér þá að standa undir aukinni fjárfestingu, án þess að það komi einhvers staðar niður, og það hefur þarna verið látið koma niður á þessum vöruinnflutningi, sem vitanlega hefur óhjákvæmilega leitt af sér það, að útflutningssjóður og ríkissjóður hafa farið á mis við nokkrar tekjur, sem þessum aðilum voru fyrirhugaðar í upphafi.

En það var ekki aðeins það nú um áramótin, að við stæðum frammi fyrir þessum vanda, að þarna hafði orðið nokkur rekstrarhalli, þó miklum mun minni en áður, heldur var það svo, að það var með öllu óhjákvæmilegt um síðustu áramót að gera nýja samninga við framleiðsluna, sem miðuðu að auknum útgjöldum, þó að þar væri reynt að fara eins naumlega í og nokkur kostur var. Eða gátu menn búizt við öðru, þegar sjómenn okkar höfðu beinlínis haft minni tekjur á árinu 1957 heldur en áður, vegna þess að afli þeirra hafði minnkað og þeirra hlutur var bundinn við aflamagn? Þeir komu heim með færri krónur en áður, en svo að segja allir aðrir landsmenn fengu í sinn hlut fleiri krónur, vegna þess að vísitalan hafði hækkað nokkuð. Öllum embættismönnum landsins voru mældar út fleiri krónur, öllum vinnulýð í landinu, hvaða nafni sem nefndist, voru mældar út fleiri krónur, en sjómennirnir fengu færri krónur. Það var því ofur eðlilegt, að það þyrfti að gera ráðstafanir til þess á komandi ári, ef það átti ekki enn að fara svo, að fleiri og fleiri menn færu frá sjómennskustörfum og færu í land og enn yxi þar þrýstingurinn á fjárfestingarframkvæmdir, að mæta þessum nýju vandamálum m. a. með því að hækka fiskverðið hjá sjómönnum og hækka þeirra kjör, og það var um þetta, sem samið var nú um síðustu áramót. Þar var gert ráð fyrir auknum útgjöldum til framleiðslunnar nálega eingöngu til þess að mæta hækkuðu kaupi sjómanna, en aðeins að litlu leyti til framleiðslunnar sjálfrar, til rekstrarins sjálfs, til þess að mæta minnkandi afla. En að öðru leyti viðurkenndu útvegsmenn það í samningunum, að það hefðu ekki orðið þær verðlagsbreytingar á árinu 1957, að ástæða væri til þess af þeim að gera sérstakar kröfur út af því. En þeir þurftu að fá auknar bætur til þess að geta greitt hærra fiskverð í skiptum til sjómanna, og þeir þurftu að fá lítils háttar hækkun á bótum sínum, vegna þess að meðalaflinn hafði lækkað.

Það var því einnig við þann vanda að glíma nú um áramótin, að útflutningssjóður þurfti á komandi ári eða á þessu ári að standa skil á nokkru hærri bótum en áður, þó að þær hefðu ekki hækkað ýkja mikið. Af hækkandi bótum til sjávarútvegsins leiddi svo það, að bætur til landbúnaðarins hækkuðu af sjálfu sér um leið. Útgjöld ríkissjóðs höfðu svo einnig farið vaxandi sem bein afleiðing af því, að ýmsir helztu útgjaldapóstar ríkisins eru bundnir með lögum og þannig, að þeir hækka nokkurn veginn reglulega frá ári til árs, eins og t. d. útgjöld af menntamálum og tryggingamálum o. fl. Auk þess var svo það, að greiða þurfti allverulega nýja fjárfúlgu samkvæmt kröfu bænda, þar sem þeir töldu, að óhjákvæmilegt væri fyrir þá nú að innheimta aukinn kostnað við dreifingu á landbúnaðarvörum frá því, sem þeir hafa haft á undanförnum árum, því að þeir töldu sinn hlut þar of rýran. Allt þetta leiddi til aukinna útgjalda einnig hjá ríkissjóði, sem líka varð að afla tekna til á einn eða annan hátt.

Þegar þessi mál lágu svo þannig fyrir, þá var um það að ræða að velja, hvernig skyldi aflað teknanna að þessu sinni. Og eins og hér hefur þegar verið gerð grein fyrir af hæstv. forsrh., þá var um það að ræða, hvort það ætti að fara þá leið, sem oft hefur verið haldið hér fram af ýmsum, hina almennu gengislækkunarleið, til þess að reyna að jafna þarna metin, eða hvort ætti að fara þá leið algerlega óbreytta, sem farin hefur verið, í öllum höfuðatriðum eða hvort um einhverjar enn aðrar nýjar leiðir gæti verið að ræða.

Sú leið, sem valin var svo og markast í þessu frv., er auðvitað af hálfu stjórnarflokkanna sem samkomulagsleið, sem ég hygg að allir stjórnarflokkarnir geti sagt um, hver fyrir sig, að þeir hafi sitt hvað út á að setja og hefðu gjarnan kosið, ef þeir hefðu þarna einir mátt ráða, að halla ýmsu öðru til þar á annan veg. En hér er um samkomulagsleið að ræða, millileið, sem valin hefur verið og breytir í nokkrum verulegum atriðum frá því, sem verið hefur, en þó ekki í neinum grundvallaratriðum, eins og ég skal nú víkja að nokkru nánar.

Áfram er sem sagt farin sú leið, eins og hefur verið farin á undanförnum árum, sem brýtur alveg grundvallaraðferð gengislækkunarleiðar, sem er að ákveða að ná inn þeim tekjum, sem óhjákvæmilegt er að ná inn, með mismunagjaldi á hinum ýmsu innflutningsvöruflokkum, en gengislækkunarleiðin einmitt miðast við það að taka þar jafnt gjald yfir alla vöruflokka. Á sama hátt er líka vikið út af grundvallaratriðum gengisbreytingar viðvíkjandi því, hvernig skuli deila uppbótunum út. Það er ekki gert ráð fyrir því að deila uppbótunum út til útflutningsins þannig, að jafnt gangi yfir alla, heldur er áfram farin mismunaleiðin, sú leið, sem bætir þeim upp mest, sem mesta hefur þörfina eftir nánari athugun, og hinum minnst, sem getur komizt af með minnst.

Varðandi þær reglur, sem hafa verið á innheimtu eða álögum gjalda á innfluttar vörur, þá má segja, að fyrirkomulagið að þessu sinni sé í höfuðatriðum eins og það var, að einu atriði undanskildu. Við höfum haft í gildi það fyrirkomulag að hafa sérstakan lággjaldavöruflokk, vöruflokk, sem gjöldin hafa verið lægst á, svonefndan vísitöluvöruflokk oft kallaðan eða allra brýnustu lífsnauðsynjar. Í þessum lággjalda-

flokki hafa verið á þessu ári, sem er að líða, um 70 millj. kr., miðað við gjaldeyrisverðmæti af hinum eiginlegu vísitöluvörum. Nú er gert ráð fyrir því að halda þessum flokki, en hafa hins vegar í honum 120 millj. kr. verðmæti eða auka hann nokkuð. Áður bar þessi vöruflokkur yfirfærslugjald, sem nam 16%, en nú er ætlað, að þessi vöruflokkur beri yfirfærslugjald, sem nemur 30%. Raunverulega kemur þetta þannig út, að sá hlutinn í þessum vöruflokki, upp á 70 millj. kr., sem áður bar 16% yfirfærslugjald, fær nú á sig 30%, og er þar um talsverða hækkun að ræða á hinum eiginlegu vísitöluvörum, sem vitanlega verka þá inn í vísitöluna og skila sér aftur út í kaupi til þeirra, sem kaupa. En hinn hlutinn í þessum vöruflokki, um 50 millj. kr. sem nú eru settar í þennan 30% flokk, — þessar 50 millj. kr. eru teknar úr næsta vöruflokki þar fyrir ofan, sem áður bar 34—35% gjald, en nú eru þær settar niður í 30% flokk. Á þeim vöruflokkum er því ekki um hækkun að ræða, eða þessum 50 millj., og segja má því um þennan lággjaldaflokk upp á 120 millj. kr. af nauðsynjavörum, að þar er um mjög óverulega breytingu að ræða frá því, sem verið hefur.

Þá er um að ræða almennar vörur af ýmiss konar tagi. Þær hafa verið núna áætlaðar um 440—450 millj. kr. að innflutningsverðmæti og hafa núna borið gjöld, sem nema um 35%, en þessi vöruflokkur verður nú um 400 millj. kr., af því að um 50 millj. voru teknar af þessum vöruflokki og færðar í lággjaldaflokkinn, og þessi flokkur á ekki að bera 35%, eins og hann bar, heldur 55%. Þarna er um talsverða hækkun að ræða á þessum almenna vöruflokki. En þessar prósentur eru allar miðaðar við gjaldeyrisverðmæti, en að sjálfsögðu verður hin almenna útsöluverðshækkun talsvert miklu minni hlutfallslega.

Svo kemur sá gjaldaflokkur, sem mestar hefur átt að veita tekjurnar í þetta kerfi, en það er hátollavöruflokkurinn, sem á s. l. ári nam í innflutningi um 174 millj. kr., en gjöldin á þeim flokki voru um 120%, miðað við gjaldeyrisverðmæti, þegar meðaltal er tekið út úr þessum flokki, en gjöldin léku þar á frá 60 eða 70% og upp undir 200%, því að þar eru margir undirgjaldaflokkar. En að þessu sinni er þessi vöruinnflutningur — nákvæmlega sömu vörur — færður úr 120% upp í 150%. Þarna er því um talsverða hækkun líka að ræða á þessum hátollavöruflokki, og áfram er haldið því kerfi, sem var, að hátollavörurnar eru í mörgum gjaldaflokkum eins og áður. Fyrirkomulagið í þessu efni er því í öllum atriðum eins og það hefur verið, nema stefnt er til hækkunar.

En svo kemur sú breyting, sem er grundvallarbreyting í sambandi við innfluttar vörur. Áður var innflutningur á svonefndum rekstrarvörum til framleiðslunnar, — það eru allar notavörur sjávarútvegs og landbúnaðar, — áður voru þessar rekstrarvörur ekki með neinum sérstökum gjöldum eða yfirleitt ekki. Þannig var einnig með innflutning á skipum og öðru líku. Einstaka vörur báru þó lítils háttar gjöld, en yfirleitt mátti segja, að rekstrarvörur voru undanþegnar gjöldum. En nú er ákveðið að hækka rekstrarvörurnar eins og almennan vöruinnflutning til landsins eða láta hann bera 55% í yfirfærslugjöld, og er þarna vitanlega um mjög verulega breytingu að ræða.

Það, sem þarna er því um að ræða, er að gera það upp við sig: Er rétt að halda áfram þeirri stefnu, þegar afla þarf tekna á þennan hátt, sem gert er í þessu frv. og eins í lögunum um útflutningssjóð áður, — er rétt að halda áfram þeirri stefnu, jafnvel þótt um almennar verðhækkanir sé sí og æ að ræða í landinu, að verðhækka ekki neitt rekstrarvörur, láta þær alltaf standa óbreyttar í verði, nema að því leyti til sem þær hækka erlendis, og auka því auðvitað í sífellu mismuninn á milli verðlags á rekstrarvörum og verðlags á öðrum hlutum í landinu? Það gefur t. d. alveg auga leið, ef maður tekur hér dæmi og virðir það fyrir sér, að í þessu felast verulegar hættur, ef þetta er gert til lengdar. Ef við tökum dæmi eins og t. d. vél, sem sett er í fiskibát og ber engin slík gjöld, þá getur hún jafnvel um tíu ára skeið eða svo verið alltaf hér á mjög svipuðu innflutningsverði, vegna þess að það land, sem framleiðir vélina, hefur kannske búið við tiltölulega mjög stöðugt verðlag. En á þessu tíu ára tímabili hafa vinnulaun í okkar landi sem afleiðing af hækkuðu verðlagi verið að síhækka jafnt og þétt, og mismunurinn á milli hins almenna verðlags í landinu og verðlagsins á þessari vél verður að lokum orðinn gífurlega mikill og það sækir óðfluga að því, að sá, sem kaupir vélina, segir: Mér dettur ekki til lífandi hugar að kaupa hið innlenda vinnuafl til þess að gera við vélina. Þegar hún er notuð að litlu leyti eða farin að bila, þá borgar sig ekki að láta gera við hana með því vinnuaflsverði, sem hér er. Við hendum henni og viljum heldur sækja um að fá að kaupa nýja vél. — Það efast enginn um, að þegar svo háttar til, að okkar verðlag hækkar sífelldlega verulega fram úr því, sem er í okkar viðskiptalöndum, þá geta skapazt svona hættur, ef við höldum þannig á málunum, að tilteknir vöruflokkar eru hér ekki látnir breytast neitt í verði. — Nákvæmlega sama hefur átt sér stað með fóðurbætinn hjá bændum, að það er enginn vafi á því, að hann er orðinn það ódýr, að þeir eru í ýmsum tilfellum farnir að hugsa um það: Borgar sig að vera að kaupa vinnuafl til þess að hirða grasið? Borgar sig ekki alveg eins vel að kaupa hinn ódýra fóðurbæti? Og þannig hefur þetta verkað til þess, að við eyðum gjaldeyri langt fram yfir það, sem þörf er. Þarna skapast óeðlilegt misræmi. Ég fyrir mitt leyti hefði kosið að reyna að halda áfram því kerfi, sem verið hefur, að leggja ekki ný aðflutningsgjöld á rekstrarvörur framleiðslunnar, sem vitanlega leiðir það af sér, að framleiðslan verður þá að fá auknar bætur í staðinn, ef hægt hefði verið að komast hjá verulegum verðhækkunum í landinu. En um leið og það liggur fyrir, að það er nálega ómögulegt að komast hjá því, að almennt verðlag í landinu hlýtur að lyftast nokkuð upp, þá hika ég mjög við að halda áfram við að halda rekstrarvörunum einum niðri með því ósamræmi, sem þar skapast í ýmsum greinum. Þetta hefur t. d. mjög greini-

lega komið fram hjá okkur í sambandi bæði við viðgerðir á skipum og smíði fiskibáta innanlands, en þar hefur dregið svo í sundur á milli innanlandsframleiðslunnar og þeirrar útlendu, að nær er óframkvæmanlegt að láta vinna verkið hér heima.

Sem sagt þetta atriði er gert upp við sig: Á maður út af fyrir sig að fallast á þá breytingu að hækka rekstrarvörurnar í verði, en þó með því skilyrði, að framleiðslan fái slíka hækkun bætta á móti? Aðalútkoman verður sú, að t. d. sjávarútvegurinn verður að kaupa sér dýrari vélar í fiskibátana, dýrari fiskibáta, dýrari veiðarfæri, en fá aftur í staðinn hærra fiskverð, sem þessari hækkun nemur, og þessir aðilar borga því þetta sjálfir fyrst og fremst, og hér er því ekki í aðalatriðum við aðra að sakast heldur en framleiðendur sjálfa. Mín skoðun var sú, að rétt væri að setja sig ekki gegn þessari breytingu, en þetta er eina verulega skipulagsbreytingin í sambandi við þessar álögur í sambandi við innflutning á vörum til landsins. En það var líka alveg augljóst, að þessi breyting leiddi annað af sér. Það var með öllu óhugsandi að hækka verð á alls konar vélum og tækjum til þeirra, að hækka verð á olíu og öðrum rekstrarvörum, nema af því leiddi það, að ýmsir þeir aðilar, sem nota þessar rekstrarvörur, ýmsar aðrar atvinnugreinar hlutu þá að koma og gera tilkall til þess að fá greiðslur úr uppbótakerfinu, úr útflutningssjóði þar á móti. Við gátum ekki búizt við því, að við gætum hækkað olíuna í verði til t. d. skipafélaganna, sem hér reka flutninga á ströndina, eða til annarra slíkra aðila, án þess að þeir gerðu þá kröfu um það, ef þeir ættu að greiða til sjóðsins, að þá ættu þeir einnig að fá kröfurétt til að fá greiðslu úr sjóðnum. Og þá var tekinn upp sá háttur, til þess að þessir aðilar kæmu þar eðlilega út, að ákveða, að þeir skyldu fá greiðslu úr sjóðnum jafnháa og þeir greiða til hans, miðað við þá gjaldeyrisframleiðslu, sem þeir annars standa undir. En þetta þýðir það, að flugfélög, sem raunverulega framleiða 60 millj. kr. í gjaldeyri fyrir þjóðarbúið, en fá aftur út úr þjóðarbúinu afhentan gjaldeyri til síns rekstrar upp á 61 millj. kr., eða 1 millj. kr. meira, fá 55% bætur á þessar 60 millj., en verða aftur að borga gjöld til sjóðsins fyrir þessa 61, sem þau höfðu tekið, eða raunverulega fyrir mismuninn. Og þá gátu þessir aðilar, sem falla þarna undir hinar duldu tekjur og duldu greiðslur, í rauninni ekki undan neinu kvartað, þar sem þeir tóku sinn eðlilega þátt í því að borga til sjóðsins og fá greiðslur úr honum aftur.

Það var þó auðvitað alveg augljóst, að þessi ráðstöfun að hækka rekstrarvörurnar og þar með yfirfærslugjald í sambandi við duldar tekjur og greiðslur mundi leiða til nokkurrar hækkunar á verðlagi í landinu, og það var ókosturinn við þetta, að ekki var hægt að komast hjá því. En það gefur auga leið, að flutningsgjöld og annað þess háttar hlýtur að hækka sem afleiðing af þessu kerfi.

Ég tel, að þetta atriði viðvíkjandi rekstrarvörunum sé það eina raunverulega í sambandi við tekjuöflunina, sem skiptir um „prinsip“ frá því, sem áður var, og menn verða svo að gera það upp við sig, hvort þeir telja, að þetta atriði ráði hér úrslitum um það, hvort þeir geta fallizt á þessa uppbyggingu á tekjuöfluninni fremur eða síður en þá, sem fyrir var.

Á svipaðan hátt er með útflutninginn. Þar er enn þá byggt upp, eins og ég sagði áður, á mismunakerfi, þannig að ákveðið er, að bátarnir skuli áfram fá hinar hæstu bætur. Togurum er að vísu ætlað, þegar fram líða stundir, að hafa nákvæmlega sömu bætur og bátar, en nú fyrst í stað verður það eigi að síður svo, að bátarnir halda þeim sérstöku bótum, sem greiddar hafa verið á smáfisk, ýsu og nokkrar aðrar sértegundir. Og aðrar greinar útflutningsframleiðslunnar, eins og t. d. hvalafurðir og afurðir af Norðurlandssíld, fá minni útflutningsbætur, eins og þessar afurðir hafa hlotið fram til þessa, en þær eru hins vegar hækkaðar með tilliti til þess, sem leiðir m. a. af þessu breytta skipulagi.

Þá er einnig í sambandi við útflutninginn stefnt í þá átt í þessu frv. að samræma hér nokkru meira en áður var, og geta eflaust verið uppi skiptar skoðanir á því, hvort sé betra. Það kerfi, sem við höfum búið við, hefur verið þannig t. d. að taka, að sumarveidda Norðurlandssíldin — við höfum greitt misjafnar bætur á afurðir úr henni eftir því, hvernig afurðirnar hafa verið verkaðar. Þannig hafa verið greiddar lægri bætur á lýsi og mjöl úr Norðurlandssíld en t. d. á saltaða Norðurlandssíld, og það hefur einfaldlega byggzt á því, að álitið hefur verið, að bræðslurnar gætu raunverulega komizt af með knappari bætur en saltsíld. Svona hefur þessu einnig verið háttað hér í sambandi við ýmsar aðrar greinar framleiðslunnar, að bæturnar hafa verið misháar, eftir því sem rekstraráætlanir hafa sýnt, að þörfin hefur kallað til bótanna. Í öllum aðalatriðum er þessu því haldið eins og það hefur verið, nema sundurgreiningin er ekki alveg eins mikil samkv. þessu frv. og hún hefur verið í framkvæmd. Fram til þessa hefur sá háttur verið hafður á að greiða t. d. fiskibátunum og frystihúsunum allar bæturnar miðað við útflutningsverð á frosnum þorskflökum eða hertum fiski, en greiða hins vegar engar bætur á lýsið, sem fallið hefur til við þessa framleiðslu. En nú er aftur valin sú leið að hafa bæturnar tilsvarandi lægri á þorskbolinn, en bæta aftur einnig á lýsið, sem til fellur, og hafa prósentuna eina og jafna yfir alla framleiðslu. Þetta er að verulegu leyti fyrirkomulagsatriði, en ekki það, að ég telji, að þetta skipti neinu höfuðmáli, nema hér er um nokkru einfaldara kerfi að ræða en það, sem við höfum búið við.

Í aðalatriðum er nú gert ráð fyrir því, að samkv. þessu nýja kerfi eigi sjávarútvegurinn að búa við nokkuð svipuð kjör, þegar á allt er litið, eins og hann hefur búið við. Það er reiknað með því, að bátaflotinn búi við sömu kjör, fái hækkanir aðeins sem nemur þeim hækkuðu útgjöldum, sem bátaútvegurinn verður að standa undir sjálfur. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að kjör togaranna verði bætt talsvert. Ég hygg, að það megi ætla, að það sé ekki minna en um 500 þús. kr. eða ½ millj. á hvern togara á ári, miðað við meðalrekstur, sem af-

koman ætti að batna um, en þó er vitanlega aldrei gott að segja um það með fullri nákvæmni fyrir fram. Hins vegar er nú gert ráð fyrir því, að jafnhliða þessu frv. verði togaraútgerðinni gert að skyldu að taka á sig allverulegar auknar greiðslur í sambandi við lífeyrissjóð togarasjómanna, og munu þær varla nema minna en 7 millj. kr. á ári. En þar er einnig um hagsmunamál togaraútgerðarinnar að ræða, sem lýtur að því að tryggja betur en verið hefur mannskap á togarana.

Ég hygg, að hægt sé líka að slá því föstu, að afkomumöguleikar þeirra, sem stunda síldveiðar, hvort sem er fyrir Norðurlandi eða hér við Faxaflóa, verði að teljast mjög svipaðir, miðað við hið nýja kerfi, eins og það, sem þeir búa við nú. Bæturnar til Norðurlandssíldarinnar eru að vísu hækkaðar talsvert, en sú hækkun fer að langmestu leyti til þess að standa undir verðfalli, sem þar hefur verið að skella á okkur. En áætla má, miðað við það verð, sem orðið er nú í dag, að verðlækkunin á saltsíld frá Norðurlandi og á síldarlýsi muni nema í kringum 16 millj., miðað við ársframleiðslu, bara bein verðlækkun, svo að afla þurfti óhjákvæmilega tekna nú til þess að standa undir því, ef þessi rekstur átti að öðru leyti að búa við svipaða rekstrarafkomu og áður var.

Þá er hér einnig gert ráð fyrir því, að kaup allra sjómanna, hvort sem þeir stunda síldveiðar, þorskveiðar eða annað, hækki um a. m. k. 5%, og fer því hluti af hinum hækkuðu útflutningsbótum beinlínis til þess að standa undir þessum kaupgreiðslum. En gert er ráð fyrir því, að kauphækkun sjómanna og þeirra verkamanna, sem vinna að framleiðsluatvinnuvegunum, sé um það bil 50 millj. kr. á ári, þessi 5% hækkun.

Nokkur hluti af hinni nýju tekjuöflun fer svo til þess að tryggja betur en áður var, að fé sé til fyrir hendi til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem útflutningssjóður hefur tekið sér á herðar gagnvart framleiðslunni í landinu. En það hefur vantað, eins og ég skýrði frá í upphafi, nokkrar tekjur, til þess að hann hefði nægilegt til þess að standa skil á því, sem hann hefur lofað.

Það er að vísu mjög erfitt að spá nokkru um það á þessu stigi málsins, hvernig það nýja kerfi, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp, muni gefast og hvaða afleiðingar verða af því. Það hefur verið áætlað af hagfræðingum, að búast mætti við því, að heildarhækkun á vísitölu sem afleiðing af þessu frv. geti verið 14—17 vísitölustig eftir því, hversu rífleg álagning verður heimiluð. En það virðist gefa auga leið, að ekki komi til mála að heimila jafnháa prósentálagningu á vörur, sem samkvæmt þessu hækka allverulega í verði, því að slíkt mundi vitanlega þýða það, að verzlunarstéttin beinlínis hagnaðist á framkvæmdunum. Ef hér er farin nokkur millileið, þá ætti ekki að þurfa að vera um meiri hækkun að ræða en 15—16 stig. Og frv. er þannig upp byggt, að gert er ráð fyrir því, að þær álögur, sem í frv. felast, greiði þegar eða taki þegar við 9 stigum, og gæti því fyrir utan þessi 9 stig, sem þegar eru keypt af sér í frv., verið um að ræða 6—7 vísitölustig. En eins og ég sagði, er ekki gott að segja það með fullri vissu, hvernig þetta gengur fyrir sig.

Í sambandi við þetta mál hefur verið minnzt hér nokkuð á vísitölukerfið, og um það er ekkert að villast, að eins og það er upp byggt, þá leiðir það af sér mjög verulegar og snöggar verðbreytingar, ef einhver kaupbreyting verður einhvers staðar í kerfinu. Mér hefur lengi verið það ljóst, að í sjálfu sér er framkvæmdin á vísitölukerfinu óeðlileg í mesta máta í sambandi við launagreiðslur til hinna hærra launuðu í þjóðfélaginu. Það hefur líka verið alveg skýrt tekið fram af forustumönnum verkalýðssamtakanna og kom hvað skýrast fram í seinustu kaupgjaldssamningum, að það var síður en svo ósk þeirra að gera vísitölukerfið þannig, að allt kaupgjald í landinu, hvers eðlis sem það er og hversu hátt sem það er, ætti að mælast eftir framfærsluvísitölu. Þar voru aðrir aðilar að verki, sem ýttu því fram, og það er síður en svo, að það sé ósk verkalýðssamtakanna, að sá háttur sé hafður á.

Ég hef áður minnzt á það, að það gefur alveg auga leið, að þeir, sem háar hafa tekjur, beinlínis græða á því, þegar framfærsluvísitala hækkar, þegar allt þeirra kaup er mælt eftir framfærsluvísitölu. Það er í rauninni mjög augljóst dæmi, sem tekið var, þegar síðasta bakaraverkfall gekk hér yfir, en þá var bent á þessa staðreynd. Afleiðing af bakaraverkfalli var það, að brauðið átti að hækka nokkuð í verði. Með því að brauðin hækkuðu ákveðið í verði, hækkaði framfærsluvísitalan tiltekið á móti og kaupgjaldsvísitala tiltekið á móti. Ef vísitalan hefur verið nokkuð rétt, átti það að vera svo, að með því að brauðið hækkaði tiltekið, átti sú launabót, sem kom til verkamannsins í gegnum hækkaða kaupgjaldsvísitölu, að vega upp brauðahækkunina. Þá hefði verkamaðurinn sagt: þessi vísitala mælir nokkuð rétt, ef ég fæ álíka mikla kauphækkun og brauðahækkunin hefur skilað mér auknum útgjöldum. — En þetta voru tekjur manns, sem hafði um 40—45 þús. kr. tekjur, eða þess aðila, sem framfærslan er miðuð við. En sá, sem hefur tvöfalt hærra kaup, hefur fundið, að þessi brauðahækkun var mesti búhnykkur fyrir hann, því að hann hefur fengið tvöfalda hækkun á við það, sem brauðaútgjöld hans höfðu vaxið um, af því að þarna er verið að mæla allt kaupið eftir framfærsluvísitöluhækkun, sem er í eðli sínu óeðlilegt.

Hitt er svo annað mál, að það er ofur eðlilegt, að verkalýðssamtökin hafi litið þannig á, að vísitalan veitti visst öryggi fyrir láglaunamanninn til þess að halda þá jöfnum kaupmætti á við hækkandi framfærslukostnað á hverjum tíma, og því hefur hann séð sér visst öryggi í kaupgjaldsvísitölu sinni og metið hana mikils. En svo hefur hann einnig fundið með þeirri aðferð, sem nú er farið að viðhafa í sambandi við vísitöluútreikning, að þegar verkamaðurinn tekur sér smávægilega launahækkun, eins og t. d. 5% launahækkun, þá gerist það af sjálfu sér, að vísitalan hækkar þannig í landinu, að t. d. hæst launuðu embættismenn fá án þess að breyta sínum grunni nokkru fleiri krónur út úr öllu saman, vegna þess að verkamaðurinn

breytti sínu grunnkaupi um 5%, bara í krafti vísitöluaðferðarinnar. Og það er svo aftur annað mál, hvort það er nauðsyn á því að halda slíku skipulagi.

Það er augljóst, að samhliða þeim ráðstöfunum, sem ráðgerðar eru í þessu frv., verður að tryggja framleiðsluatvinnuvegunum verulega aukið rekstrarfé, og út frá því er að sjálfsögðu gengið. Það er alveg óhjákvæmilegt, að um leið og rekstrarvörur sjávarútvegsins hækka í verði, þá verða líka rekstrarlán að hækka, því að allt annað gæti beinlínis leitt til samdráttar eða stöðvunar í atvinnurekstrinum. Það er líka gefinn hlutur, að það verður að auka stofnlán til fiskiskipakaupa og í sambandi við aðrar stofnframkvæmdir hjá framleiðsluatvinnuvegunum. Þetta verður að endurskoðast í fullu samræmi við hækkað verðlag, sem verður m. a. vegna áhrifa þessara laga.

Mér er það ljóst, að í þessum aðgerðum felast óneitanlega talsverðar hættur. Það veltur vitanlega á því, hvernig til tekst hér með alla framkvæmd. Fari svo, að verðlag fari upp mjög verulega eða skefjalaust og allt velti þar á eftir, þá hefur í rauninni ekki annað gerzt en það, að eftir ákveðinn tíma stöndum við aftur í sama farinu eða litlu betur en við stöndum nú. Ég tel því, að hér velti mjög mikið á framkvæmdinni, hvernig verður með niðurstöður. En eins og ég vék að í upphafi, þó að ég sé þeirrar skoðunar, að það heilladrýgsta sé að reyna að festa verðlagið í landinu sem mest, fóta sig á því, sem fyrir er, en standa yfirleitt gegn verðhækkunum, þá er mér ljóst, að það verða að vera þar ákveðnar forsendur fyrir hendi. Því miður var svo komið nú, að það var búið að brjóta niður þær forsendur að langmestu leyti. Og með því að svo var komið m. a., að fjöldi stéttarfélaga í landinu taldi nú, að þau gætu ekki komizt hjá því að gera ráð fyrir talsverðri grunnlaunahækkun, þá var með öllu óhugsandi, að hægt yrði nú að afla allra þeirra tekna, sem útflutningsframleiðslan þurfti óhjákvæmilega, og þeirra annarra tekna fyrir ríkisbúskapinn, sem óhjákvæmilegt var, eins og sakir stóðu, fyrst aðrar leiðir ekki fundust til úrbóta í þeim efnum, — að þá var það með öllu óhugsandi, og til þess að standa einnig undir hækkuðu kaupgjaldi, án þess að til kæmi meiri eða minni almenn verðhækkun í landinu. Hér var valin ákveðin millileið í þessum efnum. Hefði átt að gera þessar ráðstafanir í gegnum gengisbreytingu, þá fullyrði ég það, miðað við þær rannsóknir, sem fram hafa farið, að alveg hefði verið óhjákvæmilegt að hækka verð á erlendum gjaldeyri um 130%, miðað við þá kaupgjaldshækkun, sem nú er reiknað með í þessu frv., og önnur útgjöld. En það hefði þýtt það, að vísitala hefði hér ekki hækkað um minna en 50 stig. Hér er hins vegar reynt að forða því, sem unnt er, tryggja það, að útflutningurinn fái þær tekjur, sem hann þarf óhjákvæmilega að fá, en reyna að komast hjá því, að verðlagið fari um of upp í landinu. Ég á ekki gott með að sjá það, hvernig hægt hefði verið að komast hjá því, eins og sakir standa, að hér hefði orðið talsverð verðhækkun.

En það, sem skiptir auðvitað höfuðmáli í sambandi við lausn okkar efnahagsmála, er þó ekki það, að það megi takast rétt aðeins frá ári til árs að hafa nokkurn veginn nóg upp í útflutningsuppbætur og auka þær kannske aðeins frá ári til árs, heldur hitt, að það sé örugglega stefnt að því að losa sig út úr þessum vanda með aukinni framleiðslu. Það er ekkert um það að villast, að fyrr losnum við ekki út úr þessum vanda en tekst að halda þannig á málunum, að útflutningsframleiðslan aukist, þjóðartekjurnar vaxi, eða a. m. k. er alveg óhugsandi að ætla að halda uppi öllum þeim fjárfestingarframkvæmdum, sem menn almennt óska eftir í landinu, með öðrum hætti.

Það verður ekki hægt að bera á móti því, að þann tíma, sem núverandi ríkisstj. hefur setið, hefur verið reynt að halda framleiðslunni eins stöðugt og örugglega í gangi og nokkur kostur hefur verið. Það er ekki kunnugt um það, að nokkur þáttur útflutningsframleiðslunnar hafi stöðvazt allan þennan tíma, ekki einn einasta dag. Samningar hafa tekizt um þau tvenn áramót, sem liðin eru síðan stjórnin tók við, og allir þættir framleiðslunnar hafa verið í fullum gangi og það eins og bezt hefur gerzt áður. Hitt fáum við svo ekki við ráðið, þegar við stundum sjóinn 30% meir og betur en við gerðum áður, þegar við höfum mun fleiri fiskibáta, sem stunda sjó mun fleiri daga á árinu, og kostum meira til en nokkurn tíma áður, — það er ekki hins vegar á okkar valdi að ráða því, að þeir beri að landi miklu meiri afla en þeir gerðu. Ef við hefðum fengið aflamagn að landi árið 1957 í hlutfalli við það, sem við fengum miðað við athafnir og tilkostnað á árinu 1956, þá hefðum við átt að hafa fullar 200 millj. í gjaldeyri fram yfir það, sem við fengum. En þetta tókst ekki. Gjaldeyristekjurnar urðu minni, og af því hljótum við að súpa seyðið. Fyrst við ekki tókum það með minnkaðri fjárfestingu og samdrætti einhvers staðar, sparnaði í ríkisrekstri eða á annan hátt, fyrst við ekki tókum það þar, þá verðum við að taka það eftir öðrum leiðum.

Það er knýjandi nauðsyn, að við getum fengið fleiri landsmenn til þess að vinna að útflutningsframleiðslunni, flytja vinnuaflið til úr ýmsum atvinnugreinum, sem nú eru þjóðhagslega vægast sagt vafasamar sumar hverjar, og fá meira af innlendu vinnuafli í útflutningsframleiðsluna. Þetta er aðalatriðið. Það er sárt til þess að vita, að við skulum t. d. á s. l. ári hafa þurft að eyða um 35 millj. kr. í vinnulaunagreiðslur til færeyskra sjómanna og verkamanna, sem unnu að útflutningsframleiðslu okkar, og eyða þannig þeim gjaldeyri, á sama tíma sem við vorum í gjaldeyrisskorti, af því að okkar eigið vinnuafl var að vinna að öðrum gjaldeyriseyðandi störfum.

Spurningin er svo sú: Tekst þannig til með framkvæmdina í sambandi við það kerfi, sem hér er ætlað að setja upp, að það stefni að því, að framleiðslan geti aukizt, að við fáum fleiri menn til þess að vinna að framleiðslustörfunum, en drögum eitthvað úr fjárfestingu og öðru slíku? Tekst þannig til með stjórn

peningamálanna í landinu, að fjármagninu verði fremur beint til framleiðsluatvinnuveganna og sérstaklega útflutningsatvinnuveganna, en dregið meira saman á öðrum sviðum? Renni þetta úr reipunum, þá stöndum við a. m. k. ekki betur en við höfum staðið. Mér er t. d. ljóst, að aðeins eitt ákvæði, sem hér er í þessu frv., sem gerir ráð fyrir því, að greiða skuli 55% yfirfærslugjald á kaup færeyskra sjómanna, jafngildir því raunverulega, að færeysku sjómennirnir hætta að starfa hér hjá okkur, þeir fara heim, þeir koma ekki aftur, eða allar líkur benda til þess. Eigi þetta ekki að verka í þá átt, að framleiðslan dragist saman og minnki, þá verður hitt að gerast um leið, að innlent vinnuafl færist hér yfir og komi í staðinn og við höldum áfram þessari framleiðslu, en það byggist svo á framkvæmdinni í öllu þessu.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, að með því að ákveðið er í þessu frv., að laun verkafólks hækki um 5%, þá er komið þar nokkuð til móts við launþega, þótt ekki í stóru sé, þannig að það megi telja alveg öruggt, að fyrst um sinn geti hér ekki verið um kjaraskerðingu að ræða hjá þeim. Það er hins vegar augljóst mál og hefur komið skýrt fram frá samtökum verkalýðsins í landinu, að þau yfirleitt óttast miklar verðhækkanir. Það skapar alltaf ókyrrð á vinnumarkaði, og allar verðhækkanir fela því í sér verulegar hættur.

Það veltur því á mjög miklu í sambandi við viðhorf verkalýðssamtakanna, að svo takist með framkvæmd alla á þessu, að menn finni það, að gert er allt það, sem í okkar valdi stendur, til þess að láta framkvæmdina fara vel úr hendi og til þess að tryggja það, að hagur láglaunaverkafólks og þess verkafólks, sem vinnur við framleiðsluna, rýrni ekki frá því, sem verið hefur, og síðan verði stefnt að því að fóta sig aftur sem fyrst frá allri verðhækkun og reyna að fá verðlagið sem jafnast og stöðugast, standa gegn verðhækkunum. Það álít ég sé hægt. En framkvæmd þessara mála öll, ekki síst af hálfu peningastofnana í landinu, ræður eðlilega mjög miklu um það, hvernig árangurinn verður.

Ólafur Thors: Herra forseti. Áður en ég kem að meginmáli mínu, þykir mér rétt að víkja aðeins örfáum orðum að ræðum þeirra tveggja hæstv. ráðh., sem hér hafa talað.

Ræða hæstv. forsrh. var langsamlega að mestu leyti almennar hugleiðingar um vísindalegar og fræðilegar kenningar í sambandi við efnahagsvandamál þessarar þjóðar og annarra, sem ekki eiga eiginlega miklu fremur við í dag en fyrir tveimur árum eða fjórum, þó að auðvitað væri þar margt skynsamlega sagt, sem ég skal síst bera á móti. Þó langar mig til að beina til hæstv. forsrh. örfáum spurningum í sérstöku tilefni af ræðu hans.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri nauðsynlegt, að Íslendingar gerðu sér fulla grein fyrir því, að við yrðum að miða vísitöluna við þjóðartekjurnar, eins og hann orðaði það. Ég skil það svo, að hann hafi með því viljað afnema framfærsluvísitöluna og viljað taka upp eins konar framleiðsluvísitölu, enda veit ég, að um það hefur verið talað í stjórnarherbúðunum. Ég hjó einnig í það, og það hljóta allir að hafa gert, að allur andi í hans ræðu hné að því, að fram undan væri gengisfelling fyrr eða síðar og heldur fyrr en síðar. Nú langar mig til að spyrja um, ef hann ætlar að hætta við framfærsluvísitölu og taka upp framleiðsluvísitölu, um leið og hann hyggur á gengisfall, hvort hann þá í þessum efnum tali fyrir hönd allrar ríkisstj. eða eingöngu fyrir hönd síns flokks.

Hæstv. ráðh. sagði, að uppbótakerfið yrði því erfiðara, sem því væri lengur við haldið. Nú vil ég á þetta engan dóm leggja, en ég minni aðeins á, að þessi hæstv. ráðh. kvað upp úr um það vorið 1956, að þá hefði uppbóta- og niðurgreiðslukerfið gengið sér algerlega til húðar. Hann segir nú: því lengur sem því er við haldið, því bölvaðra verður það. Þó ber hann nú fram, tveimur árum eftir að hann í fyrsta skipti afneitaði þessum fyrri átrúnaði sínum, uppbótum og niðurgreiðslu, till. um langsamlega miklu meiri uppbætur og niðurgreiðslur en nokkur hefur áður þekkt.

Hæstv. ráðh. sagði, að auðvitað yrði að fara eftir ákvörðunum Alþýðusambandsins í aðalefnum, Alþýðusambandið hefði reynzt andvígt gengisfalli, og þess vegna hefði stjórnin ekki getað farið nægilega inn á þá braut, því að hún hefði þá brotið sín loforð. Ég spyr nú hæstv. ráðh.: Telur hann þetta frv. ekki í verulegum efnum einmitt gengisfellingu, eða telur hann sig hreinan af því að hafa fellt krónuna eða viðurkennt fall krónunnar í aðalatriðum með þessu frv.?

Hæstv. ráðh. sagði: Er hægt að bæta útflutningsframleiðsluna minna en gert er með þessu frv.? Ég veit, að hann skilur, að þetta er spurning, sem er eðlilegra að við spyrjum hann um heldur en hann okkur. Hæstv. ráðh. hefur fórnað sínum dýrmæta tíma undanfarna marga mánuði til þess að kynna sér þetta viðurhlutamikla og flókna mál. Og það er auðvitað hans skylda að upplýsa málið. En það er þá líka eðlilegt, að við, sem ekki höfum haft aðstöðu til að kynna okkur þau gögn, sem hann hefur verið að rannsaka, spyrjum einmitt hann um þessa spurningu: Er hægt að bæta útflutningsframleiðsluna minna en gert er, eða þarf hún kannske meira en till. bera með sér?

Þegar þetta er upplýst, sagði ráðh., og það er auðvitað ekki upplýst, eins og ég hef leyft mér að vekja athygli á, þá spyr ég, segir hæstv. ráðh., hvernig hægt sé að taka nauðsynlegt fjármagn til að bæta útflutningsframleiðslu upp sínar þarfir með öðrum hætti en gert er, svo að minna komi við hag almennings í landinu. Ja, ég veit ekki. Ég játa, að við höfum haft afar lítinn tíma til að athuga málið, sjálfstæðismenn. En ég mundi nú nærri spyrja: Eru margar leiðir til, sem legðu meira á allan almenning í landinu en einmitt þessi, sem farin er? Ég veit, að fullkomin gengislækkun hefði kannske kunnað að koma þyngra við almenning í bili, nema aðrar hliðarráðstafanir yrðu þá gerðar í leiðinni, sem hefðu getað vegið þann aukna þunga upp og létt honum af almenningi. En það má enginn ganga þess dulinn, að hér er verið að leggja

alla þyngstu baggana á allan almenning í landinu.

Hæstv. ráðh. sagði: Frv. er spor og stórt spor í rétta átt. — Leyfist mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hvað á hann við með: rétta átt? Hvað meinar hann með því? Meinar hann algera gengisfellingu, eða meinar hann burt frá gengisfellingu? Ég veit, að ýmsir stuðningsmenn hans vilja vita þetta og raunar öll þjóðin.

Og loks sagði ráðh.: Menn verða að dæma um það, þegar reynslan fellur á, hvort menn vilja stíga sporið út. — Hæstv. ráðh. Ég spyr: hvert út? Ég spyr enn: hvað á hann við með að stíga sporið út? Á hann þar við endanlega og fullkomna viðurkenningu á falli íslenzks gjaldmiðils?

Það var ýmislegt fleira í ræðu hæstv. ráðh., sem gæti verið ástæða til að spyrja um. Ég skal þó ekki sérstaklega spyrja um það, m. a. af því, að ég mun síðar í ræðu minni koma að því í einu formi eða öðru, svo að honum gefst þá tækifæri til að segja sínar skoðanir um það og gefa þá þær frekari upplýsingar, sem hann telur eðlilegar.

Ég vil gera örstutta athugasemd einnig við ræðu hæstv. viðskmrh. Hann sagði, að þegar skilið hefði verið við bátagjaldeyriskerfið, sem hann nefndi, þá hefði það staðið í mikilli skuld. Það er nú alveg eftir því, hvernig menn vilja orða það, og tölur hans tek ég ekki alveg eins og þær væru beint úr biblíunni, fyrr en ég hef sannprófað þær, og ég veit, að hann skilur manna bezt, að það er ekki ástæða fyrir mig að gera það, blanda saman biblíunni og honum. En ég vil þó segja honum það, að þetta kerfi hefði auðvitað vel getað verið skuldlaust, ef hans núverandi starfsbræður hefðu ekki staðið á móti, að stækkaður væri bátalistinn, þannig að kerfið hefði getað velt ofan af sér.

Þá gat hæstv. ráðh. um hinar miklu vaxandi þarfir útvegsins. Ég leyfi mér að spyrja hann: Af hverju stöfuðu fyrst og fremst þessar vaxandi þarfir útvegsins? Ég svara því sjálfur: Þær stöfuðu fyrst og fremst af pólitíska verkfallinu, sem hann og aðrir samherjar hans stóðu fyrir vorið 1955 og þegar í stað leiddi af sér 13.2% hækkun á kaupgjaldi framleiðsluatvinnuveganna, sem þegar á því ári eða fyrir þau áramót, 1955, höfðu velt á sig nýjum kvöðum, þannig að útgjaldaaukinn var orðinn hvorki meira né minna en 22%. Fyrir þessu verkfalli stóð hann. Ég hef ekki fyrir því annað betra vitni en þann, sem nú heitir „Gregory"-bróðir með honum, þ. e. a. s. hæstv. fjmrh. Hann kvað ákaflega skýrt á um það, að öll bölvun stafaði frá kommúnistunum og fylgihnöttum þeirra, Alþýðuflokknum, í þessum efnum. Hann benti réttilega eins og ég á það, að þá hafði vísitalan staðið föst að heita mátti í ein 2—3 ár, að sparifjáraukning í landinu var mjög mikil og farsæl, að yfirleitt allar loftvogir í efnahagslífinu stóðu vel þegar þetta ógiftusamlega verkfall reið yfir, sem öllum hefur reynzt til mikillar bölvunar, — draugur, sem þá var kveðinn upp og hæstv. ráðh. var nú að berjast við upp á líf og dauða í sinni löngu ræðu áðan. Nú skilur hann það. Ég skal segja ykkur, að ráðherrastóllinn er ekki lítill gáfnagjafi, þegar slíkir vel gefnir menn eins og hæstv. ráðh. fá að setjast í hann. Þessi stóll kemur vitinu fyrir marga, úr því að hann er búinn að snarsnúa svona við heilanum í þessum hæstv. ráðh. og öllum hans þankagangi. (**Fjmrh.**: Það er verst að þeir tapa því aftur, þegar þeir fara úr honum.) Já, það er nú kannske þess vegna, sem þessi hæstv. ráðh. aldrei vill fara úr stólnum, því að hann veit, að hann hefur af litlu að má, og verður þá lítið úr honum, ef hann fer úr stólnum. Ég skil núna, af hverju hann er rígnegldur við botninn á ráðherrastólnum. Þetta er ein ástæðan, og önnur er sú, að hann er ekki alveg ómetorðagjarn. Það borgar sig aldrei að grípa fram í fyrir mér. Það ætti ráðh. að vita af langri reynslu. (Gripið fram í. — **Forseti**: Ekki samtal.) Nei, ekki samtal, ég má þó víst svara. Ég hélt, að það væri ráðh., sem ætti að þegja, og ég, sem ætti að tala, herra forseti. (**Forseti**: Ég nefndi ekki, hver ætti að þegja.) Nei, ég heyrði það, en „hann nefndi lamb og leit á mig."

Hæstv. viðskmrh. sagði, að við sjálfstæðismenn hefðum barizt miskunnarlaust á móti stöðvunarstefnunni, við hefðum skipulagt kauphækkanir í landinu. Ja, öðruvísi mér áður brá. Væri það nú ægilegur glæpur, ef við hefðum hjálpað einhverjum lágt launuðum mönnum til að fá einhverja kauphækkun? Væri það? Ekki var það áður en ráðh. kom í ráðherrastólinn. En svo er það auk þess gersamlega úr lausu lofti gripið, að við höfum verið að reyna að hafa áhrif á það. Það er ríkisstj. sjálf, sem ýmist hefur staðið fyrir þessum „leiðréttingum og lagfæringum" eða leyst þær kaupdeilur, sem risið hafa, með jákvæðum ráðstöfunum. Og í tilefni af því, að hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega flugmennina, skal ég benda honum á, að það er hann sjálfur og ríkisstj., sem varð þess valdandi, að þessir hæst launuðu menn fengu sínar kröfur og óskir uppfylltar með því að hækka að verulegu leyti þann hluta kaupgjalds þeirra, sem þeir taka í erlendum gjaldeyri. Þeir hafa sjálfir metið þessar hækkanir opinberlega og telja, að stjórnin hafi þannig útvegað þeim 35—40% kauphækkun, sem þó er miklu hærri.

Ekki réð ég því heldur, að Sambandið sýndi þá rausn, eftir að búið var að banna þessar kauphækkanir, að úthluta sínum mönnum 8 eða 10% í kauphækkanir. Ekki réð ég því, að farmennirnir fengju sínar kauphækkanir. Var það ég, eða var það hæstv. viðskmrh., sem sat hér í þinghúsinu dag eftir dag og sagði við þessa menn: Þið skuluð ekki samþykkja fyrstu till., sem kemur, því að það kemur önnur. Þið skuluð ekki heldur samþykkja aðra, því að þær verða þrjár. — Hann tafði sjálfur með því deiluna og endaði svo á því að fá hana leysta með því að hækka fragtirnar í landinu á kostnað lægst launaða fólksins jafnt og annarra.

Þannig eru öll dæmin. Ég nefni nú bara þessi dæmi, af því að þau liggja beinast við. Það eru svo aðrir, sem hér munu minnast nokkuð á, hverju aflabresturinn í landinu hefur valdið um getuleysi ríkisstj. og fjárskort. Ég hygg, að þá komi í ljós nokkuð aðrar myndir

en hæstv. ráðh. gat um. Einnig hygg ég að muni upplýsast, að varðandi innflutning á óþarfa, þá veldur þar ekki aðeins um, að stjórnin hafi viljað spara gjaldeyri í þeim efnum, heldur líka hitt, að þessi vara er orðin svo dýr, að fólk getur ekki leyft sér að kaupa hana óendanlega.

Hæstv. ráðh. sagði um meginstefnu þessa frv., að í því væri ekkert, sem bryti í verulegum efnum stefnuna, sem fylgt hefði verið fram að þessu. Hvað sögðu fjórmenningarnir um það í sinni till.? Ég á þar við Eðvarð Sigurðsson, Snorra Jónsson, Eggert Þorsteinsson og Óskar Hallgrímsson. Þeir sögðu, með leyfi hæstv. forseta:

„25. þing Alþýðusambands Íslands lýsti því yfir, að gengislækkun eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir kæmu ekki til mála sem úrlausn efnahagsmálanna. Þær ráðstafanir, sem nú er hugsað að gera, hafa á ýmsan hátt hliðstæð áhrif og gengislækkun. Hins vegar virðist tryggt, að þær hafa ekki í för með sér almenna skerðingu kaupmáttar vinnulauna á næstu mánuðum. Greinilegt er, að þessar ráðstafanir í efnahagsmálunum munu leiða til frekari verðbólguþróunar og eru því fráhvarf frá þeirri stefnu, sem 25. þing Alþýðusambandsins fagnaði og lýsti fylgi sínu við og efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambandsins síðan hafa ítrekað, þ. e. að stöðva verðþensluna. Ráðstafanirnar brjóta því í bága við stöðvunarstefnuna, er verkalýðssamtökin og ríkisstj. þá tóku höndum saman um. Efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambandsins vísa því frá sér þeim till. um ráðstafanir í efnahagsmálunum, sem nú liggja fyrir, þar sem þær eru ekki í samræmi við það, sem síðasta Alþýðusambandsþing heimilaði þessum aðilum að semja um."

Þessi hæstv. ráðh., Lúðvík Jósefsson, segir: Þetta er alveg sama stefnan og við höfum fylgt og engin veruleg frávik að minnsta kosti. — Þessir fyrrverandi og núverandi þm. flokks hans og Alþfl. segja þveröfugt. Þeir segja, að þessi stefna brjóti algerlega í bága við stefnuna, sem fylgt hefur verið, og mótmæla henni þess vegna. Mér þykir þessi hæstv. ráðh. gerast furðu djarfur, ef hann ber þessa menn þeim sökum, að þeir segi allir ósatt til um þetta. Þetta er skjalfest líka í blaði sjálfs hæstv. viðskmrh., og ef hæstv. ráðh. vill hafa eitthvað, sem ekki er þó farið að úldna, þá skulum við bara taka Þjóðviljann. Ég hef ekki þann alveg nýkomna úr bakaraofninum með mér, en hitt er ekki neitt kalt brauð, það er Þjóðviljinn í gær. Þar segir:

„Hinar nýju tekjuöflunarráðstafanir eru fráhvarf frá stöðvunarstefnunni. Þær munu hafa í för með sér verulegar verðhækkanir. Gert er ráð fyrir, að núgildandi vísitala muni hækka um 14—16 stig, þegar allt er komið fram. Verðbólguskriðan er sem sé komin í gang á nýjan leik. Að vísu eru þessar ráðstafanir mikið breyttar frá því, sem upphaflega var lagt til. Þær munu hafa mun vægari áhrif á lífskjör alþýðufólksins en gengislækkun sú, sem barizt var fyrir, og tryggt er, að lífskjörin skerðist ekki næstu mánuði. Engu að síður hljóta Alþb. og verkalýðshreyfingin að líta þessa þróun mjög alvarlegum augum. Í henni felst fráhvarf frá þeirri stefnu, sem skynsamlegust var og hagkvæmust alþýðu manna, og hér er aðeins um bráðabirgðaúrlausn að ræða, verðbólguþróun, sem óhjákvæmilega kallar á aðrar ráðstafanir og till. eftir tiltölulega stuttan tíma."

Svo mörg eru þau orð. Ég vona, að guð kommúnistanna festi þau djúpt í heila hæstv. ráðh., svo að hann komi ekki hér aftur og lýsi því yfir, að þessi stefna sé sama stefnan í öllum aðalatriðum og fylgt hefur verið. Eða er blað hans að fara með fleipur? Eru fjórmenningarnir, — þarna situr nú einn þeirra, mikill merkismaður, — er hann að fara með fleipur? Ég trúi nú engum andstæðinga minna alveg hundrað prósent, en ég trúi þessum andstæðingi mínum, sem þarna situr, miklu betur en hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. vék enn að því, sem hann oft miklast af, að honum hafi með sínum framúrskarandi dugnaði og afburða hæfileikum, samningalipurð og sérstaklega lipurð í að fara með sannleikann — samningalipurð og sannleikameðferðarlipurð — tekizt að hindra stöðvun um áramót á framleiðslutækjum, sem sé algerlega nýtt í sögu þjóðarinnar. Ég nenni nú ekki að vera að karpa um þetta. Menn vita, að það hefur verið undantekning á undanförnum árum, sem ég held að hafi tvisvar sinnum komið fyrir á þeim 10 árum, sem Sjálfstfl. fór með þessi mál, að stöðvun varð, annað skiptið fyrir beinan tilverknað kommúnista og hitt skiptið fyrir óbeinan tilverknað. En nú spyr ég hæstv. ráðh.: Ef það að hindra stöðvun er eina atriðið, sem máli skiptir, er hann þá viss um, að hann sé ekki að valda stöðvun með þessum ráðagerðum og þessu frv.? Mér barst áðan bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar sem þeir telja rofinn á sér samning og lýsa því yfir, að ákvæði þessa frv. muni valda stöðvun, a. m. k. ef ekki verða gerðar frekari ráðstafanir þeim til tryggingar. Þeir segja m. a.:

„Þá leyfum vér oss að geta þess, að fyrirsjáanlegt er, að með ráðstöfunum þeim, sem fyrirhugaðar eru með frv. þessu, muni sjávarútvegurinn og fiskvinnsla einnig stöðvast, verði ekki jafnhliða gerðar ráðstafanir til þess að útvega sjávarútveginum aukin stofnlán og rekstrarfé."

En rekstrarfjárskortur hefur hamlað útgerðinni að undanförnu, og fyrirsjáanlegt er, að þörfin fyrir rekstrarfé mun stóraukast við þessar ráðstafanir, sbr. greinargerðina.

Hefur ráðh. tryggt þetta aukna rekstrarfé? Ef ekki, þá liggur hér fyrir yfirlýsing um, að frv. þetta muni stöðva útgerðina. En auk þess segir í þessu bréfi:

„Minnstu bætur, sem jafngilda okkar samningi, og minnstu bætur, sem við komumst af með, eru ekki 80%, heldur 85%, og ekki 50% á síldina, heldur líka 85%."

Hvað segir hæstv. ráðh. um þetta? Hefur hann talað við þessa menn? Hann hefur gert samning við þá um áramótin, skriflegan, svo er guði fyrir að þakka fyrir þá. Og viðbót við þennan samning er send ráðh. með hans samþykki. Þar segir, að ríkisstj. megi ekki rýra gildi hans með neinum ráðstöfunum á árinu.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þessa ræðu, en ég hafði dálítið gaman af því, að þegar ég kom út áðan úr umr., þá sagði mjög greinagóður og gáfaður áheyrandi við mig: Hvernig er það með ræðuna hans Lúðvíks, hvar hef ég heyrt hana áður? — Og hann braut heilann, þangað til ljósið rann upp, og sagði: æ, nú man ég það, ég heyrði hann Eystein halda hana eftir verkfallið mikla. — Það er nú sagt, að hver dragi dám af sínum sessunaut. En að Lúðvík Jósefsson og Eysteinn Jónsson skuli vera orðnir ódýrar vasaútgáfur hvor af öðrum, það er meira en ég hefði haldið fyrir tveimur árum. Ódýrar vasaútgáfur, sagði ég.

Ég skal svo ekki að þessu sinni víkja fleiri orðum að þessum ræðum, sem hér hafa verið fluttar, og snúa mér að öðrum hliðum málsins.

Okkur sjálfstæðismönnum hefur gefizt mjög lítið færi á að grandskoða þetta flókna frv. Það eru óvenjulega mörg ný ákvæði í frv., og þarf að grandskoða það vel, ef menn ætla að komast ofan í kjölinn, enda hefur þetta tekið stjórnina marga mánuði.

Þegar ég var búinn að lesa frv. yfir, þá sagði ég: Hvað er eiginlega verst um þetta frv.? Er það efni þess? Eru það vinnubrögðin, sem við hafa verið höfð? Eða eru það sviknu loforðin, sem yfir því grúfa eins og svartur og draugalegur skýjaflóki?

Hæstv. forsrh. rauf stjórnarsamstarfið vorið 1956 með þau orð á vör eftir 9 ára stjórnarsetu hans sjálfs og flokks hans og eftir samfellda 6 ára fjármálastjórn hæstv. núverandi fjmrh., Eysteins Jónssonar, — með þau orð á vör, sagði ég, að þjóðin væri á eyðimerkurgöngu og fjárhagslegt og pólitískt sjálfstæði hennar riðaði á glötunarbarmi. Hæstv. forsrh. taldi sér ekki fært að bera ábyrgð á þessu ástandi lengur, og það er nú varla von, úr því að honum sýndist það svo. Hann vildi ekki bera ábyrgð á verkum Eysteins Jónssonar, stefnu hans og gerðum á undanförnum árum. Hann sagði, að hér yrði tafarlaust að brjóta í blað, snúa við frá helstefnunni, eins og hann orðaði það, helstefnu undanfarinna ára. Sjálfur treysti hann sjálfum sér langbezt til að vera leiðsögumaður út úr eyðimörkinni og yfir í hið fyrirheitna gósenland öryggis og hagsældar fyrir allan almenning í landinu. Hann sagði, að ef menn bara vildu fylgja sér, þá skyldi enginn missa spón úr sínum aski. Með algerri stefnubreytingu og varanlegum úrræðum í efnahagsmálunum skyldi vandinn verða leystur. Það yrði að gerast tafarlaust, sagði hann. Það yrði „tafarlaust að hætta öllum styrkjum og öllum niðurgreiðslum vegna þess,“ eins og hann orðaði það, „að niðurgreiðsluleiðin er engin frambúðarlausn, heldur hættuleg svikaleið, sem brátt hefnir sín.“ „Gegn þessum voða þarf þjóðin að rísa án tafar, ella er það of seint,“ svo að ég hafi yfir ummæli hæstv. ráðh. og blaðs hans. Gegn þessum voða, gegn niðurgreiðslunum, gegn uppbótunum verður þjóðin að rísa án tafar, ella er það of seint. Það eru tvö ár liðin síðan þessi ummæli voru viðhöfð og þessi fyrirheit voru gefin. Þau eru raunar tekin úr sjálfri kosningastefnuskrá flokkanna fyrir síðustu alþingiskosningar, 1956. Ég skal nú ekki að sinni hirða um að tilfæra fleiri af þessum ummælum, af því að þeir, sem hér eru inni, þekkja þau svo vel. Þjóðin þekkir að vísu mikið af þeim líka, en þó ekki eins vel og við, sem hér erum. Og það er auðvitað af mörgu að taka, jafnt af ummælunum og af fordæmingunni, — fordæmingunni yfir fyrri úrræðum Eysteins Jónssonar, já, og mín. Ég fylgi bara þar með í kaupbæti, því þegar hæstv. forsrh. talar, þá er hann auðvitað fyrst og fremst að deila á sinn vitra vin, núverandi fjmrh., sem mér hafði verið sammála um allt þetta. Ég sagði ekki samsekur, heldur sammála, því að við vorum ekki sekir, enda hefur enginn sýknað okkur betur en hann sjálfur, meðan hann var í góðra manna hóp.

En það var annar ráðh., sem einnig lýsti yfir einhverju svipuðu, svo að ég nefni nú bara einhvern, nefni t. d. þann, sem næstur mér er, hæstv. viðskmrh. Ég man áreiðanlega, þegar fyrrverandi stjórn í ársbyrjun 1956 lagði 100—150 millj. kr. nýja skatta á þjóðina. Þá var þessi maður nokkuð skeleggur. Þá vissi hann, hvað var verið að gera. Þá vissi hann, hvað svona skattar þýddu fyrir þjóðina. Hann sagði: Hér er ekki aðeins um að ræða einhverja stórfelldustu árás, sem gerð hefur verið á lífskjör vinnandi fólks í landinu, á Íslandi, heldur efnahagslegt glapræði, sem draga mun enn meiri ófögnuð á eftir sér. — Ekki minna en þetta kostuðu nú 100 milljónirnar þá: hatrömmustu árás og svívirðilegustu atlögu að almenningi í landinu og glapræði, sem mundi draga enn meiri ófögnuð á eftir sér. Fyrir 100 millj. fengum við þetta í þá daga.

Ég játa, að það voru fleiri ráðh., sem töluðu. Hæstv. ráðh. Hannibal Valdimarsson og Gylfi Gíslason, hæstv. menntmrh., rauluðu undir, en mér þykir engin ástæða að vera að hafa það yfir. Þetta er nóg, sem komið er. Sökudólgurinn, Eysteinn Jónsson, fjmrh. hæstv., mótmælti þessu öllu kröftuglega og af mikilli mælsku og miklu viti og hafði rétt fyrir sér í einu og öllu þá, það má hann eiga. Ég sé, að hann brosir hýrt til mín. „Á þér ástarauga, ungur réð ég festa“ — var það ekki?

Hæstv. ráðh. Eysteinn Jónsson færði þá sterk rök fyrir því, að rót meinsins væri öll hjá þeim, sem stóðu fyrir pólitíska verkfallinu. Hann er að vísu búinn að éta þetta allt ofan í sig og kingja því með flestu því bezta úr sinni fortíð, en það verður ekki við því gert, úr því sem komið er, nema hann geri bót yfirsjóna sinna og það heldur fyrr en síðar, og verður þó örðugt, hugsa ég. Í sem stytztu máli sagt: núverandi stjórn skráði þá á skjöld sinn: Það skal gripið fast, mjög fast í taumana. Og svikaleið niðurgreiðslnanna skal tafarlaust stöðvuð. Engar uppbætur, engar skattahækkanir. — Þetta tek ég orðrétt: „Engar uppbætur, engar skattahækkanir á almenning í einni eða annarri mynd, því að verkalýðnum ríður lífið á, að gengislækkun, lögbindingu kaups, vísitöluskerðingu eða nýju skattaflóði verði ekki með neinu móti fram komið á Alþingi.“ Þetta var boðskapurinn þá hjá form. Alþýðusambandsins, núverandi hæstv. ráðh.: Enga skatta, engar niðurgreiðslur.

Ég skal nú ekki hirða um að tilgreina fleiri loforð ríkisstj., að því þó einu viðbættu, að þann 7. okt. 1956 sagði hæstv. forsrh., að sérfræðingarnir hefðu staðfest allt hans mat á efnahagsafkomu þjóðarinnar og þar með, að þjóðin mundi steypast fram af glötunarbarminum, ef ekki yrði tafarlaust snúið við. Og svo bætti hæstv. ráðh. við: Það er prófsteinn stjórnarinnar, hversu tekst að leiða þjóðina út úr þeim ógöngum, sem alröng og tækifærissinnuð stjórnarstefna liðinna ára hefur leitt út á. — Þetta var dómur hæstv. forsrh. þá: Það væri prófsteinn á stjórnina, hvernig henni tækist að leiða þjóðina burt frá sköttunum, burt frá niðurgreiðslunum, burt frá uppbótunum, burt frá öllu því, sem nú er dregið við hún, — öllu. Ég skal ekki fjölyrða um þennan prófstein meira, um efndirnar eða öllu heldur svik stjórnarinnar, því að þjóðin veit öll, að í stað varanlegu úrræðanna fékk hún fyrst jólagjöfina svonefndu í árslok 1956. Það voru 300 millj. kr. í nýjum sköttum, auknar niðurgreiðslur fékk hún, uppbætur auknar og nóg af nýjum „svikaleiðum," sem stjórnin áður hafði talið, og enn stórfelldari „árás á lífskjör vinnandi fólks í landinu" en þekkzt hafði fram að þeim tíma, svo að ég haldi mig við orðalag hæstv. viðskmrh.

Í dag eru þjóðinni enn nýjar gjafir gefnar, og ég vil reyna að leitast við að gefa dálitla lýsingu á þessum nýju gjöfum, sem væri sannari en þær lýsingar, sem grg. frv. ber með sér og ræður hæstv. ráðh. hafa gefið. Ég verð þó að sjálfsögðu að láta mér nægja að drepa aðeins á örfá helztu atriðin, örfáa stærstu drættina og þá fyrst og fremst þá, sem almenningur á örðugast með að átta sig á. Aðrir sjálfstæðismenn munu svo fylla í skörðin og víkja að ýmsum fleiri hliðum á þessu flókna máli heldur en ég geri.

Varðandi útflutningsbætur á landbúnaðar- og sjávarafurðir og niðurgreiðslur landbúnaðarafurðanna læt ég að þessu sinni nægja að segja, að það má vel vera, að það kerfi, sem nú á að innleiða, geri nokkru einfaldari framkvæmdina en gert var með jólagjöfinni sælu, og það er út af fyrir sig kostur. Ég vil þó slá þann varnagla, eins og ég áðan gat um, að okkur sjálfstæðismönnum hefur ekki gefizt mikið rúm til að athuga málið, og enn fremur vil ég leiða athygli að því, að með ákvæðum frv. er ríkisstj. án afskipta Alþ. gefið mjög mikið vald til þess að ákveða uppbætur bæði á einstökum vöruflokkum og einnig aukabætur á smáfisk og fleiri vörur, sem tilnefndar eru í frv. Það er alveg stjórninni í sjálfsvald sett, hvernig hún ákveður það, a. m. k. ef hún telur sig geta rökstutt það með einhverjum frambærilegum greinargerðum.

Varðandi aftur tekjuöflunina til útflutningsbóta og niðurgreiðslna og hinna nýju yfirfærslubóta, sbr. 1. gr. frv., þá má segja, að um alger og mjög stórvægileg nýmæli sé að ræða. Þessi nýmæli eru mörg flókin, en á þeim stutta tíma, sem okkur sjálfstæðismönnum hefur gefizt til að athuga málið, virðist mér, að höfuðatriðin séu þessi:

Í fyrsta lagi, eins og mönnum er kunnugt, setti núverandi stjórn í árslok 1956 yfirfærslugjald, 16%, á ýmsar vörur, en helztu rekstrarvörur framleiðsluatvinnuveganna voru undanskildar. Auðvitað var þetta 16% gjald ekkert annað en gengisfelling, þótt í smávægilegum stíl væri. Stjórnin þorði bara ekki að nefna það það. Nú er stjórnin ekki lengur feimin, finnst mér, og þó að hún ekki beint nefni gengisbreytinguna, þá er þó grímunni alveg svipt af. Grímunni er svipt af, svo að nú getur enginn lengur efazt um, að hér er um ógrímuklædda gengisfellingu að ræða. Allt frv. er þannig samið og ber það með sér, að það er í verulegum mæli ógrímuklædd gengisfelling. Nú er stjórnin ekki að hika við hlutina, og nú eru það allar vörur — allar undantekningarlaust — sem eiga að vera háðar þessu gjaldi. Og gjaldið er ekki lengur 16%, heldur er það í öllum aðalefnum 55%, með því afviki, að vörur, sem nema kannske 10% af innflutningnum og þó varla það, eiga að vera með 30% gjaldi. Af þessu leiðir að sjálfsögðu stórkostlega verðhækkun á öllum vörum. Hún er mismunandi. Hún er minnst á þessum lægsta flokki, og það er kannske ofmælt að segja, að hún sé stórkostleg á honum. — En hún er mjög stórkostleg í öllum aðalefnum og á öllum notaþörfum eða rekstrarvörum framleiðsluatvinnuveganna. Og svo að menn átti sig á því, hversu gífurlega verðhækkun þessi dulbúna gengislækkun hefur í för með sér, þá þykir mér rétt að benda á, að auk þess, að menn verða nú að kaupa allan gjaldeyri fyrir 30% og þó að langsamlega mestu leyti fyrir 55% hækkað verð, þá er það nýmæli, að þar ofan á kemur, að tollgreiðslur til ríkissjóðs hækka stórkostlega af þessum ástæðum, því að samkvæmt frv. skulu tollarnir einnig lagðir á yfirfærslugjaldið. Hversu stórfelld áhrif þetta hefur, sjá menn bezt á því, að aðeins af þessari einu breytingu á tilhögun tollaálagningarinnar, sbr. 33. gr. frv., er ríkissjóði ætlað að hagnast á einu ári um 144 millj., sem ég held nú að verði raunar langtum meira en þar er greint. Enn fremur er áætlað skv. frv., að hækkun yfirfærslugjaldsins af innfluttum vörum ein út af fyrir sig gefi útflutningssjóðnum 452 millj. kr. nýjar tekjur, þ. e. a. s., að tekjurnar af þessum efnum hækki úr 128 millj. og upp í 580 millj. Þar eru þess vegna 450 millj. kr. nýjar álögur á þjóðina.

Þá vil ég í öðru lagi geta þess, að gengisfellingin eða yfirfærslugjaldið svonefnda af öðrum yfirfærslum en vörukaupum á skv. frv. að hækka úr 13 millj. í 253.5 millj., eða um 240.5 millj.

Í þriðja lagi er lagt á nýtt benzíngjald, sem samkvæmt frv. á að vera 62 aurar, en er miklu meira í raun og veru á lítrann, og er það talið gefa 24.6 millj. í nýjar tekjur.

Og í fjórða lagi er loks þess að geta, að innflutningsgjaldið helzt áfram, en samkvæmt 36. gr. er það talið lækka um 86 millj., en aukatekjurnar eiga að hækka um 15.9 millj.

Eftir þeim gögnum, sem okkur hafa verið afhent, bæði í frv. og af þeim sérfræðingum, sem hafa látið okkur skýrslur í té, og það er aðallega í gær og nokkrar á sunnudag, þá virðist heildarmyndin vera sú, að nýjar álögur á þjóð-

ina séu sem að framan greinir, alls 790.4 millj., sem skiptast þannig, að í útflutningssjóð renna 646.4 millj., en í hlut ríkissjóðs koma 144 millj. Mér þykir rétt að taka það fram, að um nokkurn hluta af duldu greiðslunum má deila, en það er líka það eina, sem hægt er að deila um. Og ég vil einnig benda á, að í grg. frv. er reynt að hylja heildarálögurnar, þ. e. a. s. villa mönnum sýn beinlínis með þeim rökum, að ekki beri að reikna til nýrra álagna hina stórfelldu skatta á rekstrarvörur útflutningsatvinnuveganna, og það með þeim rökum, að útflutningsbæturnar séu hækkaðar í samræmi við þessa nýju bagga á framleiðslunni. Þetta eru auðvitað alger tyllirök og villandi upplýsing, sem mér finnst ekki sæmileg, svo að ekki sé fastar að kveðið, því að auk þess sem alveg er ósannað mál, að auknu uppbæturnar jafngildi þessum nýju álögum, þá liggur alveg í augum uppi, að einstakar framleiðslugreinar og einstakir framleiðendur fá auðvitað ekki uppbætur, sem jafngilda hinum nýju álögum. Þannig getur t. d. vel svo farið, að það skip, sem þyngsta baggana ber af þessum nýju álögum, fái minnstar uppbætur úr sjóðnum. Þetta er stórkostleg röskun frá því, sem nú hefur verið. Það hefur að sönnu verið þannig, að því meiri afla sem menn hafa fengið, því meiri bætur fá þeir. En nú er það þannig, að þótt menn fái nauðalítinn afla, þá geta orðið lagðar á þá miklu þyngri kvaðir en hina, sem fá miklu bæturnar vegna mikla aflans, vegna þess, hve veiðarfærin, sem þeir geta notað alveg eins mikið af — vegna óhappa og annars — sem lítinn afla fá, hækka í verði með þessu móti sem og allar aðrar notaþarfir útgerðarinnar. Sama mun sjálfsagt vera hægt að finna dæmi um úr landbúnaðinum.

En að þessu slepptu, sem þó er aðalatriðið, þá stenzt auðvitað þessi meginhugsun alls ekki, að reyna að leyna því, sem lagt er á þjóðina, með þessum hætti. Það stenzt auðvitað alls ekki, því að það mætti þá alveg eins vel með sama þankagangi segja, að fjárlögin séu bara núll, og þá með þeim rökum, að tekjurnar komi allar frá þjóðinni, en öll útgjöldin renna auðvitað til þessarar sömu þjóðar. Svona hugsanagangur stenzt auðvitað engan veginn.

Ég vil nú leyfa mér til frekari fullvissu og til skýringar á sumu því, sem óupplýst er eða ekki nægjanlega upplýst í frv., að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. ríkisstj.:

1) Hverjar verða tekjur útflutningssjóðs eftir núverandi kerfi, og hverjar verða þær eftir frv.?
2) Hver er hækkun útflutningsuppbótanna, í fyrsta lagi til sjávarútvegsins, í öðru lagi til landbúnaðarins?
3) Hverjar eru forsendur þess, að hækka verður bæturnar?
4) Hefur Landssambandið samþykkt að breyta þeim samningi, sem ríkisstj. gerði við útvegsmenn um síðustu áramót, og ef svo er ekki, telur ríkisstj. þá heimilt að lögfesta stórfelldar breytingar á hinum umsömdu fríðindum án samþykkis Landssambandsins? Ég veit að vísu, eftir að ég samdi þessa spurningu, að Landssambandið hefur ekki samþykkt það, samkvæmt bréfi, sem mér barst áðan, en ég vil þó heyra ummæli hæstv. viðskmrh. um þetta.
5) Hefur Stéttarsamband bænda samþykkt frv. fyrir sitt leyti, og hvernig hljóðar yfirlýsing þess? Um það vitum við ekkert.
6) Er það rétt, að ríkisstj. hafi lýst því yfir við stjórn Alþýðusambandsins og 19 manna nefndina, að án samþykkis þeirra yrðu ráðstafanir þessar ekki gerðar? Mér virðist nú, að hæstv. forsrh. hafi gefið það fullkomlega í skyn og raunar meira. En ég vil gjarnan heyra um það yfirlýsingu.
7) Telur ríkisstj. yfirlýsingu Alþýðusambandsins og 19 manna nefndarinnar samþykki á frv. eða mótmæli gegn því? Hvort heldur?
8) Felur frv. í sér bann gegn kauphækkunum umfram hina lögbundnu hækkun samkvæmt frv.?
9) Ef svo er ekki, hefur ríkisstj. þá tryggingu fyrir því, að Alþýðusambandið beiti sér ekki gegn frekari kauphækkunum og einstök stéttarfélög hagi sér þá í samræmi við það?
10) Telur ríkisstj., að ráðstafanir þessar standist, ef frekari kauphækkanir verða en frv. gerir ráð fyrir?
11) Er tekjuöflun frv. miðuð við aðeins 5% kauphækkun eða einhverja vísitöluhækkun umfram 200 stig og þá hve mikla?
12) Er gert ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum, eða ætlar ríkisstj. sér að greiða niður að einhverju leyti væntanlegar verðhækkanir og þá hverjar og að hve miklu leyti?
13) Hvað er gert ráð fyrir mikilli hækkun framfærsluvísitölunnar til næstu áramóta? Það virðist vera upplýst nú af ræðum ráðh., að það verði 14—17 stig. Það væri náttúrlega fróðlegt að vita, hvort heldur er.
14) Hve mikið af tekjuþörf útflutningssjóðs og ríkissjóðs stafar af kvöðum vegna hinna nýju álaga samkvæmt frv.?
15) Er það rétt, að vegna þessa frv. hækki verðlag á helztu lífsnauðsynjum geigvænlega, t. d. að kaffi, sykur og kornvörur eigi að hækka um 15%, að sement eigi að hækka um 30%, að timbur eigi að hækka um 29%, að benzín eigi að hækka úr kr. 2.09, eins og það nú ætti að vera, upp í kr. 2.90, að olían muni hækka um 24%? Og hvað mundi þá hækka t. d. fóðurbætir, tilbúinn fatnaður, vefnaður og aðrar slíkar vörur?
16) Hver verður hækkun á rekstrarvörum landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar samkvæmt frv.?
17) Ætlar ríkisstj. sér að draga úr verklegum framkvæmdum ríkisins sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af frv.?
18) Telur ríkisstj. þessar ráðstafanir leysa vanda útflutningsatvinnuveganna og ríkissjóðs til frambúðar?
19) Eru þessar till. ríkisstj. í samræmi við till. útlendu eða innlendu sérfræðinganna, sem unnið hafa að rannsóknum efnahagsmálanna á vegum núv. ríkisstj., og ef svo er ekki, í hverju er þá munurinn fólginn?

Og loks vil ég spyrja: Ætlar ríkisstj. sér að birta almenningi eða a. m. k. Alþingi álitsgerðir

og till. sérfræðinganna, ekki útdrátt, heldur í heild, a. m. k. alþm.?

Ég vænti nú, að hæstv. ríkisstj. svari þessum spurningum í meginatriðum. Ég ætlast ekki til, að menn geri það í dag endilega, en að n. fái þá upplýsingar um það, þegar hún vinnur að málinu.

Ég tel nú, að menn geti áttað sig á því, sem að þjóðinni er rétt, þ. e. a. s. efndunum á fyrirheitunum, sem ríkisstj. hafði gefið, þ. e. á því, hvort búið sé að „leiða þjóðina út úr eyðimörkinni", „burt frá niðurgreiðslunum og uppbótunum, sköttunum og bráðabirgðaúrræðunum" yfir í hið fagra gósenland.

Það, sem skeð hefur, er nefnilega ekki það, að horfið hafi verið frá þeirri stefnu, sem var lýst sem feigðargöngu, heldur hitt, að hert hefur verið á göngunni. Fyrst leggur þessi stjórn, sem lofaði að leggja enga nýja skatta á þjóðina, 300 millj. kr. nýja bagga á hana í árslok 1956. Þar næst hefur hún mjög skert kjör alls almennings, sem hún lofaði að bæta, bæði með 6 stiga vísitöluskerðingunni, með því að halda niðri vísitölunni á kostnað almennings um 9 stig, sem gert hefur verið, og þó einkum með því að leyfa verðlaginu í landinu að hækka mjög mikið, án þess að menn fengju bætur í vísitölunni, og það er auðvitað þar með framkvæmd stórfelld fölsun á vísitölunni. Og þetta er auðvitað allt gert á kostnað launþeganna, sem ríkisstj. taldi sig myndaða til þess að vernda, — ekki til að níða, heldur til að vernda. Ofan á þetta bætist svo, að nú á að rétta að þjóðinni 790 millj. kr. nýja skatta, 14—17 stiga nýja vísitöluhækkun, stórfelldar verðhækkanir allra nauðsynja. Geigvænlegri nýrri verðbólguskriðu er hrundið af stað, eins og blað hæstv. viðskmrh. hefur komizt að orði. Loks er svo lögbundið kaupgjald, a. m. k. önnur hlið þess, og er þá ótalin hin stórfellda gengislækkun.

Með þessum hætti er sú stjórn, sem lofaði að girða fyrir nýjar skattaálögur á þjóðina, búin á tæpum tveimur árum að leggja á þjóðina nýja skatta að upphæð 1100 millj. kr. Fjárl. eru á milli 7 og 8 hundruð milljónir til samanburðar. Og auk þess er búið að fella gengið og eins og ég sagði að hrinda af stað nýrri verðbólgu, svo að aðeins séu nefndir stærstu drættirnir í myndinni, sem við okkur blasir.

Mér þykir aðeins rétt að vekja athygli hinna vinnandi stétta, sem ríkisstj. segist nú hafa gefið alla ást sína og trúnað, á því, að þegar stjórnin var ung og saklaus, þá sagðist hún mundu láta burgeisana borga brúsann. Kannast nokkur maður við það, að burgeisarnir áttu að borga brúsann? Hverjar eru efndirnar?

1956, þegar 300 millj. voru á lagðar, þá gleymdist þetta að sönnu. En þó var það djásn látið prýða höfuð stjórnarinnar, að nauðsynjum almennings væri í öllum aðalefnum hlíft. En nú eru komin ný brandajól, og nú er sett upp ný kóróna, — gamla djásninu hent út á haug, ný kóróna er sett upp og ný kjörorð letruð á skjöld ríkisstj. Og nú eru það ekki lengur burgeisarnir, sem eiga allt að borga, — alls ekki. Nú eru það nefnilega hinar vinnandi stéttir svokölluðu, sem eiga að bera nær allan þungann. Það eru hinar fjölmennu stéttir, sem eiga að borga brúsann. Nú er það kaffið, nú er það sykurinn, matvaran, byggingarefnið, byggingarkostnaðurinn á öllum sviðum og rekstrarvörur framleiðslunnar, sem herskyldan og kvaðirnar eru lagðar á, og nú er það hin fjölmenna stétt, — hin efnalitla fjölmenna fylking, sem mest hefur verið svikin, — nú er það hún, sem á að gjalda ríkisstj. skattgjaldið með því að bera meginþungann af þessum nýju 790 millj. kr. sköttum, sem lagðir eru á þjóðina. Og þetta er ætlazt til að hún geri, svo að blessuð stjórnin, stjórn hinna vinnandi stétta, falli nú ekki. Það er auðvitað mikils virði. Ég veit nú satt að segja varla, hvort þetta er raunalegra en það er hlægilegt, — ég veit það ekki. En svona skrípaleikur eins og hér hefur verið leikinn með ást til alþýðunnar á vörum, með loforð, sem eru svikin næstum fyrr en þau eru gefin, hann hefur aldrei verið leikinn í íslenzku stjórnmálalífi fyrr eða síðar.

Ég segi eins og er, að ég tel erfitt að gera sér fulla grein fyrir, hvernig á að stýra út úr þeim ógöngum, sem nú hefur verið stefnt í fyrir beinan og óbeinan tilverknað ríkisstj. Ég tel erfitt að gera sér, án frekari gagna, fulla grein fyrir því, eins og nú er komið. Og ég skal því ekki að þessu sinni ræða frekar um efnishlið málsins. En ég veit ekki, svo bág og bölvuð sem efnishliðin er, hvort formshliðin, þ. e. a. s. vinnubrögðin, sem við hafa verið höfð, eru miklu betri, nema verri séu. Verð ég þess vegna að víkja nokkuð að þeirri hliðinni.

Stjórnin hefur nú unnið að þessum málum í nær tvö ár, og það verður maður að játa að er seinagangur af hendi þeirra manna, sem lýstu yfir í öndverðu, að nú yrði „tafarlaust að brjóta blað í íslenzkri stjórnmálasögu og stefna í þveröfuga átt við það, sem gert hafði verið". Það er mikill seinagangur að þurfa tvö ár til að kúvenda á slíkri göngu fyrir þá, sem vissu, að kúvendingin var slík lífsnauðsyn fyrir þjóðina.

Síðan í desember hafa sérfræðingar undir forustu Jónasar Haralz hagfræðings unnið að þessu máli, og eftir því sem hann hefur tjáð okkur, þá skilaði þessi n. áliti 18. marz s. l. Ríkisstj. hefur þess vegna haft þetta mál milli handa án þess að vilja segja okkur til eða frá um þær upplýsingar, sem hún hafði, í nær tvo mánuði. Á þessum tveimur mánuðum hefur þó verið rætt við ýmsa aðra aðila. Útgerðarmenn segja, að við þá hafi verið rætt, en af þeim teknir helgir eiðar um, að þeir létu ekki nokkurn mann vita neitt af því, sem um var rætt. Enn fremur vita menn, að seinasta hálfa mánuðinn hefur verið rætt við 6 manna nefndina svonefndu og 19 manna nefndina og Alþýðusambandsstjórnina, þ. e. a. s. fyrst eru það sérfræðingarnir, sem rannsaka málið, svo er það ríkisstj., sem setur upp gleraugu og kíkir á málið, og svo er „valdhöfunum" sent málið, þ. e. a. s. sexmenningunum og 19 manna nefndinni, mönnunum, sem eiga að ráða því. Fyrir þessum valdhöfum kraup svo ríkisstj., eins og allir vita, lengi og bað um náð. Hún bað þá fyrst um að fylgja þessu máli, veita því stuðning, en ef það væri ómögulegt, hvort þeir vildu þá ekki lýsa yfir, að þeir a. m. k. skyldu ekki

vinna gegn því. Og eftir því sem ég hef heyrt og vil gjarnan fá það staðfest, þá var því lýst yfir í þennan hóp, að ef hann ekki leyfði stjórninni að flytja málið, þá yrði það ekki flutt. Það er líka alveg í samræmi við það heiti, sem þeir hafa fengið hér í landinu, „yfirstjórn yfir Alþingi", „hinir raunverulegu valdhafar". Og ég vil biðja menn að athuga, að það er ekki fyrr en sérfræðingarnir eru búnir að fjalla um málið, sem er eðlilegt, það er ekki fyrr en stjórnin er búin að kynna sér málið, sem er eðlilegt, en það er heldur ekki fyrr en 19 manna nefndin er búin að leyfa stjórninni að leggja frv. fram, sem „52 manna nefndin", þ. e. a. s. Alþingi Íslendinga, fær að heyra um málið. Og þegar mér loks tókst að fá 4 eða 5 eintök á laugardaginn var af þessu frv., þá var ég eiðsvarinn að láta engan um það vita nema þingmenn Sjálfstæðisflokksins, af því að „þingmenn stjórnarflokkanna væru ekki einu sinni búnir að fá það." Þeir eru líka bara í „52 manna nefndinni", vesalingarnir, — Alþingi Íslendinga.

Ég viðurkenni, að það er ósköp eðlilegt, að ríkisstj. hafi vissa leynd um meðferð svona mála, það er þjóðarnauðsyn, en leynd með þessum hætti er ekki þjóðarnauðsyn, heldur þjóðarskömm. Og ég vil bara spyrja menn: Á hvaða braut erum við með þessum hætti, þegar þannig er búið að flytja úrslitavaldið í þjóðmálunum út fyrir þessa veggi, út fyrir veggi þinghússins, og afhenda það vissum stéttarsamtökum í landinu? Á hvaða braut erum við? segi ég, og ég svara sjálfur: Með þessum hætti er geigvænleg hætta færð yfir þjóðina. Það eru löglega kjörnir alþingismenn þjóðarinnar og löglega kjörinn forseti þjóðarinnar, sem með þetta vald eiga að fara í sameiningu, eins og stjórnarskráin kveður á um. Og þeir, sem kaupa sér völd og tryggja sér stjórnarforustu eða stjórnarsetu með því að greiða fylgi kommúnista því verði að afhenda þeim stéttarsamtökum, sem þeir hafa yfirráðin í, það vald, sem Alþingi og forseta landsins ber að fara með, þeir hafa framið svik við þjóðina og teflt lýðræði, þingræði, frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar í voða. Þetta finnst mér alvarlegast af öllu því, sem hér er að ske. Og ég veit, að hæstv. ráðh. sumir hverjir eru bæði það greindir menn og það samvizkusamir, að undir niðri hrýs þeim hugur við því, sem þeir eru nú búnir að gera. Ég veit það. Ég hygg, að forsrh. hæstv. sé þar engin undantekning, þótt hann hafi ekki sagt mér neitt um það.

Það er svo annað mál og þessu alveg óskylt, að sérhver stjórn í landinu vill hafa sem bezt samstarf við umboðsmenn launþeganna. Það er ósköp eðlilegt. Það er auðvitað langfarsælast að geta komið málum þannig fyrir, að góð samvinna sé á milli launþeganna, að ég nú ekki nefni hið volduga Alþýðusamband, og ríkisstjórnar landsins. Þessa getur enginn gengið dulinn, sem hefur þurft að fást við stjórnarstörf í landinu. En það er allt annað mál og því óskylt, hvort menn vilja afhenda þessum aðilum hið raunverulega vald, þannig að þingmenn fái ekki að sjá fyrirmæli, sem þeir eiga þó á eftir að ljá höndina til að lögfesta eða í hæsta lagi mega nota munninn til að mótmæla, fyrr en hinir aðilarnir eru búnir að „leyfa" stjórninni að flytja það.

En nú spyr ég: Hvað var það svo í raun og veru, sem skeði í þessum hæstarétti? Hvað var það, sem skeði þar? Var stjórninni leyft að gera þetta? Var henni leyft að flytja frv., eða var henni bannað það? Eins og stjórnarblöðin, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn, segja frá þessu, þá er það a. m. k. mjög hæpið, að stjórnin hafi fengið „innflutningsleyfi", þ. e. a. s. leyfi til að flytja frv. hérna inn á þing. Þeir skyldu þó ekki hafa smyglað þessu inn? Um þetta ríkir a. m. k. óvissa. Fjórmenningarnir, sem ég gat um, þeir Eðvarð Sigurðsson, Snorri Jónsson og Óskar Hallgrímsson, að ógleymdum hinum allra merkasta, Eggert Þorsteinssyni, sem hér heyrir á mig og þar af leiðandi er langmerkastur af þeim, mótmæla eindregið og segja, eins og ég áðan gat um, með leyfi hæstv. forseta: „að efnahagsmálanefndin og miðstjórnin vísi frá sér þeim till. um ráðstafanir í efnahagsmálunum, sem nú liggja fyrir, þar sem þær eru ekki í samræmi við það, sem síðasta Alþýðusambandsþing heimilaði þessum aðilum að semja um". Þetta eru mótmæli skýr og greinileg. Og jafnvel sjálf till., sem var samþykkt, er í raun og veru efnisleg mótmæli, þó að það megi kannske túlka hana með mesta velvilja sem góðviljaðir menn séu að uppfylla vesala bón ríkisstj. En hvernig fór svo um þessa till., sem ég var að lesa upp? Hvernig fór um sjálfa aðalmótmælatill.? Það fór þannig um hana skv. upplýsingum stjórnarflokkanna í blöðum þeirra, að hún var felld með 14 : 15 atkv. Þegar búið var að fella hana, var hin till. samþykkt með 16 atkv., ég held gegn 1, og 12 sátu hjá. Mér er nú sagt, að það séu ekki nema 28 aðilar, sem atkvæði hafi á þessari samkundu. Mér er sagt það. Og mér var líka kennt, þegar ég var ungur, að 14 og 15 væru 29. Og hvaðan í ósköpunum þessi eini hefur komið, veit ég ekki. Ég veit að vísu, að einn af þeim, sem björguðu stjórninni með atkvæði sínu, var hæstv. félmrh., forseti Alþýðusambandsins. Þar átti hún sannarlega hauk í horni, sem þar greiddi atkvæði með sjálfum sér, en á móti öllum helztu verkalýðsforingjunum á Íslandi, þ. e. a. s. þeim, sem fara með umboð langsamlega flestra þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. En hvaðan kom þá sá eini? Ja, þegar liðsbón stjórnarinnar var að falla, þá var byrjað að síma út um allt land eftir liðsauka. Allt kom þó fyrir ekki, þar til stjórnin mundi eftir, að í Breiðdalsvík var líka eitthvert félag, sem talizt gat atkvæðisbært. Þangað var strax símað og beiðzt hjálpar. Strax var skotið á fundi. En atkvæði reyndust jöfn, þar til Gudda gamla í Breiðdalsvík rakst inn. Hún vildi styðja Eystein sinn og líka Lúðvík sinn. Og Gudda skar úr. Mér var sagt þetta. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti, að Gudda gamla í Breiðdalsvík hefði skorið úr um, svo að þetta 29. atkvæði náðist. (**Fjmrh.**: Nú hefur einhver verið að spila með þig.) Ja, það er ekki vafi. Mér finnst svo afskaplega ósennilegt, að þið séuð að sexmenna þarna á bakinu á henni Guddu gömlu í Breiðdalsvík, ríkisstjórnin. Það er ekki trúlegt. En einhvers staðar að kom nú þetta 29. atkvæði.

Ofan úr skýjunum eða neðan úr helvíti. Hvaðan veit ég ekki. En ég stend fastur á bókstafnum, að 14 og 14 eru 28 og 14 og 15 eru ekki 28, því stend ég fast á.

En svo að við höldum okkur að hinni þungu alvöru þessa máls, þá segi ég, að það er a. m. k. vafi, hvort hinn sanni valdhafi hefur veitt „innflutningsleyfi" hingað á þingið. Sannleikurinn er, að umboðsmenn 80% verkalýðsins sögðu nei, en umboðsmenn aðeins 20% sögðu já. Þetta er ekki að samþykkja, heldur að fella, samkvæmt öllum réttum lýðræðisreglum.

Stjórnin taldi þetta samþykkt, og þá og þá fyrst þorði hún að afhenda okkur þm. frv. Það er þá þannig komið fyrir stjórn hinna vinnandi stétta, sem sagðist í raun og veru í öndverðu ekkert vera nema eins konar verkfæri verkalýðsins, gera bara það, sem sér væri sagt. Ég man ræðuna, sem hæstv. forsrh. flutti í ágúst 1956. Ég hef ekki heyrt annan eins kærleika og aldrei aðra eins auðmýkt og allra sízt frá annarri eins höfuðkempu og hæstv. ráðh., eins og lýsti sér í þeirri ræðu. Ég gat ekki betur merkt en hann væri þarna allur einar biðilsbuxur og á hnjánum, hlaðinn kærleika til þessara stétta með fyrirheit á vörum, að hann skyldi aldrei gera neitt nema það, sem þeir segðu honum að gera eða lofuðu honum að gera a. m. k., en helzt ekki nema það, sem þeir segðu honum að gera. Þannig er þá komið fyrir þessari stjórn. Allur þorri verkalýðsins hefur mótmælt þessu, sem verið er að gera, í gegnum umboðsmenn þeirra, sem fara með langsamlega mesta valdið, því að það eru formenn hinna stærstu félaga, sem hafa neitað, og formenn hinna smæstu, sem hafa játað. Það er þess vegna ekki höfðatölureglan, sem gildir hérna. Hún var nú í gildi einu sinni, ef ég man rétt. Nei, það er ekki höfðatölureglan, sem gildir. Það er að berjast einhvern veginn fram úr þessu, svo að maður undir fölsku yfirskini geti látizt hafa fylgt þeim, sem maður hét tryggðinni, þ. e. a. s. verkalýðnum. Ég er ekkert að hallmæla stjórninni fyrir það, að hún fer ekkert eftir því, sem þessi verkalýður er að segja þarna í þessum efnum. Ég er ekkert að hallmæla henni fyrir það. En ég er að hallmæla henni fyrir að vera að lofa þessu og svíkja það svo.

Það er þannig komið fyrir stjórninni, að hún hefur mótmæli alls þorra verkalýðsins. Og hún hefur með hæpnum aðferðum talið sig hafa e'ns atkvæðis meiri hluta. Allir vita, að einn af þeim, sem voru með stjórninni, var hæstv. félmrh. og svo Gudda annar. En sjálfur lýsir verkalýðurinn yfir, að það sé þverbrotin stefnan, sem hann lofaði fylgi. Þverbrotin sú stefna, sem stjórnin taldi sig byggða á eða myndaða til að framkvæma, að prófsteininnn, sem stjórnin taldi sjálf að ætti að sanna, hvort hún mætti lifa eða deyja, sé mölbrotinn í höndunum á henni, — þetta telur allur verkalýðurinn, — orðinn að smámylsnu. Ofan á þetta er augljóst orðið, að það, sem hæstv. forsrh. segir að verkalýðurinn mótmæli, Alþýðusambandið mótmæli, gengisfellinguna, er stjórnin nú búin að leggja fyrir Alþingi til staðfestingar. Og enginn, sem hlýddi á ræðu hæstv. forsrh., gat komizt hjá að skilja, að hann var að meina það, að þetta væri ekki aðeins áfangi, heldur risavaxinn áfangi á leiðinni að fullkominni gengislækkun. Það getur enginn misskilið það, og ég endurtek fyrirspurn mína: Meinar hæstv. ráðh., að hér sé um verulega gengisfellingu að ræða gegn mótmælum verkalýðssamtakanna, eða meinar hann það ekki? Stórfellda gengislækkun, sagði ég, og svo nýja verðbólguskriðu.

Þetta er þá árangurinn, sem hefur náðst með öllum þessum aðferðum, sem ég kemst ekki hjá að víta stjórnina verulega fyrir, þegar hún þannig hefur flutt þungamiðju valdsins frá Alþingi og yfir til annarra, sem að sönnu eru vel þess verðugir, að þeirra hagsmuna sé vel og vendilega gætt, en þingið hefur ekkert leyfi til að afhenda það vald, sem kjósendurnir hafa falið Alþingi og forseta landsins að fara með.

Ég veit vel, að stjórnin hefur og mun reyna að hylja nekt sína með því að stagast á því, að Sjálfstfl. hafi ekki borið fram sérstakar till. til úrbóta í þessum efnum, heldur höfum við aðeins látið okkur nægja að deila á ríkisstj. fyrir allt hennar fálm, úrræðaleysi, brigðmælgi við sín fyrirheit. En ég held, að við nánari athugun hljóti menn að komast að raun um, að þetta er haldlítill skjöldur fyrir ríkisstj. Það eru í fyrsta lagi núverandi stjórnarflokkar, en ekki við sjálfstæðismenn, sem gáfu um það skýlaus fyrirheit að leysa efnahagsvandamálin þegar í stað, eins og þeir gerðu eftir stjórnarmyndunina, eftir algerlega nýjum leiðum og með varanlegum úrræðum og án þess að skerða kjör nokkurs manns, svo að ég endurtaki það enn og æ. Í öðru lagi hefur Sjálfstfl. fyrir löngu gert sér fulla grein fyrir því, að í þessum málum, eins og komið er, þá er ekkert einhlítt ráð til, sem lækni meinið. Og ég get alveg fullvissað hæstv. forsrh. um það, að hann skal ekki reyna að leika þá list að ætla að gera þetta með einu pennastriki, úr því að honum miklu — hvað á ég að segja — fimari maður gat ekki brúkað pennastrikið eins og þurfti. Og út af þessu eilífa tali um pennastrikið vil ég nú aðeins minna á það, að pennastrikssagan er, ef ég man rétt, þó að hún komi þessu ekki við, þannig til komin, að þegar við lifðum okkar blómatíð, Alþfl., kommúnistarnir og sjálfstæðismennirnir á dögum nýsköpunarstjórnar, sem vann þau afrek, sem jafnvel þessi — ég bið hæstv. forseta að afsaka fyrir fram — þessi auma stjórn lifir á, — þegar við unnum þau afrek, þá sagði Framsfl.: Við viljum ekki kaupa nein framleiðslutæki, fyrr en búið er að lækka kaupgjaldið, þannig að framleiðslutækin fái borið sig. Ég sagði hins vegar: Við skulum afla þessara fullkomnustu tækja. Við skulum reyna á, hvað þau þola, og allir sýna svo þegnskap í því að miða kaupgjaldið við gjaldþol þessara stóru, miklu og fullkomnu tækja. Ef menn vilja þetta og standa saman um það, þá er hægt með einu pennastriki að fjarlægja hættu verðbólgunnar. — Þetta var ekki gert, og framsóknarmennirnir eru um það alveg jafnsekir og við. Þeir hafa staðið í því að kaupa ný og miklu dýrari tæki, eftir að kaupgjaldið hafði ekki lækkað, heldur hækkað og jafn-

vel margfaldazt, en þá voru þeir líka komnir í stjórn sjálfir. En í fyrra skiptið höfðu þeir orðið af sporvagninum og vagnstjórinn einhvern veginn farið af stað, án þess að þeir væru búnir að fá sér sæti, framsóknarmennirnir. Það man ég. Þeir fyrirgáfu mér það nú seint og gera það víst aldrei. Nei, við erum löngu búnir að gera okkur grein fyrir því, að það eru engin töfraráð til í þessu.

Sjálfstfl. hefur marglýst þeirri skoðun sinni, að frumskilyrði þess, að jákvæður árangur náist, er, að fullkomnar upplýsingar liggi fyrir um allt efnahagsástand þjóðarinnar, en að síðan sé á grundvelli þeirra staðreynda, sem þar eru upplýstar, hverju sinni beitt þeim úrræðum, sem við þær sérstöku ástæður þykja hyggilegust. En hér á Íslandi og víða erlendis er það svo, að enginn annar en sá, sem ræður yfir ríkiskerfinu, á aðgang að þeim málsatriðum, sem rannsaka þarf. Það vita einnig allir, sem hér eru inni.

Stjórnarliðar hafa þá líka fallizt á þessa skoðun okkar alveg opinberlega. Það sést m. a. á ummælum foringja þeirra, hæstv. forsrh. Þau eru birt í Tímanum 20. fyrra mánaðar, en þar segir hæstv. forsrh. frá því, að um langan tíma hafi verið unnið látlaust að þessum málum. Síðan bætir hann við orðrétt: Fram hefur farið mjög ýtarleg athugun á öllu fjárhagskerfinu. Sérfræðingar undir forustu Jónasar Haralz hagfræðings hafa fjallað um þá rannsókn og lagt skýrslu fyrir ríkisstj. Má segja, að nú liggi alveg ljóst fyrir, hvernig ástandið er svo og hver áhrif einstakar aðgerðir til leiðréttingar og úrbóta komi til með að hafa. Þá er það ríkisstjórnarinnar, stuðningsflokka hennar og loks Alþingis í heild að velja þær leiðir, sem heppilegastar eru og færar eru taldar. — Þetta eru orð hæstv. forsrh. sjálfs. Sá, sem þetta mælir, játar alveg réttilega og alveg hiklaust, eins og ég er ekkert óvanur af hendi hæstv. forsrh., að það sé ekki fyrr en margir hæfir hagfræðingar, sem aðgang eiga að öllu ríkisbókhaldinu og geti þess vegna rannsakað öll gögnin, séu búnir að rannsaka allt fjárhagskerfið og semja skýrslur um þá rannsókn, að auðið sé yfirleitt að gera sér skynsamlega grein fyrir málinu. Má segja, að nú, segir hæstv. forsrh., þ. e. a. s. að fengnum þessum upplýsingum og nú fyrst, sé auðið að gera sér skynsamlega grein fyrir, hver áhrif einstakar aðgerðir til leiðréttingar og úrbóta komi til með að hafa, og þá og þá fyrst, þegar þetta liggur fyrir, komi til kasta stjórnarinnar og Alþingis.

Hér segir hæstv. ráðh. alveg hið sanna. Hann hittir naglann alveg á höfuðið. Hann segir: Fyrst þurfum við að halda á meiri fróðleiksmönnum í þessum efnum en við erum sjálfir. Við þurfum að kalla til meiri og vitrari menn á þessu sviði, menn, sem hafa meiri þekkingu á þessu sviði heldur en við höfum sjálfir, og opna fyrir þeim öll þau gögn, sem við ráðum yfir sem handhafar ríkisvaldsins, og láta þá rannsaka þetta allt saman. Þegar þeir svo eru búnir að semja sínar skýrslur, þá eiga þeir að afhenda okkur þær, við að kynna okkur þær, við að fá fullar skýringar á einu og öllu hjá þessum sérfræðingum. Svo er það ég, Hermann Jónasson, og mínir samstarfsmenn og Alþingi Íslendinga, sem hefur valdið. — Þetta er alveg rétt. Hann vantar þekkinguna, næga, eins og mig, en hann hefur valdið og það í dag meira en ég, þó að skömm sé frá að segja, en valdið hefur hann. En hann segir: Ég vil ekki nota þetta vald, fyrr en ég fæ stuðzt við þekkinguna. — Þetta er alveg rétt: Fyrst rannsókn, svo ákvörðun. Þessi dómur ráðherrans er málefnalegur, og hann er réttur, en hann er þá um leið endanlegur og óáfrýjanlegur dauðadómur yfir þeim, sem hafa verið að krefjast þess af Sjálfstfl., að hann legði fram úrræði til lausnar á efnahagsvandanum, fyrr en gögnin hafa legið fyrir og Sjálfstfl. hefur haft nægjanlegan tíma til að rannsaka þau, sjá þau, ekki bara í frv.-formi, ekki með tveggja tíma viðtali við viti borna og ágæta hagfræðinga, bæði hagstofustjórann og Jónas Haralz hagfræðing, heldur með langri rannsókn á sjálfum gögnunum, eins og ríkisstj. hefur haft á þessum málum. Það eru 2 mánuðir síðan hún fékk tillögurnar. Á þeim 2 mánuðum hefur hún verið að yfirheyra þessa menn. Ég er ekkert gáfaðri maður en Hermann Jónasson eða hinir, og ég þarf meira en 2 tíma til þess að læra það, sem hann gat ekki lært á skemmri tíma en tveimur mánuðum. Það þarf ég. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Gögnin verða að liggja á borðinu og verða að rannsakast, og mönnum verður að gefast kostur á að rannsaka þau, áður en er hægt að heimta af þeim tillögur. En það vita allir, að öllu hefur þessu verið leynt fyrir okkur sjálfstæðismönnum eins og mannsmorði alveg fram á síðustu stundu. Okkur hefur þess vegna algerlega skort þá aðstöðu og skortir enn, sem forsrh. hæstv. telur frumskilyrði þess, að auðið sé að gera skynsamlegar till. til úrbóta.

Ég vil benda á, að stjórnin hefur ekki látið sér nægja að leyna okkur upplýsingunum, sem hún taldi frumskilyrði fyrir því, að hún gæti sjálf myndað sér skynsamlega skoðun og gert sér grein fyrir, hver áhrif einstakar aðgerðir hefðu. Hún hefur einnig á allan hátt reynt að villa okkur sýn og það jafnvel svo, að sjálf grg. er sýnilega samin í því skyni, að þjóðin fái skakka mynd af því, sem verið er að gera, að hún fái ekki að vita, hverjar þarfirnar eru og hversu mikla nýja skatta á að leggja á hana. Nei, þessu til viðbótar hefur stjórnin fleira gert á okkar hlut í málinu. Ég skal í því sambandi minna á, að sjálfur viðskmrh. landsins tók sig til, — ég held það sé fyrir einum 10 vikum, — og ritaði tvær stórmerkar greinar — að eigin áliti — í Þjóðviljann um viðskiptamálin og um efnahagsmál þjóðfélagsins. Ég man það áreiðanlega rétt, að í þessum greinum lýsti hann því yfir, að öll tekjuþörfin væri 90 millj., öll þörf fyrir nýjar tekjur handa ríkissjóði og útflutningssjóði, og þar af ætlaði hann ekki að bíta nema bara litla sneið, 25 millj., þá væri allt hans í lagi. Ríkisstj. lét þetta gott heita langa hríð. Og ég hugsaði: Ósköp er þetta nú ánægjulegt, ef það skyldi vera satt. En ósköp er það ótrúlegt, að þessi ráðh. sé farinn að segja satt, hugsaði ég. Þetta var nú heldur ekki

sennilegt, sem hann sagði. En loks kom þó hljóð úr horni. Það var fyrir skömmu, að Alþýðublaðið tók rögg á sig og sagði, að þörfin væri ekki 90 millj., alls ekki, hún væri hvorki meira né minna en 200 millj. Þjóðviljinn lét ekki á sér standa. Hann kenndi þennan 200 millj. króga hvorki meiri né minni manni en sjálfum hæstv. menntmrh. og sagði, að hann væri bara hreinn fáviti Það var nú ekkert finna: doktor, prófessor, menntamálaráðherra og bráðvel gefinn maður, bara fáviti! Þá ofbauð mér nú, — þetta fékk hann fyrir það, — og kalla ég nú ekki allt ömmu mína, það játa ég. En í dag er þetta nú ekki 90 millj., og það er ekki heldur 200 millj. Í dag stendur öll ríkisstj. sameiginlega að nýrri tekjuöflun, sem er hvorki meira né minna en 790 millj. Það er þrisvar og hálfu sinni Gylfi Gíslason og einu sinni Lúðvík Jósefsson, 200 sinnum 3½ og einn 90 milljóna Lúðvík í viðbót. Það er nú bara það, sem er orðið úr þessu.

Ég vil ekki vera hér að rifja upp ummæli, sem stjórnarflokkarnir hafa haft hver um annan, meðan á þessum vísindalegu umræðum stóð, hvort það væru 90 millj. eða 200 millj. Þau eru engum til sóma. En ég vil aðeins benda á það tvennt, að forsrh. játar, að skynsamlegar till. verði alltaf að byggjast á upplýsingum, sem stjórnin hefur leynt okkur, og í öðru lagi, að það er augljóst, að úrræði á hverjum tíma hljóta alltaf eðli málsins samkvæmt — það hljóta allir að skilja — að velta á því að mjög verulegu leyti, hversu mikla leiðréttingu þarf að gera frá því ástandi, sem þjóðin býr við. Ég held, að það sé engin djúp speki, að það verður að miða mjög mikið við það ástand, sem þjóðin býr við, og þá að sjálfsögðu nú við það, hvort afla þarf 90 millj., eins og hæstv. viðskmrh. sagði, 200 millj., eins og hæstv. menntmrh. er talinn faðir að, eða þeirra 790 millj., sem stjórnin hefur nú eignazt öll í sameiningu. Og ég vil með þessu hafa sýnt, að með því að við höfum ekki fengið að sjá neitt af þessum gögnum fyrr en allra síðustu dagana og með því að stjórnin hefur verið að hampa 90 millj. og upp í 200 millj. framan í þjóðina, þá hefur okkur alveg skort aðstöðu til að gera skynsamlegar till., miðaðar við það ástand, sem þjóðin nú býr við og ríkisstj. nú loksins eftir tveggja mánaða yfirlestur og skoðun á tillögum hagfræðinganna telur að þurfi 790 millj. kr. nýja skatta til að ráða bót á. Er þó vitaskuld um enga bót að ræða nema til bráðabirgða.

Ég vil um þetta að lokum benda á það, að þegar Sjálfstfl. hefur farið með völdin í landinu, þá hefur hann aldrei kveinkað sér neitt við að leggja fram tillögur og framkvæma þær, ef hann hefur verið þess megnugur. Ég minni aðeins á, að við vorum í stjórn með hæstv. núv. forsrh. 1939 og stóðum ásamt með honum að mjög veigamiklum tillögum á sviði efnahagsmálanna, þ. á m. gengisfellingu, og kveinkuðum okkur ekkert við það. Það var nauðsyn, sem ekki varð umflúin. Við gerðum aðeins skyldu okkar, en við gerðum líka skyldu okkar. Ég minni á, að 1949 í árslokin var það hlutskipti Sjálfstfl. að mynda minnihlutastjórn, sem átti sæti í þrjá mánuði. Við töldum það okkar verkefni að hrinda úr vör flotanum, sem hætt var við stöðvun, ef hann var ekki stöðvaður, og það tókst. En við töldum það einnig okkar skyldu að undirbúa og rökstyðja nýjar aðgerðir í efnahagsmálunum. Við kvöddum þá til tvo sérlega hæfa sérfræðinga, þá Ólaf Björnsson prófessor og Benjamín Eiríksson bankastjóra. Þeir kunnu meira en við, alveg eins og sérfræðingar stjórnarinnar, sem nú hafa unnið, kunna í þessum efnum meira en hæstv. núverandi ríkisstj. Við vörðum afar miklum tíma þá til þess að reyna að kynna okkur öll gögn málsins. En eftir að við höfðum gengið úr skugga um, að tillögur þeirra voru í meginatriðum réttar, þá hikuðum við ekki við að bera þær fram, eftir þó, ef ég man rétt, að hafa látið a. m. k. tvo af andstöðuflokkum okkar hafa málið til meðferðar, bæði frv. og grg., í heilan mánuð. Þetta frv. hné að gengisfellingu, eins og allir hv. alþm. vita. Það er mál fyrir sig, að þegar við lögðum það fram, vorum við felldir á málinu. Það var Framsfl., sem bar fram vantraustið á okkur. En hálfum mánuði seinna vorum við svo búnir að mynda stjórn með Framsfl. til þess að bera fram til sigurs tillögurnar, sem Framsfl. hafði borið fram vantraust á okkur út af. Slíkt er auðvitað alveg nýmæli í þingsögu nokkurrar þjóðar, en það kemur ekki þessu máli við. Við framkvæmdum svo tillögurnar með Framsfl. Það kom svo á daginn vegna Kóreustyrjaldarinnar og annarra ekki farsælla kringumstæðna, að þessi gengisfelling nægði ekki, og það þurfti að grípa til nýrra úrræða strax snemma árs 1951, ef ég man rétt. Þáverandi ríkisstj. með þátttöku sjálfstæðismanna undir forustu hv. 1. þm. Skagf. hikaði þá ekki heldur við að gera það, sem gera þurfti. Ég held það hafi nú verið hæstv. fjmrh. og ég, sem vorum aðalsökudólgarnir þá, þegar bátagjaldeyririnn var lagður á, og ekkert síður ég en hann. En við hikuðum ekki, og það var gert, sem gera þurfti. Ég segi þess vegna, að Sjálfstfl. þarf engan kinnroða að bera fyrir það, að hann hafi hikað í valdaaðstöðu við að undirbúa tillögur, leggja þær fram og bera þær fram til sigurs, ef auðið var. Hitt er svo annað mál, að það er ekki sakarefni á hendur okkur, að við viljum ekki bera fram tillögur út í bláinn. Það er ekki hægt að selja okkur undir sök fyrir það að bera ekki fram tillögur, þegar okkur skortir allar þær forsendur eða allar þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. lýsir yfir að séu frumskilyrði þess, að hægt sé að gera tillögur af viti.

Ég hef auðvitað margt fleiri um þetta mál að segja, og það er að sönnu erfitt í svona stóru máli að takmarka sig, svo að ræðutíminn verði ekki algerlega úr hófi. En ég hef þó ekki talað hér — held ég — lengur en hæstv. ráðh. gerðu, meira að segja hæstv. viðskmrh.

Ég skal að þessu sinni ljúka máli mínu með því að segja, að þegar hæstv. ríkisstj. hafði setið að völdum í fimm mánuði, minnir mig, þá var hún búin að bregðast svo mörgum af sínum kosningaloforðum og fyrirheitum og stefnuskráratriðum, að þess var krafizt, að hún ryfi þing, léti fram fara nýjar kosningar og gæfi

með því kjósendum landsins kost á því að dæma um, hvort þeir vildu áfram fela þeim mönnum völdin, sem höfðu ekki aðeins látið undir höfuð leggjast að framkvæma þau fyrirheit, sem þeir gáfu fyrir kosningarnar og voru kosnir til að efna, heldur höfðu þeir í mörgum efnum framkvæmt alveg hið gagnstæða við það, sem lofað var. Þessi till. var sem kunnugt er felld. Stjórnin hafði þá ekki þann manndóm að vilja ganga undir dóm kjósenda. Hún hafði það ekki. Nú í dag hafa að sönnu enn fleiri misst traust á stjórninni en nokkru sinni fyrr. Það sér maður m. a. á úrslitum í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum í janúarmánuði s. l., og er þó alveg víst, að síðan hefur hallað mikið undan fæti fyrir stjórninni, sem von er. Sumir telja þó, að úr því sem komið er, geti stjórnin ekki miklu spillt eða marga flekki sett á heiður landsins út á við umfram það, sem hún er búin að gera, og telja því e. t. v. rétt, að hún hangi enn um skeið, nægjanlega lengi til þess, að menn geti áttað sig á því í eitt skipti fyrir öll, að gæfuna sækir enginn í slíka samvinnu, sem nú á sér stað, eða með því að fela þeim mönnum, þeim sundurleitu og úrræðalausu mönnum, forustu sína, sem nú fara með völdin. Það er mikill vinningur og má kaupa það nokkru verði, ef þjóðin gerir sér svo glögga grein fyrir þessu, að sú vitneskja endist henni um stund til að forðast þann ófagnað, sem hún nú býr við.

Þegar ég lít yfir feril stjórnarinnar og sé, hvernig komið er fyrir henni, þá minnist ég þess, að þegar ég var smásnáði í sveit, heyrði ég stundum talað um, að hross yrðu afvelta. Þau lágu þá á bakinu, skorðuð milli þúfna, gátu enga björg sér veitt, og það beið þeirra ekkert nema hungurdauðinn, ef enginn bjargaði þeim. Einhvern veginn dettur mér nú þetta í hug, þegar ég hugsa um blessaða stjórnina okkar. Hún liggur nefnilega núna afvelta, skorðuð á milli annars vegar brigðmæla og eigin sundurlyndis, en hins vegar þverrandi trausts eða öllu heldur vaxandi vantrausts þjóðarinnar. Og sannast sagna teygist hver skanki í sína átt, samlyndið er nú ekki betra. Og þannig fær stjórnin sér litla eða enga björg veitt. Við sjálfstæðismenn megnum ekki að bjarga stjórninni, úr því sem komið er, enda er ég ekki alveg viss um viljann, því að margur mun nú mæla, að farið hefði fé betra, þó að hún yrði þarna afvelta, þangað til hún yrði hungurmorða.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að flytja ræðu. Ég tala sennilega seinna einhvern tíma í þessu máli. Ég ætla að bera hérna fram 3 fyrirspurnir til hv. stjórnarandstæðinga. Hv. þm. G-K. (ÓTh) bar fram 20 spurningar, svo að það má telja mikla hógværð að bera fram aðeins 3. En ég vil skjóta þessu núna strax inn í umr.

Hv. þm. G-K. hefur nú haldið hér ræðu, sem ég tel hann lítt öfundsverðan af. Það má tala um það síðar. Það er enginn maður öfundsverður af því að standa hér eins og hann gerði í tvo klukkutíma og rífa niður þær till. eða gera tilraun til að rífa niður þær till., sem gerðar eru til viðreisnar, án þess að hafa nokkurt jákvætt orð að segja um það þjóð sinni eða þingi, hvað eigi að gera. Og þetta hefur hv. þm. sennilega fundið sjálfur, því að í lok ræðu sinnar gerðist honum mjög tíðrætt um það, að ekki mætti ætlast til þess, að hv. stjórnarandstæðingar hefðu nokkuð til málanna að leggja annað en þetta niðurrif hv. þm.

Hv. þm. hefur hér á þessum tveimur klukkustundum, eða klukkustund og þremur kortérum, þangað til hann kom að afsökununum í lokin, fordæmt till. ríkisstj. að meginstefnu til og í einstökum atriðum. En í lok ræðu sinnar segir svo hv. þm., þegar hann finnur missmíðin allt í einu, að það megi ekki ætlast til þess af stjórnarandstöðunni, að hún geri till., til þessa skorti hana öll skilyrði, það eigi ekki að ætlast til þess, að þeir geri till. út í bláinn. En hv. þm. telur sig hafa skilyrði til þess að fordæma till. ríkisstj., ekki aðeins að meginstefnu til, heldur í einstökum atriðum. Hv. þm. verður að vita, að hér verður að fara tvennt saman, að sá, sem þykist hafa þekkingu til þess að fordæma ekki aðeins að meginstefnu til, heldur einnig í einstökum atriðum till. ríkisstj., hann verður að gera till. sjálfur. Hann verður að segja til sjálfur, hvað hann vill gera. Það er ekki hægt að sleppa með það að fleygja sér flötum, eins og hv. þm. G-K. gerði hér í lok ræðu sinnar, því að hann fleygði sér bókstaflega flötum og grátbændi hv. þingheim og stjórnina að ætlast ekki til þess, að þeir gerðu till., þá skorti þekkingu, og hvernig gætu þeir gert það út í bláinn. Þetta gerði hv. þm. eftir að hafa í sjö kortér lagt dóm á till. ríkisstj. að meginstefnu til og í einstökum atriðum. Nei, svona sleppa menn ekki, hv. þm. G-K. Þess vegna spyr ég nú Sjálfstfl., og öll þjóðin spyr. Hv. þm. er búinn að tala eins og sá, sem hefur þekkinguna, um till. okkar, og þá verður hann að segja, hvað hann vill. Vill Sjálfstfl. gengisbreytingu? Ef þeirri spurningu verður svarað neitandi, þá spyr öll þjóðin: Sjá þeir leið til þess að lækka uppbæturnar frá því, sem stjórnin gerir ráð fyrir í sínum till.? Og þriðja spurningin er svo, og henni verða þeir einnig að svara: Hvernig vilja þeir deila byrðunum, ef þeir vilja ekki gera það eins og stjórnin leggur til? Það ætlast enginn til þess, að þeir svari þessum spurningum í kvöld, en þeir verða að svara þessum spurningum, á meðan þetta mál er til meðferðar hér á hv. Alþingi. Það er ekki bara ég, sem spyr. Það spyr öll þjóðin um þetta.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir matarhlé átti þingheimur þess kost að hlýða á ræðu formanns stjórnarandstöðuflokksins í um það bil tvær klukkustundir. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt, að hann hafi þurft langan tíma til þess að ræða það mál, sem hér er á dagskrá, því að hér er á ferðinni langstærsta málið, sem þetta Alþ. hefur fengið til meðferðar. Það undrar mig því sízt af öllu, að formaður stjórnarandstöðunnar skuli hafa þurft alllangan tíma til þess að ræða málið. Hitt undrar mig meira, að í ræðu hans skyldu ekki vera fleiri jákvæð atriði en raun bar vitni um.

Ég vil strax vekja athygli á einu þó. Hv. þm.

þar aldrei í hinni löngu og ýtarlegu ræðu sinni brigður á, að nú væri þörf þess að gera gagngerar ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hann andmælti því aldrei einu orði, að ástand í atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar nú væri þannig, að til þess væri fyllsta ástæða að gera gagngerar ráðstafanir. Þetta getur ekki verið einungis tilviljun. Í þessu hlýtur að felast viðurkenning á því, að brýn nauðsyn sé til gagngerra ráðstafana. En hvaða efnisathugasemdir gerði hann við þær till. til ráðstafana, sem felast í frv. ríkisstj., sem hér er nú til umr.? Um það var hv. þm. næsta fáorður. Þó sagði hann, að útflutningsuppbótakerfið væri *gert miklum mun einfaldara en það hefði verið* undanfarin ár, m. a. í hans stjórnartíð, og sagði það út af fyrir sig vera kost. Hins vegar sagði hann ekkert um, hvort bæturnar, sem gert er ráð fyrir, væru að hans dómi of háar eða of lágar eða hæfilegar. Hann vitnaði í bréf, sem þm. barst síðdegis í dag frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar sem þess er óskað af ríkisstj. að bæturnar séu hækkaðar frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Hann *lýsti bréfinu og lýsti ósk*um útvegsmanna, en hann sagði ekki eitt orð um það, hvort hann tæki undir óskirnar eða ekki, ekki eitt orð um það, hvort hann teldi óskirnar réttmætar eða óréttmætar, hvort hann vildi verða við þeim eða ekki. Á því virtist ræðumaðurinn enga skoðun hafa, og mun ég síðar víkja nánar að því. Hins vegar sagði hann, að í tekjuöflunarákvæðum frv. væru fólgin ýmis nýmæli, og dómur hans um ráðstafanirnar í heild var, að hér væri um grímuklædda gengisfellingu að ræða. Það virtist hann telja höfuðannmarka þessara till., að í raun og veru fælist í þeim gengisfelling, en grímuklædd þó. Þetta hlýtur ýmsum að koma nokkuð spánskt fyrir sjónir. Þessi hv. þm. hafði fyrir nokkrum árum allt aðra skoðun á gengislækkun en kemur fram í þessum ummælum. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að þessi hv. þm. var einn af höfuðforvígismönnum þeirrar gengisbreytingar, sem gerð var vorið 1950. Þá hélt hann ekki svo fáar ræður um það, að sú ráðstöfun, sú gengisbreyting hafi verið sjálfsögð og nauðsynleg og til mikilla bóta í þeim efnahagsvandamálum, sem að steðjuðu þá. Hvernig má það nú vera, að þessi sami þm. skuli telja það höfuðókost þessara ráðstafana, að þær séu of líkar gengisfellingu? Hvað er það, sem hefur gerbreytzt svo frá vandanum, sem steðjaði að 1950, til þess vanda, sem nú steðjar að, að gengisbreyting hafi verið sjálfsögð, ágæt og réttlætanleg þá, en sé forkastanleg, það sé höfuðgalli ráðstafananna nú, að þær líkist gengisbreytingu? Hann minntist þess og, að það væri alvarlegur ágalli þessara ráðstafana, að nú ættu kaffi og sykur og rekstrarvörur útvegsins að hækka, þessar ráðstafanir hefðu hækkun þessara vörutegunda í för með sér. Ég minni aftur á, hvað gerðist, þegar gengisbreytingin var gerð 1950. Hækkaði þá kannske ekki kaffi og sykur, hækkuðu þá ekki rekstrarvörur sjávarútvegsins? Það, sem gerist nú ólíkt því, sem gerðist 1950, er það, að einmitt kaffi, sykur og ýmsar aðrar nauðsynjavörur til fæðis og klæðis hækka minna en svarar þeirri almennu verðhækkun, sem leiða mun af þessum ráðstöfunum. Það er einn höfuðmunurinn á þeim ráðstöfunum, sem nú er lagt til að gerðar verði, og gengisbreytingunni 1950, að gert er ráð fyrir því, að nokkur munur verði á þeirri verðlagsbreytingu, sem verða mun á innfluttum vörum. Ef gengisbreytingarleiðin hefði verið farin á sama hátt og hún var farin 1950, þá hefði orðið hlutfallslega jafnmikil breyting á öllum innfluttum vörum.

Hv. þm. fjölyrti talsvert um það, að illa væri búið að stjórnarandstöðunni um öflun upplýsinga varðandi málið í heild, og hafði það sem höfuðröksemd fyrir því, að hann og flokksbræður hans gætu ekki gert till. í málinu, að þeir hefðu ekki átt nægilega greiðan aðgang að sérfræðilegum upplýsingum um málið.

Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á, hvernig búið hefur verið að stjórnarandstöðunni undanfarin ár, einmitt þau árin, sem þessi hv. þm. var í stjórnarforsæti. Ég minnist þess, að miklar ráðstafanir voru gerðar í efnahagsmálum í tvö skipti undanfarin ár. Í síðara skiptið, 1955, minnist ég þess glögglega, að það frv., sem þá var lagt fram, var ekki sýnt stjórnarandstöðunni fyrr en hún kom á þingfund, er málið kom til umr. Það var meira að segja þannig, að ég, sem var þá í forsvari fyrir minn flokk í stjórnarandstöðunni, þurfti að lesa veigamikla kafla frv. hér í ræðustólnum. Það hafði ekki gefizt tími til að lesa einstakar gr. frv. og skýringar við þær, áður en málið var tekið til umr. og áður en röðin kom að okkur í stjórnarandstöðunni að ræða um málið. Við urðum svo að segja að lesa frv. um leið og við ræddum það hér í þessum ræðustól. Að sjálfsögðu gagnrýndum við þetta mjög. Á þá gagnrýni var ekki hlustað. Við vissum það þá, að til undirbúnings þeim ráðstöfunum höfðu sérfræðingar verið látnir gera miklar athuganir og semja stóra skýrslu. Við vissum, að hún var til, höfðum frétt það, að vísu eftir krókaleiðum. Við spurðum, hvar sú skýrsla væri, hvort við gætum fengið aðgang að þessum upplýsingum. Því var svarað neitandi. Það var ekki borið á móti því, að það væru til sérstakir útreikningar, sérfræðileg skýrsla, en okkur var algerlega meinað að fá að sjá hana, fengum aldrei að sjá hana, hvorki fyrir þann tíma, að málið var tekið fyrir, meðan á umræðunum stóð, né heldur eftir að umr. var lokið. Þessi skýrsla er ekki heldur til í stjórnarráðinu. Það munu hafa verið gerð af henni nokkur eintök til afnota fyrir þm. þáverandi stjórnarflokka, en í stjórnarráðinu fyrirfinnst ekki eitt eintak af henni. Í henni virðast hafa verið fólgin einhver þau atriði, sem þáverandi ríkisstj. taldi bráðnauðsynlegt að halda leyndum fyrir þeirri ríkisstj., sem á eftir kæmi.

Miðað við það, hvernig búið var að stjórnarandstöðunni, er nú ólíku saman að jafna. Stjórnarandstaðan fékk það frv., sem hér er um að ræða, um síðustu helgi og hefur átt þess kost að ræða við helztu ráðunauta eða sérfræðinga ríkisstj. í efnahagsmálum og spyrja þá spjörunum úr. Það hefur að sjálfsögðu verið gert ráð fyrir því, að sérfræðingarnir leystu úr öllum

spurningum, sem stjórnarandstaðan kynni að hafa fram að bera, enda er það sjálfsagt. Stjórnarandstaðan hefur því haft 3—4 daga til gaumgæfilegrar athugunar á málinu og átt aðgang að öllum helztu reikningsniðurstöðum þeirra sérfræðinga, sem um málið hafa fjallað. Stjórnarandstaðan getur því ekki borið því við, að hana skorti upplýsingar til þess að gera till. í þessu máli, og mun ég síðar víkja svolítið nánar að því. Ég vil aftur vekja alveg sérstaka athygli á því, að í hinni löngu ræðu hv. þm. G-K. dró hann aldrei í efa, að nauðsyn væri nú á sérstökum ráðstöfunum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er ekki heldur hægt að draga í efa, að í raun og veru er um að ræða þrjár meginleiðir til lausnar á þeim vanda, sem að steðjar. Hin fyrsta hefði verið sú að halda óbreyttu því kerfi útflutningsbóta og innflutningsgjalda, sem verið hefur í gildi undanfarin ár, og að afla nýrra tekna til þess að jafna þann halla, sem fyrirsjáanlega hefði orðið á þessu ári á bæði útflutningssjóði og ríkissjóði. Önnur leiðin hefði verið sú að breyta gengi krónunnar. En þriðja leiðin, sú sem stjórnin leggur til að farin verði, er sú að taka upp nýtt kerfi bóta á gjaldeyrisöflun og gjalda af gjaldeyrisnotkun.

Ég skal fara fáeinum orðum um hverja um sig af þessum þrem einu leiðum, sem fræðilega séð koma til greina. Við það eru margir ókostir að fara leið algerlega óbreytts kerfis útflutningsbóta og innflutningsgjalda frá því, sem verið hefur. Megingallarnir á því kerfi, sem verið hefur í gildi undanfarin ár, eru þeir, að atvinnurekstrinum hefur verið mismunað óhæfilega mikið með ólíkri hæð útflutningsbótanna, auk þess sem útflutningsbótakerfið hefur verið óheppilega flókið. Uppbæturnar hafa sumpart ekki verið neinar og náð allt upp í 120% af fobverðmæti útflutningsins, og bótaflokkarnir hafa verið hvorki meira né minna en um 20 talsins. Þetta, hversu bæturnar hafa verið ólíkar að hæð, hefur raunverulega valdið því, að sumar atvinnugreinar í landinu hafa verið allt að því löggiltar sem arðbærar atvinnugreinar, en aðrar dæmdar til þess að verulegu eða öllu leyti að geta ekki skilað arði. Það alvarlegasta við slíkt ástand, svo gerólíkar upphæðir útflutningsbóta, er það, að þá fer upphæð bótanna í raun og veru að ákveða, hvað er framleitt í landinu og hvað ekki, en ekki verðlag á erlendum markaði.

Hættan við slíkt kerfi er fyrst og fremst þetta, að þá er útflutningsframleiðslan losuð úr tengslum við hið erlenda verðlag, við verðlagið á hinum erlenda markaði, og það er orðið háð ákvörðunum innanlands, pólitiskum ákvörðunum, hvaða framleiðslugreinar bera sig og hvaða framleiðslugreinar bera sig ekki. Sumar eru dæmdar til þess að vera arðbærar, sumar dæmdar til þess að vera óarðbærar á grundvelli pólitískra ákvarðana innanlands, í raun og veru alveg óháð því, hvert verðlagið er á erlendum markaði. Slík þróun hlýtur að teljast varhugaverð.

Þá er annar megingalli þess konar uppbótakerfis, sem við höfum búið við undanfarin ár, að verðlag erlendrar vöru verður mjög misjafnt og í miklu ósamræmi við verðlagið innanlands. Sumar erlendar vörur verða miklu ódýrari en svarar til innlenda verðlagsins, sumar aftur á móti miklu dýrari. Það verður mikil hætta á því, að þær erlendar vörur, sem eru miklu ódýrari en svarar til verðlagsins innanlands, séu notaðar í miklu óhófi og sú ofnotkun valdi óeðlilegri gjaldeyrisnotkun, hins vegar takmarkist eftirspurn eftir þeim vörum, sem verða óeðlilega dýrar, og ef kerfið byggist að meira eða minna leyti á tekjuöflun með gjöldum af þessum vörum, er hætt við, að innflutningur á þeim bregðist og þá um leið tekjuöflunarkerfið. Þegar farið er að greiða uppbætur á útflutning, er söluverð gjaldeyrisins ekki lengur raunverulegt, og þá verður auðvitað að leggja gjald á innflutninginn eða gjaldeyrissöluna, sem að meðaltali svarar til þeirra uppbóta, sem greiddar eru á útflutninginn.

Innfluttar vörur, sem fluttar eru inn með lægra innflutnings- eða yfirfærslugjaldi en meðaltal útflutningsuppbótanna, eru raunverulega styrktar. Þær innfluttar vörur, sem fluttar eru inn með hærra innflutnings- eða yfirfærslugjaldi en svarar til meðaltalsuppbótanna, eru raunverulega skattlagðar. Hættan við að hafa verulegan hluta innflutningsins með lægri innflutnings- eða yfirfærslugjöldum en svarar til meðaltalsupphæðar útflutningsuppbótanna er fólgin í því, að gjaldeyririnn er þá seldur notendum hans við lægra verði en hann kostar þjóðarbúið í heild. Sá, sem notar gjaldeyrinn, fær hann fyrir lægra verð en það kostar þjóðarbúið í heild að afla hans. Þetta getur beint framleiðslunni inn á rangar brautir. Þetta getur þýtt ranga stefnu í fjárfestingarmálum og framkvæmdum. Þetta getur þýtt þjóðhagslega óskynsamlega eða óhagkvæma neyzlu. Og síðast en ekki sízt, þetta hlýtur að þýða ofnotkun erlends gjaldeyris, óeðlilegan þrýsting á gjaldeyrisforðann eða gjaldeyristekjurnar, sem leiðir til þess, sem við köllum gjaldeyrisskort.

Þegar uppbótakerfi í þeirri mynd, sem það hefur verið framkvæmt hér undanfarin ár, er orðið jafnvíðtækt og það er orðið og mismunurinn á yfirfærslugjöldunum eða innflutningsgjöldunum er orðinn jafnmikill og hann var hér orðinn, er orðin mikil hætta á því, að þessir gallar segi verulega til sín og hafi í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar. Um þetta mætti nefna mörg dæmi. Ég skal ekki gera það, að þeim er m. a. vikið í grg. frv. Ég skal aðeins minna á þá þjóðhagslega séð óhóflegu notkun á fóðurbæti, sem átt hefur sér stað einmitt af þessum sökum um mörg undanfarin ár, þá óeðlilegu notkun á ýmsum erlendum veiðarfærum, sem átt hefur sér stað, jafnvel á erlendu byggingarefni í allverulegum mæli, á erlendum umbúðum, á ýmsum erlendum tækjum, og þannig mætti lengi telja.

Það er enginn vafi á því, að uppbótakerfi framkvæmt á þann hátt, sem það hefur verið framkvæmt hér, hefur átt verulegan þátt í því, að fjárfesting hefur verið hér óeðlilega mikil frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð og þrýstingur til aukningar á henni hefur verið jafnlítt viðráðanlegur um mörg undanfarin ár og raun

hefur verið á. En einmitt vegna þess, að þetta kerfi ýtir undir þjóðhagslega séð óhagkvæma fjárfestingu, er mjög hætt við, að sá innflutningur ýti til hliðar innflutningi annarra vörutegunda, sem kerfið þó byggir á að skili tekjum í útflutningssjóðinn eða ríkissjóðinn. Það var einmitt þetta, sem gerðist 1957 eða á s. l. ári, auk þess sem afli brást á því ári, og það var þetta tvennt, sem fyrst og fremst gerði að verkum, að tekjur þær, sem gert hafði verið ráð fyrir að útflutningsbótakerfið mundi fá, brugðust, þannig að útflutningssjóð skorti tekjur til þess að standa við þær skuldbindingar, sem það hafði tekizt á hendur, og ríkissjóð skorti tekjur til þess að annast nauðsynlegar og eðlilegar greiðslur sínar.

Ef haldið hefði verið áfram á sömu braut og undanfarið, aðeins bætt við þau gjöld, sem fyrir voru, ákveðnum hundraðshluta til dæmis, þá hefði verið mjög hætt við því, að allir þessir gallar hefðu ekki aðeins komið fram í sama mæli á þessu ári og hinu næsta, heldur í auknum mæli. Það eru þessi atriði fyrst og fremst, þessir almennu ókostir útflutningsuppbótakerfis, eins og það hefur verið framkvæmt, sem gera að verkum, að sú leið var og er ekki lengur fær og áreiðanlega ekki skynsamleg.

Um gengisbreytingarleiðina skal ég vera mjög fáorður og ekki ræða kosti og galla hennar að þessu sinni, heldur láta það eitt duga að vísa til þess, að verkalýðshreyfingin, þ. e. síðasta þing Alþýðusambands Íslands, sem haldið var haustið 1956, lýsti sig algerlega andvíga gengisbreytingu. Það mátti því vita, að gengisbreyting mundi ekki aðeins ekki geta fengið stuðning verkalýðshreyfingarinnar, heldur hlyti einnig að mæta fullkominni andstöðu hennar, slíkri ráðstöfun mundi verði svarað af verkalýðshreyfingunni sem heild með kröfum um viðtækar hækkanir á kaupgjaldi og án efa með vinnudeilum og verkföllum.

Í nútíma þjóðfélagi, eins og það er hér á Íslandi, er vald launþegasamtakanna svo mikið, að skynsamlegri stefnu í efnahagsmálum verður varla fylgt, nema hún hafi beinan eða óbeinan stuðning launþegasamtakanna. Launþegasamtökin þurfa annaðhvort að styðja þessa stefnu eða a. m. k. eira henni, ef hún á að hafa von til þess að geta borið góðan árangur. Það er varla hægt að stjórna til lengdar í fullkominni andstöðu við öll launþegasamtök landsins nema þá gera það með ofbeldi.

Það hefði því ekki verið skynsamlegt að beita sér fyrir almennri gengisbreytingu við núverandi aðstæður, þegar vitað væri, að það hlyti að mæta fullkominni andstöðu verkalýðshreyfingarinnar sem heildar. Þess vegna varð að finna nýja leið, sem hefði ekki megingalla óbreytts kerfis útflutningsbóta og innflutningsgjalda til að bera og væri ekki heldur gengislækkun, þ. e. hefði ekki þau megineinkenni gengislækkunar, að verðlag allrar innfluttrar vöru hækkaði hlutfallslega jafnt vegna ráðstafananna, en það er að sjálfsögðu megineinkenni gengisbreytingar, að hún hefur hlutfallslega jöfn áhrif á verðlag allrar innfluttrar vöru og allrar útfluttrar vöru. Það er þetta, sem reynt er að gera, það er þetta bil beggja, sem reynt er að fara í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er reynt að sníða megingallana af því bótakerfi, sem í gildi hefur verið undanfarin ár, og það er reynt að sneiða hjá því megineinkenni gengisbreytingar, að það verði hlutfallsleg breyting á verðlagi allrar innfluttrar vöru og allra útfluttra afurða og þjónustu.

Kostir þeirra ráðstafana, sem gerðar eru tillögur um í þessu frv., eru fyrst og fremst tveir: Í fyrsta lagi er rekstur og afkoma atvinnuveganna tryggð og þar með áframhaldandi full atvinna í landinu. Að gera þetta er megintilgangur frv., og gagnrýni á frv. hefur ekki við rök að styðjast, nema því aðeins að sýnt sé fram á, að frv. nái ekki þessum megintilgangi: að tryggja rekstur og afkomu allra atvinnugreina í landinu og þar með áframhald fullrar atvinnu.

En annar meginkostur og annar megintilgangur þessara ráðstafana er að jafna aðstöðu einstakra atvinnugreina í landinu, jafna þá aðstöðu, sem einmitt var orðin óeðlilega, ég vil segja hættulega ójöfn. Aðstaða bátaútvegsins og landbúnaðarins er í stórum dráttum óbreytt frá því, sem verið hefur, nema hvað nú er gert ráð fyrir við ákvörðun útflutningsbótanna, að fyrirtækjunum sé kleift að afskrifa atvinnutæki sín miðað við endurnýjunarverð, en ekki hið gamla kostnaðarverð. Sú breyting, sem verður, er fyrst og fremst á aðstöðu togaranna og síldarútvegsins, auk þess sem ýmsar atvinnugreinar, sem áður höfðu engar bætur og ýmist börðust því í bökkum eða voru dæmdar til dauða fyrr eða síðar, fá nú bætur og þar með ný lífsskilyrði, ný þroskaskilyrði. Þetta á fyrst og fremst við ýmsar greinar innlends iðnaðar, járniðnað og fleiri greinar iðnaðarins, sem áður nutu engra bóta, íslenzkar siglingar á sjó og í lofti og fleiri mikilvægar atvinnugreinar, sem ef til þessara ráðstafana hefði ekki verið gripið, hefðu átt við að etja mikla erfiðleika þegar á þessu ári, hvað þá þegar frá líði.

Meginupphæð útflutningsbótanna er 80% af fob-verði. Nú mun 78% útflutningsins fá sömu bætur, þ. e. um það bil ⅘ hlutar útflutningsins. Meginhluti hans mun nú njóta sömu útflutningsbóta eða 80%. Um það bil 17% útflutningsins mun njóta 50% bóta, en aðeins 4½% 70% bótanna. Af þessum tölum sést greinilega, að meginhluti útflutningsins situr nú, ef þessar ráðstafanir verða að lögum, við sama borð, þ. e. bátaútvegurinn, togararnir og landbúnaðurinn.

Ef útflutnings- og yfirfærslubótum þeim, sem gert er ráð fyrir í frv., er jafnað á útflutninginn og duldu tekjurnar, kemur í ljós, að meðalbæturnar á alla gjaldeyrisöflunina eru 55%. Gjaldeyrisbankarnir greiða því þeim, sem gjaldeyrisins afla, að meðaltali 55% meira en skráð gengi. Það er þetta skráða gengi plús 55%, sem gjaldeyrisöflunin kostar þjóðina að meðaltali. En munurinn á þeim ráðstöfunum, sem hér er gert ráð fyrir, og því, að gengisbreyting hefði verið framkvæmd, er sá, að ef genginu hefði verið breytt, þá hefðu allir, sem afla gjaldeyris, fengið 55% bætur, en nú eru bæturnar á meginhluta útflutningsins 80%, þær eru 70% á nokkurn hluta hans, 50% á nokkurn hluta hans, þær eru

55% á duldar tekjur, en engar á nokkurn hluta gjaldeyristeknanna, og meðaltalið af öllu þessu er 55% útflutnings- eða yfirfærslubætur. Þess vegna þarf engan að furða á því, að hið almenna yfirfærslugjald við gjaldeyrissöluna sé 55%. Hið almenna yfirfærslugjald, sem heimt verður af þeim, sem kaupa gjaldeyri, er svo að segja nákvæmlega jafnhátt og meðaltal þeirra bóta, sem gjaldeyrisbankarnir greiða þeim, sem afla gjaldeyrisins.

Viss tegund gjaldeyrisins eða gjaldeyrir fyrir vissum vörum er þó seldur undir þessu verði, þ. e. með yfirfærslugjaldi, sem er lægra en 55%, eða aðeins 30%. Með því er í raun og veru verið að styrkja eða greiða með þeim innflutningi eða þeim greiðslum, þ. e. náms- og sjúkrakostnaði. Það er í raun og veru alveg rangt að tala um 30% gjald á innflutning nauðsynjavörunnar eða náms- og sjúkrakostnað. Réttara samkvæmt öllu eðli málsins er að benda á, að gjaldeyrir fyrir þessum vörum og þessari þjónustu er 25% ódýrari en svarar til hins almenna yfirfærslugjalds, sem er jafnhátt þeim bótum, sem útflutningurinn fær að meðaltali. Það, sem það kostar að hafa gjaldið á nauðsynjavörurnar og náms- og sjúkrakostnaðinn þessum 25% lægra en svarar til meðaltals útflutningsuppbótanna, er greitt með því að leggja sérstakt hágjald á vissar vörur, sem taldar eru þola slíkt gjald, þær vörur, sem um mörg undanfarin ár hefur verið talið rétt að láta bera slíkt gjald.

Það, sem fyrst og fremst hefur verið bent á sem galla við þessar ráðstafanir, er, að þær muni óhjákvæmilega og óneitanlega hafa í för með sér hækkun á verðlagi í landinu. Það hefur verið áætlað, að verðlagshækkunin muni verða 14—16 stig og að fram til 1. sept. n. k. megi gera ráð fyrir hækkun á framfærsluvísitölunni, sem nemi 8—9 stigum. En það er einmitt vegna þessarar væntanlegu hækkunar á vísitölunni næstu mánuði, sem frv. hefur ákvæðið um það, að allt kaupgjald skuli strax 1. júní n. k. hækka um 5—7%, þ. e. hækka strax um þá hlutfallstölu, sem svarar nokkurn veginn til þeirrar hækkunar á vísitölunni, sem gera má ráð fyrir að verði komin fram 1. sept. n. k. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir, að á þessu tímabili verði skerðing á raunverulegum kaupmætti launafólks í landinu.

Hitt er svo einnig rétt, að sá vandi bíður, hvernig mæta eigi þeirri frekari verðhækkun, sem búast má við á síðari mánuðum ársins, eða frá september til ársloka. En það er ómótmælanlegt, enda hefur því í sjálfu sér ekki verið andmælt og það vildi ég undirstrika, að á tímabilinu til 1. sept. n. k. verður ekki um að ræða rýrnum á kaupmætti launa launafólks í landinu.

En ég vil þó vekja sérstaka athygli á einu atriði í sambandi við þær verðhækkanir, sem gert er ráð fyrir að muni sigla í kjölfar þessara ráðstafana. Það er í raun og veru grundvallarmisskilningur, að þessar verðhækkanir séu bein afleiðing þessara ráðstafana. Þetta væri því aðeins rétt, — og það vildi ég undirstrika, — að hægt hefði verið að gera aðrar ráðstafanir, sem hefðu ekki haft í för með sér neinar verðhækkanir eða minni verðhækkanir en leiðir af þessum ráðstöfunum. Þeir, sem vilja leggja áherzlu á, að beinlínis samþykkt þessa frv. leiði til svo og svo mikilla verðhækkana, verða að sýna fram á, að þeir hefðu getað lagt eitthvað annað til, sem hefði haft í för með sér minni verðhækkanir eða alls engar verðhækkanir. Geti þeir það ekki, þá hefðu verðhækkanirnar komið, hvað svo sem gert hefði verið, og því ekki hægt að segja: það er beinlínis afleiðing af því, sem nú er gert eða lagt til að gera með þessu frv.

Við skulum virða fyrir okkur í stuttu máli, hvað hefði skeð, ef ekkert hefði verið gert, ef stjórnin hefði bókstaflega ekki aðhafzt neitt, látið reka á reiðanum. Hvað hefði gerzt þá? Það, sem þá hefði gerzt, er, að framleiðslan hefði stöðvazt, útflutningsatvinnuvegirnir hefðu stöðvazt og það hefði orðið mikið atvinnuleysi. Það hefði orðið greiðsluþrot hjá ríkissjóði, hann hefði ekki getað staðið við sínar skuldbindingar, ekki greitt starfsmönnum sínum sitt kaup. Í fyrstu lotu mætti segja og hefði mátt búast við því, að verðlag hækkaði ekki, ef svona hefði farið. En mundu menn vilja kaupa það, að verðlag hækkaði ekki, því, að hér hefði orðið mikið atvinnuleysi, gífurlegt atvinnuleysi og að ríkissjóður hefði lent í algerum greiðsluþrotum? Það hefði verið eina leiðin til þess að láta verðhækkun ekki eiga sér stað, a. m. k. ekki í bráð. Ég hef ekki trú á því, að neinn, sem í alvöru hugsar um þessi mál, mundi vilja mæla með því að gera ekki neitt, af því að afleiðingin hefði augljóslega orðið sú, sem ég nú var að lýsa, stöðvun framleiðslunnar og gífurlegt atvinnuleysi. Það kom m. a. fram í því, sem ég gat um í upphafi, að hv. þm. G-K. (ÓTh) gat þess aldrei í ræðu sinni, að í raun og veru hefði ekki verið þörf neinna ráðstafana.

Um það eru áreiðanlega allir sammála, að það varð að gera eitthvað til að halda framleiðslunni gangandi og gera ríkissjóði kleift að standa við sínar skuldbindingar. Ef Alþingi hefði látið undir höfuð leggjast að gera lagaráðstafanir til þessa, þá hefði ríkisstj. þurft að gera ráðstafanir í þessu skyni, og hvað hefði hún getað gert? Hvað hefði hvaða ríkisstj. sem er gert undir þeim kringumstæðum? Hún hefði ekki getað gert annað en jafna hallann á útflutningssjóði, þ. e. jafna halla útflutningsatvinnuveganna og jafna halla ríkissjóðs. Hvernig gerist það? Hvernig gerir ríkisstj. það, ef Alþingi gerir ekki sérstakar tekjuöflunarráðstafanir? Það gerist einfaldlega á þann hátt, að peningarnir eru sóttir í seðlabankann til þess að greiða halla útflutningsatvinnuveganna og til þess að jafna halla ríkissjóðs. Hver hefði orðið afleiðingin af því, ef seðlabankinn hefði verið látinn greiða halla útflutningsatvinnuveganna og útflutningssjóðs og ríkissjóðs? Afleiðingin af því hefði orðið verðbólga. Afleiðingin af því hefði orðið sú, að það hefðu komizt meiri peningar í umferð en svarað hefði til vöruframleiðslunnar í landinu og vöruinnflutningsins. Það hefði orðið gjaldeyrisskortur í fyrstu lotu, það hefði orðið vöruskortur, það hefði síðan orðið svartur markaður, og þegar

þessi þróun væri komin á nógu hátt stig, hefði orðið verðhækkun, nákvæmlega jafnmikil verðhækkun í heild og verður, ef þessar ráðstafanir verða samþykktar, en hefði bara orðið með öðrum hætti. Það hefði orðið ringulreið, það hefði orðið svartamarkaðsverðhækkun, það hefði orðið þess konar verðhækkun sem afleiðing vöruskorts og gjaldeyrisskorts, sem alltaf bitnar mest og þyngst á hinum efnaminnstu í þjóðfélaginu, á þeim, sem hafa minnst útispjótin, minnst skilyrðin til þess að sjá sér farborða, þegar harðvítugur gjaldeyrisskortur ríkir, þegar harðvítugur vöruskortur ríkir, þegar svartamarkaðurinn setur svip sinn á viðskiptalífið. Þetta má ekki verða. Þetta væri sú þróun, sem væri verst, næst á eftir atvinnuleysisástandinu. Og það er einmitt til þess að koma í veg fyrir slíka verðbólguþróun, það er einmitt til þess að koma í veg fyrir slíkar verðbólguverðhækkanir, slíkar svartamarkaðsverðhækkanir, sem það er nauðsynlegt að gera skipulegar ráðstafanir til þess að jafna halla útflutningsatvinnuveganna og jafna halla ríkissjóðs með skipulögðum tekjuöflunarráðstöfunum, einmitt til þess að koma í veg fyrir verðbólguþróun.

Það er rétt, að verðhækkanir verða ekki umflúnar, og þær munu koma, það væri hættuleg sjálfsblekking að gera sér ekki grein fyrir því. En það er líka hættuleg sjálfsblekking að gera sér ekki grein fyrir hinu, að þessar verðhækkanir eru óumflýjanlegar, þær eru afleiðing þess, að það er sannanlegur halli á útflutningssjóði, á útflutningsatvinnuvegunum og sannanlegur halli á ríkissjóði. Undir slíkum kringumstæðum verða verðhækkanir ekki umflúnar. Það er einungis spurningin: Í hvaða formi vilja menn taka þær? Vilja menn vera herra verðhækkananna, ráða því, hvar þær koma niður, eða vilja menn láta þær gerast skipulagslaust, vilja þeir láta þær gerast í ringulreið, vilja menn láta þær gerast eftir svartamarkaðsaðferðum? Það er það, sem verið er að koma í veg fyrir með þessum ráðstöfunum.

Þá hefur mikið verið um það talað í blöðum stjórnarandstöðunnar í gær og dag, að hér sé um miklar álögur á þjóðina að ræða, og einn meginkaflinn í ræðu hv. þm. G-K. fjallaði einmitt um það, að hér sé um gífurlegar álögur á þjóðina í heild að ræða. Hv. þm. sagði, að sér teldist til, að þessar álögur næmu hvorki meira né minna en um 790 millj. kr. Ég er þeim tölum, sem hér liggja til grundvallar, það kunnugur, að ég sé í hendi minni, hvernig þessi tala er fengin. Hún er fengin með því að leggja saman þá aukningu, með því að taka allar tölur, sem hægt er að taka bruttó, ef svo mætti segja, þ. e. leggja saman þá heildaraukningu, sem verður á öllum bótum til útflutningsatvinnuveganna og öllum bótum á allar duldar greiðslur, án tillits til þess, að verulegur hluti þessarar bótahækkunar til útflutningsatvinnuveganna sé aðeins endurgreiðsla á auknum kostnaði, sem leiðir af þeirri kerfisbreytingu, að á rekstrarvörurnar á nú að leggjast 55% yfirfærslugjald, og enn fremur án tillits til þess, að þær duldu greiðslur, sem við er miðað í þeim útreikningum, sem liggja til grundvallar þessu öllu saman, eru að mjög verulegu leyti tölur, sem ganga inn og út hjá sömu fyrirtækjunum meira að segja og eru því í raun og veru uppblásnar tölur, sem aldrei koma fram sem gjaldeyriskaup og gjaldeyrissala í bönkunum. En þetta er í raun og veru allt aukaatriði. Hitt er meginatriðið, að sú uppstilling að tala um 790 millj. kr. sem álögur á þjóðina í heild er í raun og veru hrein hugsanavilla. Ef þessi reikningsaðferð væri rétt, hefði með alveg nákvæmlega sams konar rökum og sams konar aðferðum mátt reikna út byrðar á þjóðina í heild af gengisbreytingunni 1950. Þá var gengisbreytingin 73% hækkun á verði erlends gjaldeyris. Nú nemur hið almenna yfirfærslugjald þó ekki nema 55%. Þá var gengi erlends gjaldeyris hækkað um 73%. Ef maður reiknar eins og hv. þm. reiknaði áðan, lægi beinast við að taka verkanir gengislækkunarinnar 1950 þannig að taka innflutninginn og duldu greiðslurnar eins og þær voru, hækka þær með 73%, breyta því svo yfir í núgildandi krónuverð, og þá yrði niðurstaðan, — ég sló þessu upp á blað lauslega áðan, — um 900 millj. kr. M. ö. o.: með nákvæmlega sömu reikningsaðferð þyddi gengisbreytingin 1950 um 900 millj. kr. álögur á þjóðina, reiknað í sama krónuverðmæti og nú.

Ég man ekki eftir því, að neinn maður í stjórnarandstöðunni hér á hinu háa Alþ. 1950 hafi látið sér detta í hug svona fálkalegan útreikning. Ég minnist þess ekki. Það datt engum manni þá í hug að reikna út álögur af gengisbreytingunni 1950 á þennan hátt, eins og stjórnarandstaðan núna virðist ætla að leyfa sér að gera. Ef það hefði verið gert, hefði niðurstaðan orðið sem ég segi. En það hefði auðvitað verið fráleitt, enda datt mönnum það aldrei í hug. En hafi það verið fráleitt þá, er sama reikningsaðferð auðvitað jafnfráleit núna. Hún er, ja, ég vil ekki segja blekking, heldur fyrst og fremst hugsunarvilla. Það er nefnilega alger hugsunarvilla að telja, að Alþ. leggi með slíkum ráðstöfunum eins og þessum, eða með gengisbreytingunni 1950, sem þó var mjög verulega annars eðlis, — að Alþ. leggi með slíkum ráðstöfunum byrðar á þjóðina í heild. Það væri jafnfráleitt að segja, að þjóðin í heild leggi byrðar á sjálfa sig með því að endurskipta tekjum sínum af framleiðslu sinni. Þjóðin getur aldrei lagt byrðar á sjálfa sig. Það er fráleitt. Lífskjör þjóðarinnar ákvarðast auðvitað af tvennu: Annars vegar af þjóðarframleiðslunni og hins vegar af skiptingu þjóðarframleiðslunnar milli neyzlu og fjárfestingar. Lífskjör þjóðarinnar rýrna því aðeins, að þjóðarframleiðslan minnki, og batna því aðeins, að þjóðarframleiðslan vaxi, eða lífskjör þjóðarinnar rýrna því aðeins, að fjárfestingin vaxi, sem þýðir, að neyzlan minnkar, og þau batna því aðeins, að fjárfestingin minnki, þ. e. neyzlan vaxi. Það er því aðeins hægt að segja þessar ráðstafanir vera byrðar á þjóðina í heild, að það sé hægt að færa skynsamleg rök fyrir því, að afleiðingin verði minnkun þjóðarframleiðslunnar eða aukning fjárfestingarinnar. Það er meiningarleysa að tala um afleiðingar þessa sem byrðar á þjóðina í heild, nema því aðeins að sýna megi fram á, að það leiði til minnkunar á þjóðarframleiðslu

eða aukinnar fjárfestingar, enda gefur auga leið, hvílík fjarstæða slíkt tal er að tala um 800 millj. kr. byrðar í sambandi við þetta. Verðmæti þjóðarframleiðslunnar í ár mun verða einhvers staðar á milli 4500 og 5000 millj. kr., svo að þessi tala, 800 millj., er hvorki meira né minna en ⅙ hluti þjóðarframleiðslunnar. Ætlast menn til, að þeir séu teknir alvarlega, er þeir halda því fram, að þessar ráðstafanir kosti þjóðina í heild ⅙ hluta þjóðarframleiðslunnar? Hvað á slíkt tal að þýða? Dettur mönnum í hug, að raunverulegar tekjur manna muni minnka um ⅙ hluta? Það er sú ályktun, sem menn hljóta að draga af því, ef menn taka alvarlega talið um 800 millj. kr. álögur á þjóðina. Það dettur þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, áreiðanlega ekki í hug, slík og þvílík fjarstæða er slíkt. Sannleikurinn er sá, að það má miklu frekar leiða rök að því, að afleiðing þessara ráðstafana verði sú að auka þjóðarframleiðsluna, þegar fram í sækir, vegna þess að nú eru sköpuð ný skilyrði fyrir ýmsar atvinnugreinar, sem áður bjuggu við rýr kjör, léleg skilyrði. Og það er enn fremur alveg öruggt, að áhrif þessara ráðstafana á skiptingu þjóðarframleiðslunnar milli neyzlu og fjárfestingar verða þau að draga úr fjárfestingunni, þ. e. auka skilyrðin til neyzlunnar. Þess vegna má frekar segja, ef talað er um áhrifin á þjóðina í heild, að áhrif þessara ráðstafana muni verða til þess að bæta hag þjóðarinnar, sérstaklega þegar frá líður og fram í sækir.

Það, sem stjórnarandstaðan kallar álögur á þjóðina, er í raun og veru millifærsla tekna milli atvinnugreina og þjóðfélagsstétta. Þessar ráðstafanir hafa engin bein og tafarlaus áhrif á hæð þjóðarteknanna, ekki einu sinni bein og tafarlaus áhrif á hæð útflutningsins, þó að hún muni hafa áhrif þegar frá líður og fram í sækir. Og þess vegna er augljóst, að þetta eru ekki byrðar á þjóðina í heild, heldur er verið að endurskipta tekjum þjóðarinnar af útflutningi og innlendri framleiðslu.

Allir menn í þjóðfélaginu eru annars vegar framleiðendur, þ. e. þátttakendur í þjóðarframleiðslunni, og hins vegar neytendur. Allir menn í þjóðfélaginu selja eitthvað, selja annaðhvort vinnu sína eða vöru, og þeir kaupa eitthvað í staðinn. Höfuðmarkmið þessara ráðstafana er ekki að hafa áhrif á það, sem þjóðin í heild kaupir og selur innanlands, en þær munu breyta verðhlutfallinu milli þess, sem einstakar atvinnugreinar og einstakar atvinnustéttir hafa að kaupa og selja. Þessi breyting á verðhlutföllum milli þess, sem einstakar atvinnugreinar, einstakar stéttir hafa að kaupa og selja, mun hafa hagstæð áhrif fyrir suma, en óhagstæð fyrir aðra, það er rétt. Og fyrir enn aðra hefur þessi breyting enga raunverulega þýðingu. Þeir, sem munu fá meira í sinn hlut af þjóðarframleiðslunni, eru fyrst og fremst þeir, sem starfa í sambandi við togaraútveginn og síldarútveginn og ýmsar atvinnugreinar, sem engar bætur hafa fengið til þessa, þ. e. ýmsar greinar innlends iðnaðar, siglingar, flug o. s. frv. Þessir aðilar munu fá meira í sinn hlut af óbreyttri þjóðarframleiðslu. En þessar ráðstafanir hafa ekki áhrif á raunverulegt kjör mjög verulegs hluta landsmanna. Það mun ekki hafa nein áhrif á raunverulegt kjör þeirra launþega, sem visitalan er sæmilega réttur mælikvarði á neyzlunni hjá, en það eru launþegar með allt að 60—65 þús. kr. árstekjur. Kauphækkunin, sem lögfest er með frv., tryggir því, að þetta fólk njóti áfram óbreyttra raunverulegra tekna, þannig að þessar ráðstafanir í heild hafa ekki áhrif á hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum. En þá spyrja menn náttúrlega: Hverjir bera byrðarnar af því, sem hagur þeirra, sem ég nefndi áðan, batnar um? Hverjir bera þær byrðar? Það eru einu byrðarnar, sem þarf að bera. Það eru fyrst og fremst þeir neytendur, sem hafa tekjur yfir meðallag, sem hafa tekjur yfir 60—65 þús. kr. Það eru þeir, sem bera byrðarnar af því, að hlutur þeirra batnar, sem vinna við togaraútgerðina, þeirra, sem vinna við járniðnaðinn og aðrar greinar innlends iðnaðar, við siglingarnar o. s. frv. Og mér er spurn: Var eðlilegra, að nokkrir aðrir í þjóðfélaginu bæru þessar byrðar en einmitt þessir aðilar? Það, að þeir bera byrðarnar, kemur þannig fram, að verðlag þeirrar vöru, sem þeir kaupa, hækkar meir en tekjur þeirra. Þeir missa í raunverulegum tekjum það, sem hinir fá í raunverulega tekjubót. Þetta er kjarni málsins rétt skoðaður. Allt annað, sem um þetta mál er sagt, er blekkingar eða hrein hugsunarvilla.

Það vakti sérstaka athygli í ræðu formanns stjórnarandstöðunnar fyrir matarhlé, að afstaða hans var algerlega neikvæð. Hann fann þessum ráðstöfunum margt til foráttu, en hann benti aldrei einu orði á það, hvað væri skoðun hans eða hans flokks því viðvíkjandi, til hvaða ráðstafana hefði átt að grípa, fyrst hann játaði það með þögninni, að grípa hefði þurft til ráðstafana.

Ég sá það, þegar fundinum lauk fyrir kvöldmat, að hv. 9. landsk. þm., Ólafur prófessor Björnsson, er kominn á mælendaskrána og mun því tala hér síðar í kvöld. Hann var annar aðalráðunautur ríkisstj. 1950, þegar gengisbreytingin var gerð, og samdi þá merka álitsgerð um efnahagsmál, sem var grundvöllur undir þeim ráðstöfunum, sem þá var gripið til. Hv. 9. landsk. þm. er sérfróður maður í þessum efnum, sem hér er um að ræða, og auk þess sá maður í stjórnarandstöðunni, sem ég að öllum öðrum ólöstuðum helzt treysti til þess að taka algerlega efnislega afstöðu til þess máls, sem hér er um að ræða. Þess vegna vildi ég gjarnan beina því til hans, þegar hann nú kemur upp í ræðustólinn á eftir eða síðar í kvöld, að hann svari með einföldum orðum, sem allra einföldustum, fyrst og fremst þessari spurningu: Telur hann rétt að breyta skráðu gengi krónunnar, eins og nú horfir í íslenzkum efnahagsmálum? Telur hann rétt að fara þá leið að breyta genginu? Ég spyr hann ekki, hversu mikið hefði átt að gera það. Því get ég ekki ætlazt til að menn svari þegar í stað án rækilegrar athugunar. En á hinu hlýtur maður eins og hann, helzti sérfræðingur Sjálfstfl. í efnahagsmálum, að hafa alveg fastmótaða skoðun. Átti núna að breyta genginu, eða átti ekki að gera það? Við þessu þarf í raun og veru aðeins að segja já eða nei, og það vildi ég gjarnan að hv. 9. landsk. þm. gerði.

Ég vildi og gjarnan, að hann segði alveg skýrt og skorinort, við því er einfalt svar: Ef hann teldi ekki rétt að breyta genginu, heldur vildi hafa kerfi útflutningsuppbóta, telur hann þá þær útflutningsuppbætur, sem hér er gert ráð fyrir, of háar eða ekki? Við því er líka ofur einfalt svar og þarf lítinn tíma að taka. Hann hefur átt aðgang að upplýsingum, sem eiga að geta gert jafnsérfróðum og jafnfróðum og hæfum manni og hv. 9. landsk. þm. er kleift að mynda sér skoðun á þessu. Jafnframt liggur beint við að bæta við: Ef útflutningsuppbæturnar eru annaðhvort of háar eða of lágar, hvers konar breytingu hefði þá átt að gera á því kerfi innflutningsgjalda, sem stungið er upp á að lögleiða til þess að standa undir greiðslu útflutningsuppbótanna? Ég geri ekki ráð fyrir, að hann mundi mæla með, að á kerfinu yrði halli. Þetta eru allt saman ofur einföld atriði, sem ég trúi ekki öðru en helzti sérfræðingur Sjálfstfl. í efnahagsmálum hafi þegar þrauthugsað og hafi í huga sér alveg ákveðin svör við. Spurningin er aðeins, hvort hann treystir sér til þess að láta þingheim og þá um leið þjóðina alla heyra svör sín við þessum spurningum. Ég á ekki von á því, að hv. þm. G-K. svari slíkum spurningum. Hann víkur sér undan þeim með einhverjum hætti og kann eflaust að gera það fimlega. En hv. 9. landsk. þm. er í annarri aðstöðu. Hann er í þeirri aðstöðu að hafa sjálfur verið hagfræðilegur ráðunautur ríkisstj., fleiri en einnar, sem hafa verið í mjög líkum kringumstæðum og núv. ríkisstj. er í. Á honum hvílir því sérstök skylda. Ég veit, að hann hefur hugsað um málið og myndað sér skoðun á því, en á honum hvílir sérstök skylda með tilliti til fortíðar hans að segja þingheimi og þjóðinni frá skoðun sinni á þessu máli og gera það afdráttarlaust.

Að síðustu þetta: Menn spyrja eðlilega: Eru þessar ráðstafanir til frambúðar eða ekki? Það er aldrei hægt að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hægt sé að fullyrða um að séu til frambúðar. Það ætti þeim flokki, sem hafði forustu um gengisbreytinguna 1950, að vera a. m. k. jafnljóst og öðrum, því að sú ráðstöfun, sem átti þó að vera allra meina bót vorið 1950, var ekki til meiri frambúðar en það, að grípa þurfti til gagngerðra ráðstafana á ný ári síðar, eða vorið 1951. Hvort þessar ráðstafanir verða til frambúðar eða til hversu mikillar frambúðar þær verða, er fyrst og fremst komið undir þrennu: Það er komið undir afkomu ársins í ár, það er komið undir þróuninni, sem verður á kaupgjaldsmálunum, og það er í þriðja lagi komið undir þeirri stefnu, sem fylgt verður í fjárfestingarmálum og bankamálum.

Ég vil alls ekki fullyrða, að þetta kerfi geti staðið óbreytt um árabil. Hitt vil ég staðhæfa, að í því felast stór og stórmerk framfaraspor til eflingar íslenzku efnahagslífi, til tryggingar stöðugri atvinnu alls vinnandi fólks og til stuðnings vaxandi þjóðarframleiðslu og þar með batnandi lífskjara, þegar frá líður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér í tilefni af því frv., sem nú er fram komið, að reyna að setja hér fram nokkuð mína skoðun um efnahagslíf okkar þjóðar og þær aðgerðir, sem séu nauðsynlegar á því. Það, sem knýr mig sérstaklega til þess að setja þessar skoðanir hér fram, er í fyrsta lagi, að ég er andvígur þessu frv., í öðru lagi, að ég álít, að sú ríkisstj., sem ég styð, sé með þeirri stefnu, sem fram kemur í þessu frv., komin á fremsta hlunn með að glata trausti verkalýðshreyfingarinnar og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík og nágrenni, og í þriðja lagi, að ég álít alveg sérstaka ástæðu til þess að vara Framsfl., ef hann vill reyna að reka vinstri pólitík á Íslandi og vinna með verkalýðshreyfingunni og verkalýðsflokkunum, við því, að það eru síðustu forvöð að fara hér eftir að sýna í verki, að hann vilji vinna að raunverulegri vinstri stefnu og taka meira tillit til verkalýðshreyfingarinnar en hann hefur gert fram að þessu.

Það er talað um þessi mál sem efnahagsaðgerðir, og það hefur verið svo undanfarið, þegar talað hefur verið um efnahagsmálin, að það er talað um allt, sem heitir tekjuöflun, eða annað slíkt, eins og þetta væru einu efnahagsmál þjóðarinnar. Og mér finnst satt að segja skorta nokkuð á, að þessi mál séu tekin þannig, að það sé grafizt fyrir ræturnar að öllum þessum hlutum og athugað um okkar þjóðarbúskap og hvernig stjórnin þurfi að vera á honum, því að allt það, sem við erum að tala um, þegar við höldum okkur við hvers konar uppbætur, styrki eða annað slíkt, sem þurfi að vera eða sé, það eru einungis gárarnir á yfirborðinu.

Það, sem er aðalatriðið í efnahagslífi einnar þjóðar, er skynsamleg heildarstjórn á þjóðarbúinu, og hjá okkur Íslendingum hlýtur tilgangur slíkrar heildarstjórnar fyrst og fremst að vera sá að afla meiri gjaldeyris. Það þýðir frá sjónarmiði þjóðarinnar að tryggja meiri framleiðslutæki og rekstur þeirra til þess að útvega meiri fisk, á meðan ástandið er þannig og meðan við erum í þeirri aðstöðu — fyrir utan allar hinar náttúrlegu aðstæður okkar um fiskimið og annað slíkt — að geta selt allan þann fisk, sem við framleiðum, og hafa meira að segja ekki nóg til þess að fylla upp í þá markaði, sem til eru, á meðan aðrar þjóðir eru í vandræðum og sjá kreppu vera að nálgast í kringum sig, af því að þær eru í vandræðum með að selja sína framleiðslu.

Þess vegna er fyrsta spurningin, sem fyrir liggur í efnahagslífi okkar þjóðar og hefur legið nú á undanförnum árum og áratugum, hvort á að vera stjórn á efnahagsmálum þjóðarinnar með hagsmuni almennings fyrir augum, með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, eða hvort á að vera óstjórn, skipulagsleysi, þar sem hver hleypur eftir sínum duttlungum, flokkshagsmunum, sérhagsmunum eða einhverju slíku, og fjárfestingunni þá líka stjórnað eftir þessu sama.

Við verðum að gera okkur ljóst, að stefnan, sem barizt er um í sambandi við efnahagsmál, er sú, hvort eigi sífellt að vera að hugsa af hálfu þess opinbera um efnahagsþróunina, sem eigi að vera, hvort hugur þeirra, sem stjórna, sé vakandi og virkur um það, hvernig búið sé í haginn fyrir þjóðina með hennar þjóðarbúskap, eða hvort allt sé látið dankast, látið eiga sig,

treyst á, að hver einstaklingur reyni að bjarga sér sem bezt.

Ef það er ákveðin, vakandi hugsun með ákveðið takmark fyrir augum um þjóðarbúið í heild, um fjárfestingu þess og allan rekstur þess, þá er hægt að skapa öryggi og framfarir í þjóðfélaginu. Ef hins vegar allt er látið eiga sig, eins og verið er að prédika nú hvað eftir annað, þá leiðir það til ófarnaðar, kyrrstöðu, hnignunar og kreppu.

Íslenzkur þjóðarbúskapur er þannig, að hann krefst þess, að það sé hugsað um hann sem eina heild, hugsað um hann af viti og réttsýni, framsýni og stórhug, og sé það ekki gert, þá hefnir það sín fyrr eða seinna.

Það hafa verið kröfurnar, sem verkalýðshreyfingin hefur alltaf borið fram, frá því að hún fór fyrst að hafa áhrif á stjórn á Íslandi, að það væri ákveðin heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, og um það hafa átökin verið meira eða minna í þau 25 ár, sem liðin eru síðan verkalýðsflokkur í fyrsta skipti hafði áhrif á ríkisstj. á Íslandi. Og ég er hræddur um, að nú sé komið að þeim tímamótum, að það verði að gerast upp, hvort það, sem barizt hefur verið um meira eða minna í íslenzkum þjóðarbúskap öll þessi ár, eigi að verða knúið fram, sú heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, eða ekki.

Það er talað um í sambandi við efnahagsaðgerðirnar varanlegar lausnir og annað slíkt. Ég vil taka það fram, að ég álít, að varanleg lausn sé ekki til. Það er engin varanleg lausn, það er engin sjálfkrafa vél, sem hægt er að setja í gang viðvíkjandi efnahagsaðgerðum einnar þjóðar. Sumir tala hér um gengislækkun sem einhverja varanlega lausn. Gengislækkun er engin varanleg lausn og hjálpar ekki nokkurn skapaðan hlut í slíku. Það væri sama, hvort það væri auðvaldsskipulag eða sósialistískt skipulag í einu ríki, — ef það væri ekki hugsað um á hverjum tíma að sjá fyrir því, að framleiðslutækin væru sífellt að eflast, hugsað um það, að þjóðarbúskapurinn væri rekinn sem skynsamlegast, þá verða engar framfarir hjá einni þjóð og engin varanleg lausn.

Efnahagur hverrar þjóðar og fyrst og fremst lífskjör einnar þjóðar fara eftir því, hvernig hennar efnahag er stjórnað. Það, hvort hægt er að bæta lífskjör einnar þjóðar eða hvort verður að skerða þau, fer eftir þessari stjórn á efnahagslífinu og þá í fyrsta lagi því, að það sé stjórnað, en það sé ekki stjórnleysi. Það, að efnahagslífinu sé stjórnað, þýðir, að því sé stjórnað eftir ákveðinni áætlun, samkvæmt ákveðinni hugsun, sem menn hafa komizt að niðurstöðu um eftir að vera búnir að brjóta til mergjar út frá sinni fyllstu þekkingu á þjóðarbúskapnum, hvað sé hentugast og réttast fyrir þjóðarbúskapinn í heild, og þar með líka, þegar öllu verður á botninn hvolft, fyrir hvern einstakling þjóðarinnar.

Í fyrsta lagi er það skilyrðið fyrir batnandi lífskjörum, að efnahagslífinu sé þannig stjórnað, en það sé ekki stjórnleysi, í öðru lagi, að þjóðarbúskapnum sé stjórnað af viti, með hagsýni og raunsæi. Og fyrsta spurningin, sem liggur fyrir okkur Íslendingum í þessu sambandi, sú spurning, sem enn þá hefur ekki fengizt gerð upp og enn þá er ekki tekið fullt tillit til í öllum þeim bollaleggingum, sem fara fram um efnahagslíf þjóðarinnar, er: Á hvaða atvinnuvegi ætlar þjóðin að lifa? Hver er grundvöllurinn og undirstaðan undir öllu hennar atvinnulífi, öllum hennar velfarnaði og öllum hennar lífskjörum?

Við skulum gera okkur ljóst, að sá tiltölulega háa lífs-„standard“, sem íslenzka þjóðin hefur, á rót sína að rekja til sjávarútvegsins, til þess, að sjávarútvegurinn er grundvöllur þjóðarbúsins, og að öll aukning og bót á lífskjörum þjóðarinnar stafar af því, að sjávarútvegurinn hefur verið aukinn eins mikið og raun ber vitni um. Hann er þess vegna grundvöllurinn að öllum öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar, og það verður að hugsa um hann þannig, svo framarlega sem maður ætlar að sjá til þess, að það séu rétt hlutföll og réttilega stjórnað í okkar efnahagslífi. Það er sjávarútvegurinn, sem framleiðir allan þann gjaldeyri, sem við þurfum. Það er sjávarútvegurinn, sem stendur þannig undir landbúnaðinum á Íslandi og öllum þeim tækjum, sem hann þarf að kaupa fyrir útlendan gjaldeyri. Það er sjávarútvegurinn, sem stendur undir iðnaðinum á Íslandi og öllum þeim hráefnum, sem iðnaðurinn þarf. Það er sjávarútvegurinn, sem stendur undir okkar embættiskerfi og þeim tiltölulega háa lífs-„standard“, sem í því er. Þetta verðum við að gera okkur ljóst, og við verðum um leið að gera okkur ljóst, af hverju það kemur, að sjávarútvegurinn, sem víða um lönd er bara stundaður af tiltölulega fátækum fiskimönnum og þykir ekki neitt sérstaklega þýðingarmikil atvinnugrein, — af hverju hann skuli vera höfuðundirstaðan undir öllum okkar þjóðarbúskap. Það kemur fyrst og fremst af því, að afköstin í sjávarútveginum eru meiri en í nokkurri þeirri iðngrein, sem við höfum getað komið upp á Íslandi. Eins og allir hv. þm. vita, eru afköst íslenzks sjómanns við að afla fisks sjö sinnum meiri en þess sjómanns, sem næst kemur í veröldinni, almennt um 70 tonn á mann, sem sjó stundar, þar sem það er í því landi, sem næst kemur, um 10 tonn á mann. Vegna okkar góðu fiskimiða, vegna okkar ágætu tækja og vegna okkar duglegu fiskimanna eru afköst íslenzkra sjómanna og þar með íslenzks þjóðarbúskapar svona gífurleg og geta því staðið undir þeim þjóðarbúskap, sem við höfum. Og það, sem gerir þetta allt saman svo verðmætt, er, að við höfum næga markaði fyrir þennan fisk og að við getum framleitt meira af honum, selt meira, ef við aðeins getum framleitt. Þetta er það, sem við verðum að gera okkur ljóst, þegar við erum að hugsa um íslenzkan þjóðarbúskap, og ef við gleymum þessu og vanrækjum þetta, þá hefnir það sín í lækkandi lífskjörum, efnahagserfiðleikum og öðru slíku rétt á eftir. Og þetta á við ekki aðeins í dag, heldur næstu 10 ár. Þó að farið væri að hugsa um að hafa eitthvað meiri framsýni um íslenzkt atvinnulíf en nú er gert, þó að við ákvæðum og fyndum út í dag, hvaða stóriðju við vildum byrja að reka á Íslandi, þá tæki það okkur 10 ár, þangað til

við værum búnir að koma henni upp, þannig að íslenzkt atvinnulíf gæti að einhverju leyti farið að byggja á henni. Þetta verðum við að hafa í huga, þegar við erum að ráðstafa m. a. fjárfestingunni í okkar atvinnugreinum, og ef þetta gleymist og ef önnur sjónarmið en heildarhagsmunir þjóðarinnar koma þarna til greina, þá fer illa hjá okkur.

Við skulum aðeins leiða hugann að því, ef það væri t. d. landbúnaðurinn, sem væri 95% af öllum útflutningi Íslands, ef það væri sá útflutningur, sem hefði svona mikil afköst og bæri sig svona vel fyrir þjóðarbúið eins og sjávarútvegurinn gerir, og ef fiskimiðin hérna væru eins léleg og þau eru í sumum löndum, þar sem fiskimennirnir verða þó að stunda sjóinn og markaður er fyrir fisk álíka slæmur og var einu sinni hjá okkur, þá mundum við þurfa að leggja höfuðáherzluna á að auka landbúnaðarframleiðsluna og þurfa lítið að hugsa um fiskinn. Við yrðum alltaf að taka fyrst og fremst tillit til þess, hvað það er, sem heldur þjóðarbúinu uppi, og við verðum að gera okkur það ljóst, að meðan ekki er skapaður skilningur hjá þeim, sem ráða í þjóðfélaginu, á þessu, þá er okkar efnahagslíf og öll stjórnin á því í hættu. Meðan jafnvel voldugustu menn í okkar bankalífi eiga til að neita fiskimönnum um net, en heimta fyrir milljónatugi traktora inn í landið, skilja ekki, að traktorarnir eru borgaðir með þeim fiski, sem kemur í netin, þá er ekki von, að vel fari um stjórn efnahagslífs á Íslandi. Við verðum að skilja, að sjávarútvegurinn er undirstaða alls efnahagslífsins og að heildarstjórn á okkar efnahagslífi er nauðsynleg til þess að taka tillit til þessarar staðreyndar og til þess að tryggja þessa undirstöðu. Það getur ekki leitt nema til ólukku, að það sé litið á t. d. sjávarútveginn og landbúnaðinn sem eitthvað jafnþýðingarmikið fyrir þjóðina í slíkum efnum, eða hvaða aðra atvinnugrein sem væri, að það þurfi jafnvel að fara í hrossakaup til þess að fá fram þá hluti, sem eru nauðsynlegir fyrir undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Það er ekki hægt að reka þjóðarbúskap af viti á Íslandi og halda uppi góðum lífskjörum, ef það þarf að kaupa hvert spor, sem stigið er af viti í þágu sjávarútvegsins og gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar og þar með í þágu þjóðarheildarinnar, með því móti að stíga t. d. vitlaust spor í þágu óhagrænnar aukningar á landbúnaðarframleiðslunni á kostnað þjóðarheildarinnar. Við verðum að horfast í augu við staðreyndirnar á Íslandi, efnahagslífið á Íslandi, eins og það er og eins og það þarf að vera, svo framarlega sem við ætlum að reyna að móta pólitík þjóðarinnar af einhverju viti í þessum efnum.

Það hefur, frá því að verkalýðshreyfingin fór að hafa áhrif á stjórnarstarf og stjórnarstefnu á Íslandi, verið hennar krafa, að það væri tekinn upp áætlunarbúskapur. Vinstri stjórn og vinstri pólitík verður ekki rekin af viti, nema tekin sé upp heildarstjórn á þjóðarbúinu, og þetta held ég að Framsfl. verði að gera nú upp við sig, hvort hann ætlar að fallast á eða ekki.

Þegar Framsfl. fyrir 24 árum myndaði fyrstu vinstri stjórnina á Íslandi, ríkisstj. með Alþfl., þá var það höfuðkrafa Alþfl., að slíkur áætlunarbúskapur yrði tekinn upp.

Ég skal, með leyfi hæstv. forseta, minna á það, sem var aðalatriðið í starfsskrá Alþfl. þá, þeirri starfsskrá, sem hann vann á sinn mesta kosningasigur í sinni sögu. Hún hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu eftir nákvæmri áætlun, er gerð sé til ákveðins tíma, 4 ára, og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands. Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir í landinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt till. um, hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum.“

Þetta var höfuðkrafa Alþfl. þá og sömuleiðis á því þingi, sem Alþfl. hélt haustið 1934, þar sem sett var hæst risið á kröfur þess flokks og þá um leið verkalýðshreyfingarinnar, — það var Alþýðusambandið um leið þá, — til þess að móta stefnuna í efnahag Íslendinga. Í samþykktinni, sem þing Alþýðusambandsins og Alþfl. þá gerði, 1934, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — ég held það sé gott að sumu leyti að rifja þetta upp nú, því að ég efast ekki um það, að við stöndum á sömu uggvænlegu tímamótum í sambandi við meðferð þessa máls, sem gerir rétt, að við lítum nokkuð yfir sögu þessara ára og viðskipta verkalýðsflokkanna við Framsfl. — Alþfl. samþykkti á sínu þingi þá einróma eftirfarandi:

„Fyrir tilstyrk hinna vinnandi stétta alþýðunnar til sjávar og sveita hafa völdin verið tekin af herrum auðvaldsskipulagsins íslenzka, og hún vill, að völdunum sé beitt gegn þeim. Henni er orðið það ljóst, að hún á nú fyrir höndum úrslitabaráttu fyrir atvinnu sinni, fyrir frelsi og lífi, og vill berjast til þrautar undir forustu Alþfl. Hún skilur, að ef hún bíður ósigur í þessari baráttu, vofir yfir henni ekki aðeins atvinnuleysi og örbirgð, heldur einnig ófrelsi og kúgun um ófyrirsjáanlegan tíma. Hún veit, að ef sleppt er því tækifæri, sem nú er fyrir hendi, meðan stjórn lýðræðisflokkanna fer með völdin í landinu, til þess að koma nú þegar nýju skipulagi á allt atvinnulíf þjóðarinnar samkvæmt fyrir fram ákveðinni áætlun, er miði að því að tryggja hverjum þeim, sem vinna vill, atvinnu og leggja þannig grundvöll að nýju þjóðskipulagi í anda jafnaðar- og samvinnustefnunnar með fullkomnu lýðræði í stjórnmálum og atvinnumálum, þá bíða hennar sömu örlög og alþýðunnar í þeim löndum, sem nú eru ofurseld ofbeldis- og einræðisstjórnum auðvaldsins. Fyrir því skorar 12. þing Alþýðusambands

Íslands“ — og þá um leið þing Alþfl. — „á flokka þá, sem fara með völdin í landinu, að neyta valdanna til þess að forða alþýðu þessa lands frá þeim örlögum, og heitir til þess fulltingi þeirra mörgu þúsunda vinnandi manna og kvenna, sem Alþýðusambandið skipa, og öllu því harðfylgi, sem alþýðusamtökin hafa yfir að ráða.“

Svona voru kröfurnar, sem voru gerðar þá af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og Alþfl. til þeirrar stjórnar, sem Framsókn og Alþfl. þá myndaði. Það var erfitt við að eiga þá. Það voru miklir erfiðleikar, sem sú stjórn stóð frammi fyrir. Höfuðerfiðleikinn var kreppan. Þá var auðvaldsskipulagið enn þá sterkt í heiminum, og kreppan og atvinnuleysið fór þá þannig með þá stjórn hinna vinnandi stétta, eins og hún þá var kölluð, að hún beið að lokum skipbrot. Sú stjórn hafði þá ekki þá aðstöðu, sem hæstv. ríkisstj. hefur í dag, að geta siglt fram hjá allri kreppu og þurfa ekki að leiða neina kreppu yfir Ísland vegna þeirra markaða, sem hæstv. ríkisstj. hefur útvegað fyrst og fremst í sósialistísku löndunum og tryggja Íslandi að geta haldið áfram að auka sína fiskframleiðslu án þess að þurfa að óttast, að til nokkurrar kreppu eða nokkurra markaðsvandræða þurfi að koma. Það, sem misheppnaðist þá, höfum við tækifæri til að láta takast núna, ef við erum menn til að stjórna okkar málum þannig hér innanlands, að við siglum fram hjá þeim skerjum, sem þá var strandað á, og það sker, sem þá strandaði á um samstarf Alþfl. og Framsóknar, var skilningsleysi Framsóknar á nauðsyn heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum og tillitsleysi til þeirra krafna, sem verkalýðshreyfingin og Alþfl. gerðu.

Ég er hræddur um, að ef menn eiga að læra af þeirri sögu, sem þá gerðist, þá þurfi Framsfl. að læra það, að hann á að venja sig á að taka tillit til þeirra verkalýðsflokka, sem hann starfar með, jafnvel þó að honum finnist, að þeir séu með kröfur, sem ekki séu að hans skapi. Framsfl. verður að skilja, að það er verkalýðshreyfingin og verkalýðsflokkarnir, sem eru það vald, sem öll vinstri stjórn í landinu verður að byggjast á, og svo vanur sem sá flokkur er að stjórna og svo harður sem hann er í samningum, þá verður hann að læra, að það verður ekki hægt að halda uppi vinstri stjórn í landinu með þessum flokkum, svo framarlega sem honum ekki skilst þetta.

Sú ríkisstjórn strandaði m. a. á þessu skilningsleysi og á ytri erfiðleikum, sem þá var mjög erfitt að yfirvinna. En hún gerði eitt, sem var mjög gott, sem stendur enn. Hún lét fara fram þá beztu úttekt, sem gerð hefur verið á íslenzku þjóðarbúi, með skipulagsnefnd atvinnumála, Rauðku svokölluðu. Með þeirri rannsókn, sem hún framkvæmdi á íslenzku þjóðarbúi, var gerð bezta úttektin, sem enn er til um íslenzkt þjóðskipulag og íslenzkt þjóðarbú og hvað þurfi að gera í því.

1944 gerðu verkalýðsflokkarnir næst tilraun til þess að mynda stjórn í þessu landi, í það skiptið með Sjálfstfl. Og þá var gerð sú tilraun, sem mest hefur verið gerð á Íslandi enn sem komið er til þess að einhverju leyti að koma áætlunarbúskap í framkvæmd. Það, sem gerði, að sú stjórn verkalýðsflokkanna og Sjálfstfl. gat unnið það góða, sem hún vann, var, að hún gerði sér ljóst, að sjávarútvegurinn var sú lyftistöng þjóðarbúsins, sem varð fyrst og fremst að tryggja og efla, svo framarlega sem þjóðinni ætti að vegna vel, og þess vegna var lögð höfuðáherzla allan þennan tíma á aukningu sjávarútvegsins með þeim afleiðingum, sem öllum eru kunnar. Ég þarf ekki að rekja það, það vita meira að segja þeir, sem voru andstæðingar þeirrar stjórnar, bæði í Framsfl. og Sjálfstfl., að vegna þess, sem þá var gert, er þjóðarbú Íslendinga það í dag, sem það enn þá er. Þau tæki, sem þá voru útveguð til gjaldeyrisöflunar, eru þau, sem enn þá standa undir gjaldeyrisöfluninni á Íslandi fyrst og fremst. Og það var ekki aðeins, að það væri farið inn á þá leið að stórauka þannig framleiðslutækin og þar með framleiðsluna, heldur voru líka stigin þau spor, sem valda úrslitum um það, að hægt sé að auka og bæta okkar þjóðarbúskap, að tryggja örugga markaði, og það var alveg sérstaklega gert með því að vinna slíka markaði þá í löndum sósialismans, eins og nú hefur verið endurtekið, þannig að sú stjórn opnaði þá leið, sýndi Íslendingum fram á, að það var mögulegt fyrir okkur að þroska og þróa okkar sjávarútveg án þess að eiga nokkra kreppu á hættu.

Á þeirri nýsköpun, sem þá fór fram með togurunum, fiskibátunum og flutningaskipunum, og þeirri umhyggju, sem þá var sýnd fyrir íslenzkum þjóðarbúskap í heild, byggir okkar þjóð enn í dag.

Síðan tók við tímabilið 1949—56, og það, sem einkenndi það tímabil, var fyrirhyggjuleysi, *planleysi og hirðuleysi um stoðir þjóðfélagsins*, sem er frægast af því, að enginn togari var keyptur í 8 ár, en 5000 bílar. Það var grafið undan lífskjörum þjóðarinnar og gengi krónunnar, það var vanrækt að efla þau tæki, sem afla þjóðinni gjaldeyris. Ég veit ekki, hvort þessi fjandskapur við sjávarútveginn, sem þá kom fram, stafaði af því, að Ameríkumenn voru svo mikils ráðandi um efnahag Íslands á þeim tíma, — þeir hafa venjulega verið mjög andvígir því, að við settum okkar peninga í togarana eða bátana, — eða hvort það er hitt, að hagfræðingarnir fóru að hafa svo mikil áhrif á, hvaða leiðir væru farnar í sambandi við okkar þjóðarbúskap. Og það, sem hefur einkennt ýmsa þá annars ágætu hagfræðinga, sem þar hafa verið að verki, er, að þeir reikna aldrei út frá öðru en því, sem er, eru eins og reikningsvélar út frá því ástandi, sem fyrir er, hvernig „ballansinn“ þurfi að vera út frá því. Þeir geta ekki hugsað sem skapandi menn, menn, sem segi: það þarf að gera þetta, afla þessara tækja, skapa þessi tæki, til þess að þjóðinni geti liðið betur, og draga úr hinum.

Það, sem gerðist á þessu tímabili, 1949—56, var, að þeir menn réðu, sem höfðu trú á því, að það væri bezt fyrir þjóðina, að hver réði sinni fjárfestingu sjálfur, þá mundi öllum vegna vel, lofa bara hverjum að gera það, sem hann vildi, öllu að vera sem frjálsustu, fjárfestingunni og öðru, þá mundi það á endanum koma rétt út fyrir þjóðina. Afleiðingin var, að menn voru

ósköp fúsir á það, að þeir keyptu sér fleiri bíla, og enginn vildi kaupa togara. Það er ekki til neins að ætla að stjórna íslenzkum þjóðarbúskap með svona móti. Skipulagsleysi og frjáls samkeppni og öll slík aðferð mun alltaf bíða skipbrot hér á Íslandi, ef við ætlum að hafa sjálfstæðan þjóðarbúskap. Það er máske hægt með því að innlima okkur í t. d. einhvers konar fríverzlunarsvæði, skapa slík sjálfkrafa áhrif, svokallaða frjálsa samkeppni, en það er ekki hægt að efla íslenzkan þjóðarbúskap sem íslenzkan þjóðarbúskap. Til þess að gera slíkt verður að hugsa fyrir hann sem eina heild. Þá verður að skipuleggja hann sem sjálfstæða heild og hugsa fyrir honum, eins og einn maður hugsar fyrir sínu eigin búi eða sínu eigin heimili.

Það, sem við súpum seyðið af í dag, og það, sem við stöndum frammi fyrir, og þeir efnahagserfiðleikar, sem við eigum við að glíma núna, stafa af vanrækslu þessa sjö ára tímabils. Ef á að gera sakirnar upp við einhverja fyrir, hvernig komið sé nú, þá er það við þá, sem réðu stefnu þjóðarinnar á þessum tíma. Við erum nú að súpa seyðið af því, og það, sem þurfti að gera 1956, þegar stjórnarskiptin urðu, var að gera sér þetta ljóst tafarlaust til þess að bæta einmitt úr syndum þeirrar afturhaldsstjórnar, sem verið hafði við völd fram að því.

Þegar hæstv. núverandi ríkisstj. tók við, var ýmsu lofað um að breyta þessu. Því var lofað í fyrsta lagi, að það skyldi fara fram úttekt á þjóðarbúinu, það skyldi fara fram rannsókn á þjóðarbúinu. Hvað á maður við, þegar maður talar um rannsókn á þjóðarbúinu, ef að einhverju leyti eigi að vera hægt að byggja á slíkri rannsókn það, sem gera eigi í efnahagsmálum einnar þjóðar á næstunni? Það, sem maður á við, er í fyrsta lagi, að rannsakaður sé þjóðarauður Íslendinga, hver er hann, hvernig skiptist hann, hvernig skiptist hann í fyrsta lagi milli stéttanna í landinu, á milli atvinnugreinanna í landinu og milli þjóðfélagsstéttanna í landinu, hvernig skiptist hann á milli yfirstéttanna, millistéttanna og undirstéttanna í landi. Þetta er ein frumstæðasta rannsókn, sem á að fara fram á einu þjóðarbúi til að hafa einhverja hugmynd um, hvernig það stendur, að vita, hve mikinn hluta af þjóðarauðnum t. d. auðmannastéttin á, hve mikinn hluta verkalýðsstéttin á. Þetta er hlutur, sem enn þá hefur ekki fengizt rannsakaður. Þetta er hlutur, sem maður getur, ef maður flettir upp í hagskýrslum t. d. Bandaríkjanna, séð í einu vetfangi, og eigi að fara að tala um það við einhverja stétt í þessu landi, að ein þeirra hafi of mikið og önnur hafi of lítið, það sé hægt að taka af einni og láta til annarrar, þá er maður með fullyrðingar, svo lengi sem maður hefur ekki fengið þessa rannsókn í gegn. Það, sem í öðru lagi þarf að rannsaka, er þjóðartekjurnar, hvernig eru þjóðartekjurnar, hvernig skiptast þær á milli atvinnugreinanna hjá þjóðinni, hvernig skiptast þær á milli sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, verzlunar og annars slíks og hvernig skiptast þær á milli stéttanna, hve mikið af þeim fer til auðmannastéttar og atvinnurekendastéttar, hve mikið fer til verkamannastéttar, til hinna ýmsu annarra launþega, til millistéttanna í þjóðfélaginu og annars slíks. Ekkert af þessari rannsókn liggur fyrir. Við getum deilt um það endalaust, hvernig þetta sé, í staðinn fyrir að hafa það svart á hvítu.

Ég veit, að það hefur verið nóg hjá hagfræðingum að vinna undanfarið. Þeir hafa verið uppteknir að reikna m. a., hvernig ætti að lækka gengið og hvað mundi koma út, ef gengið væri lækkað svona eða á hinn veginn, og ef styrkir væru svona og ef styrkir væru á hinn veginn. En þeir hafa ekki verið settir í að rannsaka, hvernig þjóðarbúið væri, hvernig þjóðarauðurinn væri, hvernig hann skiptist, hvernig þjóðartekjurnar væru, hvernig þær skiptust. Það eina, sem maður hefur ofur lítið getað fengið upp um þetta, er nokkuð um fjárfestinguna, hvernig hún hafi verið á undanförnum árum, en maður hefur ekki getað fengið upp „rentabilitet“ þeirrar fjárfestingar á hverju sviði, í hverri atvinnugrein út af fyrir sig, hve vel hafi borgað sig það fjármagn fyrir þjóðina, sem lagt hafi verið í sjávarútveginn, hve vel hafi borgað sig það, sem lagt hafi verið í landbúnað, hve vel hafi borgað sig það, sem lagt hafi verið í verzlun, fyrir þjóðarbúið „nota bene“, en ekki fyrir þá einstaklinga, sem hafa með sérstökum ráðstöfunum getað fengið gróða af þessu.

Þessi úttekt hefur ekki farið fram, og þegar við deilum í dag og deilum í haust máske um skiptinguna á þjóðartekjunum og skiptinguna á þjóðarauðnum og hverjir það séu, sem geti borið byrðarnar, og hvort lífskjörin séu of há og hvort þurfi að skerða þau, þá stöndum við enn þá í sömu sporunum og við stóðum 1956. Við höfum hvorugur, sem þarna mundum deila, nein sönnunargögn í þessu fram að færa.

Í öðru lagi var því lofað þegar ríkisstj. tók við, að það yrði komið upp meiri eða minni heildarstjórn á fjárfestingunni í landinu, meiri eða minni áætlunarbúskap, þó að þau orð væru ekki notuð. Það stóð í samningi þeim, sem lagður var til grundvallar fyrir ríkisstj. og ríkisstjórnarsamstarfinu, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. mun nú þegar í samráði við stéttasamtökin skipa nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka ástand efnahagsmála þjóðarinnar með það fyrir augum, að sem traustastur grundvöllur fáist undir ákvarðanir hennar í þeim málum. Mun ríkisstj. leggja sérstaka áherzlu á að leysa efnahagsmálin í náinni samvinnu við stéttasamtök vinnandi fólks. Ríkisstj. mun beita sér fyrir að skipuleggja alhliða atvinnutryggingu í landinu, einkum í þeim þremur landshlutum, sem nú eru verst á vegi staddir í atvinnulegum efnum. Ríkisstj. mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni. Nú þegar hefur verið tekin ákvörðun um í fyrsta lagi að leita samninga um smíði á 15 togurum og lánsfé til þess, enda verði skipunum ráðstafað og þau rekin af hinu opinbera og á annan hátt með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.“

Og síðan var áfram um að beita sér fyrir framhaldsvirkjun Sogsins og erlendum lánum til framkvæmda í landbúnaði, iðnaði og hafnar-

gerð. Því var alveg sérstaklega fagnað, að ríkisstj. lýsti því yfir, að hún mundi undirbúa slíka áætlun og fara þannig að vinna að því að koma meira og betra skipulagi á þjóðarbúskapinn.

Þegar 25. þing Alþýðusambands Íslands haustið 1956 fagnaði komu ríkisstj., þá var í þess samþykkt um þau efni sagt m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega sé nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt: 1) Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil. 2) Tekin verði stór lán erlendis, enda fáist þau án óeðlilegra skilmála með hagstæðum vaxtakjörum til langs tíma og helzt með tryggingu fyrir, að hægt verði að greiða þau í íslenzkum afurðum. Þess sé vandlega gætt, að slíkum lánum verði fyrst og fremst varið þannig, að þau verði til þess að auka hagnýta framleiðslu þjóðarinnar og þó einkum gjaldeyrisframleiðslu hennar."

Þetta var yfirlýsing Alþýðusambandsþings 1956 um fylgi við heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap.

Ég veit, að fyrir mörgum mun þessi krafa um áætlunarbúskap, um heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, hljóma eins og eitthvert slagorð eða sósíalistísk krafa. En ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, að fyrir okkur Íslendinga, eins og þróunin hefur orðið í öllum okkar þjóðarbúskap á síðustu 25 árum, er þetta hlutur, sem við getum ekki komizt af án. Fyrir 30 árum var ríkisstj. á Íslandi fyrst og fremst stjórn á dómsmálum, kirkjumálum og öllu mögulegu slíku. Hún var stjórn, sem skipti sér lítið af atvinnulífinu. Ríkisstjórnin var gagnvart atvinnulífinu, svo að ég noti nú slagorð, sem einu sinni var notað í Englandi á 19. öldinni: hún var eins og eins konar næturvörður. Hún átti að gæta þess, að menn ekki væru að brjótast inn og stela, og annað slíkt, en atvinnulífið átti að ganga sinn gang, án þess að ríkisstj. skipti sér af því. Þróunin, sem orðið hefur á Íslandi síðustu 25 árin sérstaklega, hefur leitt til þess, að stjórnin á atvinnulífi þjóðarinnar, stjórnin á þjóðarbúskapnum er orðin verkefni Alþingis og ríkisstj., og meginið af öllu því, sem Alþingi og ríkisstj. gerir nú upp á síðkastið, er að hugsa um þessa stjórn á þjóðarbúskapnum. En stjórnarkerfi landsins hefur aldrei verið lagað eftir þessari breytingu. Það er látið dankast í sömu gömlu formunum og var meðan ríkisstj. var bara næturvörður, þó að hún eigi að sjá um þetta daglega líf þjóðarinnar og standa undir og sjá um, að það sé staðið undir öllum hennar þjóðarbúskap.

Raunverulega er heildarstjórn á þjóðarbúskapnum eins og önnur ríkisstjórn. En stjórnarkerfið hefur ekki verið lagað af þessu, og meðan við ekki drögum þær ályktanir af þeirri þróun, sem orðið hefur á Íslandi, þá getum við ekki stjórnað okkar þjóðarbúskap af viti. Menn vilja kannske ætla, að ég sé með þessu að segja, að við ættum tafarlaust að koma á sósíalisma á Íslandi, og það sé óhugsandi að koma slíkri heildarstjórn á öðruvísi. Ég er ekki að meina það, þó að ég álíti það mjög æskilegt. Við skulum bara taka okkar næsta nágrannaland eins og Noreg. Noregur er nú frá stríðslokum búinn að stjórna fyrst og fremst sínum atvinnumálum á þann hátt að gera áætlun um þjóðarbúskapinn fyrir hvert ár í senn og fyrir langan tíma. Alveg eins og fjárlög eru lögð fyrir norska þingið og fjárlög lögð fyrir okkar þing, eins er lögð áætlun um heildarþróun í þjóðarbúskapnum norska fyrir hvert einasta þing, sem þar kemur saman. Ég hef fengið þessar áætlanir fyrir öll þessi ár, ég hef þær hérna, ef menn hafa áhuga á að athuga þær. Hvert einasta ár er þykk bók lögð fyrir um, hvernig norskur þjóðarbúskapur skuli þróaður á næsta ári, hvað mikið „kapítal" skuli sett í þessa og þessa grein, hvað mikið vinnuafl, og allt annað slíkt. Það er unnið alveg skipulega vitandi vits út frá öllum þeim forsendum, sem menn þekkja og menn geta ráðið við, um það, hvernig skuli þróa þjóðarbúskapinn, hvaða greinar hans, hvaða greinum skuli draga úr. Við skulum segja t. d., að norsk stjórn gæti leyft sér að stilla málunum þannig viðvíkjandi t. d. landbúnaði: hvað mörgum bændum þarf að hjálpa á ýmsan hátt, hvað margir bændur komast af án nokkurrar hjálpar, og hvaða bændum má kannske hjálpa til að flytjast burt til bæjanna? Norsk ríkisstjórn ræður því og athugar á hverju einasta ári, hvernig henni finnst skynsamlegast að stjórna þjóðarbúskapnum, hvernig það komi út úr því bezt lífskjör fyrir norsku þjóðina.

Það er óhjákvæmilegt fyrir okkur Íslendinga að koma upp slíkri heildarstjórn á okkar þjóðarbúskap, fyrir utan það, að sjálf ríkisafskiptin af þjóðarbúskapnum, beinlínis framleiðsla þeirra ríkisfyrirtækja, sem komið hefur verið upp á undanförnum áratugum, er svo mikil, að það veitti ekki af að skipuleggja hana út af fyrir sig, þannig að annað eins kæmi ekki fyrir og er að koma fyrir núna, að það er kannske reist sementsverksmiðja á einum stað og raforkuver á öðrum, sem ríkisstj. og það opinbera á hvort tveggja, án þess einu sinni að ríkið sjálft hugsi um að samræma þessa hluti þannig, að það sé til rafmagn handa sementsverksmiðju, þegar sementsverksmiðjan væri komin upp. Það algera planleysi, sá skortur á allri heildarstjórn og áætlunarbúskap í íslenzku þjóðlífi, sem einkennt hefur okkur að undanförnu, er óþolandi og verður að breytast.

Þegar undirbúnar voru breytingar á bankalöggjöfinni síðasta ár, var ég í n., sem ríkisstj. setti til þess að undirbúa þá löggjöf, og ég gerði það að minni till., að stjórn seðlabankans hefði það verkefni að semja slíka áætlun, og í þeirri till., sem ég lagði fyrir ríkisstj. þá, var annar kafli þeirra laga um áætlun um þjóðarbúskapinn. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þær till., sem ég flutti þá. Það var 11. gr. í því frv., sem ég var með:

„Seðlabanki Íslands sér um að semja og framfylgja heildaráætlun um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerð skal í samráði við ríkisstj. Áætl-

anirnar skulu vera tvenns konar: Í fyrsta lagi heildaráætlanir um eflingu atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil eftir nánari ákvörðun bankastjórnar og ríkisstj., í öðru lagi áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskap.

12. gr. Bankinn skal miða áætlanir við eftirfarandi:

1) Öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2) Auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga.
3) Atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreyttast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn bezta hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar og mesta afkastagetu landsmanna og bezt lífskjör fyrir heildina.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal bankinn vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins. Höfuðmarkmiðið skal vera að tryggja sem fullkomnasta hagnýtingu auðlinda, framleiðslutækja, vinnuafls og fjármagns þjóðarinnar á grundvelli beztu rannsókna á þessum sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.“

Ég skal ekki lesa lengra af þessu. Mér var alveg ljóst, að ef það átti að verða einhver samræmd stjórn á þjóðarbúskap Íslendinga, þá þurfti stjórn seðlabankans að vera þannig, að hún hugsaði í samræmi við þá pólitík, sem ríkisstj. ákvæði á hverjum tíma, og í samræmi við þá hagsmuni þjóðarheildarinnar, sem stefna bæri að.

Þessar till., sem ég þarna flutti, voru byggðar á till., sem Alþfl. hafði flutt 1937, fluttar þá af hv. núverandi þm. Hafnf. (EmJ), till. um skipulagninguna bæði viðvíkjandi gjaldeyrisöfluninni og áætluninni um það og um heildarbúskapinn, þannig að það var byggt raunverulega á þeim gömlu áætlunum, sem Framsfl. hafði ekki viljað taka tillit til í stjórnarsamvinnunni 1934—37. Það fór á sömu leið nú, þegar þessar áætlanir voru lagðar fyrir, Framsfl. þótti ekki rétt að taka neitt tillit til þeirra.

Ég held, að afleiðingin af þessu hafi orðið sú, að síðan hefur seðlabankinn og seðlabankastjórnin verið vettvangur baráttu um, hvernig eigi að stjórna og hvernig eigi að skipta sér af efnahagsmálum Íslands. T. d. seðlabankastjórinn hefur núna undanfarið verið að prédika gengislækkun á Íslandi og nauðsyn á henni, sá maðurinn, sem mest „autoritet“ ætti að hafa og mest ætti að vinna að því að halda uppi trú manna á gjaldeyri í landinu og tryggja gengi okkar peninga.

Ég held, að það hefði verið nauðsynlegt, að Framsfl. hefði frá upphafi tekið tillit til þeirra till., sem uppi hafa verið um heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap, og ekki látið fara eins og nú hefur farið, að allt sé látið ganga, þangað til komið er í erfiðleika, og þá sé gripið til úrræða, sem verða alltaf meiri eða minni óyndisúrræði. Það þurfti að taka á þessum málum af viti og af framsýni, en ekki láta skeika að sköpuðu í hvert skipti.

En það var ekki aðeins lofað heildaráætlun, þegar þetta var gert, það var líka ákveðið að byrja á að framkvæma hana, og það var ákveðið að byrja að framkvæma heildaráætlunina með því að kaupa 15 togara erlendis. Það var eitt af því, sem Alþb. alveg sérstaklega fékk inn í þá samninga, sem þá voru gerðir, og við vissum hins vegar ósköp vel, að meira að segja ákvörðunin um kaup á þeim 15 togurum var ekki nema rétt til að bæta úr vanrækslunni á tímabilinu frá 1949 til 1956.

Það er ekki farið að gera samninga um þessa togara enn þá, þessa stóru togara. Það hefur verið allt undirbúið af hálfu sjútvmrh., sem snertir tæknina í þessum efnum, og það hafa verið til lánsmöguleikar til þess að kaupa þessa togara, en það hefur ekki verið gert enn sem komið er. Það er hins vegar Alþb. og þessum ráðh. fyrir að þakka, að það hafa verið keyptir bátar til landsins og það hafa verið smíðaðir litlir togarar, 250 tonna togarar, sem koma hingað í ár, eru í smíðum nú í Austur-Þýzkalandi, þannig að það hefur ekki verið vanrækt að reyna þó að einhverju leyti að sjá fyrir því, að byrjað væri á því fyrir alvöru að efla sjávarútveginn og tryggja þannig fulla atvinnu í landinu.

Það er búið á þessu tímabili að taka erlend lán upp á milli 300 og 400 millj. kr. Það hefur ekki 10% af þessum lánum farið til sjávarútvegsins, undirstöðunnar í atvinnulífi Íslendinga. Það hefur mikið farið til raforkuframleiðslu, það hefur mikið farið til landbúnaðar, þessar greinar hafa fengið þessi lán. En hver á að borga lánin, hver á að útvega peningana, gjaldeyrinn, til þess að borga þau með? Það er sjávarútvegurinn, og það verður að borga þau með fiski, því að annað er ekki til að borga með. Það er gott og nauðsynlegt að hafa Sogsvirkjun, það er gott líka að fá rafmagn út á land, en það, að við höfum efni á að hafa þetta rafmagn og kaupa til þess tæki, er vegna þess, að við rekum sjávarútveg og rekum hann í það stórum stíl, að við getum enn þá staðið undir þessu. En ef við vanrækjum að efla hann, eins og gert hefur verið undanfarið, þessi sjö mögru ár, sem ég talaði um áðan, þá brotnar efnahagsbygging þjóðarinnar undan þeim þunga, sem raforkuframkvæmdir og landbúnaður og annað slíkt verður. Þetta verðum við að gera okkur ljóst. Ef við vanrækjum að efla þennan sjávarútveg, þá brotnar allt.

Það hefur ekkert lán verið tekið enn þá í stóru togarana. Okkar vinstri ríkisstj. lofaði því að vera hálfdrættingur á við nýsköpunarstjórnina hvað togarakaup snertir, kaupa 15, þar sem hún keypti 30. Það er ekki enn búið að undirskrifa þessa samninga. Það er enn ekki farið að hagnýta þá lánsmöguleika, sem eru búnir að vera í meira en eitt ár, til þess að kaupa þessa togara. Og hvað á það að ganga lengi til? Ég veit, hvernig ráðh. Alþb. hafa rekið á eftir

þessu í ríkisstj., og ég veit, hvernig staðið hefur verið á móti þessu. Svona getur þetta ekki gengið áfram. Það er sízt af öllu til nokkurs að koma til verkalýðshreyfingarinnar og segja við hana, kannske í haust eða ég veit ekki hvenær: Ja, það er nú slæmt með efnahagsmálin, og það er nú lélegt með lífskjörin, og það verður nú að fara að skerða þau, og menn verða að fórna. — Hún kemur til með að spyrja: Hvað hafið þið gert til þess að undirbyggja þetta? Hvernig hefur Framsókn tekið undir kröfurnar, sem komið hafa fram frá okkar ráðh. í þessari ríkisstj., og kröfurnar, sem fram hafa komið frá verkalýðshreyfingunni í þessu efni?

Ég veit vel, að það þarf að grípa til allróttækra ráðstafana hér á Íslandi til þess að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar rétt. Það er ekki nóg að ákveða að hafa heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, það þarf líka að framkvæma þá heildarstjórn, og sú heildarstjórn getur vel komið við ýmsa, það skulum við gera okkur ljóst.

Ég skal nefna nokkur dæmi um, hvað ég álít að þurfi að gera.

Við skulum taka í fyrsta lagi verzlunina og þá í fyrsta lagi heildverzlunina hér í Reykjavík. Í þeirri einu úttekt, sem fram hefur farið á þjóðarbúinu, úttekt Rauðku 1934—36, var komizt að þeirri niðurstöðu, sem er sigild fyrir allt þetta 25 ára tímabil, að það væri of mikið af fjármagni þjóðarinnar í verzluninni og of lítið í sjávarútveginum. Ef ég man tölurnar rétt, sem voru þá, reiknaði Rauðka með, að það væru 100 millj. kr. — og það voru þá miklir peningar — í verzluninni og 22 millj. kr. í sjávarútveginum, og ályktanirnar, sem skipulagsnefnd atvinnumála dró, voru: Þetta hlutfall verður að breytast. Það verður að reka fjármagnið út úr heildverzluninni, það verður að knýja fjármagnið inn í sjávarútveginn, og til þess er raunverulega aðeins einn möguleiki í kapítalistísku skipulagi, og hann er að þjóðnýta svo og svo mikið af innflutningsverzluninni, að hindra það, að einkafjármagn geti verið þar, að knýja það fjármagn burt úr því svæði og knýja það inn í framleiðslugreinarnar, inn í þá skapandi framleiðslu. Það er hvort sem er alltaf sú tilhneiging í sambandi við verzlunina og auðmagn hjá einni þjóð að verða þar svo að segja til þess að lifa hálfgerðu sníkjulífi á þjóðinni, á sama tíma sem það skapandi fjármagn í framleiðslugreinunum sé meira eða minna flæmt í burtu eða brotni saman undir þunga verzlunarauðmagnsins. Það er mín skoðun, að það hefði þurft að taka svona þriðjunginn af innflutningsverzluninni á Íslandi og þjóðnýta hana, taka ríkisrekstur á t. d. olíu, vélum, bifreiðum, rafmagnstækjum og fleira slíku. Nú sem stendur er mjög mikið af einkakapítali á þessum sviðum, og ég álít, að það þurfi fyrir íslenzkan þjóðarbúskap að knýja einkakapítal út úr þessu sviði og hætta að láta einkakapítalið hafa hagsmuni af því að fara inn á þessi svið.

Ég skal taka eitt dæmi í þessu sambandi, það er af olíunni. Það er öllum landsmönnum vitað, að það hefur verið eytt of fjár á undanförnum áratug í hringavitlausa fjárfestingu í sambandi við olíuna og dreifingu olíunnar á Íslandi, með hringavitleysu, svokallaðri samkeppni á milli þeirra olíufélaga, sem hér eru að verkum, og allt of miklu af fjármagni þjóðarinnar hefur verið sóað á þennan hátt. Einmitt um þetta atriði, olíueinkasölu ríkisins, hafa farið fram í ríkisstj. átök. Það hefur verið till. Alþfl., og það hefur verið till. Alþb., það hefur legið fyrir í ríkisstj. frv. frá hálfu ráðh. Alþb. um olíueinkasölu ríkisins, og það hefur ekkert fengizt fram. Það hefur legið fyrir hér á Alþ. till. til þál. um olíueinkasölu ríkisins frá tveim þm. Alþb., og nú alveg nýlega var fjvn. að klofna um þetta mál, Alþfl. og Alþb. stóðu þar saman um að láta athuga og fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um þessi efni. Framsfl. hefur ekki getað hugsað sér að fallast á þetta atriði. Ég held, að afstaða Framsfl. til olíueinkasölu sé gott dæmi um tillitsleysi þessa flokks til verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsflokkanna. Og það eru ekki hagsmunir samvinnuhreyfingarinnar, sem þarna eru í veði, því að það eru ekki hagsmunir samvinnuhreyfingarinnar, að olíusalan sé rekin eins og hún er rekin núna. En það er svo, að þegar á að höggva í eitthvað af auðvaldinu hér í Reykjavík, þá er eins og vissir aðilar í námunda við Samband íslenzkra samvinnufélaga kippist við, eins og þetta væru samvaxnir tvíburar, og það er ástand, sem ekki getur gengið. Það verður að vera hægt að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þjóðnýtingar á vissum sviðum á Íslandi, með Framsfl., ef hann ætlar sér til frambúðar að halda uppi vinstri stjórn með verkalýðsflokkunum í landinu, þannig að hægt sé að skipuleggja í þjóðarþágu vissa hluti og vissa þætti í íslenzkum þjóðarbúskap, þó að ýmsum finnist þar nærri sér höggvið.

Það er hart að ástandið skuli vera þannig, að ríkið skuli kaupa inn alla olíu til landsins og afhenda þetta síðan nokkrum hlutafélögum í landinu til þess að dreifa því út til fólksins og græða á því. Ég veit, að það eru ýmsir, sem koma og segja: Ja, olíufélögin græða ekki neitt, og þau kvarta og kvarta og kvarta. — Það verður ekki hægt að telja nokkrum manni trú um, að þau græði ekki, á meðan þau eru til og meðan þau halda áfram að starfa.

Það er engum efa bundið, að meðan ekki er hægt að skakka leikinn milli verzlunarauðmagnsins á Íslandi annars vegar og framleiðsluauðmagnsins hins vegar, þá er ekki hægt að reka íslenzkan þjóðarbúskap af viti. Það er ekki hægt að reka þjóðarbúskapinn af viti, meðan meginið af fjármagninu sækir til verzlunarinnar, af því að því finnst þar helzt gróðavon, en flýi burt frá sjávarútvegi eða iðnaði, vegna þess að þar finnst því ekki vera mögulegt að skapa gróða.

Það er gefið mál, að það þurfti líka að breyta til viðvíkjandi landbúnaðinum. Sú pólitík, sem verið hefur rekin viðvíkjandi honum, getur ekki gengið. Það er ekki hægt að halda áfram þeirri fjárfestingu, sem þar hefur verið. Sú fjárfesting er að brjóta niður fyrir okkur allt það, sem verkalýðshreyfingin hefur viljað gera til þess að tryggja góð kjör íslenzkra bænda, vegna þess að til að tryggja þau góðu kjör varð að skipuleggja landbúnaðinn jafnt og aðra hluti á Íslandi, og ég skal koma að því nánar síðar.

Það er enn fremur alveg víst, að aldrei verður tekin í mál af hálfu verkalýðshreyfingarinnar nein lífskjaraskerðing, meðan ekki er búið að taka embættiskerfið á Íslandi og ríkiskerfið sjálft fyrir. Ríkiskerfið hefur vaxið eins og villiskógur, meira að segja svo, að þegar bankar eru stofnaðir í hreinni vitleysu, eins og Framkvæmdabankinn, þá fást svona bankar meira að segja ekki einu sinni lagðir niður, þó að það séu engin rök til lengur fyrir að halda þeim lifandi, bara af því að þeir eru orðnir til.

Það gildir sama viðvíkjandi raforkuplaninu í dreifbýlinu, sem um 250 millj. kr. nú bráðlega eru komnar í. Það er ákaflega góður hlutur að gera þetta, og það er ánægjulegt að geta veitt fólkinu í landinu það að geta haft rafmagn á svona og svona mörgum stöðum, en skilyrðið til þess, að við höfum efni á þessum hlutum og getum staðið undir því og getum afskrifað þessa hluti, það er, að við höfum eflt sjávarútveginn þannig, að okkar þjóð sé það rík, að hún geti leyft sér slíkt. Það er hægt að gera þessa hluti í hófi, ef ekki er látið ógert að efla nógu skjótt og nógu skörulega undirstöður þjóðarbúskaparins. En það er það, sem hefur verið vanrækt. Það er það, sem hefur farið okkur Íslendingum í stjórninni á okkar þjóðarbúskap einna verst úr hendi upp á síðkastið.

Ég skal taka hér nokkur dæmi úr þeim einu skýrslum einmitt, sem maður hefur um, hvað gerzt hefur í íslenzkum þjóðarbúskap á undanförnum árum, skýrslunum um fjármunamyndun eða fjárfestingu. Við getum séð af þeirri mynd, sem er dregin upp í þeim skýrslum, hvort það hefur verið stjórnað af hugsun og viti eða hvort það hefur verið hending og hver einstaklingur út af fyrir sig verið látinn ráða. Ég held, að menn efist ekki um, hver þörf þjóðinni var á því, að fjármyndun væri fyrst og fremst í sjávarútveginum á Íslandi, og það hefur miðað í rétta átt, eftir að vinstri stjórnin var mynduð, bara ekki nógu hratt, og ég ætla að leyfa mér að taka nokkrar tölur um samanburðinn annars vegar á fjármunamyndun og fjárfestingu þjóðarinnar í sjávarútveginum og svo hins vegar í landbúnaðinum og minna menn á um leið, að það ræður úrslitum um, hvernig þjóðarbúið ber sig, hvernig þessi fjárfesting er. Ef á að stjórna þjóðarbúinu vel, þarf fjárfestingin fyrst og fremst að vera í því, sem er undirstaðan undir öllu saman, sjávarútveginum.

1954 var fjárfesting í sjávarútveginum 60 millj. kr. 1955 var hún 91 millj. 1956, þegar vinstri stjórnin tekur við, er hún 140 millj. 1957 með þeim bráðabirgðatölum, sem fyrir liggja, er hún 147 millj. Á öllum þessum fjórum árum er fjármunamyndun í sjávarútveginum alls um 440 millj. Á sama tíma er hún í landbúnaðinum á árinu 1954 175 millj., þegar hún er 60 í sjávarútveginum 1955 er hún í landbúnaðinum 194 millj., þegar hún er 91 í sjávarútveginum. 1956 er hún 229 millj. í landbúnaðinum, þegar hún er 140 millj. í sjávarútveginum. Og 1957 er hún 214 millj. í landbúnaðinum, þegar hún er 147 í sjávarútveginum.

Við sjáum það aðeins af þessari þróun og af þessu hlutfalli, að það er skökk áherzla, sem lögð er í þjóðarbúinu á eflingu þeirra atvinnugreina, sem þurfa að standa undir þjóðarbúinu, og þeirra, sem við þurftum að draga dálítið úr. Við höfum ekki einbeitt fjármunamynduninni hjá þjóðinni rétt. Þjóðartekjurnar munu vera, t. d. á þessu síðasta ári, um 4500 millj. kr. Af því fara 1445 millj. í fjárfestingu, eða um þriðjungurinn. Það, hvernig við verjum þessum 1445 millj. kr., ræður úrslitum um, hvernig við búum í haginn fyrir lífskjör þjóðarinnar. Meðan við ráðstöfum þessu svona, meira að segja þó að okkar vinstri stjórn hafi tekið við og næstum því hefur verið þrefaldað það, sem þarna er lagt inn, er það þó ekki komið nema upp í 147 millj. kr. Það kann ekki góðri lukku að stýra, meðan efnahagspólitíkin er svona vitlaus hjá okkur. Slík vitlaus efnahagspólitík gengur út yfir lífskjörin.

Hæstv. menntmrh. minntist á það hér áðan, að lífskjörin gætu því aðeins batnað, að fjárfestingin minnkaði. Það er engin bein andstæða milli lífskjaranna og fjárfestingarinnar þannig. Lífskjörin batna við rétta fjárfestingu, fjárfestingu, sem er hnitmiðuð við það að geta staðið undir batnandi lífskjörum. Þau rýrna við ranga fjárfestingu.

Hæstv. menntmrh. sagði, að áhrifin af núverandi frv., ef að lögum yrði, mundu verða að draga úr fjárfestingunni. Það væri ekki efnilegt fyrir framtíð þjóðarinnar, ef þessi lög yrðu til þess að draga úr fjárfestingunni í sjávarútveginum. Það, sem þarf að gera, er að sjá um, að fjárfestingin í því, sem er undirstaðan undir íslenzkum þjóðarbúskap, eflist. Því aðeins getum við bætt lífskjör þjóðarinnar. En við verðum að draga úr fjárfestingu, þar sem það verður til þess jafnvel að þræla duglegum mönnum eins og íslenzkum bændum út í að framleiða máske osta, sem þeir fá í hausinn aftur, af því að þeir seljast ekki. Þannig getum við ekki stjórnað þjóðarbúskap af viti. Við verðum að hnitmiða okkar fjárfestingu við það, að hún verði til að efla okkar lífskjör, en ekki til þess að rýra þau.

Hver verður nú hins vegar afleiðingin, ef búið er um langt tímabil að stjórna fjárfestingu þjóðarinnar skakkt eða láta hana vera stjórnlausa, með þeim afleiðingum, að það, sem þjóðinni lá á að aukið væri og eflt, eins og sjávarútvegurinn á hinum sjö mögru árum, hefur ekki verið eflt, en aftur á móti framleiðsla á þeim hlutum, sem þegar er orðin offramleiðsla af, eins og t. d. landbúnaðarafurðunum, væri aukin? Hver verður afleiðingin af skakkri fjárfestingu þannig? Afleiðingin verður sú, að þeir, sem fest hafa fé á skakkan hátt, hafa hagsmuni af því að afskrifa þessa röngu fjárfestingu með verðgildisrýrnun peninganna, gengislækkun eða öðrum slíkum ráðstöfunum. Og ég er hræddur um, að þetta mikla tal, sem ég verð alltaf var við hjá Framsfl., svo að ég nú ekki tali um Sjálfstfl., um gengislækkun og nauðsynina á henni og það sem eina bjargráðið, eigi rætur sínar að rekja til þess, að þessir flokkar finni til þess, að þeir þurfi að afskrifa afleiðingarnar af vitlausri fjárfestingarpólitík þeirra með gengislækkun á einn eða annan hátt.

Ég hef séð það af skrifum Framsfl. og heyrt það raunar líka hjá nokkrum af hans forustumönnum, að hann vildi og jafnvel vill beina gengislækkun, og ég veit, að ihaldið er reiðubúið til að hjálpa honum til slíks, eins og þessir flokkar hjálpuðust við það 1950, og er reiðubúið til að gera það með meiri lífskjaraskerðingum en í þessu frv. felast.

Ég álít, að undirrótin til þessarar sífelldu ásóknar í gengislækkun, þessarar gengislækkunarkröfu, sem nú er farin að koma fram í íslenzku þjóðfélagi með 5—10 ára millibili, þessi krafa sé afleiðing af rangri fjárfestingarpólitík, af stjórnleysi á þjóðarbúskapnum. Ef svona verður haldið áfram eins og gert hefur verið, þá verður gengi íslenzku krónunnar á 7—10 ára fresti lækkað til þess að þurfa ekki að horfast í augu við afleiðingarnar af rangri fjárfestingarpólitík, og svo tala menn um í hvert skipti efnahagserfiðleikana, sem þá séu, og annað slíkt, en þora ekki að kryfja til mergjar orsakirnar til þessa.

Ég held, að hin ranga stefna Framsóknar í fjárfestingarmálunum verði því aðeins stöðvuð, að verkalýðsflokkarnir knýi hana inn á áætlunarstefnu í þjóðarbúskapnum, heilbrigða, viturlega og raunhæfa heildarstjórn á þjóðarbúskapnum út frá hagsmunum þjóðarheildarinnar, knýi hana til að hætta því stjórnlausa, meira eða minna hreppapólitíska braski í úreltri og ranglátri kjördæmaskipun, sem hefur staðið á bak við svo og svo mikið af þeirri fjárfestingarpólitík, sem hún hefur knúið fram.

Ég hef talað svona mikið um heildarstjórnina á íslenzkum þjóðarbúskap vegna þess, að ég geri mér ljóst, að beri verkalýðsflokkarnir ekki gæfu til þess að knýja Framsfl. inn á að breyta hér um stefnu og taka upp slíkt skipulag á þjóðarbúskapnum, þá misheppnast sú tilraun, sem verkalýður Íslands hefur gert til þess að mynda vinstri stjórn með Framsfl., og þá sé spurning um þolinmæði íslenzku verkalýðshreyfingarinnar, hve lengi hún vilji bíða eftir því að sjá, að slík tilraun hafi mistekizt.

Þess vegna vil ég vara við því spori, sem hérna er stigið, en þó alveg sérstaklega vara við þeim sporum, sem vanrækt hefur verið að stíga á undanförnum árum, m. a. vegna þvermóðsku og tillitsleysis Framsfl. gagnvart samstarfsflokkum hans. Og ég vara við þessu vegna þess, að ég vil, að þetta stjórnarsamstarf geti staðið, af því að ég vil, að verkamenn og bændur á Íslandi geti unnið saman. Þess vegna mæli ég þessi orð í fullri alvöru og vil vonast til þess, ef ekki á illa að fara, að tillit verði tekið til þeirra.

Hvað snertir það frv. út af fyrir sig, sem hér liggur fyrir, þá vil ég segja, að eins og nú er komið, þá á það svo að segja ekkert skylt við þau vandamál, sem lágu fyrir í vetur um tekjuöflun til ríkissjóðs annars vegar og útflutningssjóðs hins vegar. Þar var um að ræða gat í fjárl. upp á 65 millj. kr., sem hægt var að deila um, hve miklu þyrfti að bæta við. Þar var um að ræða það, sem vantaði e. t. v. í útflutningssjóð, á milli 20 og 40 millj. kr. Líka var hægt að deila um, hvort það munaði nokkrum milljónatugum eða ekki. Og það var ekki út af fyrir sig vandi að ráða fram úr þeim málum að útvega þessar tekjur. Það var hægt að gera það án þess að breyta um kerfi, eins og nú er gert, og fara inn á þá leið, sem hér er farin. Það var meira að segja að sumu leyti hægt að gera það með gjaldeyrisráðstöfunum einvörðungu. Ég skal aðeins minna á sem dæmi, að ef þær 30 millj. kr. af útlendum gjaldeyri, sem notaðar hafa verið til þess að flytja inn fóðurmjöl til landsins, voru notaðar til þess að flytja inn hátollavörur, þá gáfu þessar 30 millj. kr., ef þær voru notaðar til að kaupa hátollavörur, 70 millj. kr. í ríkissjóð, enda er meira að segja í grg. þessa frv. sýnt fram á, að það er eins mikið og frekar ráðstöfunin á gjaldeyrinum, röng ráðstöfun á honum, stjórnlaus ráðstöfun á honum, sem skapar þau vandræði, sem þá stóðu fyrir dyrum, heldur en hitt, að það hafi vantað svo stórkostlega peninga. Og svo mun líka verða nú á næstunni. Ákvörðunin um, hvernig gjaldeyririnn er notaður, verður eins þýðingarmikil og allt, sem við ræðum um nú viðvíkjandi ýmsum álögum. Stjórnin sjálf á þjóðarbúskapnum, stjórnin á innflutningnum, er eins þýðingarmikil í þessu og allt, sem Alþingi er að ákveða viðvíkjandi lögum um álögur, skatta, tolla, útflutningsgjöld og annað slíkt. Þannig er komið í okkar þjóðarbúi.

Það er vitanlegt, að ekki aðeins frá því í vetur í desember, heldur líka þar áður, hafa dunið á Alþýðubandalaginu kröfurnar um gengislækkun, og það hefur ekki vantað, að Sjálfstfl., sem hér setur nú upp sitt helgiandlit og fórnar höndum, hafi verið til í að taka undir þær kröfur. Við höfum staðið einir uppi, Alþb., í því að reyna að berjast fyrir því að viðhalda gengi íslenzku krónunnar og viðhalda trú manna á peningunum í landinu. Það er orðið hálfundarlegt, að þessir karlar, sem venjulega eru kallaðir kommúnistar, skuli vera *orðnir þeir einu, sem reyna* að baksa við það að halda uppi gengi gjaldeyris sinnar þjóðar, og að borgarastéttin í landinu skuli ganga fram fyrir skjöldu og allir, sem að einhverju leyti standa með henni, skuli berjast fyrir því að lækka gengi krónunnar. Í hverju einasta landi hér í kringum okkur bregzt ein borgarastétt ekki verr við en ef sagt er, að nú eigi t. d. hennar sterlingspund að fara að falla, og hennar æðstu menn, seðlabankastjórar og aðrir, lýsa því yfir, að slíkt komi ekki til greina. Hérna eru jafnvel sjálfir seðlabankastjórarnir að ganga fram fyrir skjöldu í tíma og ótíma um að lýsa því yfir, að það þurfi endilega að fella gengi krónunnar. Það er þessi hamslausi áróður og þessar hamslausu kröfur, þar sem Alþb. hefur staðið eitt, sem nú verða þess valdandi, að þarna er látið undan að nokkru leyti.

Það er búið að rægja og ófrægja þá verðstöðvunarstefnu, sem verkalýðshreyfingin hefur viljað beita sér fyrir og fulltrúar Alþb. í ríkisstj. hafa barizt fyrir, með þeim afleiðingum, að nú er það knúið fram, að hún sé yfirgefin. Þetta er rétt að *menn geri sér ljóst. Menn hafa verið* nægilega duglegir í því að reyna að ófrægja þessa stefnu. Menn koma kannske til með að

sjá það, þegar verðhækkunaraldan dynur yfir á næstunni, hvert það leiðir að yfirgefa þetta og hvert það leiðir að gefast upp við að þora að taka t. d. olíuhringunum tak í landinu, að þora ekki að skerða hagsmuni auðvaldsins í þessu landi að *minnsta leyti*, standa vörð um þá innan ríkisstj., eins og Framsfl. hefur gert, og utan hennar, eins og Sjálfstfl. gerir.

Nú er það auðséð, að um leið og þessi stefna er yfirgefin, en hins vegar ekki gengið inn á þá beinu opinberu og ófyrirleitnu gengislækkun, sem heimtuð var, er farið inn á eins konar millispor og ætlazt til þess, að hlutirnir standi þannig til hausts, og það er vitað af öllum, að í hæsta lagi stendur það þannig til hausts, ef það stendur þangað til. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég lauk þar áður ræðu minni, að ég hafði sagt, að það væri engin lausn á efnahagsmálunum í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og það hafa raunar líka þeir ráðh., sem hér hafa talað, viðurkennt. Hæstv. menntmrh. sagði sjálfur, að þetta væri aðeins frestur til hausts. En erfiðleikarnir eru þeir, að það verður miklu erfiðara að leysa þessi mál í haust, þegar svona er búið að fara af stað. Maður keyrir þetta á undan sér og gerir þannig sjálf viðfangsefnin, sem þá hlaðast upp, miklu óviðráðanlegri. Það skellur yfir nú gífurleg verðhækkunarskriða, sem bætist við þau vandamál, sem fyrir voru. Og það, sem ég er sérstaklega hræddur um að verði ein af hættulegustu afleiðingum þessa frv., er, að það verði rifin niður trú manna á gildi peninganna, einmitt trú, sem reynt hefur verið að byggja upp á undanförnum árum, og það vita allir, hvers konar afleiðingar það hefur í þjóðarbúskapnum.

Það er eitt sérstakt atriði, sem ég vildi koma inn á í sambandi við afleiðingar af þessu frv. Hæstv. menntmrh. talaði um, að þetta væri m. a. sérstaklega til þess að forða frá atvinnuleysi. Ég held, að hann hafi tekið óþarflega djúpt í árinni viðvíkjandi því. En það er eitt, sem þyrfti hér að liggja alveg skilyrðislaust fyrir, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um þetta mál, og það er, hver verði afstaða seðlabankans til að auka veltuféð í landinu. Það er alveg vitanlegt, að við þær verðhækkanir, sem af þessu leiðir, ekki sízt fyrir aðalframleiðsluatvinnugreinarnar og þá sérstaklega sjávarútveginn, þegar það, sem hann þarf af rekstrarvörum, kemur til með að hækka almennt jafnvel um 50%, þá þarf hann náttúrlega að fá mjög miklu meiri lán en áður, og það er vitanlegt, að sjávarútvegurinn hefur átt erfitt uppdráttar í bönkunum og ekki hvað sízt þegar undir seðlabankann hefur þurft að sækja. Það er vitanlegt, að þeir bankar, sem fyrst og fremst lána sjávarútveginum, standa þannig núna, að þeir verða að borga af sínum lánum 12% vexti hjá seðlabankanum nú og lána út með frá 5 upp í 7%, þannig að öll útlán, sem við bætast að óbreyttri pólitík seðlabankans einmitt til þeirra banka, sem sérstaklega lána sjávarútveginum, eru þannig beint tap fyrir þessa banka.

Þessi pólitík er bókstaflega alveg óþolandi í landinu. Og þessi þröngsýna pólitík, sem eingöngu horfir á tekjuafgangshliðarnar í seðlabankanum án þess að skeyta nokkurn skapaðan hlut um þjóðarbúskapinn, er jafnvel að sumu leyti alveg táknræn fyrir þá þröngsýni, sem ríkt hefur á vissum sviðum, og skilningsleysi á hagsmuni undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar.

Ég álít, að *eitt af því, sem þarf skilyrðislaust* að liggja fyrir, áður en svona frv. sé afgr., sé slík yfirlýsing frá stjórn seðlabankans um, að það verði séð til þess, að a. m. k. sjávarútveginum og öðrum slíkum undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar verði séð fyrir nægilega auknu veltufé, til þess að þessar ráðstafanir verði ekki til þess að þjarma að þeim, því að annars gæti þetta beinlínis leitt til þess að skapa atvinnuleysi.

Hver verður svo afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þessa frv.? Verkalýðshreyfingin hér í Reykjavík hefur raunverulega sameinazt um þá afstöðu án tillits til pólitískra skoðana, og það álit kom alveg fram í till., sem borin var fram á fundum miðstjórnar og efnahagsmálanefndar Alþýðusambandsins og flutt var af fjórum forustumönnum verkalýðsins í Reykjavík og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafa á fundum sínum að undanförnu kynnt sér og rætt till. þær í efnahagsmálum, sem ríkisstj. nú hyggst leggja fyrir Alþingi. Áður hafði sérstaklega verið rætt við stjórn Alþýðusambands Íslands um það atriði tillagnanna, er varðar 5% grunnkaupshækkunina. Að loknum þessum athugunum ályktar efnahagsmálanefndin *og miðstjórnin eftirfarandi*:

25. þing Alþýðusambands Íslands lýsti yfir því, að gengislækkun eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir kæmu ekki til mála sem úrlausn efnahagsmálanna. Þær ráðstafanir, sem nú er hugsað að gera, hafa á ýmsan hátt hliðstæð áhrif og gengislækkun. Hins vegar virðist tryggt, að þær hafi ekki í för með sér almenna skerðingu á kaupmætti vinnulauna næstu mánuði. Greinilegt er, að þessar ráðstafanir *í efnahagsmálum muni* leiða til frekari verðbólguþróunar og eru því fráhvarf frá þeirri stefnu, er 25. þing Alþýðusambands Íslands fagnaði og lýsti fylgi sínu við og efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambands Íslands síðan hafa ítrekað, þ. e. að stöðva verðþensluna. Ráðstafanirnar brjóta því í bága við þá stöðvunarstefnu, er verkalýðssamtökin og ríkisstj. þá tóku höndum saman um.

Efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambands Íslands vísa því frá sér þeim tillögum um ráðstafanir í efnahagsmálunum, er nú liggja fyrir, þar sem þær eru ekki í samræmi við það, er síðasta Alþýðusambandsþing heimilaði þessum aðilum að semja um."

Þessi till. var felld með eins atkvæðis mun í miðstjórninni, en bak við hana standa sem sé verkalýðsfélögin raunverulega í Reykjavík og Hafnarfirði. *Og við skulum gera okkur* það ljóst, að þegar sterkasti hluti verkalýðshreyfingarinnar hefur mótað sína afstöðu svona, þá er hætta á ferðum, hætta, sem alveg sérstaklega Framsfl. þarf að taka tillit til, vegna þess að Framsfl. hefur í sínum samningum við verkalýðshreyfinguna nú knúið hana til þess að fallast á vissa hluti, fara alveg fram á yztu nöf.

Það er aðvörun til Framsfl. um að taka meira tillit til verkalýðshreyfingarinnar en hann hefur gert, sem þarna kemur fram. Það er mismunandi mikið langlundargeð verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Hún er öll gagnrýnin á þessar ráðstafanir, alveg eins og ráðh. Alþb. eru gagnrýnir á þessar ráðstafanir. Hún er mismunandi tilbúin í að fara að berjast nú aftur upp á gamla móðinn, verkalýðshreyfingin á Íslandi. Verkalýðshreyfingin í Reykjavík er máske reiðubúnari til slíkrar baráttu, ef henni finnst ráðizt á hennar lífshagsmuni, heldur en verkalýðshreyfingin úti um land, sem veit, hve mikið hún á í húfi, ef stöðvun yrði á þeirri stefnu uppbyggingar á landsfjórðungunum þremur, sem var byrjað að leggja í eyði með þeirri pólitík, sem rekin var á þeim sjö mögru árum. Verkalýðshreyfingin er kannske mismunandi reiðubúin til baráttu, og verkalýðshreyfingin í Reykjavík hefur sérstaklega gefið sínar aðvaranir í þessu, aðvaranir, sem alveg sérstaklega Framsfl. þarf að taka tillit til, ef hann vill hafa samstarf við verkalýðshreyfinguna á Íslandi áfram.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi öll fagnaði þessari stjórn, þegar hún tók við. Hún sýndi skilning á hennar tilmælum til verðstöðvunarinnar 1956 í ágúst—september. Verkalýðshreyfingin hefur sýnt þessari stjórn hollustu, og Framsfl., sem hefur forustu þessarar ríkisstj., þarf ekki að kvarta yfir því, að verkalýðshreyfingin hafi ekki viljað reyna að ná við hann góðu samkomulagi. En það dugir ekki að misnota slíka hollustu og slíka tillitssemi. Verkalýðshreyfingin á Íslandi er nú eins og fyrr reiðubúin til þess að berjast, ef á þarf að halda.

Ég vil alveg sérstaklega segja það út af því, sem hæstv. forsrh. minntist á viðvíkjandi vísitölukerfinu, — og það virðist liggja honum þyngst á hjarta, þegar hann byrjaði sína ræðu hér í dag, og ég hef séð líka í Tímanum árásir á það nú að undanförnu og jafnvel komið inn á það í grg. þessa frv., að þar þurfi alvarlega að fara að endurskoða, — ég vil minna á, að verkalýðurinn fann sér vísitölukerfið með því að brjóta á bak aftur gerðardómslög, sem Sjálfstfl. og Framsfl. settu í sameiningu í janúar 1942, og skóp þá það vísitölukerfi, sem síðan hefur nokkurn veginn staðið. Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur sýnt sig að vera nægilega sterkt vald til þess að knýja slíkt fram. Og út af því, sem hv. þm. G-K. var að tala um, hvílíkur háski væri af því, að Alþ. og ríkisstj. væru að taka tillit til afla utan þingveggjanna, þá vil ég aðeins minna hann á tvennt, annað til varnaðar og hitt til eftirbreytni: Annars vegar á það, að hann var einn af þeim ráðh., sem stóðu að gerðardómslögunum í jan. 1942, og ég býst við, að hann hafi löngum síðan óskað þess, að hann hefði þar aldrei komið nærri. Verkalýðurinn sýndi það þá, að hann hefur vald, ef þannig er gengið á hans hagsmuni, til þess að verja sig og til þess að sækja á. Og ég vil hins vegar minna hv. þm. G-K. svo á til eftirbreytni, að hann hefur sjálfur í þeirri einu almennilegu stjórn, sem hann hefur veitt forsæti á Íslandi, samið við Alþýðusambandið og verkalýðssamtökin utan þingveggjanna, vegna þess að hann skildi þá og sá, að það var það vald, sem þurfti að semja við, ef það átti að vera eitthvert vit í stjórn á Íslandi, þannig að það er bezt fyrir hann að gleyma ekki reynslu þessara ára, áður en hann fer að prédika yfir Framsfl., hvílíkur háski það sé að taka tillit til lýðsins í landinu, þegar á að vera lýðræði í því. Vísitölukerfið er fyrir þann almenna verkamann sjálfsvörn hans gegn slæmri stjórn á þjóðarbúskapnum. Vísitölukerfið er engin vonlaus sjálfhreyfivél, eins og hæstv. forsrh. vildi gera það að, Það er hægt að gera það að líku með ýmsum vitlausum ráðstöfunum, en það er ekki verkalýðshreyfingin, sem hefur beitt sér fyrir því.

Hæstv. forsrh. talaði mikið um, að það þyrfti raunverulega bara að reikna í prósentum, hvernig framleiðsluháttunum væri komið. Það er nú nokkuð grunnt tekið hjá honum að taka það þannig. Slík prósenta gæfi aldrei annað en hvernig dýrtíðin yxi í landinu á vissum vörum eftir því, hvernig stjórnað væri. Hún lagaði ekki neitt um og sýndi ekki, hvort grundvöllurinn væri heilbrigður, sem þarna væri um að ræða. Það er vissulega hægt að nota vísitöluna sem hitamæli þannig, ef manni finnst þjóðlífið sjúkt. En almennt telur maður, að ef um sjúkling er að ræða og mældur er í honum sótthiti, þá sé ekki nóg bara að mæla sótthitann, heldur þurfi þá að reyna að lækna veikina, sem sjúklingurinn þjáist af, finna orsökina og útrýma henni. Og einmitt um orsakir til þess, sem getur gert þjóðlífið veikt, hef ég rætt hér nokkuð og ætla ekki að endurtaka það.

Hæstv. forsrh. talaði um, að jafnan þyrfti að binda vísitöluna við þjóðartekjur. Það færi þá kannske nokkuð eftir því, hvernig þeirra þjóðartekna væri aflað, hve skynsamlega þjóðarbúskapnum væri stjórnað, hvort slíkt væri yfirleitt fært. Vísitalan er vörn verkalýðsins við afleiðingum af rangri efnahagsstefnu, og vísitalan er alveg óhjákvæmileg fyrir þann almenna verkamann, sérstaklega meðan hann fær ekki að ráða þjóðarbúskapnum, meðan hann fær ekki að ráða efnahagspólitíkinni. Það er rétt, að það getur komið til athugunar, að það þurfi að endurskoða í fyrsta lagi samhengið á milli þeirrar vísitölu, sem hinn almenni verkamaður fær, og þeirrar vísitölu, sem gildir nú á kaupi bóndans, vegna þess að forsendan, sem lá fyrir 1943, þegar samið var um þau mál, var, að landbúnaðurinn væri líka skipulagður með þarfir þjóðarinnar fyrir augum. Það er gefið, að það er alveg óhugsandi að halda uppi kaupi bónda sömu eins og kaupi verkamanns í kaupstað, ef sú afurð, sem bóndinn framleiðir, er t. d. óseljanleg. Það er gengið út frá viti í grundvelli búskaparins og framleiðslunnar, sem rekin er, ef á að samræma þetta. Það getur verið, að þarna þurfi að kippa úr sambandi, ef ekki verður tekin upp skynsamlegri pólitík en þarna hefur verið rekin. Í öðru lagi getur líka verið, að það þurfi að kippa úr sambandi vísitölu þess almenna verkamanns og vísitölu hálaunamannanna. Það var ekki það, sem verkalýðurinn barðist fyrir í upphafi, að hæst launuðu menn þjóðfélagsins fengju tvöfaldar uppbætur

á við almennan verkamann. Það eru aðrir, sem hafa sett það inn á móti fulltrúum verkalýðsins á Alþ. á sínum tíma. En hitt, að ætla sér á einhvern hátt að afnema vísitölukerfið sem vörn þess almenna verkamanns gegn rangri efnahagsstefnu, gegn dýrtíð í þjóðfélaginu og öðru slíku, það kemur ekki til neinna mála, og það fellst ekki verkalýðshreyfingin á.

Hitt aftur á móti, að hæstv. forsrh. skuli gera svona mikið úr þessu, bendir til þess, að Framsfl., ef hann áttar sig ekki í tíma á, hvert hann er nú að fara, mun ætla sér að stiga önnur skref á þeirri braut, sem hæstv. forsrh. vildi álíta að þetta frv. væri fyrsta skrefið á.

Verkalýðurinn mun standa vörð um vísitölukerfið, sem tryggir þann almenna verkamann gegn dýrtíð. Það er eitt af því dýrmætasta, sem hann hefur áunnið sér, ein hans dýrmætasta vörn gagnvart því, ef þjóðfélaginu er stjórnað meira eða minna ranglátt, skakkt eða vitlaust.

Þá að síðustu: það hefur verið lýst hér eftir ráðum Sjálfstfl. við efnahagsvandamálum okkar þjóðarbús. Ég býst við, að það verði mjög erfitt að fá Sjálfstfl. til að koma fram með þau. Ég býst satt að segja við, að Sjálfstfl. hafi ekkert á móti því, að þetta frv. sé samþykkt, og þó að hann leiki nú stjórnarandstöðu við það, þá muni hann hugsa gott til glóðarinnar um það, sem á eftir komi.

Ég vil benda á öllum þeim, sem unna vinstri stjórn og vinstri pólitík, að það er að verða nokkuð góð aðstaða, sem auðmannastéttin í þessu landi og Sjálfstfl. sem flokkur hennar hefur nú. Það eru ekki skert völd auðmannastéttarinnar að neinu leyti. Till. okkar um það fást ekki fram. Auðmannastéttin fær að halda sínum völdum óskertum, þótt krukkað hafi verið í hennar gróða. Hún fær þá aðstöðu að geta leikið stjórnarandstöðu við þær ráðstafanir, sem ríkisstj. álítur nauðsynlegt að grípa til, og það jafnvel þegar þær ráðstafanir eru eins og partur af þeim ráðstöfunum, sem Sjálfstfl. mundi framkvæma sjálfur, ef hann væri við völd. Hvað mundi Sjálfstfl. hafa gert, ef hann hefði verið við völd nú undir þessum kringumstæðum? Hann hefði sett svona lög, gengið enn þá lengra og bætt því við, að í stað 5% lögskipaðrar kauphækkunar skyldi binda kaupið og skerða þannig lífskjörin. Nú stendur Sjálfstfl. í þeirri aðstöðu, að þegar vinstri stjórn þorir ekki að reka vinstri pólitík, pólitík áætlunarbúskapar og þjóðnýtingar, þá er spilað upp í hendurnar á Sjálfstfl. með því lýðskrumi, sem hann hefur um hönd.

Ég skal vera viss um það, ef hæstv. fjmrh. gengi yfir til hv. þm. G-K., sem hér var að tala áðan, — mér fannst eiginlega afstaða hans gagnvart frv. koma bezt fram í því, hve honum var nú glatt í geði, raunverulega lék hann við hvern sinn fingur, honum þótti svo vænt um að sjá nú vinstri flokkana vera að koma þessu í gegn, sem væri eins og eitthvert spor, sem hann ætlaði sér að halda áfram að stiga, — ég skal vera handviss um, ef Eysteinn gengi yfir til Ólafs Thors og segði við hann: „Heyrðu, ég ætla nú bara alveg að hætta við þetta frv., fyrst þér er svona voðalega illa við það“ — þá mundi Ólafur segja: „Nei, góði bezti, haltu bara áfram, mér er ekki eins leitt og ég læt.“ Það er alveg gefið, að Sjálfstfl. kýs ekki að láta neitt uppi um, hvað hann vill núna. Hann ætlar að bíða og sjá og leika tveim skjöldum. Hann hefur hjálpað til undanfarið að prédika gengislækkun og prédika, að það væri þörf á lífskjaraskerðingu. Það má vel vera, að Sjálfstfl. geti leikið þann leik nokkurn tíma, en að því getur komið, að meira að segja þeir menn af verkalýðsstétt og launþegum, sem Sjálfstfl. fylgja, eigi eftir að taka sumt af því í alvöru, sem Sjálfstfl. hefur verið að prédika stundum um launahækkanir, og það komi þá e. t. v. ekki til að skorta á forustu um að knýja það fram. Ég vil minna Sjálfstfl. á, þegar hann leikur svo tveim skjöldum eins og hann gerir nú, að hann er að leika sér með eld, sem getur brennt hann sjálfan, þegar þar að kemur. Það er aldrei þægilegt fyrir aðalauðmannaflokk einnar þjóðar að ætla að þykjast vera verkamannaflokkur um leið.

Hitt skulum við gera okkur ljóst, að þó að Sjálfstfl. þykkist yfir því, sem hér er gert, og reyni að spila sig í andstöðu við það, þá hugsar hann til hreyfings undir haustið, ekki máske endilega þess hreyfings að beita sér fyrir harðvítugri sókn launþeganna í þjóðfélaginu, heldur til annars hreyfings: að knýja fram eins og 1950 gengislækkun með meiri eða minni kaupbindingu þá.

Verkalýðurinn hér í Reykjavík hefur sett fram sína viðvörun út af því frv., sem hér á að samþykkja. Verkalýðurinn í Reykjavík stendur að mínu áliti saman um þessa viðvörun án tillits til þess, hvar í flokki hann stendur, hvort hann fylgir Alþb., Alþfl. eða jafnvel Sjálfstfl. Ég vil segja það við verkalýðinn hér í Reykjavík og annars staðar á landinu, ef verkalýðurinn ber ekki gæfu til þess að sameinast og rísa upp án tillits til sinna pólitísku skoðana og ef verkalýðsflokkarnir hér á Alþ. bera ekki gæfu til þess að taka höndum saman án tillits til þess, sem skilur þá, til þess að knýja fram breytingu á efnahagspólitíkinni og knýja fram forustu verkalýðsins í íslenzkri pólitík, þá verður næsta skrefið á Íslandi það, að Framsókn og Sjálfstfl. taka höndum saman um opinbera gengislækkun á Íslandi, eða við skulum segja um hækkun í útlendu gengi um yfir 100%, um kaupbindingu og kjaraskerðingu, sem mundi samsvara 17—20% launalækkun hjá íslenzkum verkalýð. Þetta er það, sem við skulum horfast í augu við, og þetta er það, sem við skulum víghúast undir.

Í sambandi við þetta frv. og þann frest, sem hefur gefizt til haustsins með því, þá er þessi hætta, sem vofir yfir. Og þetta er rétt að allur verkalýður og allir launþegar hafi í huga, líka gagnvart þeirri afstöðu, sem Sjálfstfl. kemur til með að taka hér. Við stöndum nú á örlagastund fyrir alla íslenzka verkalýðshreyfingu. Hún þarf að sameinast á sviði stjórnmálanna eins og á sviði hagsmunamálanna, sameinast um að vernda sín lífskjör með því fyrst og fremst að knýja fram skynsamlega stjórn á okkar

þjóðarbúi. Undir því er það komið, hver lífskjör verkalýðsins verða í framtíðinni, undir því er það komið, hvers konar ríkisstj. verður á Íslandi á næstunni. Það er stuttur tími, sem íslenzk alþýða hefur til þess að átta sig á þessu, en ef hún notar þann tíma rétt, þá er enn þá hægt að bæta, meira að segja líka úr því óheillaspori, sem að mínu áliti yrði stigið með því að samþykkja þetta nú.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem var að ljúka máli sínu, byrjaði ræðu sína hér í kvöld með því að lýsa því yfir, að hann væri andvígur því frv., sem hér er til umr., og verð ég að segja, að það eru allmerkileg tíðindi, þegar einn aðalforustumaður stærsta stjórnarflokksins lýsir sig andvígan þeim aðgerðum, sem hæstv. ríkisstj. hyggst gera í efnahagsmálunum. Hv. 3. þm. Reykv. tók það fram í ræðu sinni, að þetta frv. væri tæplega gálgafrestur til haustsins, þá mundi vera komið enn verra ástand en nú, og að þetta mundi hrinda af stað verðbólgu og skriðu til hækkunar, bæði á launum og verðlagi. Þetta er áreiðanlega rétt hjá hv. þm., þetta frv. mun leiða til dýrtíðar og hækkunar á nauðsynjum almennings í landinu.

Hæstv. menntmrh. sagði hér í kvöld, að það væri alveg rangt að tala um, að það væri verið að leggja byrðar á þjóðina með þessu frv., þetta væri aðeins tilfærsla, en engar byrðar á þjóðina. En ég er hræddur um, að almenningur í þessu landi sé ekki samþykkur hæstv. ráðh. Hvað mun verkamaðurinn segja, sem hefur 4 þús. kr. mánaðarlaun? Hann á samkvæmt þessu frv. að fá 5% kauphækkun eða 200 kr. á mánuði. Við vitum, að 4 þús. kr. mánaðarlaun eru aðeins þurftartekjur, og verður að halda mjög spart á, til þess að þær dugi. Það þýðir, að þessar tekjur verður verkamaðurinn að nota til þess að kaupa nauðsynjar til heimilisins mánaðarlega fyrir 3000—3500 kr. Nú liggur það fyrir samkvæmt þessu frv., að hækkun nauðsynjavara, sem verkamaðurinn þarf að kaupa, mun vera 20—30%. Ef við förum milliliðina og segjum 25% og verkamaðurinn þarf að verzla mánaðarlega fyrir 3000 kr., þá er hækkunin í hans búi 750 kr. á mánuði, en hann fær kauphækkun, sem svarar 200 kr. á mánuði. Mun ekki verkamaðurinn segja, að það séu lagðar byrðar á hann, þegar hann af sínum lágu launum verður að greiða 500—550 kr. aukalega til ríkisins vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar?

Ég tek hér láglaunamann sem dæmi, en þetta gildir um aðrar stéttir þjóðfélagsins, og mun ég koma að því síðar, og þá ekki síður bændastéttina og aðrar stéttir láglaunamanna, að þetta mun leggjast sem þung mara á fjölskyldur landsins, sem fram til þessa hafa orðið að vinna hörðum höndum til þess að hafa vel til hnífs og skeiðar. Og þegar hæstv. menntmrh., prófessor í hagfræði, leyfir sér að segja hér í áheyrn hv. þm., að þetta séu ekki byrðar á almenning í landinu, þá munu ýmsir segja, að slík reikningskúnst sé ekki takandi gild, og það er of langt gengið í blekkingarstarfseminni, þegar hæstv. ráðh. leyfir sér að viðhafa slíkan málflutning.

En það er ljóst, hver árangurinn er af vinstristjórnarsamstarfinu í tæp tvö ár. Árangurinn er þetta frv., sem við höfum fyrir framan okkur og nú er verið að ræða um. Árangurinn er stærri álögur og skattar en nokkru sinni fyrr. Árangurinn er 7—8 hundruð millj. kr. nýjar álögur á þjóðina. Árangurinn af þessu samstarfi vinstri flokkanna er jólagjöfin fræga, 300 millj., 150 millj. kr. hækkun á fjárl. 1957 og svo nú 7—8 hundruð millj., eða 11—12 hundruð millj. kr. hækkun á tveggja ára tímabili. Og menn munu spyrja: Hvernig stendur á því, að vinstri stjórnin þarf svona mikla peninga í sína hít? Hvernig stendur á því, að sú stjórn, sem telur sig stjórn vinnandi fólks í þessu landi, stjórn verkamanna, bænda og láglaunafólks, skuli grípa til slíkra aðgerða sem nú með því að leggja hinar þungu byrðar á allan almenning í landinu?

Hv. alþm. muna, hvernig var um það leyti, sem þetta vinstristjórnarsamstarf var undirbúið. Þá var talað með miklu yfirlæti um það, að efnahagsmálin hjá fyrrverandi stjórn væru komin í öngþveiti og það þyrfti að brjóta blað í sögunni og stofna til samstarfs á öðrum grundvelli en þá var. Hv. alþm. muna, að í ársbyrjun 1956 lögðu sjálfstæðismenn fram till. til þess að stöðva dýrtíðina og koma í veg fyrir, að það þyrfti að leggja byrðar á þjóðina vegna dýrtíðar og vaxandi meðgjafar með atvinnuvegunum. En í stað þess að sameinast um þær till., sem kostaði lítið fé, kaus Framsfl. að rjúfa samstarfið, efna til kosninga og stofna til hinnar svokölluðu vinstri stjórnar. Þetta var gert, að Framsfl. sagði, vegna þess að ekki væri unnt að leysa efnahagsmálin með Sjálfstfl. Ég býst við, að landsfólkið sé á annarri skoðun nú heldur en Framsfl. og að almenningur í þessu landi hafi nú sannfærzt um, að efnahagsmál þessarar þjóðar verða ekki leyst án samstarfs eða þátttöku við Sjálfstfl. Ég býst við, að þjóðin hafi nú fengið þá reynslu, sem hún hefur lært af. Eftir að núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, var því lofað, að þjóðarbúið skyldi tekið út fyrir opnum tjöldum og þjóðin fengi að sjá, í hvaða öngþveiti atvinnuvegirnir og þjóðarbúskapurinn var, þegar hún tók við. Til þess voru fengnir sérfræðingar frá Bandaríkjunum. Þeir störfuðu hér og tóku þjóðarbúið út, en alþm. hafa ekki fengið að sjá þessa úttekt og því síður alþjóð. Því hefur stundum verið lofað, að þessi úttekt skyldi birt. Hæstv. forsrh. sagði hér í dag, að einhver hæfur maður ætti að vinna úr þessum skýrslum og það yrði síðan birt eitthvað úr þeim. En hv. alþm. og þjóðin öll óskar eftir að fá að sjá þessa úttekt, ekki eitthvað af henni, heldur eins og hún er. En það er kannske eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. veigri sér við því að birta úttektina, ekki sízt ef það skyldi nú vera svo, að úttektin og niðurstöður hennar staðfestu, að stjórnarflokkarnir við síðustu kosningar hafi haft algerlega rangt fyrir sér um það, að efnahagsmálin væru komin í strand og öngþveiti, um það leyti sem fyrrverandi ríkisstj. fór frá.

Það var svo, að þegar bændur komu að jörðum, vildu þeir láta taka þær út til þess að fá það staðfest, í hvaða ástandi þær væru, til þess að það væri víst, að þegar þeir skiluðu þeim af sér, þá væri það bókað, hvernig ástandið var, því að ef þeir bættu jörðina, þá vildu þeir fá eitthvað fyrir það, þegar þeir fóru í burtu. Þannig var eðlilegt, að núverandi hæstv. ríkisstj. vildi láta taka þjóðarbúið út, ef það skyldi vera í mjög slæmu ástandi, þegar hún tók við. En úttektin staðfesti, að ástandið í þjóðmálum Íslendinga var ekki slæmt á miðju ári 1956. Úttektin staðfesti, að á undanförnum árum hafði verið meiri uppbygging í íslenzku þjóðlífi og atvinnulífi en nokkru sinni áður án þess að taka erlend lán. Það hafði verið unnið með innlendu fjármagni og undirstaða lögð að bættum efnahag fyrir alþjóð. Það er þess vegna eðlilegt, þótt þessir sérfræðingar hafi séð einhver merki veikleika í okkar þjóðarbúskap og sagt sem svo, að það væri vottur af sjúkdómseinkennum í þjóðarlíkamanum, að hæstv. ríkisstj. vilji ekki birta það, hvernig úttektin er, því að vitað er, að þegar núverandi hæstv. ríkisstjórn skilar af sér, verður samanburður ekki hagstæður.

Úttekt þjóðarbúsins hefur farið fram, og ef til vill gefst hv. alþm. og alþjóð tækifæri að sjá hana síðar, þótt hæstv. ríkisstj. vilji halda þessum málum leyndum af skiljanlegum ástæðum.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að hæstv. ríkisstj. væri þegar að glata trausti verkalýðs og vinnandi fólks í þessu landi, og það er áreiðanlega rétt, og má taka sterkara til orða og fullyrða, að hæstv. ríkisstj. hefur nú þegar glatað því trausti, sem hún hafði, þegar hún settist að völdum, og það af skiljanlegum ástæðum, af þeim ástæðum einum, að hæstv. ríkisstj. lofaði gulli og grænum skógum, hún lofaði að koma efnahag þjóðarinnar í það horf, sem allir vildu kjósa, og hún lofaði varanlegum aðgerðum, sem búa mætti að til frambúðar. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki staðið við neitt af sínum loforðum, og þess vegna hefur hún glatað trausti þeirra manna, sem vonuðust eftir góðu af henni, þegar hún settist að völdum. Hún hefur glatað trausti sinna eigin flokksmanna, og það er þess vegna, sem hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir gera allt til þess að hanga saman, enda þótt forsendurnar undir samstarfinu séu með öllu brostnar. í

Þegar hæstv. ríkisstj. leggur fram frv. eins og þetta, sem er álögur á þjóðina upp á 700—800 millj. kr., þá er eðlilegt, þótt að því sé spurt: Er þetta nauðsynlegt þrátt fyrir þá þróun, sem verið hefur undanfarna mánuði? Og sérstaklega er eðlilegt, að um þetta sé spurt, þar sem ekki er langt síðan ýmsir áhrifamenn úr stjórnarflokkunum hafa talað um allt aðrar upphæðir en þær, sem eru í þessu frv. Menn minnast þess, að hæstv. sjútvmrh. upplýsti við síðustu áramót, að sá samningur, sem ríkisstj. gerði við útgerðarmenn, kostaði aðeins 25 millj. kr. Og menn minnast þess, að sami hæstv. ráðh. skrifaði í Þjóðviljann í febrúar eða marzmánuði í vetur, þar sem hann gerði grein fyrir fjárþörf ríkissjóðs og fjárþörf útflutningssjóðs, og hann talaði um, að það þyrfti aðeins 90 millj. kr. Þá gleymdi hann að vísu 20 millj. til niðurgreiðslu á ýmsum vörum, sem hann vildi ekki viðurkenna þá, en eru væntanlega komnar inn í frv. nú, og hefði þá átt eftir hans útreikningum að nægja, eftir að búið var að taka tillit til 20 milljónanna, 110 millj. Svo nokkru seinna talar Alþýðublaðið um, að það vanti a. m. k. 200 millj. Einnig hv. 1. þm. Eyf. talaði um það hér í vor, að það vantaði a. m. k. 200 millj., en sá eftir því seinna að hafa nefnt svo háa upphæð og óskaði eftir að þurfa ekki að standa algerlega við það. Þegar áhrifamenn úr stjórnarflokkunum hafa fyrir svo skömmum tíma talað um upphæðir eins og þessar, er eðlilegt, að við sjálfstæðismenn, sem höfum fengið frv. fyrir þremur dögum, spyrjum að því, hvort þörf sé á að taka 700—800 millj. í staðinn fyrir 110 millj., eins og hæstv. viðskmrh. nefndi, eða 200 millj., eins og Alþýðublaðið eða hæstv. menntmrh. hefur áætlað, og 200 millj., eins og hv. 1. þm. Eyf. talaði um hér í þessari hv. deild. Ég fyrir mitt leyti ætla ekki að leggja dóm á, hvort þarf allt þetta fé, mig vantar kunnugleika á því. Það má vel vera, að með því að setja dýrtíðarskrúfuna í gang á svo augljósan hátt eins og gert er með þessu frv., þá þurfi þessa fjárfúlgu. Þegar horfið er algerlega frá verðstöðvunarstefnunni og dýrtíðar- og verðbólgustefna tekin upp þess í stað, þá er í sjálfu sér eðlilegt, að það þurfi mikla peninga.

Hæstv. menntmrh. fór mörgum orðum um það hér í kvöld, að það væri kostur við þetta frv., að nú væri lagður skattur á innfluttar rekstrarvörur, rekstrarvörur til landbúnaðar og rekstrarvörur til útgerðar o. s. frv. Það er gert ráð fyrir að endurgreiða útgerðinni 202 millj. af því, sem hún greiðir í skatta af rekstrarvörunum. Bændurnir eiga væntanlega að fá endurgreidda gegnum verðlag á landbúnaðarvörunum þá skatta, sem þeir eiga að greiða af sínum rekstrarvörum. En ég býst við, að það gangi erfiðlegar fyrir bændur að fá það endurgreitt heldur en þó það, sem útgerðinni er beinlínis ætlað samkv. þessu frv. Að vísu er sagt í þessu frv., að það megi hækka mjólk 1. júní n. k. um 5%, og það er ætlað, að bændur fái það, en ég minnist nú þess, að mjólkin átti að hækka um 7 aura 1. sept. 1957, og ég hygg, að bændur séu sammála um, að þeir hafi lítið eða ekkert fengið af þeirri hækkun enn þá, sem stafar af því, að þessi hækkun hefur farið í aukinn kostnað, en ekki í vasa bændanna. Það er hætt við því, — ég ætla ekki að taka sterkar að orði, — að jafnvel þótt bændum verði leyft að hækka mjólkina eitthvað, sérstaklega vegna áætlaðs rekstrarkostnaðar, þá er hætt við því, að þessi 5%, sem þeim er nú leyft að hækka um, fari ekki öll og kannske ekkert í þeirra vasa. Það er hinn aukni rekstrarkostnaður, sem gleypir allt, en bændum er ætlaður sinn skammtur af þeim álögum, sem hér er um að ræða, og skal ég koma að því nánar.

Ég get t. d. nefnt hér nokkur dæmi, sem

snerta landbúnaðinn. Við getum t. d. minnzt á fóðurbætinn. Hann hækkar um 43%, og ég heyrði það á hæstv. menntmrh., að hann taldi þetta alveg sérstaklega hyggilega ráðstöfun, m. a. vegna þess, að bændur hefðu séð sér hag í því að nýta ekki grasið vegna þess, hve fóðurbætirinn var ódýr. Hér er talað af miklum ókunnugleika, því að vitanlega hafa bændur nýtt grasið eins og þeir hafa getað. Það vitnar um ræktun síðustu ára og stöðugt vaxandi áburðarnotkun. Menn kaupa ekki áburð, nema þeir nýti það gras, sem sprettur vegna áburðarins, og þetta er vitanlega mikill misskilningur. En vitanlega leiðir þessi mikla hækkun á fóðurbætinum til þess, að landbúnaðarvörurnar hljóta að hækka í verðlagsgrundvellinum, hækka til neytendanna, hvort sem bóndinn nýtur góðs af því eða ekki.

Ég get nefnt aðra vöru, sem er mjög þung í þessu efni einnig, og það er áburðurinn, innfluttur áburður. Hann hækkar samkv. þessu frv. um hvorki meira né minna en 50%. Enda þótt við höfum áburðarverksmiðju, þá verðum við að flytja inn mikið af áburði, steinefnaáburði, vegna þess að áburðarverksmiðjan framleiðir aðeins köfnunarefni. Ég býst við, að þessi hækkun komi lítið til framkvæmda í þetta sinn vegna þess, hve þetta frv. er seint á ferðinni. En verði þau lög í gildi næsta ár, þá munu bændur finna, hvað áburðurinn kostar, og þá mun það einnig hafa víðtæk áhrif á afurðaverðið til neytenda, hvort sem tekst að láta bændur njóta þar góðs af.

Þá get ég einnig nefnt annað, sem er mjög þýðingarmikið í búrekstri bænda, ekki sízt vegna þess, að bóndinn og bóndakonan verða nú vegna fólkseklu að vinna með börnum og unglingum að framleiðslunni, og þetta er aðeins mögulegt, ef bóndinn hefur vélar til þess að nota. En það er svo, að það hefur verið algert innflutningsbann á heyvinnuvélum og landbúnaðarvélum að þessu sinni og er enn, nema dráttarvélum, sem koma ekki nema að takmörkuðum notum, ef engar vélar fást aftan í traktorana til þess að nota. En ef við tökum t. d. dráttarvélarnar, þá hækka þær samkv. þessu frv. um 32—33%, varahlutir í dráttarvélar um 31%, heyvinnuvélar og varahlutir til þeirra um 30%, mjaltavélar um 31%. Þetta hlýtur einnig að koma inn í verðgrundvöllinn, þegar reiknað er út afurðaverð bænda, og það kemur áreiðanlega fram í sölunni til neytendanna, þótt erfitt verði að fá það í vasa bændanna, m. a. vegna þess, að eins og nú er í pottinn búið, er augljóst, að kaupgeta almennings við sjóinn fer þverrandi og minnkandi, og það hefur hin skaðvænlegustu áhrif fyrir bændastéttina, ef dregur úr sölu mjólkur og kjöts á innlendum markaði. Það er þess vegna ekki einhlítt að hækka vöruna í verði á markaðnum hér, ef kaupgetan er ekki fyrir hendi og varan ekki selst. Bændur hafa ekki gott af því, og þess vegna segi ég það: Þetta kemur að einhverju leyti inn í verðgrundvöllinn, það kemur fram í útsöluverðinu, en það er engan veginn tryggt, að bændur fái þessa hækkun eða njóti góðs af henni, þegar þannig er á málunum haldið, að allt virðist eiga að dragast saman, kaupgetan minnkar, atvinnan minnkar, einnig vegna þeirra ráðstafana, sem hér er verið að leggja til.

Ég hef hér minnzt á nokkuð, sem snertir landbúnaðinn sérstaklega. En það má einnig minnast á hér a. m. k. eina vörutegund enn, sem snertir landbúnaðinn, það er benzínið. Það hækkar nú aðeins um 62 aura, fer að mér sýnist upp í 2.90 kr. lítrinn úr 2.27 kr., sem það er í dag. En það ætti að vera, að mér hefur skilizt, kr. 2.09, en ekki kr. 2.27, ef verðlagið hefði verið lækkað, eins og mögulegt hefði verið, en ríkisstj. hefur ekki viljað gera. Þetta hefur vitanlega ákaflega mikil áhrif fyrir landbúnaðinn, sem notar mikið benzínvélar, dráttarvélar, bifreiðar og fleiri vélknúin tæki. Og ekki hefur síður áhrif, hversu vörubifreiðar og varahlutir til þeirra hækka mikið. Vörubifreiðar hækka, ef þær fást, um 25%, og varahlutir í bifreiðar hækka um 25%, bifreiðagúmmí 20%. Skyldi þetta lækka dreifingarkostnaðinn á mjólkinni t. d.? Skyldi þetta lækka flutningskostnaðinn á afurðunum? Það er fróðlegt að athuga, hvernig núverandi hæstv. ríkisstj. hefur nú farið með þessi þörfu flutningatæki og einu samgöngutæki, síðan hún tók við. Það hefur verið hækkað bæði með jólagjöfinni og svo aftur núna, hækkun núna rösklega 25%, en hækkun síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við á vörubifreiðum er 43%. Vörubifreið, sem kostaði 1947 144 þús. — það er meðalstór disilvörubifreið — kostar núna 180 þús. Þá má einnig minna á jeppana, sem hafa verið fluttir inn frá Rússlandi. Þeir hækka samkv. þessu frv. um 20%, en hafa hækkað, frá því að núverandi ríkisstj. tók við, um 55%. Þetta eru þó tæki, sem bændur eru að klífa þrítugan hamarinn til þess að eignast til þess að vinna bug á strjálbýlinu og til þess að spara sér tíma í fólksleysinu, en hæstv. ríkisstj. hefur verið ákaflega dugleg í því efni að hækka þetta.

Ég vil þess vegna segja, að þetta frv. kemur ekki sízt þungt niður á landbúnaðinum. Það eru lagðir skattar á rekstrarvörur landbúnaðarins, án þess að það sé tryggt, að landbúnaðurinn fái þetta bætt aftur. Ég veit, að það verður sagt, að útfluttar landbúnaðarafurðir njóti sama réttar og beztu kjara, miðað við aðrar útfluttar vörur. En þær landbúnaðarvörur, sem þarf að flytja út, seljast á það lágu verði, að þessar uppbætur nægja alls ekki til þess að ná verðgrundvellinum, sem bændum ber að fá samkv. útreikningum verðlagsnefndarinnar. Ef ofan á það bætist, að kaupgetan við sjóinn minnkar og salan dregst saman á hinum óunnu vörum, þá er hag bændastéttarinnar beinlínis stefnt í voða með þessu. Það er lagður þungur skattur á rekstrarvörur útgerðarinnar. En það er með þessu frv. gert ráð fyrir því að endurgreiða útgerðinni þær álögur, með því að hér er talað um endurgreiðslu til útgerðarinnar, 202 millj., á móti þeim sköttum, sem rekstrarvörur útgerðarinnar bera.

En það er fleira en rekstrarvörur til útgerðar og landbúnaðar, sem hækkar samkv. þessu frv., enda þótt það sé alveg nýmæli í efnahags-

ráðstöfunum, að hækkunin er mest á nauðsynjavörum. Hækkunin er mest á nauðsynjavörunum samkv. þessu frv., bæði á rekstrarvörum landbúnaðar og útgerðar, og vil ég þá nefna t. d. olíu, sem bæði útgerðin og almenningur, hvar sem hann býr í þessu landi, notar mikið. Húsaolía t. d. hækkar um 30%. Það mun nú vera svo, að meðalíbúð noti 6—8 tonn af olíu á ári, og 8 tonn kosta 6400 kr. með núgildandi verði, en við það bætast 32%, sem er hátt á annað þús. kr. Það er liður, sem ég ekki nefndi áðan í útreikningum um aukin útgjöld hjá láglaunafólki, hátt á annað þús. kr. eða nærri 200 kr. á mánuði, sem liðurinn til upphitunar á meðalíbúð hækkar samkv. þessu frv.

Smurningsolía, sem notuð er á allar vélar, hækkar um 30%.

Þá er komið við byggingarefnið, og hefur það fram að þessu verið talin nauðsynjavara. Ég ætla, að það verði að telja byggingarefnið enn í þessu landi nauðsynjavöru, enda þótt allir ræðumenn stjórnarflokkanna tali mikið um það, hversu fjárfestingin sé of mikil í þessu landi. Þeir tala um það, að allt böl í efnahagsmálunum sé of mikilli fjárfestingu að kenna. Það má vel vera rétt, að fjárfestingin sé of mikil á vissum sviðum, en samkv. upplýsingum, sem voru gefnar hér í dag, hefur fjárfesting við íbúðabyggingar hér í Reykjavík aukizt um 12% á árinu 1957 frá því, sem var 1956. En hvernig stendur á því, úr því að allir stjórnarflokkarnir eru sammála um það, að þessi mikla fjárfesting sé böl, að þeir skuli þá ekki hafa dregið úr fjárfestingunni? Hvernig stendur á því? Þeir höfðu þó vissulega valdið til þess að gera það. En fjárfestingin hefur aukizt á vissum sviðum og þá helzt á þeim sviðum, sem ekki eru til þess að auka framleiðsluna, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, þegar hann var að tala um fjárfestinguna í sjávarútveginum, að 1955 hefði fjárfesting í sjávarútvegi verið 91 millj., en þetta hefði breytzt, eftir að núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá hefði fjárfestingin við sjávarútveginn 1956 orðið 140 millj. En skyldi það nú hafa verið þessari hæstv. ríkisstj. að þakka? Fjárfestingin í sjávarútveginum 1956 varð 140 millj. vegna þess, að fyrrverandi ríkisstj. lagði grundvöllinn að því. Núverandi ríkisstj. tók við völdum í júlílok 1956 og gat ekki, þótt hún hefði haft vilja til, haft áhrif á aukna fjárfestingu í sjávarútvegi á árinu 1956. Fjárfestingin í sjávarútvegi óx 1956 vegna þess, að fyrrverandi stjórn lagði grundvöllinn að því. Það var hún, sem gerði ráðstafanir til þess að panta fiskibáta til landsins. Það var hún, sem lagði grundvöllinn að uppbyggingu sjávarútvegsins í sinni stjórnartíð, enda þótt ekki væru keyptir togarar. Það voru keyptir og byggðir í landinu stórir og margir vélbátar, og ég ætla, að þeir bátar hafi komið að miklum notum síðan.

1957 er fjárfestingin í sjávarútvegi 147 millj., eða aðeins 7 millj. hærri en 1956. Fjárfestingin í sjávarútvegi 1957 er einnig að miklu leyti því að þakka, að fyrrverandi ríkisstj. lagði grundvöllinn að því. Þeir komu ekki fyrr en á árinu 1957, bátar, sem eru pantaðir af fyrrverandi ríkisstj. á árunum 1955 og 1956. Það er þess vegna þessi stoð og þetta, sem hv. 3. þm. Reykv. vildi telja núverandi hæstv. ríkisstj. helzt til gildis, sem hrynur og ekki heldur, og verð ég að segja þetta, enda þótt ég hefði unnt hv. 3. þm. Reykv. að hafa þetta sem blóm í hnappagatinu til stuðnings við þá ríkisstj., sem hann hefur nú misst allt traust á.

Ég get nefnt verðhækkanir á fleiri vörum, t. d. á byggingarefninu, sem á að koma í veg fyrir of mikla fjárfestingu. Við skulum taka timbrið, það hækkar um 25—29% eftir því, hvaða tegund timburs það er, sementið um 30%, þakjárnið um 20%, steypujárn um 20%, rúðugler um 22%. Þetta á m. a. að koma í veg fyrir of mikla fjárfestingu, koma í veg fyrir það, að menn geti byggt, koma í veg fyrir það, að atvinnan sé of mikil í landinu, tryggja hæfilegt atvinnuleysi, eins og stundum hefur verið talað um.

Þegar jafnglöggur maður og hv. 3. þm. Reykv. les þetta frv. og sér, hvaða afleiðingar það hefur, þá undrar mig ekki, þótt hann í byrjun ræðu sinnar lýsi því yfir, að hann sé andvígur þessum ráðstöfunum.

Þá eru það kornvörur, kaffi og sykur, — vörur, sem almenningur keypti á hinum mestu kreppuárum og getur ekki neitað sér um. Þessar vörur hækka um 15%, og hæstv. menntmrh. ætlaði að nota sína reikningskunnáttu áðan og reikningslist og sannfæra hv. þm. um það, hversu hæstv. ríkisstj. væri nú velviljuð almenningi í landinu að hækka ekki þessar vörur meira, því að raunverulega gæfi hæstv. ríkisstj. 25% með þessum vörum, þar sem yfirfærslugjaldið á þeim væri aðeins 30%, en á öðrum vörum 55%. Ég hygg nú, að hæstv. menntmrh. takist ekki að ávinna sér traust og þakklæti almennings í landinu fyrir þessa gjöf, og almenningur í landinu tekur ekki þessa reikningskennslu gilda. Hann skilur, að hér er verið að hækka brýnustu nauðsynjar, sem fólkið neitar sér ekki um og verður að kaupa.

Þá eru það búsáhöld, þau einföldustu og ódýrustu, sem heldur er ekki hægt að komast hjá að kaupa, þau hækka um 26%, hreinlætisvörur, sem allur almenningur verður að nota, 26%, hreinlætistæki, sem allir verða að nota, 25%, skófatnaður, sem enginn getur komizt af án, 27%, metravara, sem allir verða að kaupa, frá 8 til 45%, nælonsokkar 26%, en sumir vilja kannske halda því fram, að þeir séu óþarfir. Ég býst við, að það sé erfitt, og ég held næstum því, að hæstv. menntmrh. mundi varla voga sér að segja, að þetta væri alveg óþarfur varningur.

Ég hef nú talið hér upp ýmsar brýnustu nauðsynjar, og ég hygg, að þegar þetta er athugað ofan í kjölinn, verði menn sammála um, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft það fyrst og fremst í huga að hlífa öllum almenningi við álögunum og að þetta eru þær þyngstu og mestu álögur, sem lagðar hafa verið á fólk. Það er þess vegna rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að þetta frv. veldur nýrri dýrtíðarskrúfu, — dýrtíðarskriðu, sem ekki er

hægt að sjá fyrir hvaða afleiðingar kann að hafa fyrir okkar efnahag og þjóðlifið í heild sinni.

Það væri eðlilegt, að menn spyrðu að því, hvernig stendur á því, að svo er komið sem komið er, að það skuli vera til umræðu frv. eins og þetta, að ríkisstj., sem var mynduð með jafnmiklum loforðum og miklu yfirlæti, skuli eftir 18 mánaða setu ekki hafa annað til málanna að leggja í okkar efnahagsmálum en þetta, sem traustustu og sterkustu stuðningsmenn hennar fram til þessa tíma segja að sé aðeins tjaldað til einnar nætur eða svo og að í haust verði ástandið mun verra en það er nú, þótt þetta frv. verði samþ. Skýringin á því, að svona er komið, er eingöngu sú, að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur ekki valdið verkefnunum. Hún hefur lofað fólkinu öllu góðu, en hún hefur ekki staðið við neitt.

Hæstv. forsrh. talaði til þjóðarinnar í útvarp haustið 1956 og sagði þar, að ríkisstj. hefði náð samstöðu við stéttarfélögin í landinu með verðstöðvun, með aðgerðir í efnahagsmálunum. Þegar forustumenn stéttarfélaganna hlustuðu á þessar fullyrðingar hæstv. ráðh., könnuðust þeir ekki við, að slíkir samningar hefðu tekizt. Varð það til þess að koma illu blóði inn hjá mörgum forustumönnum stéttarfélaganna, sem leiddi til hinna tíðu og mörgu verkfalla á árinu 1957, og smátt og smátt hefur þessi hæstv. ríkisstj. verið að glata því trausti, sem hún hafði, þar til nú að svo er komið, að hún hefur ekki traust nema örfárra manna, og stjórn, sem þannig hefur farið að, er illa á vegi stödd og getur ekki leyst verkefni. Það er eins ástatt fyrir henni og einstakling, sem ekki nýtur trausts. Það er sama, þótt hann vildi vel, hann nýtur sín ekki. Hann getur ekki komið í framkvæmd góðum málum eða leyst erfið verkefni. Ég býst við því, að ýmsir vilji halda því fram, að núverandi hæstv. ríkisstj. eigi það ekki skilið að hafa einskis manns traust. Við skulum lofa mönnum að deila um það. Við skulum ekki leggja dóm á það. En við skulum eigi að síður játa staðreyndirnar, að þannig er þetta í dag, og þess vegna þarf ekki að búast við því, að núv. hæstv. ríkisstj. leysi nokkurn vanda. Það þarf ekki að reikna með því, og það, sem gera þarf, er þess vegna það að stokka spilin upp. Það þarf að gefa þjóðinni tækifæri til þess að leggja sinn dóm á það, sem gert hefur verið á undanförnum mánuðum, og til þess að leysa þann vanda, sem okkar þjóðfélag nú býr við, verður að fá stjórn, sem nýtur trausts fólksins, sem gerir samninga við fólkið og segir fólkinu sannleikann og leggur spilin á borðið, — stjórn, sem ekki aðeins lofar, heldur stjórn, sem segir þjóðinni, hvernig ástandið er og hvað þarf að gera. Þá er ég sannfærður um, ef þannig er að farið, að þá má leysa þann vanda, sem okkar þjóðfélag nú er í, vegna þess að þetta þjóðfélag hefur mikla möguleika, — það hefur mikla möguleika til þess að halda áfram uppbyggingu og til þess að halda uppi góðum lífskjörum í landinu. Við sjálfstæðismenn munum ekki skorast undan skyldunni til þess að taka þátt í uppbyggingarstarfinu, því að þótt núverandi stjórnarflokkar hafi með miklu yfirlæti sagt, að hæstv. ríkisstj. muni leysa vandamálin án samstarfs við Sjálfstfl., þá veit þjóðin það í dag, að vandamálin verða ekki leyst nema kalla Sjálfstfl. til ráða og starfs.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það hefur margt komið fram hér við þessa umr., sem fróðlegt hefði verið að gera að umtalsefni, en þar sem orðið er nú mjög áliðið, mun ég reyna að stytta mál mitt svo sem kostur er, enda hefur verið svarað allmörgu af því, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh., sem hér hafa talað þrír af hálfu ríkisstj., þannig að ég þarf ekki að gera ýmis veigamikil atriði af þeim sökum að umtalsefni. Hins vegar eru nokkur atriði, sem mig langaði til að benda hér sérstaklega á og ekki hefur verið nema að litlu leyti að vikið.

Það hefur verið á það bent hér, og það er mjög að vonum, hversu eftirtektarverð þróun hefur verið í efnahagsmálunum, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Það hefur verið á það minnt, hvernig því var yfir lýst við síðustu kosningar, — og minnist ég þess, að þá var sérstaklega um það rætt í ritstjórnargrein í blaði hæstv. núverandi forsrh., — að með þeirri stefnu, sem þá var mörkuð af bandalagi Alþfl. og Framsfl., væri ætlunin að brjóta blað í stjórnmálasögu þjóðarinnar. Það var nú hvorki meira né minna. Og þetta átti að gerast fyrst og fremst á þann hátt, að það átti að taka upp algerlega nýja stefnu í efnahagsmálum og leysa það öngþveiti, sem þessir flokkar töldu vera ríkjandi í þeim efnum.

Hv. þm. G-K. ræddi þetta mál mjög ýtarlega, og þarf ég því ekki nánar að því að víkja. Ég vil aðeins til samhengis minnast á fyrsta skrefið í því efni, en það var hin svokallaða jólagjöf ríkisstj. 1956, sem þá var yfirlýst að væri ætlazt til að leysti efnahagsvandamálin til frambúðar, svo að a. m. k. á næsta ári, jafnvel næstu árum yrði ekki þörf frekari ráðstafana en þar var gert. Og það var einmitt það, sem sérstaklega einkenndi tal framámanna núverandi hæstv. ríkisstj., fullyrðingin um, að það væri hægt að leysa okkar efnahagsvandamál með einhverjum úrræðum, sem væri hægt að telja varanleg úrræði.

Vitanlega er það alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að í efnahagsmálunum eru ekki til nein varanleg úrræði. Það eru einmitt þau mál, sem hver þjóð er stöðugt að fást við og eru meginviðfangsefni og vandamál sérhvers þings, því að aðstæður allar breytast svo mjög í þeim efnum, að það þarf sífellt að vera að gera þar nýjar ráðstafanir, eftir því sem tímarnir breytast. Og það hefur nú líka gerzt í þessum efnum og kom hér skýrt fram í ræðu hæstv. menntmrh. í kvöld, að hann sagði, að það væri aldrei hægt að gera neinar ráðstafanir í efnahagsmálum til frambúðar. Og það er vitanlega mjög lærdómsrik niðurstaða, eftir að þessir menn ganga fram fyrir kjósendur 1956 og bjóða upp á frambúðarúrræði í efnahagsmálunum, að nú segja þeir eftir tæp tvö ár, að það sé mesta fásinna að tala um nokkur frambúðarúrræði.

Það líka fór svo, að frambúðarúrræðin urðu ekki mikil. Og það virðast ætla að rætast hér bæði þær spár, sem við sjálfstæðismenn fluttum þá um þær ráðstafanir, sem gerðar voru um næstsíðustu áramót, og einn af þm. stjórnarliðsins þá, hv. þm. Siglf., lýsti yfir að mundu leiða til vaxandi öngþveitis og vandræða fyrir atvinnuvegina, því að það, sem við stöndum nú andspænis, er nýtt átak, sem hæstv. ríkisstj. telur þörf á að gera og felur í sér stórkostlegri álögur en nokkurn tíma áður hafa verið lagðar á þjóðina í einu. Og nú er spurningin: Af hverju þarf að gera þetta, sem er verið að gera með þessu frv., sem nú liggur fyrir Alþ.?

Hæstv. sjútvmrh. lýsti því hér í dag, af hverju þetta væri. Það væri vegna þess, að stöðvunarstefna sú, sem ríkisstj. hefði fylgt til þessa, hefði brugðizt. Og af hverju hafði hún brugðizt? Hún hafði — að því er manni skildist — brugðizt af þremur ástæðum. Það var í fyrsta lagi vegna aflabrests. Það var í öðru lagi vegna þess, að ríkisstj. hafði ekki tekizt að hafa hemil á fjárfestingu. Og það var í þriðja lagi og jafnvel að því er manni skildist að meginefni vegna þess, að Sjálfstfl. hafði eyðilagt árangur þessarar stefnu.

Ég skal aðeins með örfáum orðum víkja að þessum rökum.

Varðandi fjárfestinguna er það að segja, að þar er að sjálfsögðu um mál að ræða, sem hæstv. ríkisstj. hefur algerlega í sinni hendi og getur engum kennt um nema sjálfri sér, ef þar hefur einhver handvömm verið á. Það kann vel að vera, að henni hafi farið það jafnilla úr hendi og annað, sem hún hefur gert, og þá er ekki von, að vel fari. En þar er auðvitað við engan annan að sakast en sjálfan sig.

Um stöðvunarstefnuna út af fyrir sig er það að segja, að hún hefur að vísu ekki verið nein stöðvunarstefna, eins og líka hæstv. sjútvmrh. viðurkenndi sjálfur, vegna þess að um hefur verið að ræða stórfellda hækkun. Það hefur verið um að ræða 5 stiga hækkun á vísitölu, og enn fremur eru greidd niður eftir hans útreikningi rúmlega 5 vísitölustig, en mun þó vera allmiklu meira eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í skýrslu, sem birt er frá hagstofunni í janúarhefti Hagtíðinda í ár. En látum það gott heita og segjum, að þetta hafi verið stöðvunarstefna. En hún hefur þá farið út um þúfur af þessum þremur ástæðum, sem ég áðan greindi, eftir orðum hæstv. ráðh.

Ég skal þá víkja næst að hlut Sjálfstfl. í því, og hans hlutur í því að eyðileggja þessa stefnu átti að hafa falizt í því að hafa espað verkalýðsfélögin til kauphækkana og verkfalla, sem hefðu komið þessu öllu úr skorðum.

Það er nú út af fyrir sig ákaflega fróðlegt fyrir okkur sjálfstæðismenn og raunar fyrir þjóðina í heild að heyra það, að Sjálfstfl. sé svo sterkur í verkalýðshreyfingunni, að hann geti þar sett allt á annan endann, gegn þeim flokkum, sem telja sig hafa þar öll tögl og hagldir. Ég man nú ekki betur en það væri aðalröksemdin fyrir því hjá framsóknarmönnum, að ekki væri hægt að vinna með Sjálfstfl., að hann hefði engin áhrif í verkalýðshreyfingunni og þess vegna væri eina lausnin að fá að taka höndum saman við hina svokölluðu verkalýðsflokka, þá væri allt í bezta lagi. Það er að vísu alveg rétt, að áhrif Sjálfstfl. hafa stóraukizt í verkalýðshreyfingunni og það mjög að vonum, vegna þess að fólki hafa þar opnazt augu fyrir þeim reginblekkingum, sem verkalýðnum hefur verið boðið upp á á undanförnum árum, sérstaklega af kommúnistum, þannig að af þeim sökum er það eðlileg þróun, að fylgi sjálfstæðismanna hafi þar stóraukizt. En það, sem átti að vera aðaláfellisdómurinn yfir sjálfstæðismönnum, var það, að Iðjuverkafólk hefði fengið smávægilega kauphækkun á s. l. ári, 5%, án þess að kæmi til átaka, og það fannst hæstv. ráðh., að því er manni skildist, mjög hneykslunarvert, að það skyldi hafa verið fallizt á það með góðu móti af hálfu iðnrekenda í stað þess að tefla út í verkfall og vinnustöðvun. Það hefði maður nú einhvern tíma haldið að væri til hagsbóta fyrir verkalýðinn, en ekki það gagnstæða, að forðast vinnustöðvun. En þetta kemur dálítið kynduglega út, þegar það er talið vera ávítunar- og ásökunarefni á sjálfstæðismenn, að forustumenn þeirra í þessu stéttarfélagi, sem er stéttarfélag eins þess hóps, sem er lægst launaður í þjóðfélaginu, *skuli hafa fengið smávegis kjarabætur*, þegar ríkisstj. sjálf hefur gengið á undan með að hækka laun þeirra hæst launuðu, eins og hefur verið bent á hér í þessum umræðum, þar sem ríkisstj. átti mjög mikinn hlut að því að stórhækka laun flugmanna um margfalda þá prósentuupphæð, sem hér var um að ræða hjá iðnverkafólki. En það er ákaflega fróðlegt fyrir þetta láglaunafólk að heyra, að það hafi verið sérstakur glæpur að hækka þess laun.

Þáttur sjálfstæðismanna hefur áreiðanlega ekki verið í þá átt, að þeir hafi reynt að espa til uppnáms í verkalýðshreyfingunni gegn hinni svokölluðu stöðvunarstefnu ríkisstj., þannig að slík ásökun fellur um sjálfa sig og er til einskis sóma fyrir hæstv. ráðh. og mun sízt af öllu verða honum til framdráttar eða auka traust hans.

Þá kem ég að þriðju ástæðunni hjá hæstv. ráðh., og það var það, að hann sagði, að orðið hefði stórvægilegur aflabrestur, sem hefði gert að verkum, að það hefði orðið mikill halli bæði hjá útflutningssjóði og ríkissjóði. Hér er meira og minna um rangfærslur að ræða. Útfluttar sjávarafurðir 1956 námu 900.8 millj. kr., 1957 857.5 millj. kr. Mismunur er þarna að vísu lækkun, en þó ekki meiri en svo, að það er um 43.3 millj. kr. að ræða. Hitt láðist honum að geta um, að það varð lækkun á öðru sviði gjaldeyrisöflunar, en það var í sambandi við varnarliðið, vegna þess að framkvæmdir á þess vegum voru 1956 222 millj. kr., en 1957 133 millj. kr., þannig að það minnkaði um 89 millj. kr. Þar sem það var stefna hæstv. ríkisstj. að reka varnarliðið úr landi, sem að vísu hefur nú eitthvað dregizt á langinn, hefði mátt ætla, að í áætlunum þeim, sem lagðar voru til grundvallar, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett, hefði verið reiknað með slíkum samdrætti þessara framkvæmda, þannig að það hef-

ur ekki getað komið ríkisstj. á neinn hátt á óvart, þó að þetta drægist saman, þannig að það er raunverulega ekki um að ræða nema þessar rúmu 40 millj. kr., sem hefur verið minnkandi útflutningur sjávarafurða, og verður ekki sagt, að þar sé um að ræða stórfelldan samdrátt.

Í sambandi við þetta hefur mér þótt fróðlegt að athuga, hvernig ástatt væri um gjaldeyrisöflun nú á þessu ári og hvort líkur væru til, að þessi þróun yrði áfram eða þar mundi verða einhver lagfæring á, sem gerði þá minni þörfina fyrir þær stórfelldu álögur, sem hér eru lagðar til í þessu frv. Samkvæmt þeirri athugun hefur komið í ljós, að áætlað er, að á þessu ári aukist tekjur af varnarliðsframkvæmdum um 27 millj. kr. Ekki veit ég, af hvaða ástæðum það er, hvort það er einhver sérstakur kostnaður við að flytja varnarliðið úr landi. Það er sennilega það, það er innflutningskostnaður, sem þeir eiga að borga. En af einhverjum ástæðum er það, að gert er ráð fyrir, að þarna verði allveruleg búbót fyrir ríkissjóðinn í gegnum varnarliðsframkvæmdir. Og svo er nú annar slurkur, sem er þó mun riflegri, og það er í sambandi við erlendar lántökur. Þær voru á árinu 1956 90.1 millj. kr., á árinu 1957 210.3 millj., en á árinu 1958 eru þær 318.1 millj. kr. Þarna er um að ræða hækkun frá árinu 1957 um 108 millj. kr. Hér er því samtals um að ræða hækkun á þessum liðum, sem nemur 135 millj. kr. Innflutningsáætlun, sem gerð er á grundvelli þessarar tekjuáætlunar, gerir ráð fyrir 110 millj. kr. meiri innflutningi en 1957. Auk þess má gera ráð fyrir því, þar sem reiknað er með, að allmikið af nýjum skipum komi til landsins, að þá ætti þessi þróun að stefna öll til aukinnar gjaldeyrisöflunar. Ég veit að vísu ekki, hvort þessi skip yfirleitt koma á þessu ári. Að vísu er reiknað með nokkrum þeirra seinni hluta ársins, en mér skilst, að þau eigi öll að vera hingað komin á árinu 1959, þannig að það ætti að mega reikna með jafnvel frekari hækkun á því ári.

Mér sýnist því eftir þessari athugun, að það sé margt, sem bendi til þess, að miðað við óbreytt ástand, óbreytt kerfi, hefði átt að vænkast mjög verulega hagur bæði ríkissjóðs og útflutningssjóðs á árinu 1958.

Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, skal ég ekki mikið út í það fara. Það hefur verið rakið allýtarlega, fyrst og fremst af hv. þm. G-K. og nú vikið að ýmsum atriðum þess af hv. 1. þm. Rang. Ég vil aðeins segja það, að það er án efa ýmislegt í þessu frv., sem er til bóta. Það er vissulega alltaf til bóta, þegar hlutir eru gerðir einfaldari en þeir áður hafa verið, og að ýmsu leyti eru uppbætur til sjávarútvegsins færðar í einfaldara form, sem gera má ráð fyrir að geri framkvæmd málsins einfaldari og heppilegri að ýmsu leyti. Varðandi það, hvort þær bætur eru nægilegar eða ekki, skal ég ekkert um segja, en hitt liggur hér fyrir og er áður upplýst hér í þessum umr., að útvegsmenn sjálfir telja, að það sé um vanefndir að ræða á þeim loforðum, sem þeim voru gefin um síðustu áramót, og á því veltur að sjálfsögðu, vegna þess að þeir hljóta að eiga lagalega kröfu á hendur ríkissjóði um, að hlutur þeirra sé ekki rýrður frá því, sem þá var lofað.

Það má færa ýmis rök fyrir því, að það sé bæði eðlilegt að jafna uppbæturnar á milli einstakra greina útvegsins, og má einnig færa rök fyrir því, að það geti verið eðlilegt að taka upp það form að leggja á rekstrarvörurnar líka. En ég vil þó benda á það, að þessi breyting hefur í för með sér ýmis óþægindi fyrir útgerð á vissum stöðum. Skal í því sambandi nefna, að á ýmsum stöðum úti á landi hefur verið reynt að hafa skip heima og gera þau út þaðan, jafnvel þó að þau hafi getað búið við betri kjör annars staðar af atvinnusjónarmiðum til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi á þessum stöðum.

Með núverandi skipan uppbótanna hefur verið um ýmis friðindi að ræða, sem hafa fallið í skaut útgerðinni, hvort sem hún hefur aflað mikið eða lítið, og þar á ég t. d. við iðgjöld af vátryggingu skipanna. Með því að fella þau hlunnindi niður og miða algerlega við afla skipanna skapast að sjálfsögðu miklir örðugleikar á því, að unnt verði að haga útgerðinni svo sem gert hefur verið eða fá þessi skip til þess að leggja upp afla á þessum stöðum úti á landi, þegar þau geta fengið betri afkomu annars staðar. Það má vitanlega segja, að það sé þjóðfélagslega skynsamlegra að hafa þetta form á, en það hefur nú verið viðurkennt einnig af forráðamönnum þjóðarinnar á undanförnum árum, að það yrði að gera vissar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og tryggja það, að fólk hefði sæmilega atvinnu á ýmsum stöðum úti um land, þar sem við atvinnuleysi hefur verið að etja, og það má því gera ráð fyrir, að þetta leiði af sér aukin vandræði á þessu sviði og gera verði því sérstakar ráðstafanir í sambandi við ýmsa þá staði.

Hæstv. sjútvmrh. sagði í ræðu sinni hér í dag, að það þyrfti að auka rekstrarlán og stofnlán útflutningsatvinnuveganna, því að það liggur auðvitað í augum uppi, að fjárþörf þeirra vex mjög stórkostlega við þær álögur, sem nú eru lagðar á rekstrarvörur atvinnuveganna. Þetta er góðra gjalda vert og vonandi, að hæstv. ráðh. fái því framgengt. En mér skilst nú eftir þeirri stefnu, sem virðist ríkjandi hjá seðlabankanum, sem hefur þetta mál í sinni hendi, að þá sé nú ekki sérlega vænlegt að róa á þau mið og reikna með að fá aukin rekstrarlán eða yfirleitt þá lánsfjáraukningu, sem þetta frv. leiðir af sér, því að þar er öll áherzla lögð á það að draga lánin mjög verulega saman.

Ég skal ekki fara út í einstök atriði frekar varðandi þessa bótahlið frv. Ætlun mín var hér fremur að ræða um fjármálahlið þess, sem vitanlega er undirstöðuatriði málsins.

Við athugun á hag útflutningssjóðsins sjálfs skilst mér, að hér sé gert ráð fyrir því, að hækkun á útgjöldum hans eða tekjuþörf muni vera um 304.5 millj. kr. Orsök þessarar hækkunar liggur í nokkrum liðum. Stærsti liður-

inn er hækkun á rekstrarvörunni. Það er kaup-hækkun, sem leiðir beinlínis af ákvæðum frv., 50.6 millj., og það er halli útflutningssjóðs-ins frá fyrra ári og frá áramótum. Mér telst svo til, að bótaþörfin, ef frv. hefði ekki verið flutt, sé 51.8 millj., miðað við þær auknu bætur, sem gert er ráð fyrir og taldar eru nauðsynlegar til togaranna, og halli útflutn-ingssjóðsins sé 78.2 millj. kr., eða alls bóta-þörf sjóðsins 130 millj. En það, sem hefur sem sagt gert þessa tölu svo háa, eins og ég áðan greindi frá, stafar af þeim álögum, sem gert er ráð fyrir hér í frv.

Hvort auðið hefði verið og hvað hefði þurft mikið aukinn innflutning til þess að mæta þess-um þörfum, skal ég ekki um segja, en mér sýnist þó ekki ótvírætt, að það hefði þurft að vera um mjög mikla aukningu að ræða. En það hef ég ekki haft aðstöðu til þess að kanna ofan í kjölinn.

Um ríkissjóðinn er það að segja, að gert er ráð fyrir, að lögin hafi allveruleg áhrif á hag hans. Ég vil í sambandi við þá hlið málsins gagnrýna mjög og víta þá uppsetningu, sem er í grg. frv. varðandi hlut ríkissjóðs í hinum nýju álögum. Þar er aðeins að finna þá upp-lýsingu, að það sé gert ráð fyrir, að tekju-auki ríkissjóðs verði 41 millj. kr. að frádregn-um þeim hækkunum, sem leiði af lögunum, en það eru engar upplýsingar um það, hverjar þær hækkanir séu, og það er ekki einu sinni í frv. um að ræða upplýsingar um það atriði, hvort miðað er við heilt ár eða ekki varðandi þessa 41 millj. Þetta er auðvitað mjög villandi og fráleitt að leyfa sér að hafa slíka túlkun á málinu. En samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta efni, mun frv. leiða til þess, að útgjöld ríkissjóðs á einu ári hækka um 80 millj. kr., þar af 40 millj. vegna yfirfærslu-gjalds, sem á er lagt í lögunum. En á móti er gert ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs á einu ári hækki um 144 millj., og hækkunin á þessu ári mundi þá verða 96 millj. kr., sem fellur í hlut ríkissjóðs. Nú er þarna að vísu um frekari tekjuauka að ræða, vegna þess að eftir að fjár-lög voru afgreidd, var ákveðin hækkun á áfengi og tóbaki, sem ég geri ráð fyrir að muni gefa ríkissjóði um 20 millj. kr., þannig að hann fái þarna allgóðan slurk. Ég veit að vísu, að hæstv. fjmrh. kann betur við að hafa dálitið í kassa hverju sinni, og það er að sjálfsögðu ekki að lasta það, en á þessu öllu verður nú að hafa verulegt hóf, þegar um það er að ræða að leggja á þjóðina stórkostlegar nýjar álögur.

Það var hér upplýst í dag af hv. þm. G-K., að samtals næmu álögurnar eftir þessu nýja frv. 790.4 millj. kr. Hæstv. menntmrh. taldi þennan útreikning mjög fráleitan og sagði, að eftir sömu röksemdum hefði mátt segja, að álögur á þjóð-ina hefðu verið 900 millj. kr., þegar gengis-breytingin var framkvæmd.

Ef þessar tölur eru sambærilegar, þá hlýtur hér að vera um að ræða sambærilegar ráðstaf-anir. Annars er ekki rétt að taka þetta sem samhliða tölur til samanburðar, og hæstv. ráðh. ræddi töluvert um þetta og byggði sinn málflutning gegn þessari upplýsingu hv. þm. G-K. á þessu atriði, að þetta væri jafnfráleitt og að reikna út áhrif gengislækkunar og segja, að þar væri um að ræða nýjar álögur á þjóðina. Hæstv. ráðh. dró svo nokkuð í land, — hefur sennilega talið, að þetta væri ekki vel heppilegt, eftir að búið er að lýsa því hér yfir af ýmsum hæstv. ráðh., að þetta væri nú alls ekki geng-islækkun, — og bætti því við, að gengisbreyt-ingin 1950 hefði þó verið að verulegu leyti annars eðlis. Og ef það er rétt, að hún hafi verið annars eðlis, þá er heldur ekki hægt að gera samanburðinn, þannig að sú röksemd fellur þá einnig um sjálfa sig. Þessi tala er tvímælalaust rétt, 790.4 millj. Hitt er aftur á móti vert að taka fram, eins og hv. þm. G-K. líka gerði, að það eru vissar duldar greiðslur í þessu, sem getur verið vafi um, hvort rétt er að taka með, vegna þess að þær ganga út og inn til sama aðila. En að svo miklu leyti sem þessar álögur eru ekki endurgreiddar sama aðila, hlýtur að vera um að ræða nýja skattlagningu. Þetta liggur, að mér sýnist, í augum uppi, og það að tala um, að hér sé um að ræða milli-færslu milli atvinnugreina og þjóðfélagsstétta, en ekki byrðar á þjóðina í heild, það er náttúr-lega „teoretiskt“ atriði. Staðreynd málsins er sú, að það verða einhverjir einstaklingar hjá þjóð-inni eða félög að borga alla þessa upphæð. Þeir njóta þess ýmsir að nokkru leyti aftur. En það er svo um meginhlutann af þeim fjárráðstöfun-um, sem ríkið hefur með að gera og tekur til margvíslegra þarfa sinna, að borgararnir njóta þess að sjálfsögðu aftur í ýmsu formi, þannig að dæmið er ekki hægt að setja þannig upp. Og þegar hæstv. ráðh. segir, að það sé alls ekki hægt að tala um þetta sem nýjar álögur, nema því aðeins að stjórnarandstæðingar geti sannað það, að með einhverri annarri aðferð hefði verið hægt að hafa álögurnar minni, þá er það náttúrlega ákaflega lítil huggun fyrir það fólk, sem á að borga þessa peninga, þó að þeirri kenningu sé haldið fram, því að eftir standa álögurnar engu að síður. Það skiptir engu máli í því sambandi, hvort stjórnarandstaðan eða stjórnarliðið getur bent á, að það hefði verið hægt að gera þetta á einhvern annan hátt. Vissulega er æskilegt fyrir þjóðina, að það væri hægt að losa hana við þennan bagga að öllu leyti. Ég þori alls ekki að fullyrða, að það sé hægt. Ég hef reynt að kanna þá hlið málsins, sem ég rakti hér áðan, hvernig ástatt væri með tekjuhorfur útflutningssjóðs og ríkissjóðs, miðað við óbreytt kerfi, og það, sem mér hrýs hugur við í þessu sambandi, er, að þetta frv. hefur í för með sér svo stórkostlegar nýjar álögur fyrir einmitt þá aðila, sem eiga að njóta þess-ara tekna, bæði ríkissjóð og útflutningssjóð, að hinar raunverulegu þarfir sjóðanna verða ekki nema aðeins lítið brot af því, sem þeir þurfa nú samkv. frv. að fá í sinn hlut. En til þess að geta kannað þetta til hlítar þyrfti mað-ur náttúrlega að fá betri aðstöðu og rýmri tíma til þess að athuga þetta ofan í kjölinn. Í því sambandi undrar mig nokkuð á því, að ekki skuli hafa komið fram þær till., sem oft hefur verið á minnzt, ekki hvað sízt af sósialistum, þar sem þeir hafa talað um, að það væri auð-

velt að spara mjög stórlega í ríkisrekstrinum. Það má sannarlega segja, að þó að oft hafi verið þörf, þá hafi nú verið nauðsyn að koma fram með slíkar sparnaðartillögur, því að ef þær hefðu verið fyrir hendi, þá hygg ég að hefði verið hægt að losna við a. m. k. ríkissjóðshlutann af þessum nýju álögum. En á því hefur ekki bólað, af hvaða sökum sem það er.

Þá er enn fremur þess að gæta, að þessar álögur leiða af sér fyrir ríkissjóðinn mjög verulegan samdrátt á verklegum framkvæmdum, og það hefði í rauninni mátt ná þessum tilgangi með fjáröflun til ríkissjóðs með því að skera þessar verklegu framkvæmdir niður um þá upphæð, sem hér er um að ræða, sem vafalaust eru 10—15 millj., því að það kemur auðvitað nákvæmlega eins út, hvort þær hefðu verið lækkaðar um þessa upphæð eða hvort vörurnar og vinnulaunin, sem þarf til að inna framkvæmdirnar af höndum, eru hækkaðar sem upphæðinni nemur.

Það hefur hér verið gert nokkuð að umtalsefni launaákvæði þessa frv. Ég skal ekki langt út í þá sálma fara. Það er verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar að meta það, hvort hún telur sér hag í því að fá kaup sitt ákveðið með lögum. Hingað til hefur það verið stórkostlegt atriði hjá verkalýðshreyfingunni að hafa samningsfrelsi og að ekki væri með löggjöf gripið inn í samninga milli launþega og vinnuveitenda, og þetta samningsfrelsi er að sjálfsögðu einn af hyrningarsteinum þeim, sem frjáls verkalýðshreyfing byggist á. Það hefur áður verið fordæmt mjög heiftarlega, ekki hvað síst af kommúnistum, ef það hefur verið gripið inn á þetta svið og annaðhvort takmörkuð vísitöluuppbót eða einhverjar aðrar ráðstafanir gerðar, sem taldar hafa verið hafa áhrif á laun. Nú virðist þetta allt vera gott og blessað í þeirra augum. Að vísu hafa verkalýðsforingjarnir margir lýst mjög eindreginni andstöðu gegn þessu frv. Ég skal ekki segja um, hvort það hafi verið sérstaklega gegn þessari lögbindingu á kaupinu. En það, sem vakti alveg sérstaka athygli mína og mig langaði til að minna á hér, sem ég hygg þó, að ekki hafi farið fram hjá neinum, er sú undarlega staðreynd, að það skuli hafa runnið upp fyrir ýmsum þessara manna og var að vísu mest áberandi hjá hæstv. sjútvmrh., — ég man nú ekki, hvort hæstv. menntmrh. kom inn á það, — að vísitölukerfið væri eiginlega mesta ólán og ógæfa fyrir verkalýðshreyfinguna. Að vísu var hv. 3. þm. Reykv. á allt annarri skoðun hér áðan og taldi vísitölukerfið vera mjög mikla tryggingu og öryggi fyrir launþega, en hæstv. sjútvmrh. taldi í ræðu sinni, að það væri sérstaklega slæmt fyrir láglaunafólk og það væri þess vegna ekkert á móti því, að það væri fundið upp eitthvert annað kerfi, og þó að horfið væri frá þessu, eins og gert er í þessu frv., og teknar vísitöluuppbæturnar af launþegum, þá væri það ekki svo alvarlegt atriði. Það er vissulega rétt, að vísitölukerfið út af fyrir sig getur verið hættulegt, og sú sífellda hækkun verðlags og kaupgjalds, sem stafar af vísitölu og því kerfi, sem fylgt hefur verið í því efni, er auðvitað svikamylla að mörgu leyti. Hins vegar hefur alltaf verið litið á það af verkalýðnum sem mikið öryggi fyrir hann að hafa tryggingu fyrir því, að laun hækkuðu eftir vísitölu. Nú er það að vísu svo, sem hefur orðið sérstaklega áberandi í tíð hæstv. núverandi ríkisstj., að vísitalan er kannske ekki orðin svo mikils virði, vegna þess að það hefur allt verið gert til þess að koma í veg fyrir, að verðhækkanir hefðu áhrif á vísitöluna, og það er einnig gert nú í þetta sinn.

Ég fæ nú satt að segja ekki skilið, að það sé mögulegt, að 5% kauphækkun nú geti jafngilt þeim verðhækkunum, sem verða samkv. þessu frv. Þessi orð mín má enginn skilja svo, að ég telji, að það sé sjálfsagt, að kaupið verði hækkað meira. Það er allt önnur saga, og við vitum það auðvitað, að það er nú síður en svo ástatt þannig, að útflutningsatvinnuvegirnir geti borið hækkað kaupgjald. En kjarni þessa máls er auðvitað að segja rétt og satt frá þessum staðreyndum öllum.

Hæstv. menntmrh. sagði, að í rauninni kæmu þessar byrðar ekki niður á nema þá, sem hefðu yfir 60 þús. kr. tekjur, aðrir fengju þetta uppi borið með þessari 5% kauphækkun. Ég skil ekki, hvernig hann finnur þetta út. Ég býst t. d. við því, að hvort sem menn hafa 60 þús. kr. tekjur eða ekki, verði jafntilfinnanleg fyrir þá t. d. olíuhækkun, sem mér skilst að sé 24 eða 25% og er enginn smáræðisbaggi. Nú, mjólkurhækkunin, ég býst við, að þeir, sem hafa innan 60 þús. kr. tekna, þurfi mjólk handa sér og fjölskyldu sinni eins og aðrir, og ýmsar aðrar hækkanir, sem er óumflýjanlegt að hljóti að lenda á þessu fólki. 5% kauphækkun er ekki það mikil upphæð af ekki hærri launum, að ég get sannast sagna ekki skilið, hvernig þetta getur staðizt, og væri fróðlegt að fá á því nánari skýringar.

Það er vissulega eftirtektarvert og lærdómsríkt, sem komið hefur fram nú að undanförnu, að verkalýðshreyfingin hefur sýnt mikinn áhuga á stöðvun verðbólguþróunarinnar, og það er allt annað, sem þar er upp á teningnum en meðan kommúnistar voru utan ríkisstj. og æstu þá stöðugt til verkfalla. Það er vissulega gott, að það sé aukinn skilningur fyrir hendi á þessari staðreynd, að dýrtíðarþróunin er til ógæfu fyrir verkalýðinn. En það er jafnframt lærdómsríkt, að það skuli ekki verða fyrr en eftir að kommúnistar eru sjálfir komnir í ríkisstj. og þurfa að fara að bjarga sínu skinni, sem þeir hafa farið að ljá máls á því og prédika það sjálfir fyrir verkalýðnum, að það væri æskilegt að vinna gegn þessari þróun. Sjálfstæðismenn hafa haldið því fram í verkalýðsmálum, að verkalýðurinn ætti að meta sína kjarabaráttu út frá sínum eigin hagsmunum, en ekki láta beita sér fyrir pólitíska vagna í því efni.

Það kom hér fram nokkuð eftirtektarverð yfirlýsing frá hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Hann minntist á, að það gæti farið svo, að það væri hægt að fá forustu fyrir þeim kröfum, sem hann taldi að sjálfstæðisverkamenn hefðu haldið uppi um hækkað kaup. Hvort hann býst við, að sú forusta komi, þegar þeir fara úr ríkisstj. og hafa þá ekki lengur áhyggjur af því, hvort

stöðvun er á verðlagi í landinu eða ekki, skal ég ekki um segja. En ég get sagt honum hins vegar það og þykist vera viss um, að það er sá andi, sem ríkir hjá sjálfstæðismönnum innan verkalýðsfélaganna, að þeir vilja taka afstöðu sína í þessum málum alveg án hliðsjónar af því, hverjir eru við völd hverju sinni, enda er það hið eina heilbrigða, sem á að ráða í verkalýðshreyfingunni í sambandi við launamál, og hið eina heilbrigða fyrir þjóðfélagið í heild, að sú hugsun ráði þar.

Hvað felst í þessu frv., skal ég ekki mikið út í fara. Það hefur áður verið rakið hér, að það, sem í því væri, væri í rauninni tvenns konar stefnur, það væri annars vegar gengislækkun og hins vegar haldið í uppbótakerfið. Og það er stærsti gallinn á þessu frv., að hér er blandað saman ýmsum leiðum, sem sýnilega er gert til þess að bræða saman gerólík sjónarmið, og úr því vill náttúrlega alltaf verða meiri og minni grautargerð. Þjóðviljinn lýsir þessu mjög vel í dag. Hann stærir sig yfir því, að það sé nú alls ekki svo, að það hafi verið losnað við uppbótakerfið, það sé enn í fullu gildi, eins og þeir hafi viljað, en hins vegar sé raunverulega tekin upp gengislækkun, þó að dulbúin sé, og niðurstaðan er þó líklega sú, að frv. er í anda þriðju leiðar Alþfl., að þó að þeir hafi ekki fengið fram beina gengislækkun, þá hafi þeir þó fengið hana fram, að svo miklu leyti sem auðið var, til að kljúfa ekki þessa fylkingu þeirra og hafi þá sætzt á að hafa hvorar tveggja leiðirnar sem uppistöðu í þessu frv. En mig langar aðeins — og bið menn að afsaka, það þarf ekki að lengja mikið mitt mál — að láta þá félaga lýsa með nokkrum orðum kostum þeirrar leiðar, sem þeir hafa hér blandað saman og bjóða nú þjóðinni upp á í þessu frv.

Alþýðublaðið lýsti uppbótakerfinu þannig 30. marz: „Uppbótakerfið komið í öfgar. Mikil síldveiði mundi sennilega gera íslenzka ríkið gjaldþrota.“ Það eru nú hagsmunir ríkisvaldsins, að ekki veiðist of mikið. Ég vil því gerkanna það, hvort sömu áhrif verða af þessu frv., að það sé stórhættulegt, ef mikið veiðist. En staðreynd er það a. m. k., að uppbótakerfið helzt enn, svo að það má væntanlega gera ráð fyrir því, að þessi sama hætta sé yfirvofandi, ef svo illa skyldi nú fara, að það skyldi sæmilega aflast.

Áfram vil ég vitna í þetta ágæta blað hæstv. menntmrh. Það sagði svo á skírdag 1958: „Þjóðinni er nú orðið ljóst, að uppbótavitleysan öll, sem kommúnistar knúðu fram í desember 1956,“ — það virðist, að bjargráðin við síðustu áramót eigi að færast á þeirra reikning, — „er búin að skaða þjóðina mjög mikið og hefur þegar sett þjóðina í meiri gjaldeyrisörðugleika en hún hefur lengi átt við að stríða. Því verður ekki neitað, að allveruleg hætta er nú á því, að leiðsögn kommúnista í efnahagsmálum á árinu 1957 kalli yfir þjóðina þann vágest, sem verstur er, atvinnuleysi.“ Og svo er manni sagt, að þetta frv. eigi að vera trygging gegn atvinnuleysi, — eða ber að skilja það svo, að kommúnistar hafi ekki komið nálægt þeim úrræðum, sem í þessu frv. eru? Hræddur er ég nú um, að einhverjir þeirra eigi þar æði stóran hlut í, a. m. k. hæstv. sjútvmrh., þó að hv. 3. þm. Reykv. vilji afneita því.

Og þá kemur lýsing Þjóðviljans á gengislækkunarhlið frv., en hann segir um það efni 25. marz 1958: „Gengislækkunin, sem vissir aðilar berjast nú fyrir af slíkri heift sem einu lausn efnahagsmálanna, hefur m. a. álíka kosti fyrir vissa aðila eins og vel heppnað innbrot fyrir ameríska bankaræningja.“

Tíminn segir svo í sama mánuði, 21. marz, — þá var þetta mjög til umræðu í öllum blöðunum, hvað gera ætti, — þá segja þeir, sem að vísu var vitað áður um þann fróðleik: „það var m. a. vegna þess, að framsóknarmenn höfðu ótrú á uppbótakerfinu, að þeir rufu samstarf við Sjálfstfl. og vildu freista samkomulags við aðra aðila um ný úrræði.“ Og þetta eru nú nýju úrræðin, miklu meiri uppbætur en nokkru sinni áður, enda segja þeir í sömu grein: „Niðurstaðan hefur orðið sú, að hingað til hefur ekki náðst samkomulag um annað en að halda uppbótakerfinu áfram með nokkuð svipuðum hætti og áður var.“ Og þetta sama ágæta blað hæstv. forsrh. segir svo: „Styrkjakerfið hefur gengið sér til húðar. Um það ætti ekki þurfa að deila.“

Þetta er ekki lýsing okkar sjálfstæðismanna á þeim úrræðum, sem eru í þessu frv., þeim tveim úrræðum, sem þar er blandað saman á mjög merkilegan hátt, heldur eru það þeirra eigin lýsingar, þeirra manna, sem unnið hafa saman að því að hræra þetta saman í þann graut, sem birtist í þessu frv.

En áður en ég lýk máli mínu langar mig til þess að vitna í nokkur atriði í grein, sem hæstv. sjútvmrh. skrifaði í Þjóðviljann 25. febr. og er ákaflega lærdómsrík grein. Ég veit að vísu ekki, hvort hann vildi lesa hana núna í þessum umræðum, ég er ekki alveg viss um það, en hún getur þá verið lærdómsrík fyrir aðra, og kannske les hann hana einhvern tíma seinna, þegar hann er kominn úr stólnum. Þar fræðir hann fyrst og fremst um það, sem hefur verið upplýst hér áður og hv. 3. þm. Reykv. gerði að sínum orðum. Hann vill enn standa við þessi orð, að það þurfi ekki nema 25 millj. kr. til útvegsins og 65 millj. kr. til Eysteins Jónssonar fjmrh., þá sé allur vandi leystur, það þurfi sem sagt 90 millj. kr. Hann gleymdi alveg í ræðu sinni í dag að útskýra fyrir þjóðinni, hvernig stæði á þeirri breytingu, sem hér væri á orðin, og hvaða óskapleg útgjaldaaukningarþörf hefði orðið síðan 25. febr. Það hlýtur að vera eitthvað stórkostlegt, sem gerzt hefur í þjóðfélaginu síðan, úr því að álögurnar eru nú orðnar margfaldar á við það, sem hann taldi þá nauðsynlegt. Og þetta er vitanlega, eins og hv. þm. G-K. sagði hér áðan, að svona lagaðar upplýsingar eru náttúrlega gersamlega til að villa um fyrir mönnum, því að menn verða þó að gera ráð fyrir því, að það sé eitthvað að marka það, sem hæstv. ráðherrar skrifa undir eigin nafni í blöð, og ekki sízt það, sem hæstv. sjútvmrh. skrifar um þetta mál, sem hann á að vera allra manna kunnugastur. Og þegar við erum krafðir um tillögur, þá er

sannarlega full ástæða til þess fyrir okkur að vera með nokkrar vangaveltur um það, sem skiljanlegt er, til hvaða úrræða eigi að grípa, eftir því, hvort vantar 90 millj. eða 6—7 hundruð millj. Það er sannarlega ekki víst, að það gildi sama aðferð til þess að fá peningana, þegar svo mikill munur er á, enda er ég í engum efa um, að ef ekki vantaði meira en þetta, þá þyrftum við alls ekki að baksa með þetta frv., sem hér er. Það væri algerlega ástæðulaust. En það voru önnur atriði í þessari grein, sem mig langaði rétt aðeins til þess að lofa mönnum að heyra, ef þeir skyldu hafa gleymt þeim eða aldrei hafa lesið þau, vegna þess að þau lýsa dálítið stefnu ríkisstj. á undanförnum árum. Hæstv. sjútvmrh. segir:

„Áróðursmenn íhaldsins hafa haldið því fram, að núverandi ríkisstj. hafi ekkert gert í efnahagsmálunum annað en að troða gamlar slóðir og viðhalda sömu stefnu og áður.“

Og ráðh. segir síðan:

„Hugleiðing þessi er alröng. Hið rétta er, að grundvallarmunur er á því, sem núverandi ríkisstj. hefur gert í þessum málum, og því, sem áður var gert.“

Í hverju er munurinn fólginn? Jú, hann er þessi:

„Allar voru þessar álögur þannig,“ — þ. e. a. s. hjá fyrrv. stjórn, — „að þær hlutu að koma fram í verðlaginu, enda engar tilraunir gerðar til þess að hindra hækkun á vöruverði.“

Og ráðh. segir:

„Þetta var kollsteypuleið íhaldsins, sú leiðin að taka eina kollsteypuna af annarri og hækka í sífellu allt verðlag í landinu, öllum til tjóns nema skuldakóngum og stóreignamönnum.“

Nú vitum við, fyrir hverja ríkisstj. er að vinna með þessu frv., sem hún leggur nú fram. Það eru skuldakóngar og stóreignamenn, sem græða á þessari nýju stefnu. Þessi leið stefnir auðvitað beint út í gengislækkun, því að útilokað er að halda þannig áfram lengi. Núverandi ríkisstj. hefur ekki valið þessa leið. Það var sem sagt í fyrra. En nú vill hún gjarnan velja leið, sem hæstv. ráðh. segir að sé mest í hag skuldakóngum og stóreignamönnum, hvað sem veldur breytingunni í hans huga um það efni, því að nú liggur það ljóst fyrir og er greinilega tekið fram í grg. frv. og efni þess, enda leiðir það í ljós, að ríkisstj. segir: Ja, nú er því miður ekki hægt að leggja á lúxusvörurnar. Það er alls ekki lengur hægt að láta þær standa undir þessu. — Það er sagt, að það stafi að vísu af því, að það hafi ekki verið til gjaldeyrir til að flytja lúxusvörurnar inn. En kunnugir segja nú, að það sé ekki eingöngu það, heldur hafi hið háa álag á þær verið orðið svo mikið, miðað við kaupgetuna hjá þjóðinni, að það hafi stórlega dregið úr sölu þeirra af þeim sökum. En nú er líka horfið frá því ráði. Nú er ekki lengur verið að hlífa þessum nauðsynjavörum og láglaunafólkinu. Nú er beint farið í nauðsynjarnar og sagt, að nú sé það eina úrræðið til að leysa vandann að leggja á nauðsynjarnar líka. Og nú er það eina huggunin, eins og ég áðan gat um, að hæstv. menntmrh. segir: Ja, það er nú nokkurn veginn tryggt, að þeir, sem hafa innan við 60 þús. kr. tekjur, sleppa þó sæmilega út úr þessu.

Hæstv. ráðh. sagði í sömu grein:

„Að því leyti sem álögurnar voru látnar hvíla á vöruverði, var reynt að gæta þess, að lúxusvörur eða aðrar þær vörur, sem minnst skipta máli í útgjöldum verkafólks og annars láglaunafólks, væru skattlagðar mest.“

Þannig var nú miðað við það að afla tekna vegna millifærsluleiðarinnar sem mest á kostnað hinna stóru og á kostnað eyðslunnar, en hagsmunir láglaunastéttanna hafðir í huga. Nú þarf ekki lengur að hafa þá í huga. Hér er um að ræða grundvallaratriði um aðra stefnu en áður, stefnu, sem íhaldið hefði aldrei samþykkt, vegna þess að hún var gegn hagsmunum ýmissa máttarstólpa Sjálfstfl. Eftir lýsingum hæstv. ráðh. virðist hann hafa talið, að nú væri orðið tímabært að hlynna að hagsmunum máttarstólpa Sjálfstfl.

Ég hef orðið æði langorður um þetta, því að það eru að vonum mörg atriði, sem minnast þyrfti á. Það liggur nú ljóst fyrir varðandi þetta frv., sem hér liggur á borði fyrir framan okkur, að það er engin frambúðarlausn, og það er ekki aðeins, að það sé engin frambúðarlausn, heldur er ekki talið einu sinni, að það nægi eitt ár, og það hefur þó hingað til verið talið með þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálunum, að það yrði reynt að láta þær duga árið. (**Gripið fram í:** Þetta er 4 mánuðir upp á vatn og brauð.) Já, það er víst. Ætli það verði þá ekki tekið af bæði vatnið og brauðið eftir þann tíma?

Nú er okkur sagt í grg. frv. sjálfs, að það sé nokkurn veginn ljóst, að það þurfi að gera nýjar ráðstafanir í haust, eftir þessar 790 millj. kr. álögur er það aðeins bráðabirgðaúrræði, sem nægir til hausts, og þá verði að gera stór átök í málinu. Þetta er nú orðið svo aumt allt saman, — kannske þykir ekki sæmandi að tala um, að það sé broslegt, þegar um svona alvarleg vandamál er að ræða, en það er a. m. k. broslegt, hvernig hefur farið fyrir hæstv. ríkisstj. í allri þessari glímu, eftir öll stóru orðin. Það minnir mann á úr kunnri sögu kappa einn, sem sagði: Sjáið, hvernig ég tók hann, piltar, — þegar hann lá flatur sjálfur fyrir þeim, sem hann var að fást við. Það er eins með ríkisstjórnina, að hún hefur gersamlega gefizt upp við það vandamál, sem við er að glíma. Hún reynir að vísu enn að segja við þjóðina: Sjáið, hvernig ég tók hann, piltar. — En það verður jafnt brosað að henni fyrir þau orð sín eins og var brosað að þeim, sem þessi ummæli viðhafði á sínum tíma. Það er vissulega sorgarsaga, hvernig þessi þróun hefur verið og hversu hörmulega þessi barátta hæstv. forsrh. er nú að enda, því að hún er áreiðanlega að enda komin. Hann ætlaði sér að leiða þjóðina út úr eyðimörkinni. Hann hefur því miður komið henni út í svo stórkostlegt öngþveiti, að það er ekki með góðu móti sýnilegt í dag, hvernig hún verði farsællega út úr því öngþveiti leyst. Hv. 3. þm. Reykv. segir, að hún hafi glatað trausti verkalýðshreyfingarinnar, og það átti nú að vera hennar haldreipi,

þannig að ég sé nú ekki með nokkru móti, hvernig ríkisstj. hyggst lengur sitja í sínum stólum. Að vísu skal ég taka undir það, sem hv. þm. G-K. sagði hér í dag, að það væri mjög miður farið, ef ríkisstj. færi strax frá völdum, hún þyrfti endilega að koma með þessi frambúðarúrræði sín í haust. En þau kannske gilda ekki nema einn mánuð. Úr því að hún er komin núna niður í fjóra, þá sennilega styttist nú alltaf tíminn með þessi úrræði, þangað til allt stöðvast. En það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, úr því sem komið er, að þjóðin sjái glögglega, hvílíkur skripaleikur hér hefur verið leikinn. Það getur kostað hana nokkuð, reynslan er oft dýrkeypt, en hún getur verið nauðsynleg, og hún er það í þessu tilfelli.

Það er dálítið gaman, þegar verið er að auglýsa hér eftir till. okkar sjálfstæðismanna. Hæstv. menntmrh. auglýsti mjög ákveðið eftir þeim hér í kvöld og byggði alla von sína á því, að hv. 9. landsk. mundi eitthvað upplýsa hann um það, hvað ætti að gera, af því að hann hefði hagfræðiþekkingu og af þeim sökum væri líklegt, að hann vissi um það efni. Ég efast ekkert um fróðleik hv. 9. landsk. í því efni og veit, að hann muni vera fús til að veita hæstv. menntmrh. einhverjar upplýsingar, ef hann er alveg rökþrota og ráðþrota. En þetta stingur dálítið kynduglega í stúf við ummæli, sem voru í Alþýðublaðinu 19. marz 1958. Þar segir svo: „Núverandi ríkisstj. á að hafa betri aðstöðu til þess en fyrirrennarar hennar að leysa efnahagsmálin, af því að Sjálfstfl. er kominn á réttan stað í íslenzkum stjórnmálum.“ Og svo erum við beðnir í dag, nokkrum vikum seinna, um að benda á nú, hvað ætti að gera til þess að forða út úr öngþveitinu, eftir að búið er með þessari kokhreysti að segja: Það er ekki mikill vandi núna, úr því að búið er að koma Sjálfstfl. burt frá öllum áhrifum.

Það er vitanlega hægt margt um efnahagsmálin að ræða og hvað þar þurfi að gera. Það eru auðvitað mismunandi úrræði, sem þar geta við átt, eftir því, hvernig ástatt er hverju sinni. Það eitt höfum við sjálfstæðismenn lagt áherzlu á, að glæða þyrfti með þjóðinni skilning á, að það væru engin töfrabrögð til til að leysa þennan vanda. Og ástæða þess, að hæstv. ríkisstj. gengur nú svo illa að gera þjóðinni skiljanlegt það, sem hún er að fara í þessum efnum, er einmitt það, að þessi sama hæstv. ríkisstj. hefur látið málgögn sín og hún sjálf hefur neyðzt til þess að halda því fram við þjóðina, að það væru til einhver töfrabrögð til þess að leysa þennan vanda og það meira að segja til frambúðar. Það er ógæfan, sem við er að etja í dag. Við höfum haldið því fram, sjálfstæðismenn, að það þyrfti að glæða með þjóðinni skilning á því, að það er útilokað hverju sinni að taka af framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar meira en þeir gefa í arð, það eru þau mörk, sem aldrei er hægt yfir að stíga. Ef það er gert, verður að skila atvinnuvegunum því með einhverju móti aftur, ef þeir eiga ekki að stöðvast, og það er auðvitað höfuðatriði fyrir þjóðina, að framleiðslan og framleiðsla útflutningsverðmæta stöðvist ekki.

Það er mikið talað um gengislækkun, og vissulega getur svo að borið, að gengislækkun sé óumflýjanleg. Hún hefur verið framkvæmd áður í okkar þjóðfélagi. Það er hins vegar sjónarmið okkar sjálfstæðismanna, að gengislækkun sé fullkomið neyðarúrræði, sem ekki megi grípa til, fyrr en önnur ráð eru þrotin. Hvort svo standa nákvæmlega sakir í dag, veit ég ekki. Til þess þarf þetta mál að kannast allt miklu betur og vita allar þær athuganir, sem á því hafa verið framkvæmdar, til þess að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd, og þær athuganir höfum við ekki í höndum. En sé þörf gengislækkunar eða einhverra annarra ráðstafana, þá er auðvitað á þeim tíma, þegar það liggur ljóst fyrir, ekkert um annað að ræða fyrir hvern og einn en horfast í augu við það. En ég ítreka það, að það er fullkomið neyðarúrræði og getur enda aldrei verið nein lausn á þessu vandamáli, þar hlýtur margt annað að koma til greina. Og fyrir íslenzku þjóðina, sem vill berjast fyrir því að viðhalda sínum lífskjörum, er auðvitað eina leiðin að því marki að efla sína framleiðsluatvinnuvegi, reyna að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum, að fleira fólk fari til framleiðslustarfa. Það er vitanlega alveg óhæfa og fráleitt, eins og hæstv. sjútvmrh. réttilega sagði hér í dag, að það skuli þurfa að flytja inn hundruð manna og jafnvel á annað þús. manns til þess að vinna á okkar fiskiskipaflota, að framleiðslu okkar útflutningsverðmæta. Slíkt verður að breytast, og það verður að vera hægt að sækja meiri verðmæti bæði í sjóinn og með öðrum ráðum.

Ég álít, að sjávarútvegurinn sé ekki einhlítur í þessu sambandi og við þurfum að leggja áherzlu á fleiri atvinnugreinar líka, þ. á m. stóriðnað, eftir því sem kostur er á og við höfum úrræði til. En hvaða atriði sem þar verður sérstaklega lögð áherzla á, það skal ég ekki meta á þessu stigi málsins, þá er hitt staðreynd, sem við getum ekki lokað augunum fyrir, að ef við ætlum að bæta okkar kjör og í rauninni ef við ætlum að halda okkar lífskjörum óskertum, þá verðum við að efla okkar framleiðslu og það verður að fást skilningur hjá þjóðinni allri fyrir því, að framleiðslan verður að sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru.

Það er talað hér um það, að fjárfestingin sé of mikil í landinu, og það má vel vera. Hins vegar hlýtur alltaf fjárfesting að vera mikil í landi, sem á svo margt ógert eins og við eigum hér á Íslandi. En það er a. m. k. eitt, sem ekki má koma fyrir, og það er, að óhæfilega verði dregið úr fjárfestingu til þeirra þarfa, sem skila okkur gjaldeyrisverðmætum í þjóðarbúið, þ. e. a. s. til framleiðsluatvinnuveganna. Framleiðsluatvinnuvegirnir verða auðvitað að geta þróazt á eðlilegan hátt, og vitanlega er farsælast, að þeir geti þróazt með því móti, að þeir geti styrkjalaust gengið í meðalárferði, þó að vitanlega geti þurft að hlaupa þar undir bagga, ef óvenjulega illa árar. En að það þurfi að halda þeim stöðugt uppi eftir einhverjum styrkjaleiðum, það hefur auðvitað í för með sér margvíslega ókosti, sem ég skal

ekki fara hér nánar út í, þannig að vænlegust er vitanlega sú þróun mála, að þeim geti vaxið svo fiskur um hrygg, að svo geti orðið.

Ég hygg, að það sé ekkert ofmælt, þó að sagt sé, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, stefni ekki á neinn hátt til jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Því fylgir tvímælalaust mikil verðbólgualda. Hvort tekst að stemma stigu við þeirri öldu eitthvað á komandi hausti, það vitum við ekkert um í dag. Það er staðreynd, sem liggur fyrir, að þessar ráðstafanir muni hækka vísitöluna um allt að 19 stigum, og það er engin smáræðishækkun á nokkrum mánuðum. Ég er þess vegna mjög hræddur um, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gerla áttað sig á því, hvernig hún ætlar að fást við þá skriðu, sem hún hleypir hér af stað. Vonandi tekst þar betur en á horfist. En kjarni málsins er sá, að það er svo komið með þessa hæstv. ríkisstj., að þjóðin öll, einnig sá hluti hennar, sem hún taldi sig byggja alla tilveru á, verkalýðshreyfingin, hefur gersamlega misst á ríkisstj. allt traust, og þegar svo er komið, er auðvitað vonlaust, að slík ríkisstj. geti leyst þau vandamál, sem hér er við að glíma.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Nokkrir ræðumenn, sem hér hafa talað í kvöld, sérstaklega af hálfu stjórnarflokkanna, hafa minnzt á þá vísitöluhækkun, sem gert er ráð fyrir að leiði af þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða. Hæstv. sjútvmrh. sagði, ef ég man rétt, að hækkun vísitölunnar mundi verða 15—17 stig. Aðrir, sem hafa minnzt á þetta, hafa talað um 14—15 stig. Ég hef hérna í höndunum afrit af útreikningi frá hagstofunni, og þar er um þrenns konar afbrigði að ræða: Í fyrsta lagi, að vísitalan hækki um 14 stig, í öðru lagi, að hún hækki um 15.9 stig, og í þriðja lagi, að hún hækki um 19 stig, þegar allur þunginn er kominn inn í vísitöluna.

Nú þætti mér fróðlegt að vita, hvað er hið rétta í þessu, hvað er gert ráð fyrir að vísitalan vaxi, þegar öll áhrif frv. eða ráðstafananna eru komin fram.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu, að ráðstafanir þær, sem frv. fjallar um, væru mjög stór áfangi í rétta átt, svo að ég viðhafi hans orð rétt. Virðist þá ekki mikil goðgá, þó að menn spyrji í einfeldni sinni: Hvar er hæstv. forsrh. staddur með þjóð sína á leiðinni út úr eyðimörkinni? Þegar núverandi stjórn tók við völdum, sagði hann, að efnahagskerfið væri helsjúkt og að þjóðin væri á eyðumerkurgöngu, sem enda mundi í ógöngum og þrengingum, ef þjóðin yrði ekki leidd út úr eyðimörkinni með skjótri og öruggri leiðsögu. Hann bauðst til þess að verða leiðsögumaðurinn og ætlaði að leiða hana til fyrirheitna landsins, án þess að hún þyrfti að fórna til þess nokkru af lífsgæðum sínum eða þægindum. Síðan eru nú tvö ár. Sex mánuðum eftir að gangan hófst, var þjóðinni sagt, að nú yrði hún að taka á sig þungar byrðar, til þess að hægt væri að halda áfram ferðinni, en þó var áfangastaðurinn enn ekki í augsýn. Nú eftir tveggja ára göngu tilkynna leiðtogarnir, að nú verði þjóðin að taka á sig þyngri byrðar en nokkru sinni fyrr, ef hún vilji hafa nokkra von til þess að komast til fyrirheitna landsins. Er nú furða, þó að stjórnin sé spurð: Hvar erum við nú staddir í eyðimörkinni? Ef við leitum svars í þessu frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, þá munum við komast að raun um, að stjórnin er stödd nokkurn veginn á sama stað í eyðimörkinni og þegar hin vonglaða ganga hennar hófst á miðsumri fyrir tæpum tveimur árum.

Þær ráðstafanir, sem nú á að gera, ef þetta frv. verður að lögum, eru engin lausn á þeim vanda, sem atvinnulíf og efnahagskerfi landsins er nú komið í. Hér er, eins og hefur verið margtekið fram í kvöld, aðeins tjaldað til einnar nætur. Stjórnin hóf göngu sína með stórum orðum og miklum loforðum, en nú fleytir hún áfram efnahagslífi landsins til haustsins með byltingu á efnahag og skerðingu á kjörum. En enginn veit, hvað við tekur í haust, og menn loka augunum og stinga höfðinu í sandinn, en stjórnin sjálf lætur hverjum degi nægja sína þjáningu, eins og þjóðin sjálf verður að taka við sinni þjáningu.

Stjórninni virðist hafa gengið illa að skilja sitt hlutverk. Að vísu er það ekki neitt undrunarefni. Á stjórninni eru þrjú höfuð, sem horfa sitt í hverja áttina, þau hafa hvert sína tungu og talar hvert með sinni. Stjórnarflokkarnir hafa haldið því mjög að almenningi, að ráðstafanir til lausnar vanda framleiðslu- og efnahagsmála mundu gerðar, ekki á þann hátt að skerða lífskjör og þægindi fólksins, heldur með því að láta hina ríku borga. Það átti að kippa í liðinn að mestu leyti sársaukalaust.

Einn aðalfarartálmi stjórnarinnar virðist vera sá annmarki, að stjórnarflokkarnir hafa hvorki haft samhug né þrek til þess að horfast í augu við þá staðreynd, að verðbólgusjúkt þjóðfélag getur ekki gert hvort tveggja í senn, að draga saman seglin með minni eyðslu og halda við tölulega óskertum lífskjörum fólksins. Þess vegna hefur verið togazt á um bjargráðin, þangað til úr þeim varð fóstur, sem hvorki er fugl né fiskur og getur ekki þjónað þeim tilgangi, sem að er stefnt, nema til næsta dags.

Annar farartálminn er sá, að ríkisstj. og flokkar hennar, sem hafa tekið að sér að lækna verðbólguna, virðast gera sér heldur óljósa grein fyrir því, hvaða meðul eigi við sjúkdóminn. Lækning verðbólgunnar er fyrst og fremst minni eyðsla, minni eyðsla einstaklinganna, minni eyðsla ríkisvaldsins, hins opinbera. Verðbólgan hvetur til eyðslu, og þessir tveir óvinir heilbrigðs atvinnulífs, eyðslan og verðbólgan, haldast venjulega í hendur og þreyta kapphlaup hvor við annan. En ríkisstj. ætlar sér að framkvæma lækninguna án þess að hagga við eyðslu ríkisvaldsins, sem sífellt fer vaxandi. Til þess að geta haldið við eyðslu hins opinbera á öllum sviðum, eyðslu, sem orðin er skefjalaus, eru sífellt heimtaðir hærri skattar af þjóðinni, til þess að ríkisvaldið þurfi ekki að gera hið sama sem það nú heimtar af hverjum einstaklingi í þessu landi, að draga úr eyðslunni, svo að jöfnuður náist í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd.

Í þeim gífurlegu álögum, sem með frv. eru

lagðar á alla landsmenn, er ríkisvaldið ekki að draga úr sínum kröfum. Aðeins sú tollahækkun, sem ríkisvaldið fær af hinum nýju ráðstöfunum, er, eins og hér hefur verið tekið fram í kvöld, 144 millj. kr. á ári. Þetta kemur ekki fram í frv. Það leynist í hinum mörgu og flóknu ákvæðum, sem fáir geta gert sér grein fyrir nema sérfræðingar, sem hafa aðgang að öllum skýrslum og útreikningum í þessu efni. En það er að sjálfsögðu æskilegt fyrir ríkisstj., að almenningur reki ekki augun í þann stóra skerf, sem ríkisvaldið tekur til sín í álögum til þess að þurfa ekki að minnka eyðslu ríkissjóðs.

Ríkisvaldið, sem nú ætlar að lækna meinsemdina, er sjálft sýkt af eyðsluhugarfari verðbólgunnar, ekki síður en fjöldi af einstaklingum þjóðfélagsins. Þess vegna liggur vel við að hafa yfir hið forna spakmæli og segja við ríkisvaldið: Læknir, græddu sjálfan þig. Ef ríkisstjórnin vill hafa einhverja von um að lækna það öfugstreymi í efnahagslífinu, verður hún að byrja á því að gera hinar sömu kröfur til sjálfrar sín eins og hún gerir til allra þegna þjóðfélagsins.

Það, sem er einna mest áberandi í afskiptum ríkisstj. og flokka hennar af því mikla vandamáli, sem langvarandi verðbólga hefur haft í för með sér, er sú blekking, sem ætíð hefur verið höfð í frammi í sambandi við þessi mál. Sósialistaflokkarnir í ríkisstj. hafa jafnan róið að því öllum árum, þangað til þeir komust í ríkisstj., að telja almenningi trú um, að rétta leiðin út úr verðbólgunni væri stöðugt vaxandi kröfur um hærri laun. Við vitum, hvernig þær kröfur verka, þegar framleiðslan getur ekki risið undir þeim. Kauphækkanirnar eru sóttar aftur í vasa almennings með nýjum sköttum. Nú eru þeir menn, sem dyggilegast hafa unnið að því að brjóta niður efnahagskerfi landsins, að prédika verðstöðvun. Þessir menn, sem 1955 brutu niður varnargarða, er höfðu staðið óhaggaðir í 3 ár gegn flóðbylgju dýrtíðarinnar, eru nú að heimta þann skatt af almenningi, sem þeir sjálfir telja að þurfi nú að greiðast til þess að stöðva þá hættulegu öfugþróun, sem þeir hafa sjálfir leyst úr læðingi með áróðri sínum og blekkingum. Þegar svo ekki verður umflúið vegna lífsafkomu þjóðarinnar að snúast til varnar, er blekkingunum haldið áfram með því að telja þjóðinni trú um, að hún þurfi engu að fórna til að koma efnahagsmálum sínum á heilbrigðan grundvöll. En þegar svo blekkingunni er svipt burt með einu pennastriki í þessu frv. og þjóðin fær að horfa í gegnum vefinn, þá blasir við henni sú staðreynd, að allt, sem henni var sagt, er rangt. Henni var sagt, að ekki yrði gengislækkun. Henni var sagt, að ekki yrði kjaraskerðing. Nú getur hún sjálf séð og dæmt um, hvernig henni hefur verið villt um sýn.

Leiðin til farsællar efnahagssamvinnu þjóðfélagsstéttanna er ekki sú að blekkja þjóðina í aðalvandamálum hennar. Farsælasta leiðin er að segja fólkinu sannleikann um vandamál þess. Það er líka styztza leiðin til skynsamlegrar og varanlegrar lausnar á málunum. Eðlileg og sönn fræðsla í þeim efnum er öruggasti grundvöllurinn til að byggja á. Alþýða landsins, sem yfirleitt er greind og öfgalaus, skilur það, að atvinnuvegirnir verði að bera sig fjárhagslega til þess að geta starfað. Fólkið veit það, að ef atvinnuvegirnir bera sig ekki og þurfa á aðstoð ríkisins að halda, þá verður það sótt til þeirra aftur, sem framleiðslan hefur ofborgað. Það er einnig vandalaust að fá fólkið til að skilja, að gjaldeyrir landsins verður að vera skráður á réttu gengi, til þess að útflutningsframleiðslan geti lifað og starfað á heilbrigðan hátt.

Það þarf ekki langan tíma til þess að gera sér grein fyrir því, að uppistaðan í bjargráðum ríkisstj. er gengislækkun, þótt reynt sé með margþættum og flóknum till. að dylja þá óhagganlegu staðreynd. Gengislækkunin er kölluð yfirfærslugjald og innflutningsgjald, að öllum líkindum til þess að vesalings kommúnistaflokkurinn eigi hægara með að halda áfram að telja sínu fólki trú um, að hér sé ekki um gengislækkun að ræða. En með þessum flóknu gengisfellingarráðstöfunum, sem ákveða margs konar gengi, erum við að setjast á bekk með þeim þjóðum Suður-Ameríku, sem mesta ringulreið hafa í fjármálum sínum og jafnan er bent á sem klassísk dæmi um það, hvernig þjóðir eigi ekki að haga fjárreiðum sínum. Þetta ástand er ekki aðeins auðmýking fyrir þjóðina í augum annarra þjóða, heldur setur það okkur á bekk með efnahagslega óþroskuðum þjóðum, sem varhugavert er að eiga nokkur skipti við.

Uppbæturnar til útflutningsframleiðslunnar ákveða í raun og veru gengislækkun krónunnar. Á allan útfluttan fisk og fiskafurðir nema síld og á allar útfluttar landbúnaðarvörur er greitt gengi, sem nemur 80% af skráðu gengi bankanna, þ. e. a. s. þessar útflutningsvörur fá fyrir hvert sterlingspund um 82 kr. og fyrir hvern dollar rúmlega 29 kr. Það stoðar því lítið að neita þeirri staðreynd, eingöngu til þess að villa almenning, að hér er um stórfellda gengislækkun að ræða. Slík fullyrðing er aðeins til að misbjóða dómgreind almennings. Það er einnig blekking, sem sett er fram í þeirri von, að almenningur geti ekki gert sér grein fyrir hinum flóknu ráðstöfunum, að ekki sé um kjaraskerðingu að ræða frá því ástandi, sem nú er. Breytingin á almennum kjörum verður stórfelld, eins og sést á því, að nýjar álögur til viðbótar þeim, sem fyrir eru, til útflutningssjóðs og ríkissjóðs í sambandi við hin nýju yfirfærslugjöld og innflutningsgjöld hafa verið taldar hér 790 millj. kr. Það samsvarar því, að lagðar séu 5 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu í sambandi við þessa nýju tekjuöflun. Ég skal ekki deila um þessar 790 millj. kr., sem hæstv. menntmrh. gerði hér að umtalsefni, en ég held mér að þessari tölu, þar til annað reynist sannara.

Þetta staðfestist svo að sjálfsögðu með því, að mikill hluti innflutningsins, m. a. svokallaðar gjaldháar vörur, sem lagt er á sérstakt innflutningsgjald, hækka stórkostlega í verði. Yfirfærslugjaldið hækkar nú fob-verð þessara vara, sem eru í þrem flokkum, eins og hér segir: Lægsti flokkurinn hækkar um 14.9%, miðflokkurinn

hækkar um 38.9% og hæsti flokkurinn um 52.6%, og það er hækkun á fob-verði þessara vara vegna yfirfærslugjaldsins. Þetta er raunveruleg hækkun í þessum flokkum samkv. útreikningi sérfræðinga.

Engum getur dulizt, að hér er um stórfellda hækkun að ræða, og hver sem staðhæfir annað fer með staðlausa stafi.

Eins og tekið hefur verið fram hér af öðrum, sem talað hafa í kvöld, sérstaklega hv. 1. þm. Rang., þá er mikil hækkun á kornvörum, kaffi, sykri og öðrum nauðsynjavörum, sem áður hafa ekki verið háðar þeim hækkunum nema að litlu leyti, sem fyrr hafa verið settar á. Byggingarkostnaðurinn hækkar um 11.6%, en sement og ósunnið timbur um 30%. Þetta út af fyrir sig gefur mönnum ljósa hugmynd um, að það verða auknir erfiðleikar á því fyrir almenning að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta mál að sinni. Það verður nú eftir þessa 1. umr. sent til n., og gefst frekari tími til athugunar. En það er ljóst, að ríkisstj. og flokkum hennar hafa verið sorglega mislagðar hendur í efnahagsmálum þjóðarinnar, allt frá því að stjórnin tók við völdum. Henni hefur mistekizt allt, jafnvel blekkingin, sem höfð hefur verið í frammi til þess að fá almenning til að trúa á nýju fötin keisarans. Verðstöðvunin er orðin að háðsmerki í lífsins bók stjórnarinnar. Þrátt fyrir þessar flóknu ráðstafanir stendur farvegurinn enn þá opinn fyrir flaum verðbólgunnar, sem stjórnin lofaði að stöðva. Vanmáttugar ráðstafanir eru settar fram, sem stjórnarflokkarnir fylgja með hangandi hendi, — ráðstafanir, sem skipa okkur á bekk með lélegustu fjármálaþjóðum veraldar. Og eftir allt stritið, allar blekkingarnar, öll gjöldin og alla skattana er svo tjaldað til einnar nætur, og allt atvinnulíf í landinu heldur áfram að vera á hverfanda hveli.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er rétt, að ég byrji mál mitt með því að svara nokkrum fsp., sem hæstv. menntmrh. beindi til mín við umr. málsins í fyrrinótt.

Fyrsta spurningin var sú, hvort ég teldi rétt að fella gengi krónunnar, eins og nú stæðu sakir. Ég mun víkja nokkuð að henni síðar í ræðunni, en ekki svara henni þegar.

Önnur spurningin var sú, hvort ég teldi fært að hafa uppbætur þær til útflutningsins, sem ákveðnar eru í lögunum, lægri.

Um þetta atriði verð ég að segja það, að ég hef því miður ekki haft aðgang að neinum þeim upplýsingum um rekstrarafkomu útvegsins, sem skoðun á því yrði að byggjast á, og treysti ég mér því ekki til að svara henni.

Þriðja spurningin var sú, ef ég tók rétt eftir, hvort ég teldi, að skipta bæri innflutningnum á annan hátt í gjaldaflokka heldur en gert er. Ég tel víst, að ef ég hefði heildaryfirlit yfir þessa skiptingu, þá mundi ég vilja breyta henni í mörgum einstökum atriðum. En eins og hæstv. menntmrh. er einmitt vegna sinnar menntunar mjög vel kunnugt, þá er ekki til neinn einhlítur mælikvarði á það, hvernig slíka skiptingu eigi að gera, og er þar um að ræða einmitt einn af göllum þess kerfis, sem hér er lagt til að tekið verði upp.

Að öðru leyti vil ég byrja mál mitt með því að lýsa því yfir, að ég harma það, hverja meðferð þetta mál hefur fengið til þessa hér í þinginu, að þingið skuli ekki hafa haft lengri tíma til athugunar á málinu og að ekki skuli hafa verið lagðar fram meiri upplýsingar um þessi atriði heldur en raun er á.

Menn hafa kannske tekið eftir því, að ég notaði það orð, að ég harmaði þessi vinnubrögð. Ég sagði ekki, að ég áteldi þau eða vitti þau, sem e. t. v. væri þó ástæða til. En ástæðan til þess, að ég hagaði orðum mínum á þennan veg, er sú, að mér er kunnugt um eða ég tel miklar líkur á því, að það sé einmitt eymdin á stjórnarheimilinu, sem er orsök þessara vinnubragða, ekki hitt, að ýmsir einstakir ráðherrar, jafnvel ríkisstj. í heild, hefði í sjálfu sér ekki óskað eftir því, að málið fengi aðra meðferð.

Það er sérstök ástæða til þess að harma þetta, ekki eingöngu vegna þess, hversu viðamikið mál er hér um að ræða, heldur einnig vegna þess, að þótt að vísu séu hér í meginatriðum gamlir kunningjar á ferðinni, þannig að lagðir eru á hærri skattar og tollar til þess að bæta upp útfluttar afurðir, þá hafa þó viss ný sjónarmið komið fram í sambandi við þær till., sem hér eru lagðar fram, og það er alltaf þannig, að það verður nokkru erfiðara að átta sig á því, sem nýtt er, heldur en því, sem er gamalkunnugt. Ég er ekki með þessu að segja, að það nýja þurfi endilega að vera gott, því að sennilega gildir það nokkurn veginn sem regla í mannlífinu, að það, sem er nýtt, er venjulega ekki gott, en aftur á móti það, sem er gott, er að jafnaði ekki nýtt. En þó er svo ekki alltaf, eins og allir vita.

Ég býst við því, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafi orðið varir við það, að almenningi þyki afkvæmi það, sem nú er í heiminn borið eftir langar og strangar fæðingarhríðir, ekki frítt. Ég er þó ekki í tölu hinna vonsviknu hvað þetta snertir, og veldur því ekki eingöngu litið traust, sem ég ber til hæstv. ríkisstj., heldur líka hitt, að mér er ljóst, að það eru ekki til nein galdralyf, sem leyst geti efnahagsvandamálin án þess, að nokkur finni til óþæginda.

Málgögn hæstv. ríkisstj. hafa undanfarið brýnt mjög fyrir þjóðinni nauðsyn þess að efnahagsvandamálin væru rædd af alvöru og ábyrgðartilfinningu. Ég get fyllilega undir það tekið, því að ég geri mér ljóst, að einmitt þetta er skilyrði þess, að málum þessum verði nokkurn tíma skipað á viðunandi hátt. En hitt get ég þó ekki stillt mig um að minna á, að þeim leikreglum, sem hæstv. stjórnarsinnar nú heimta að fylgt sé af öðrum, hefur ekki undanfarið verið fylgt af þeim, ef litið er á þá sem heild. Það, að ég minni á þetta atriði, er þó ekki sprottið af löngun til stríðni eða hvefsni, slíkt væri óviðeigandi, þegar svo alvarlegt mál er til athug-

unar, heldur hinu, að óábyrgur málflutningur og ólýðræðislegar bardagaaðferðir sumra þeirra, er nú hossa sér í ráðherrastólunum, eru einmitt meginorsök þess öngþveitis, sem nú ríkir í efnahagsmálum. Hef ég þar fyrst og fremst í huga kommúnista og bardagaaðferðir þeirra, er þeir voru í stjórnarandstöðu. Ég vil nú leyfa mér að rekja þá þróun í allra stærstu dráttum.

Þegar Sjálfstfl. myndaði minnihlutastjórn sína seint á árinu 1949, ríkti hér algert öngþveiti og upplausn í efnahagsmálum, eins og kunnugt er, og rek ég það ekki nánar. Ríkisstj. Sjálfstfl. lét það þá verða sitt fyrsta verk að leggja fram alhliða till. til viðreisnar efnahagsmálunum og framkvæmdi þær till. síðan, eins og kunnugt er, í samstarfi við Framsfl. Vegna óviðráðanlegra ástæðna, sem ekki urðu séðar fyrir veturinn 1949—50, þegar þessar till. voru undirbúnar, — á ég þar fyrst og fremst við Kóreustyrjöldina og þær miklu verðhækkanir, sem urðu af völdum hennar, sem sköpuðu okkur óhagstæðari viðskiptakjör, — vegna þessa reyndust þessar ráðstafanir ekki fullnægjandi til þess að rétta við hag sjávarútvegsins í heild. Veturinn eftir var þá gripið til bátagjaldeyriskerfisins svokallaða. Sumir hafa haldið því fram, að það, að bátagjaldeyriskerfið hafi verið tekið upp, sé sönnun þess, að gengislækkunarráðstafanirnar hafi runnið út í sandinn, eins og það hefur verið orðað. Það hefði vitanlega verið hægt að fara aðrar leiðir en þær að taka bátagjaldeyrisfyrirkomulagið upp. Það hefði verið hægt að framkvæma viðbótargengisfellingu, sem ekki hefði þurft að vera stórvægileg. Hún hefði að vísu kostað nokkru meira í bili, en verið til þess fallin að skapa fullkomið jafnvægi í efnahagsmálum, þegar frá leið. Ástæðan til þess, að sú leið var ekki farin, var sú, að sterkir aðilar í þjóðfélaginu, sem hafa mikið vald í efnahagsmálum, lýstu sig andvíga því, eða það var vitað, að þeir væru því algerlega andvígir, að sú leið væri farin, og á ég þar fyrst og fremst við launþegasamtökin. Það má e. t. v. ámæla þeirri ríkisstj., sem þá sat við völd, fyrir það að hafa tekið tillit til þess. En það situr þó sízt á þeim, sem einmitt höfðu forustu fyrir mótspyrnu gegn því, að þessi leið væri farin, eða vitað var að mundu hafa forustu í því efni.

En þótt segja megi þannig, að bátagjaldeyrisfyrirkomulagið hafi verið þjófur í spilunum, þá tókst þó að skapa einmitt vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru með gengislækkuninni 1950, frá seinni hluta árs 1952 til vorsins 1955 það mesta jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem þjóðin hefur átt við að búa allt síðan 1929. Verðlag var stöðugt, þannig að vísitala framfærslukostnaðar var sú sama í maí 1955 sem hún hafði verið í október 1952. Það var hægt að losa mjög verulega um innflutningshöftin, veita frelsi til almennra byggingarframkvæmda og koma á sæmilegu jafnvægi á sviði peningamála og gjaldeyrismála, þannig að þrátt fyrir mjög verulegar framkvæmdir á þessu tímabili var hægt að komast hjá því að taka erlend lán, svo að nokkru verulegu næmi. Þessi var árangur þeirra ráðstafana, sem gerðar voru, þannig að sú fullyrðing, að þær hafi með öllu runnið út í sandinn, er auðvitað algerlega úr lausu lofti gripin. Stjórnarandstæðingar, sem þá voru, börðust með hnúum og hnefum gegn þessum ráðstöfunum, eins og kunnugt er. Í málflutningi kommúnista sérstaklega var ráðh. þeim, sem með völdin fóru, nánast lýst sem „sadistum," sem hefðu ánægju af því að pína almenning með gengisfellingu, bátagjaldeyri, tollum og sköttum, án þess að slíks væri í rauninni nokkur þörf. Nei, það á ekki að gera þetta, sögðu kommúnistar, það á að leysa þessi mál með öðrum hætti, það á að leita nýrri og betri markaða, það á að auka útflutningsframleiðsluna, og með þessu er hægt að ná þeim árangri, sem gera mundi allar áður nefndar ráðstafanir óþarfar. Að því leyti sem það kynni ekki að duga, þá átti að leggja byrðarnar á breiðu bökin, eins og það var orðað. Hitt var með öllu óþarft, að leggja nokkrar fórnir á almenning vegna þessara mála.

Hámarki sínu náði ábyrgðarleysi kommúnista í verkfallinu 1955, og eins og kunnugt er, var giftuleysi Alþfl. því miður svo mikið, að hann fylgdi þeim út í ævintýrið. Sú verðbólgualda, sem þá var hrundið af stað, er undirrót þeirra vandamála, sem nú er við að etja. Þá var vakinn upp sá draugur, sem hæstv. núverandi ríkisstj. er að verða undir í viðureigninni við, sem segja má að sé að makleikum. En hitt er verra, að það er hætta á því, að efnahagslíf þjóðarinnar í heild kunni einnig að verða undir í þeirri viðureign.

Afleiðingin af verkfallinu varð sú, að verðlag fór stórum hækkandi og ný vandamál sköpuðust, sem sú ríkisstj., sem þá fór með völdin, samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., gat ekki komið sér saman um, hvernig leysa ætti. Í því tilefni var efnt til kosninganna 1956, eins og kunnugt er, og upp úr þeim kosningum var svo núverandi hæstv. ríkisstj. mynduð.

Það er kannske einhver versta afleiðing verkfallsins frá 1955, að með því mátti í rauninni segja, að verkföll væru af öðrum en kommúnistum viðurkennd sem tæki til þess að hafa áhrif á þróun stjórnmálanna í landinu. Þarf ekki að lýsa því nánar, hverjar hætttur það hefur í för með sér, þegar farið er að nota framleiðslustöðvanir ekki eingöngu sem tæki til þess að ná hagstæðum samningum við gagnaðila, þegar atvinnurekendur og launþegar semja um kjörin, heldur einnig til þess að hafa áhrif á gang þjóðmálanna. En um það atriði skal ég ekki fjölyrða frekar.

En hvernig hefur svo þróunin í þessum málum verið, síðan vinstri stjórnin kom til valda? Hæstv. sjútvmrh. talaði um það á miðvikudaginn var, að sú 6%, — það var helzt að skilja hann þannig, — sú 6% kauphækkun, sem eitt ákveðið stéttarfélag, nefnilega Iðja, fékk hér í bænum, hefði í rauninni orðið til þess að setja stöðvunarstefnu hæstv. ríkisstj. algerlega úr böndunum. Ég gat ekki skilið það öðruvísi. En í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á það, að sumarið 1955 gerði Alþýðusambandið undir stjórn núverandi hæstv. félmrh. ýmsar samþykktir um það, sem birtar voru í blöðum,

að það væri dæmalaus verkalýðsfjandskapur, að nokkrar verðhækkanir ættu sér stað af völdum þeirra allt að því 20% kauphækkana, sem knúnar voru fram með verkfallinu 1955 og urðu svo í rauninni meiri vegna vísitöluáhrifanna. Í þessum samþykktum var tekið fram, að það væri e. t. v. eðlilegt, að vegna þessara 20% kauphækkana hækkaði verðlagið um 2 eða 3%. Nú eiga aftur á móti 6% kauphækkanir til handa einu stéttarfélagi að setja allt verðlagskerfið úr böndunum. Þetta er nú samræmið í þeim málflutningi.

Eins og kunnugt er, var það fyrsta verk vinstri stjórnarinnar að framkvæma vísitölubindinguna haustið 1956. Í því sambandi er dálítið gaman að minnast á það, að á Alþýðusambandsþinginu 1956 voru lagðir fram útreikningar, gerðir af sérfræðingum Alþýðusambandsins í efnahagsmálum, er áttu að sýna það, að kaupmáttur launa hefði frá því fyrir verkfallið 1955 aukizt um 7%, og var það auðvitað að frádreginni vísitöluskerðingunni. En nú minnast kannske ýmsir, sem hér eru, þess, að í byrjun verkfallsins 1955 buðu atvinnurekendur 7% kjarabætur, ekki kauphækkanir, því að það er náttúrlega engin trygging fyrir því, að 7% kauphækkanir gefi sams konar kjarabætur. Með þessu var m. ö. o. vísindalega sannað, að allur sá árangur, sem varð af verkfallinu 1955 fram yfir það, sem stóð til boða af hálfu atvinnurekenda án verkfalls, var tekinn aftur með bráðabirgðalögunum haustið 1956, sem var það fyrsta, sem sú ríkisstj. gerði.

Það var þó ekki nóg að skerða launin með þessu móti. Næsta sporið var svo hin fræga jólagjöf um áramótin 1956—57. Það kerfi, sem þá var tekið upp, fólst í því, að hækkaðar voru verulega álögur á flestum innfluttum vörum, en þó var leitazt við að hlífa hinum svonefndu vísitöluvörum, þannig að það tókst þrátt fyrir þessar álögur að halda vísitölunni nokkurn veginn óbreyttri. En auðvitað var það á kostnað þess, að aðrar vörur hækkuðu meira.

Ég skal ekki ræða hér það mál, sem dálítið hefur borið á góma fyrr í þessum umr., hvernig reikna beri út skattbyrðina fyrir þjóðfélagið í heild. Í því efni eru ýmsar skoðanir uppi, bæði meðal leikra og lærðra. En hvað sem því atriði líður, þá getur þó ekki verið neinn vafi á því, að sá tekjutilflutningur, sem hér er um að ræða, hlýtur alltaf að skerða kjör þeirra, — miðað við það ástand, sem áður var, — sem tekjurnar eru færðar frá, þannig að um skerðingu kaupmáttar launa hefur auðvitað verið að ræða. En það, að hún kemur ekki fram, þegar miðað er við vísitölu, er auðvitað fólgið í því, að aðrar vörur en vísitöluvörurnar, sem almenningur þó notar, komu til að hækka meira. Í þessu sambandi verð ég að segja eins og hv. 2. þm. Eyf. (MJ) hér fyrr við umr., að ég skildi ekki fyllilega röksemdir hæstv. menntmrh. fyrir því, að þessi skerðing kaupmáttar launa kæmi ekki til greina, fyrr en tekjurnar væru orðnar yfir 60—65 þús. kr. Mér var ekki fyllilega ljóst, á hverju það væri byggt. Það væri e. t. v. hægt að halda því fram með nokkrum rétti, að vísitalan sýndi rétta mynd af verðlaginu hvað snertir þær fjölskyldur, sem hafa sömu raunveruleg laun og verkamenn þeir, sem héldu þá búreikninga, sem vísitalan byggðist á 1939—40, en það tekjumark skilst mér að sé allmiklu lægra en þessi 60—65 þús. kr. Það ætti, að því er ég bezt veit, að vera eitthvað um 35 þús. kr. En þetta atriði skiptir nú í rauninni ekki meginmáli. Og varðandi þær till., sem hér liggja fyrir, eins og allar aðrar slíkar till., þá verður þýðingarmesta spurningin sú, hvort til eru nokkrar aðrar ráðstafanir, sem mundu valda minni óþægindum í bráð eða lengd heldur en það, sem hér er um að ræða.

En áður en sú spurning verður tekin til meðferðar, sem ég skal hér ræða nokkuð, hvaða leiðir væru hugsanlegar út úr þeim ógöngum, sem nú er við að etja, þá verður þó áður að gera sér grein fyrir tveimur mikilvægum atriðum: Í fyrsta lagi þeirri spurningu, hvað varanlegar þær ráðstafanir, sem um er að ræða, eiga að vera. Það á nefnilega sama við um ráðstafanir í efnahagsmálum og um vegg, sem hlaða á, að fyrirhöfn og árangur standa nokkurn veginn í réttu hlutfalli hvort við annað. Á sama hátt og hrófatildur kostar minni fyrirhöfn en vel hlaðinn veggur, kosta varanleg úrræði meiri óþægindi í bili en þau, sem vænta má að geti orðið til einhverrar frambúðar. Til að skýra þetta dæmi nánar er það þannig, miðað við núverandi aðstæður, að það mundi kosta minnst óþægindi næstu vikurnar að gera ekki neitt, en jafna hallann á ríkissjóði og útflutningssjóði með yfirdrætti í seðlabankanum. Það er nokkuð, sem ekki mundi snerta neina í bili. Eftir sem áður treysti ég mér ekki til að mæla með þessari leið, því að það er mér ljóst, að þegar frá liði, mundi myndast hér svipað ástand og hæstv. menntmrh. hefur áður lýst í umr. hér.

Sú leiðin, fyrir utan þessa, sem minnst útgjöld mundi hafa í för með sér í bili, er ráðstafanir byggðar á svipuðum sjónarmiðum og hin svonefnda jólagjöf byggðist á: að greiða mismunandi háar útflutningsuppbætur og láta hverja einstaka grein útvegsins aðeins hafa það minnsta, sem hægt er að komast af með. Vilji maður jafna hallann, mundi þessi leið hafa minnst óþægindi í för með sér. Annað mál er það, að þegar frá líður, hlýtur þetta kerfi allt að fara úr böndunum, en það mun ég ekki rekja hér nánar. Sú ráðstöfunin, sem mest mundi kosta þannig reiknað, væri gengisfelling, en með því móti væri hægt að skapa jafnvægi til frambúðar. Með því er þó ekki sagt, að ég telji rétt, að sú leið sé farin að svo stöddu. Að því mun ég víkja hér á eftir. En yfirleitt er það þannig, að því varanlegri ráðstafanir sem um er að ræða, þeim mun meiri óþægindi hljóta þær að kosta í bili.

Annað atriði, sem fyrir fram verður að gera sér ljóst, þegar rætt er um till. í efnahagsmálum, er það, að þeir, sem slíkar till. gera, verða að hafa stefnu í efnahagsmálum, vita, hvers konar ástand það er, sem þeir óska að keppa að. Stjórnarsinnar hafa núið sjálfstæðismönnum því um nasir, að þeir hefðu raunverulega enga stefnu fram að færa í þessum efnum.

Þetta er algerlega úr lausu lofti gripið, því að flokkurinn hefur ávallt haft fastmótaða stefnu í þessum efnum, sem verið hefur óbreytt frá stofnun flokksins. Stefnan er sú að skapa sem mest frjálsræði í viðskiptamálum innanlands og utan á grundvelli jafnréttis mismunandi atvinnurekstrar, einkarekstrar og félagarekstrar í mismunandi formi. Það er meiri ástæða til þess að spyrja um það, hvaða stefnu ríkisstj. hafi, þegar litið er á hana sem heild. En að því atriði mun ég koma síðar.

Ég ætla ekki að ræða þá leið, sem að undanförnu hefur verið farin hér á landi í þessum efnum, uppbótaleiðina, því að hún kemur ekki til greina sem varanleg úrlausn. Þessari leið má að mínu áliti líkja við vegg, sem ekki er hlaðinn í samræmi við lögmál um burðarþol og undirstöðu, hann hlýtur fyrr eða síðar að hrynja. Það er hægt að skjóta slíku á frest með því að setja við hann skáskífur, en eftir sem áður hlýtur slíkur veggur að hrynja.

Spurningin er þá sú, hvaða varanleg úrræði í þessum efnum væru hugsanleg. Þar koma ýmsar leiðir til greina, en í þessu efni er í rauninni hægt að halda í tvær áttir. Önnur leiðin er sú, sem bent er á af sósíalistum, að taka upp allsherjar þjóðnýtingu og áætlunarbúskap. Ég er þessari leið vissulega andvígur og tel, að hún mundi hafa verulega kjaraskerðingu í för með sér fyrir almenning í landinu. En það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Hér gæti verið um lausn að ræða á þeim vandamálum, sem við er að etja. Það, hvort jafnvægi er í gjaldeyrismálum o. s. frv., skiptir ekki sama máli fyrir þjóðarbúskap Sovétrússa eins og okkar. Þetta er ein af hinum hugsanlegu leiðum. Hin meginstefnan er sú að skapa það, sem kallað hefur verið á seinni tímum jafnvægi í efnahagsmálum, en gekk undir heitinu „frjáls samkeppni“ í kringum 1930. Með þessu er í meginatriðum átt við það, að hægt sé að gefa verzlunina við önnur lönd frjálsa, án þess að halli sé á viðskiptajöfnuði, og skapa skilyrði fyrir framkvæmdir á grundvelli einkaframtaks innanlands. Ég ræði það atriði ekki nánar, enda mundi það leiða of langt að lýsa því, hvað í þessu jafnvægi felst í einstökum atriðum, enda geta um minni háttar atriði verið dálítið skiptar skoðanir. Til þess að ná slíku jafnvægi koma mismunandi leiðir til greina.

En áður en svo langt er haldið að minnast á þær leiðir, er þó rétt að drepa á tvennt, sem er skilyrði fyrir því, að það þýði nokkuð að leggja inn á slíkar brautir. Annað atriðið er það, að taka verður það vísitölukerfi, sem við höfum hingað til búið við, til gagngerðrar endurskoðunar. Ég segi ekki, að vísitölukerfi í einhverri mynd geti ekki samrýmzt sæmilegu jafnvægi í verðlagsmálum, en ekki þó í þeirri mynd, sem við eigum nú við að búa. Um þetta atriði hef ég, eins og hv. þdm. e. t. v. er kunnugt, flutt till. í samráði við minn flokk fyrr á þinginu. Og sú hugmynd, sem í þeirri till. felst, er að vissu leyti tekin upp í grg. fyrir þessu frv., og er auðvitað frá mínu áliti ekki nema gott eitt um það að segja, en þó með einum meginmun, nefnilega þeim, að sú athugun á þessum málum, sem gert er ráð fyrir í grg. frv., á eingöngu að vera mál ríkisstj. og stéttasamtakanna. Alþ. á þar hvergi að koma nærri, eins og hugmyndin var þó í minni till., þótt að sjálfsögðu væri einnig gert ráð fyrir því, að fulltrúar hinna þýðingarmestu stéttasamtaka hefðu aðild að slíkri athugun.

Annað grundvallaratriði, sem máli skiptir, er fjárfestingarmálið. Það hefur mikið verið talað um það, að fjárfesting hér á landi væri of mikil. Nú er það þannig, að við því er í sjálfu sér ekki nema gott eitt að segja, að mikil fjárfesting eigi sér stað í þjóðfélaginu, því að slíkt er einmitt undirstaða áframhaldandi framfara. Hitt er aftur á móti nauðsynlegt, að möguleiki sé á því að afla fjár til þeirrar fjárfestingar, sem um er að ræða, með heilbrigðum hætti. Það æskilegasta í þessum efnum væri að sjálfsögðu ekki það að skera fjárfestinguna niður, heldur að auka svo sparnað í landinu, að hægt sé að afla fjár til fjárfestingarinnar með heilbrigðum hætti. Sé það ekki hægt, verður auðvitað að takmarka fjárfestinguna við þann sparnað, erlend lán o. s. frv., sem fyrir hendi er. En grundvallarskilyrðið er, að verðbólgufjáröflun til fjárfestingar eigi sér ekki stað. Meðan svo er, er ekki hugsanlegt að ná neinu jafnvægi í efnahagsmálum.

Ég hef minnzt hér á tvö grundvallarskilyrði fyrir því, að slíku jafnvægi megi ná. En það má enn nefna hið þriðja. Það þarf vissulega að samræma innlent og erlent verðlag, það er ekki nokkur vafi á því, og nú ætti að vera öllum ljóst, að það verð, sem nú er greitt, eða gengið á íslenzkri krónu, eins og það hefur verið orðað, er rangt. Með þessu er ekki sagt, að það sé sjálfsagt að breyta því þegar í stað, en gengi íslenzku krónunnar er rangskráð. Hafi þetta ekki verið ljóst áður, þá ætti það að vera hverjum manni ljóst nú, eftir að svo er komið, ef frv. það verður samþ., sem hér liggur fyrir, að það eiga sér bókstaflega ekki stað neinar gjaldeyrisyfirfærslur á hinu skráða gengi. Þær einu gjaldeyrisyfirfærslur, sem eiga sér stað, eru í sambandi við viðskipti við varnarliðið, en það er nokkuð, sem ekki snertir almenning. Hér er í rauninni orðið um að ræða alveg hliðstæðu við það, að til væri eitthvert svokallað skráð mjólkurverð, sem væri t. d. 2 kr., þó að mjólkin gengi hins vegar kaupum og sölum á kr. 3.30 lítrinn, eða hvað sem það nú er.

Í þessu sambandi má benda á það, að í sambandi við meðferð hæstv. ríkisstj. á efnahagsmálunum hefur þó eitt skeð, sem telja verður gott, það hafa verið gerðar nokkrar endurbætur á íslenzkri tungu, og er það, sem ég á við í því sambandi, það, að í staðinn fyrir að tala um gengi, sem að ýmsu leyti er óheppilegt orð, er nú farið að tala um yfirfærslugjald fyrir erlendan gjaldeyri. Orðið gengi og þau orð, sem af því eru dregin, gengislækkun og gengishækkun, eru alls ekki heppileg orð, og stendur það í sambandi við það, að það er nú einu sinni þannig, að hætt er við því, að þeir, sem eru góðir íslenzkumenn og orðhagir, eru sjaldnast jafnframt góðir hagfræðingar, og hitt líka sjaldgæft, að hagfræðingar séu góðir íslenzkumenn.

Það að tala um gengi krónunnar skapar mjög eðlilega þann misskilning, sem almennur er, að verðgildi krónunnar sé komið undir gengisskráningunni og engu öðru. Þetta er auðvitað algerlega rangt. Ef við tækjum lönd eins og Bandaríkin, og ég býst við, að sama sé tilfellið um Sovét-Rússland t. d., þá mundi sjálfsagt 100% gengisfelling í þessum löndum ekki hækka verðlagið nema e. t. v. um 1%. Hér á landi er erlenda verðlagið vissulega miklu stærri þáttur í verðlaginu. Hitt er fjarstæða, að verðgildi peninganna sé eingöngu komið undir gengisskráningunni. Það mætti með alveg sama rétti halda því fram, að verðgildi peninganna eða gengi krónunnar væri komið undir verðinu á landbúnaðarafurðum eða einhverju slíku. Yfirfærslugjald er í rauninni betra orð, þannig að þótt það sé eftir mínum smekk ekki fallegt, þá gefur það betur til kynna, hvað þarna er um að ræða, enda er það, sem hingað til hefur verið kallað gengisbreyting, ekkert annað en almenn hækkun á því gjaldi, sem greitt er fyrir það að yfirfæra í erlenda mynt. Hins vegar má auðvitað gera greinarmun á hlutfallslegri breytingu á yfirfærslugjaldi, þ. e. a. s. því sem hingað til hefur verið átt við með gengisfellingu, og mismunandi mikilli hækkun á slíku yfirfærslugjaldi.

En hvaða leiðir mundu það þá vera, sem til greina kæmu til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálum og þ. á m. til þess að samræma innlent og erlent verðlag? Ein af þessum leiðum er það, sem hingað til hefur verið kallað gengislækkun, þar sem um er að ræða hlutfallslega jafna breytingu á yfirfærslugjaldi. Það er ein af hinum hugsanlegu leiðum. En þeirri leið fylgja vissulega margir og stórir annmarkar, sem ekki skal fara nánar út í.

Önnur meginleiðin, sem til greina kæmi, væri að taka upp nýja og verðmeiri mynt og endurskoða uppbyggingu verðlagsins, þannig að það yrði í meira samræmi við markaðsaðstæður. Á þessu eru vitanlega örðugleikar líka. En þessi leið hefur verið farin í ýmsum löndum til úrlausnar efnahagsvandamálunum og hlýtur þá auðvitað að koma til athugunar eins og aðrar hugsanlegar leiðir, þegar þessi mál eru rædd.

Hæstv. forsrh. nefndi í sinni framsöguræðu það, sem hann kallaði jöfnunarleiðina, sem mér skilst nú í rauninni að sé aðeins annað form fyrir almenna gengislækkun.

Auk þeirra leiða, sem hér hafa verið nefndar, er ef til vill hugsanlegur möguleiki, ef gengisbreytingarleiðin er farin, að fara þessa leið í áföngum, eins og það er kallað. Hvort það er mögulegt og hvernig, er atriði, sem ég hef enn ekki krufið til mergjar, það verð ég að játa. En hér er einmitt um að ræða eitt það nýja meginsjónarmið, sem sett hefur verið fram í sambandi við þá till., sem hér er um að ræða, nokkuð, sem áður hefur ekki verið rætt í sambandi við þessi mál.

Ég hef þegar lýst þeim leiðum, sem hér koma til greina. Ég treysti mér hins vegar ekki til þess að kveða upp úr með það, hverja af þessum leiðum heppilegast sé að fara. Og ég tel, að það sé ekki með sanngirni hægt að heimta það af mér heldur, að ég geri það. Áður en úr því yrði skorið, yrði auðvitað að fá sem nánastar upplýsingar um ýmsa þætti efnahagslífsins, hvernig þessar mismunandi leiðir kæmu við kjör hinna mismunandi stétta í þjóðfélaginu o. s. frv. Og auðvitað verður svo að taka visst stjórnmálalegt tillit í þessu sambandi, fyrir því má ekki loka augunum. Það verður að taka tillit til afstöðu þýðingarmikilla stéttasamtaka o. s. frv. Um það hefur aldrei verið neinn ágreiningur, aðeins í hvaða mynd það væri gert. Það er fyrst þegar allt þetta liggur fyrir, sem tímabært mundi vera að meta, hvaða úrræði mundu hér vera heppilegust til úrlausnar. — Með þessu tel ég mig hafa svarað, að því leyti sem ég get á þessu stigi málsins, þeirri fsp., sem hæstv. menntmrh. beindi hér til mín varðandi gengisbreytinguna.

Hvað svo að lokum snertir þá lausn, sem hér er boðið upp á, þá er ljóst, eins og komið hefur fram í ræðum margra flokksbræðra minna, að hún mun hafa í för með sér stórfelldar verðhækkanir og röskun á allri aðstöðu atvinnurekstrarins í landinu. Hið margfalda gengi, sem verið hefur hér á landi undanfarin ár og komst í algleyming með jólagjöfinni, er bundið í kerfi einfaldara í framkvæmd en áður var. Mismunur útflutningsuppbóta er gerður minni en áður var, og komið er á nokkru meiri samræmingu milli innlends og erlends verðlags. Ef gert væri ráð fyrir hagstæðri þróun þeirra annarra þátta efnahagsmálanna, sem frv. fjallar um, gæti það frá tæknilegu sjónarmiði séð verið áfangi á leið til jafnvægis. En með því er ekki sagt, að líklegt sé við núverandi aðstæður, að svo verði.

Fyrir utan hið tæknilega sjónarmið kemur einnig til greina hið stjórnmálalega sjónarmið, og það skiptir ekki minna máli. Hvert þeirri för yrði heitið, sem hér er lagt upp í, verður vitanlega komið undir stefnu þeirrar ríkisstj., sem með völdin fer. Hæstv. forsrh. er vel að sér í hagfræðilegum efnum, og sá hluti ræðu hans, er um þá hlið fjallaði, var að mínu áliti góður. En mér þótti það ekki eins gott, er hann ræddi um stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Hann sagði að vísu, að frv. væri spor í rétta átt, eins og hann orðaði það. En þá leyfi ég mér einmitt að spyrja með hv. þm. G-K. (ÓTh): Spor í hvaða átt? Það er það, sem skiptir meginmáli. Það mátti þó svo skilja, að sjálfur hæstv. forsrh. teldi æskilegasta þróun í jafnvægisátt eftir gengislækkunarleiðinni. Hvort svo yrði eða reynt yrði að byggja á þessu kerfi til frambúðar, væri hins vegar undir því komið, hvað gerðist á stéttaþingum þeim, sem haldin yrðu í haust, og þar nefndi hæstv. forsrh. bæði þann möguleika, að reynt yrði að byggja á þessu kerfi til frambúðar, sem ég hef nú ekki trú á að væri í fyrsta lagi hægt og heldur ekki æskilegt, en hann gerði líka ráð fyrir þeim möguleika, að eitthvað yrði gert þessu til viðbótar, sem skapaði endanlegt jafnvægi, en hvað það væri, var ekki talað um.

En hæstv. sjútvmrh. gerði þessi atriði líka að umræðuefni, eins og eðlilegt var. Hann virtist líka líta á samþykkt frv., sem hér var um að ræða, sem eins konar áfanga, en bara áfanga

í allt aðra átt. Hann talaði um það, að hann vonaðist til þess, að þess yrði ekki langt að bíða, að horfið yrði að hinni svokölluðu stöðvunarstefnu, nefnilega þeirri stefnu, sem lá til grundvallar jólagjöfinni í fyrra og hingað til hefur verið látið í veðri vaka að væri hin sameiginlega stefna hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Sá veggur, sem þá var hlaðinn, er nú að vísu hruninn, og ég hef ekki trú á því, að annar veggur, sem hlaðinn yrði eftir sömu sjónarmiðum, væri líklegur til þess að endast betur. Mér kemur þessi stöðvunarleið svipað fyrir sjónir, svo að ég haldi þeirri samlíkingu, sem ég hef notað, eins og ég býst við að bændunum, sem hér eru inni, kæmi fyrir sjónir fjósveggur, sem hlaðinn væri af mér. En það er nú önnur hlið á þessu máli. Hitt er aðalatriðið, að hér er um að ræða algerlega andstæðar stefnur, og það er erfitt að spá um það, hvers konar skapningur það verður, sem kemur út úr þeirri togstreitu, sem hér er um að ræða. Og einmitt þessar ræður hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvmrh. og ekki síður aðrar ræður, sem hér hafa verið fluttar af hálfu hv. stjórnarsinna, — og kemur mér þar í hug ræða hæstv. forseta, 3. þm. Reykv., — eru að mínu áliti einmitt bezta sönnunin fyrir því, að því grundvallarskilyrði, sem ég nefndi áðan að yrði að vera fyrir frambúðarlausn efnahagsmálanna, nefnilega því, að það verður að vera stefna, sem liggur þessu til grundvallar, því skilyrði fullnægir hæstv. ríkisstj. ekki. Það hafa allir lýst sig meira eða minna óánægða með þau úrræði, sem hér eru lögð fram. En afsökunin fyrir því, að enginn telur sig hafa fengið fram það æskilegasta, er sú, að það er sagt sem svo af hálfu hæstv. ráðh. og annarra stjórnarsinna, sem hér tala: Það er ekki mögulegt að skapa pólitísk skilyrði fyrir hinni æskilegu lausn. Hér er vitanlega um að ræða stórfellt þjóðfélagslegt vandamál, e. t. v. stærsta vandamálið, sem við er að etja í okkar þjóðfélagi nú. En á það má þó minna hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn, að það var einmitt þetta vandamál, sem hæstv. ríkisstj. lofaði að leysa, þegar hún tók við völdum, svo að það að segja þetta er í rauninni gjaldþrotayfirlýsing, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni.

Ég ætla ekki að lýsa frekar afstöðu minni til þess máls, sem hér liggur fyrir, en óbeint hefur komið fram í minni ræðu, enda hægt að geyma það til 2. umr. málsins. En mér kemur málið þannig fyrir sjónir, að ég og við aðrir sjálfstæðismenn séum í þessu tilliti í svipaðri aðstöðu og t. d. hv. 10. landsk., sem eins og kunnugt er á sæti í innflutningsnefnd, væri, ef til hans kæmi umsókn frá einhverjum þremur mönnum um það að fá að flytja inn til landsins eitthvert dýrt tæki, sem hægt væri að nota á mjög mismunandi vegu. Ég býst við, að hæstv. 10. landsk. mundi spyrja þessa þrjá félaga að því, til hvers ætti að nota þetta tæki, og einn segði, að hann ætlaði að nota það til tiltekins verks, sem hv. 10. landsk. teldi ef til vill nytsamlegt, annar, að hann ætlaði að nota það til einhverrar starfsemi, sem hv. 10. landsk. teldi að ekki kæmi til mála að greiða fyrir, og sá þriðji segði eitthvað það þriðja. Ég býst við, að viðbrögð hv. 10. landsk. við þessu væru þau, að hann mundi ekki sjá sér fært að veita þetta leyfi, fyrr en úr því fengist skorið, til hvers ætti að nota þetta tæki.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi gjarnan fá að segja nokkur orð almennt um þetta mál, áður en það fer til n. Ég mun e. t. v. í því sambandi minnast á sumt af því, sem hv. andstæðingar hafa sagt um þetta frv., en þó verður það ekki nema lítið eitt. Ég mun aðallega ræða um þetta málefni almennt og gera nokkra viðbótargrein fyrir því.

Ég hygg, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þm. og aðra, sem vilja kryfja þetta mál til mergjar, að hafa það í huga, að þannig er ástatt hjá okkur, að útflytjendur eru skyldaðir til þess að láta gjaldeyri þann, sem kemur fyrir afurðir þeirra, renna til bankanna með ákveðnu verði, og að sannleikurinn er sá, sem margir virðast þó fara í kringum eins og köttur í kringum heitt soð, að þannig er ástatt um framleiðslukostnað á Íslandi, að enginn útflytjandi getur lengur rekið atvinnurekstur sinn, ef þessu ákvæði væri haldið til streitu, eins og það er, og ekkert annað aðhafzt.

Þetta er undirstaða þess vanda, sem nú er við að glíma í íslenzku efnahagslífi og hefur lengi verið. En þetta ósamræmi hefur alltaf verið að aukast, og nú er svo komið, að sumar útflutningsgreinar, sem hafa dregizt áfram, jafnvel með engar uppbætur eða minni uppbætur en aðrar, þær eru alveg komnar að þrotum. Það hefur verið reynt að ráða bót á þessu á undanförnum árum, ekki með því að breyta skráðu gengi krónunnar, þó að öllum hljóti að vera það ljóst, að krónan hefur verið skakkt skráð æði lengi, heldur með því að draga saman fjármagn innanlands og verja því til þess að borga útflytjendum uppbætur. En vegna þess, hvað það er erfitt hlutverk að draga þannig saman fé og borga það aftur til atvinnuveganna eða framleiðendanna sem uppbætur, hefur verið reynt að skera þessar uppbætur sem allra mest við nögl. Framleiðendum hafa verið skammtaðar uppbæturnar, og þær hafa verið skammtaðar misjafnt. Sumir útflutningsframleiðendur hafa fengið miklu lægri útflutningsuppbætur en aðrir eða réttara sagt sumar framleiðslugreinar hafa fengið miklu lægri útflutningsuppbætur en aðrar greinar og einstöku útflutningsgreinar hafa engar uppbætur fengið.

Það ætti ekki að vera vafamál, að í þessu er fólgin mjög mikil hætta. Í þessu er fólgin hættan á því, þegar uppbótakerfið verður ákaflega stórt, að þær atvinnugreinar, sem engar uppbætur fá eða minni uppbætur en aðrar, veslist upp og dragist saman, framleiðsla þjóðarbúsins fari minnkandi, þau úrræði notist ekki, sem þjóðin hefur þó ráð á til þess að bjarga sér, og þannig getur uppbótakerfið orðið bókstaflega stórhættulegt, þegar það er orðið stórt, þó að segja megi, að það megi notast við það, á meðan ósamræmið er ekki gífurlega mikið og meðan stendur þannig á, að það eru aðeins einstakar atvinnugreinar, sem kemur til greina að þurfi á uppbótum að halda.

Eitt allra gleggsta dæmið um þær hættur, sem uppbótakerfið hefur í för með sér, er það, hvernig komið er fyrir íslenzkri togaraútgerð, og mætti þó færa fleiri dæmi til. Upphaflega var ekki talin þörf á öðru varðandi sjávarútveginn en að greiða uppbætur til bátaútgerðarinnar, en togararnir voru taldir geta siglt sinn sjó stuðningslaust. Fljótlega komust menn að þeirri niðurstöðu, að það var ekki hugsanlegt, að togararnir gætu komizt af án stuðnings. Og þá var þeim bætt inn á uppbótakerfið, en þó með miklu lægri uppbætur, er síðar voru nokkuð hækkaðar. En tregðan við að hækka uppbæturnar til togaranna vegna þess, hve erfitt er að afla fjárins í uppbótakerfið, hefur verkað þannig, að það lætur nærri, að búið sé að murka lífið úr íslenzkri togaraútgerð.

Þetta er eitt allra gleggsta dæmið um þann háska, sem í uppbótakerfinu er fólginn.

Þá má í þessu sambandi t. d. benda á síldveiðarnar. Þeim var haldið lengi utan við uppbótakerfið og talið, að þær þyrftu ekki á því að halda. Síðan var farið að taka einstakar greinar síldveiða undir kerfið, eins og t. d. síldveiðarnar við Faxaflóa, og loks var svo Norðurlandssíldveiðunum bætt við, en uppbæturnar hafðar margfalt minni en til annarra atvinnugreina, eins og kunnugt er. Og þótt þetta frv., sem hér liggur fyrir, geri ráð fyrir að jafna mjög mikið uppbæturnar, þá er samt hafður verulegur munur á uppbótum til síldarútgerðarinnar og annarra þátta sjávarútvegsins, en sá munur er þó miklu minni en verið hefur.

Það er enginn vafi á því, að þessi þróun eða þessi uppbótabúskapur hefur einnig haft stórhættulegar afleiðingar í för með sér fyrir síldarútgerðina og síldariðnaðinn.

Það má segja, að ef uppbótakerfið verður ákaflega stórt og látið ná aðeins til sumra þátta framleiðslunnar, þá fer þannig að lokum, ef ekki er breytt um stefnu, að í raun og veru verður allur atvinnurekstur lögbannaður annar en sá, sem hefur hæstu uppbæturnar. Þannig verður þróunin vitaskuld, þegar til lengdar lætur. Þetta kemur einfaldlega af því, að til uppbótanna er náð saman fé með alls konar álögum, og þessar álögur hljóta vitanlega að hafa í för með sér hækkaðan framfærslukostnað og hækkað kaupgjald í landinu og svo hækkaðan framleiðslukostnað. Allar greinar verða fyrir þessum hækkaða framleiðslukostnaði, en uppbótanna njóta aðeins sumir. Það gefur því auga leið, að ef þetta kerfi verður mjög stórfellt, þá jafngildir það því að banna allar nýjar atvinnugreinar í landinu og koma þeim atvinnugreinum á vonarvöl, sem fyrir kunna að vera og ekki njóta uppbótanna eða njóta svo lítilla uppbóta, að þær geti ekki þrifizt.

Þá kemur annað atriði í þessu sambandi, sem er mjög stórt, þó að það sé máske ekki alveg eins stórt og þetta. Þegar farið er af stað með uppbótakerfin bæði hér og annars staðar, þá er reynt að afla tekna til þeirra með því að hafa álögurnar mjög misjafnar eftir vörutegundum. Það er reynt að þræða hjá því t. d. að leggja álögur á nauðsynjar til framleiðslunnar sjálfrar, sjálfar notaþarfir framleiðslunnar. En þegar til lengdar lætur og uppbótakerfin verða stór, þá myndast í þessu sambandi stórkostlega hættulegt ósamræmi í verðlaginu, sem verður mörgum atvinnurekstri mjög þungt í skauti og að algeru banameini, ef þetta gengur langt. Þetta þýðir vitanlega, að vörur til framleiðslunnar, t. d. eins og fóðurbætir, vélar og hvers konar slíkar vörur, sem haldið er niðri í verði með því að láta þær sleppa við álögurnar, þessar vörur komast í algert ósamræmi hvað verðlag snertir við verðlag almennt innanlands og framleiðslukostnað í landinu sjálfu. Þetta þýðir, að öll innlend úrræði í sambandi við framleiðsluna verða sífellt dýrari og dýrari í hlutfalli við þau erlendu úrræði, sem hægt er að grípa til. T. d. vex stöðugt kostnaðurinn við ræktun og heyskap, en að sama skapi verður erlendur fóðurbætir ódýrari í hlutfalli við kostnaðinn við ræktunina og heyöflunina. Alveg nákvæmlega sama er að segja um vélar. Það kemur að því að lokum, að það borgar sig yfir höfuð ekki að gera við vélar vegna þess, hvernig þessum hlutföllum er háttað. Þetta þýðir yfirleitt á mörgum sviðum svo mikla gjaldeyriseyðslu, að þjóðin getur ekki undir því risið, og grefur undan, þegar til lengdar lætur, innlendum atvinnugreinum eins og landbúnaði og iðnaði, — grefur grundvöllinn undan þessum atvinnugreinum, sem eru í raun og veru í keppni við erlendar atvinnugreinar og verða að koma til samanburðar við þær. Það mætti einnig nefna í þessu sambandi dæmi eins og skipasmíðar, skipaviðgerðir og margs konar annan iðnað.

Þetta eru helztu hætturnar, sem eru samfara stórkostlegu uppbótakerfi, og þær eru ekki smávægilegar. Samt sem áður hafa menn, vegna þess að samtök hafa ekki fengizt um annað, reynt að búa við uppbótakerfi og koma þannig í veg fyrir, að stærstu framleiðsluþættirnir stöðvuðust.

Á s. l. hausti kom til greina, hvað núverandi ríkisstj. gæti komið sér saman um í efnahagsmálunum. Niðurstaðan af því varð sú að reyna að halda uppbótakerfinu áfram og tryggja þannig áframhaldandi framleiðslu, taka það, sem þá vantaði inn í uppbótakerfið, með því að leggja mjög mismunandi gjöld á aðfluttar vörur, þar sem langhæstu gjöldin voru lögð á ýmsar vörur, sem voru hátollaðar fyrir, en leggja ekki almennt gjald á allan innflutninginn.

Það mátti því segja, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru í fyrra, urðu ekki til þess að leiðrétta það misræmi, sem orðið var í verðlaginu, nema að því leyti sem þá var gerður minni munur á uppbótum til togaraútgerðarinnar t. d. og bátaútvegsins en áður hafði verið. Ætlunin var að gera tilraun með þetta og sjá, hversu það mundi gefast og hvort það gæti staðizt.

Reynslan varð sú á s. l. ári, að þetta stóðst ekki, og komu margar ástæður til: Í fyrsta lagi, að innflutningur á hátollavörum gat ekki orðið eins mikill og hann þurfti að vera, ef tekjuöflunin hefði átt að hrökkva í kerfið. Í öðru lagi vegna þess, að til þess að koma í veg fyrir hækkun á kaupgjaldi innanlands

voru stórauknar niðurgreiðslur á verðlagi innlendra vara, en fé vantaði til þess að standa undir þessum niðurgreiðslum, þótt út í þær væri lagt. Varð því verulegur halli á ríkisbúskapnum af þessum sökum. Í þriðja lagi vegna þess, að einkanlega fyrir ráðstafanir, sem stjórnarandstæðingar beittu sér fyrir, var kaupgjald hækkað í mörgum greinum og margs konar drög lögð að því að reyna að koma af stað nýrri hækkunaröldu kaupgjalds og verðlags. Varð hv. stjórnarandstæðingum þó nokkuð ágengt í þessu efni, eins og kunnugt er. Þá kom hér til, að á s. l. hausti varð að gera ráð fyrir auknum hlunnindum til útgerðarinnar, fyrst og fremst vegna þess, að fiskimenn urðu að fá kauphækkun til samræmis við aðra kauphækkun, sem orðið hafði í landinu, og fleira kom þar einnig til greina. Þá var augljóst, að togararnir gátu ekki komizt af með þær uppbætur, sem þeir höfðu fengið samkvæmt löggjöfinni árið áður. Enn fremur var ljóst, að það þurfti að hækka uppbætur til síldarútvegsins og raunar fleiri atvinnugreina. Loks var það nokkuð fyrirsjáanlegt, að einhverjar kauphækkanir mundu vera fram undan. Allt þetta gerði það að verkum, að augljóst varð, að það þurfti á stórfé að halda, og kom þá yfir höfuð til greina, hvort væri hægt að halda áfram því uppbótakerfi, sem við höfðum búið við, eða þyrfti að gera nýjar ráðstafanir, breyta um stefnu frá því, sem verið hefur.

Það frv., sem hér liggur fyrir, má segja að sé eins konar millileið í þessum efnum, sem gerir ráð fyrir mjög þýðingarmiklum breytingum á uppbótakerfinu eða efnahagskerfinu, hvort sem við viljum kalla það, frá því, sem áður hefur verið. Þessar breytingar eru fyrst og fremst fólgnar í því, að kerfið allt er gert einfaldara en það hefur verið. Það er gerður minni mismunur á uppbótum en áður hefur átt sér stað, og það er gert ráð fyrir því, að allar útflutningsgreinar geti komið til greina um að fá uppbætur. Þá er gert ráð fyrir því að leggja yfirfærslugjald á allar aðfluttar vörur, allar duldar greiðslur og að greiða yfirfærsluuppbætur á tekjur íslenzkra atvinnuvega, eins og t. d. flutningsgjöld í siglingu, fargjöld í utanlandsflugi o. s. frv., o. s. frv. Í þessu er fólgin stórkostleg breyting frá því, sem áður hefur verið, breyting, sem minnkar mjög mikið þá stórfelldu hættu, sem var orðin á því, að núverandi uppbótakerfi yrði til þess að lama framleiðsluna í mörgum greinum, gera ólíft ýmsum atvinnurekstri, sem varð að geta átt sér stað, og fyrirbyggja hættu, sem var orðin alvarleg, á því, að engar nýjar atvinnugreinar yfir höfuð gætu komið til greina, vegna þess að þær gátu ekki fengið uppbætur eins og þær, sem fyrir voru.

Hér er því frá mínu sjónarmiði tvímælalaust um stórkostlega endurbót að ræða frá því, sem áður hefur verið.

Þá er önnur endurbót, sem með þessu fæst fram, og hún er sú, að með þessu minnkar stórkostlega ósamræmið, sem orðið var á milli erlends og innlends verðlags í ýmsum greinum. Kemur það af því, að nú er aðflutningsgjaldið lagt á allar aðfluttar vörur. Þetta er tvímælalaust spor til bóta og tvímælalaust spor, sem styður stórkostlega ýmiss konar þýðingarmikinn atvinnurekstur í landinu.

Hv. 9. landsk. þm. (ÓB) spurði hér áðan, og fleiri hafa spurt, hvað hæstv. forsrh. hafi átt við, þegar hann lýsti því yfir, að hann teldi þetta frv. spor í rétta átt. Það, sem þá er átt við, er fyrst og fremst það, sem ég nú hef verið að skýra.

Þetta eru spor í rétta átt, svo stórkostleg spor í rétta átt, að þau réttlæta fullkomlega þá málamiðlun, sem hér hefur átt sér stað. Þau réttlæta það fullkomlega, að þessu máli sé hrundið fram af fullri alvöru. Hér er ekki um neinar smávegis endurbætur að ræða frá því, sem áður hefur verið. Hér er stigið stórt spor í rétta átt frá þeim háska, sem yfir okkur hefur vofað vegna þess, hvernig uppbótakerfið hefur sífellt vaxið og myndað sífellt meira og meira ósamræmi í okkar efnahagslífi og þjóðarbúskap.

Ég heyrði það líka á hv. 9. landsk. þm., að hann viðurkenndi þetta, og það er auðheyrt á fleiri sjálfstæðismönnum, sem á þetta mál minnast, að þeir viðurkenna þetta berum orðum. Er því andstaða þeirra gegn þessu máli lin, enda er það engin furða, enda mætti það fyrr vera, ef þeir menn, sem telja sig talsmenn frjáls atvinnurekstrar og frjáls framtaks, vildu ekki viðurkenna það, að þetta spor, sem nú er stigið til meira samræmis í þessum efnum, er stórkostlega þýðingarmikil endurbót frá því, sem verið hefur.

En það er þá einnig dálítið eftirtektarvert, að um leið og þetta er viðurkennt af hálfu hinna skynsamari talsmanna flokksins og þeirra, sem ekki vilja algerlega loka fyrir allar umræður af nokkru viti um þetta mál, að á sama tíma sem þetta kemur fram hjá þeim, þá gera aðrir hv. þm. flokksins einmitt þessar endurbætur að aðalárásarefni á ríkisstj. og stjórnarflokkana, eins og hv. þm. Rang. gerði hér í fyrrinótt, þegar hann með öllu móti reyndi að koma af stað tortryggni og úlfúð hjá framleiðendum og m. a. bændastéttinni út af því, að nú væri lagt jafnt aðflutningsgjald á allar vörur, t. d. á vélar til sjávarútvegs og landbúnaðar, t. d. á fóðurbæti og aðrar slíkar nauðsynjar. Hann reyndi með öllu móti að halda því fram, að þetta væri mjög óhagstætt fyrir bændastéttina, þeir ættu að taka upp þykkjuna út af þessu og að því er manni skildist ekki síður framleiðendurnir við sjóinn, þeir ættu einnig að taka upp þykkjuna út af því, að þetta væri gert. Það er eftirtektarvert, að þetta skuli koma fram, þegar aðrir talsmenn Sjálfstfl. telja það frv. helzt til gildis, eins og líka skynsamlegt er, að með því sé minnkað hið stórkostlega ósamræmi, sem verið hefur í uppbótunum, og dregið úr því gífurlega ósamræmi, sem myndazt hefur á milli verðlags hér innanlands og verðlags á innfluttum vörum til stórtjóns fyrir atvinnurekstur þjóðarinnar.

Það er ekki nokkur vafi á því, að þetta, sem nú er gert, að leggja á þetta jafna gjald og láta það ganga út og inn í kerfinu, einkum eftir að búið er að leggja á hátollavörur eins há

aðflutningsgjöld og hugsanlegt er yfirleitt af þeim að taka, er mjög þýðingarmikill þáttur í þessu máli, þáttur, sem styrkir innlenda framleiðslu og innlendan atvinnurekstur, en ekki hið gagnstæða.

Þeir, sem tala á móti þessu og reyna að gera þennan þátt í málinu tortryggilegan, vilja sennilega láta líta þannig út, að þeir hefðu nú enn viljað leggja á mörg hundruð milljónir í nýjum aðflutningsgjöldum og sneiða þá hjá því að leggja nokkuð á tæki til landbúnaðar og sjávarútvegs og aðrar þarfir þessara atvinnugreina.

En hver hefði viljað taka á sig ábyrgðina á því að auka þannig enn stórkostlega það ósamræmi, sem orðið er í verðlaginu, frá því, sem nú er? Ég efast um, að nokkur ábyrgur maður hefði látið sér detta slíkt í hug, að það væri yfirleitt hugsanlegt eða mögulegt. Og allra sízt er náttúrlega hægt að taka svona gagnrýni alvarlega frá mönnum, sem við vitum að líta á gengislækkun sem hyggilegasta og réttmætasta úrræðið í þessum efnum, eins og við vitum að sjálfstæðismenn yfirleitt álíta. Er ég ekki að segja þeim það neitt til lasts, því að við vitum, að gengi íslenzkrar krónu er skakkt skráð, og ein af þeim leiðum, sem koma til greina, er að breyta gengi krónunnar. En þeim mun ámælisverðari eru þessir menn fyrir að ætla sér það að geta gagnrýnt þessa þætti málsins, jafnframt því sem þeirra skynsömustu talsmenn lýsa því yfir, að einmitt þessar ráðstafanir séu þær, sem gefi málinu gildi og geti orðið til góðs fyrir þjóðarbúskapinn.

Það er auðvitað enginn ávinningur að því fyrir framleiðendur, þegar til lengdar lætur, þó að menn hafi lagt út í það vegna þess, hve örðugt hefur verið að afla tekna í uppbótakerfin, að það sé óeðlilega lágt verð á þeim vörum, sem þeir þurfa til framleiðslunnar. Það er t. d. enginn ávinningur að því, þegar til lengdar lætur, fyrir sjávarútveginn, að það sé óeðlilega lágt verð á innfluttum skipum, eða fyrir landbúnaðinn, að það sé óeðlilega lágt verð á innfluttum tækjum, samanborið við annað verðlag í landinu. Þetta verður hreinlega til þess, að allt of lítið er leyft að reikna inn í verðlagið á afurðum þessara framleiðslugreina til afskrifta á skipum og tækjum. En það, sem ætlað er til afskrifta á skipum og tækjum í verðlaginu, er vitanlega ætlað til endurnýjunar á þessum sömu tækjum. Ef óeðlilega lágt verð stendur til lengdar og óeðlilega lágar afskriftir eiga sér stað með þessu móti, þá kemur það stórkostlega í koll, þegar kerfið brestur og gengislækkun fellur yfir, sem vitanlega hlýtur að koma að lokum, ef þannig er á haldið. Þá hækka þessar vörur allt í einu og þessi tæki stórkostlega í verði, en þá eru endurnýjunarsjóðirnir litlir eða sama sem engir, vegna þess að þeir eru byggðir upp, miðað við hið falska, lága verð, sem þessar atvinnugreinar hafa — sem sumir kalla „notið“ — eða búið við árum saman.

Þess vegna er sú fölsun í þessu efni, sem orðið hefur smátt og smátt í núverandi kerfi, ekki til hags fyrir framleiðendurna, eins og sumir hafa viljað bera sér í munn nú, þegar á að leiðrétta þetta, heldur er hún til tjóns fyrir framleiðsluna, bæði til lands og sjávar, auk þess sem þessi tilhögun eyðileggur ýmsar innlendar atvinnugreinar, eins og t. d. skipasmíðar, járniðnaðinn og fleiri og fleiri atvinnugreinar, sem eiga fullkomlega rétt á sér. Þessi háttur, sem hafður hefur verið á í þessu efni, hefur í raun og veru þýtt það, að innlendur framleiðslukostnaður hefur verið hækkaður ár frá ári, öll innlend úrræði hafa verið skattlögð og orðið dýrari ár frá ári, en menn hafa reynt að halda erlendu vörunum óeðlilega niðri til tjóns fyrir alla, þegar til lengdar lætur.

Þegar menn ræða um það, sem nú er að gerast í þessum efnum, er stundum talað um fórn, sem ætlazt sé til að menn taki á sig. En er réttmætt að tala um fórn í þessu sambandi? Við skulum athuga það örlítið nánar. Við skulum hugsa okkur, að það væri ekki farið fram á það við neinn að „fórna“ neinu. Þar með er ég ekki að segja, að þetta sé fórn. Við skulum samt orða það svo.

Hvað skeður, ef ekkert verður gert? Það mundi geta skeð, að því er mér skilst, annað af tvennu, að hætt yrði að greiða niður innlendar afurðir og verðið á þeim látið hækka, — það vantar stórfé til þess að halda þessum niðurgreiðslum uppi, — og útflutningssjóðurinn kæmist gersamlega í þrot með að standa undir útflutningsuppbótunum. Þetta er annar möguleikinn, að það yrði að hætta niðurgreiðslunum og láta verðið hækka, vísitalan kæmi kaupinu upp og framleiðslan stöðvaðist, að útflutningssjóðurinn kæmist í greiðsluþrot og gæti ekki greitt allar útflutningsuppbæturnar. Þetta gæti skeð. Hitt gæti líka skeð, að menn notuðu seðlabankann til þess að halda áfram að greiða útflutningsuppbæturnar og stofnuðu þar skuld til þess, að menn notuðu seðlabankann einnig til þess að halda áfram að greiða niður innlendu afurðirnar. Þá mundu menn kannske spyrja: Er þá ekki allt í lagi? Getur ekki allt gengið þannig?

Þetta mundi vitanlega verða til þess, að hér mundi verða í landi eftir tiltölulega stuttan tíma gersamlega óþolandi vöruskortur á öllum sviðum, vöruskortur til neyzlu, vöruskortur til framleiðslu, sem mundi hafa truflandi áhrif á allan atvinnurekstur í landinu, vöruskortur til bygginga, sem mundi hafa í för með sér stöðvun bygginga og atvinnuleysi. Síðan mundi koma svartamarkaðsverð á vörurnar sem afleiðing af þessum vöruskorti. Þannig mundi hin raunverulega kjararýrnun koma fram. Þetta mundi gerast, ef þeir menn fengju sinn vilja, sem virðast vera á móti öllu, sem virðast líta svo á að þurfi ekki að gera neitt.

Það, sem hér liggur fyrir, er till. um að gera nýjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þetta eigi sér stað, og gera í leiðinni nýjar ráðstafanir til þess að lyfta undir allan atvinnurekstur í landinu stórkostlega frá því, sem verið hefur. Það er ekki svo, að í þessu frv. felist aðeins það að halda áfram uppbótakerfinu í gamla forminu, heldur eru með þessu máli, eins og ég hef sýnt fram á í því, sem ég hef sagt, gerðar nýjar ráðstafanir fyrir fjöldamargar atvinnugreinar, sem hafa verið að því komnar að veslast upp vegna þess ósamræmis,

sem hefur verið í gamla uppbótakerfinu. Það er einmitt þetta, sem er það stóra nýja í þessu máli, og það er þetta, sem gerir það að verkum, að hér er raunverulega um nýjung að ræða, raunverulega um nýtt spor að ræða, en ekki bara þetta gamla, sem við höfum verið að reyna að komast af með nú um nokkur ár. Með þessu móti koma fram nýir möguleikar fyrir margar atvinnugreinar í landinu, sem hafa staðið stórkostlega höllum fæti undanfarið. Með þessu, sem nú er gert, eru líka skapaðir möguleikar fyrir nýjar atvinnugreinar að koma upp, sem áður hafa í raun og veru ekki verið til vegna þess, hversu uppbótakerfið var orðið stórkostlegt og hversu með því var búið að skrumskæla íslenzkt atvinnu- og fjármálalíf.

Engum hefur í raun og veru í alvöru getað dottið í hug nú upp á síðkastið, þegar uppbætur eru orðnar svo gífurlega miklar og svo óskaplega misjafnar, að það gæti þróazt hér eðlilegt efnahagslíf eða atvinnulíf, þar sem ný úrræði fengju að koma til greina til samanburðar við þau eldri. Það er einmitt þessi stórkostlega nýjung í þessu máli, sem gefur því gildi og veldur því, að það er þýðingarmikið mál og þýðingarmeira en önnur hliðstæð frv., sem hafa komið fram nú um sinn.

Auðvitað verður reynt, eins og ég var að minnast á áðan, að koma af stað rógi einmitt út af þessum nýju þáttum í málinu, sem eru þýðingarmiklir. Það verður auðvitað reynt að segja við bændurna: Það er verið að hækka vélarnar, það er bara af fjandskap Framsóknar. Og það verður sagt við sjávarsíðuna: Það er verið að hækka mótorvélarnar í innkaupi og mótorbátana. Það er fjandskapur Framsóknar og kommúnista og Alþýðuflokksmanna, — verða sennilega nefndir allir til við sjávarsíðuna. Þetta verður vitanlega reynt, og þetta verða þeir, sem þykjast vera talsmenn frjáls atvinnurekstrar í landinu, sem þykjast vilja jafnvægi í þjóðarbúskapnum og láta skynsömustu menn sína hér um leið lýsa því yfir, að einmitt þetta séu þættir í málinu, sem gangi í rétta átt. Það verða þessir menn, sem taka að sér þetta hlutverk. Þeir eru ekki öfundsverðir af þessu. Ég öfunda þá ekki af því. Það er ekki öfundsvert hlutskipti. Inn á sér vita þessir menn ákaflega vel, að einmitt hér er verið að gera nauðsynlega leiðréttingu, bráðnauðsynlega endurbót í efnahagsmálum landsins, sem verður einmitt til góðs fyrir sjávarútveg og fyrir landbúnað. Þeir vita það vel, en þeir munu segja hitt samt, af því að þeir meta róginn meira en það að standa með réttu máli, ef þeir halda, að það kynni að vera hægt að fá einhvern mann til þess að leggja þykkju á stjórnarflokkana fyrir að þora að stíga þetta skref. Ég segi þora, vegna þess að það má kannske búast við því, að það sjái ekki allir á augabragði, að nauðsynlegt sé að gera þessar ráðstafanir, sem hafa í för með sér hækkanir á vörum til framleiðslunnar.

Það er alveg sérstaklega „ánægjulegt," að það skuli vera talsmenn fyrir jafnvægi í þjóðarbúskapnum, fyrir frjálsum atvinnurekstri og menn, sem segjast hafa hina mestu andúð á óeðlilegum afskiptum ríkisvaldsins o. s. frv., o. s. frv., og menn, sem þykjast vera talsmenn þess, að allt eigi að „vigta sig" o. s. frv., o. s. frv. og ganga eftir eðlilegum hagfræðilögmálum, — það er einmitt eftirtektarvert, að það skuli vera þeir, sem nú dæma sjálfa sig til þess að viðhafa málflutning eins og þennan.

Svo er verið að tala í þessu sambandi — og það ekkert lítið — um álögur á þjóðina. Ég er búinn að tala um fórnarhliðina í málinu. Ég er búinn að sýna fram á, að það er svo langt í frá, að hér sé verið að fara fram á fórnir, að hér er einmitt verið að reyna að gera ráðstöfun til að koma í veg fyrir stórkostlega kjaraskerðingu og til þess að fá grundvöll fyrir það að sækja fram með nýjum úrræðum að kjarabótum.

Þessir menn tala í þessu sambandi mikið um álögur á þjóðina, og sjálfstæðismenn reikna og reikna, og þeir tala um 790 millj. í því sambandi. Þeir geta reiknað eins mikið og þeir vilja fyrir mér. Mér er alveg hjartanlega sama, hvaða tölur þeir nefna. En það er á hinn bóginn rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því, eins og hæstv. menntmrh. gerði í fyrradag, hvað sjálfstæðismenn hefðu viljað telja það miklar álögur á þjóðina, ef gengisskráningin hefði verið leiðrétt. Eða vilja þeir kannske halda því fram, að atvinnureksturinn gæti búið við það gengi, sem núna er, án uppbóta? Hvað mundu þeir hafa talið það miklar álögur á þjóðina, ef gengið hefði verið leiðrétt, gengisskráningin sjálf? Og hvað töldu þeir gengislækkunina 1950, sem við stóðum að, Framsfl. og Sjálfstfl., hvað töldu þeir hana miklar álögur á þjóðina? Mér skilst, að hæstv. menntmrh. hafi upplýst, að ef ætti að reikna eins og þeir reikna núna, þá hefði átt að telja hana 900 millj. kr. álögur á þjóðina. Ætli þeir hefðu verið ánægðir með þann málflutning þá, ef það hefði verið túlkað þannig?

Í þessu sambandi og öllu þessu moldviðri held ég, að það sé hollt fyrir menn að spyrja sjálfa sig, hvort það fé, sem framleiðslunni er skilað til baka vegna falskrar gengisskráningar, hvort það séu raunverulega álögur á þjóðina.

Hvað mundi þjóðin hafa til þess að lifa af, ef þetta væri ekki gert? Hún mundi ekkert hafa annað en verðlausa pappírsseðla, sem mundu þó sennilega vera kallaðir peningar, ef þetta væri ekki gert. Er hægt að kalla það fé álögur á þjóðina, sem dregið er saman til þess að bæta framleiðendunum upp það tjón, sem þeir bíða vegna rangrar gengisskráningar? Ég held, að það orðalag sé a. m. k. fullkomlega villandi, að ekki sé meira sagt.

Ef við svo lítum á viðhorf atvinnuveganna í sambandi við þetta mál, þá er það þannig frá mínu sjónarmiði:

Þessar ráðstafanir verða tvímælalaust til bóta fyrir allar atvinnugreinar landsins, enda þetta fyrst og fremst miðað við að reyna að hleypa auknu fjöri í framleiðsluna, nýju lífi í atvinnureksturinn og skapa skilyrði fyrir fjölbreyttari atvinnurekstri en áður hefur verið nú um sinn.

Fyrir sjávarútveginn lítur dæmið t. d. þannig út, að þetta verður vitanlega til hags fyrir hann. Í fyrsta lagi eru uppbæturnar jafnaðar, þannig að togaraútgerðin á að sitja framvegis

við sama borð og bátaútvegurinn. En ekki nóg með það, heldur er líka gert ráð fyrir því, að sjávarútvegurinn fái að afskrifa tæki sín á eðlilegu verði, eða a. m. k. eðlilegra verði en verið hefur. Undanfarið hefur útveginum verið skammtað, miðað við að afskrifa tæki sín á verði, sem vitað var að eftir nokkur ár mundi vera óhugsandi að fá nokkurt skip fyrir. Nú verður þetta nýja verð á skipum, sem þetta mál myndar, lagt til grundvallar afskriftunum í sjávarútveginum.

Hv. 1. þm. Rang. taldi í fyrrinótt, að þetta mál mundi verða m. a. nokkuð hættulegt landbúnaðinum, af því að hér væri gert ráð fyrir því að draga úr kaupmættinum, með þessu væri gert ráð fyrir því að draga úr kaupmætti íslenzku þjóðarinnar og það væri sérstaklega hættulegt fyrir landbúnaðinn vegna þess, hve hann ætti mikið undir innlenda markaðinum. Þetta er algerlega glórulaust, að þessu máli sé ætlað að draga úr kaupmætti þjóðarinnar. Þetta er fullkomið öfugmæli, eins og þessi hv. þm. var náttúrlega líklegastur til að búa til óafvitandi. Hér er þvert á móti verið að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það, að stórkostlegur samdráttur verði í kaupmætti þjóðarinnar á næstu mánuðum og næstu missirum, því að hér mundi verða blátt áfram hrun, ef ekki væru gerðar nýjar ráðstafanir til viðreisnar sjálfum atvinnuvegunum og til þess að styrkja sjálfan grundvöll þjóðarbúsins, eins og þetta mál er miðað við.

Hér er verið að gera ráðstafanir til þess með því að gera mörgum atvinnugreinum léttara fyrir en áður hefur verið, — gera ráðstafanir til þess að auka þjóðarframleiðsluna, að auka þjóðartekjurnar, að auka kaupmátt fólksins í landinu. Þess vegna er þetta mál stórkostlegt hagsmunamál einnig frá því sjónarmiði fyrir landbúnaðinn og ekki síst fyrir landbúnaðinn. Hvernig halda menn að mundi fara fyrir landbúnaðinum, sem á mest sitt undir innlendum markaði, ef hér væri allt saman látið dankast, eins og manni skilst helzt að þessir hv. þm. vilji, ef nokkra glóru á að telja í þeirra máli? Ástandið yrði þannig hér eftir tiltölulega stuttan tíma, að komið væri stórkostlegt atvinnuleysi og samdráttur í fjöldamörgum þýðingarmestu iðngreinum og atvinnugreinum landsins.

Það þarf varla að taka það fram, — það er öllum ljóst, — að gert er ráð fyrir því, að bæði sjávarútvegur og landbúnaður fái hækkað verð á framleiðsluvörum sínum fyllilega í hlutfalli við hækkun á verði þeirra vara, sem þeir þurfa að kaupa til framleiðslunnar.

Fyrir iðnaðinn í landinu er þetta frv. alveg sérstaklega þýðingarmikið og eflingu hans á mörgum sviðum. Við vitum, að sumar iðngreinar hljóta að leggjast niður og hafa þegar dregizt stórkostlega saman vegna þess ósamræmis, sem hér hefur ríkt í verðlagi innlendra og erlendra vara, — í verðlagi innlendra vara samanborið við erlendan framleiðslukostnað. Það er nægilegt í því sambandi að benda t. d. á járniðnaðinn og vélaiðnaðinn, skipasmíðarnar, en þannig mætti lengi telja. Með því fyrirkomulagi, sem verið hefur, hefur sífellt hallað undan fæti fyrir fjöldamörgum iðngreinum og fyrir margvíslegri þjónustu, sem með nýjum ráðstöfunum hefur verið gerð sífellt dýrari og dýrari, á sama tíma sem hliðstæðri erlendri þjónustu hefur verið haldið niðri með falskri skráningu á krónunni og með því að mismuna gífurlega í yfirfærslu- og aðflutningsgjöldum. Á sama hátt verður þetta frv. mjög þýðingarmikið fyrir íslenzkar siglingar og loftferðir á milli landa, og þannig mætti lengi telja.

Vitanlega þarf fleira að gera en samþ. þetta frv. En ég skal ekki fara langt út í það. Það þarf að halda áfram að byggja upp framleiðsluna í sem flestum greinum. Það verður að stilla fjárfestingunni betur í hóf en gert hefur verið.

Ég vil einnig í þessu sambandi benda á þá breytingu á skattalögunum, sem stjórnin beitir sér fyrir hér á hv. Alþ., þar sem gert er ráð fyrir, að endurskoðuð séu ákvæðin um skattgreiðslur félaga og þær reglur gerðar stórum hagstæðari en áður. Ætti þetta að geta orðið veruleg lyftistöng ýmsum atvinnurekstri og gert menn djarfari í þeim efnum en verið hefur um skeið.

Fjöldamargt fleira mætti minnast á, sem ég mun ekki gera til þess að tefja ekki málið.

Það verður að vonast eftir því, að skilningur almennings á þeim vandamálum, sem frv. þetta fjallar um, sé orðinn svo ríkur, að þetta frv. og framkvæmd þess geti orðið upphaf að heppilegri þróun í efnahagsmálunum en verið hefur. En vitanlega er framtíðin alveg í óvissu að þessu leyti. Það veit enginn okkar, hvað hún ber í skauti sér. Það veit enginn okkar, hvað muni ske hér í efnahagsmálum eða öðrum málum á næstunni.

Enn þá er talsvert mikið ósamræmi í uppbótakerfinu, sennilega meira ósamræmi en getur staðizt til lengdar. Þegar við lítum á uppbótaprósenturnar og sjáum þann mikla mun, sem gerður er t. d. á síld- og þorskveiðum, þá er vafasamt, að það standist til lengdar, að sínu leyti eins og það stóðst ekki til lengdar að gera þann mun, sem gerður var á uppbótum til togara og báta, þó að menn reyndu að viðhalda því allt of lengi í vandræðum sínum með að afla fjár. Enn er því mikið ósamræmi í þessum málum, þó að langt hafi verið gengið í rétta átt með því að jafna metin.

Það má líka vel vera, að það komi í ljós, að í þeim áætlunum, sem liggja til grundvallar þessu nýja efnahagskerfi, sé of mikið treyst á innflutning á hátollavörum og það sé veikur hlekkur í þessu máli og eigi eftir að sýna sig. Það má vel vera, að svo fari.

Það má vel vera einnig, að það auðnist ekki að fá samtök um nýja stefnu í kaupgjaldsmálunum. En eins og augljóst er af þeim athugunum, sem farið hafa fram undanfarið, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að hér myndist jafnvægi í þjóðarbúskapnum eða stöðugt verðlag, nema hætt verði að nota framfærslukostnaðarvísitöluna sem mælikvarða fyrir launum og verðlagi á sama hátt og gert hefur verið undanfarið. Það liggur fyrir ómótmælanlega sem staðreynd, að það er ekki hægt að

gera ráð fyrir því að ná jafnvægi, ef ekki verður breytt um stefnu að þessu leyti, enda munum við nú vera nær eina þjóðin, sem byggir á þessu kerfi.

Eins og getið er um í grg. frv., þá er vonazt eftir því, að stéttasamtökin í landinu taki þessi mál til meðferðar og taki sínar ákvarðanir, sem geta orðið örlagaríkar um þróun efnahagsmálanna á næstu árum hér hjá okkur. Það væri ákaflega æskilegt, að hægt væri að fá samvinnu við þessi samtök um nýja stefnu í þessu tilliti, en um það er ekkert hægt að fullyrða. Þess vegna er framtíðin mjög óviss.

En eitt er það þó, sem ekki verður rifið og ekki er unnið fyrir gýg, hvernig sem fer að öðru leyti. Og það er einmitt þetta, sem gefur þessu máli sérstakt gildi. Með þessu frv. er minnkað stórkostlega það hættulega ósamræmi, sem orðið var í efnahagslífi okkar, atvinnulífi og þjóðarbúskap yfir höfuð. Einmitt þetta verður ekki unnið fyrir gýg, hvernig sem fer um þessi mál að öðru leyti. Ef þetta verður samþ., mun því ekki verða kippt til baka af neinum og ekki einu sinni af þeim, sem nú munu gera það að miklu máli að reyna einmitt að rógbera þessa hlið málsins. Þeim mundi aldrei detta í hug að kippa þessu til baka. Þetta er miklu þýðingarmeira en menn ef til vill gera sér grein fyrir í fljótu bragði. Það er þetta, sem gerir það að verkum fyrst og fremst, að frv. er tvímælalaust spor í rétta átt og spor, sem er ástæða til þess að berjast fyrir að geti orðið stigið.

Ég vil svo að endingu aðeins minna á það aftur, sem ég minnti á í fyrradag, að vitanlega verður að gera ráð fyrir því, að hv. stjórnarandstæðingar láti það ekki undir höfuð leggjast að gera till. af sinni hálfu um það, hvað þeir vilja láta gera í þessum málum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í nálega fimm mánuði að undanförnu hefur þing og þjóð gert ráð fyrir því að fá í hendur tillögur um einhverjar veigamiklar ráðstafanir í efnahagsmálum, eins og kallað er, sem eru sama og fjármál þjóðarinnar. Eftir þeim burði hæstv. ríkisstj. hefur verið beðið svo lengi. Nú loks, þegar fóstrið er komið löngu eftir eðlilegan tíma, höfum við það í höndum undir nafninu frv. til laga um útflutningssjóð o. fl. Þessi stjórnarkálfur er einhver ófélegasti vanskapningur, sem sézt hefur á Íslandi. Aðalatriðið er dulbúið gengisfall íslenzkra peninga, sem kemur fram í mynd hækkaðra tolla á aðfluttar vörur, er nema munu 790 millj. kr., miðað við heilt ár. Þetta verkar sem tilsvarandi hækkun á öllu vöruverði, en í leiðinni lögboðin hækkun á öllum launum og kaupgjaldi um nokkra tugi millj. kr.

Núverandi hæstv. ríkisstj. vann það afrek í desembermánuði 1956 að hækka tolla og skatta um rúmar 400 millj. kr., miðað við heilt ár og samkvæmt áætlun. Var þó fjórði hluti þeirrar upphæðar áður til í öðru formi og hét bátagjaldeyrir. Með þeim 790 millj., sem nú á að bæta við ofan á allt hitt, er hækkunin öll orðin 1100—1200 millj. kr. eða meira en einn milljarður — og það um tveimur mánuðum áður en þessi hæstv. stjórn getur haldið sitt tveggja ára afmæli. Með þessu er fengin full skýring á því dularfulla fyrirbæri, þegar núverandi og fyrrverandi fjmrh. beitti sér fyrir því fyrir meira en tveimur árum, þegar hann var í fyrrv. ríkisstj., að fá 400 manna flokksþing framsóknarmanna til að samþ., að ómögulegt væri að ráða fram úr efnahagsmálum þjóðarinnar í samstarfi við sjálfstæðismenn. Maðurinn skildi það og vissi réttilega, að ómögulegt mundi reynast að fá sjálfstæðismenn til þess að ákveða þvílíka hækkun á tollum og sköttum, þar yrði að fá aðra menn til. Og nú eiga þeir að halda áfram að gegna þjónshlutverkinu í þessum efnum, fulltrúar Alþfl. og Alþb., þeirra flokka, sem árum saman höfðu áður hrópað sig hása innan þings og utan út af því, hve skattar og tollar væru óhóflega háir og drepandi. Má því með miklum rétti segja, að þarna hæfi hvað öðru, fjármálaforustan og liðsmennirnir.

Það er nú látið í veðri vaka af hæstv. ríkisstj. og fulltrúum hennar, að þessar ráðstafanir eigi að bjarga framleiðslu okkar lands, þ. e. a. s. sjávarútvegi og landbúnaði. Og vissulega þurfa þeir atvinnuvegir hjálpar við. Við skulum líta ofur lítið á það mál.

Hvað mundi það nú vera, sem einkum þjakar þessa atvinnuvegi? Við vitum, hvað það er. Það er fyrst og fremst of mikill rekstrarkostnaður, of háir skattar, of hátt vöruverð og of hátt kaupgjald. Allt þetta myndar til samans of háan rekstrarkostnað. Að undanförnu hefur vísitöluskrúfan verið látin sjá fyrir því, að þetta hefur skrúfað hvað annað upp á víxl. Það er vöruverðið, skattarnir, tollarnir og launin. Allt þetta er svo að sliga framleiðsluna. En nú er það snjallræði hæstv. ríkisstj. að hækka þetta allt svo stórkostlega sem þegar hefur verið lýst, og það á að vera framleiðslunni til bjargar. Í þessu kemur fram á greinilegan hátt sú lífsregla, sem kennd hefur verið við Gretti Ásmundarson og hljóðar á þessa leið: Svo skal böl bæta að bíða annað meira.

Hv. þm. G-K., formaður Sjálfstfl., hefur gert grein fyrir aðalatriðum þessa máls og sömuleiðis aðrir þeir flokksmenn mínir, sem hér hafa talað. Við þetta þykir mér þó ástæða til að bæta fáeinum athugasemdum umfram það, sem þegar er sagt. Vil ég byrja á því að víkja nokkru nánar að þeim, sem þetta á að bjarga. Er þar fyrst að nefna sjávarútveginn, sem talið er að fái hæstar uppbætur af tekjum útflutningssjóðs. Sú breyting er gerð frá fyrri lögum varðandi þennan atvinnuveg, að nú á að leggja 55% yfirfærslugjald á flestar eða allar rekstrarvörur hans, sem áður voru undanþegnar. Er talið, að sú upphæð nemi um 202 millj. kr., sem þannig er lagt á útveginn til þess að greiða honum aftur í uppbætur á afurðir. Þessi aðferð svarar til þess að taka fé úr einum vasa og láta í annan á buxum eða jakka sömu manna eða sömu stéttar. Þetta er undarleg aðferð og harla tilgangslítil. Þessar 202 millj. kr. mætti því að skaðlausu strika út úr spilinu, undanþiggja rekstrarvörur útvegsins þessum háu gjöldum eins og s. l. ár og borga atvinnuveginum að sama skapi minni uppbætur. En

hæstv. ríkisstj. virðist hafa það takmark að hafa útgjöldin sem allra hæst og uppbæturnar sem hæstar. Það er rétt eins og henni sé það metnaðarmál að sýna sem allra hæstar tölur, þó að engin þörf kalli þar að.

Svipað þessu má segja um landbúnaðinn. Allar helztu rekstrarvörur hans eru nú hátollaðar með þessu frv., en voru undanþegnar í fyrra. Þannig er um áburð, fóðurbæti, landbúnaðarvélar, varahluta og áhöld, benzín, olíu og svo byggingarefnin, sem bændur þurfa mikið að nota. Á þessar vörur er lagt 55% yfirfærslugjald, sem svo á að nota til að greiða útflutningsbætur á útfluttar afurðir og borga niður afurðir á innlendum markaði til þess að halda niðri vísitölu framfærslukostnaðar.

Í þessu verður lítið vart við rökrétta hugsun, nema því aðeins að málið allt sé upphaflega hugsað sem hreint gengisfall, en síðan snúið upp í það að flétta saman gengisfalli og gífurlegum skattaálögum. Er skýringuna á þessari hringavitleysu líklega helzt þar að finna.

Sama er að segja um þá hliðina, sem snýr að ríkissjóði sjálfum og stofnunum ríkisins. Með þessum lögum á að lögleiða hækkun á öllum launum og öllum kostnaði við ríkisrekstur inn í smáu og stóru. Þetta gildir varla minna en 80 millj. kr. á ári. Síðan á að hækka söluskatt og verðtoll, ekki einasta til þess að borga þessa hækkun, heldur miklu meira, svo að unnt verði að fá marga tugi millj. kr. í aðra eyðslu. Mér hefði nú fundizt, að það væri á því meiri þörf að spara eyðslu ríkisins og stofnana þess um t. d. 80 millj. kr., sem vel er hægt, og létta með því á skattabyrði þjóðarinnar. Að draga úr þenslunni er það, sem er nauðsynlegra en annað, en það virðist sú eina leið, sem ekki má nefna. Meiri þensla, meiri dýrtíð, hærri laun, hærri skattar, hærra vöruverð, það er nú sem fyrr aðferð núverandi og fyrrverandi fjmrh. Þetta frv. er sem stendur toppurinn á þeim óheillaturni. Héldu þó margir, að hann væri orðinn nægilega hár áður, eftir hina frægu jólagjöf 1956.

Ég skal þá koma nokkuð að því, sem lengi hefur verið eitt höfuðvandamál í okkar fjármálakerfi, en það er vísitöluskrúfan, sem sett var í gang árið 1940 og alltaf síðan hefur verið höfuðbölvaldur í öllum okkar fjármálum. Nokkrir af hinum skynsamari alþm. í stuðningsliði ríkisstj. höfðu fyrir nokkru sagt mér, að nú ætti að skera á hnútinn og afnema vísitöluskrúfuna fyrir fullt og allt. Lét ég um það þau orð falla, að ef þetta yrði gert, þá mætti margar syndir fyrirgefa. Og það er alvara, því að frá upphafi hefur mér verið ljóst, að vísitöluskrúfan væri sú höfuðvilla, sem ekkert þjóðfélag og sízt okkar hið fátæka og smáa gæti staðizt nema um stundarsakir. Þess vegna hef ég beðið eftir þessu frv. með nokkurri óþreyju. Ég vonaði að þessu leyti góðs, vissi líka, að hið eina rétta, sem þessi ríkisstj. hefur gert, er það, þegar hún stöðvaði kaupgjald og verðlag sumarið 1956. Sá Adam var þó ekki lengi í paradís. Hann lifði ekki nema 4 mánuði og kom þess vegna að litlu eða engu haldi. En hvað sem um það er, þá urðu mín vonbrigði mikil, þegar ég hafði lesið þetta frv. Í því er ekkert að finna um afnám vísitöluskrúfunnar annað en það, að í grg. er mjög lauslega að því vikið, hver nauðsyn sé á að breyta til og það muni verða tekið eitthvað til athugunar síðar á árinu. Rannsókn erlendra og innlendra sérfræðinga og margra mánaða starf þeirra hefur þá ekki dugað til þess að gera þessa grundvallarathugun, ekki heldur nærri tveggja ára starf þessarar ríkisstj., sem hefur lofað því hátíðlega að lækna allt okkar fjármálakerfi með varanlegum ráðstöfunum. Það má því geta nærri, hve mikið er að marka þær lauslegu aths., sem um þetta er að finna í grg. þessa frv. á bls. 15.

Frv. sjálft gefur til kynna, að vísitöluskrúfan á að halda áfram og skriðan og veltan og vitleysan, sem því fylgir, alveg brotalaust. Sú aðferð er að vísu ákveðin til að byrja með að borga 9 vísitölustig af 17, sem gert er ráð fyrir að frv. orsaki, með 5—7% almennri lögákveðinni grunnlaunahækkun í stað þess að greiða þessi 9 vísitölustig niður, sem vísast er að mundi kosta 54—60 millj. kr. Samtímis á að sletta því í þá bændur, sem framleiða mjólk til sölu, að hún megi hækka um 5% frá 1. júní. Hinir bændurnir eiga ekkert að fá til jafnvægis hinum háu gjöldum til 15. sept., og þá þykir mér sennilegast eftir fenginni reynslu, að framsóknarmennirnir, sem ráða hinu svonefnda Stéttarsambandi bænda, verði knúðir til að samþykkja fyrir allt saman hækkun á verðgrundvelli um 1.8% eða eitthvað því líkt.

Við launamenn, sem gera kröfur, er aldrei orðuð minni hækkun en 5—10%, en þegar bændur eiga í hlut, kemur annað hljóð í strokkinn. Þeim er talið allt boðlegt, enda búið að koma forustumönnum þeirra í þá úlfakreppu, að með eðlilegri og sanngjarnri verðhækkun afurða er vafasamt, að hægt sé að tryggja samsvarandi eðlilega og réttláta tekjuhækkun heim á heimilin. En samkvæmt þessu frv. á vísitöluskrúfan að halda áfram og þar með vaxandi öfgar og fjármálavitleysa.

Í frv. er ekkert bann við hækkun grunnlauna eða vísitölu. Það má þó með miklum rétti segja, hvað sem öðru líður, að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur haft til þess sterka aðstöðu að afnema vísitöluskrúfuna og stöðva algerlega þá víxlhækkun útgjaldanna, sem er að því komin að eyðileggja allt okkar fjármálakerfi og þar með fjárhagslegt sjálfstæði okkar þjóðar. Á meðan þetta er ekki gert, er það marklaust slúður og einskis nýtt að tala um varanleg úrræði til að bæta úr þeim meinsemdum, sem þjaka fjármál okkar lands. Það er eins um hverja félagsheild og líka heilt þjóðfélag eins og einstaklinginn, að það er enga meinsemd hægt að lækna nema með því að ná í burtu orsökunum, og orsakirnar til meinsemdanna í okkar fjármálum eru vísitöluskrúfan og fylgifiskar hennar ofeyðslan, ábyrgðarleysið og sá mikli skortur á fyrirhyggju, sem einkennir okkar stjórnarfar og aldrei hefur gengið svipað eins langt og nú.

Ég skal taka það fram, að ummæli hæstv. forsrh. í framsöguræðu hans hér í fyrradag

sýndu, að hann gerir sér nú orðið ljóst, hvílíkur voði vísitöluskrúfan er. Hann lýsti því, að slíkt þekktist ekki í nokkru öðru landi í svipaðri mynd og hér, og hann lýsti því, að þetta væri heimatilbúið böl. En þessi hæstv. ráðh. var í sömu stöðu og nú, þegar þessi villa var lögfest fyrst, og síðan eru meir en 18 ár. Nú hefur hann verið stjórnarforseti nærri tvö ár, og aldrei hefur sokkið nærri því eins djúpt og á þeim tíma, og enn sést ekkert bóla á því, að þetta undirstöðuatriði bjargráðanna verði leyst, annað en góð orð þessa hæstv. ráðh. um athugun þess í haust. Ég efa nú ekkert góðan vilja þessa hæstv. ráðh. í þessu efni, og ég reikna ákveðið með því, að hann hafi lýst sínum skoðunum af einlægni. Og mér er það ánægjuefni, að hann virðist nú hafa sömu skoðun á þessu sem ég hef haft í 18 ár og aldrei farið dult með. En þótt svo sé, er engin vissa fyrir neinum framkvæmdum í rétta átt um þetta mál frekar á næstunni en undanfarið, og það gera þeir samstarfsmenn, sem hæstv. forsrh. hefur með sér. Þeir eru fáir líklegir til að fylgja honum á þeirri leið. Þess vegna eru ekki miklar líkur fyrir réttri afgreiðslu. Það er líka stórum verra í alla staði að ná réttu marki, ef það fráleita frv. verður áður samþykkt, sem hér er til umr.

Varðandi vísitöluskrúfuna er sérstaklega nauðsynlegt að sjá, ef til er, álit þeirra sérfræðinga erlendra og innlendra, sem til hafa verið kallaðir, og heimta nefndir Alþingis væntanlega að fá að sjá þau skjöl.

Hér reis upp í fyrrakvöld hæstv. fjmrh. og talaði, eins og stundum áður, af miklum þjósti og yfirlæti. Þóttist þessi herra nú þess umkominn að siða formann Sjálfstfl., hv. þm. G-K. (ÓTh), og lézt þá tala í umboði þjóðarinnar. Ég vil segja honum og öðrum það, að í nafni þjóðarinnar getur hann ekki talað, því að með allri sinni glæframennsku hefur hann glatað trausti almennings. Mun þó þetta frv. reka þar endahnútinn á, því að allt ber það svip og einkenni þessa ráðh., enda leyndu sér ekki móðurtilfinningarnar í þeirri ræðu, sem hann var hér að enda við að flytja. Það var líka hann, sem sveikst aftan að sínum samstarfsmönnum, sem eru honum að öllu leyti miklu fremri, á meðan hann var í fyrrverandi ríkisstj., og fór á harða hlaupi yfir til andstæðinga þeirrar stjórnar. Erindið var að fá þessa andstæðinga til að hjálpa þessum herra til að koma sínum öfgaráðum í framkvæmd og það gegn sjálfstæðismönnum, bæði þeim ráðum, sem nú eru á prjónunum, og öðrum, sem áður eru þekkt. Áður þóttist þessi pólitíski braskari vera mjög andvígur kommúnistum, en síðan þetta gerðist, hefur hann verið fastbundinn við þeirra samvinnu og m. a. unnið gegn sínum samstarfsmönnum í Alþfl., eins og nú er orðið alkunnugt.

Margir aðilar í núverandi stjórnarflokkum hafa unnið að því á undanförnum árum að eyðileggja fjármál okkar lands, beint og óbeint. Þó hefur enginn einn maður átt í því eins mikinn hlut og hæstv. fjmrh. að leiða þjóðina út á gjaldþrotabrautina. Virðist líka augljóst, að núverandi stjórn hætti ekki fyrr en gjaldþrotið blasir við allra augum, því að hún vinnur að því öllum árum að koma þeim á höfuðið, sem upp úr hafa staðið.

Ég vil nú til viðbótar því, sem hv. þm. G-K. sagði í fyrradag, segja það, að okkur sjálfstæðismönnum finnst það ekki til mikils að senda till. um okkar úrræði í hendur þeirra ráðleysingja, sem nú fara með völd, því að oftast veltur á miklu, hvernig með framkvæmdina er farið. Þegar við sjáum leiðir til að framkvæma sjálfir okkar úrræði, þá mun ekki standa á þeim, og þegar okkur verður afhent þrotabú vinstri stjórnarinnar, þá mun okkar flokkur taka til sinna ráða, eins og góðum skiptaráðanda hæfir. En það veit þjóðin öll, að í meðferð gjaldþrotabúa er aldrei góðra kosta völ.

Nú hef ég að nokkru leyti lýst því, hvað ég tel helzt þurfa að gera og hvað helzt beri að varast, en í aðalatriðum gengur þetta frv. þar í öfuga átt.

Ég skal ekki fara mikið út í það að svara þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. var hér að enda við að halda, en í henni var það augljóst, að það er hann, sem er aðalhöfundurinn að þessu frv., eins og búast mátti við, því að hann er eini ráðh., sem hér hefur talað, sem hefur lýst þessu sem einhverju hinu mesta ágætismáli og nauðsynlegu á allan hátt. Ég geri ráð fyrir því, að mínir flokksmenn muni svara þessari ræðu nokkuð. Hún var ekki flutt af eins miklum þjósti eins og ræðan í fyrrakvöld, og margt í henni á þá leið að reyna að útskýra, hvað það væri, sem fyrir manninum vakti. En það var auðheyrt, að hann taldi það sérstaklega nauðsynlegt, hæstv. ráðh., að koma þessu fram, bæta við fúlguna, sem áður er byrði á þjóðinni, þessum 790 millj. kr., og það væri auðvitað öllum til góðs, það væri til þess að létta undir með framleiðslunni og allri þjóðinni, og ef þetta væri ekki gert, þá væri hér allt í voða, allt mundi þá sökkva, allir atvinnuvegir stöðvast, atvinnuleysi skapast o. s. frv.

Það eru þó örfá atriði í þessari kjarabótaræðu hæstv. ráðh., sem ég vildi aðeins víkja að, og mætti margt um það segja, að það séu sérstakar kjarabætur t. d. fyrir landbúnaðinn að hækka tilbúinn áburð og fóðurbæti og vélar með 55% yfirfærslugjaldi. En rökin fyrir því, að þetta væri ágætt fyrir landbúnaðinn, voru þau, að heyöflunin væri orðin svo dýr, að það væri ekkert vit í því að leyfa bændum að kaupa ódýran tilbúinn áburð og fóðurbæti, því að það gerði þeim framleiðsluna ódýrari en ella, og svipuð voru rökin yfirleitt hjá hæstv. ráðh. varðandi atvinnuvegina. Þó fannst mér hann taka alveg steininn úr, þegar hann fór að tala um, hvað þetta væri ákaflega nauðsynlegt fyrir iðnaðinn. Mér hafa sagt kunnugir iðnaðarmenn, að þetta frv. muni gera það að verkum, að margar verksmiðjur og fyrirtæki, sem hér eru starfandi, verði að loka og hætta sinni starfsemi, ef þessi vitleysa verður lögfest.

Þá fór hæstv. ráðh. að taka undir það, sem hæstv. menntmrh. flutti hér um kvöldið, þegar hann var að segja frá því, að ef reiknað væri eftir þessum sömu reglum eins og gert er með útgjöldin af þessu frv., þá mundi gengisfallið

1950 hafa kostað þjóðina 900 millj. Það er nú eiginlega furðulegt, að það skuli vera prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, sem kemur með svona vitleysu fram fyrir Alþingi. En það er auðséð, að hann er orðinn smitaður af sínum sessunaut og þess vegna gengur þetta svona langt.

Nú hef ég hér í höndunum verzlunarskýrslur fyrir árið 1956. Í þeim sést, að allur útflutningur á árinu 1949 var 425 millj. kr., og það er hér í þessum verzlunarskýrslum reiknað beinlínis út, hvað þetta hefði orðið mikið, ef það er umreiknað eftir því gengi, sem tók gildi þann 20. marz 1950. Þá hefði verð þessa innflutnings alls orðið 710 millj. kr., alls innflutningsins, m. ö. o. hækkunin er 285 millj. kr., og frá því má þá vissulega draga það, að felldar voru niður niðurgreiðslur, sem voru áður á vörum, þegar gengisfallið var gert, og þá nam 70 millj. kr.

Eftir þessari skýrslu hefur þess vegna gengisfallið, að frádregnum þessum 70 millj. kr., kostað eftir sama reikningi og við reiknum þetta frv. 215 millj. kr. Auðvitað hefur það hækkað svo áframhaldandi, og því hefur verið haldið fram og réttilega, að þetta gengisfall hafi verið allt of lítið, þess vegna hafi þurft að grípa til bátagjaldeyrisaðferðarinnar. Þetta er rétt. Það þurfti, og menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er allt öðru máli að gegna nú. 1949 er 425 millj. kr. innflutningur alls. Nú er samkvæmt þessari skýrslu innflutningurinn alls kominn upp í 1469 millj. kr. árið 1956. Þess vegna er það, að breytingin að þessu leyti er svo gífurleg frá því, sem var 1949—50.

Að öðru leyti geri ég ráð fyrir því, að mínir flokksmenn, sem hér hafa áður talað, svari einhverju af því, sem hæstv. fjmrh. var hér með áðan og var byggt á miklum hugsunarvillum og blekkingum, eins og oft á sér stað hjá þessum hæstv. ráðh.

Þetta stóra og afdrifaríka frv. fer nú til hv. fjhn. þessarar d., sem er einhver merkasta n. Alþingis. Ég var í þessari n. um 15 ára skeið, en þegar núverandi stjórn tók við, þá mæltist ég undan því í mínum flokki að vera þar áfram. Mér leizt þannig á forustuna, að eigi væri mikil von um góða samvinnu. Í minn stað er líka kominn í n. vel lærður hagfræðingur, hv. 9. landsk. En þessi hv. n. tók til sinna ráða fyrir 15 árum, eða á Alþingi 1943, þegar fyrir hana var lagt stjórnarfrv. um dýrtíðarmál eins og nú. Hún vakti nokkrar nætur og lagði við dagana, umturnaði gersamlega frv. og færði það í viðunandi horf. Þáverandi ríkisstj. undi illa við, en ekki sagði nema einn ráðh. af sér. Fjhn. fékk fylgi meiri hluta Alþingis og bar fullan sigur af hólmi. Er þetta einn af merkari atburðum þingsögunnar í innanríkismálum síðari áratuga.

Ég vildi nú óska hv. fjhn. að þessu sinni þeirrar gæfu, að henni megi auðnast að feta í okkar fótspor frá 1943 og umturna þessu frv. þannig, að það komist í viðunandi horf.

Tvennt er það, sem styður að því, að ætla mætti, að þetta gæti tekizt. Í fyrsta lagi það, að þetta frv. er miklu háskalegra og gallaðra í alla staði en stjórnarfrv. 1943, sem við í fjhn. þessarar d. hentum niður fyrir bakkann. Í öðru lagi það, að í fjhn. nú eru tveir sömu menn sem 1943 og báðir í liði hæstv. ríkisstj. Hv. þm. V-Húnv. (SkG) er að vísu búinn að hlaupa svo lengi á villigötum Eysteinskunnar, að honum kann að verða örðugt að grípa til viturlegra hliðarstökkva. En aldrei er vonlaust um sæmilega greinda menn, að þeir geti áttað sig og komizt á rétta leið. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hefur nú lýst sig andvígan þessu frv., svo sem eðlilegt er. Hann hefur, ef ég man rétt, haldið fleiri ræður, harðari og lengri en nokkur annar, á móti hinum svonefnda bátagjaldeyri. Hann var líka afnuminn á síðasta þingi og sjálfsagt að ráðum þessa hv. þm. En nú ber aftur nýrra við. Þetta frv. er, eins og ég hef áður sagt og sannað hefur verið, sambland af gengislækkun og hátollun á allar aðfluttar vörur. Það er næstum allt á bátagjaldeyrislínunni, ekki einfaldri, eins og áður var, heldur sjö- eða áttfaldri. Áður voru á bátagjaldeyri nokkrar ónauðsynlegar vörur, nú eiga að vera þar allar vörur, jafnt brýnustu lífsnauðsynjar og ómissandi rekstrarvörur framleiðslunnar eins og skran og hvers konar óþarfi. Enginn maður ætti að vera ólíklegri til að fylgja slíku en sá, er áður barðist mest gegn öllum bátagjaldeyrisaðferðum. En hvað sem líður þessum tveimur þm., sem voru í fjhn. 1943 og einnig nú, þá veit ég, að hinir þrír eru það greindir menn og velviljaðir, að þeim er vel til þess trúandi að leggja á sig mikla vinnu til að gera gagn. Þótt lengja þyrfti þingtímann um eina viku enn, þá eru það smámunir hjá hinu, ef hv. fjhn. gæti tekizt að vernda sæmd Alþingis með því að koma í veg fyrir, að þessi merkasta stofnun Íslendinga, sjálft Alþingi, kalli yfir sig þá nagandi smán, sem af því mundi leiða að afgreiða sem lög þann furðulega óskapnað, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi.

Ég skora á hv. fjhn. okkar d. að gera tilraun til að bjarga málinu. Það væri Alþingi til sóma. Í von um, að þetta geti tekizt á næstu dögum, ætla ég nú að láta máli mínu lokið.

Angantýr Guðjónsson: Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, gaf hún m. a. sérstök fyrirheit um það, að dýrtíðinni skyldi haldið í skefjum og kaupmáttur launa skyldi aukinn og skattbyrðum létt af öllum almenningi. Þessi yfirlýsing var í samræmi við yfirlýsingu hæstv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar, sem jafnframt er forseti Alþýðusambands Íslands, en í útvarpsræðu, sem hann flutti skömmu fyrir alþingiskosningarnar 1956, sagði hann m. a.: „Það er bjargföst skoðun núverandi stjórnar Alþýðusambands Íslands, að nú ríði verkalýðshreyfingunni lífið á að eignast svo sterkan þingflokk á Alþ., að skuldbindi þá stefnuskrá Alþýðusambandsins, að gengislækkun og lögbindingu kaups og vísitöluskerðingu og nýju skattaflóði verði ekki með neinu móti komið fram á Alþ.“

Menn spyrja nú: Hverjar hafa orðið efndir þessara stóru loforða, sem stuðningsflokkar hæstv. núv. ríkisstj. töldu sig skuldbundna af? Fyrsta verk hæstv. ríkisstj. til að efna loforðin var vísitöluskerðing sú, sem kom til framkvæmda haustið 1956, en þá voru 6 vísitölustig tekin af launþegum. Um leið var þeim gefið hátíðlegt

loforð hæstv. forsrh. fyrir því, að þetta væri aðeins gert í því skyni að auðvelda raunhæfar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem byggðust á því að auka kaupmátt launa og lækka dýrtíðina, allsherjar úttekt þjóðarbúsins stæði fyrir dyrum og sú úttekt skyldi allri þjóðinni kunngerð. Þing Alþýðusambands Íslands var haldið rétt fyrir áramótin 1956, og var þar rætt allmikið um væntanlegar ráðstafanir í dýrtíðar- og efnahagsmálum þjóðarinnar og þess óskað, að ríkisstj. gæfi fulltrúum skýrslu um, hvað liði efnahagsráðstöfunum þeim, sem boðaðar hafa verið.

Hæstv. félmrh. hafði þó ekki aðstöðu til þess að gefa þinginu þessar upplýsingar, en hæstv. félmrh. og forseti Alþýðusambands Íslands fullvissaði þingheim enn einu sinni um það, að ekkert yrði gert af hálfu ríkisvaldsins, sem hefði í för með sér auknar skattaálögur eða rýrnandi kaupmátt launa. En þrátt fyrir þessar margendurteknu yfirlýsingar ríkisvaldsins um, að ekki yrði gengið á rétt launþega, taldi Alþýðusambandsþingið nauðsynlegt að marka stefnu sína skýrt og ákveðið í efnahagsmálum og samþ. ályktun þess efnis m. a., að ekki kæmi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar yrði mætt með auknum skattaálögum á almenning, og var 19 manna n. kosin á þinginu til þess að fylgja þessum kröfum fram. Í þessa n. voru valdir einkum þeir forustumenn núverandi stjórnarflokka innan verkalýðshreyfingarinnar, sem mest höfðu fordæmt skattaálögur, kaupbindingu, vísitölufals og gengisfellingu. En varla hafði þessi n. verið kosin og fulltrúarnir komnir heim af þingi, er birtar voru dýrtíðarráðstafanir hæstv. núv. ríkisstj., en þær voru, sem kunnugt er, 300 millj. kr. álögur í nýjum sköttum á margar helztu neyzluvörur almennings. Þetta var þá úttektin og bjargráðin, sem áttu að hafa í för með sér aukna kaupgetu almennings og bætt kjör. Brá nú flestum heldur en ekki í brún eftir öll fögur loforð, og fannst víst mörgum launþegum þeir illa sviknir.

19 manna n. samþykkti þessar ráðstafanir þrátt fyrir stefnuyfirlýsingar Alþýðusambands Íslands, enda lofaði nú hæstv. ríkisstj. því, að þetta mundi koma efnahagsmálum þjóðarinnar á réttan kjöl og ekki þyrfti að leggja á þjóðina nýja skatta næstu árin og verðlag mundi ekki hækka, vegna þess að strangt verðlagseftirlit yrði tekið upp í samvinnu við verkalýðsfélögin. Allir þekkja nú efndir hæstv. ríkisstj. á þessum loforðum, þær sýna sig m. a. í stórkostlegri skattaálögum en nokkru sinni áður hafa verið lagðar á þjóðina. En það var ekki nóg að leggja þannig skatta á allan almenning, heldur var vísitalan fölsuð á skipulagðan hátt, einmitt af þeim sömu mönnum, sem áður höfðu mest óskapazt vegna þeirrar vísitölufölsunar, sem þeir töldu eiga sér stað í tíð fyrrverandi ríkisstj. Á þeim árum sagði einn af fulltrúum í 19 manna n.: „Verið getur, að einstakir ráðh. ætli sér þá dul að stjórna landinu með lognum og fölsuðum tölum, en reyndin mun verða sú, að fólki gengur illa að lifa á þeim, og kannske líður ekki á löngu, þangað til þeir eiga sér formælendur fáa.“ Ég geri ráð fyrir, að öllum almenningi gangi illa að lifa á bjargráðum hæstv. ríkisstj., og veit, að hún á sér nú formælendur fáa, ekki sízt innan verkalýðshreyfingarinnar, þó sjálfsagt að undanskildum hæstv. félmrh., en það er ef til vill skiljanlegt, þar sem hann hefur í áraraðir verið embættismaður ríkisins og það hálaunaður og þekkir því ekki þau kjör, sem allur almenningur á nú við að búa. Það kom fljótt í ljós, að skattaálögur þær, sem lagðar voru á um áramótin 1956—57, voru lítil bjargráð. Vöruverð hækkaði, kaupgeta almennings rýrnaði og allstór hópur launþega fékk þó nokkra leiðréttingu mála sinna s. l. sumar með lagfæringu á kaupi og kjarasamningum, sem bættu heldur aðstöðu einstakra starfsgreina, svo sem iðnverkafólks, verzlunarmanna og sjómanna.

Á s. l. hausti kom svo til umræðu í mörgum verkalýðsfélögum, hvað gera ætti í kaup- og kjaramálum. Nitján manna nefndin hafði þá setið á rökstólum og rætt ástandið. Féllst nefndin þó á, að enn skyldi verðstöðvunarstefnan reynd, en þá lá fyrir enn eitt loforð hæstv. ríkisstj., gefið af sjálfum hæstv. forsrh., að gengið yrði ekki fellt meira en orðið væri og hefði hæstv. forsrh. lagt sérstaka áherzlu á þetta atriði. Efndir þessara loforða sjást nú bezt á því bjargráðafrv., sem nú liggur fyrir. Er gengið raunverulega fellt meira en nokkru sinni fyrr. Verkalýðsfélögin sögðu ekki upp samningum sínum á s. l. hausti þrátt fyrir stóraukna kjararýrnun, vegna þess að margir forustumenn verkalýðsfélaganna trúðu enn fullyrðingum hæstv. ríkisstj. um, að ekki yrði um auknar skattaálögur að ræða eða gengisfellingu, og vildu þeir þess vegna bíða átekta enn um stund.

Þegar leið á árið, boðaði hæstv. ríkisstj., að bjargráðin frá árinu áður mundu ekki reynast einhlít til björgunar þjóðarbúskapnum, það mundi því verða nauðsynlegt að leggja nýjan skatt á þjóðina. Um upphæð þessa nýja skatts fóru svo tvennar sögur. Blað stærsta stjórnmálaflokksins, sem styður hæstv. núverandi ríkisstj., sagði, að álögurnar yrðu aldrei meiri en 90 millj. kr., en önnur stjórnarblöð létu í það skína, að meira þyrfti við.

Dagar, vikur og mánuðir liðu. Búizt var við hinum nýju bjargráðum eftir síðustu áramót, en tíminn leið, án þess að þau sýndu sig. Þá stóð yfir stjórnarkosning í verkalýðsfélögunum, og töldu margir aðstandendur bjargráðanna, að það hefði óheppileg áhrif fyrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. innan verkalýðsfélaganna, ef þau kæmu fram á þeim tíma. Þannig lauk stjórnarkosningu í verkalýðsfélögunum, að engin sáust bjargráðin, og enn biðu menn. Þegar leið á s. l. mánuð, tók að gæta ókyrrðar í mörgum verkalýðsfélögum, svo sem eðlilegt var, þar sem óðum leið að uppsagnarfresti félaganna. Blöð stjórnarflokkanna boðuðu bjargráðin viku eftir viku og dag eftir dag, en ekkert gerðist. Ólgan óx í verkalýðsfélögunum, og mörg þeirra sögðu upp gildandi kaup- og kjarasamningum rétt undir síðustu mánaðamót, og var svo 19 manna nefndin loksins kölluð saman og þá aðeins til þess eins að taka afstöðu til bjargráðanna, eins og þau lágu fyrir frá hæstv. ríkisstjórn. Miklar umræður og deilur urðu í n. um málið, en engin fékkst breyting. Niðurstaðan varð svo sú, sem kunnugt er, að atkv. hæstv. félmrh. og annars manns, sem ekki

hafði þó atkvæðisrétt um málið, réð úrslitum um það, að n. samþykkti ekki bein mótmæli gegn bjargráðunum, og þó var svo að hæstv. félmrh. þrengt, að hann sjálfur, sem er einn aðalhöfundur bjargráðanna, varð að greiða atkv. með till., sem taldi, að fallið hefði verið frá hinni svonefndu verðstöðvunarstefnu.

Augljóst er, að það, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fram í dýrtíðar- og efnahagsmálum, verður þess valdandi, að allt verðlag stórhækkar og lífsafkoma launþega versnar að sama skapi. Öll loforð hæstv. ríkisstj. um bætta afkomu launþega hafa reynzt blekkingar einar. Með þessum síðustu ráðstöfunum er stefnt út í hreint öngþveiti í efnahagslífi þjóðarinnar. Kaupgeta almennings rýrnar, allar verklegar framkvæmdir dragast saman, með þeim afleiðingum, að atvinnuleysi og skortur er á næsta leiti. Sú kauphækkun, sem launþegunum er heitið, á sér enga stoð í veruleikanum, þar sem vísitalan er skert strax sem þeirri upphæð nemur og reyndar meira en það. Fyrir hina íslenzku þjóð er fram undan stóraukin dýrtíð og launarýrnun samfara atvinnuleysi, sem kemur í kjölfar minnkandi kaupgetu og aukinnar dýrtíðar. En hvenær rís verkalýður landsins einhuga upp gegn ráðlausu fálmi þeirra, sem ginntu hann til fylgis við sig með fögrum fyrirheitum? Sú stund getur ekki verið langt undan.

Ásgeir Sigurðsson: *Herra forseti.* Eins og sannazt hefur við umræðurnar um frv. það, sem á dagskrá er í hv. d., þá felur það í sér gífurlega auknar álögur á þjóðina, enda þótt tillögurnar eigi um leið að vera vísir til bjargráða. Þessi stefna, að bæta sífellt nýjum álögum á, er vonlaus sem bjargráð og gerir allar raunhæfar ráðstafanir eða aðgerðir erfiðari og tilfinnanlegri fyrir fjöldann, þegar eigi verður lengra komizt á óheillabrautinni. Það hljóta allir að sjá, hvílík dýrtíðaralda af þessu rís. Ég er því fyllilega sammála þeim, sem andvígir eru þessu frv.

Einstakir liðir þessa flókna máls hafa verið nokkuð skýrðir við umræður málsins, svo að það liggur ljósara fyrir, hverju þjóðin má búast við, og ég mun ekki frekar fara út í það að sinni. En það er í tilefni af ummælum hæstv. viðskmrh., sem ég tek aðallega til máls. Hann sagði í ræðu sinni hér á Alþ. við umræðurnar um þetta frv., að einn stærsti flokkur þjóðarinnar hefði verið að æsa til verkfalla, bæði flugmenn og farmenn, og sagði þá hæst launuðu í landinu. Ég vil lýsa því sem ósannindum, að nokkur pólitískur flokkur hafi komið nálægt því, að því er við kemur Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Enginn annar tók ákvörðun um það, að þessi félög skyldu segja upp samningum og reyna að komast að samningum án verkfalls. Það voru félögin sjálf. Það er vitanlegur hlutur, að þegar félögin fá engar viðræður og engar bætur, en telja sér þær nauðsynlegar með samningsuppsögn, þá verða þau að fara í verkföll, á meðan verkföll eru leyfð í þessu landi. Það er því algerlega ástæðulaust og rangt að vera að halda þessu fram. Þetta var að vísu gert og þetta var borið út um allt land í ýmsum blöðum stjórnarinnar s. l. ár til þess að reyna að baka óvild sjómönnum og samtökum þeirra. En hins vegar tókst það ekki, því að ríkisstj. sá, að það var ekki um annað að gera en semja við þessa menn eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins, og hún viðurkenndi með samningunum, sem gerðir voru við mennina, að það var rétt, sem þeir fóru fram á, að þeir þyrftu að fá lagfæringar. Að vísu fengu það ekki allir á skipunum. En það var eins og vant er, að það var verið að reyna að skipta mönnum í flokka eftir því, hvaða stöðu þeir höfðu á skipunum, og þeir, sem höfðu verið hæst launaðir, fengu að vísu ekki neitt, en allir hinir fengu nokkrar bætur og sumir allverulegar. Og það er vissulega óhætt að þakka það, vegna þess að þeim bar það og það var nauðsynlegt fyrir þá. En ég vil, um leið og ég segi frá þessu, taka það fram, að hæstv. viðskmrh., Lúðvík Jósefsson, kom á marga fundi með okkur og talaði mjög vinalega og vinsamlega við okkur um það, að allir flokkarnir fengju einhverja lagfæringu, meira að segja sendi hann okkur tryggingarfræðing til þess að kenna okkur, hvort heppilegra væri fyrir okkur að taka lífeyrispólisur, sem eru skattfrjálsar, heldur en fá hærri kauphækkanir, sem yrðu svo teknar aftur að mestu leyti í sköttum og útsvörum. Þetta var sönnun þess, að þessi hæstv. ráðh. leit þannig á, að það væri ekki rangt, að allir fengju eitthvað. En hins vegar varð raunin sú, að það urðu ekki nema þeir, sem voru lægra launaðir á skipunum, sem fengu allverulega lagfæringu. En það er alveg ágætt. Þetta sýnir þá og sannar, að þessi hæstv. ríkisstj. er að reyna að búa til þá flatsæng fyrir þjóðina, sem hún sjálf hefur búið sér. Hún vill láta alla vera við sömu jötuna, alla hafa sömu laun, hvaða stétt sem þeir tilheyra og hvaða stöðu sem þeir hafa í þjóðfélaginu, eftir þessari stefnu að dæma. Ég vil ekki á nokkurn hátt víta það. Það getur vel skeð, að það sé það réttasta og bezta, að allir séu jafnir í launum. En ég verð að segja, að það er alveg sannanlegt, að það verður ekki til þess að ýta undir það að fá ötula og góða menn í ábyrgðarstöðu að gera þá jafna við þá, sem þeir eiga að stjórna. Og það þekkist víst ekki í neinu landi, nema það væri á Íslandi, eins mikið jafnræði, sem er að sumu leyti gott, en getur farið út í öfgar, eins og hér hjá okkur.

En það, sem ég vildi segja enn fremur í sambandi við þetta mál nú, er það, að löngum hefur verið talað um það, að gjaldeyrir sá, sem sjómennirnir fá, sem er um 30% af launum þeirra, þegar þeir fara til annarra landa, bæði fiskimenn og farmenn, eigi að vera hlunnindi fyrir þá. Það hefur verið flaggað mikið með það, að það væru hlunnindi fyrir sjómennina að fá þennan gjaldeyri. En nú eiga þeir að borga 55% af honum. Og þegar maður aðgætir það, að áður voru það hlunnindi, sem þeir áttu að fá fyrir það, að þeir voru útilokaðir frá félagslífi og heimilislífi og frá því að laga fyrir sjálfum sér á heimilum sínum eftir venjulegan vinnutíma eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins geta gert, þá er sannarlega ráðizt einmitt á þessa stétt nú í þessu frv. Og það vil ég undirstrika, að það er mjög mikil óánægjualda meðal sjómanna einmitt út af þessu atriði. Ef menn vilja gera sér ljóst,

að þetta 55% álag á sjómannagjaldeyrinn er hvorki meira né minna en 16.6% launalækkun fyrir þessa menn, og það er ekki svo lítið, þegar það áður var miðað við það, að þeir fengju það einmitt fyrir að vera sjómenn, og þegar maður enn gætir frekar að því, að það hefur komið til mála, að sjómenn fengju meira eða minna skattfrelsi á launum sínum, þá væri hér gullið tækifæri einmitt fyrir ríkisstj. til þess að sætta sjómennina við það að vera á sjónum og jafnvel til þess að hæna fleiri að því að koma á sjóinn að láta ekki þetta gjaldeyrisákvæði ná til sjómannanna líka. Það hljóta allir góðir menn að sjá. Nú er það vitað, að við höfum orðið á undanförnum árum að fá menn í hundraða- og jafnvel í þúsundatali frá annarri þjóð til þess að sigla á skipunum okkar, vegna þess að sjómennirnir hafa fengið betri laun annars staðar en á sjónum og talið sér heppilegra að vera í landi og vinna við önnur störf, þá væri þetta einmitt tækifæri til þess að reyna að breyta því og útiloka þessa þörf fyrir erlenda menn á skipunum með því einmitt að láta sjómennina íslenzku fá þennan gjaldeyri á því verði, sem hann er löglega skráður á, þó að þetta hafi verið sett í frv., að það skuli borga 55% gjald af þessum peningum eins og öðrum. Það er sem sé mjög alvarleg ábending til hæstv. ríkisstj., að hún athugi þetta gaumgæfilega, áður en gengið verður frá frv. hér á þingi.

Mér þykir leitt, að hæstv. viðskmrh. var ekki viðstaddur, þegar ég sagði þessi orð um verkfallið. Ég sagði, að hann hefði sagt, að stærsti flokkur þjóðarinnar hefði verið að æsa til verkfalla þá hæst launuðu í landinu, svo sem flugmenn og farmenn, og ég mótmælti því harðlega, vegna þess að það er enginn fótur fyrir því. Það hefur enginn stjórnmálaflokkur komið nálægt því máli. Það ákváðu mennirnir algerlega sjálfir án þess að tala við nokkurn stjórnmálamann. Og það veit hæstv. ráðh. líka, að í þeim samtökum eru menn úr hans flokki, og hann hefði getað fengið upplýsingar um það hjá þeim, ef hann tekur ekki mín orð trúanleg.

Ég vil svo ekki orðlengja meira um þetta, en ég vil aðeins segja það, að mér þykir leitt, að þessu skyldi hafa verið blandað inn í umr. hér á hinu háa Alþ., og ég vil fyrir hönd sjómannasamtakanna eða fyrir hönd yfirmannasamtakanna lýsa því yfir, að það er mjög mikil og hörð óánægja einmitt út af þessu ákvæði, því að þeir telja sig þarna verða fyrir mjög miklu óréttlæti, vegna þess að áður var viðurkennt, að þeir ættu að fá þessi hlunnindi fyrir það að vera sjómenn.

Þá vil ég að lokum aðeins geta þess, að það er einn hópur þarna um borð í skipunum enn þá, einn af þessum fastlaunuðu, sem ekki hefur annað en sín föstu laun við að búa, sem verður fyrir þeim heiðri, að hæstv. ríkisstj. heiðrar hann eðru sinni með því að láta þann flokk einan verða undanskilinn því að fá þessi vesölu 5%. Það gerir ekkert til. Við erum mjög ánægðir með það og þökkum hjartanlega fyrir, að það skyldi einmitt verða tvívegis á sama árinu, að ríkisstj. heiðraði okkur. En við viljum ekki að hún heiðri okkur með því að segja ósatt um samtökin okkar eða okkur yfirleitt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Í umræðunum um þetta mál á miðvikudaginn komu hér fram ýmis þau atriði, sem mér þykir ástæða til þess að víkja hér nokkuð að, og þá voru hér einnig lagðar fram nokkrar fsp. af stjórnarandstöðunni, sem ástæða er til líka að svara.

Ég hygg, að réttast sé, að ég svari hér með nokkrum orðum þeim fsp., sem hv. þm. G-K. beindi hér til ríkisstj. og varða sérstaklega sjávarútvegsmál eða þann málaflokk, sem ég hef með að gera. Hann las hér upp spurningalista, 20 spurningar samtals. Það er svona eins og meðallandspróf, en þar voru spurningar varðandi sjávarútveg. Sú fyrsta var á þessa leið: Hverjar eru tekjur útflutningssjóðs eftir núverandi kerfi, og hverjar verða tekjur hans eftir frv., ef gengið er út frá í báðum tilfellum sams konar innflutningi á vörum til landsins? Samanburðurinn er á þessa leið, og miða ég þá við þær áætlanir, sem lagðar hafa verið til grundvallar í sambandi við undirbúning þessa frv. Tekjur útflutningssjóðs eru þá áætlaðar samkv. núgildandi lagaákvæðum 508.7 millj. kr., sem skiptast þannig, að af vöruinnflutningi eru tekjurnar 430.7 millj. kr., af duldum greiðslum 13 millj. kr. og af ýmsum aukatekjum 65 millj. kr.

Þetta eru sem sagt tekjurnar, sem útflutningssjóður býr við samkv. núgildandi lögum, miðað við þann innflutning eða þá gjaldeyrissölu, sem hér er lögð til grundvallar. Með sams konar gjaldeyrissölu yrðu tekjur sjóðsins samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, samtals 1155.1 millj. kr. En hér er um algera brúttótekjuupphæð að ræða vegna þess, sem ég skal koma nánar að síðar, að hér er varla um nema bókhaldslegar tekjur að ræða í sumum tilfellum, þar sem sami aðilinn gerir hvort tveggja að greiða í sjóðinn og taka úr honum jafnvel samstundis jafnháa upphæð aftur. Þannig er þetta t. d. með tekjur af duldum greiðslum og gjöld aftur af duldum tekjum, sem inn koma. Þar er reiknað með, að út og inn gangi rösklega 200 millj. kr. Og í sambandi við rekstrarvörur framleiðslunnar er þarna um að ræða rösklega 200 millj. kr. einnig, þar sem aðeins er um hreina millifærslu að ræða á milli sömu aðila.

Það er því raunverulega um það að ræða, að samkvæmt þessu frv. verði tekjur útflutningssjóðs nú, þegar þetta er borið saman á sambærilegan hátt, um 752 millj. kr. á móti 508 millj. kr., eða tekjuhækkun raunverulega hjá sjóðnum má teljast rösklega 240 millj. kr., og það er gerð grein fyrir því, hvernig hinum raunverulega tekjuauka sjóðsins er varið. Sjóðurinn yfirtekur nú beinar greiðslur vegna ríkissjóðs, þannig að hann hefur af því aukin útgjöld frá því, sem áður var, upp á 61 millj. kr., og svo tekur hann að sér greiðslur til atvinnuveganna upp á 180 millj. kr. umfram það, sem verið hefur og ég skal gera nánari grein fyrir síðar, og er þá gerð grein fyrir öllum tekjuaukanum, í hvað hann hefur farið.

Önnur spurningin hjá hv. þm. G-K. var þannig: Hver er hækkun útflutningsbótanna til sjávar-

útvegsins? — Ef maður tekur nánar fyrir útflutningsbæturnar sjálfar, þá mundu þær vera samkvæmt þeirri áætlun, sem nú er til grundvallar, samkvæmt núgildandi kerfi til sjávarútvegsins 440 millj. kr., en samkvæmt frv. mundu heildargreiðslurnar til sjávarútvegsins verða 732 millj. kr., eða öll hækkunin 292 millj. kr. Þessu er þannig varið, að það, sem hér er um að ræða, er, að af þessum 290 millj. eru um 200 millj. kr., sem eru beinlínis hækkun á bótum vegna hækkunar á rekstrarvörukostnaði, og svo eru um 50 millj. kr. auknar bætur vegna þess, að kaupgjald hækkar, og svo er um tæplega 50 millj. kr. hækkun að ræða á bótum vegna þess, að bætur eru auknar til nokkurra þátta sjávarútvegsins frá því, sem áður var, og er þar fyrst og fremst um að ræða auknar bætur til togaranna og hækkaðar bætur til síldarútvegsins til þess að mæta verðfalli, sem hafði orðið á afurðunum.

Þá var þriðja spurningin: Hverjar eru forsendur þess, að hækka verður bæturnar? — Það hefur komið hér allskýrt fram í umræðunum, að ástæðurnar til þess, að hækka verður bæturnar, eru þessar í höfuðatriðum: Rekstrarvörur eru hækkaðar verulega í verði, og það þurfti að hækka bæturnar sem því nam. Það þótti rétt að bæta kjör togaranna frá því, sem verið hefur, og það þurfti aukin útgjöld vegna þess. Það þurfti að hækka bæturnar til síldveiðanna og einkum í sambandi við Norðurlandssíldveiðarnar, vegna þess að þar var um verulegt verðfall að ræða frá árinu á undan. Þá verður einnig nokkur hækkun á útflutningsbótunum vegna þess, að nú eru bæturnar meira samræmdar en áður var, en það hefur leitt til þess, að nokkrir þættir hækka heldur, og svo í síðasta lagi hefur þurft að hækka bæturnar vegna þess, að nú er gert ráð fyrir ákveðinni kauphækkun.

Þá var hér fjórða spurningin á þessa leið: Hefur Landssamband ísl. útvegsmanna samþykkt að breyta þeim samningi, sem ríkisstj. gerði við útvegsmenn um síðustu áramót, og ef svo er ekki, telur ríkisstj. þá heimilt að lögfesta stórfelldar breytingar á hinum umsömdu fríðindum án samþykkis landssambandsins?

Það er ekki rétt, að það hafi verið gerður neinn formlegur samningur á milli landssambandsins og ríkisstj. Það samkomulag, sem gert var um síðustu áramót, var á svipaða lund og áður eða þannig, að 30. des. 1957 ritaði sjútvmrn. landssambandinu bréf og tilkynnir þar, að það muni hlutast til um, að útvegsmenn fái ákveðin réttindi, sem þar eru tilgreind, tiltekna hækkun á fiskverði og önnur ákveðin fríðindi. Í þessu samkomulagi eru engin ákvæði um skuldbindingu til handa útvegsmönnum um það, að ekki megi verða neinar verðlagsbreytingar í landinu á árinu. Hins vegar er það tekið fram af þeim í bréfi til rn., að þeir fyrir sitt leyti hafi ákveðið að hefja rekstur á árinu, að fengnu þessu bréfi ráðuneytisins, á þeim grundvelli, að þeir miði við það, að verðlagsbreytingar verði ekki verulegar, en verði þær, þá séu þeir að sjálfsögðu frjálsir sinna gerða. Það hefur því alveg legið ljóst fyrir frá upphafi, að ef þeir vildu ekki una við það, sem kynni að gerast á árinu, þá eru þeir frjálsir til þess að segja þessu samkomulagi upp og hætta sínum rekstri.

Nú er þá að athuga það, og það hefur skýrt komið fram í þeim viðræðum, sem fram hafa farið í sambandi við undirbúning að þessu frv. á milli rn. og útvegsmanna, — nú er þá að athuga það: hvernig stendur þetta samkomulag, sem þarna var gert, nú einmitt um þetta leyti? Jú, gagnvart sjávarútveginum sem heild standa málin þannig: Við togaraútgerðina var aldrei gert neitt fast eða bindandi samkomulag, svo að þar er ekkert um að ræða í sambandi við þann þátt framleiðslunnar. Ekkert samkomulag hefur heldur verið gert varðandi síldarútveginn, hvorki Suðurlandssíld né Norðurlandssíld. Þar er því engu samkomulagi til að dreifa. Vetrarvertíðin er búin, og þar hefur verið farið eftir því samkomulagi, sem gert var, og þetta frv. byggir að öllu leyti á því, að bætur verði greiddar útvegsmönnum fyrir þorskvertíðina á þessari vetrarvertíð eins og gert var ráð fyrir upphaflega í samkomulaginu um s. l. áramót. Það, sem um er því að ræða frá hálfu útvegsmanna, er þá aðeins sumar- og haustúthald báta á þorskveiðum, sem er tiltölulega mjög lítill hluti af heildarrekstri útgerðarinnar á árinu. Útvegsmönnum stendur því opið að velja um það, hvort þeir sætta sig við þær aðgerðir, sem hér eru áformaðar, eða hvort þeir óska eftir því að halda sér fast við eldra samkomulagið og fá þá að sjálfsögðu miklu minni bætur en ráðgerðar eru í þessu frv., og það hygg ég að engum þeirra hafi komið til hugar.

Í sambandi við þetta atriði komst hv. þm. G-K. svo að orði, að hann teldi eða vissi, að nú stæði til, að útvegsmenn boðuðu til stöðvunar á rekstri bátaútvegsins. Það er nú ekki í fyrsta skipti, sem maður heyrir það frá honum, að það standi til, að bátaútvegsmenn ætli að stöðva útgerðina. Að vísu fór svo fyrir hv. þm., að þegar hann ætlaði að vitna í bréf frá samtökum útvegsmanna þessu til stuðnings og tók að lesa, þá rak hann sig strax á það, að þar sem útvegsmenn hefðu notað orðið stöðvun, þá var það tengt við það, að þeir álitu, að til stöðvunar gæti dregið hjá útveginum, ef ekki yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að auka rekstrarfé til útgerðarinnar eða auka lánsfé til útgerðarinnar yfirleitt. Ég hafði áður í þessum umræðum einmitt tekið það fram, enda hefur það komið mjög skýrt fram í viðtölunum við útvegsmenn, að út frá því hefur verið gengið sem sjálfsögðum hlut, að óhjákvæmilegt er að auka rekstrarfé útgerðarinnar sem afleiðingu af því breytta skipulagi að hækka hér verulega verð á rekstrarvörum, og mér hefur verið það ljóst frá upphafi, að ef þannig yrði haldið á málinu, að rekstrarfé yrði ekki aukið, þá hlyti það að leiða til stöðvunar. En vitanlega er það alger misskilningur að halda því fram, að þetta sé frá hálfu útvegsmanna einhver tilkynning um, að þeir ætli að stöðva útgerðina vegna þeirra ákvæða, sem felast í þessu frv.

Það er svo aftur á móti ekkert nýtt fyrir mér, sem hef staðið í samningum við útvegsmenn nú um nærri tveggja ára skeið, að þeir haldi því fram einnig nú eins og alltaf áður, að þeir

þurfi gjarnan að fá hærri bætur en um hefur samizt. En það fullyrði ég, að nú í þessu tilfelli ber í öllum tilfellum, að ég held ég megi segja, minna á milli þeirra till., sem stendur til að lögleiða, og krafna útvegsmanna heldur en jafnan áður a. m. k. En það er mér ljóst, að það er a. m. k. hægt að segja, að það er ákaflega grunnt á því hjá hv. þm. G-K. og fleiri mönnum í stjórnarandstöðunni að vilja grípa til þess, að e. t. v. sé nú stöðvun fram undan hjá útgerðinni. Ég hef orðið var við það hér áður í líkum tilfellum, að það virðist vera nokkur áhugi fyrir slíku, ef það mætti svo verða, og það er mjög greinilegt, að hann a. m. k. lítur á það nokkrum gremjuaugum, hvernig hefur tekizt til með mín viðskipti við samtök útvegsmanna þann tíma, sem ég hef haft með þessi mál að gera, borið saman við það, sem var í hans tíð, því að hann á erfitt með að ræða þessi mál án biturs sársauka. Og það er eitt einkenni, þegar hann ræðir þessi mál, að þá kemur ekki fyrir, þó að hann sé að ræða um sjávarútvegsmál, að kalla mig sjávarútvegsmálaráðherra, þá skal ég ævinlega heita viðskmrh. Það skal ekki henda hann að nota slíkt nafn um mig. En hvað svo sem um þetta er að segja, þá liggur það nú samt fyrir, og hvað sem líður öllum fullyrðingum hans um það, að knapplega megi trúa orðum mínum, þá liggur það nú eigi að síður fyrir, að ég hef samið við útvegsmenn og okkur hefur gengið vel að semja ár eftir ár, skipti eftir skipti, og er algerlega ósambærilegt við það, sem var í tíð hans.

Það var strax haustið 1956, rétt eftir að ég hafði tekið við störfum sjútvmrh., að þá samdi ég við útvegsmenn, bæði hér sunnanlands og norðan, í sambandi við síldarúthaldið þá. Ég samdi einnig um áramótin 1956—57 við útvegsmenn, og það tókst í tæka tíð. Ég samdi einnig við þá vorið 1957 varðandi síldarúthald. Ég samdi líka við þá sumarið 1957 viðvíkjandi síldarúthaldi þá og einnig haustið 1957 um haustúthald og svo nú um síðustu áramót. Ég vil ætla það, að þessar staðreyndir bendi tvímælalaust til þess, að þeir hafi metið nokkurs orð mín og samskipti við mig, því að mér hefur a. m. k. tekizt að semja við þá og halda framleiðslunni áfram í fullum gangi, en það er meira en hægt er að segja um hv. þm. G-K. þann tíma, sem hann var sjútvmrh.

Í þessu sambandi vék hv. þm. G-K. að því og fleiri ræðumenn Sjálfstfl. hér, að varlega bæri að taka ýmsar tölur, sem ég nefndi í sambandi við efnahagsmálin, og nefndi þá m. a. til þess það, að ég hefði skrifað grein í febrúarmánuði s. l. og talið þar, að komast mætti af með um 90 millj. kr. í auknar tekjur fyrir útflutningssjóð og ríkissjóð, en nú væri hér um að ræða miklum mun hærri fjárhæðir, sem innheimta þyrfti. Ég verð nú að segja það, að þessi samanburður þessara hv. þm. ber mjög vott um það, að lítið hafa þeir sett sig inn í það mál, sem hér liggur fyrir, nema þá þeir mæli þetta gegn betri vitund. Þetta frv. ber augljóslega með sér, að hér er búið að gera ráð fyrir stórauknum útgjöldum til allt annarra hluta en þá lágu fyrir. Nú er gert ráð fyrir því að afla tekna til viðbótar við þessar 90 millj. kr. upp á 50 millj. til þess að mæta almennri kauphækkun í landinu. Nú er gert ráð fyrir því að hækka áður umsamdar bætur til sjávarútvegsins upp á um 50 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir því, að togaraflotinn íslenzki fái auknar bætur upp á um 25 millj. fram yfir það, sem hans samningar stóðu til um, og auka bæturnar til Norðurlandssíldarinnar um a. m. k. 16—18 millj. til þess að mæta verðfalli, sem síðan hefur orðið kunnugt um. Nú er gert ráð fyrir því í þessu frv. að afla tekna upp á 10 millj. kr. til þess að bæta aðstöðu fiskveiðasjóðs. Nú er gert ráð fyrir því að afla hér tekna til þess að standa undir auknum útgjöldum upp á um 7 millj. kr. vegna lífeyrissjóðs togarasjómanna. Og nú er gert ráð fyrir því að afla tekna til þess að verða við kröfum bænda um ný verðlagningarákvæði á landbúnaðarafurðum, sem kosta um 22 millj. kr. og greinilega kom fram í minni grein, að ég hafði ekki reiknað með, enda höfðu þá engar ákvarðanir verið teknar í því máli. Síðast, en ekki sízt, er nú gert ráð fyrir því að afla tekna upp á um 11 millj. kr. til þess að standa undir þeim skattalækkunum, sem ráðgert er að lögfesta á þessu þingi. Ef þessar fjárhæðir eru teknar með í reikninginn, sem nú er algerlega bætt vegna nýrra viðhorfa við þær 90 millj., sem ég nefndi, þá kemur út úr þessu dæmi um 240 millj. kr., sem er einmitt sá tekjuauki, sem hér er um að ræða.

Ég tók eftir því, að hv. þm. G-K. og reyndar fleiri þm. Sjálfstfl. hömruðu hér mjög á því og hafa gert það síðan í blaði sínu, að hinar nýju álögur, sem væri verið að leggja á þjóðina, næmu hvorki meira né minna en 790 millj. kr. Nánari skýring var svo á þessu gefin sú, að af þessari fjárhæð fengi ríkissjóður 140 millj. kr. eða útflutningssjóður með öðrum orðum um 650 millj. kr. Ekki vantaði, að menn þyrftu að skrúfa sig nokkuð hátt, þegar undirstrika átti það, hversu mikið væri lagt á þjóðina. En heldur kom einkennilega út hjá þessum ræðumanni skýringin á því, hvað um þetta fé allt saman yrði, því að þótt útflutningssjóður ætti nú að fá auknar tekjur frá því, sem áður var, upp á 650 millj. kr., eða rösklega tvöfaldaðar þær tekjur, sem hann hafði áður, þá sagði form. Sjálfstfl., að það væri ljóst á bréfi útgerðarmanna, að útgerðin fengi ekki einu sinni það, sem hún ætti að fá til þess að halda í horfinu. Hún fékk ekkert, það vantaði nokkuð upp á prósenturnar, til þess að hún héldi sínu sléttu. Ekkert fékk hún því af þessum 650 millj., og hann bjóst við stöðvun frá hálfu útgerðarinnar, vegna þess að hún fékk ekki sitt upp bætt. Hver átti þá að fá þessar 650 millj. kr., sem átti nú að leggja á þjóðina í nýjum álögum? Mér er spurn: hver átti að taka við þessari fjárhæð? Hver græddi öll þessi ósköp? Skýringin var enn fremur sú, að svo væri þetta illa upp byggt, að þetta frv. gæti alls ekki bjargað ástandinu nema — ja, eins og það var orðað, raunverulega væri hér aðeins tjaldað til einnar nætur. Þrátt fyrir það þótt tekjur útflutningssjóðs ættu að gera meira en tvöfaldast, sjávarútvegurinn ætti ekki að fá neitt meira en áður og knapplega það, sem honum bar, þá átti öll þessi summa ekki að duga nema til einnar nætur.

Þetta er nú málflutningur í lagi, vildi ég segja. En ætli þetta mætti ekki leiða huga þessara manna að því, að þeir eru að leika sér hér fram og til baka með tölur? Þeir eru að tala um það sem álögur, eins og ég minntist hér á í ræðu minni í gær, að ef flugfélögin íslenzku afla gjaldeyristekna í þjóðarbúið upp á 60 millj. kr., en taka aftur út úr þjóðarbúinu þessar 60 millj. kr., fá þetta aftur í gjaldeyrisverðmæti, þá eiga þessi flugfélög samkvæmt uppstillingunni að borga 55% af þeim 60 millj. kr., sem þeir fá í gjaldeyri, eða 35 millj. kr., en þegar þeir koma með sömu upphæð, þessar 60 millj. kr., og leggja inn í þjóðarbúið, þá eigum við að borga þeim þessar 35 millj. kr. aftur til baka, og svo kalla menn, að þetta séu álögur upp á 35 millj. kr. Auðvitað eru menn hér vísvitandi að leika sér að tölum. Þeir vita, að þessi breyting, sem þarna hefur verið gerð, á ekkert skylt við álögur. Hér þurfti, eins og ég minntist á í ræðu minni hér á miðvikudaginn, að fara inn á þessa braut einvörðungu til þess að halda hér ákveðnu samræmi, og það byggðist á því, að um leið og það var ákveðið, að réttmætt væri að hækka verð á rekstrarvörum vegna almenns ósamræmis, sem orðið væri á verði þeirra og annarra vara í landinu, þá varð að láta þá aðila, sem keyptu þessar rekstrarvörur, fá jafnvirði þess, sem þær hækkuðu í verði, í auknum tekjum á móti. Þetta var því fyrirkomulagsatriði, og af þessu leiddi, að það þurfti að tryggja það, að ýmsir þeir aðilar, sem ekki ganga beint í gegnum útflutningssjóð eða hafa gert til þessa, yrðu að fá jafnar bætur á þann gjaldeyri, sem þeir skila, eins og þeir verða að greiða á þann gjaldeyri, sem þeir fá hjá þjóðarbúinu.

Ég hygg, að það megi öllum verða ljóst, sem vilja gera sér hleypidómalausa grein fyrir þessum tölum, að þessu er einmitt þannig háttað, að á sambærilegum grundvelli er hér um það að ræða gagnvart útflutningssjóði, að hann fái auknar tekjur upp á um 240 millj. kr., sem glögglega kemur fram í grg. frv. og í því, sem ég hef sagt, hvernig raunverulega er ráðstafað.

En það var í fleiri atriðum en þessu, sem meðferð á tölum var heldur einkennileg hjá formanni Sjálfstfl. og þeim fulltrúum sjálfstæðismanna, sem hér töluðu á miðvikudaginn. Hann gerði samanburð við þetta á því, sem hann hefði verið að gera hér í janúarmánuði 1956, álögum þeim, sem hann beitti sér þá fyrir, og sagði, að þá hefði hann lagt á 100 millj. kr. og það hefði verið talað um það sem hreint glapræði og gífurlegar álögur á landsmenn. Þarna er ekki að spyrja að nákvæmninni. Nú liggur þetta þó alveg fyrir. Við gátum auðvitað rifizt um það, um það leyti sem var verið að setja þessi lög, í janúarmánuði 1956, hvað þau mundu verða dýr, hvað þau mundu raunverulega þýða miklar álögur. En nú liggur það alveg fyrir, hvað lögin um framleiðslusjóð gáfu miklar tekjur. Þau gáfu ekki 100 millj. kr., heldur 175 millj. kr., svo að álögurnar þá voru ekki upp á 100, heldur upp á 175 millj. kr. til útflutningssjóðs. En þar að auki var svo það, að aflað var þá nýrra tekna í ríkissjóð. Og enn var svo stagazt á því, að jólagjöfin fræga hefði þýtt 300 millj. kr. í nýjar álögur á þjóðina. Það liggur líka núna fyrir, hvað tekjuauki útflutningssjóðs varð mikill frá árinu á undan og hvað því þessi margumtalaða jólagjöf var upp á mikla fjárhæð. Það liggur sem sagt fyrir núna, að þetta voru engar 300 millj. Tekjuaukinn var 130 millj. kr., og ættu þessir hv. þm. að spyrja þann fulltrúa, sem þeir eiga í stjórn útflutningssjóðs, um það, hvort þetta sé ekki rétt.

Það var svo atriði út af fyrir sig, að á sama tíma sem formaður Sjálfstfl. óskapast út í þær till., sem hér liggja fyrir, var athyglisvert, að einmitt það, sem hann fjasaði helzt um, voru atriði, sem maður hélt að hefði komið fram allskýrt, hver stefna hans væri til á undanförnum árum. Í fyrsta lagi var það, að hér væri um að ræða gengislækkun. Mig minnir, að form. Sjálfstfl. hafi nokkrum sinnum verið að hæla sér fyrir það, að hann hafi staðið að gengislækkun, hann hafi framkvæmt gengislækkun, hann hafi haft þor og dirfsku til þess. En nú er snúið við blaðinu, og nú er því haldið fram, að það sé sérstakur ágalli á einu frv., að hann telur, að þetta jafngildi gengislækkun.

Hann fjasar einnig um það nú, að þetta frv. þýði verulega verðhækkun í landinu, hér sé gert ráð fyrir því, að allar mögulegar vörur hækki í verði. En kannast enginn við það, að hann hafi staðið að neinum slíkum ráðstöfunum áður? Hvernig voru þær till., sem hann stóð að í janúarmánuði 1956, eða þessar 175 millj. kr., þegar lögin um framleiðslusjóð voru sett? Þá gerði hann ráð fyrir því að leggja jafnt gjald svo að segja á allar vörur, sem fluttar voru inn til landsins. Það var aðeins einn vöruflokkur, sem þá var tekinn út úr og hækkað alveg sérstaklega á — það voru m. a. vörur, sem hann var að kvarta undan núna að yrðu fyrir hækkun, það voru búsáhöld og þess háttar vörur, en þá var hækkað enn þá meira á þeim heldur en á hinum almennu vörum.

Það er í rauninni alveg furðulegt að hlusta á þau rök frá hálfu sjálfstæðismanna, þegar þeir finna að því frv., sem hér liggur fyrir, þegar þeir ætla að gera aðalatriði úr því í sínum málflutningi, að hér sé um nokkurs konar eða algerar gengislækkunarráðstafanir að ræða eða ráðstafanir, sem miða að því að hækka vöruverð, en efnislega hafa þessir menn í rauninni ekkert um það vandamál að segja, sem hér liggur fyrir. Efnislega svara þeir engu um það, hvort þeir álíta, að það þurfi að afla ákveðinna tekna í því skyni, sem hér er um að ræða. Þar víkja þeir sér með öllu undan, vilja ekki svara neinum spurningum og segja, að þá vanti upplýsingar. Stærsta stjórnmálaflokkinn í landinu skortir upplýsingar um að vita um það, hvort sjávarútvegurinn þurfi á einhverjum bótum að halda eða ekki, — hann, sem á fulltrúa í öllum þeim stofnunum, sem upplýsingar gætu gefið í þessum efnum. Hann á ýmsa af forustumönnum sínum í forstuliði útgerðarmanna í landinu. Hann á bankastjóra í bönkunum og gæti þar fylgzt með hlutunum. Hann á fulltrúa í stjórn útflutningssjóðs. Auk þess á svo þessi flokkur marga þekkta hagfræðinga. Auk þessa alls hefur hann svo stjórnað þessum málum í ríkisstj. um

mörg undanfarin ár. En svo setur hann upp einhvern — ja, mér liggur við að segja fávitasvip og segist eiginlega ekkert um þetta vita, hvort hér sé þörf á neinum bótum eða ekki eða hversu miklum. Auðvitað veit Sjálfstfl. hér miklu betur. Hann veit alveg nákvæmlega eins og við, að það verður ekki komizt hjá því að afla talsverðra tekna til þess að tryggja rekstur atvinnuveganna. Og hann hefur nákvæmlega jafngóða aðstöðu til þess og við að geta sagt um það í höfuðatriðum, hvaða stefnu ætti helzt að velja. En sannleikur málsins er sá, að hann aðeins þorir ekki að segja, hvað hann vill eða hvað hann mundi gera, ef hann væri við völd. Það er sannleikur málsins. Frá því þorir hann ekki að skýra. En í öllum þessum málflutningi er svo lögð höfuðáherzla á það að reyna að skapa sem allra mesta óánægju þeirra, sem standa að þessu samkomulagi.

Nú eru uppi brýningar um það, að hvorki þegar lögin um útflutningssjóð voru sett í árslok 1956 né heldur nú hafi verið munað eftir því, að hægt væri að taka eitthvað af þeim ríku og láta þá borga eitthvað af þessum miklu gjöldum, nú sé eingöngu munað eftir því að hækka kaffi og sykur og kornvörur og aðrar brýnustu nauðsynjar. (Gripið fram í.) Nei, þeim hefur nú ekki verið gleymt, þessum ríku, a. m. k. kannast þeir vel við það, sjálfstæðismennirnir, að þeim hafi ekki verið gleymt, því að þeir hafa verið að kvarta fyrir þeirra hönd alltaf annað slagið. Ég man ekki betur en þeir hafi ekki alls fyrir löngu verið að kvarta undan því, að einhverjir eigi að greiða 135 millj. kr. í stóreignaskatti. Ég man ekki betur en nokkrum sinnum hafi verið kvartað undan því í blöðum sjálfstæðismanna, að hart sé nú gengið að heildsölum og álagning þeirra skorin svo niður, að þeir fái ekki staðizt þetta. Ég man ekki betur en uppi séu sterkar kröfur um, að það verði að hækka hina almennu álagningu í landinu, því að verzlunin fái ekki staðizt þetta. Og ég man ekki annað en nokkuð hafi verið rætt um það í þessum herbúðum, að mikið væri nú búið að hækka ýmsa hluti, ýmsar lúxusvörur, langt fram yfir það, sem hóflegt væri. Nei, það hefur ekki verið sparað af hálfu þessara manna að kvarta undan því, að lagt hafi verið á stóreignamenn. En hitt er svo annað mál, að bæði þegar lögin um útflutningssjóð voru sett í árslok 1956 og eins nú í sambandi við þessa lagasetningu hefur verið reynt að halda þannig á málunum, að sem bezt yrðu tryggðir, miðað við þær aðstæður, sem fyrir liggja, hagsmunir láglaunamanna í landinu. Nú er beinlínis gert ráð fyrir því í þessu frv. að auka nokkuð kaup launþega í landinu, og er það gersamlega ólíkt því, sem gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum, þegar sjálfstæðismenn hafa ráðið stefnunni.

Það er að vísu rétt, eins og ég hef tekið fram áður í þessum umræðum, að veruleg hætta er á því, að verðlag í landinu hækki allmikið og kannske svo mikið, að erfiðleikar verði á því fyrir útflutningsframleiðsluna að mæta afleiðingum þess. En þar mun velta mjög mikið á því, hvernig tekst með framkvæmd þessara laga, og einnig mjög mikið á því, hvernig tekst með heildarframleiðsluna í landinu. Ef það fer nærri lagi, sem hagfræðingarnir hafa áætlað, að heildarverðhækkunin í landinu, þegar öll áhrif af þessu frv. eru komin fram, muni ekki nema meiru en 14—16 vísitölustigum, þó reiknað með því, að þetta frv. gerir ráð fyrir því að greiða raunverulega niður 9 af þessum stigum, þannig að sú hækkun, sem væri hættuleg fyrir atvinnuvegina, ætti ekki að nema meiru en 5—7 stigum, — ef þetta fengi staðizt, að hækkunin yrði umfram þessi 9 stig ekki meiri en 5—7 stig, þá er ég sannfærður um, að það ógnar ekki okkar atvinnuvegum, ef a. m. k. árferði verður sæmilegt og ef tekst að ýta undir framleiðsluna í landinu og þar með gjaldeyrisöflunina, en draga nokkuð úr þeirri fjárfestingu, sem hefur verið allt of mikil, miðað við okkar gjaldeyrisþol. En það eitt er víst, að það mun ekki bæta úr í sambandi við þá erfiðleika, sem hér er við að glíma, þegar stærsti flokkur landsins berst um á hæl og hnakka og reynir að tortryggja þær aðgerðir, sem hér er stefnt að, og reynir að beita allri sinni orku til þess að hnekkja þeim í framkvæmd. Þá mun það síður en svo verða til góðs fyrir atvinnulífið í landinu. Og það er einmitt þetta, sem Sjálfstfl. hefur gert sig sekan um á undanförnum árum æ ofan í æ, og það er einmitt þetta, sem ég átti við í ræðu minni á miðvikudaginn, sem sá ræðumaður, sem hér talaði næst á undan mér, var að mótmæla úr minni ræðu, þegar hann taldi, að ég hefði óréttilega haldið því fram, að Sjálfstfl. hefði æst til verkfalla og hann hefði m. a. staðið að því að æsa upp til vinnudeilna hjá flugmönnum og farmönnum og öðrum slíkum aðilum. Hvað svo sem líður mótmælum hans, þá efast ég ekkert um það, og það veit mikill meiri hluti landsmanna, sem hefur lesið blöð sjálfstæðismanna, sem las Morgunblaðið um það leyti, sem þessi verkföll voru að renna af stokkunum, og um það leyti, sem þessi verkföll stóðu yfir, — það efast enginn, sem las blöð Sjálfstfl. frá þeim tíma, að hann reri öllum árum undir því, að út í þessi verkföll væri farið og að þau stæðu sem lengst og að þau yrðu sem torleystust. Um það er ekkert að efast.

Ég efast ekkert um það og hef sagt það hér áður, að það voru vissar ástæður, eins og jafnan er í stéttarfélögum, til þess að bæði flugmenn og eins farmenn vildu fá ýmsar leiðréttingar í sambandi við sín kjör. En það voru einmitt þessar grunnástæður, sem lágu fyrir í félögunum og jafnan liggja fyrir hendi, sem voru miskunnarlaust notaðar af áróðursmönnum til þess að koma deilunum af stað. Og síðan var ekki skirrzt við að krefjast mjög verulegra kauphækkana, einnig til þeirra hæst launuðu í þessum félögum.

Ég held sem sagt, að miklu nær væri í sambandi við þetta mál, vegna þess að það er almennt viðurkennt af landsmönnum, að það verður ekki komizt hjá því að tryggja rekstur atvinnuveganna og afla til þess nokkurra nýrra tekna, — að þá væri það miklu eðlilegra, að stærsti stjórnmálaflokkur landsins sýndi þá ábyrgðartilfinningu í þessum efnum, að hann stæði þó með því, sem hann veit að er þjóð-

inni sem heild lifsnauðsynlegt í þessum efnum, en reyndi ekki að brjóta það niður, sem þó er skilyrði til þess, að hægt sé að halda hér atvinnuvegunum í gangi. Meðan hann bendir ekki á neina aðra leið, sem mætti vera betri til lausnar á vandanum, þá ætti hann að sjá sóma sinn í því að deila ekki svo á þessar leiðir, sem hann gerir, eða reyna eins ákaft og hann reynir að koma þessum till. fyrir kattarnef.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég skal ekki lengja þessa 1. umr. málsins. Það, sem ég verð að segja, var eftirfarandi:

Mér urðu það mikil vonbrigði, að hv. 9. landsk. þm., Ólafur prófessor Björnsson, skyldi ekki geta svarað einföldum spurningum mínum á gleggri hátt en hann treysti sér til. Ég hafði spurt hann, hvort hann teldi rétt við núverandi aðstæður, eða hefði talið réttara við núverandi aðstæður að breyta skráðu gengi krónunnar. Við þessu fékkst ekki skýrt svar. Þó sagði hann hvað eftir annað í hinni ýtarlegu ræðu sinni, að gengi krónunnar væri rangt skráð. Samt er því ekki skýrt svarað, hvort eigi að skrá gengi krónunnar rétt, nema þá í þessu eigi að teljast svar við spurningunni, að það er margsagt, að gengi krónunnar sé rangt skráð. En það er óneitanlega dálítið undarlegt, að þeir menn, sem telja gengi krónunnar rangt skráð, skuli ekki vilja segja það skýrt, svara því skýrt: Á að skrá gengi krónunnar rétt?

Ég hafði einnig spurt um það, hvort hv. þm. teldi þær útflutningsbætur, sem gert er ráð fyrir, of háar eða of lágar eða sómasamlega rétt ákveðnar. Við þessu fékkst það svar, að hann hefði ekki haft aðstæður til þess að kynna sér svo rækilega aðstæður sjávarútvegsins, að hann gæti um þetta dæmt. Það er enginn vandi fyrir hv. þm., sem á sæti í fjhn., að afla sér þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja, um rekstrarafkomu einstakra greina sjávarútvegsins. Þær liggja áreiðanlega fyrir. Ef það gæti stuðlað að því, að svarið fengist, þótt síðar væri í umræðunum, þá er sjálfsagt að hjálpa til þess, að þær upplýsingar geti legið fyrir.

Ég hafði enn fremur spurt í þriðja og síðasta lagi um það, hvort hann teldi skiptingu innflutnings í gjaldaflokka, sem eru aðallega þrír, réttmæta eða hvort hann vildi hafa hana öðruvísi. Hann svaraði, að hann vildi hafa hana öðruvísi, án þess þó að tilgreina í einstökum atriðum, með hverjum hætti það skyldi vera.

Það eru ýmis önnur atriði í ræðu hv. þm., sem voru mjög jákvæð fyrir það mál, sem hér er til umræðu, eins og raunar var við að búast og hlaut að verða sagt af hans hálfu með tilliti til þeirrar reynslu, sem hann hefur í þessum málum, og þeirrar þekkingar, sem hann hefur yfir að ráða í þessum efnum. Hv. þm. sagði, að þessar till. gerðu útflutningsbótakerfið og innflutningsgjaldakerfið miklum mun einfaldara en það hefur verið undanfarin ár. Í þessu er fólgin viðurkenning á gildi þessara ráðstafana á vissu sviði a. m. k. Hann sagði enn fremur, og það vil ég leggja sérstaka áherzlu á, að þessar ráðstafanir fælu í sér, að meira samræmi kæmist á en ríkt hefur milli erlends og innlends verðlags. Það hefur verið einn meginvandi íslenzkra efnahagsmála um mörg undanfarin ár, að það hefur verið óeðlilegt misræmi, hættulegt misræmi milli innlends og erlends verðlags. Hv. þm. sagði, að þessar ráðstafanir mundu hafa í för með sér aukið samræmi milli innlends og erlends verðlags, og eru það, svo langt sem það nær, bein meðmæli með þessum ráðstöfunum. Hann sagði og, og það vildi ég að síðustu undirstrika úr ræðu hans, að þessar ráðstafanir leiddu til þess, að nú væri gert ráð fyrir mun minni mismun á útflutningsbótum en áður hefði verið, og væri það skynsamlegt, svo langt sem það næði. Hér er þriðja meginviðurkenningin á því, að hér sé um að ræða framfaraspor, endurbætur á því kerfi, sem í gildi hefur verið undanfarið.

Með tilliti til þess, að þessi jákvæðu atriði komu skýrt fram í ræðu hv. 9. landsk. þm., eins og þau komu einnig að nokkru leyti fram í ræðu hv. 2. þm. Eyf., vil ég leyfa mér að beina til hv. 9. landsk. þm. þremur öðrum spurningum, mjög einföldum, um mál, sem hann hefur áreiðanlega svör á reiðum höndum við, spurningum, sem hann getur svarað með já eða nei, ef hann telur ástæðu til að svara þeim. Ég tel rétt, að það komi fram þegar við þessa 1. umr. málsins. Mig langar til að spyrja hv. þm., og það er að gefnu tilefni í umræðunum, hvort hann telji ráðstafanir eins og þessar fela í sér byrðar á þjóðina í heild. Þetta er atriði, sem hvað eftir annað hefur borið á góma í umræðunum. Þessu má svara með já eða nei, ef vilji er fyrir hendi. Mig langar í öðru lagi til að spyrja um: Er hann sammála þeim ummælum, sem viðhöfð hafa verið, að hér sé um að ræða 790 millj. kr. nýja skatta á þjóðina? Já eða nei dugir. Hvort um sig er mjög fróðlegt. Í þriðja og síðasta lagi: Telur hv. þm. þessar ráðstafanir vera spor í átt til aukins jafnvægis í þjóðarbúskapnum eða ekki? Ég legg ekki hvað minnsta áherzlu á að fá svar, já eða nei, við þessari spurningu, hvort hv. þm. telur þessar ráðstafanir vera spor í átt til aukins jafnvægis í þjóðarbúskapnum eða ekki.

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að halda langa ræðu í tilefni af ræðum hæstv. ráðherra, hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvmrh., en þeir voru báðir að gera tilraun til þess að svara nokkru því, sem ég hafði sagt hér í fyrrinótt, og hæstv. fjmrh. hafði það mikið við mig að eyða miklum tíma af sinni ræðu til þess að svara því, sem ég hafði þá sagt. En málflutningur hæstv. ráðh. var nokkuð blendinn og rök hans dálítið einkennileg, og vil ég benda hv. alþm. og öðrum áheyrendum á það, á hverju hann byggði sínar fullyrðingar, t. d. í sambandi við það, þegar hann var að tala um, að þetta frv. væri til þess að efla atvinnuvegina, eins og hann orðaði það.

Ef menn gera sér grein fyrir því, á hverju fullyrðingar hans eru byggðar, t. d. þegar hann sagði, að þetta frv. mætti verða til þess að efla

flug landsins og koma lífi í það, eins og mátti skilja, þá vil ég benda mönnum á, að einmitt þetta frv. getur leitt til þess, að annað flugfélagið, Flugfélag Íslands, verði að stöðva starfsemi sína með öllu. Flugfélögin verða að borga 55% yfirfærslugjald af vöxtum og afborgunum, benzíni og varahlutum og ýmiss konar annarri þjónustu. Það, sem Flugfélag Íslands notar erlendis frá, mun vera 80% af heildarveltunni, en það, sem Flugfélagið kemur til með að fá tekjur af, gjaldeyrir, sem það vinnur inn erlendis, mun ekki vera nema 20% af veltunni. Það mun þess vegna verða að greiða yfirfærslugjald af miklu fram yfir það, sem það vinnur inn. Það er augljóst, og hef ég reyndar fyrir mér orð ýmissa forráðamanna Flugfélagsins, að það getur ekki starfað, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. En hæstv. fjmrh. sagði hér í ræðu sinni í dag, að þetta frv. mundi verða til þess að efla flugsamgöngur á Íslandi og milli landa.

Þegar menn gera sér ljóst, á hverju hæstv. ráðh. byggir sínar fullyrðingar, m. a. á þessu, þá held ég, að það sé enginn vandi að gera sér grein fyrir því, hvernig rökhyggja hans er um þessar mundir og á hvaða mælikvarða ber að mæla það, sem hann hefur sagt. Ég tel, að þegar menn hafa gert sér þessa staðreynd ljósa, þá þurfi í rauninni ekki meira að segja í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. En ég get þó án þess að eyða í það löngum tíma minnzt aðeins á fleira, t. d. landbúnaðinn.

Fullyrðing hans um landbúnaðinn var eitthvað svipuð og það, sem hann sagði um flugið. Þetta frv., ef að lögum verður, á að efla landbúnaðinn, vegna þess að fóðurbætirinn hækkar um 43%, innfluttur áburður hækkar um 50%, vélar og varahlutir hækka um 30%. Og hvernig voru rök ráðherrans fyrir þessari eflingu landbúnaðarins? Það var, að það væri orðið svo dýrt að heyja, að það þyrfti að hafa jafnvægi í þessum tilkostnaði, það mætti ekki vera of ódýrt að nota vélar, þá sennilega vegna þess, að vinnukraftur er ófáanlegur. Rökfærsla hæstv. ráðh. í sambandi við landbúnaðinn er ekki ólík því, sem fullyrðingar hans um eflingu flugsins voru. Þetta geta hv. alþm. og aðrir, sem á mig hlýða, einnig haft sem mælikvarða fyrir rökhyggju hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. fullyrti einnig, að þetta mundi verða til eflingar og styrktar iðnaðinum. Ég hygg, að iðnrekendur hafi meira vit á þessu en hæstv. ráðh., og þeir hafa allt aðra skoðun á þessu máli en hann. Þeir telja, að ef þetta frv. verði samþ., muni það hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir iðnaðinn og leiða til stórkostlegs samdráttar. En hæstv. ráðh. segir, að þetta muni efla iðnaðinn.

Þegar menn flytja mál sitt á þann veg, sem hæstv. ráðh. gerði í dag, þá er óþarft að eyða tíma til þess að svara, vegna þess að fullyrðingar hæstv. ráðh. eru byggðar á svo augljósum sandi, að hver sem á hann hlýðir hlýtur að sjá, að hér er farið með rökleysu eina.

Það er því óþarfi að eyða löngum tíma í það að ræða við hæstv. ráðh. um málið, og skal ég láta því lokið að tala við hæstv. ráðh. Þess gerist ekki þörf. Hann var svo kaldrifjaður, að hann jafnvel leyfði sér að láta ánægju í ljós yfir þessu frv., sem flutt er hér inn í þessa hv. d. vegna þess, að sú fjármálastefna, sem fylgt hefur verið á undanförnum mánuðum, hefur leitt til þess, að atvinnuvegir landsins horfa með ugg fram á framtíðina og eru — eins og nú er ástatt — hjálparþurfi á ýmsan hátt. En því miður mun þetta frv. — þótt að lögum verði — í framkvæmd hæstv. ríkisstj. ekki verða atvinnuvegum landsins til styrktar eða hjálpar, heldur mun það verða til þess að draga úr framkvæmdum og framleiðslu og verða til samdráttar í atvinnulífinu og bjóða heim margs konar erfiðleikum.

Hæstv. sjútvmrh. kvartaði undan því í dag, að hann væri alltaf nefndur viðskmrh., en ekki sjútvmrh. Ég skal bæta úr því að þessu sinni og nefna hann hæstv. sjútvmrh., ef honum þykir það betra. Hann talaði hér nokkuð í kvöld, og ræða hans gefur ekki heldur tilefni til þess að svara miklu. Ég get gefið hv. alþm. og öðrum áheyrendum einnig nokkurn mælikvarða til þess að fara eftir um hans málflutning, því að hann kom hér með fullyrðingu, eins og hæstv. fjmrh., sem hvergi fær staðizt. Hæstv. sjútvmrh. sagði m. a., að í janúarmánuði 1956, þegar lög um framleiðslusjóð voru sett, hafi Sjálfstfl. og form. hans, hv. þm. G-K., lagt til, að allar vörur yrðu skattlagðar jafnt. Þessi fullyrðing er út í loftið og hefur ekki við nein rök að styðjast, og það vita allir, að með lögum um framleiðslusjóð voru ekki lagðir skattar á nauðsynjavörur, — ekki á nauðsynjar almennings, ekki á rekstrarvörur. Það er fyrst núna, sem slíkur skattur er lagður á rekstrarvörur. Þegar hæstv. ráðh. kemur með fullyrðingu eins og þessa, ber hana á borð fyrir þingheim allan, þá hygg ég, að fæstum detti í hug að taka alvarlega yfirleitt fullyrðingar hans um þetta mál. Það er raunalegt, að hæstv. ráðherrar skuli ekki ræða málin með meiri alvöru en þeir gera, með meiri festu og í öðrum tón, því að það er sannarlega ástæða fyrir þá, þegar þeir leggja fram frv. eins og þetta, að biðjast frekar afsökunar á því, hvernig komið er vegna þeirrar stefnu eða stefnuleysis, sem fylgt er, heldur en reyna að blekkja menn með staðlausum staðhæfingum.

Hæstv. sjútvmrh. talaði um, að nú væri lagt mest á lúxusvörurnar. En þetta er ekki rétt. Það er fyrst núna í sambandi við ráðstafanir um efnahagsmál, sem mestur og þyngstur skattur er lagður á nauðsynjavörur, það er fyrst núna, sem skattar eru lagðir á rekstrarvörur, og það er fyrst núna, sem nokkur ábyrgur maður leyfir sér að halda því fram, að slíkir skattar á rekstrarvörur geti leitt til þess að létta undir með atvinnuvegunum. Slíkri fjarstæðu hefur enginn viljað halda fram áður.

Hæstv. sjútvmrh. talaði um það, að sjálfstæðismenn hefðu kynt undir verkföllunum að undanförnu, það væri þeirra sök. Þessu hefur svo oft verið mótmælt, að þess gerist ekki þörf að hrekja það frekar, því að enginn, sem hefur fylgzt með þróun málanna, frá því að núverandi hæstv. ríkisstj. tók við, tekur þessar ásakanir á hendur Sjálfstfl. gildar. Það getur ekki verið sök Sjálfstfl., ekki hægt að færa honum það til sakar, þótt hann hafi í blöðum sínum sagt frá því, sem hefur verið að gerast, sagt frá því, þegar

stéttarfélög hafa sagt upp samningum. Það er ekkert annað, sem Sjálfstfl. hefur gert. Hann hefur sagt hlutlaust frá því, sem hefur gerzt. En það er eins og hv. stjórnarflokkar vilji ekki sætta sig við þá málsmeðferð. Það er vitanlega skylt að segja landsmönnum rétt frá því, sem er að gerast, þeirri þróun, sem er í efnahags- og atvinnulífinu, hvort sem þær fréttir eru góðar eða slæmar. Það er það, sem almenningur ætlast til af góðum fréttablöðum, að þau segi vel og skilmerkilega frá því, sem er að gerast. Þegar samningum hefur verið sagt upp af einu eða fleiri stéttarfélögum, þá er það staðreynd, hvort sem sagt er frá því eða ekki.

Hæstv. sjútvmrh. talaði um það hér áðan, að það hefði margt breytzt síðan í febrúar eða marz, þegar hann skrifaði greinar sínar í Þjóðviljann og talaði um, að ekki vantaði nema 90 millj. kr. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., það hefur margt breytzt. Það breytist margt í íslenzku þjóðlífi og atvinnulífi núna á hverjum mánuði og það af eðlilegum ástæðum. Það er vegna þess, að nú síðustu mánuðina hefur raunverulega verið stjórnarkreppa í landinu. Það hefur raunverulega verið stjórnarkreppa í landinu og þjóðarskútan verið á reki. Þess vegna hefur margt breytzt, og þess vegna er það, að þótt hæstv. sjútvmrh. hafi í febrúarmánuði álitið, að það mætti kannske komast af með 90—100 millj. kr. í útflutningssjóð og ríkissjóð, þá er það víst alveg rétt hjá honum, að það verður alls ekki komizt af með þá upphæð nú og síðar en svo, og það er vegna hinna öru breytinga, sem hafa átt sér stað á þessu tímabili, vegna þess að það hefur verið stjórnleysi og ráðleysi.

Hv. stjórnarflokkar tala um, að það verði að koma nýjar aðgerðir í haust. Þetta stóra frv., sem við nú erum að ræða um, á ekki að koma að gagni nema til hausts, og það er vegna þess, að þeir gera ráð fyrir stórum breytingum á næstu mánuðum. Þeir segja að vísu, að þetta frv. sé stórt spor í áttina. En til hvaða áttar? Til hvaða áttar stefnir hæstv. stjórn? Það væri fróðlegt að gera sér grein fyrir því.

Hæstv. forsrh. talaði fagurlega hér fyrir stuttu um þetta mál, og hann sagði, að eina lausnin á okkar vanda væri að hverfa frá vísitölukerfinu og taka upp framleiðsluvísitölu. Þótt hann segði það ekki beinlínis, þá var ekki hægt að skilja ræðu hans öðruvísi en svo, að hann teldi gengislækkun sjálfsagða leið. Þá má þess vegna hugsa sér, að hann telji þetta frv. stórt spor í áttina til fullkominnar gengislækkunar. En hvað segja aðrir hæstv. ráðh. og stuðningsmenn stjórnarinnar? Hvað sagði hv. 3. þm. Reykv. um framleiðsluvísitöluna? Ég er hræddur um, að hann og hans flokkur ætli sér að halda í aðra átt. Hann og hans flokkur lýsa sig andvíga framleiðsluvísitölu, eins og hv. 3. þm. Reykv. tók hér skýrt fram. Hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. sjútvmrh. hafa talið sig andvíga gengislækkun. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. sé a. m. k. tvíátta, og þá er hún stefnulaus, þá á það að ske á næstu mánuðum, sem hefur skeð á undanförnum mánuðum, að stórar breytingar verði í okkar efnahags- og atvinnulífi á hverjum mánuði. Það er það, sem veldur ugg og svartsýni margra í þessu landi, hvernig stefnuleysi og úrræðaleysi núverandi hæstv. ríkisstj. er að leiða okkar atvinnulíf og fjármálakerfi í fullkomin vandræði.

Það er eðlilegt, að menn vonist ekki eftir miklu af ríkisstj., sem sýnir sig í slíku stefnuleysi sem fram kemur í þessu. Og þegar hæstv. ríkisstj. er að spyrja sjálfstæðismenn, hvað þeir vilji til málanna leggja og hvers vegna þeir komi ekki með till. frá sínu sjónarmiði, úr því að þeir gagnrýna það frv., sem hæstv. stjórn hefur lagt fram, þá er ekki nema eðlilegt, að sjálfstæðismenn spyrji: Til hvers er að koma með till. handa þessari stjórn til að framkvæma? Þessi hæstv. stjórn getur ekki framkvæmt þær till., sem hún sjálf ber fram, og hana mundi skorta vilja og getu til þess að framkvæma á viðunandi hátt till., sem sjálfstæðismenn kynnu að bera fram. Það, sem þarf að gera til úrbóta og bjargar okkar þjóð, er það að stokka upp og gefa þjóðinni tækifæri til þess að leggja sinn dóm á það, sem gerzt hefur undanfarið. Þetta verður ekki lagfært fyrr, og það er þjóðarnauðsyn, að það dragist ekki lengi, vegna þess að það er rétt, sem hæstv. sjútvmrh. sagði hér í dag: Það eru örar breytingar, það vantaði e. t. v. ekki nema 90 til rúmar 100 millj. í febrúarmánuði til bjargar atvinnuvegunum, en það vantar í dag samkvæmt frv., sem þeir leggja fram, samkvæmt því sem frv. segir, 580 millj. kr. Þeir hafa vefengt, hæstv. ráðh., að það væru 790 millj., sem vantar. Þeir hafa vefengt það. Látum það vera, að þar standi fullyrðing gegn fullyrðingu, en þeir vefengja þó ekki þær tölur, sem þeir prenta í frv. sjálfu. Samkvæmt frv. viðurkenna þeir 580 millj.

Hæstv. sjútvmrh. viðurkennir, að nú þurfi 580 millj. í útflutningssjóð og ríkissjóð, en talaði um 90 millj. í febrúarmánuði í vetur. Ég hygg, að þetta sé staðfesting á því, að breytingarnar eru örar og dýrtíðin vex með hröðum skrefum, einmitt vegna stefnuleysis og aðgerðaleysis okkar atvinnulífi til bjargar frá hendi hæstv. ríkisstj. Og það er þess vegna, sem nauðsynlegt er, að það verði breytt um stefnu, að það verði ekki dregið lengi úr þessu að fá breytta stjórnarhætti, en það gerist ekki með öðru móti en gefa þjóðinni kost á að dæma um þau verk, sem hæstv. ríkisstj. hefur unnið á undanförnum mánuðum.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég tek til máls við þessa 1. umr. um málið, er sú, að hv. þm. G-K. gerði mjög að umtalsefni í sinni ræðu hér í fyrradag samskipti ríkisstj. og verkalýðssamtakanna í sambandi við undirbúning þessa máls. Mun ég því í ræðu minni aðallega fjalla um þann þátt málsins og skýra frá þeim þætti í senn frá sjónarmiði ríkisstj. og frá sjónarmiði Alþýðusambandsins.

Ég vil þá fyrst víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu og efni þess. Ég hygg, að allir muni viðurkenna það sem grundvallarskyldu hverrar ríkisstj. að gera á hverjum tíma ráðstafanir — nauðsynlegar ráðstafanir skulum við segja — til að tryggja í fyrsta lagi rekstrargrundvöll fram-

leiðsluatvinnuveganna og í annan stað hallalausan ríkisbúskap. Ef einhver ríkisstj. á Íslandi vanrækti að tryggja framleiðsluatvinnuvegunum rekstrargrundvöll, þá yrði áreiðanlega stutt í hennar valdasetu. Þegar atvinnuvegirnir væru stöðvaðir, væri í það óefni komið, að engri ríkisstj. væri sætt yfir stöðvuðum atvinnuvegum. Á sama hátt mundi það vera, ef frá ári til árs væri látið reka á reiðanum um ríkisbúskapinn og hann rekinn með halla. Það er áreiðanlegt, að það færi fljótt í strand ríkisskútan með slíku háttalagi, og mætti einmitt þm. G-K. kannske einna helzt og öllum öðrum mönnum fremur reka minni til þess.

En þessar efnahagsmálatill., sem hér eru fyrir Alþ., eru einmitt að öllu leyti um þetta tvennt. Þær eru fram bornar til þess að tryggja rekstrargrundvöll framleiðsluatvinnuveganna og jafnframt tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Þetta er meginefni till. Til þessa er verið að afla fjár og á engan hátt farið út yfir þessa þörf, sem allir hljóta að viðurkenna og mundu hafa fyllstu ástæðu til að ráðast á hverja þá ríkisstj., sem leyfir sér að vanrækja að gera ráðstafanir í þessa átt.

Þegar menn líta á þetta tvennt sem meginefni málsins, þá hygg ég, að það sé eðlilegt að byrja að athuga, hvaða aðstoð sé nauðsynleg til þess að tryggja stöðvunarlausan rekstur útflutningsatvinnuveganna. Hér í þessu frv. er lagt til, að aðstoðin verði veitt á þann hátt frá 14. maí 1958, að á allan fisk og fiskafurðir að undanteknum síldarafurðunum verði greiddar 80% útflutningsuppbætur. Ég er alveg sannfærður um það, að hv. þm. G-K., sem nokkuð langan hluta ævi sinnar hefur verið framkvæmdastjóri togaraútgerðarfélags og fylgist eitthvað með þeim málum enn þá, þótt hann sé reyndar búinn að breyta flestum sínum fyrirtækjum nú í heildsölufyrirtæki, — ég get varla ímyndað mér, að hann hafi týnt öllu niður viðvíkjandi togaraútgerð. — Þarna er verið að gera ráðstafanir til þess að tryggja rekstrargrundvöll vélbátaútvegs og togaraútgerðar. Og í leiðinni er veitt aðstoð landbúnaðinum, að því er snertir þær útflutningsvörur, sem hann flytur á erlenda markaði. Þarna eru honum veittar 80% útflutningsbætur á afurðirnar. Í þessu felst það, að togaraútgerðin fær verulega aðstoð umfram það, sem henni hefur verið veitt til þessa, og mun af flestum skynbærum mönnum, sem þessi mál þekkja, vera talið, að þessa sé full þörf. En ég hef engan heyrt tala um það, að þarna mundi verða samt gert of vel við togaraútgerðina, að hún safnaði auði, hún þarf vissulega nú nokkuð að grynna á skuldum til að byrja með. Látum vera þá, að það sé ekki mikið um það deilt, að þetta sé nauðsynlegt. En í þetta fer einmitt drjúgur hluti af þeirri fjáröflun, sem þetta lagafrv. gerir ráð fyrir.

Þá er í annan stað í þessu frv. gert ráð fyrir því, að á afurðir af sumarveiddri norður- og austurlandssíld verði greiddar 50% bætur. Ég man, að hv. þm. G-K. sagði, að þetta væri allt of lágt, það lægi fyrir bréf um það, að þessi grein útgerðarinnar mundi stöðvast, ef þetta yrði ekki hækkað, þetta þyrfti að vera 85% á alla síld. Það var því ekki á honum að heyra, þessum fyrrverandi framkvæmdastjóra togaraútgerðar og þaulkunnugum líka síldarútveginum, að þarna væri of mikil fjáröflun á ferðinni, heldur að hans áliti allt of lítil.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir, að á afurðir úr annarri síld, Faxasíld, smásíld og loðnu, verði greiddar 70% útflutningsbætur. Enginn hefur talað um það heldur, að þarna sé um of mikla tekjuöflun að ræða til styrktar þessari grein framleiðsluatvinnuveganna.

Ég vil því slá því föstu eftir að hafa hlýtt á umr. stjórnarandstöðunnar um málið, að þeir eru ekki þeirrar skoðunar, að hér hafi verið stigið of stórt spor, hér sé verið að afla fjár að óþörfu, heldur geng ég út frá því og dreg þá ályktun af þeirra ræðum, að fjáröflunin sé svo hófsamleg sem verið geti og megi vera og þó knapplega nægilega rífleg. Þetta er auðvitað gert til þess að halda framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar gangandi. Kemur það verkalýð landsins nokkuð við? Er hægt að gera sér vonir um það, að verkalýður landsins vilji nokkuð á sig leggja til þess, að atvinnuvegir þjóðarinnar gangi stöðvunarlaust? Ég er afar hræddur um það, að hver einasti verkamaður og hver einasta verkakona, sem hafa verið spurð, segði: Ja, hagsmunir hins vinnandi fólks í landinu eru ofnir tveimur meginþáttum: í fyrsta lagi, að það sé næg atvinna fyrir hendi, og í annan stað, að það sé greitt sómasamlegt kaupgjald, og höfuðatriðið vitanlega, að það sé að nægri atvinnu að ganga. — Það munu allir játa, að ef engar ráðstafanir væru nú gerðar, mundi hvorki bátaútvegur, togaraútgerð né síldarútvegurinn verða rekinn með blóma, heldur allar líkur til þess, að þessar atvinnugreinar mundu stöðvast. Hver væru þá lífskjör verkalýðsins í landinu? Þetta sýnir ósköp einfaldlega það, að fjáröflunin er nauðsyn og engri ríkisstj. væri stætt á því að víkja sér undan þeirri skyldu. Ef einhver ríkisstj. léti sér detta það í hug, þá væri komið atvinnuleysi, og það væru þau höfuðsvik, sem væru drýgð við vinnandi lýð landsins, að hafa ekki tryggt grundvöll atvinnulífsins.

En ef menn játa, að þessi tekjuöflun, sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. um útflutningssjóð, sé ekki of mikil og sé lífsnauðsyn, til þess að framleiðsluatvinnuvegirnir haldist í gangi, þá gæti komið annað deiluatriði samt til, og það er þetta: Er teknanna aflað á þann hátt, að skynsamlegt verði að teljast? Og ég vil þá sérstaklega líta á það: Er teknanna aflað á þann hátt, sem verkalýður landsins og vinnandi stéttir gætu sætt sig við? Þeirra er aflað á þann hátt, að það er lagt um það bil 30% gjald á hinar algengustu nauðsynjavörur, sem landslýðurinn kaupir. Á þessar vörur var áður lagt 16% yfirfærslugjald og 8—11% gjöld önnur, þannig að það er ákaflega lítið íþyngt nú með þessu frv. þeim vörum, sem teljast verða hinar brýnustu lífsnauðsynjar almennings. Í þessum vöruflokki, sem ber nú þetta álag, eru 70 millj. kr. vísitöluvörurnar allar, þær nema ekki meiri upphæð en það, og um 50 millj. kr. af öðrum vörum, líka brýnum lífsnauðsynjum fólksins til fæðis og klæðis. Það er því í þessu frv. gert

ráð fyrir að fara vægilega í sakir með að afla þess fjár, sem framleiðsluatvinnuvegirnir nauðsynlega þurfa, með álagi á nauðsynjavörurnar í landinu, — fara eins vægilega í sakirnar með það og unnt er. En hvar er þá gripið þyngra ofan í vasann til þess að afla fjárins? Það er á annan innflutning til landsins og langmest á þær vörur, sem við hingað til höfum kallað lúxusvörur. Á þeim er álagið fimmfalt á móts við það álag, sem er lagt á hinar brýnustu lífsnauðsynjar almennings, fimmfalt eða um 150%.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þegar málið er rætt, komast þeir menn stutt, sem vilja ófrægja í fyrsta lagi þá aðstoð, sem framleiðsluatvinnuvegunum er veitt, og í annan stað vilja gera fjáröflunina tortryggilega í augum almennings. Það er farið þá leið, að það komi meiri þungi fjáröflunarinnar á herðar þeirra manna, sem verja meiru af tekjum sínum til þess að kaupa lúxusvörur, en tekið eins lítið og hægt er af þeim vörum, sem tekjulægra fólk ver meginhluta tekna sinna til að kaupa.

Það má vel vera, að hv. stjórnarandstaða sé andvíg þessari tekjuöflun og sé þeirrar skoðunar, að það hefði verið betra að taka tekjuöflunina með jöfnu álagi á hinar brýnustu lífsnauðsynjar almennings og á óhófsvörurnar og hefði engan mismun viljað þar á gera. Það má vel vera, að það sé þeirra leið, en þá ættu þeir líka að gera grein fyrir því hér í umr., svo að almenningur færi ekki villur vega um það.

Ég skal nú ekki fara öllu frekar út í þetta mál. Þetta finnst mér vera meginkjarni málsins, og á þennan hátt finnst mér vera hægt að setja málið fram mjög einfaldlega og áreiðanlega ástæðulaust fyrir hv. stjórnarandstöðu að gera eins mikið úr því og hún hefur gert í umr., hversu málið sé flókið. Það þarf enginn að segja mér, að þetta mál, hvorki tekjuöflunin til aðstoðar við framleiðsluatvinnuvegina né það, hvernig teknanna er aflað, sé í þoku fyrir manni eins og hv. þm. G-K. eða þeim mönnum öðrum, sem nákunnugir eru atvinnulífi þjóðarinnar. Því síður tek ég það trúanlegt, að þetta mál liggi ekki alveg ljóst fyrir manni eins og hv. 9. landsk., Ólafi Björnssyni prófessor, sem hefur sem hagfræðingur og sérfræðingur unnið tvisvar sinnum, ef ekki oftar, að því að undirbúa svipaðar fjáröflunaraðferðir í efnahagsmálum og hér liggja fyrir og hafa legið fyrir nálega um hver áramót nú um margra ára skeið og er þaulkunnugur öllum einstökum atriðum slíkra mála. En nú er hann og þeir sjálfstæðismenn búnir að hafa málið í sínum höndum frá því s. l. laugardag, og nú er fimmtudagur, þ. e. a. s.: það fer að líða að viku. Og enn eru þeir samt að kvarta um það, að málið sé svo flókið og þeir hafi haft svo nauman tíma, að þeir skilji það ekki í einstökum atriðum og geti því ekki gert neinar till. til breytinga á því. Þetta er vitanlega ekki svona. Þeir vita öll skil á málinu, góð skil á því. Og það þarf heldur enginn mér að segja, að Sjálfstfl. og hans þm. allir hafi setið með hendur í skauti og horft í gaupnir sér og hugsandi ekkert til þess, hvaða aðgerðir væri nú líklegt að kæmu og hvað þyrfti að gera fyrir sjávarútveginn, til þess að hann gæti haldið rekstri sínum áfram, þangað til þeir sáu þetta stjórnarfrv. Ef þeir hefðu hagað sér svo, þá væri það meira en lítið fáránlegt og meira en lítið sinnuleysi af þeirra hendi. Nei, vitanlega hafa þeir verið að hugsa um þetta mál sem ábyrgir þegnar og ábyrgir alþm. undanfarnar vikur og mánuði, miklu fremur en borgarar landsins, sem allir hafa þó verið að hugsa um þessi mál. Það er því alveg áreiðanlegt, að meginatriði þessa máls hafa ekki komið þeim mjög svo ókunnuglega fyrir, og það getur því ekki verið sannleikanum samkvæmt, að þeir hafi verið með öllu óviðbúnir að hugsa sitt ráð, því að þeir hafa áreiðanlega verið byrjaðir að hugsa það, áður en frv. kom þeim í hendur. Það verður því áreiðanlega að hlátursefni hjá þjóðinni, þegar þessum umr. lýkur og lýkur á þann veg, að stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar segir: Ja, þetta kom okkur svo á óvart, og við höfum haft svo slæma aðstöðu til að kynna okkur þetta mál, að við getum engar till. gert.

Ég fullyrði, að það var niðurstaðan hjá form. Sjálfstfl., hv. þm. G-K., hann sagði: Við getum engar till. gert, við erum óviðbúnir. — Ég hafði þó miklu meira gaman af, hvað hv. þm. A-Húnv. bar sig hér reisulega í dag í ræðustólnum. Hann var ekki að bera því við, að þeir hefðu ekki haft tíma og væru ekki búnir að hugsa málið og hefðu ekki góðar till. Nei, hann sagði, sá góði bóndi: Nei, okkar till. eru svo góðar, að við viljum ekki vera að kasta þeim fyrir svona ráðleysingja eins og núverandi ríkisstj. Við lumum á þeim, en þær eru svo góðar, að við viljum ekki vera að kasta þeim fyrir svona ráðleysingja. — Þetta var þó að bera sig búralega og búmannlega, og það fer honum vel. Form. Sjálfstfl. segir: Við getum engar brtt. gert, en við getum alveg fundið það út, að þessar till. eru allar saman einber endemis vitleysa. — Þeir hafa þekkingu á því að dæma það sem vitleysu, en hafa ekki þekkingu á að gera neinar till. En svo kemur upplýsingin seinna um það, að þeir hafi bara skolli góðar till., en þeir lumi á þeim og þeir vilji ekki láta þær, það á að vera leyndarmál, þangað til þeim verði fengin völdin í hendur, en þá getur nú verið farið að slá í þessar góðu till. Það er vissara að salta þær svolítið, því að það getur orðið bið með það.

Ég tók eftir því, að í hinni löngu ræðu hv. þm. G-K. gerði hann eina játningu, og hún var þessi: Ég veit vel, að fullkomin gengislækkun hefði komið þyngra við almenning. — Og af hverju var maðurinn að segja þetta? Vitanlega af því, að formaður Sjálfstfl. hefur fyrst og fremst í hug algera eða — eins og hann kallaði það — fullkomna gengislækkun sem úrræði í efnahagsmálunum og hefur lengi haft, og hann sagði frá því í sinni ræðu, að hann væri tvívegis á sínum stjórnmálaferli búinn að hafa forstöðu fyrir því að framkvæma gengislækkun, sjálfsagt fullkomna gengislækkun. Og hann játaði, að slík úrræði mundu koma þyngra við almenning. Meira þurfum við ekki að fá að vita um það. Almenningur a. m. k. hefur fengið þarna viðmiðun milli þessa og þess, sem formað-

ur Sjálfstfl. hefur í erminni, ef hann færi með völd í þessu landi.

Þá kom það líka fram í ræðu hv. þm. G-K., sem hefur svo verið endurtekið af sumum öðrum ræðumönnum stjórnarandstöðunnar, að hér væri um að ræða, að það væri farið áfram á millifærsluleiðinni, millifærsluleiðinni væri haldið með þessum till., en þetta væri líka gengislækkun. Það er ekki annaðhvort eða — millifærsluleið eða gengislækkunarleið, — nei, nú vilja sjálfstæðismenn láta það heita bæði millifærsluleið og gengislækkun. Ég hygg, að þeir verði að endurskoða þetta, þó að það sé sagt, að kærum börnum séu oft gefin mörg nöfn, að þeir verði að kalla þetta annaðhvort, herða sig upp í það að kalla þetta annaðhvort gengislækkun eða millifærslu, svo að hægt sé að ræða málið við þá.

Þá kem ég að þeim þætti í ræðu hv. þm. G-K., sem fjallaði um vinnubrögðin við undirbúning þessa máls og flutning. Hann furðaði sig á því í fyrsta lagi, hve mikill seinagangur hefði verið á þessu, þetta væri búið að taka tvö ár. Hann hefði sjálfsagt viljað, að þetta mál væri fyrr komið fram, nokkurrar óþreyju gætti hjá honum. Hann vildi, að þetta mál hefði verið komið fyrr, og lýsti óánægju yfir því, hve það kæmi seint. Það virðist benda til þess, að honum þyki málið allgott. En svo vék hann að því, hvernig ríkisstj. hefði borið sig við það að ná samstarfi við verkalýðshreyfinguna í sambandi við þetta mál.

Í blöðum stjórnarandstöðunnar, sérstaklega í Morgunblaðinu og Vísi, hefur nú undanfarnar vikur verið talað um, að það væri svívirðilega farið með verkalýðshreyfinguna, það væri gengið fram hjá henni, hún fengi ekkert að vita um málið, því væri haldið leyndu fyrir henni, hún væri lítilsvirt með þessu. Þetta sá maður nálega á hverjum degi í blöðum Sjálfstfl. „Það er skömm að því, að það skuli ekki vera enn þá búið að kalla 19 manna nefndina saman. Við töluðum í gær við Eðvarð Sigurðsson," sagði Morgunblaðið einu sinni, „og hann sagði okkur, að það væri satt, að það væri ekki enn þá búið að kalla 19 manna nefndina saman". Og Morgunblaðið og sjálfstæðisblöðin hin voru alveg hneyksluð ofan í tær yfir þessu, hve seint væri leitað til verkalýðssamtakanna til þess að kynna þeim málið.

En hvað sagði svo formaður Sjálfstfl. nú hér í umr.? Hann sagði: Það er svívirðilegt, að það skuli vera viðhöfð önnur eins vinnubrögð og hér hafa verið viðhöfð, að flytja þjóðarvaldið út fyrir veggi Alþingis og afhenda stéttasamtökum undir stjórn kommúnista vald, sem forseta og Alþingi einu ber að hafa. — Þarna var ekki alveg verið að barma sér yfir því, að það hefði verið gengið fram hjá verkalýðssamtökunum. Nei, sá svívirðilegi atburður hafði gerzt, að verkalýðshreyfingin hafði verið virt viðtals. Það hafði verið rætt um málið við verkalýðssamtökin og fulltrúa þeirra, áður en málið var lagt fyrir Alþingi.

Ég skil nú að vísu ekki, hvað hv. þm. G-K. átti við, þegar hann sagði, að það væri búið að afhenda stéttasamtökunum undir forustu kommúnista vald, sem forseta bæri. Ég held, að það sé bara einhver meinloka. Ég fæ ekki heldur séð, að það sé neitt óeðlilegt við það, þó að stórt og vandasamt mál sé borið undir ýmsa aðila, meðan verið er að undirbúa það og ganga frá því, eins og þetta mál er, en það hefur verið rætt vissulega við verkalýðssamtökin, og það hefur verið rætt við fulltrúa útgerðarmanna líka. Af hverju við þessa aðila? Af því að meginþættir málsins snertu þessar stéttir mjög, útgerðarmennina og atvinnurekendurna, sem er verið að styrkja með þeirri fjáröflun, sem í þessu frv. felst, og svo vinnandi fólkið í landinu, sem á allt sitt undir gengi atvinnuveganna.

Ég trúi því ekki, að Alþingi fyrtist neitt eða taki á nokkurn hátt undir þau ummæli form. Sjálfstfl., að hér sé verið að stíga á strá Alþingis, sýna því fyrirlitningu og taka völd, sem því ber, úr höndum þess með því að ræða við þessa aðila. Ég held, að þarna sé alveg rétt að farið, og formaður Sjálfstfl. hefði gjarnan miklu fyrr mátt uppgötva, að það hefði engu spillt á hans stjórnarárum, þó að hann hefði stundum borið slík mál sem þessi undir fulltrúa hinna vinnandi stétta. Það hefðu engir gullhringar af honum dottið, þótt hann hefði gert það.

Svo sagði hann: Hvað gerðist svo fyrir þessum hæstarétti, þ. e. a. s. á fundum verkalýðssamtakanna, sem voru haldnir um málið? — Og hans niðurstaða var sú, að verkalýðssamtökin hefðu eiginlega snúizt öndverð gegn þessum till. í efnahagsmálunum. En þar veður hann alveg reyk. Það er alveg greinilegt og skýrt um verkalýðssamtökin, þó að ýmsir fulltrúar þeirra litu mismunandi á málið, að þá er niðurstaða þeirra alveg jákvæð og á engan hátt hæpin.

Það er ekkert leyndarmál, að miðstjórn Alþýðusambandsins og efnahagsmálanefndin og nokkrir fulltrúar úr Alþýðusambandsstjórn úti um land sátu marga fundi, ræddu málin, og þeir voru kallaðir til á sömu stundu og till. ríkisstj. lágu fyrir í heild. Það er því alveg úr lausu lofti gripið, að það hafi verið dregið að ræða við verkalýðssamtökin, svo að maður haldi sér fyrst við það að svara fyrri ásökununum, sem komu fram í blöðum Sjálfstfl., að verkalýðssamtökunum væri sýnd lítilsvirðing og höfð leynd á málum, sem löngu væru tilbúin. Það er alrangt. Málin voru rædd þarna hispurslaust og hreinskilnislega, undireins og till. höfðu fengið fast form og lágu fyrir í heild. Fulltrúum verkalýðssamtakanna var gefinn kostur á að ræða við Jónas Haralz hagfræðing, eins og Sjálfstfl. var síðar gefinn kostur á því, áður en málið kom fyrir þingið, að ræða við þennan hagfræðing og Klemenz Tryggvason líka, að ég hygg, til þess að gefnar væru fræðilegar upplýsingar um hina fræðilegu hlið málsins. Á líkum grundvelli var svo málið rætt við fulltrúa útgerðarmanna af hæstv. sjútvmrh. og þannig höfð samráð við þær stéttir og fulltrúa þeirra, sem þetta mál kemur auðvitað mest til að varða, fyrir utan ríkisheildina sjálfa.

En út af þeim röngu upplýsingum, sem hv. þm. G-K. gaf svo um niðurstöðu málsins á vegum verkalýðssamtakanna, vil ég segja þetta:

Þegar umr. var að ljúka, lágu fyrir fjórar till.

um afgreiðslu málsins. Ein var borin fram af sex mönnum, sem skipaðir höfðu verið í n., þeim Eðvarð Sigurðssyni, Eggert Þorsteinssyni, Snorra Jónssyni og Óskari Hallgrímssyni, og var það frumtillagan, sú, sem hv. þm. G-K. virtist vera mjög hrifinn af að ýmsu leyti og las upp úr Alþýðublaðinu eða Þjóðviljanum, hvað í henni fælist, þ. e. a. s. það, sem var nánast heldur neikvætt í þeirri till. Það jákvæða í till. var ekki lesið hér, því var sleppt, og er það ekki alveg nægilega heiðarlegur málflutningur af forustumanni stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar.

En við þessar till. komu fram þrjár brtt. Ein brtt. var um að víkja við niðurlagi till. á þann hátt, að verkalýðssamtökin mótmæltu aðgerðum ríkisstj. Önnur brtt. var um það að breyta meginmáli till., öllu eiginlega nema upphafsorðunum, og á þann veg, að till. væri að slíkri breytingu samþykktri jákvæðar undirtektir undir efnahagsmálaaðgerðir ríkisstj. Þriðja brtt. var svo um það að breyta einni af þessum till. á þann hátt, að sérstaklega væri undirstrikað, að aðgerðirnar í efnahagsmálunum væru í mótsögn við samþykktir síðasta Alþýðusambandsþings.

Eftir túlkun hv. þm. G-K. mætti ætla, að það væru einmitt þessar tvær till., sem hefðu verið samþ., sú, sem vildi breyta aðaltill. Eðvarðs Sigurðssonar o. fl. í bein mótmæli verkalýðssamtakanna gegn efnahagsmálaaðgerðunum, og svo hin, sem stefndi að því að undirstrika, að efnahagsmálaaðgerðir stjórnarinnar væru í andstöðu við samþykktir síðasta Alþýðusambandsþings. En hvernig fór um þessar till.? Brtt. við till. Eðvarðs Sigurðssonar o. fl. um að snúa þeirri till. upp í ákveðin mótmæli gegn efnahagsmálatillögunum, hvað fékk hún mörg atkvæði á 29 manna fundi? Eitt, tillögumannsins. Það var aðeins einn á fundinum, tillögumaðurinn sjálfur, sem vildi, að lokin á ályktun 19 manna nefndar og miðstjórnar væru mótmæli gegn efnahagsmálaaðgerðunum. Hún var felld að viðhöfðu nafnakalli, svo að ekkert fer á milli mála, með 28:1 atkv. Till., sem var um að lýsa yfir því, að efnahagsmálaaðgerðirnar væru í mótsögn við samþykktir Alþýðusambandsþings, hvernig fór hún? Hvað hafði hún mikið fylgi? Hún fékk 2 atkvæði. Allur þorri fundarmanna greiddi henni mótatkvæði, og nokkrir sátu hjá. Hún var kolfelld. — Sú, sem vildi breyta samþykktinni í mótmæli gegn aðgerðum ríkisstj., fékk eitt atkvæði. Hin, sem vildi sérstaklega staðfesta þá skoðun fundarmanna, að aðgerðirnar væru í hreinni andstöðu við samþykktir síðasta Alþýðusambandsþings, fékk tvö atkvæði.

Það er alrangt, að samþykktin, sem svo var afgr. að lokum, hafi verið samþ. með eins atkvæðis mun. Það eru líka ósannindi. (**Gripið fram í:** Það hefur enginn sagt.) Hefur enginn sagt? Það mun nú formaður Sjálfstfl. hafa sagt samt. — Endanlega atkvgr. og þar með samþykktin á þeirri ályktun, sem gerð var, var 16 atkvæði gegn 1 og 12 sátu hjá. Þessir 12, sem sátu hjá, voru tillögumennirnir að upphaflegu till., sem formaður Sjálfstfl. var svo ánægður með, og nokkrir aðrir, en sú till. kom þar af leiðandi aldrei til atkv. En það var samt ýmislegt jákvætt í þeirri till. Það var t. d. þar slegið föstu, að það virtist tryggt, að efnahagsmálaaðgerðir ríkisstj. hefðu ekki í för með sér almenna skerðingu á kaupmætti vinnulauna næstu mánuði. Þetta var ekki lesið af formanni Sjálfstfl. Þetta var of jákvætt. En þetta fólst líka í till., sem samþ. var. Og svo var sem sé einn maður óánægður með niðurlagið. Það var gengið úr skugga um það, hvort menn vildu hafa það sem mótmæli, en fékk bara aðeins eins atkvæðis fylgi. M. ö. o.: allir aðrir vildu ekki, að það væri litið á þetta sem mótmæli.

Ég held, að það sé rétt, að ég lesi — með leyfi hæstv. forseta — niðurlagið á þeirri samþykkt, sem gerð var viðvíkjandi efnahagsmálunum, og hún var á þessa leið, — það er svo sem guðvelkomið, að ég lesi alla till., en ég tel, að afstaðan felist í þessum niðurlagsorðum:

„Enn fremur telur fundurinn mikils virði, að ákveðið er að setja löggjöf um lífeyrissjóð togarasjómanna og gerðar nokkrar breytingar á skattalögunum láglaunafólki í hag. Að þessu athuguðu og jafnframt vegna annarra mikilvægra mála fyrir afkomu og lífskjör íslenzkrar alþýðu í framtíðinni, sem úrlausnar krefjast nú, leggur n. og stjórn Alþýðusambands Íslands til, að verkalýðshreyfingin vinni ekki á móti eða torveldi framgang tillagnanna."

Þetta gerðist með 16 atkvæðum gegn 1, en 12 sátu hjá, af því að þeir höfðu viljað fylgja annarri till., sem þeir sáu fram á að ekki kæmi til atkv., ef þessi yrði samþ. Því sátu þeir hjá.

Hér er alveg greinilega frá því skýrt, að verkalýðshreyfingin ætlar ekki að vinna á móti framgangi þessara efnahagsmálaaðgerða ríkisstj. og ekki heldur torvelda framgang þeirra á neinn hátt. Ég er alveg viss um, að hafi sjálfstæðismenn gert sér vonir um það, að verkalýðshreyfingin risi öndverð gegn framgangi þessa máls, þá hafa þeir þegar gert sér ljóst, að þeir hafa þar orðið fyrir vonbrigðum, og þeir munu enn þá betur verða það á næstu vikum og mánuðum.

Það var vitað, löngu áður en þessar efnahagsmálaaðgerðir fóru að taka form, að nokkur verkalýðsfélög hér í Reykjavík ætluðu sér að segja upp samningum á þessu vori og sögðu, að sínir samningar væru orðnir þriggja ára gamlir, í þeim þyrfti að breyta ýmiss konar orðalagi, það hefði ýmislegt breytzt á vinnumarkaðinum á þessu tímabili og það þyrfti að breyta ýmsum samningsákvæðum, alveg án tillits til þess, hvort þau hugsuðu sér að breyta kaupgjaldsliðum eða ekki. Sum félög töldu, að hlutfallið milli kaupgjalds hjá sér og öðrum starfsgreinum hefði raskazt við kauphækkanir, sem önnur félög hefðu fengið á liðnu og liðnum árum, og þetta þyrftu þau að jafna, þau þyrftu að segja upp til samræmingar. Þetta gildir t. d. bæði að því er snertir járniðnaðarmannafélagið hér í Reykjavík og rafvirkjafélagið og e. t. v. nokkur fleiri. Það, að þessi félög hafa því sagt upp og Dagsbrún hefur sagt upp, það er mér vel kunnugt um, er ekki fyrst og fremst af því, að stjórn Dagsbrúnar hafi ætlað sér að fara fram á stórfellda kauphækkun, heldur af því, að það eru nokkrir tiltölulega fámennir starfshópar innan Dagsbrúnar, sem telja, að sitt kaup sé nú komið í

ósamræmi við það kaup, sem nú sé greitt við hliðstæð störf hjá Reykjavíkurbæ. En Dagsbrún hefur á undanförnum árum oft farið fram á það við Vinnuveitendasambandið, að það væri hægt að hafa þessa samninga aðgreinda, þannig að ekki þyrfti að segja upp heildarsamningum fyrir 3000 manns á vinnumarkaðnum, þó að leiðrétta þyrfti kaup 20—30 manna. En það hefur Vinnuveitendasambandið af einhverjum ástæðum ekki viljað fallast á, og þess vegna er þetta allt í einum samningi og verður að segja upp samningnum í heild til þess að lagfæra jafnvel kaup 20 manna. Þetta er ekki heppilegt að mínu áliti, og ég skil ekki, að það sé heilbrigt atvinnurekendasjónarmið að vilja ekki gera stéttarfélagi mögulegt að segja einungis upp fyrir þá menn, sem þarf að breyta kaupinu fyrir. Ég hefði haldið, að heilbrigð atvinnurekendasjónarmið væru þau að kjósa sem minnstar hreyfingar á vinnumarkaðnum og sem minnstar uppsagnir stéttarfélaga á samningum og því ætti frá atvinnurekendasjónarmiði einmitt að gera það mögulegt að segja upp nákvæmlega fyrir þá, sem hugsað er að breyta kaupgjaldinu hjá, og aðra ekki.

Ég er því alveg viss um varðandi það, að verkalýðsfélög hafa sagt upp samningum núna, að það er misskilningur, ef menn halda, að það sýni, að það sé mikil ólga hjá verkalýðsfélögunum og almennur vilji til þess að segja upp samningum til stórfelldra kauphækkana. Það held ég að sé ekki. Ég veit, að það er stefna verkalýðsfélaganna að kjósa sér sem minnstar kaupgjaldsbreytingar, sem minnstar verðlagshreyfingar í landinu, sem mest jafnvægi, og verkalýðshreyfingin telur, að það skapi mestar líkur fyrir stöðugt og öruggt atvinnulíf.

Ég tel ástæðulaust að leiðrétta það, — það var sagt hér í dag og hefur reyndar örlað á því áður í þessum umr., — að það hafi oltið á mínu atkv. við afgreiðslu þessa máls. Það er algerlega rangt. Það er auðséð af atkvæðatölunni 16, sem till., sem að lokum var afgr., hlaut, að þar valt ekkert á mínu atkvæði og heldur ekki þess sambandsstjórnarmanns, sem einnig greiddi atkvæði. Og þegar menn fetta fingur út í það, að einn sambandsstjórnarmaður utan af landi hafi greitt atkvæði, þá er það af ókunnugleika manna, sem með þetta fara. Það er skýrt í sambandslögunum, að sambandsstjórnarmenn utan Reykjavíkur hafa ávallt aðgang að fundum miðstjórnarinnar og hafa þar sama rétt og í fullskipaðri sambandsstjórn. Þeir hafa því allir, ef þeir væru hér staddir, atkvæðisrétt, sambandsstjórnarmennirnir. Það var einn af þeim hér staddur og sat alla fundina, og það var borið sérstaklega undir alla fundarmenn, þá sem fylgdu hinum ýmsu till., áður en atkvgr. hófst, hvort það væru ekki allir sammála um það, að samkvæmt sambandslögunum bæri þessum manni atkvæðisréttur, og það var sérstaklega viðurkennt af tillögumönnunum fjórum, að það kæmi ekki annað til mála en hann ætti að greiða atkvæði líka.

Það er rétt, úr því að menn eru að hampa því, að hér hafi verið um ólöglega aðgerð að ræða á samþykkt og ofbeldi haft í frammi við atkvgr., að taka þetta fram, því að um þetta var enginn ágreiningur, og þetta liggur skýrt fyrir, að þarna voru einungis þeir menn að greiða atkvæði, sem til þess höfðu rétt, og um það var hið fyllsta samkomulag allra.

En efnahagsmálanefnd Alþýðusambandsins lét ýmislegt fleira í ljós, eftir að hún hafði setið marga daga og stundum langt fram á nætur á fundum til þess að kynna sér efnahagsmálin og þær till., sem ríkisstj. hugðist að bera fram, og hún lætur í ljós afstöðu sína til ríkisstj. og ýmissa mála, sem hún hefur leyst í þessum till., í viðbót við þá ályktun, sem ég las nú niðurlagið af. M. a. gerði fundurinn þessa ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir því, að sérsköttun hjóna verður nú lögfest og kaup kvenna og annarra þeirra, sem lægst eru launaðir, hækkar samkvæmt frv. ríkisstj. um allt að því 7%. Er þannig stuðlað að því að minnka bilið milli karla- og kvennakaups, og væntir verkalýðshreyfingin góðrar samvinnu við ríkisvaldið um aðgerðir til fulls launajafnaðar karla og kvenna."

Hérna er vikið að tveimur málum, sem aflað er fjár til í efnahagsmálatillögum ríkisstj. Það er í fyrsta lagi vikið að því, að þegar hið almenna kaup í landinu hækkar um 5%, þá er jafnframt búið svo um hnútana, að þeir, sem hafa lægra kaup en Dagsbrúnarkaup innan verkalýðshreyfingarinnar, þar með verkakonur, fái allt að 7% launahækkun. Og að öðru leyti er vikið að tveimur málum þarna viðvíkjandi skattalækkunum, þ. e. lækkun skatta á lágtekjum og sérsköttun hjóna, sem nú felst í frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu ásamt þessu máli, — mál, sem kvennasamtökin í landinu, Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands og verkakvennafélögin innan Alþýðusambandsins, hafa um mörg ár barizt fyrir. Fjáröflun er hér, sem m. a. gerir ráð fyrir því, að það sé varið allt að 6 millj. kr. til þess að standa straum af lagabreytingunni um sérsköttun hjóna.

Lokatillagan, sem svo var samþykkt á þessum fundum efnahagsmálanefndar og miðstjórnar, segir kannske skýrast til um það, hver hugur var og er í forustumönnum verkalýðssamtakanna gagnvart ríkisstj., einmitt þá dagana, þegar þessir forustumenn höfðu verið að gera sér grein fyrir innihaldinu í efnahagsmálatillögum ríkisstj., og sú ályktun er svo hljóðandi:

„Fundur efnahagsmálanefndar og miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, haldinn 8. maí 1958, lýsir ánægju sinni yfir, að lögfestur hefur verið réttur tíma- og vikukaupsmanna til óskerts kaups í allt að 14 daga í veikinda- og slysaforföllum og til eins mánaðar uppsagnarfrests frá störfum.

Fundurinn fagnar einnig, að tryggður er á Alþingi framgangur frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Framkvæmd þessara mála er ávöxtur af samstarfi verkalýðshreyfingarinnar við núverandi ríkisstj., og svo er einnig um ýmis önnur hagsmunamál alþýðustéttanna, svo sem verulega hækkun á kaupi fiskimanna, lækkun tekjuskatts á láglaunafólki, þingsályktun um hækkun

elli- og örorkulífeyris og aukið fé til íbúðarhúsabygginga á s. l. ári.

Fundurinn lætur í ljós þá von, að framhald megi verða á vinsamlegu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og núverandi ríkisstj. um framgang hagsmunamála alþýðunnar og þeirra mikilvægu málefna, sem nú bíða úrlausnar.“

Hvernig var nú um atkvgr. um þessa till.? Marðist hún rétt í gegn? Nei, hún var samþykkt með öllum atkvæðum. Það var ekki eitt einasta á móti, og þar með létu þessir forustumenn, þegar þeir stóðu upp frá sínu fundarhaldi, í ljós óskir um það, að áframhald mætti verða á vinsamlegu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og núverandi ríkisstj. um framgang hagsmunamála alþýðustéttanna.

Þetta er það, sem við vitum sannast og réttast um viðhorf verkalýðshreyfingarinnar til þessara umdeildu mála, skulum við segja, sem eru þess eðlis þó sannarlega, að það var alls ekki hægt að búast við því, að ríkisstj. gæti bætt hag verkafólksins í sambandi við þessar aðgerðir, nema þá á þann hátt, að stoðir atvinnulífsins væru orðnar traustari.

Ég vil nú leyfa mér að fara örfáum orðum, áður en ég lýk máli mínu, um undirtektir hv. stjórnarandstöðu undir málið og drepa þar niður fingri á stöku stað viðvíkjandi ummælum hinna ýmsu ræðumanna stjórnarandstöðunnar.

Ég veitti því athygli, að í fyrstu ræðu sinni vék hv. 1. þm. Rang. (IngJ) að því, að Sjálfstfl. hefði einu sinni borið fram till. um stöðvun dýrtíðar, till., sem hefðu kostað lítið. Mér datt í hug, að það væri undarlegt að liggja á þessum till., ef þær eru þess eðlis, sem hann segir. Þær eru ódýrar og stöðva dýrtíð, alltaf tímabærar till. Ég held, að það væri alveg sjálfsagt, þegar flokkurinn er ekki við því búinn að bera fram neinar brtt. við þetta mál, að koma nú með ódýru úrlausnina, og hún verður sjálfsagt vel þegin, ef hún er eins góð og þm. vill vera láta. En ég man það, að þessar till. voru bornar fram 1956, meðan fyrrverandi ríkisstj. sat að völdum, meðan hv. 1. þm. Rang. var í ríkisstj., og fengu lítinn byr, þótt ódýrar væru, og hafa aldrei verið nefndar síðan, svo að ég viti, af neinum nema honum, og það mælir ekkert með þeim, sannast að segja.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að ræðu hv. 2. þm. Eyf. (MJ). Hann var hógvær í sínum ræðuflutningi, eins og hann er jafnan, og það var ekki auðheyrt, hvort hann væri stjórnarsinni eða stjórnarandstæðingur, þegar hann var að tala um þetta mál. Menn þurftu að hlusta nokkuð vel til þess að átta sig á því, því að hann sagði: Það er án efa ýmislegt til bóta í þessu frv. — Og hann sagði enn fremur: Það er kannske tryggð heppilegri framkvæmd á ýmsum atriðum í þessu frv. heldur en verið hefur. — Hann sagði enn fremur: Það má vera, að það sé rétt að leggja á rekstrarvörurnar. — Hann vildi ekkert taka af um það, en það er ein meginbreytingin í þessu frv. frá aðgerðunum haustið 1956, að það er einmitt lagt á rekstrarvörurnar og atvinnuvegirnir fá síðan það, sem það álag gerir tilkostnaðinn við atvinnurekstrarinn fjárfrekari, upp bætt í útflutningsbótunum og sleppa þannig skaðlausir, og eru að mínu áliti gildar ástæður til að gera þetta til þess að koma í veg fyrir magnað ósamræmi, sem hefur valdið miklum gjaldeyrisleka hjá okkur að undanförnu, og gjaldeyrinn þurfum við að passa og jafnvel betur en við höfum gert.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það mætti vel vera, að það væri rétt að leggja á rekstrarvörurnar. Hann hélt sér að vísu við þá röngu tölu, 790 millj., sem þarna væri verið að taka. En hann gat þess, hann hafði ekki brjóstheilindi til þess að nefna þessa tölu án þess að segja: Það er að vísu satt, að af sumum er þetta tekið, en aðrir njóta þess líka. — Það er sannleikur, að mikið af þessum tölum gengur út og inn, svo að einföld samlagning verður lygi. Niðurstaða af einfaldri samlagningu á öllum tölum, sem þarna koma fyrir, verður auðvitað ósönn. Það er verið að ljúga með tölum, þegar menn nefna 790 millj., og það hafa hv. sjálfstæðismenn gert vitandi vits, að þeir hafa verið að ljúga með tölum, þegar þeir hafa verið að nefna 790 millj. Magnús Jónsson vildi ekki láta hanka sig á þessu og sagði: Það eru ýmsir þarna, sem greiða þetta, en það eru líka aðrir, sem njóta þess, — og fór svo ekki frekar út í það. En hann viðurkennir, að það hafi verið þarna mínusar og þeir stórir, sem þurfa að koma til greina, til þess að hin rétta tala komi í ljós.

Þá sagði hann enn fremur: Ég þori ekki að fullyrða, að hægt væri að losa þjóðina við þessar álögur. — Ég þori ekki að fullyrða, að hægt væri að losa þjóðina við þessa tekjuöflun, væri nú réttara. Hann vill ekki fullyrða, að þessi tekjuöflun sé óþörf, og það er áreiðanlegt, að það þarf kaldrifjaða menn til þess að halda því fram, að það sé verið bara af ótuktarskap eða illvilja að hrella menn með þessari tekjuöflun, sem er til styrktar atvinnulífinu, sem þjóðin öll lifir á.

Þá sagði hann og: Það er rétt, að vísitölukerfið getur verið hættulegt, — og nefndi í því sambandi svikamyllu víxlhækkananna. Og það var út af því, sem stendur í frv., að það sé ekki nú gengið til verks um það, hvað verði með vísitölukerfið í því formi, sem það hefur verið, heldur muni það mál sérstaklega verða tekið til athugunar og umr. á þingum þeirra stéttasamtaka, sem taka öll þessi efnahagsmál áreiðanlega til umr. á komandi hausti, Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Og hafi mönnum hingað til sýnzt sitt hverjum um það vísitölukerfi, sem við nú höfum, þá er enginn vafi á því, að það eru ýmsir skoðanabræður hv. þm. A-Húnv., sem líta á vísitöluna sem sinn innilegasta fjandmann, — vísitalan er hans aðalfjandmaður ásamt Eysteini og Framsókn, en hann hatar ekkert í þessari veröld eins og vísitöluna, þar næst er Eysteinn og Framsókn, en það eru fornar ástir til Framsóknar, af því að hann var einu sinni framsóknarmaður, sem brjótast núna út í hatri.

Magnús Jónsson sagði líka, að það væri sín skoðun, að dýrtíðarþróun væri til tjóns fyrir

verkalýðinn. Ég er viss um, að sú skoðun á allmarga talsmenn innan verkalýðshreyfingarinnar, það er ekki nokkur vafi á því. Verkalýðshreyfingin vill jafnvægi vegna gengis atvinnuveganna, sem minnstar breytingar í kaupgjaldi og verðlagi, og veit, að vísitalan hefur ekki dugað til þess að tryggja kaupmátt launanna. Þrátt fyrir vísitölukerfið frá 1940 hefur orðið að heyja verkföll, af því að það hefur farið úrskeiðis með kaupmátt launanna, vísitalan hefur hækkað landbúnaðarvörur, vísitalan hefur hækkað rekstrarkostnað atvinnuveganna, svo hefur orðið að veita atvinnuvegunum aðstoð á ný, og aftur hefur þurft að hækka kaup til þess að jafna þessi met. Það er alveg áreiðanlegt, að það eru mjög skiptar skoðanir um það, hvort það sé rétt að halda þessu vísitölukerfi óbreyttu áfram, og ég veit ekkert, hvor fylkingin verður sterkari á næsta Alþýðusambandsþingi, sú, sem hefur trú á vísitölukerfinu eins og það er, eða hin, sem ekki hefur trú á því. Ég er þeirrar trúar, að vísitölukerfið gefi mörgum öðrum í þjóðfélaginu meira í sinn hlut en verkamanni með venjulegar verkamannstekjur.

Það var einmitt í ræðu í dag, sem var flutt af mikilli góðvild, minnt á það, að ég væri orðinn hátekjumaður. Það er alveg satt. Ég hef núna á annað hundrað þúsund króna í tekjur. Verkamennirnir hafa 50—70 þús. kr. í tekjur. En það er staðreynd, að þegar verið er að bæta þeim einhverja dýrtíðarhækkunina með vísitöluuppbót, þá fær verkamaðurinn, sem hefur 50 þús. kr. laun, hálfa upphæðina, sem ég fæ. Mér væri engin þörf á því að fá tvöfalt á við verkamanninn. Mér væri engin þörf á að fá ofan á launin mín sömu upphæð og verkamaðurinn fær, en ég fæ tvöfalt. Hálaunamenn þjóðfélagsins fá tvo fiska á móti hverjum einum, sem verkamanninum er úthlutað gegnum þetta vísitölukerfi. Þetta skilur verkalýðurinn, og það er ekki verkalýðnum að kenna, að þetta vísitölukerfi er komið á. Það er af allt öðrum ástæðum. Það er líklegast af því, að hátekjumenn hafa séð, að með þessu hækkuðu laun þeirra tvöfalt við það, sem láglaunamennirnir fengju í launahækkun til sín, þaðan hlýtur þetta að vera runnið. Og það er ánægjulegt til þess að vita, að þar verður ekki Sjálfstfl. öllum sem heild að mæta, ef verður gengið af vísitölukerfinu núverandi dauðu. Þar verður a. m. k. hv. þm. A-Húnv. góður liðsmaður til þess að aflífa þetta vísitölukerfi, ef það verður gert, og væri sjálfsagt, að hann gengi fyrstur og héldi undir framhornið á líkbörunum, ef vísitölukerfið verður borið til grafar, að veita honum þann heiður ásamt ýmsum fulltrúum úr verkalýðshreyfingunni.

Ég beið eftir því með nokkurri eftirvæntingu að heyra, hvernig hv. 9. landsk., prófessor Ólafur Björnsson, mundi ræða um þetta mál, og ég hlustaði á hans ræðu með athygli. Ég heyrði, að hann fór ekki í spor sinna samherja, sem hafa verið með ýmsar fáránlegar fullyrðingar hér í sambandi við málið. Hann nefndi engar 790 millj. í tekjuöflun. Hann veit, að samlagning hv. þm. G-K. er ekki sú stærðfræði, sem túlkar sannleikann. En hann forðaðist að nefna nokkrar tölur, hann vildi ekki gera sína flokksmenn að ósannindamönnum, og það var einasta ástæðan til þess, að hann nefndi ekki tölur, það er alveg bert. Ég veit, að þessum ágæta manni er annara um fræðimannsheiður sinn en svo, að hann fari að taka hér bara vegna flokksþjónkunar með sínum flokksbræðrum undir þau reginósannindi, sem felast í þessari tölu þeirra, og þeir vita það sjálfir, hinir, að þeir eru að skrökva með tölum, þegar þeir nefna 790 millj. sem nýja tekjuöflun í þessu frv.

Hann viðurkenndi líka, hv. 9. landsk., að gengisfelling mundi kosta mest í bili, sagði hann, og hann sagði, að hann teldi ekki rétt að fara þá leið nú í bili. Hins vegar duldist það ekki, og það er engum leyndarmál, að hann er gengislækkunarmaður, hann trúir á það, að gengislækkun sé eina varanlega leiðin. Hann notaði mikið líkingu. Hann sagði, að veggur, sem væri hrófatildur, mundi kosta minna en vandaður veggur af sömu stærð, og hann vildi segja: Það kostar minnst að fara líkar leiðir í efnahagsmálunum og gert var haustið 1956. — Það vildi hann kalla hrófatildur. Hann taldi, að það kostaði minna, aðgerðir eins og þetta, en það mundi kosta mest í bili að fara gengislækkunarleiðina, sagði hann. Og þar með vildi hann komast að þeirri niðurstöðu, að það væri hinn varanlegi veggur, sem ekki mundi hrynja. En nú má ég til með að vera svo ótuktarlegur að minna á, að það var framkvæmd gengislækkun 1950 og það var grafið fyrir undirstöðunum að þessum vandaða vegg af hv. 9. landsk. og öðrum fræðimanni, Benjamín Eirikssyni, og gott ef þeir tóku ekki þátt í að byggja vegginn. Stendur hann ekki enn í dag? Hann kostaði mikið, það er áreiðanlegt. Þetta átti að vera vandað verk, en þeir voru varla komnir frá honum, byggingarmeistararnir, þegar veggurinn hrundi. Bátagjaldeyriskerfið kom rétt á hælana á þeim. Og út af þessu kemur mér í hug sagan um karlinn og kerlinguna, sem voru einmitt að hlaða vegg, og svo kemur konan, þegar karlinn er að enda við vegginn, og segir: Ja, þetta er fallegur veggur, þessi veggur stendur þína tíð og mína tíð og okkar barna tíð. — Já, ætli hann hafi ekki staðið það? Nei, þá kom karlinn til að bjarga kerlu sinni og sagði: Varaðu þig, kerling, veggurinn er að hrynja. — Það fór nefnilega alveg eins í þessari sögu og þegar hv. 9. landsk. hlóð. Gengislækkunarveggurinn 1950 hrundi fljótt, bátagjaldeyriskerfið var hleðslan í skarðið, og þeir máttu sannarlega vara sig, byggingarmennirnir, að verða ekki undir honum, og ég vona, að einhver hafi aðvarað þá, að nú væri veggurinn að hrynja. Um varanleik gengislækkunar má hv. þm. líta til reynslunnar. Gengislækkunin 1950 varð ekki varanleg ráðstöfun. Það voru ekki liðnir nema 9 mánuðir, þegar gengislækkunin dugði ekki lengur sem efnahagsleg aðgerð og bátagjaldeyriskerfið varð að koma í viðbót. En hann var einn af þeim mönnum, hv. 9. landsk., sem tóku undir það, að vísitölukerfi í þeirri mynd, sem við eigum nú við að búa, samrýmdist ekki jafnvægi í efnahagsmálum. Og það er alveg rétt. Vísitölukerfið, eins og það er núna, sem tínir upp

hverja smábreytingu, sem verður á verðlagi erlendrar vöru, og endurkastast svo aftur í verði landbúnaðarvara og í tilkostnaðinum við framleiðslulífið og heimtar svo nýjar tekjur til þess að standast kostnaðinn af því, það er auðvitað langt frá því, að slíkt fyrirkomulag skapi jafnvægi, það rýfur allt jafnvægi, það setur allt á hreyfingu.

Og eitt er í þessu atriði, sem verkalýður landsins er búinn að skilja til fulls, að það er ekki beint í samræmi við okkar efnahagskerfi, að ef það verður uppskerubrestur á kaffi suður í Brazilíu, svo að kaffið hækkar í verði, þá á það að hafa áhrif á vísitöluna hér til hækkunar. En þetta getur borið að á sama tíma sem aflabrestur er á Íslandi og þjóðartekjurnar hafa minnkað og íslenzkur þjóðarbúskapur þyrfti helzt á því að halda, að laun lækkuðu, ef ekki ætti að skapast halli. Það sér hver maður, að það er ekkert samræmi í þessu, að geta orðið fyrir stórfelldum verðhækkunum og þar með útmældri hækkun á kaupi, ekki bara láglaunamanna, heldur allra upp úr, upp í topp, á sama tíma sem það, sem á að standa undir launagreiðslum í þjóðfélaginu, hefur kannske minnkað.

En svona getur þetta gengið, svona gekk þetta s. l. ár, en þá var Sjálfstfl., flokksbræður hv. 9. landsk., ólmur í að hækka kaup einmitt hjá hálaunafólki, þá fundu þeir mikla þörf í að hækka laun hjá skipstjórum á farskipunum, og einmitt einn af skipstjórunum á farskipunum var hér að barma sér yfir því, að ólukku ríkisstj. hefði komið í veg fyrir það, að þeir hæst launuðu á skipunum fengju hækkað kaup. Það var engin þörf á því. En það var sýnd sú sanngirni að hækka kaup hjá láglaunamönnum á skipunum, það var rétt. Og flugmennirnir knúðu fram kauphækkun. Þeir voru með hæst launuðu mönnum þjóðfélagsins fyrir, þrátt fyrir það að aflabrestur hefði orðið og það, sem þjóðfélagið hafði til að standa undir launagreiðslum, hefði minnkað. En a. m. k. er fjarstætt að hækka kaup hjá öllum upp úr, jafnt þeim hæst launaða sem þeim lægst launaða, þegar t. d. aflabrestur verður.

Og þá leiðist hugur manna að því, hvort ekki væri réttmætt, að þjóðarteknavísitala eða útflutningsvísitala væri grundvöllur undir almennum kauphækkunum, a. m. k. hálaunamanna. Látum það vera, þó að einhvers konar framleiðsluvísitala væri höfð sem eins konar lágmarkstrygging í þjóðfélaginu fyrir láglaunafólkið. En það ætti eingöngu að skapast réttur fyrir hálaunafólkið í þjóðfélaginu, þegar þjóðartekjurnar hefðu aukizt, það er mín skoðun.

Hv. þm. A-Húnv. sagðist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum af þessu frv., þegar hann sá það, að vísitalan væri ekki skorin niður alveg og úr sögunni með þessu frv. En hann hafði þó séð eitt, og það var það, að allir launamenn landsins taka ekki kaup næstu mánuði samkv. vísitölu. Þeirra kaup stendur nú eins og það er, það hefur verið bætt við það 5%, það samsvarar því, að þeir eru skaðlausir, þangað til vísitalan — hún verður útreiknuð áfram — hefur hækkað um a. m. k. 9 stig. En gefur þetta ekki vísbendingu um það, að þarna sé verið að færa málið inn á nýtt spor? Gefur það ekki einmitt vísbendingu um það, að hans málstaður sé ekki fjarlægur þeim, sem standa að frv., hans sjónarmið í þessu efni? Ég hygg, að hann megi fyllilega íhuga það, og það ætti a. m. k. að draga nokkuð úr óánægju hans. En svo er sagt: Málið verður rætt á þingum stéttasambandanna í landinu. — Og það er mjög lýðræðislegt, að þau fjalli um það mál. Það er þeirra að segja til um það, hvort þau telja sínum hag borgið með þessu kerfi óbreyttu eða meira eða minna breyttu eða jafnvel með því að leggja það alveg til hliðar. Og það væri ekki lýðræðislegt af núverandi ríkisstj. að gera slíka stökkbreytingu í íslenzkum efnahagsmálum án samráðs við samtök stéttanna, sem hún hefur heitið að hafa samráð við í hinum þýðingarmestu efnahagsmálum, sem ég hygg að sé einungis til góðs.

Ég skal láta máli mínu lokið með þessu. Ég vildi með því, sem ég hef nú sagt, hafa leiðrétt misskilning um það, hver afstaða verkalýðssamtakanna sé til þessara efnahagsmálaaðgerða. Það liggur fyrir, að forustumenn verkalýðssamtakanna hafa ákveðið að vinna ekki gegn þessum efnahagsmálaaðgerðum og torvelda framkvæmd þeirra á engan hátt. Það nægir fyllilega ríkisstj., og hún hafði aldrei hugsað sér að fara fram á annað eða meira í þessu sambandi. Hún hafði hins vegar búið svo um hnúta, að verkalýðurinn væri skaðlaus af þessum aðgerðum fyrstu mánuðina og það lengi a. m. k., að hagur vinnustéttanna væri ekkert farinn að skerðast, þegar þau kalla saman sín þing og hafa möguleika til þess að taka afstöðu til þessara mála og taka ákvarðanir um, hvort þau vilja þar gera till. um verulegar breytingar í okkar efnahagsmálum, og þær till. gætu verið þess efnis, að þær hefðu verulega þýðingu, og það hefur komið fram í þessum umr., að menn viðurkenna það, ekki aðeins úr stjórnarliðinu, heldur úr stjórnarandstöðuliðinu líka, að þeir atburðir geta gerzt á þessum þingum stéttasamtakanna, sem skapi mikla möguleika til þess, að meira jafnvægi náist í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar en við höfum hingað til búið við.

Ég er viss um það, að ef við hefðum haft íhaldsríkisstj. núna, þá hefði hún ekki byrjað á því að lögfesta 5% kauphækkun, til þess að verkalýðurinn væri alveg öruggur með að verða ekki fyrir kjaraskerðingu á næstu vikum og mánuðum. Nei, íhaldsstjórn hefði núna sagt: Við vitum ósköp vel, að dýrtíðin kemur til með að vaxa um 17—18 stig, en verkalýðssamtökin eru fyllilega fær um það að ná sínum hlut með verkföllum, eftir að kjararýrnunin er skollin á, og þau skulu fyllilega þurfa að kaupa það eins dýru verði og hægt er. — Þetta voru vinnubrögðin áður, og hér er orðinn á meginmunur. Þetta skilur verkalýðshreyfingin vel, og það er þess vegna, sem hún fyllilega þakkar ríkisstj. það, sem hún hefur vel gert að löggjafarleiðum, að leysa hvert stórmálið fyrir verkalýðshreyfinguna á fætur öðru, sem hefur verið barizt um, barizt fyrir í áratugi án

árangurs, og því ber að fagna. Þetta hefur gerzt, síðan núverandi ríkisstj. tók við. Og í annan stað eru allt önnur vinnubrögð höfð á, að því er snertir hin þýðingarmestu efnahagsmál hinna vinnandi stétta. Þar er haft samráð við forustumennina, og á því er hneykslazt, og það er talað um, að þetta svipti Alþ. völdum. Þetta er allt saman hégiljur. Það er réttmætt að hafa bæði atvinnurekendur og verkalýð með í ráðum, þegar svona aðgerðir eru gerðar, og ég gæti hugsað mér, að þær verði ekki margar ríkisstj. hér eftir, sem vilja ganga fram hjá þessum aðilum, þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

Ég er sannfærður um það, að verkalýður landsins skilur, að með þeirri fjáröflun, sem ráð er fyrir gert í þessu frv., er einungis verið að gera *grundvöll atvinnulífsins* í landinu traustari. Það er hin bezta kjarabót fyrir verkalýð landsins. Í því er lífsöryggi hins vinnandi fólks í landinu fólgið, og hver sá, sem reynir að villa um fyrir verkalýð landsins að því er þetta snertir, hann fer bónleiður til búðar, og hann fær ekki fylgi verkalýðsins.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. kvartaði yfir því, að svör þau, sem ég gaf við spurningum þeim, sem hann beindi til mín, hefðu verið ófullnægjandi.

Fyrsta spurningin og sú þýðingarmesta var sú, hvort ég teldi, að gengisfelling væri réttmæt við núverandi aðstæður. Hann kvað mótsögn í því, að ég hefði tekið það fram, að gengi krónunnar væri rangskráð, en samt ekki mælt með því, að gengislækkunarleiðin yrði farin.

Ég tel, að hér sé í rauninni ekki um neina mótsögn að ræða. Vitanlega hefur það sína óhagkvæmni í för með sér, að gengi íslenzkrar krónu er ekki rétt skráð. Á hinn bóginn er það þannig, að ef gengisfelling yrði framkvæmd, þá mundi af því stafa margvísleg röskun, þótt að vísu sé það að mínu áliti bábilja, að slík ráðstöfun mundi hafa í för með sér kjaraskerðingu fyrir heildina. Hins vegar hefur þetta áhrif á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, sem hægt væri að bæta úr með viðeigandi hliðarráðstöfunum. En þar sem bæði rangskráning krónunnar og einnig gengisfelling hefur hvort um sig sitt óhagræði í för með sér, þá þarf auðvitað að meta, hvorn ókostinn maður heldur tekur, og það er ekki hægt að mínu áliti, hvorki við þær aðstæður, sem eru í dag, né endranær, nema fyrir hendi *séu fullkomnar upplýsingar um áhrif slíkrar* ráðstöfunar, á hvern hátt væri hægt að framkvæma viðeigandi hliðarráðstafanir o. s. frv.

Hæstv. menntmrh. bauðst til þess að veita mér upplýsingar um rekstrarafkomu sjávarútvegsins, þannig að hægt væri að taka afstöðu til þess, hvort þær uppbætur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., séu nægar eða ekki. Ég hef áður átalið það, að slíkar upplýsingar hafa ekki verið gefnar fyrir löngu. Nú er slíkt of seint, a. m. k. fyrir aðra en þá, sem eru sérstaklega kunnugir högum sjávarútvegsins. En væri nægur tími fyrir hendi til að kanna þau gögn, þá mundi ekki standa á mér að reyna að gera mér grein fyrir því, hvers væri þörf í þessu efni.

Hæstv. ráðh. hafði eftir mér nokkur ummæli, og þau voru í sjálfu sér rétt eftir höfð, þess efnis, að ég hefði talið nokkur einstök ákvæði þessa frv. til bóta, eins og t. d. það, að í staðinn fyrir 40 gengi o. s. frv., þá eru gengin nú gerð færri eða álagningarprósenturnar á innflutninginn færri, þannig að þetta verður einfaldara í framkvæmd; enn fremur það, að gerður er minni mismunur á uppbótunum til hinna einstöku útflutningsgreina en verið hefur. Hins vegar verð ég að hryggja hæstv. ráðh. með því, að ég tók það einmitt fram, að hér væri um einstök atriði að ræða, þannig að það væri rangt að draga þá ályktun af þessum ummælum, að ég hafi sagt, að þetta frv. í heild væri til bóta. Það var einmitt sú gagnstæða niðurstaða, sem ég komst að. Að vísu taldi ég, að hugsanlegt væri, ef önnur atriði efnahagsmálanna yrðu hagstæð, að þá kynni það að miða í jafnvægisátt. En ég tel hins vegar ekki líkur á því, að önnur atriði efnahagsmálanna eða þróun þeirra verði hagstæð, þar má t. d. nefna kaupgjaldsmálin o. s. frv. Þar að auki bætist það við, sem er stærsta atriðið í þessu sambandi, að það liggur ljóst fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur enga stefnu í þessum málum, þannig að þar er ekki neins góðs að vænta. Það verður ekki annað séð en þær miklu álögur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., veiti aðeins skamman gálgafrest, þannig að meira öngþveiti verði þá eftir en áður. Það, hvort hér verður um að ræða *samræmingu milli innlends og* erlends verðlags, þegar frá líður, er komið undir því, hversu mikið innlenda verðlagið kemur til að hækka frá því, sem nú er, en á því tel ég vissulega mikla hættu, þó að ekki sé meira sagt.

Þá beindi hæstv. ráðh. til mín nokkrum nýjum spurningum, og sú fyrsta var þessi: Telur hv. þm. ráðstafanir eins og þessar byrðar á þjóðina í heild? — Til þess að gera sér grein fyrir því, hvort ákveðnar ráðstafanir eru byrðar á þjóðina í heild, verður auðvitað að hafa einhverja viðmiðun, og sú viðmiðun yrði þá að vera aðrar mögulegar ráðstafanir, sem til greina kæmu. Það er einmitt vöntun á meðferð þessa máls, sem ég hef átalið, að það liggur engin grg. fyrir um það, hvaða aðrar leiðir kæmu þarna til greina og hvaða áhrif slíkar ráðstafanir mundu hafa. Þessari spurningu verð ég því að vísa heim í hérað aftur eða til hæstv. ríkisstj.

Þá spurði hæstv. ráðh. mig um það, hvort ég væri því sammála, sem kom fram í ræðu hv. þm. G-K., að þær álögur, sem hér væri um að ræða, næmu 790 millj. Það er rétt að taka það fram, að hv. þm. G-K. hafði þann fyrirvara um þetta, að hér frá bæri að draga það, sem gengi inn og út úr sama vasa, en slíkt væri ekki hægt að áætla með nákvæmni. Mér eru ekki kunnar þær forsendur, sem þetta er byggt á, eða þær tölur, sem þessi útreikningur er byggður á, en svo lengi sem ekki liggur annað fyrir, hef ég ekki neina ástæðu til þess að vefengja þennan útreikning. Aðferðin

mun hafa verið sú að taka heildartekjuöflunina, en auðvitað með þeim fyrirvara, að frá bæri að draga það, sem gengi inn og út úr sama vasa. Hv. þm. G-K. viðurkenndi hins vegar ekki það sjónarmið, að frá bæri að draga hækkun á uppbótunum vegna hækkunar á rekstrarvörum útvegsins, af því að þar er um að ræða tekjutilfærslu á milli útvegsmanna. Ég hygg, að það sé mjög algengt að nota svipaða aðferð, og t. d. hvað snertir þessar uppbætur vegna hækkunar á rekstrarvörunum, þá sýnist mér a. m. k., að hluti af þeim sé hliðstæður við það, að t. d. gjöld af útflutningi, þótt þeim sé ráðstafað í þágu sjávarútvegsins, eru almennt talin til skatta, sömuleiðis er benzínskattur t. d., sem ráðstafað er til vegaviðhalds, venjulega talinn til skatta, þó að segja megi, að hann komi þeim til góða, sem þessa skatta greiða. Annars eru auðvitað margvíslegar aðferðir við það að reikna út skattbyrðina, bæði þær skattbyrðar, sem af þessu leiðir, og aðrar skattbyrðar í heild. Sú, sem almennast er notuð, er að taka tekjuöflunina í heild og deila henni niður á þá, sem skattana greiða. Aðrar aðferðir hafa verið ræddar meðal hagfræðinga í þessu efni, eins og það að miða skattbyrðina við ríkisútgjöldin, en ekki við ríkistekjurnar. Sumir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, sem lætur kannske einkennilega í eyrum, að skattbyrðin sé í rauninni núll, því að borgararnir fái verðmæti á móti þeim sköttum, sem þeir greiða. Það er ekki til nein aðferð í þessu efni, sem hægt er að segja að sé hin eina rétta, a. m. k. kenni ég nemendum mínum í háskólanum það og hef ekki ástæðu til þess að segja annað hér. Slíkt verður alltaf persónulegt matsatriði. Ég fer ekki fleiri orðum um þetta.

Þriðja spurning hæstv. ráðh. var sú, hvort ég teldi þessar ráðstafanir vera spor í átt til aukins jafnvægis í þjóðarbúskapnum eða ekki. Ég hef þegar gert þessari spurningu nokkur skil. Ef maður tekur út úr einstök atriði frv., þá eru þau til bóta og spor í þessa átt, enda væri það satt að segja hart, ef ekkert nýtilegt gæti komið út úr þeim langvarandi athugunum, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálunum með aðstoð hinna færustu sérfræðinga, og sérstaklega með tilliti til þess, hvert hrákasmíði jólagjöfin var á sínum tíma. Það væri mjög hart, ef alls ekkert jákvætt gæti út úr því komið. Við stjórnarandstæðingar höfum yfirleitt fylgt þeirri reglu að viðurkenna það fáa nýtilega, sem frá þessari ríkisstj. hefur komið. Með þessu er auðvitað ekki sagt, þegar öll áhrif þessara aðgerða koma fram, að það verði til aukins jafnvægis, en því máli hef ég áður gert skil.

Þá vil ég aðeins víkja nokkuð að ummælum hæstv. félmrh. Hann taldi okkur sjálfstæðismönnum og sérstaklega mér ekki neina vorkunn á því, að við hefðum áttað okkur svo á þessum málum, að við gætum gert rökstuddar heildartillögur í þessum efnum, og hvað mig snertir, þá minnti hann sérstaklega á það, að ég hefði unnið að undirbúningi þeirra viðtæku ráðstafana í efnahagsmálunum, sem framkvæmdar voru af Sjálfstfl. á sínum tíma, fyrir 8 árum. Það er nú bara þetta, að aðstæður í efnahagsmálum hafa breytzt mjög verulega á þessum 8 árum. Það er ekki hægt að byggja á þeim athugunum og staðreyndum, sem þá voru fyrir hendi, og mér finnst það satt að segja kastað úr glerhúsi af þessum hæstv. ráðh. og ríkisstj., þegar heimtað er af okkur sjálfstæðismönnum, að við gerum ákveðnar till. í efnahagsmálum, þó að öllum upplýsingum um þessi mál hafi verið haldið svo vandlega leyndum sem raun er á, þó að við höfum hvað eftir annað skorað á ríkisstj. að birta þessar upplýsingar bæði á s. l. vetri og nú.

Hæstv. ráðh. vék svo aftur að gengislækkuninni 1949—50 og kom með þá fullyrðingu, sem oft hefur heyrzt úr herbúðum hans manna, að það, að bátagjaldeyriskerfið var tekið upp 1951, hafi ýtt undir það, að þessar ráðstafanir hafi að engu verið gerðar með því. Í minni fyrri ræðu skýrði ég ástæðuna fyrir þessu. Það var vegna þess, að ytri atvik, sem ómögulegt var að sjá fyrir á þeim tíma, þegar þessar ráðstafanir voru undirbúnar, ollu því, að verðlagsþróunin varð óhagstæðari en við höfðum gert ráð fyrir á sínum tíma, og ollu þar mestu um áhrif Kóreustyrjaldarinnar 1950. Mér fannst ekki vera hægt að heimta það af okkur dr. Benjamín Eirikssyni, að okkur væri kunnugt um fyrirætlanir kommúnista um að ráðast á Suður-Kóreumenn sumarið 1950. Til þess að mæta þeim auknu örðugleikum, sem af þessu leiddi, var svo bátagjaldeyrisfyrirkomulagið tekið upp, eins og kunnugt er. Það hefði auðvitað verið æskilegt að komast hjá slíku. En í þessu efni vil ég þó leyfa mér að vitna til ræðu hæstv. forsrh. Hann talaði einmitt um það, að meðan uppbæturnar væru í hófi og næðu aðeins til lítils hluta af útflutningnum, þá gæti slíkt samrýmzt sæmilegu jafnvægi, og það var líka svo, að þrátt fyrir bátagjaldeyriskerfið, eins og ég tók fram í minni ræðu, náðist á tímabilinu frá seinni hluta árs 1952 og til vors 1955 það mesta jafnvægi, sem ríkt hefur í efnahagsmálum Íslendinga allt frá því 1929. Þann árangur tel ég mikinn.

Hitt er svo annað mál, og það skal fúslega viðurkennt, að þegar talað er um frambúðarlausn í efnahagsmálunum eða lausn, sem geti haft einhvern varanleika, þá er náttúrlega þar með ekki átt við neina eilífðarlausn. Það eru auðvitað ekki nokkur úrræði til, sem leysa efnahagsvandamálin í eitt skipti fyrir öll, en það er önnur hlið á því máli.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru vissulega mörg atriði, sem hafa komið hér fram, sem fróðlegt væri að gera að umtalsefni, en ég skal reyna að takmarka mig við nokkur atriði aðeins til þess að lengja þessar umræður ekki allt of mikið.

Því miður missti ég af verulegum hluta af ræðu hæstv. sjútvmrh., og þótti mér það leitt, því að mér hefði þótt mjög fróðlegt að heyra hann skýra frá því, hvaða atvik hafa valdið því nú á tveimur mánuðum, frá því í marzlok, að hann ritaði grein sína í Þjóðviljann, þar sem hann upplýsti, að aðeins vantaði 90 millj.

kr. til þess að leysa allan þann vanda, sem við væri að glíma, bæði varðandi ríkissjóð og útflutningssjóð, og þar til þetta frv. nú kemur hér fram, að þar er æði miklu öðru til að dreifa. Þar er gert ráð fyrir stórkostlegri viðbótartekjuöflun fyrir bæði ríkissjóð og útflutningssjóð, sem — eins og áður hefur verið greint frá — nemur samtals í nýjum álögum 790 millj. kr., en felur að vísu ekki í sér aukna þörf sjávarútvegsins eða útflutningsatvinnuveganna sem því nemur, en þó er samkvæmt þeim skýrslum, sem fyrir liggja, gert ráð fyrir því, að til þess að leysa þarfir ríkissjóðsins annars vegar þurfi hann að fá 144 millj. kr. í staðinn fyrir þær 25 millj., sem var áætlað að hann þyrfti fyrir 2 mánuðum, og gert er ráð fyrir því, að útflutningssjóður þurfi einnig stórkostlega nýja tekjuöflun, eða rúmar 300 millj. kr. Þessi stórkostlega breyting, sem verður á þessu örstutta tímabili, er ákaflega eftirtektarverð, og það hefði því verið mjög fróðlegt að heyra skýringar hæstv. ráðh. á þessu fyrirbrigði. Að vísu skilst mér á ýmsum þm., sem hlýddu á ræðu hans, að það hafi farið lítið fyrir því, að þessi skýring væri gefin. En þegar svo er ástatt, að sjálfur sjútvmrh., sem á að sitja inni með manna mestan fróðleik um vandamál útflutningsframleiðslunnar, lætur frá sér fara slíkar tölur eins og hann gerði í marzlok og síðan aftur samþykkir og berst mjög ötullega fyrir frv. sem þessu, þá hlýtur það að vekja talsvert mikla undrun, því að það er ekki sjáanlegt, hvaða atvik hafa gerzt nú á tveimur mánuðum, sem valda því, að þessar tölur þurfi að margfaldast. Allar upplýsingar um þetta efni hljóta að hafa legið fyrir hæstv. ráðh., þegar hann ritaði sína frægu grein í Þjóðviljann, þar sem hann upplýsti, að hér væri í rauninni ekki við neinn vanda að glíma. En í dag, tveimur mánuðum seinna, er þetta orðið svo stórkostlegur vandi, að til þess að leysa hann þarf að leggja á landslýðinn 790 millj. kr.

Ég skal ekki nánar út í þessa sálma fara, en það var eitt atriði, sem ég hjó eftir í ræðu hans, sem mér þótti einkennilegt og get ekki séð, hvernig fær staðizt. Hann hélt því fram, að tekjur framleiðslusjóðs hefðu orðið meiri en ætlað var, eða 175 millj. kr. Hins vegar taldi hann tekjuaukann af jólagjöfinni í fyrra ekki nema 130 millj. Þetta verða samtals 305 millj. kr. Samkvæmt þeirri áætlun, sem hins vegar liggur fyrir um tekjur útflutningssjóðs eftir núgildandi kerfi, er gert ráð fyrir, að þær tekjur nemi 508 millj. Hvaðan þessar 200 millj. eru komnar, það virðist vera hulinn leyndardómur, hvernig þær hafa yfirleitt fengizt, að það væri mjög fróðlegt að heyra skýringar á því atriði.

Hæstv. sjútvmrh. endurtók hér ummæli sín um það frá því í fyrrinótt, að Sjálfstfl. hefði í rauninni kollvarpað stöðvunarstefnunni, vegna þess að hann hefði efnt til verkfalla, sem hefðu haft slæmar afleiðingar og orðið til þess að kalla yfir þjóðina það frv., sem hér liggur fyrir nú. Ég vék nokkuð að þessu í ræðu minni í fyrrinótt og sé ekki ástæðu til að endurtaka þær röksemdir mínar þá, en hann sagði eitt atriði í þessu sambandi, sem mér þætti fróðlegt, ef hann vildi upplýsa nánar um. Hann sagði, að hvað eftir annað hefði í Morgunblaðinu verið egnt til verkfalla. Ég vildi gjarnan, að hann tilfærði ummæli í Morgunblaðinu, þar sem egnt hefði verið til verkfalla.

Það, sem gert var, var, — eins og áður hefur verið hér skýrt frá, — að í Morgunblaðinu var sagt frá því, þegar kjarasamningum var sagt upp, og frá þróun þeirra vinnudeilna, sem urðu. En það er eitt ákaflega einkennilegt fyrirbrigði, sem hefur gerzt í sambandi við þessa hæstv. ríkisstj. og er ekki eingöngu í sambandi við þessar vinnudeilur, heldur ótalmargt annað, sem gerist, og það er það, að ekki hefur mátt segja yfirleitt frá neinu, sem hana hefur varðað.

Ég man t. d. eftir því, að það var mjög fundið að því í einu stjórnarblaðinu og talið, að það væri verið að rægja þjóðina á erlendum vettvangi, af því að það var sagt frá því í Morgunblaðinu, að hæstv. forseti þessarar deildar hefði tekið sæti í einni nefnd. Og það var talið, að verið væri að reyna að spilla fyrir Íslandi með því að skýra frá þessu. Ég get nú sannast sagna ekki skilið, að það hafi neitt spillt fyrir Íslandi, þó að það væri gert, og segi a. m. k., að ef það er svo, að ríkisstj. hafi þar verið að spilla fyrir Íslandi, þá held ég, að það sé ekki Morgunblaðsins sök, þó að það hafi sagt frá því, heldur náttúrlega þess aðila, sem verknaðinn fremur. En þetta hefur verið svona í ótalmörgum tilfellum, að það hefur ekki mátt segja frá því, sem hefur verið að gerast, þá hefur það verið talið að gera ríkisstj. bölvun eða þjóðinni ógagn, annaðhvort inn á við eða út á við. Eitt af því, sem aldrei hefur mátt segja frá núna, er það, ef einhver verkalýðsfélög hafa sagt upp sínum samningum. Það þótti ekki áður fyrr, þegar aðrir menn voru hér við völd, neinn óskaplegur glæpur, þó að sagt væri frá uppsögn samninga og jafnvel ýtt töluvert á eftir því, að það væri ekki látið sitja við uppsögnina eina, heldur æði ríflegar kröfur gerðar líka. Þá þótti það sjálfsagt. En það er eins og margt annað, sem áður þótti harla gott hjá þessum ágætu mönnum, að það þykir nú, eftir að þeir eru komnir í valdastóla, hin mesta óhæfa.

Hitt atriðið er auðvitað mjög lærdómsríkt fyrir okkur sjálfstæðismenn og ekki síður lærdómsríkt fyrir hæstv. ríkisstj., ef svo er nú komið, að við sjálfstæðismenn ráðum verkalýðssamtökunum, en þeir aðilar, sem hingað til hafa talið sig verkalýðsflokka, verða þar alveg undir og þeirra stefna bíður slíkt skipbrot, að þeir verða að falla frá henni vegna þess, hvað við séum áhrifaríkir í verkalýðsfélögunum.

Ræða hæstv. fjmrh. var fyrir ýmissa hluta sakir fróðleg. Hann taldi, að með þessu frv. væri mjög stefnt í rétta átt. En ég get ekki betur séð, ef það er rétt hjá honum og hans raunveruleg skoðun, að með þessu frv. sé stefnt mjög í rétta átt, og hann fordæmdi mjög það, sem áður hefur verið gert í þeim efnum, að þá

hafi það, sem gert var í fyrra, verið mesta hringavitleysa, því að eftir hans skilgreiningu eru þær ráðstafanir allt annars eðlis og hljóta einmitt að hafa verkað í öfuga átt, skapað erfiðleika fyrir atvinnuvegina og þar fram eftir götunum, sem hann átaldi svo mjög. Ég skal ekkert mótmæla því, að þær ráðstafanir hafi verið rangar. En því í ósköpunum voru þær þá gerðar og barizt fyrir því af jafnmiklum áhuga eins og hæstv. fjmrh. þá líka barðist fyrir þeim ráðstöfunum?

Og það er ekki nóg með það, að það hafi verið þá af ríkisstj. valin sú ranga leið, heldur skildist mér eftir ræðu hans, að þeir hefðu verið reiðubúnir í haust líka til að velja þessa sömu röngu leið, því að þá sagði hann, að það hefði verið uppi sú skoðun hjá ríkisstj. að leysa vandann eftir nákvæmlega sömu aðferðum, þ. e. a. s. með því að auka eitthvað uppbætur og ná því upp með álagningu á hátollavörur, sem hlyti að hafa aukið stórkostlega erfiðleika atvinnuveganna, sem hann lýsti hér mjög í sinni ræðu. Þetta kemur manni nokkuð einkennilega fyrir sjónir, að það skuli ekki hafa verið fyrr en núna alveg síðustu vikur eða mánuði, sem ríkisstj. datt í hug að taka upp stefnu, sem gæti haft eitthvert gagn fyrir atvinnulífið í landinu.

Ég get svo ekki stillt mig um að svara hæstv. félmrh. nokkrum orðum. Ræða hans mundi verðskulda, að það væri farið um hana nokkuð mörgum orðum, því að hún var á margan hátt mjög eftirtektarverð, ekki fyrir þá sök, að hún hefði inni að halda svo sérstaklega sterkar röksemdir fyrir því máli, sem hér liggur fyrir, en það voru mörg önnur atriði í ræðunni, sem eru lærdómsrík og sérstaklega merkileg samanborið við fyrri tíma og það ekki fyrir alllöngu.

Hæstv. félmrh. átaldi mjög hv. þm. G-K. fyrir það, að hann hefði verið á móti þeirri aðstoð, sem gert væri ráð fyrir í þessu frv. Það er vissulega misskilningur hjá hæstv. félmrh., að hv. þm. G-K. hafi verið á móti þeirri aðstoð, sem veitt er í frv. Það er síður en svo, og ég hygg, að það sé ekki hægt með neinum rétti að halda því fram, að sá hv. þm. hafi ekki bæði nú og endranær fullan skilning á þörfum atvinnuveganna og vilji leggja sitt lið til þess að halda þeim gangandi. Hitt er annað mál, að hann taldi marga galla vera á þessu frv. að öðru leyti, eins og við sjálfstæðismenn yfirleitt teljum, en það var ekki vegna þess, að hann teldi ekki nauðsynlegt að gera nægar ráðstafanir til þess að halda útflutningsframleiðslunni gangandi. Og þá mætti jafnframt spyrja að því þennan hæstv. ráðh., hvort afstaða verkalýðsforingjanna, sem hann er mjög nátengdur sem forseti Alþýðusambandsins og voru á móti þessu frv., hafi mótazt af andstöðu gegn því að halda atvinnulífinu í landinu gangandi. Ætli það hafi ekki verið af öðrum ástæðum, sem þeir lýstu andstöðu sinni gegn frv., vegna þess að þeir hafi ekki talið, að þetta væru skynsamlegar ráðstafanir til þess að ná þeim árangri? En þetta vekur hjá manni aðra hugsun, þegar hæstv. félmrh. er að tala um erfiðleika atvinnuveganna og talar mjög fjálglega um, að það verði að rétta þeim hjálparhönd, og vítir það mjög, að menn séu að vega að þeim og vilji ekki styrkja þá nægilega til þess að geta starfað á eðlilegum grundvelli. Hefur hæstv. ráðh. hugleitt það í alvöru, hver það er, sem muni eiga manna mesta sök á erfiðleikum þeim, sem nú er við að glíma og þessi hæstv. ríkisstj. og hann sjálfur eru nú að glíma við? Ég held, að hann hafi ekki íhugað það nægilega, vegna þess að ég efast um, að það sé nokkur maður, sem eigi þar meiri sök en hann. Það nefnilega vill svo til, að ég hygg, að hann hafi átt æði mikinn hlut að verkfallinu mikla 1955, sem er mesta óhappavinnudeila, sem hér hefur verið háð, vegna þess að hún var ekki byggð á þeim grundvelli að reyna að bæta lífskjör almennings, heldur beinlínis háð út frá pólitiskum forsendum. Og það eitt er næg sönnun þess, að í þeirri vinnudeilu voru gerðar slíkar óheyrilegar kröfur um launahækkanir, að það náði ekki nokkurri átt, og getur enginn með heilbrigða skynsemi látið sér detta í hug, að það væri neinn grundvöllur undir slíkum kröfum, heldur væri þeim ætlað að koma atvinnulífinu úr jafnvægi. Ég veit, að það hefur ekki verið vilji verkalýðsins almennt, að sá yrði árangurinn af þessari baráttu, en það getur naumast hjá því farið, að þeir menn, sem leiddu þá baráttu, hafi gert sér fulla grein fyrir því, hvað þeir voru að gera og hverjar afleiðingarnar yrðu. Ég hygg líka, að það sé almenn skoðun í dag, — innan verkalýðssamtakanna einnig, — að þessi vinnudeila hafi verið þeim mesta óhappaverk, og það er eitt víst, að hefði hún ekki verið háð, þá stæðum við ekki frammi fyrir þeim bjargráðum, sem liggja fyrir okkur nú hér á þessari stundu. Þetta held ég, að væri mjög æskilegt fyrir hæstv. félmrh. að íhuga, áður en hann fer að átelja aðra fyrir að vilja ekki leysa vandamál atvinnuveganna og tala mjög fjálglega um vandræði þeirra og hvað sé leiðinlegt, að það sé ekki hægt að reka þá með skynsamlegu móti.

Eitt upplýsti þessi hæstv. ráðh., sem mér fannst ásamt öðru merkilegt í hans ræðu. Hann sagði, að allar vísitöluvörurnar, þ. e. nauðsynjavörur almennings, væru í 30% yfirfærslugjaldsflokki. En hvað haldið þið, að þessar nauðsynjavörur séu há upphæð? Jú, það eru 70 millj. kr. Þetta eru lífsnauðsynjar fólksins í landinu af 14—15 hundruð millj. kr. innflutningi. Innflutningurinn er nú töluvert miklu meira en þúsund milljónir, ég þori ekki nákvæmlega að fara með töluna, en það skiptir ekki máli, jafnvel þó að hann væri ekki nema þúsund, en hann er nú meira. Ef lífsnauðsynjar almennings eru ekki nema 70 millj. af þessum, ja, við skulum segja 1000—1100 millj., svo að ég taki þá tölu, sem hæstv. ráðh. vill halda sér að, hljómar þetta þá ekki næsta einkennilega? Ég held, að þá hljóti að vakna sú hugleiðing hjá manni, hvort það sé mögulegt, að lífsnauðsynjar fólksins í landinu séu ekki stærri hluti en þetta af innflutningnum, og það liggur a. m. k. fyrir, að það kemur ekki

meira inn í vísitöluna en þetta innflutningsmagn. Ég skal satt að segja játa það, að ég hef ekki íhugað þessa tölu, en mér þótti hún mjög eftirtektarverð, þegar hún var sögð, því að það hlýtur að vekja hjá okkur miklar efasemdir um það, hversu haldgóð þessi vísitala er til þess að sýna eðlilega þróun framfærslukostnaðarins. Að vísu eru nú ýmsir hlutir kallaðir af hæstv. ráðherrum lúxus, sem ég held að hljóti að verða að teljast nauðsynjavara, t. d. sagði einn hæstv. ráðh. í dag, að hann teldi silkisokka vera lúxus. Ég held, að þetta sé nokkuð mikið sagt. Ég veit ekki, hvort hann ætlast til þess, að kvenfólkið gangi allt berfætt eða kannske í duggarabandssokkum, að það eigi að taka það upp aftur. Ég hef hingað til haldið, að það væri talið til nauðsynjavöru að vera í sokkum, en það fer kannske ekki að verða það úr þessu. Það kann vel að vera, að það verði ýmislegt, sem fólkið verður líka að vera án, ef þessi hæstv. ríkisstj. verður lengi áfram við völd, — kannske fleira en sokkarnir, sem verður að kasta.

Hæstv. félmrh. sagði, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, væri ákaflega einfalt. Ég spyr nú bara: Ef málið er svona einfalt, yfir hverju hefur ríkisstj. setið alla þessa mánuði? Er hún þá svona miklu einfaldari en málið, að hún hafi alls ekki getað komizt að nokkurri niðurstöðu, þrátt fyrir það þó að málið væri svona einfalt? Ég hef satt að segja haldið, að efnahagsmálin væru töluvert flókin. En það er gott og blessað, ef þau eru allt í einu orðin svona auðveld viðureignar. En mjög hefði þá verið æskilegt, að það hefði verið hægt að sjá framan í þessi bjargráð fyrr.

Þá kem ég að því atriðinu, sem hæstv. félmrh. eyddi mörgum orðum að, en það var samráðið við verkalýðshreyfinguna. Ég vil fyrst leiðrétta það, sem hann sagði hér um ummæli hv. þm. G-K., þar sem hann taldi, að hann hefði verið á móti því að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna. Það er alrangt. Hann sagði, að það væri sjálfsögð nauðsyn á hverjum tíma að hafa vinsamleg samskipti við launþegasamtökin. En það, sem hann átaldi og allir hljóta að átelja, hvort sem þeir eru innan launþegasamtakanna eða utan þeirra, — einnig þeir, sem eru innan þeirra, því að það eru svo fráleit vinnubrögð, — er það, að sett skuli vera upp aukaþing úti í bæ, sem gerir út um það, hvort tiltekin mál séu lögð fyrir Alþ., og það er verið að birta manni ályktanir í blöðum, þar sem er tekin afstaða til einstakra mála, t. d. skattamála o. fl. mála, sem er sagt að eigi að lögfesta á Alþ. og hafa ekki einu sinni verið lögð fram á þinginu. Þetta eru auðvitað svo fráleit vinnubrögð, að það tekur ekki nokkru tali að leyfa sér að viðhafa þau, og það er vissulega hægt að hafa samráð við bæði verkalýðshreyfinguna og önnur stéttasamtök í landinu án þess að taka upp þau vinnubrögð að gera þau eða önnur stéttasamtök að yfirþingi í landinu, svo lengi sem við höfum hér þingbundna stjórn. Þetta sýnir ekki á nokkurn hátt neina vantrú á verkalýðssamtökunum sem slíkum eða fjandskap til þeirra.

En svo kom að kjarna málsins hjá hæstv. félmrh. og það var að rökstyðja það hér, hvað verkalýðssamtökin væru full af velvilja til þessa máls, sem hér lægi fyrir. Og maður skyldi nú halda, að hæstv. félmrh., sem jafnframt er forseti Alþýðusambands Íslands, vissi gerla um þetta mál og a. m. k. mundi hann ekki leyfa sér annað en að segja alveg nákvæmlega rétt frá öllum atvikum málsins.

Varðandi hið mikla traust verkalýðshreyfingarinnar á hæstv. ríkisstj. nægir e. t. v. að vitna í það, sem mjög áhrifamikill stuðningsmaður ríkisstj. sagði hér í fyrrinótt, hv. 3. þm. Reykv., en hann komst svo að orði, að verkalýðurinn væri að missa traust á ríkisstj. Það eitt út af fyrir sig held ég að sé nægilegt til að sýna, að það er ekki ástæða til þess fyrir hæstv. félmrh. að vera mjög glaðan. En ekki skal ég að vísu hafa neitt á móti því, að hann gleðjist í sínum huga, honum mun ekki af veita, það er svo margt, sem hrellir hann um þessar mundir. En hann féll í þá slæmu gildru að segja alls ekki rétt frá atvikum málsins. Hann hélt því í fyrsta lagi fram, að hv. þm. G-K. hefði sagt, að ályktun sú, sem var endanlega samþ., hefði verið gerð með eins atkvæðis mun. Það er alrangt. Hann sagði, að hún hefði verið samþ. með 16 atkv., 12 setið hjá og einn greitt atkv. á móti. En það var önnur atkvgr., sem fór fram í þessari n. og var eins atkv. munur, en hæstv. félmrh. skýrði ekki frá hér áðan, og það var atkvgr. um till. þeirra fjórmenninganna, sem áður hefur verið skýrt hér frá og hæstv. ráðh. að vísu segir nú að hafi ekki verið sérlega óvinveitt ríkisstj. En ég held, að það felist dálítið annað í ályktuninni sjálfri, því að þar segir svo, — ég sé ekki ástæðu til þess að lesa ályktunina alla, hann vitnaði í einstök atriði hennar, en aðeins taka það atriði, sem hann vildi halda fram að ekki fæli í sér neina sérstaka andstöðu gegn þessu máli, og þar segir svo í niðurlagi þeirrar till.:

„Efnahagsmálanefnd og miðstjórn A. S. Í. vísa því frá sér þeim till. um ráðstafanir í efnahagsmálunum, er nú liggja fyrir, þar sem þær eru ekki í samræmi við það, sem síðasta Alþýðusambandsþing heimilaði þessum aðilum að semja um.“

Þetta er vissulega ekki neitt sérstaklega vinsamleg afstaða til þessara umræddu till. Og hvernig fór svo með þessa till.? Jú, það fór þannig með hana, að flutt var við hana brtt., sem hæstv. ráðh. skýrði frá, en sú brtt. var samþ., þegar hún var borin upp sem brtt. við áðurgreinda till., með aðeins eins atkv. mun, eða 15:14 atkv., sem var hin raunverulega atkvgr. í n., vegna þess að allur þorri þeirra, sem um þá till. greiddu atkv., sat síðan hjá með þeim rökstuðningi, að þeir hefðu áður mótað sína afstöðu í sambandi við þessa till. og sæju ekki ástæðu til að greiða atkv. um endanlegu till., þannig að þetta er hin raunverulega atkvgr. í n., sem sýnir viðhorfið í n. til málsins. Það er að vísu rétt, að það munaði aðeins einu atkv. Hæstv. félmrh. sagði hér áðan, að hann hefði ekki ráðið úrslitum um það. Ég spyr, hvort hann hafi ekki greitt atkv. um þá

till. Ég hygg, að það muni samt vera svo, því að það koma þar fram öll þau atkv., sem þarna áttu að vera, og einu atkv. betur. Þetta er sá mikli stuðningur, sem hæstv. félmrh. segist hafa frá sínum samtökum, Alþýðusambandi Íslands, og þegar þess er gætt, að á bak við þessa 14, sem voru á móti, munu standa um ¾ hlutar verkalýðshreyfingarinnar, en aðeins um ¼ hluti á bak við hina 15, þá fer þessi stuðningur að verða mjög vafasamur.

Það voru enn ýmis atriði, sem fram komu hjá hæstv. ráðh., sem mig langar að víkja örfáum orðum að. Hann sagði, að verkalýðshreyfingin hefði oft áður neyðzt til þess að fara í kaupdeilur vegna ósamræmis vísitölunnar við hið raunverulega verðlag. En nú sagði hann, að það væri enginn áhugi hjá verkalýðshreyfingunni annað en að fá smávægilegar lagfæringar, sér væri kunnugt um, að það væru ekki uppi neinar kröfur í þá átt. Það er sannarlega alltaf gleðilegt að þurfa ekki að standa andspænis alvarlegum kaupdeilum, og því ber að fagna því, ef þær eru ekki nú fram undan. En það, sem mér finnst einkennilegt við þessa afstöðu hjá hæstv. félmrh., er það, að hann taldi ástæðu til þess að fara í vinnudeilu, þegar verðlag hafði verið stöðugt á þriðja ár, og gera kröfur um allt að 70% kauphækkun. Þá var hann að vísu ekki ráðh. En nú, eftir að þessar stórkostlegu álögur hafa verið tvö ár í röð lagðar á þjóðina og reynt með öllum hugsanlegum ráðum að hafa vísitöluna í sem mestu ósamræmi við raunverulega verðlagsþróun í landinu, þá er engin ástæða til þess að hækka kaup. Þá eru góðir menn í stjórn. Og hæstv. ráðh. bætti því við: Hver sem reynir að villa um fyrir verkalýðshreyfingunni fer bónleiður til búðar. — Þá vitum við það.

Það var fleira athyglisvert í ræðu hæstv. félmrh., m. a. um vísitölukerfið. Vísitölukerfið er búið að haldast hér síðan 1940, og nú kemur á daginn, að aðalbaráttumenn fyrir vísitölukerfinu munu hafa verið hálaunamenn, segir hæstv. ráðh. Ég spyr nú: Ef þetta er svona og ef vísitölukerfið er til óhagræðis fyrir verkalýðshreyfinguna, hvernig í ósköpunum stendur þá á, að það hefur ekki verið gerð tilraun til þess af verkalýðshreyfingunni að fá þetta kerfi afnumið? Ég man ekki betur en ég hafi lesið það í blöðum þeirra flokka, sem telja sig verkalýðsflokka, og þá ekki hvað sízt í blaði, — ja, það er nú kannske of mikið sagt, blaði þess flokks, sem hæstv. félmrh. telur sig til, því að sá flokkur hefur víst ekkert blað, en hann mun eiga innangengt í eitt blað, Þjóðviljann, og það blað birtir ræður hans núna um þessar mundir, hvað lengi sem það verður, og í því blaði hefur, ef ég man rétt, verið ákaflega fast í það haldið, að vísitölukerfið ætti að þróast með eðlilegu móti, og verið deilt harkalega á það, ef það hefur ekki verið talið verka nógu vel og ef nokkurn tíma hafa verið skerðingar á því gerðar, þ. e. a. s. að undantalinni einni skerðingu, sem var gerð, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum. Það var góð og nytsöm skerðing að þeirra dómi, en allar fyrri skerðingar höfðu verið alveg óhæfilegar á þessu kerfi. Nú stöndum við andspænis því í dag, að þetta er eitthvert uppátæki hátekjumanna í þjóðfélaginu og forustumenn verkalýðssamtakanna og þ. á m. hinn skeleggi forseti Alþýðusambandsins hafi ekki nokkurn hlut hafizt handa um að fá þessu breytt fyrr en núna, að hann er að hugsa um að láta ræða það á Alþýðusambandsþingi í haust, hvort ekki sé bezt bara að hætta við þetta allt saman. Ja, þetta er sannarlega merkileg uppgötvun. Ég skal síðar en svo hafa á móti því, að þetta kerfi sé endurskoðað, og það er alveg rétt, sem hv. þm. A-Húnv. hefur haldið fram, að þetta kostar mikla óhappaþróun í þjóðfélaginu, þessi stighækkun verðlags og kaupgjalds eftir vísitölu. En það, sem vekur undrun manns í dag, — að vísu ætti maður nú að hætta að verða undrandi yfir því, sem kemur úr stjórnarherbúðunum, því að það koma þaðan furðulegir hlutir á hverjum degi, — er það, að það skuli nú allt í einu vera talið nauðsynlegt að hverfa frá þessu skipulagi. Ég veit, að vinur minn, hv. þm. A-Húnv., muni hugsa: Ja, batnandi mönnum er bezt að lifa — og fagna þeim væntanlega stuðningi, sem þaðan er að fá, og ef þeir verða þar í fylkingarbrjósti, hann og hæstv. félmrh., þá trúi ég ekki öðru en vísitalan láti fljótt undan síga.

Hæstv. félmrh. og fleiri ráðh. raunar, sem hér hafa talað, hafa talið þetta afkvæmi sitt harla gott og glaðzt mjög yfir því, ef við sjálfstæðismenn höfum fallizt á, að eitthvað gott væri í frv. Það er vitanlegt, eins og hv. 9. landsk. sagði hér áðan, að það er útilokað, að 6 menn, greindir menn, ásamt mörgum sérfræðingum geti setið mánuðum saman til að koma saman frv., án þess að það sé eitthvað í því af viti. Og það er því ekki neitt sérstaklega mikið til að gleðjast yfir, þó að við sjálfstæðismenn höfum fundið ýmislegt nýtilegt við þetta frv. Okkur hugkvæmist ekki að berjast gegn frv. vegna þess, að það sé frv. þessarar hæstv. ríkisstj., heldur vegna þess, að við teljum það stórgallað. En við getum líka unnt ríkisstj. þess, sem er gott við málið, og það eru ýmsir hlutir í þessu frv., sem eru til bóta óneitanlega. En í rauninni er stærsti gallinn á frv. sá, að því virðist vera nánast ætlað að lifa í svona 4—5 mánuði, og hvað þá tekur við, veit enginn. Hvaða lokatakmark það er, sem hæstv. forsrh. sagði að nú væri stigið stórt skref að, veit enginn. Og eftir að hafa hlustað á þessar umr. eru menn enn fjær því að vita það, vegna þess að hæstv. ráðh. virðast stefna þar sitt í hvora áttina. Það mætti þess vegna segja mér, að það gæti farið svo fyrir hæstv. ríkisstj., *þó að ég vilji ekki óska henni í raunveruleika* þeirra örlaga, eins og fer fyrir manni, sem væri bundinn sinn hvor fóturinn á aftan í tagl á hestum og svo færu hestarnir sitt í hvora áttina. Það verður ekki skemmtileg útkoma úr því fyrir aumingja manninn, og ef ríkisstj. ætlar að stefna áfram eins og virðist koma fram hér í ræðum hennar talsmanna, — það hafa nú engir talað hér af hennar talsmönnum nema ríkisstj. sjálf, þá líst mér ekki á þá þróun, sem fram undan er. Það virðist fullkomið öryggisleysi um það, hvort þær ráðstaf-

anir, sem hér eru gerðar, nægja nema e. t. v. út árið. Það er enn þá engin vissa fyrir því, að sú 19 stiga hækkun á vísitölu, sem vitað er um nú í dag að muni verða, verði ekki til þess að spenna verðbólguþróunina svo hátt, að þessar 790 millj., sem hér er gert ráð fyrir, verði um næstu áramót orðnar allt of litlar til þess að bjarga þessu við. Og það er eitt versta atriðið við þetta mál allt saman, það mikla öryggisleysi, sem hér er um að ræða.

Það náttúrlega gegnir hinni mestu furðu, að ríkisstj., sem ætlaði sér að styðjast við stéttasamtökin og leysa vandamálin með þeirra aðstoð, skuli vera nú, eftir að ríkisstj. er búin að sitja um nærfellt tveggja ára skeið, ekki komin lengra en það, að hún segir í sínu frv., að það sé ætlunin á næsta hausti að ræða við stéttasamtökin um það, hvað eigi að gera, eftir rúmlega tveggja ára umhugsunartíma. Það hefðu þótt heldur slæleg vinnubrögð hjá einhverjum öðrum. Nei, ég er ákaflega hræddur um það, svo að ég taki líkingu hæstv. félmrh., að þessi veggur, sem hæstv. ríkisstj. er nú að hlaða og hæstv. félmrh. finnst dæmalaust traustur og fallegur, standi ekki lengi. Og ég er jafnframt hræddur um það, einmitt vegna þess, hve hæstv. ríkisstj. er ánægð með þennan vegg, að veggurinn muni blátt áfram hrynja yfir hana sjálfa, því að hún heldur sig hafa svo mikið skjól af veggnum, að þar geti hún örugglega legið og hvílt sig eftir frækilega unnið starf síðustu mánuðina, sem hún hefur setið yfir þessu frv. Það má að vísu segja, að það muni ekki saka þjóðina mikið, ef ríkisstj. verður bara ein undir veggnum. En því miður er ég hræddur um, að með þessu spori, sem hér er stigið, sé verið að stíga æði stórt spor lengra inn í eyðimörkina, sem hæstv. forsrh. varð svo tíðrætt um einu sinni, þ. e. a. s. áður en hann tók við völdum, en hefur nú lítið talað um eftir það, af hvaða ástæðum sem það er. Og það væri vissulega sorglegt fyrir alla aðila, ef svo yrði.

Ég efast ekkert um, að það mundu allir fagna því og það ekkert síður við sjálfstæðismenn en aðrir, ef hér lægju fyrir frá hæstv. ríkisstj. úrræði, sem væru líkleg að leysa okkur út úr þeim mikla vanda, sem okkar atvinnuvegir eiga við að glíma í dag. Það væri áreiðanlega ósk okkar allra, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, að efla atvinnulíf okkar þjóðar og reyna að stuðla að því, að hún geti lifað hér við góð kjör í landi sínu. Ég veit, að við erum allir sammála um það. En því miður er ég hræddur um, að þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, eigi ekki það lán til að bera, að henni auðnist að þoka íslenzku þjóðinni áfram til bættra lífskjara. Reynslan af hennar setu þessi tæp tvö ár, sem hún hefur setið, bendir ekki til þess. Og nú í dag stendur hún andspænis því, að hún mætir síþverrandi trausti, einnig frá þeim samtökum, sem hún helzt ætlaði að styðjast við, og hvernig hún ímyndar sér, að hún geti leyst þann vanda, sem hér er við að glíma, eftir að hún úr öllum áttum fær vantraust, það get ég ekki skilið. Og þó að við sjálfstæðismenn flokkslega séð gætum haft tölu-verðan áhuga á því, að þessi hæstv. ríkisstj. sæti nokkurt skeið enn þá, af því að við vitum ósköp vel, hvað út úr því kemur, þá er þó sennilega ekki leyfilegt fyrir okkur að ala slíka von í brjósti, vegna þess að sú seta ríkisstj. mundi geta orðið of dýru verði keypt fyrir íslenzku þjóðina.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í ræðu minni hér í dag gerði ég nokkra grein fyrir áliti mínu á því frv., sem hér liggur fyrir, og skal ekki ítreka neitt af því, sem ég sagði þá. En mér þykir nauðsynlegt að segja hér örfá orð til viðbótar í tilefni af ræðu hæstv. félmrh. og skal byrja á því að svara því, sem hann sagði um mig hér persónulega.

Hæstv. ráðh. sagði, að væri augljóst, að ég hataði vísitöluna, og það er satt og einkum vegna þeirra afleiðinga, sem sú skrúfa hefur haft í okkar þjóðlífi, sem vísitalan hefur gert, og skal ég koma nánar að því síðar. En svo bætti hæstv. ráðh. því við: og þar næst Eystein og Framsókn. — Þessu verð ég nú alveg að mótmæla og geta þess, sem vita mætti, að ég hata engan mann og hef aldrei gert og því síður heilan flokk. Jafnvel þó að Framsfl. hafi margt illa gert, þá á ég þar marga góða kunningja innan þings og utan og veit, að í þeim flokki eru menn af öllum tegundum. En það er annað, sem ég hata. Ég hata fjármálapólitík Eysteins Jónssonar, og ég hata það, að Framsfl., svo fjölmennur flokkur og að sumu leyti vel skipaður, skuli hafa gengið svo langt á þeim villigötum, sem foringi hans hefur gengið á undanförnum árum. Það er þetta, sem ég hata, en ekki nokkurn mann.

Þá vil ég hér mótmæla því, sem fram hefur komið hjá hæstv. félmrh. og fleiri ráðh., sem hér hafa talað, að það sé einhver stefna Sjálfstfl. að fella gengið. Þetta er alger fjarstæða, því að það hafa ekki neinar samþykktir um það verið gerðar í okkar flokki og gætu ekki verið. Frá mínu sjónarmiði er það svo, að það að fella gengi sé eitthvert mesta neyðarúrræði, sem hægt sé að gera, og það, að hér er verið að því, þótt á dulbúinn hátt sé, það sé hið mesta skaðræði, sem lengi hefur verið flutt fram. Gengisbreytingin 1950 hefur ekki reynzt nærri því vel, og það er fyrir það, að áhrif hennar eða það, sem til var ætlazt að gerði gagn, var sprengt. Og eins gæti farið enn, ef ætti að fara að fella gengi. Það er þýðingarlaus ráðstöfun til gagns, ef það á að vera mögulegt að sprengja gengisfellinguna með vísitöluskrúfu eða á þann hátt að skrúfa upp rekstrarkostnað atvinnuveganna í hlutfalli við gengisbreytinguna. Þess vegna get ég ekki látið því vera ómótmælt, sem hæstv. ráðh. hafa hér verið að flika, að það væri einkum stefna Sjálfstfl. að fella gengið.

Þá skal ég koma að því, sem var mjög athyglisvert og mér að sumu leyti þótt vænt um að heyra frá hæstv. félmrh., og það var það, sem hann sagði um verkalýðsfélögin og þeirra skoðanir. Ég hef það álit, að það sé mjög rangt og gagnstætt því, sem vera á í stjórnmálum, að ráðh. eða aðrir valdamenn séu að

gefa loforð um það, að þeir skuli gera það eitt, sem sé samþykkt af einhverjum félögum, stéttarfélögum eða öðrum úti á landinu. Það er að vísu sjálfsagt, að hver og einn stjórnmálamaður hafi samráð við sína kjósendur. En það á að vera og þarf að vera skylda alþm. og ríkisstj. að gera það eitt, sem þeir álíta réttast og heppilegast fyrir þjóðarheildina, og berjast svo fyrir fylgi við það í þeim stéttarfélögum, sem þeir hafa áhrif á, og meðal almennings í landinu. Ég skal taka það fram, að þegar núverandi hæstv. ríkisstj. byrjaði sína göngu á því að stöðva kaupgjald og verðlag sumarið 1956, þá fannst mér það vera mjög góð ráðstöfun, og ég get ekki neitað því, að mér fannst hæstv. félmrh. sýna þá mikla karlmennsku og koma fram sem sá maður, að ég fór að gera mér vonir um, að þarna hefðum við í forseta Alþýðusambandsins líklega fengið góðan ráðh. Hann barðist fyrir því af fullum krafti og með skynsamlegum rökum, að hér yrði að stöðva, og talaði þar alveg gagnstætt því, sem hann hafði áður gert og allir verkfallapostular og verkalýðsforingjar á undanförnum árum hafa gert. En þetta stóð ekki nema um 4 mánaða skeið. Þá var snúið við blaðinu, og í lok þess tíma voru hækkaðir skattar og tollar um 300—400 millj. kr. Og nú segir hæstv. félmrh., og það var það, sem mér þótti sérstaklega vænt um að heyra, — hann sagði: Verkalýðsfélögin vilja hafa sem minnsta breytingu, mest jafnvægi og sem minnsta hækkun. — Sé þetta rétt, sem ég skal ekki vefengja, þá er ekkert undarlegt, þó að hæstv. félmrh. gangi verr að fá verkalýðsfélögin til þess að samþykkja þetta vitlausa frv., sem hér liggur fyrir, heldur en honum gekk að fá það samþ. haustið 1956 að stöðva kaupgjald og verðlag.

Þá er það vísitöluskrúfan, sem ég skal segja hér örfá orð um, og ég verð að telja, að það mál horfi miklu vænlegar nú en áður hefur verið, ef marka má þau orð, sem hér hafa fallið frá þremur hæstv. ráðh.: í fyrsta lagi frá forsrh., í öðru lagi frá hæstv. sjútvmrh., og þessir 2 menn eru fulltrúar atvinnuveganna í ríkisstj., og í þriðja lagi kemur það svo nú frá hæstv. félmrh., sem telja má helzt fulltrúa verkalýðsstéttarinnar, að hann vilji gjarnan afnema vísitöluskrúfuna. Ef þetta er alvara fyrir þessum þremur mönnum, þá ætti þeim að vera innan handar að buga sína samstarfsmenn, sem eru fyrst og fremst fulltrúar embættismannastéttarinnar, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. Ef ætti að vera von um að afnema þennan bölvald, sem verstur hefur verið í okkar fjármálalífi, sem er vísitöluskrúfan, að það væri hægt að afnema það, segjum á næsta hausti, þá held ég, að það væri hollast fyrir hæstv. ríkisstj. að snúa nú við blaðinu í þinglokin og leggja þetta frv., sem hér liggur fyrir, í eldinn og reyna að fleyta atvinnuvegunum yfir þessa sumarmánuði með þeim uppbótum, sem mögulegt er minnst að komast af með, og taka svo málið upp á heilbrigðum grundvelli á næsta hausti, því að með þessu frv. er farið út í þá mestu aukningu á dýrtíðarskrúfunni, sem gerð hefur verið með nokkru einu frv., síðan ég kom á Alþ. Það á að lögbjóða það með þessu frv. samkv. upplýsingum sjútvmrh. að hækka embættislaun eða laun yfirleitt um 50 millj. með einu pennastriki, það á að ákveða það með þessu frv. að hækka útgjöld ríkissjóðsins um 80 millj. í viðbót við allt annað, og öll sú gífurlega hækkun, sem af því hlýtur að leiða að hækka allt vöruverð í landinu, allar aðfluttar vörur, hverju nafni sem nefnast, í svo stórum stíl sem hér hefur verið sannað með ræðum margra þeirra manna, sem hafa talað um þetta mál.

Alls þessa vegna verð ég að segja það, að þau ummæli, sem hæstv. félmrh. hefur hér haft um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar, þau sanna það, að hér er ekki verið á réttri leið, hér er verið að fara út á öfuga leið, sem ráðh. lýsir að verkalýðsfélögin vilji, og þess vegna ber að snúa sér að því að stöðva alla skrúfuna. Og hæstv. ráðh. gerði miklu betur í því að flytja nú frv. um það, sem hann gerði með bráðabirgðalögum sumarið 1956, að flytja nú frv. um að stöðva kaupgjald og verðlag, þangað til séð er á næsta hausti, hvort það er ekki hægt að taka þetta mál upp á skynsamlegum grundvelli, en ekki fara að samþykkja hér á Alþingi þá hringavitleysu, sem liggur í því frv., sem við erum hér að ræða um.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það hefur oft verið svo, þegar á undanförnum árum hafa verið umr. á Alþingi um úrræði í efnahagsmálum, að það mætti heyra það í gegnum ræður stjórnarandstöðunnar, að þeir væru engir andstæðingar málsins. Það var mikið tómahljóð í ræðu hv. þm. G-K. (ÓTh), þegar hann hóf hér andmæli gegn frv. Það duldist engum manni, og sízt af öllu, held ég, að það hafi farið fram hjá Sjálfstæðisflokksmönnunum hérna á Alþingi.

Það er vitanlega þannig, að hv. þm. G-K. viðurkennir allra manna fyrst, að það verði að gera ráðstafanir til þess, að framleiðsluatvinnuvegirnir geti haldið stanzlaust áfram, og þess vegna neitar hann heldur ekki þeirri nauðsyn, að þá verði að afla til þess tekna. Og þetta hefur mátt heyra á ræðum hvers einasta þm. Sjálfstfl. En fagnaðarhljóðið var mest áberandi eiginlega í hinni síðustu ræðu, sem nú hefur verið haldin, sem sé í ræðu hv. þm. A-Húnv. (JPálm). Hann er reglulega með hýrri há nú, og ég gæti bezt trúað því, að vonirnar um breytingar á vísitölukerfinu geri það að verkum, að hann gangi annaðhvort í Alþb. eða jafnvel í Framsókn og greiði atkvæði með málinu.

Hv. 9. landsk. (ÓB) játaði, að vísitöluveggurinn, sem hann tók þátt í að byggja hér 1949 og 1950, hefði sannarlega ekki orðið varanlegur, hann hefði hrunið. En það voru ytri atvik, sem eyðilögðu gengislækkunina þá, það var sem sé Kóreustyrjöldin, og hún hristi jarðarkúluna svo mikið, að vísitöluveggurinn hrundi.

Þetta má vel vera, að ytri atvik hafi verið óhagstæð, eftir að Sjálfstfl. framkvæmdi þá gengislækkunina. En það sýnir þá, að það getur ýmislegt gerzt, jafnvel í fjarlægum lönd-

um og heimshlutum, sem gerir jafnvel gengislækkun ekki að varanlegri lækningu í efnahagsmálum. Og það gæti gerzt ýmislegt það í okkar eigin landi, þó að gengislækkun væri gerð, að hún væri lítið varanleg. Það þyrfti ekki annað en t. d., að það kæmi atvinnuleysi á því sama ári, sem gengislækkunin væri gerð, þá væri hún búin að verða sér til skammar og það þyrfti á ný að gera ráðstafanir til þess að koma framleiðsluatvinnuvegunum til hjálpar. Það gætu þess vegna gerzt, ekki aðeins í fjarlægum löndum, heldur einnig innanlands, þeir atburðir, sem gerðu gengislækkun að mjög lítið varanlegri efnahagsmálaráðstöfun.

Hitt er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er engin varanleg lausn til í efnahagsmálum og því síður nokkur eilífðarlausn. Þetta er alveg hárrétt. Það varanlegasta, sem hægt er að gera í efnahagsmálum okkar þjóðar nú, er að afla nýrra atvinnutækja, auka framleiðsluna, auka þjóðartekjurnar, og að því stefnir núverandi ríkisstj. Hún þarf að fá tíma til þess að efla atvinnutækin og þjóðarframleiðsluna, þá er meira til skiptanna í okkar þjóðfélagi. Það er varanlegasta lausnin.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) sagði, að það væri rangt, að formaður Sjálfstfl. væri á móti aðstoðinni við atvinnulífið, vitanlega væri hann það ekki. Ef hann er það ekki, er hann þá á móti þeirri fjáröflun, sem þarf til þess að koma atvinnulífinu til hjálpar? Hvaða vit er í því? Og ef hann er það ekki heldur, þá er hann á móti hvorugu af því, sem er meginefni þessa frv. Annars vegar er það aðstoðin við atvinnulífið, og hins vegar er það tekjuöflunin, sem kemur við ýmsa í þjóðfélaginu, til þess að geta veitt þá aðstoð. Ég vil vænta, að það sé rétt, að formaður Sjálfstfl. sé á móti þessu hvorugu, aðstoðinni við atvinnulífið eða fjáröfluninni til þess að geta veitt þá aðstoð.

Þá talaði hann um þá verkalýðsforingja, sem hefðu verið á móti aðgerðum ríkisstj. Það voru engir nema e. t. v. einn, sem var á móti aðgerðum ríkisstj. Það var nokkur skoðanamunur um það, hvernig ætti að orða þær undirtektir, sem verkalýðshreyfingin veitti, og það fór svo, að sú jákvæða ályktun, sem samþykkt var, fékk ekki mótatkvæði nema eins manns, 12 sátu hjá og 16 greiddu efnahagsmálaaðgerðum stjórnarinnar atkvæði á þann veg, að þeir töldu rétt, að verkalýðshreyfingin beitti sér ekki móti aðgerðunum og gerði ekkert til að torvelda þær.

Þá vék hann að uppáhaldsefninu um það, að ég hefði komið af stað verkfallinu 1955. Ég hef þá sjálfsagt komið af stað verkfallinu 1952 líka. Í verkfallinu 1952 var þáverandi ríkisstj. knúin til þess að gera ráðstafanir til verðlækkunar í landinu, en það varð að heyja verkfall til þess, harðvítugt verkfall. Sú ríkisstj. var ekki alveg á þeim buxunum að vilja stöðva verðlag í landinu eða lækka það. Nei, verkalýðshreyfingin háði þá langvarandi og harðvítugt verkfall í jólamánuðinum til þess að knýja fram stöðvun á verðlagi. Það er þess vegna ekkert nýtt, að verkalýðshreyfingin hafi beitt sér til þess að fá aukið jafnvægi í þjóðfélaginu og mótmæla hækkunum, af því að þær hafa alltaf orðið á kostnað verkalýðsins. Verkfallið 1952 var háð, eins og alkunnugt er, til þess að knýja fram verðlækkanir, og það tókst. Og hvað gerðist þá? Jú, þá kom einmitt stöðvunar- og kyrrstöðutímabil í tvö ár, en svo fór að hallast á ógæfuhliðina. Það voru gerðar pólitískar ráðstafanir meira að segja til þess að eyðileggja áhrifin af þeirri stöðvun, sem gat skapazt eftir verkfallið 1952, í árslokin þá, verkfallið er þá rétt fyrir áramótin. Og svo á ég að hafa komið af stað verkfalli aftur 1955. Hvað hafði þá gerzt? Á nokkrum árum frá því 1948 hafði það gerzt, að kaupmáttur launa hafði rýrnað um nálægt 20% smátt og smátt á því tímabili, og það var það, sem verkalýðshreyfingin þoldi ekki og ákvað — þ. e. a. s. allmörg stór stéttarfélög, — að segja upp samningum til þess að reyna að vinna þessa kjararýrnun upp. Það var hvorki ég né neinn einstaklingur, sem gat áorkað því, að fjöldi verkalýðsfélaga sagði þá upp samningum. Þá var farið fram á kauphækkanir til þess að vinna upp þá kjararýrnun, sem sannanlega hafði orðið. Góðir hagfræðingar reiknuðu það út, að kjaraskerðingin næmi þá í kringum 20%, á nokkuð mörgum árum að vísu, og var þá ekki talin sú breyting á húsnæði hér í Rvík og suðvestanlands, sem þá hafði hækkað stórkostlega og rýrt mjög kjör verkalýðsins. Hagfræðingarnir sögðu: Við getum ekki tekið það með í dæmið, við vitum ekki, hvað hin raunverulega húsaleiga er, hún er í mörgum tilfellum miklu hærri en gefið er upp, og þess vegna reiknum við dæmið án tillits til húsaleigunnar. — En þegar það var reiknað svona út, þá kom samt út, að kjararýrnunin væri um 20%. Hvað fékkst út úr þessu verkfalli? Það var langt og hart, því er ekki að neita. Það fékkst 10 eða 11% kauphækkun út úr því, — það á að hafa komið öllu úr skorðum hér, — og það fékkst stofnaður sjóður atvinnuleysistrygginga, sem við teljum vera aðalsigur þess verkfalls.

Það hefur farið svo með atvinnuleysistryggingarnar, að mesti sparnaður, sem nú á sér stað í okkar þjóðfélagi, er í gegnum fjársöfnunina, sem fer nú inn í atvinnuleysistryggingasjóðinn. Atvinnuleysistryggingasjóðurinn er nú að verða um 90 millj. kr. og er þegar farinn að starfa í þá átt að hjálpa til við ýmiss konar framkvæmdir, sem geta síðar orðið grundvöllur að blómlegu atvinnulífi í hinum ýmsu byggðum landsins og komið í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta er einn af ávöxtum verkfallsins 1955, og ég hygg, að þeim fækki óðum, sem harma, að það verkfall var háð. Það leiðrétti þá kjaraskerðingu að verulegu leyti, sem orðin var, og það kom fótum undir atvinnuleysistryggingar í okkar landi, sem verkalýðsstéttin mun blessa um langa framtíð.

Þá fór hv. 2. þm. Eyf. nokkrum orðum um það, að þetta mál væri ekki svo einfalt sem ég vildi vera láta, og stendur enn þá fastur á því, að málið sé svo flókið, að sjálfstæðismenn skilji það ekki enn þá, þess vegna séu þeir löglega afsakaðir um það að koma með engar till. Kenningin er sem sé sú: Við skiljum það,

að þetta mál er vitlaust, — það skilja þeir, — en við skiljum ekki hitt, hvaða till. á að koma með, til þess að þetta sé umbætt, — það geta þeir ekki. Þá leyfist mér að segja: Þeir vilja enn þá og í rauðan dauðann halda því fram, að allur þingflokkur Sjálfstfl. sé svo einfaldur, að hann skilji ekki þetta flókna mál, og það er ekki traustvekjandi gagnvart þjóðinni. Það verður áreiðanlega talið furðulegt, að Sjálfstfl. gefi sjálfum sér þá einkunn, að hann skilji ekki þetta mál og geti ekki þess vegna borið fram neinar till. til breytinga. Ég er að vona, að það verði þeim til bjargar, að fólk trúi þessu ekki. (Gripið fram í: Er þá nokkuð betra, að hann sé tvöfaldur og hann vilji segja eitthvað annað en er?) Ja, þeim þykir það enn þá verra afspurnar, að þeir séu tvöfaldir. Þeir vilja frekar, að þjóðin líti á þá sem einfeldninga, það er greinilegt, — það er þeirra höfuðósk núna.

Þá var það út af samráðum, sem höfð hafa verið við samtök útgerðarmanna og samtök verkalýðsins, það sé gengið allt of langt, þegar maður getur séð það í blöðunum, að verkalýðssamtökin séu að fagna lögfestingu þessa og hins máls, sem ekki er komið fyrir Alþ. Mikið lifandis ósköp er þetta hryggilegt, að verkalýðssamtökin eru farin að samþykkja ánægjuyfirlýsingar yfir því, að það verði komið á fót lífeyrissjóði fyrir togarasjómenn, þegar stjórnin hefur lagt það fyrir samtökin, að hún hafi komið sér saman um að gera þetta, og það er aflað fjár m. a. til þess, að þessi byrði lendi ekki á atvinnuvegunum, 7 millj. kr. tekjuöflun, til þess að útgerðarmennirnir fái þetta upp borið. Hvaða hneyksli er það, þótt verkalýðshreyfingin segi frá því, að hún gleðjist yfir því, að svona löggjöf verði sett, þegar hún hefur fengið vitneskju um, að ríkisstj., sem hefur sterkan meiri hluta á Alþingi, hafi orðið sammála um að bera slíkt frv. fram? Og það lá fyrir, samið af mþn. og búið að leggja það til einróma í ríkisstj., að málið yrði flutt ásamt þessu máli, því að fjáröflun vegna málsins var í þessum aðgerðum. Ég sé ekkert athugavert við þetta og hygg, að menn geti ekki tekið neitt undir þessar aðfinnslur, hvorki formanns Sjálfstfl. né hv. 2. þm. Eyf. Hér er ekkert athugavert. Menn láta í ljós ánægju sína yfir lausn góðs máls, þegar ríkisstj. hafði lýst því yfir til verkalýðshreyfingarinnar, að þetta mál yrði flutt, og þá efaðist enginn um, að það yrði gert.

Það er smáatriði, að hv. 2. þm. Eyf. talaði um atkvgr. um till. fjórmenninganna. Það er alger misskilningur hjá honum. Það fór engin atkvgr. fram um þá till. Atkvgr. fór fram um brtt. og um till. svo breytta, og það var lokaatkvgr. Hitt skiptir miklu máli, að sá fulltrúi verkalýðsfélags í okkar hópi, sem vildi, að niðurstöðuályktun 19 manna nefndar og miðstjórnar Alþýðusambandsins væri mótmæli gegn efnahagsmálaaðgerðum stjórnarinnar, — hvaða undirtektir fékk hann? Það er meginatriði málsins. Hann fékk sitt eigið atkvæði og einskis manns annars, eitt atkvæði, en því taldi formaður Sjálfstfl. ástæðu til að þegja yfir, en það skipti öllu máli.

Þá fór hv. 2. þm. Eyf. nokkrum orðum um vísitöluna og það, sem um hana hefði verið sagt, og hann hafði sjálfur látið í ljós, að hún gæti truflað jafnvægi og ýtt verðhækkunum og kaupgjaldshækkunum af stað, og ég hafði ekki heyrt betur en hann teldi verkanir hennar vera óheppilegar. En hitt er rangt hjá honum, þegar hann heldur því fram, að vísitölukerfið hafi verið tekið upp fyrir kröfur frá verkalýðshreyfingunni. Það hefur ekki verið gert. Verkalýðshreyfingin hefur ekki gert neinar kröfur um það nokkurn tíma, að vísitölukerfið í því formi, sem það er, væri sett á fót, og árum saman hefur það verið skoðun innan verkalýðshreyfingarinnar, að hún gæfi ýmsum öðrum meira en láglaunafólkinu í þjóðfélaginu. Og það hefur hún gert, hún hefur gefið hálaunamönnunum í sumum tilfellum helmingi meiri bætur, þegar dýrtíð hefur vaxið, heldur en láglaunamönnunum.

Hv. þm. A-Húnv. veit líka ósköp vel, að hann hefur ekki verið að berjast við verkalýðshreyfinguna, þegar hann hefur verið að berjast á móti vísitölukerfinu. Hann veit ósköp vel, við hvern hann var að berjast. Hann var að berjast við sinn eigin flokk. Hann hefur snúið geiri sínum gegn sínum flokki og verið hróp andans rödd þar og oft sagt það hér í þingsölunum, að hann fengi ekki þessu um þokað, því að sinn flokkur væri á móti sér í þessu máli. Það er sannleikurinn í málinu, að það hefur ekki verið háð barátta við verkalýðshreyfinguna um það að viðhalda vísitölukerfinu, það hefur verið barátta við allt aðra aðila, sem hafa viljað halda þessu kerfi við óbreyttu og í því formi, sem það er.

Ég sé ástæðu til þess að ljúka 1. umr. málsins af minni hendi með því að spyrja Sjálfstfl.: Hvað vill Sjálfstfl. gera? Telur hann aðstoð við sjávarútveginn óþarfa? Þá gætum við orðið sammála um, að það þyrfti engar aðgerðir kannske. Telur hann aðstoðina, sem sjávarútveginum er veitt með þessu frv., of mikla? Þá væri æskilegt, að það kæmi fram og væri rökstutt, svo að menn gætu þá athugað, hvort ekki mætti þá draga úr tekjuöfluninni. En ef ekki, þá þarf Sjálfstfl. að horfast ærlega í augu við það, að aðstoðar sé þörf, og greiða þá atkvæði með þeirri fjáröflun, sem lögð er til til þess að fullnægja henni. Og ýmsir sjálfstæðismenn hafa haldið því fram, að aðstoðin við atvinnuvegina væri of lítil. Þá ættu þeir að koma með brtt. um tekjuöflunina, að auka hana, ef þeir meina það. Ég held, að það þýði ekki stærsta stjórnmálaflokki landsins að segja: Ég veit ekkert, ég veit ekki, hvað á að gera, ég veit ekki, hvort það er nokkur þörf að gera nokkuð atvinnuvegunum til aðstoðar. — Ég held, að Sjálfstæðisflokknum heppnist ekki að spila sig sem einfeldning í þessu máli. Ég held, að það sé ákaflega ólíklegt, að hann sleppi með það.

En svona er þetta. Fram á þessa stund hefur ekki örlað á neinni till. frá Sjálfstfl. um það, hvernig eigi að koma atvinnuvegunum til hjálpar á annan hátt en hér er lagt til, og heldur ekki verið viðurkennt af þeim, því að þá væru

þeir að neita staðreyndum, að það væri óþarft að gera neitt.

Nú fer málið til n. sennilega hvað af hverju, og þar gefst hv. fulltrúum stjórnarandstöðunnar enn kostur þess að láta það sjást, hvort þeir eru þeir einfeldningar, sem þeir þykjast vera, eða hvort þeir koma með einhverjar brtt. Komi þær ekki í n., þá er óliklegt, að nokkrar brtt. verði frá þeirra hendi, að þeir hafi nokkurn hlut að segja um málið nema bara nöldra hér, eins og þeir hafa gert, sem hefur enga þýðingu.

Ég er alveg viss um það, að þegar fólkið les í Morgunblaðinu og blöðum Sjálfstfl., að hérna sé um að ræða 790 millj. kr. tekjuöflun nýja, þá heldur fólk, að það sé ákaflega vel séð fyrir þörfum framleiðsluatvinnuveganna með svona ríflegri fjáröflun. En Sjálfstfl. segir, að þetta sé ekki nóg, það sé of lítið, það þurfi meira, sérstaklega þurfi að hækka aðstoðina við síldveiðarnar upp í 85%. Kannske það sé þá von á till. frá Sjálfstfl. um, að þessi tala hækki, að það fari upp í 1000 milljónir? Við sjáum til. En það rekst hvað á annað að halda því fram, að þessar tölur séu allt of háar, óþarfaálagning á mannfólkið í landinu, og hins vegar, að framleiðsluatvinnuvegirnir þurfi að fá meira. Það rekst alveg á, það skilur enginn.

En svona er samhengið lítið í málflutningi sjálfstæðismanna, og þetta skýrist ekki á nokkurn hátt fyrir fólki, fyrr en koma fram einhverjar till. frá Sjálfstfl. um málið. Af þeim og þeim einum verður hægt að sjá, hvort flokkurinn hefur nokkra skoðun á málinu, eða ef hann er ekki skoðanalaus, þá hverjar skoðanir hans eru. Það hlýtur að koma fram í brtt. hans við málið, þegar það fer nú til fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það hryggir mig mjög mikið, hvað hæstv. félmrh. hefur miklar áhyggjur út af sálarheill okkar sjálfstæðismanna og ber mikinn kvíðboga fyrir því, hve þjóðin muni dæma okkur hart. Ég held nú satt að segja, að hann ætti að spara sér þessar áhyggjur. Það er auðvitað fallega gert að hugsa meira um aðra en sjálfan sig. En í þessu tilfelli held ég samt, að það muni vera annar aðili, sem þurfi frekar að hafa áhyggjur heldur en við sjálfstæðismenn, og ég skal upplýsa hæstv. ráðh. um það, að það er alveg óhætt fyrir hann að takmarka áhyggjur sínar við þann aðila, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj., vegna þess að tilfinningar hans og okkar sjálfstæðismanna eru ekki gagnkvæmar að því leyti, að við sjálfstæðismenn berum engar áhyggjur út af hæstv. ríkisstj.

Ég veit ekki satt að segja, hvort hæstv. félmrh. gerir sér grein fyrir því og hæstv. ráðherrar yfirleitt, hvernig það hlýtur að líta út í augum þjóðarinnar, þegar þeir eru sífellt að klifa á því, að við sjálfstæðismenn eigum að benda þeim á, hvernig eigi að leysa þennan vanda. Ég skýrði frá því í fyrrinótt, að Alþýðublaðið hefði sagt frá því fyrir skömmu, — ég skal játa, að það er auðvitað enginn algildur sannleikur, þó að Alþýðublaðið hafi sagt það, — en það komst þannig að orði, að nú ætti að vera mjög einfalt fyrir ríkisstj. að leysa þennan vanda, vegna þess að Sjálfstfl. sé kominn á þann stað, sem hann eigi að vera í íslenzku þjóðlífi. Og þetta er auðvitað í nánu samræmi við það, sem þessir hv. herrar hafa alltaf sagt. Þeir buðust til þess að leiða þjóðina út úr þeirri eyðimörku, sem þeir sögðu að Sjálfstfl. hefði leitt hana inn í. En nú á Sjálfstfl. að fara að koma til þess að leiða þá út úr eyðimörkinni.

Við sjálfstæðismenn höfum aldrei haldið því fram, að við hefðum nein töframeðul til að leysa þennan vanda. Það eru þessir háu herrar, sem hafa haldið því fram, að þeir hefðu þau og að þeir einir væru færir um að leysa vandann. Nú skulu þeir bara leysa hann og láta sjá, að þeir komist af án tillagna okkar. Við munum, eins og við höfum lýst yfir, ekkert skorast undan því að taka við þeim vanda, sem á okkar herðar fellur, þegar þar að kemur, þó að það verði vafalaust ekki glæsilegt við því að taka. En þegar deilt er um grundvallaratriði eins máls, eins og hér er um að ræða, þá er ákaflega haldlítið að ætla að fara að lappa upp á það kerfi, sem byggt er upp og vissulega liggur viss hugsun að baki, eins og að þessu frv. hér; að ætla að fara að umturna einstökum atriðum þess, það er ákaflega vandasamt, vegna þess að það hlýtur að raska þeirri hugsun, sem að baki frv. liggur. Það verður þá að umskapa þetta allt frá rótum og leggja fram alveg nýtt kerfi, og ég held, að það hljóti hver heilvita maður að skilja, jafnvel þótt hæstv. ríkisstj. skilji það ekki, að það þarf meira en 2—3 daga til þess að leggja fram alveg nýjar till. frá grunni. Þetta held ég að sé svo auðskilið mál, að hvaða einfaldur maður sem er hljóti að skilja það og jafnvel þótt tvöfaldur sé.

Ég skal ekki þreyta þolinmæði hæstv. forseta. Ég vildi aðeins út af þessari sérstöku fsp., sem kom fram um tillögur okkar sjálfstæðismanna, taka þetta fram í grundvallaratriðum. Það hefur áður verið hér sagt, að við erum sammála hæstv. ríkisstj. um nauðsyn þess að efla atvinnulífið og að atvinnuvegirnir geti gengið, en við erum ekki sammála því kerfi, sem hér er upp byggt. Það er grundvallaratriðið, og ef við eigum að gera okkar brtt., þá þýðir ekkert að vera að breyta einum einstökum lið í því, það verður þá að gera það frá grunni og hafa þá til að byggja á allar þær athuganir, sem til þess þarf að geta byggt upp nýjar, heilsteyptar tillögur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Nd., 23. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 492, n. 534, 540 og 542, 535, 541, 548).

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Samkomulag náðist ekki í fjhn.

um þetta mál, og liggja fyrir þrjú nál. um frv. 1. minni hl. n. hefur lagt fram álitið á þskj. 534. Við, sem stöndum að því áliti, hv. þm. Hafnf. og ég, mælum með því, að frv. verði samþykkt, en við flytjum í samráði við ríkisstj. nokkrar brtt. við frv. Eru þær prentaðar með nál. okkar á þskj. 534.

1. brtt. er aðeins lagfæring á orðalagi.

2. brtt., viðbót við 3. gr., er ekki heldur efnisbreyting, en til nánari skýringar.

3. brtt. er við 7. gr. frv. Er þar lagt til, að ákvæði verði sett um, að grunnlaun sjómanna samkvæmt ákvæðum kjarasamninga um kauptryggingu þeirra skuli hækka frá 1. júní n. k. eftir því, sem ákveðið er í 52. gr., en sú grein fjallar um hækkun á launum.

4. brtt., við 12. gr., er leiðrétting. Þar á að koma 15. maí í stað 14. maí.

Þá er 5. brtt. við 18. gr. frv. Sú grein frv. er um greiðslu vátryggingariðgjalda af fiskibátum fyrir tímabilið 1. jan. til 14. maí þ. á. Í brtt. er lagt til, að ríkisstj. skuli heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði einnig vátryggingariðgjöld af bátunum fyrir hinn hluta ársins eftir reglum, sem þar eru settar.

6. brtt. er við 26. gr. Er brtt. um það, að vextir af útlendum yfirdráttarlánum og öðrum erlendum lausaskuldum þeirra banka, er verzla með erlendan gjaldeyri, skuli vera undanþegnir yfirfærslugjaldi og að bankarnir skuli ekki heldur fá yfirfærslubætur á vaxtatekjur af erlendum innstæðum og verðbréfum.

Í 32. gr. frv. segir, að vinnulaun erlendra ríkisborgara hér á landi til 14. maí 1958 skuli vera undanþegin yfirfærslugjaldi samkv. 21. gr. Í 7. brtt. okkar er lagt til, að í stað 14. maí komi 1. júní. Hefur verið á það bent, að samningar við útlendinga, sem starfað hafa við sjávarútveg hér í vetur, hafi verið bundnir við 1. júní.

8. brtt. er um það, að bætur samkvæmt lögunum um atvinnuleysistryggingar skuli hækka um sama hundraðshluta og bótaupphæðir samkvæmt 2. kafla laganna um almannatryggingar, en ákvæði um þetta eru í 53. gr. frv.

Þá er loks 9. og síðasta brtt. á þskj. 534. Hún er við 56. gr. Í brtt. segir, að við útreikninga á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara 1958 skuli laun bónda og verkafólks hans ákveðin 5% hærri en þau hefðu orðið, ef ekki hefði verið ákveðin 5% hækkun á grunnlaunum samkv. 52. gr. frv. Er talið, að með þessu orðalagi sé ákvæðið gert skýrara en það er nú í frvgr. og þannig, að engum misskilningi geti valdið.

Eins og tekið er fram í aths. með frv. þessu, miðar það að þrennu:

1. Að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins.

2. Að jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarbúinu gjaldeyris, frá því, sem verið hefur, og gera framkvæmd nauðsynlegs stuðnings við þær einfaldari.

3. Að draga úr því misræmi í verðlagi, sem skapazt hefur innanlands undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis.

Ef rekstur útflutningsatvinnuveganna dregst saman eða stöðvast vegna hallarekstrar, veldur það almennum vandræðum í þjóðfélaginu, atvinnuleysi og skorti. Slíkt má ekki koma fyrir. En til þess að afstýra þeim vandræðum eru óhjákvæmilegar nýjar ráðstafanir, og þess vegna er frv. þetta borið fram. Mikið hefur þegar verið rætt og ritað um málið, en enginn hefur borið brigður á, að atvinnuvegirnir hefðu þörf fyrir þann stuðning, sem þeim er ætlaður í frv. Þvert á móti halda ýmsir því fram, að einstakar atvinnugreinar þurfi á meiri aðstoð að halda. Af þessu er ljóst, að úr aðstoðinni er ekki unnt að draga, og þá einnig hitt, að tekjuöflun þá, sem ráðgerð er í frv., má ekki skerða.

Málið er þess eðlis, að það hefði þurft að fá skjóta afgreiðslu í þinginu, og var lögð áherzla á það af hálfu hæstv. stjórnar, þegar hún lagði frv. fram. Nú er liðið á aðra viku síðan og drátturinn á afgreiðslu frv. þegar orðinn til tjóns. Mun það enn aukast og því meira sem lengur dregst að ljúka afgreiðslu málsins.

Umr. frestað.

Á 104. fundi í Nd., 24. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 2. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða í upphafi máls míns að lýsa furðu minni yfir því, að þetta mál skuli vera tekið fyrir með þeim hætti, sem raun er á í dag. Að vísu hefur það dregizt úr hömlu, að málið yrði afgreitt, vegna þess, hvernig ástandið hefur verið undanfarna daga í stjórnarherbúðunum. En hitt finnst mér furðulegt, þar sem hér er um að ræða aðalumræðu málsins hér í d., að þannig skuli vera farið að að boða með mjög skömmum fyrirvara fund á laugardegi fyrir stórhátíð, þar sem vitað er, að margir menn muni hafa farið úr bænum og ekki vænzt þess, að málið yrði tekið fyrir.

Við sjálfstæðismenn höfum ekki gert neitt til þess að tefja afgreiðslu þessa máls hingað til hér í d., eins og öllum er kunnugt, heldur þvert á móti höfum við nm. í fjhn. Nd. einmitt reynt að greiða fyrir því eftir föngum, að málið tefðist ekki, svo að einmitt með tilliti til þessa vil ég lýsa furðu minni yfir því, að þannig skuli vera með málið farið.

Það stóð þannig á fyrir mér í gær, eins og hér mun hafa komið fram, þegar málið var þá tekið fyrir, að yfir stóðu próf í háskólanum. Ég lét það berast til hæstv. forseta, að ég mundi samt reiðubúinn til þess að fresta prófunum, þó að það ylli miklum óþægindum, en yrði þó að gera til þess nokkrar ráðstafanir, þannig að ég gæti ekki mætt fyrr en klukkan fimm. Fundi var þá slitið fyrr og ekki boðaður eftirmiðdagsfundur af ástæðum, sem flestum hv. dm. munu vera kunnar, svo að það skipti ekki máli þá. Á tíunda tímanum í morgun hringdi ég á skrifstofu Alþingis og spurði eftir því, hvort fundur hefði verið boðaður í dag. Því var svarað neitandi, og varð það til þess, að ég batt mig þá það sem eftir var morgunsins. Nokkru síðar var að vísu hringt og sagt, að fundur væri boðaður. Ég hafði því ekki þann tíma, sem ég hefði talið æskilegan til þess að

byggja upp mína ræðu, en taldi þó rétt að sýna þann þegnskap að mæta hér. Hitt vona ég að verði virt mér til vorkunnar, þó að ég verði, vegna þess hvað þetta ber fljótt að, langorðari en ég ella hefði orðið.

Það, sem ég mun taka til meðferðar hér, er í fyrsta lagi að gera nokkra grein fyrir því frá mínu sjónarmiði, hvað í þessu frv. felst, því að ég tel mig nú geta gert mér nokkru gleggri grein fyrir því en við 1. umr. málsins. Í öðru lagi mun ég svo ræða líkleg áhrif þessara aðgerða, bæði það atriði, hvort líklegt sé, að hér geti að einhverju leyti verið um frambúðarlausn að ræða, og því næst, að hve miklu leyti þetta gæti verið heppileg bráðabirgðalausn. Því næst mun ég víkja að einstökum atriðum málsins og þeim brtt., sem við sjálfstæðismenn í fjhn. höfum gert, og svo að lokum draga nokkrar ályktanir um afstöðu okkar til málsins.

Svo að ég víki þá fyrst að fyrsta atriðinu, nefnilega hvað það er, sem í þessu frv. raunverulega felst, þá sýnist mér, að kjarni málsins sé sá, að þar er um að ræða 55% gengisfellingu. Það er að vísu ekki nefnt gengisfelling í frv. af skiljanlegum ástæðum, heldur er notað þar annað orð, sem ég minntist á í ræðu minni við 1. umr., að væri kannske betra orð en gengislækkun, nefnilega hækkun á yfirfærslugjaldi. Það á sér stað 55% almenn gengislækkun, en þar sem þessi gengislækkun er ekki talin nægja til þess að afla fjár til þess að standa undir uppbótunum til útflutningsatvinnuveganna og til þess að standa undir niðurgreiðslum, jafna halla á fjárl. o. s. frv., þá er til viðbótar þessari gengisfellingu lagt á innflutningsgjald eða áfram lagt innflutningsgjald á allmikinn hluta innflutningsins, og er þar fylgt þeirri reglu að áliti þeirra, sem frv. hafa samið, að taka undir innflutningsgjöldin þær vörur, sem ekki eru taldar heyra til brýnustu nauðsynja. Þó að meginreglan sé sú, að það er 55% yfirfærslugjald á öllum yfirfærslum til útlanda, þá er þó gerð frá því undantekning hvað snertir nokkra einstaka vöruflokka og einstakar yfirfærslur aðrar, þannig að þetta fer fram á 30% yfirfærslugjaldi. Þar sem 55% yfirfærslugjaldið er það almennasta, þá er í rauninni eðlilegt að líta á þetta 30% gjald sem eins konar niðurgreiðslu hvað snertir þær vörur, sem fluttar eru inn á þessu lága gjaldi. Enn fremur er námskostnaður og sjúkrakostnaður með 30% yfirfærslugjaldi, sem er þá eðlilegt að líta á sem eins konar styrktarstarfsemi í þessari mynd. Þetta eru að mínu áliti meginatriðin í því kerfi, sem hér er um að ræða. Enn fremur er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir 5—7% almennum kauphækkunum, og þarf ekki að fjölyrða meir um þau ákvæði þessa frv., því að öllum er ljóst, hvað hér er um að ræða.

Spurningin er þá þessi, hvort gengislækkun í þessari mynd ásamt áframhaldandi uppbótakerfi sé líkleg til þess að vera í fyrsta lagi frambúðarlausn á efnahagsvandamálunum, og ef svo er ekki, hvort hér sé um heppilega bráðabirgðalausn að ræða. Það er full ástæða til þess að ræða fyrra atriðið, af því að mjög mismunandi sjónarmið hafa komið fram hjá hv. stjórnarflokkum einmitt varðandi það atriði. Af grg. frv. verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að þeir, sem grg. hafa samið, geri ekki ráð fyrir, að þetta geti orðið annað en bráðabirgðalausn. En önnur sjónarmið hafa þó komið fram. Hæstv. forsrh. lét m. a. að því liggja, að það væri hugsanlegt að reyna að halda þessu kerfi áfram, og ég sé, að í málgögnum hv. stjórnarflokka hafa verið gagnrýnd m. a. ummæli mín í þá átt, að hér væri ekki tjaldað nema til einnar nætur, og annarra sjálfstæðismanna, sem ummæli hafa látið falla í sömu átt.

Eins og ég minntist á í ræðu minni við 1. umr., hefur sú hugsun glögglega komið fram hjá sumum hv. stjórnarsinnum, þegar þeir hafa rætt málið, og e. t. v. einna skýrast hjá hæstv. forsrh., að hér væri um að ræða áfanga í áttina til einhvers betra. Það kom að vísu ekki skýrt fram, hvert förinni væri heitið, og liggja til þess eðlilegar ástæður. En eftir því sem næst varð komizt af ræðu hæstv. forsrh., þá talaði hann a. m. k. um þann möguleika, að hér væri um að ræða áfanga í áttina til gengislækkunar. Um þetta sagði ég það eitt í ræðu minni við 1. umr., að hér kæmi fram nýtt sjónarmið. Ég tók ekki afstöðu til þess, hvort hugsanlegt væri að fara þessa leið í áföngum, en lét í ljós efasemdir um, að svo væri. Síðan hef ég hugsað þetta mál nokkru nánar og finnst, að eftir því sem ég velti því meira fyrir mér, þá komist ég meir að þeirri niðurstöðu, að það geti ekki verið skynsamleg hugmynd að ætla sér að fara slíka leið í áföngum. Hvaða leiðir sem farnar væru til þess að koma á einhvers konar jafnvægi í efnahagsmálum, eða það hafa hagfræðingar a. m. k. kennt hingað til, þá virðist eðlilegra og hagkvæmara, að sú ráðstöfun sé gerð í einum áfanga, en ekki fleirum. Ef gengislækkunarleiðin er valin, sem ég fullyrði ekkert um að mundi vera það skynsamlega í þessum efnum, þá dreg ég ekki í efa, að gengislækkunin í heild þyrfti að vera meiri, ef þá leið á að fara í áföngum, heldur en ef skrefið væri tekið í einu, og ástæðurnar fyrir því, að telja verður líklegt, að svo sé, finnst mér í rauninni við nánari athugun að hljóti að liggja í augum uppi.

Hér er um að ræða 55% gengislækkun. Það liggur ekkert fyrir um það, hvað gengislækkunin þyrfti að vera mikil, ef ætti að leysa vandamál útvegsins eftir þeirri leið. En hvað sem því líður, er nú ekki hætta á, að það verði þannig, ef sagt er við fólkið: Við fellum gengið um 55% í dag, svo ætlum við í haust eða kannske á næsta vetri að fella gengið kannske um 35%, kannske um önnur 55% eða meir, — að það hafi mjög óheppileg áhrif á efnahagsþróunina? Það er vitað mál, að þetta verður mjög til þess einmitt að örva það, að fólk kaupi vörur, þar sem það býst við hækkandi verðlagi á þeim síðar, eins og raunar hefur nú þegar orðið vart við. Enn fremur hlýtur eftirspurn eftir lánum að vaxa, ásókn í það að ráðast í meiri fjárfestingu o. s. frv., þannig að ég tel, að sú hugmynd að fara gengislækkun í áföngum sé síður en svo skynsamleg.

Annað mál er það, að það er kannske þannig

með allar ráðstafanir í efnahagsmálum, hversu fáránlegar sem þær kunna að vera í sjálfu sér, að það geta verið hugsanlegar þær kringumstæður, að skynsamlegt væri að fara slíkar leiðir. En sú hlið á málinu finnst mér ekki hafa svo ákaflega mikla raunhæfa þýðingu. Það er sjálfsagt hægt að hugsa sér þær forsendur, að það gæti heppnazt að fara þessa svokölluðu áfangaleið, en ákaflega ólíklegt virðist það í fyrsta lagi, að þær forsendur geti verið fyrir hendi, og undir öllum kringumstæðum virðist mér ljóst, að þær eru engan veginn fyrir hendi í okkar þjóðfélagi nú.

Hér hefur verið vikið að spurningunni um það, hvort sú hugmynd að taka gengislækkun, sem nægileg mundi þykja til þess að skapa rekstrargrundvöll fyrir útflutningsatvinnuvegina, í áföngum sé skynsamleg í sjálfu sér. En þó að gengislækkunin sé að vísu þýðingarmesta atriðið að mínu áliti í þessu frv., þá er þarna um margt fleira að ræða, og því fer mjög fjarri, ef litið er á þetta frv. í heild, að það sé líklegt til þess að geta komið nokkru jafnvægi á í efnahagsmálunum. Að vísu er það þannig, að ef litið er á uppbótahliðina eingöngu, þá er nú minni munur gerður á uppbótunum til einstakra atvinnugreina en var áður, og ég hef áður tekið fram, að það atriði út af fyrir sig teldi ég til nokkurra bóta. Sé hins vegar litið á innflutningshliðina, þá er jafnvel enn þá meiri munur á þeim gjöldum, sem lögð eru á mismunandi innflutning, heldur en áður var, enda skýrt tekið fram í grg. og tölum, sem okkur hafa verið fengnar, útbúnar af þeim sérfræðingum, sem að þessu hafa unnið, að gert er ráð fyrir einmitt meiri hækkun á þeim vörum, sem miklar álögur voru á áður, heldur en hinum. Það má nefna sem dæmi af handahófi, að gert er ráð fyrir því, að innflutningsgjaldið af vörum, sem áður voru með lægsta innflutningsgjaldi, hækki úr 97.9% af fob-verði upp í 112.8% af fob-verði. Aftur á móti þær vörur, sem áður voru með hæsta innflutningsgjaldinu, hækka úr 153.4% upp í 206%, þannig að bilið breikkar þarna frá því, sem áður var, þannig að hvað þetta atriði snertir, þá er síður en svo um það að ræða, að hér sé spor í áttina til jafnvægis, heldur miklu frekar það gagnstæða.

Rökin fyrir því að gera þennan mikla mismun á mismunandi vörum eru þau, að það þurfi að hlífa nauðsynjavörunum, eins og það er orðað, og á það sjónarmið er út af fyrir sig hægt að fallast. En á tvennu er þó rétt að vekja athygli í sambandi við þetta. Í fyrsta lagi því, eins og kom fram í minni fyrri ræðu, að ekki er til neinn algildur mælikvarði á það, hvað sé nauðsynjavara og hvað ekki nauðsynjavara. Það er nú yfirleitt þannig, að það, sem er nauðsynjavara fyrir einn, getur verið óþarfi fyrir annan o. s. frv. Nú er t. d. þannig komið, að einhver hæsti gjaldaflokkurinn mun nú vera, fyrir utan bíla, nýir ávextir, en á þeim hvílir, að mér skilst, eitthvað 221% álag. Ég býst við, að hér meðal hv. þdm. og áheyrenda séu, svo að ekki sé meira sagt, mjög skiptar skoðanir um það, hvort nýir ávextir séu yfirleitt mesti óþarfinn, sem fluttur er til landsins. Það er hugsanlegt, að til séu einstakir menn, sem líta þannig á. Ég er síður en svo í þeirra hópi. Ég tel, að margt sé óþarfara en nýir ávextir, og býst við, að margir séu mér sammála um það. Hér er um að ræða mjög holla fæðu, oft nauðsynlega fyrir sjúklinga t. d., þannig að þetta er atriði, sem mjög má um deila. Önnur er sú vörutegund, sem ég tel að gefnu tilefni mega nefna í þessu sambandi. Það eru gólfteppi. Eitt af fleiri mótmælaerindum, sem liggja nú fyrir fjhn., er frá innflytjendum þessarar vöru, sem telja, að gólfteppi verði svo dýr, að það hljóti að taka að mestu eða öllu fyrir innflutning á þeim, ef þessar háu álögur eru lagðar á. Það má auðvitað um það deila líka, hvort gólfteppi séu óþarfi eða ekki. Fyrir suma er það e. t. v. þannig. Aftur á móti hvað snertir fólk, sem er að stofna heimili o. s. frv., þá má telja þetta til nauðsynja, og þannig má ábyggilega nefna fjöldamörg önnur dæmi um, að mjög skiptar skoðanir hljóta að vera um það, hvaða vörur eigi að telja til óþarfa og hvaða ekki.

Annað atriði má líka nefna í þessu sambandi. Hvað sem líður þeirri spurningu, hvaða vörur séu óþarfar og hvaða ekki, og jafnvel þó að allir væru sammála í því efni, þá verður það auðvitað alltaf mjög varhugavert að leggja gífurlegar álögur á þær vörutegundir, sem hugsanlegt er að smyglað sé til landsins, því að það er nú einu sinni staðreynd, sem ekki er hægt að komast fram hjá, að fullkomið eftirlit með smygli er aldrei hægt að hafa, og verði mismunurinn á verði vörunnar tollaðrar og án tolla gífurlega mikill, þá fer ekki hjá því, að það verður meira eða minna um smygl. Fyrir þessari hættu er ekki hægt að loka augunum.

Fyrir utan þau atriði, sem ég hef nú nefnt til stuðnings því sjónarmiði, að það séu ekki líkur á því, að þetta frv., ef að lögum verður, verði til þess að skapa jafnvægi, þá er ástæða til þess að undirstrika sérstaklega kaupgjalds- og vísitöluatriðið. Það kemur að vísu fram í grg. frv., að þegar vísitalan hefur hækkað um meira en 9 stig, — en samkvæmt öllum áætlunum, sem gerðar hafa verið í þessu efni, þá má fullyrða, að hækkunin verði meiri, — þá tekur vísitöluskrúfan til á nýjan leik, ekki satt? Og komist útflutningurinn ekki af án minni uppbóta en þetta, þá þýðir það auðvitað, að greiða verður hærri uppbætur og svo koll af kolli. Það kerfi, sem hér er um að ræða, er þannig laust í annan endann, ef svo mætti segja, þannig að af þessu ætti að vera ljóst, að hér er aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða, miðað við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi í okkar atvinnu- og efnahagslífi, og það er auðvitað aðalatriðið. Það eru engar líkur á því, að hér sé um annað að ræða en að tjaldað sé til einnar nætur, þannig að þetta frv. verður fyrst og fremst að ræðast sem bráðabirgðalausn.

En nú er spurningin sú, hvort það er þá einu sinni víst, að hér sé um bráðabirgðalausn að ræða, og satt að segja, miðað við þær undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið hjá hinum ýmsu stéttasamtökum, þá leyfi ég mér, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið, að draga mjög í efa, að svo verði. Ég hef áður verið viðriðinn

ráðstafanir í efnahagsmálum og þekki það vel, með hverri tortryggni slíkum ráðstöfunum er að jafnaði tekið af almenningi, svo að það er í rauninni ekki nýtt, að gegn slíkum ráðstöfunum komi mótmæli einhvers staðar frá. Hitt hugsa ég að varla hafi komið fyrir, að mótmælaaldan gegn slíkum ráðstöfunum hafi verið jafnalmenn og nú, og vekur það í rauninni enga furðu með tilliti til þess, hvernig þetta mál hefur borið að. Ef hér væri um að ræða aðila, sem komizt hefðu til valda á grundvelli ábyrgs málflutnings í þessum málum, þá mætti segja með tilliti til þess, hversu alvarleg vandamál hér er um að ræða, að þessir aðilar ættu siðferðiskröfu á því, að þeim till., sem fram eru lagðar, hvað sem í þeim felst að öðru leyti, yrði sýndur nokkur skilningur. En þessu er nú ekki að heilsa. Eins og kunnugt er, þá eru sumir þeir, sem nú sitja í valdastólunum, einmitt komnir þangað vegna þess, að þeir höfðu áður talið fólkinu trú um það, að efnahagsvandamálin væru ekki raunveruleg, það væri auðvelt að leysa þessi mál með aðgerðum, sem enginn eða a. m. k. ekki launastéttirnar í þjóðfélaginu þyrftu að finna neitt fyrir. Með tilliti til þessa gegnir það ekki neinni furðu, þegar fólk nú stendur gagnvart þeim gífurlegu álögum, sem um er að ræða, að viðbrögð almennings í þessu efni séu þau, sem raun er á.

Í sambandi við öll þessi mörgu mótmæli, fyrst og fremst frá launaþegasamtökum og ýmsum öðrum stéttasamtökum, þá vaknar í fyrsta lagi spurningin um það, t. d. hvað snertir launþegasamtökin, hvort sitja verður látið við mótmælin ein og hvort hæstv. ríkisstj. er fær um að koma í veg fyrir það, að álögur þessar leiði til þess, að um miklu stórfelldari kauphækkanir verði að ræða en frumvarpið sjálft gerir ráð fyrir.

Annað atriði, sem hér skiptir máli, er spurningin um það, hvort þetta frv. í rauninni nær þeim bráðabirgðatilgangi, sem það hefur, nefnilega að skapa rekstrargrundvöll fyrir sjávarútveginn á næstu mánuðum. Samkvæmt því, sem fyrir liggur, verður að draga þetta mjög í efa. Við sjálfstæðismennirnir í 2. minni hl. fjhn. leyfðum okkur t. d. í því sambandi að birta hér sem fskj. með okkar nál. erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér eina eða tvær greinar úr þessu nál., sem gefa þó nokkra hugmynd um, hvert álit þeirra er á þessum efnum. Um uppbæturnar á Norður- og Austurlandssíldina segja þeir m. a.:

„Niðurstaða vor af þessum athugunum er sú, að útflutningsprósenta b-liðs 3. gr. frv. megi eigi vera lægri en útflutningsprósenta sú, er vér höfum reiknað út fyrir annan fisk og fiskafurðir, eða 85%. Enn fremur höfum vér gert athugun á þörfum útgerðarmanna og fiskvinnslustöðva vegna veiði og verkunar á annarri síld, Faxasíld, reknetasíld og smásíld, á sama grundvelli og að ofan er getið um Norðurlandssíldina, og komizt að raun um, að bátar og vinnslustöðvar munu ekki geta starfað að framleiðslu þessarar síldar á lægri útflutningsprósentu en 85%."

Enn fremur segir í þessu sama erindi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá leyfum vér oss að geta þess, að fyrirsjáanlegt er, að með ráðstöfunum þeim, sem fyrirhugaðar eru með frv. þessu, muni sjávarútvegur og fiskvinnsla einnig stöðvast, verði ekki jafnhliða gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að útvega sjávarútveginum aukin stofnlán og rekstrarfé. Rekstrarfjárskortur hefur hamlað útgerðinni að undanförnu, og fyrirsjáanlegt er, að þörfin fyrir rekstrarfé muni stóraukast við þessar ráðstafanir, sbr. greinargerð frv."

Það kemur þannig ljóst fram, að það er álit Landssambandsins, að hækka þurfi uppbæturnar töluvert frá því, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að um rekstrargrundvöll sé að ræða. Ég er ekki bær að dæma um það, hvort þetta er rétt eða ekki. Það hafa ekki verið lagðar fram neinar upplýsingar um rekstrarafkomu útvegsins, þannig að hægt sé að mynda sér skoðun á því, hver þörfin í rauninni er. Hitt finnst mér sjálfsagt í sambandi við meðferð þessa máls, að álit útvegsmannanna sjálfra komi fram í þessu efni. Það verður því einnig, a. m. k. á þessu stigi málsins, að draga það mjög í efa, hvort frv. einu sinni verður sú bráðabirgðalausn, sem til er ætlazt.

Ég leyfi mér þá að víkja að þeim brtt., sem við sjálfstæðismenn í 2. minni hl. fjhn. höfum flutt við frv. Við gerum í nál. nokkra grein fyrir afstöðu okkar almennt til breytingartillagna. Við urðum ásáttir um það, að ekki væri rétt á þessu stigi málsins að flytja till., sem röskuðu verulega því kerfi, sem frv. byggir á, þannig að þær fáu brtt., sem við flytjum, eru að okkar áliti innan ramma þess kerfis. Hins vegar tökum við fram, að full ástæða gæti verið til slíks, og í því, að við flytjum ekki fleiri brtt., liggur að sjálfsögðu ekki, að við höfum að neinu leyti bundið hendur okkar með tilliti til brtt., sem fluttar kynnu að vera af öðrum. Við höfum þannig að fullu óbundnar hendur með að fylgja brtt., sem kynnu að vera fluttar af okkar flokksbræðrum og öðrum hv. þdm., en að svo stöddu máli töldum við eftir atvikum ekki rétt að fara lengra í þessu efni en fyrir liggur í okkar brtt. Þær eru því tiltölulega smávægilegar.

1. brtt. er við 20. gr. frv. Seinni málsgrein hennar hljóðar nú þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Útflutningssjóður skal endurgreiða yfirfærslugjald af þeim afborgunum og vöxtum af lánum til kaupa á flutningaskipum, sem greiddir hafa verið á tímabilinu 1. jan. til 14. maí 1958." Við leggjum til, að á eftir „flutningaskipum" komi: flugvélum. Við teljum eðlilegt, að í þessu efni sé ekki gerður greinarmunur á flutningaskipum og flugvélum.

2. brtt. okkar er við 36. gr., sem fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar o. s. frv. Við teljum eðlilegt að gera þessa heimild víðtækari, þannig að það nái einnig til annarra hráefna til iðnaðar, ef það er talið nauðsynlegt vegna afkomu einstakra iðngreina. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, og við sjáum ekki, að það geti undir neinum

kringumstæðum spillt neinu, þó að þessi heimild sé fyrir hendi. En vitanlega getur oft staðið þannig á, að það væri eðlilegt að nota slíka heimild í öðrum tilfellum en gert er ráð fyrir í frv.

Í þriðja lagi leggjum við til, að sú breyting verði gerð á 43. gr. frv., að 150% álagið á innlendar tollvörur verði lækkað ofan í 100%. Nú er þetta álag 80%, þannig að þarna er um gífurlega hækkun að ræða, úr 80% upp í 150%. Mér eru satt að segja einmitt út frá þeim grundvallarsjónarmiðum, sem mér virðist að þetta frv. byggi á, ekki skiljanlegar röksemdirnar fyrir því að hækka það álag, sem hér er um að ræða, svo gífurlega sem raun er á. Við fengum þær upplýsingar frá þeim sérfræðingum, sem að þessu frv. hafa unnið, að þeirri reglu væri hér fylgt að láta innlendu tollvörurnar koma í hæsta gjaldaflokk innfluttra vara. Þetta sjónarmið virðist mér satt að segja mjög furðulegt. Það er eðlilegt eða a. m. k. skiljanlegt sjónarmið, þegar um gjaldeyrisskort er að ræða, að háir tollar og há innflutningsgjöld séu lögð á vissar vörutegundir, sem taldar eru miður nauðsynlegar, beinlínis í þeim tilgangi að takmarka innflutning á þessum vörutegundum. Það er sjónarmið, sem skynsamleg rök má færa fyrir. Hitt er einkennilegt, ef sama á að gilda um innlenda iðnaðarstarfsemi, þar sem bæði er um að ræða mjög almennar neyzluvörur, eins og kunnugt er, og auk þess getur það ekki eða verður því a. m. k. ekki að óreyndu trúað, að þar sé um að ræða markvissan tilgang í þá átt að skapa samdrátt og atvinnuleysi í þessum iðngreinum. Ef til vill verður því svarið við þessari till. um lækkun á innlenda tollvörugjaldinu, sem að okkar áliti er ekki meira en svo, að það verði þá í samræmi við aðrar álögur, sem þarna er um að ræða, — því verður ef til vill til svarað, að útflutningssjóðurinn megi ekki við þeim tekjumissi, sem af því mundi leiða að lækka þetta gjald. En ég dreg satt að segja mjög í efa, að til þess tekjumissis komi, því að það hljóta þó að vera takmörk fyrir því, hvað hátt er hægt að skattleggja vörutegundir sem þessar, ef það á ekki að skapa hættu á því, að sala á þeim dragist mjög saman. Við teljum, að í þessu efni sé boginn orðinn spenntur svo hátt, með tilliti til þess, að mjög þungar álögur hvíldu á þessum vörum fyrir, að telja megi nokkurn veginn víst, ef gjaldið verður hækkað svo sem raun er á, að þá muni salan minnka mjög frá því, sem nú er, þannig að líklegt má einmitt telja, að út frá tekjuöflunarsjónarmiðinu mundi vera hagstæðara að hafa þetta gjald lægra.

Að endingu vil ég víkja örfáum orðum að því, sem af andstæðingum okkar sjálfstæðismanna hefur verið mjög hamrað á að undanförnu. Þeir neita því ekki, því að það er staðreynd, sem hver maður getur þreifað á, að hér verður um að ræða mjög tilfinnanlegar álögur á allan almenning og stórfelldar verðhækkanir, sem hljóta að hafa í för með sér meiri eða minni röskun á aðstöðu atvinnuveganna í landinu. Þeir segja sem svo: Öllum er ljóst, að eitthvað þarf að gera í þessum efnum, það þarf að sjá ríkissjóði og fyrst og fremst tvíburabróður hans, útflutningssjóðnum, fyrir tekjum með einhverju móti. Ef sjálfstæðismenn eru á móti því, sem hér er lagt til, hvaða ráðstafanir benda þeir þá á aðrar og betri en þessar, sem hægt væri að gera til þess að leysa þessi vandamál? — Ég vil í fyrsta lagi benda á það, að þessari spurningu hafa hv. stjórnarsinnar í rauninni svarað sjálfir, og í því efni leyfi ég mér að vísa til hinnar snjöllu ræðu formanns Sjálfstfl., hv. þm. G-K., sem hann hélt við 1. umr. málsins, þar sem hann m. a. vitnaði í viðtal við hæstv. forsrh. frá því fyrir um mánuði, þar sem hæstv. forsrh. fór mörgum orðum um það, hvað nauðsynlegt væri að gera víðtækar rannsóknir, sem taka mundu langan tíma, áður en hafizt yrði handa um að gera till. um úrræði í efnahagsmálum. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um, að það mundi vera alveg út í bláinn að gera slíkar till. nema hafa viðað að sér mjög viðamiklum upplýsingum um hina ýmsu þætti þessara mála, og til þess að halda mig að meira ákveðnum atriðum, bendi ég t. d. á þetta: Auðvitað er það þannig, að þótt það sé ljóst, að það er þjóðarheildinni nauðsynlegt, að útflutningsframleiðslan truflist ekki, þá ætti ekki að vera um það ágreiningur, að auðvitað ber ekki að leggja á meiri álögur í þessu efni en brýna nauðsyn ber til, þannig að fyrir það fyrsta verður maður að gera sér grein fyrir því, hver er þörf útflutningsatvinnuveganna í heild og einstakra útflutningsgreina. Engar upplýsingar hafa legið fyrir um afkomu útflutningsatvinnuveganna, sem geri stjórnarandstöðunni mögulegt að átta sig á þessu mjög svo mikilvæga atriði. Enn fremur hefur það verið skoðun okkar sjálfstæðismanna, að í þessum efnum bæri að keppa að einhverri þeirri lausn, sem verið gæti til einhverrar frambúðar. Við gerum okkur vissulega ljóst, að það eru ekki til nein úrræði í efnahagsmálum, sem leysi þann vanda í eitt skipti fyrir öll. En við teljum þó æskilegt, að keppt sé að því, að þau úrræði, sem gripið er til, gætu orðið til einhverrar frambúðar. Þær aðstæður geta verið fyrir hendi, bæði stjórnmálalegar og aðrar, að þau úrræði, sem gætu verið til frambúðar, séu ekki framkvæmanleg. Það er önnur hlið á málinu. En áður en menn sætta sig við það að grípa til einhverra úrræða, sem fyrirsjáanlegt er að ekki geti verið nema til bráðabirgða, þá þarf þó a. m. k. að ganga úr skugga um það, hvort ekki séu möguleikar á hinu.

Í fyrri ræðu minni vék ég nokkuð að þeim möguleikum, sem kæmu til greina í sambandi við frambúðarlausn þessara mála. Minntist ég þá á mismunandi leiðir, sem þar kæmu til greina, og tel ég víst, að í því, sem ég sagði þá, hafi ekki allt verið upp talið í þessum efnum. Ég tel því, að áður en til greina kemur að gera ákveðnar till. til lausnar þeim vandamálum, sem hér er um að ræða, beri að athuga, hvaða möguleikar eru á því að gera einhverjar ráðstafanir, sem vænta má að verði til frambúðar. Í því sambandi má nefna gengislækkunarleiðina eða jöfnunarleiðina, sem hæstv. forsrh. talaði um, einnig niðurfærsluleiðina, þá leið að skipta

um mynt, og ýmislegt fleira kæmi til greina. Það ber að athuga, hvaða áhrif þetta mundi hafa o. s. frv. Það er hugsanlegt, að pólitískar og efnahagslegar aðstæður í þjóðfélaginu séu með þeim hætti, að það komi svo í ljós við athugun á þessum varanlegu leiðum, að þær séu óframkvæmanlegar og þess vegna verði að sitja við bráðabirgðaúrræðin sem neyðarráðstöfun. Ég skal ekki segja um það, nema niðurstaðan gæti orðið sú. En hitt er augljóst, að áður en ákveðnar till. eru gerðar, verður að framkvæma víðtæka rannsókn í þessu efni. En eins og kunnugt er, er það þannig, að jafnframt því, að hv. stjórnarsinnar gera mjög strangar kröfur á hendur stjórnarandstöðunni í því efni, að hún leggi fram ákveðin úrræði í þessum málum, þá gæta þeir þess vandlega, að stjórnarandstaðan hafi engan aðgang að þeim upplýsingum, sem þeir sjálfir hafa þó lýst yfir að slíkar till. yrðu að byggjast á.

Með tilliti til þessa, sem sagt hefur verið, verður niðurstaða okkar nm. Sjálfstfl. í fjhn. sú, að við erum þessu frv. andvígir. Við teljum ekki undir neinum kringumstæðum, að hér geti verið um neina frambúðarlausn á efnahagsvandamálunum að ræða. Við drögum í efa, að þetta geti heldur orðið bráðabirgðalausn, og með tilliti til þess, að stjórnina vantar, eins og skýrt hefur komið fram, algerlega stefnu í þessum málum, þar eð algerlega andstæð sjónarmið togast á innan hennar, þá vitum við ekki, hvert stefnt er. Það eina, sem er augljós staðreynd í þessu máli, er það, að hér er um að ræða mjög miklar álögur á allan almenning í landinu, þannig að ég tel ósanngjarnt að lá okkur það, þó að afstaða okkar til þessa máls sé sú, sem lýst hefur verið, enda er það ábyggilega í samræmi við vilja þess fólks, sem við erum hér umboðsmenn fyrir.

Frsm. 3. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. allgaumgæfilega, fjhn. beggja d. hafa unnið saman að því, og við höfum sumpart kvatt á okkar fund fulltrúa fyrir ýmis samtök og stofnanir í landinu, og sumpart hafa ýmis samtök óskað eftir að koma til fundar við okkur og tjá okkur sínar skoðanir.

Fyrst og fremst fór fram langt viðtal við Landssamband ísl. útvegsmanna, þar sem voru fulltrúar fyrir hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins, atvinnurekendanna þar í. Enn fremur komu fulltrúar Vinnuveitendafélagsins á fund beggja n. sameinaðra, og enn fremur fannst okkur ástæða til þess sérstaklega að kveðja á okkar fund stjórn Seðlabanka Íslands til þess að spyrja um ýmis atriði, sem snerta mundu framkvæmd þessa frv., ef að lögum yrði. Þá barst okkur og allmikið af bréfum, eins og þegar hefur verið skýrt frá, frá ýmsum samtökum sérgreina í landinu.

Það tók eðlilega nokkurn tíma fyrir fjhn. og hefði þó raunverulega þurft enn þá meiri rannsókn, ef þarna hefði átt að kryfja allt til mergjar, eins og nauðsynlegt hefði verið. Það er mín reynsla frá því fyrr í fjhn. að hafa meðhöndlað svona hluti, að þeim sérfræðingum, sem settir eru í þetta, með allri virðingu fyrir þeirra lærdómi, hættir oft við að gleyma ýmsum atriðum. Ég man eftir því 1950, þegar við hér í fjhn. þessarar hv. d. ræddum gengislækkunarfrv. þá, og ýmsir hafa síðan verið að afsaka ýmislegt í því, að þess útreikningar skuli ekki hafa staðizt, meðan Kóreustyrjöldin og aðrir slíkir atburðir hafi gerzt, sem ekki hafi verið hægt að reikna með, þá kom það í ljós, að í undirbúningnum undir það frv. hafði gleymzt að reikna með þeirri gengislækkun, sem fram fór í september 1949, þegar pundið féll gagnvart dollar, og afleiðingunum, sem það átti eftir að hafa á íslenzkan þjóðarbúskap. Og það er oft svo, að þeim mönnum, sem eru of einhliða þannig, miða allt sitt of einhliða við „statistikina“, við hagfræðina í þrengstu merkingu þess orðs, þeim hættir oft við að yfirsjást um ýmsar afleiðingar af þeim aðgerðum, sem þeir gera, sérstaklega þegar þær afleiðingar hafa m. a. áhrif á fólkið sjálft og þess viðbrögð. Það hefði þess vegna verið nauðsynlegt, að það hefði verið miklu betri tími fyrir fjhn. þessarar d. til þess að rannsaka þetta mál heldur en hún hefur fengið, ekki sízt með tilliti til þess, að ég býst ekki við, að neinn af þeim, sem í fjhn. eru, hafi haft tækifæri til þess að kynna sér þetta frv., áður en það var lagt fyrir þingið.

Þá vil ég fyrst víkja að vandamálunum, sem þessu frv. er ætlað að leysa, í heild og koma inn á mína till. um, hvernig þetta mál verði afgreitt. Niðurstaðan í mínu nál. er sú, að afgreiða beri þetta mál með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstj. leggi hið bráðasta fyrir þingið frv. til laga um heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, er tryggi eflingu atvinnulífsins samkvæmt fyrirframgerðum áætlunum, og leggi fram tekjuöflunartill., er geri ráð fyrir að halda verðstöðvunarstefnunni, eftir því sem unnt er, og valdi sem minnstri almennri verðhækkun, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Viðvíkjandi fyrri hlutanum í þessari dagskrá minni um, að fyrst og fremst bæri að leggja hér fyrir frv. um heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þá er það höfuðatriðið fyrir mér í allri afstöðunni til alls þess, sem heitir lausn á efnahagsvandamálum Íslands, og meðan ekki er tekið tillit til þess að gera þennan hlut, ákveða að gera hann eða undirbúa að gera hann, þá er ekki einu sinni um bráðabirgðalausn að ræða, hvað þá heldur lausn, sem gæti dugað nokkurn tíma fyrir okkar þjóðarbúskap.

Ég gerði við 1. umr. þessa máls allýtarlega grein fyrir þeirri pólitísku hlið þessa máls, fyrir þeirri baráttu, sem fram hefði farið af hálfu t. d. verkalýðshreyfingarinnar og hennar flokka í landinu fyrir því að fá slíka heildarstjórn í gegn á þjóðarbúskapnum, og ég ætla ekki að endurtaka það að neinu leyti nú, en koma hins vegar nokkuð inn á í sambandi við þá hluti þau algerlega hagrænu atriði í sambandi við þetta.

Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt, ef hv. þm., þeir sem á annað borð gefa sér tíma

til þess að hugsa nokkuð um, hlusta nokkuð á eða brjóta yfirleitt heilann um þessi mál, en láta sér ekki nægja að láta stólana vera sína fulltrúa, — ég býst við, að þeir mundu, ef þeir brytu þetta mál til mergjar, komast að þeirri niðurstöðu, að það er alveg óhugsandi að ætla að leysa vandamálin, sem fyrir liggja í efnahagsmálum Íslands, án þess að taka fyrst og fremst fjárfestingarpólitíkina fyrir.

Það eru sem sagt tvenns konar tilhneigingar, sem eðlilega verða í einu þjóðfélagi viðvíkjandi fjárfestingu og viðvíkjandi almennri neyzlu. Það er alveg gefið mál, að hver einasti einstaklingur í þjóðfélaginu, þegar hann hugsar fyrir sig út frá sínum persónulegu hagsmunum, — hvað er það þá, sem hann óskar eftir? Jú, hann óskar eftir því, að hann fái mikinn og góðan mat, hann fái góð föt, hann fái góð húsgögn, hann fái góða íbúð, hann fái ýmis þægindi, hann fái radíógrammófóna, hann fái ísskápa, hann fái allt mögulegt af slíku, sem við köllum neyzluvarning. Þetta verður þess vegna sú almenna tilhneiging í þjóðfélaginu hjá öllum borgurum þess, hjá öllum þegnum þjóðfélagsins. Og hvert mundi þessi tilhneiging leiða? Ef þessi tilhneiging, almenna, eðlilega, blinda tilhneiging er látin ráða í þjóðfélaginu, mundi hún leiða til þess, að menn alls staðar fara fyrst og fremst fram á þessa hluti og vilja fá þá, meira að segja þeir, sem þjóðfélagið, eins og ég síðar mun koma að, ætti mjög erfitt með að láta það í té, við skulum segja hin og þessi raftæki í dreifbýlið í sveit. Mörgum mönnum mun finnast þar, að þegar fólk í Reykjavík og bæjum er farið að sanka þessu að sér, þá eigi þeir sem borgarar í íslenzku þjóðfélagi svo sem líka sama rétt, og vilja þess vegna mjög gjarnan fá raforku og raftæki og allt mögulegt til sín. Einstaklingurinn hugsar þannig, og einstaklingurinn ýtir þannig á, og einstaklingurinn óskar eftir þessu í sambandi við kosningar, í sambandi við tímabilið milli kosninga, í sambandi við þau áhrif, sem hann reynir að hafa á sína þm., og annað slíkt.

Auðvitað er alveg óhugsandi, að þjóðfélagið gæti gengið með því móti, að allir „spekúleruðu" bara í því að láta undan þessum tilhneigingum. Það er það eðlilega og það almenna og það nauðsynlega að fullnægja þeim. En til þess að geta fullnægt þessu, til þess að þjóðfélagið standi undir því að geta fullnægt þessum eðlilegum neyzluþörfum almennings, þarf að sjá fyrir því, að sjálf framleiðslutæki þjóðarinnar séu aukin. Það er hlutverk forráðamanna þjóðfélagsins. Það er hlutverk þeirra manna, sem kosnir eru af þjóðinni til þess að stjórna henni, að sjá um, að þessari hlið sé sýndur fullur sómi, og gera þjóðinni það skiljanlegt, að þetta sé undirstaðan undir því, að hún geti veitt sér föt og fæði og að hún geti veitt sér ýmiss konar munað. Það, sem er þess vegna um að gera í þessu efni, er, að forráðamenn þjóðarinnar á hverjum tíma segi þjóðinni satt um þessa hluti, þeir þori að segja henni satt og þeir viti, hvað satt sé, þeir þori að kryfja þjóðfélagið þannig til mergjar, að þeir komi fram fyrir þjóðina og segi: Þetta hérna þarf að gera, til þess að þér geti liðið vel, kannske ekki strax, en seinna meir. Og ef menn hafa ekki þessa afstöðu til hlutanna, þá eru menn ekki ábyrgir í sinni hugsun. Ef menn segja t. d.: Við getum veitt öllum mönnum í landinu raforku, og það er sjálfsagt að láta alla togara og allt þess háttar gums sitja á hakanum og bara láta menn fá raforku í hvert einasta sveitabýli, — þá erum við að skrökva að þjóðinni. Það var einu sinni fyrir 10, 12, 14 árum, að það var sagt, þegar lagt var í að kaupa nýsköpunartogarana: Ja, þetta átti ekki að gera, það átti að hefjast handa um rafvirkjanir úti um allt land. — Það var að segja þjóðinni ósatt. Það, sem þurfti að gera, var að ráðast í togarana, bátana og annað slíkt, sem þyddi framleiðslu þjóðarinnar, framleiðslu á gjaldeyri, vegna þess að það var undirstaðan undir því, að menn gætu seinna veitt sér m. a. rafmagn.

Það er undirstaðan undir allri afstöðu við að móta efnahagspólitík einnar þjóðar, að menn í fyrsta lagi kunni að hugsa rétt um þessa hluti, að menn hafi hug til þess að segja þjóðinni satt og að menn láti ekki leiða sig afvega, t. d. af því að eitthvað geti verið mjög vinsælt í sambandi við einstök kjördæmi, erfiðleika manna í þeim og annað slíkt, — að menn þori að skýra þessa hluti fyrir þjóðinni og helzt sannfæra hana um, hvað þetta sé nauðsynlegt.

Ef öllum húsmæðrum í Reykjavík, þeim sem efni hefðu á því að kaupa sér fína kjóla, fyndist ekki nægilegt úrval af kjólum hér, þá er rétt að segja þeim, að það sé vegna þess, að við höfum ekki nógu marga togara eða marga báta, eða vegna þess, að okkur vanti menn á bátana og vanti þess vegna meiri fisk. Þjóðin þarf að vita, að það, sem hún klæðist í, og það, sem hún aflar sér, það er allt saman andvirði fisks. Það er ekki andvirði einhverrar krónu, hún er ekkert nema viðmiðun, það er andvirði fisks.

Efnahagsvandamál þjóðarinnar eru þess vegna fyrst og fremst þau, að hún eigi nógu mikið af framleiðslutækjum og hún geti fengið menn til þess að vinna við þau og framleiða þau. Og þetta þarf látlaust að berja inn í þjóðina. Þetta þurfa hennar forráðamenn að segja á öllum tímum, vegna þess að þetta er henni lífsnauðsyn, svo lengi sem við enn þá verðum að lifa á sjávarútveginum. Og við komum til með að gera það fyrst og fremst enn þá næstu áratugi, jafnvel þó að við getum virkjað okkar heita vatn og okkar fossa. Það tekur okkur 10 ár að koma upp fyrstu stóru verksmiðjunum í því, og meira að segja þær stóru verksmiðjur mundu ekki skapa nema tiltölulega lítið í hlutfalli við afköst á mann, sem okkar togarar skapa. Þess vegna er það lífsspursmál, að þetta sé gert þjóðinni ljóst. En til þess að þjóðinni sé gert þetta ljóst, þarf forráðamönnum þjóðarinnar að vera þetta ljóst, og þá þurfa þeir að hafa það siðferðilega hugrekki á hverjum tíma, það pólitíska hugrekki að geta sagt henni þetta.

Við skulum taka dæmi viðvíkjandi fjárfestingunni, hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum, einmitt vegna þess að fjárfestingin

hefur verið blind, vegna þess að hver einstakur aðili hefur gert það, sem honum hefur fundizt liggja hendi næst, og ég vil alveg sérstaklega taka þar samanburðinn á fjárfestingunni í landbúnaðinum og sjávarútveginum. Ég rakti það svo greinilega hér við 1. umr., að ég þarf ekki að rekja það nánar, hvernig sjávarútvegurinn er undirstaðan undir gjaldeyrisframleiðslunni og verður það og hvernig landbúnaðurinn hins vegar, eins þýðingarmikill og hann er fyrir þjóðina, er sem stendur á því stigi, að það er offramleiðsla í honum og þá fyrst og fremst hvað mjólkurframleiðsluna snertir, — offramleiðsla, sem er skaðleg þjóðinni í heild og rýrir hagsmuni bændanna, sem framleiða mjólkina. Og við skulum bara athuga, hvernig á því stendur, að svona skuli vera komið.

1954 var heildarfjárfestingin í landbúnaðinum 176 millj. kr. Sama ár var heildarfjárfestingin í sjávarútveginum 60 millj. kr. Hún er næstum því þreföld í landbúnaðinum á við sjávarútveginn. Nú vitum við það, að okkar landbúnaður er rekinn af einstökum bændum, bændum, *sem vinna yfirleitt myrkranna á milli*, bændum, sem finnst sjálfsagt að vinna að því að reyna að rækta sem mest jörðina til þess að undirbúa sem mesta framleiðslu. Þeim finnst eðlilegur hlutur, að það sé alveg óhætt að rækta þannig og auka sem mest framleiðsluna. Þeir hugsa hins vegar ekki út í það, hver útkoman af þessu verði fyrir þjóðarbúið í heild. Viðvíkjandi fjárfestingunni í sjávarútveginum hins vegar er það svo, m. a. vegna þess, hve þar er um stór tæki að ræða, að það þarf, eins og sýnt hefur sig á undanförnum áratugum, skipulegt framtak þess opinbera til þess að hrinda af stað fjárfestingunni í sjávarútveginum, þannig að ef það framtak vantar, þá verður ekki neitt verulegt framtak, — það verður kannske dálítið í bátaútveginum, skulum við segja, það er svo viðráðanlegt, að menn leggja í það, en það verður máske hverfandi lítið annars vegar í togurunum og hins vegar í þeim stóru vinnslustöðvum.

Þróunin hélt áfram næstu ár. 1955 var fjárfestingin í landbúnaði 194 millj. kr. Á sama tíma er hún í sjávarútveginum tæpar 92 millj. 1956 er *fjárfestingin í landbúnaðinum 229 millj.* kr. Þá er hún á sama tíma 140 millj. í sjávarútveginum. Það fer fram í sjávarútveginum, það hefur tvöfaldazt frá 1954 til 1956. En samt sem áður er það svo, að yfirgnæfandi meiri hlutinn af fjárfestingu þessara tveggja atvinnugreina er í landbúnaðinum. 1957 er eftir þeim bráðabirgðatölum, sem fyrir liggja, fjárfestingin í landbúnaðinum 214 millj. kr., fjárfestingin í sjávarútveginum 147 millj. Það stefnir í rétta átt, en það stefnir allt of hægt og er allt of dýrt fyrir þjóðarbúið.

Ég skal taka dæmi. Fjárfestingin í útihúsum í landbúnaðinum, útihúsum einum, er á árinu 1955 85 millj. kr., 1956 83 millj. kr. Á sama tíma er fjárfestingin í öllum vinnsluverum sjávarútvegsins 1955 57 millj. kr., 1956 75 millj. kr., aðeins borin saman útihúsin ein í landbúnaðinum við vinnsluverin öll í sjávarútveginum. Þetta er þróun, sem ekki getur gengið. Þetta er hlutfall, sem sligar þjóðarbúskapinn og sporðreisir hann, ef ekki er höfð hugsun á þessu fyrir fram, hvernig þetta skuli vera, og með löggjöfinni, með lánapólitíkinni, með öllum þeim aðferðum, sem hið opinbera hér á Íslandi hefur á sínu valdi, unnið að því að setja þetta á réttan rekspöl. Sannleikurinn er sá, að fjárfestingin, sem ég hef lesið upp hér í landbúnaðinum, er ekki það eina, sem raunverulega fer í dreifbýlið þannig, að það sé á vissan hátt ópraktískt á núverandi augnabliki, þó að það sé gott og nauðsynlegt síðar meir.

Við skulum taka annað dæmi. Svo ánægjulegt fyrirbæri sem það er að koma raforkunni á í dreifbýlinu, þeim raforkustöðvum, sem við nú höfum verið að byggja þar, og koma raforkunni þannig út til þess fólks, sem þar býr og er vissulega ekki of gott að fá þau þægindi, sem í því felast, þá verðum við að muna það, að ef við leggjum í hlut eins og slíka dreifingu raforkunnar, þá þarf okkar þjóðarbú að hafa efni á því. Okkar þjóðarbú hefur efni á því, ef við höfum styrkt þess undirstöður, sjálfa framleiðsluna, þannig, að hún geti borið þetta. Við verðum að gá að því, að raforkan, sem við erum að leggja t. d. til dreifbýlisins núna, það er neyzla, það eru ekki framleiðslutæki, sem við erum að skapa þar, það eru þægindi fyrir fólk, sem er eins vel að því komið og nokkurt annað fólk á Íslandi að fá það. En þeir ráðamenn, sem segja við þetta fólk: Nú skuluð þið fá þetta, — áttu um leið að hugsa um að efla þannig sjávarútveginn, að sú aukna fiskframleiðsla, sem þar við hefði skapazt, stæði undir því að borga þann gjaldeyri, sem við setjum í þessi þægindi. Til dæmis að taka af fjárfestingunni í raforkunni aðeins þann hluta, sem fór á tveim síðustu árum, 1956 og 1957, til rafmagnsveitna ríkisins, þá tek ég alls ekki Sogsvirkjunina eða Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða neitt annað slíkt, það voru 64 millj. kr. 1956, 98 millj. kr. 1957, eða um 150 millj. kr. á þessum tveim árum. Og ég býst við, að það láti nærri, að það sé þó nokkuð yfir 200 millj. kr., sem við nú erum búnir að setja í að framkvæma hið svokallaða 10 ára plan um raforku í dreifbýlinu, og að nú sé áætlað, að sú 10 ára áætlun, þegar hún er framkvæmd, muni kosta upp undir 500 millj. kr.

Þarna var búin til áætlun, m. a. vegna þess, að þarna vinna verkfræðingar, sem eru vanir að hugsa skipulega um hluti, sem gera skal, og þeir gera sitt 10 ára plan. Svo koma stjórnarvöldin, sem kannske af mikilli umhyggju fyrir fólkinu, en kannske líka af því, að ýmis kjördæmi og þeirra hagsmunir koma þarna mjög til mála, vilja flýta þessu, og mér sýnist tilgangurinn vera nú að reyna að framkvæma þessa 10 ára áætlun á 7 árum jafnvel og láta hana kosta sínar 500 millj. kr. Það er búin til áætlun um þetta, og það á að framkvæma, en á sama tíma eru ekki búnar til áætlanir um aðra hluti þjóðarbúskaparins, sem eiga að standa undir því, að við getum veitt fólkinu þetta. Það er samið um tiltölulega stutt lán í sambandi við þessar rafvirkjanir. Við eigum að borga þessi lán, auðvitað með fiski eins og allt. En það er ekki sérstaklega hugsað fyrir að flýta þeim litla

parti af áætlunum, sem búinn hafði verið til, t. d. af núv. hæstv. ríkisstj., einmitt um togarakaup. Raforkuplani er flýtt, framkvæmd togaraplans er seinkað. Svona er ekki hægt að vinna, að hlaða upp yfirbygginguna og veikja undirbygginguna eða gleyma að styrkja hana um leið.

Hvað þýðir þetta raforkuplan? Ég býst við, að það þýði framleiðslu á um 6000 kw. Nýjasta Sogsstöðin var 22 þús. kw. En þetta kostar um 500 millj. kr. Það mundi slaga hátt upp í það, sem t. d. þungavatnsvinnsla, sem nýlega var talað hér um, mundi kosta, eða reiknað var að mundi kosta rúmar 600 millj. Ef við tækjum hins vegar mestu virkjun, sem lægi fyrir okkur hér á Suðurlandi, virkjun til stórframleiðslu á rafmagni, líka til iðnaðar og til framleiðslu, virkjun t. d. í Þórisvatni, mundu 100 þús. kw. líklega kosta um 500 millj. kr., og ég heyri stundum sagt, þegar minnzt er á að byrja þannig að virkja Þjórsá: Ja, það er nú alveg ómögulegt nema fá útlent fjármagn til þess. — Og það er jafnvel skrifað í blöðin. Við getum sett 500 millj. kr. í raforkuáætlun í dreifbýlinu, sem gefur 6000 kw., en við þykjumst ekki hafa efni á að leggja í það sjálfir að virkja 100 þús. kw. í Þjórsá með 500 millj. kr., sem borga sig. Af hinum 500 millj. verðum við að skrifa niður 3/4 hluta undireins sem afskrifaðar, meira eða minna, af því að dreifbýlið rís ekki undir, eins og eðlilegt er, þeim mikla kostnaði, sem við þetta er.

Við verðum, þegar við ákveðum svona hluti, að hugsa þetta fyrir fram, gera okkur grein fyrir, hvernig við ætlum að standa undir því. Annars mundum við haga okkur eins og bóndi, sem væri að búa til hjá sér einkarafstöð, jafnvel fá sér ísskáp og ýmislegt annað slíkt og fargaði um leið eða hugsaði ekkert um að auka bústofninn, hvorki kindurnar né kýrnar. Ég er þar með ekki — síður en svo — að tala á móti raforku til dreifbýlisins. Það fólk þarf að fá sitt rafmagn. En þeir menn, sem ákveða, að það skuli gerast, þurfa um leið að hugsa um, að við stöndum undir þessu, lofa ekki bara neyzlunni, heldur sjá um framleiðsluna samtímis.

Ég veit, að það eru flutt mörg hugnæm og hjartnæm rök, og mér mundi ef til vill verða svarað með þeim, ef t. d. hæstv. ráðh. Framsfl. væru hér viðstaddir, að maðurinn uppi í sveit, sá duglegi bóndi, sem þrælar myrkranna á milli, eigi ekki síður rétt á þægindum heldur en maðurinn í Reykjavík, t. d. skrifstofumaðurinn, sem mundi kannske ekki vinna nema 7—8 tíma og ekki eins erfitt starf og bóndinn og þar að auki helmingi skemmra og nyti auk þess alls þess skemmtana- og menningarlífs, sem ein höfuðborg hefur að bjóða, þar sem bóndinn verður að búa við sína einangrun og hans kona við þann þrældóm, sem sveitakonurnar á Íslandi búa við.

Jú, vissulega. Hver einasti maður á sama rétt í þessum efnum, hvert einasta mannsbarn. En þeir, sem stjórna þjóðfélaginu á hverjum tíma, hljóta að spyrja: Hvernig á ég að fara að því að veita öllum börnum þjóðarinnar þennan rétt? Hvernig get ég samrýmt það þeirri efnahagslegu undirstöðu þjóðfélagsins? — Ef mér væri svarað: Maðurinn uppi í sveit á sama rétt og verkamaðurinn eða skrifstofumaðurinn á mölinni, — þá mundi ég segja: Vissulega. Þá eigum við líka að skapa það þjóðfélag, sem veitir þessum aðilum sama réttinn og framkvæma hann. — Og hvernig á að fara að því? Það hefur verið byrjað ofur lítið einu sinni á því að reyna þetta. Það var gert með samkomulagi, sem hv. þm. A-Húnv. vitnaði hér í við 1. umr. um þetta mál, samkomulagi, sem gert var í fjhn. þessarar d. 1943 um það, að vinnulaun bóndans í hans afurðum, vinnustundirnar, sem felast í þeim afurðum, sem hann framleiðir, skyldu metnar á sama verði og vinnustundirnar, sem verkamaðurinn í Reykjavík fær og innir af hendi. Þetta var gert út frá siðferðislegum forsendum, ekki út frá efnahagslegum forsendum. Það verk, sem einn maður vinnur í borg eins og Reykjavík við praktíska framleiðslu með fullkomnum vélum og þess vegna með miklum afköstum á hvern mann, — við skulum segja t. d. í fiskframleiðslu og við framleiðslu á afurð, sem við getum selt eins mikið af og við getum framleitt, — sú vinnustund, sem þannig er látin í té, er þjóðfélaginu mjög dýrmæt og oft dýrmætari en vinnustund, sem unnin er af bóndanum, ef hún er unnin við framleiðslu á landbúnaðarafurð, sem þjóðfélagið getur ekki selt á eftir. Efnahagslega forsendan fyrir svona siðferðislegri reglu var sú, að landbúnaðarframleiðslunni á Íslandi væri stjórnað þannig, að hún væri hæfilega mikil fyrir þann bezta markað, sem hún hefur, innanlandsmarkaðinn.

Ég skal taka sem dæmi: Ef bændurnir, sem framleiða mjólkina hér á Suðvesturlandinu, gætu framleitt alla þá mjólk þannig, að þeir hefðu markað fyrir hana sem neyzlumjólk, þá mundu þeir bændur vera ánægðir og þeim mundi farnast vel, og fólkið í kaupstöðunum mundi borga þeim bezta verðið fyrir, sem þeir gætu fengið. Á sama tíma sem það hins vegar kemur fyrir, að þessir bændur fara að framleiða svo og svo mikið af sinni mjólk þannig, að þeir verða t. d. að búa til úr henni osta eða mjólkurduft, sem þeir geta jafnvel ekki selt til annarra landa nema fyrir brot af því verðmæti, sem hefur kostað að framleiða það, jafnvel kannske ekki einu sinni fyrir útlenda gjaldeyrinum, sem það hefur kostað að framleiða það, og ef það svo endar með því, að það verður að senda þessa osta, sem bændurnir þannig hafa þrælað við að framleiða, til bændanna aftur óselda eða jafnvel mjólkurduftið og láta gefa kúnum það á ný, sem voru áður að framleiða mjólkina, þá erum við komnir út í efnahagslega hringavitleysu. Þess vegna þyrftum við að geta stjórnað þessari þróun í landbúnaðinum, geta látið það haldast í hendur, að framleiðsla landbúnaðarafurðanna væri mátuleg fyrir markaðina í bæjunum. Ég segi þetta vegna þess, að sá fallegi mórall, sú rétta siðferðisregla, sem lá til grundvallar þeirri hugsun, sem sex manna nál. byggðist á, — efnahagslega forsendan fyrir þessum móral er, að þjóðfélaginu og þess þróun sé stjórnað af viti

og þess vegna rétt hóf haft á þróun hverrar atvinnugreinar út af fyrir sig.

Sannleikurinn er sá, að ég mundi kannske hrella suma hv. þm. Framsóknar með því að segja það, en það, sem þeir raunverulega eru að gera, þegar þeir eru að gera kröfurnar um, að allt fólk í dreifbýlinu eigi að hafa sama rétt og fólkið í bæjunum, þá eru þeir að gera kommúnistískar kröfur. Þeir eru að gera kröfur til þess, að þjóðfélagið hafi slíkar allsnægtir, að það geti án tillits til efnahagslegra aðstæðna útbýtt gæðum þjóðfélagsins til allra. Þeir eru að gera kommúnistískar kröfur til neyzlunnar án þess að hafa þá kommúnístísku undirstöðu á þjóðfélaginu, án þess að geta framleitt allsnægtir. Til þess að geta framleitt allsnægtir þurfum við að hafa svo mikið af framleiðslutækjum, að það, sem við afköstum hér á Íslandi, að það, sem við flytjum út, og það, sem við þess vegna getum keypt inn aftur, sé svo mikið, að hver maður geti fengið það, sem hann vill.

Þetta eru mjög fallegar kröfur að gera þetta, mjög fallegt siðferði, sjálfsagt að viðurkenna það siðferðislega. En það, sem þarf að gera til þess að framkvæma þetta, er að skapa þá undirbyggingu fyrir því, sem er slíkt framleiðslukerfi, að það afkasti svo miklu, að þetta geti allir fengið, og þegar slíkar allsnægtir eru komnar, þá munar okkur ekkert um að leggja rafmagnslínur um allt land, þó að við verðum að afskrifa þær um leið. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa nokkurn tíma gert sér þetta ljóst, en þetta er sannleikurinn.

Efnahagslegar aðstæður okkar eru þannig, að við, þjóðfélagið, við höfum efni á að veita mönnum þennan rétt, sem þá langar til að fá, þegar þeir eru í þéttbýli. Við höfum efni á að veita þeim veg, efni á að veita þeim síma, efni á að veita þeim rafmagn. En það er þjóðfélaginu máske stundum tífalt dýrara, ef það á að veita þeim manni þennan rétt, sem býr lengst uppi í afdölum. Það er ódýrara vegakerfi, símakerfi og rafmagnskerfi í Hafnarfirði en t. d. á mestöllu Austurlandi, þó að það séu álíka margir íbúar þar. Við megum ekki gleyma þessum hlutum, þegar við erum að ræða um það, hvað við getum veitt okkar þegnum í þjóðfélaginu.

Því er það svo, að því betur sem við búum að sjávarútveginum, því betur sem við hugsum um þróun hans, því betur sem við skipuleggjum þjóðarbúskapinn, því meira sem við eflum framleiðslutækin, því meira efni höfum við á að veita mönnum þetta jafnrétti, hvar sem þeir eru. Þess vegna þarf að byrja á því fyrra, en gleyma ekki heldur því síðara.

Ég man eftir, að það var deilt mikið á okkur, sem stóðum að einhverju leyti að nýbyggingarráði og nýsköpunarstjórninni á sínum tíma, að við skyldum ekki hafa byrjað á raforkuframkvæmdunum, og því var jafnvel haldið fram, að við hefðum gleymt þeim. Það var ekki það. Okkur var bara ljóst, að undirstaðan undir raforkuframkvæmdirnar var fiskur, og hver einasti koparþráður eða vél, sem kaupa þarf, eða alúmíníumþráður eða annað slíkt, — allt saman kostar það fisk.

Um leið og ég legg ríka áherzlu á, hver efnahagsleg undirstaða þurfi að vera undir því, að þjóðfélagið geti sinnt þeim fallega móral og veitt mönnum það jafnrétti, sem þeir „teoretiskt“ eiga kröfu á, þá vil ég taka það fram einmitt sérstaklega viðvíkjandi landbúnaðinum og bændastéttinni, að það verði ekki aðeins efnahagslegar aðstæður, sem koma til greina fyrir utan þær mannlegu, þegar það yrði metið, hvað við vildum gera viðvíkjandi landbúnaðinum á hinum ýmsu stöðum landsins. Þar koma aðrir hlutir til, sem okkur ber að taka tillit til, þó að þeir verði aldrei reiknaðir til fjár og máske einmitt af því að þeir verða aldrei reiknaðir til fjár. Okkur mundi ekki langa til þess, sem mundi verða, ef hömlulaus auðvaldsþróun yrði hér á Íslandi, að bændastéttin á Íslandi svo að segja leystist upp og það yrðu nokkur fá stórbú hér á Suðurlandi og við Eyjafjörðinn og í Skagafirðinum og á nokkrum slíkum stöðum, sem framleiddu svo að segja allar landbúnaðarafurðirnar. Gagnvart bændastéttinni ber þjóðfélaginu sem slíku að taka tillit til þess, að í þeirri stétt er áreiðanlega að mjög miklu leyti mesta kjölfestan í sambandi við okkar sögulegu erfð, mestu og dýpstu tengslin við okkar þjóðerni, þannig að hvaða efnahagslegar forsendur sem kynnu að mæla með því, að við gerbreyttum á ýmsan hátt landbúnaðinum, þá kæmu þar alltaf ein önnur rök til greina, að við vildum jafnvel viðhalda byggð í vissum hlutum þessa lands, þótt allt væri að flosna upp og þó að það væri efnahagslega vitlaust, — bara vegna þess, að við vildum viðhalda þessum stöðum, bændabýlum, sem vegna þess að þau væru þarna og við styrktum þá bændur, sem þar væru, þá halda þeir áfram að vera fulltrúar fyrir þátt í íslenzkri þjóð, sem hún er í of mikilli hættu við að slíta eða slítna úr sambandi við. Það vil ég minna á, af því að ég hef talað mikið um efnahagshlið þessa máls, ef einhver skyldi halda, að það ætti ekki að taka tillit til neins annars.

Það, sem íslenzkur landbúnaður þarf, er fyrst og fremst fleiri bæir, stærri bæir. Því fylgir stærri innanlandsmarkaður. Þannig er bændunum í hinum dreifðu byggðum bezt þjónað.

Það var ein af þeim skýjaborgum, sem ég var með, meðan ég var í nýbyggingarráði, að skrifa upp skipulagningu á nokkrum stórum bæjum úti um allt land og hugsa mér, hvar þar ættu að vera á ýmsum stöðum miðstöðvar atvinnu- og menningarlífsins, sem um leið yrðu stórir markaðir fyrir sveitirnar. Það varð eins og fleira, að það fór út um þúfur og varð skýjaborgir einar. En það er eitt af því, sem þeir menn, sem bera hagsmuni sveitanna eða segjast bera þá sérstaklega fyrir brjósti, ættu alveg sérstaklega að hugsa um, þörfin á því að koma slíkum stórum bæjum upp, nokkrum svo stórum bæjum, að þeir væru á stærð við Akureyri. Þá gætu þeir staðið undir sjálfstæðu menningarlífi. Þá væru þeir orðnir það stórir, að t. d. mjólkurframleiðsla þarf að vera handa þeim í sveitunum í kring. Ef við sköpum slíkt, þá mun líka bændunum á þessum stöðum vegna betur. Jafnvel þó að bændunum kynni að fækka um tíma frá því, sem nú er, þá mundu bænd-

urnir sem einstaklingar og sem menn komast betur af, þeim mundi líða betur efnahagslega.

Hitt efast ég ekki um, að íslenzkri bændastétt á eftir að fjölga aftur og jafnvel það, sem verið hefur að fara í eyði á undanförnum árum, á eftir að byggjast aftur. En það kemur til með að byggjast vegna þess, að bæirnir á Íslandi vaxa svo ört, vegna þess að framleiðslutækjunum í þeim bæjum fjölgar svo mikið, að markaðurinn í þessum bæjum kallar á meiri landbúnaðarvörur.

Ég veit, að sumum mun ef til vill finnast þetta vera mælt af einhverri andúð gegn landbúnaðinum eða gegn bændastéttinni jafnvel. Því fer ákaflega fjarri. Með því að stjórna þessari þróun er einmitt hægt að tryggja hagsmuni bændanna á Íslandi, tryggja þeirra afkomu miklu betur en ella og miklu betur en nú er verið að stefna að að gera. Hve lítið svo að segja sem bætist við mjólkurframleiðslu héraðanna hér sunnanlands núna í offramleiðsluna, dregur raunverulega úr því, sem bændurnir sem heild fá. Ég er hræddur um, að ef þetta stjórnleysi á þessari framleiðslu allri, öllu okkar atvinnulífi heldur áfram, þá verði bein kreppa í landbúnaðinum, og ég gæti jafnvel trúað, að sumum fyndist hún nú þegar komin, og slík kreppa mundi beinlínis leiða það af sér, að ekki aðeins allt sex manna nefndar álitið, heldur öll skipulagningarmálin á mjólkursölunni verða að takast til endurskoðunar. Öll svona skipulagning, eins og lá á bak við þá hugsun, sem lagt var út í 1934, krefst þess, að maðurinn sjálfur stjórni þróuninni, grípi inn í, ef hann álítur, að þarna sé verið að fara út í vitleysu, dragi úr, ef honum finnst vöxturinn allt of ör,ýti á eftir, þegar hann sér, að það þarf að flýta því. Öll skipulagning, öll svona afskipti af atvinnulífinu, eins og þá voru framkvæmd, krefjast þess, að það sé vísvitandi stjórn á þessum hlutum, sem hugsun liggur á bak við og þekking og skilningur á þessu lögmáli. Það er grundvöllurinn, það er kjarninn í öllu því, sem heitir að skipuleggja, að maðurinn viti, hvað hann sé að gera, sjái afleiðingarnar fyrir, kunni að tempra þetta. Það að skilja lögmál þjóðfélagsins á slíkum tíma þýðir að laga sig að þeim, og það þýðir um leið að stjórna þeim á sama hátt og verkfræðingurinn getur með því að þekkja, hvernig hann á að nota vatnskraft til þess að framleiða rafmagn, látið vatnið framleiða rafmagn fyrir sig, en verður að reikna þetta allt saman út og ráða þessu og getur þannig með því að þekkja lögmál náttúruaflanna í þessu tilfelli gert þau sér undirgefin. Á sama hátt verður það að vera með okkar afskipti af þjóðfélagsöflunum, ef við förum að skipta okkur af þeim. Ef við látum ekki bara það frjálsa athafnalíf og þarfir einstaklingsins fá að ráða, þá verðum við að stjórna þessum þjóðfélagsöflum á sama hátt og maðurinn gerir sér náttúruöflin undirgefin. Þess vegna leiðir skipulagning án slíkrar hugsunar og án slíkrar yfirsýnar til vitleysu. Þá skipuleggjum við offramleiðslu og skipuleggjum kreppu í stað þess að forða okkur út úr kreppu.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta. Ég tók sérstaklega landbúnaðinn og sjávarútveginn sem dæmi, af því að þetta hafa verið okkar gömlu, þjóðlegu grundvallaratvinnuvegir og af því að þarna er það áþreifanlegast, hvernig skökk fjárfestingarpólitík eða réttara sagt vöntun á fjárfestingarpólitík leiðir til þess, að við stöndum frammi fyrir þeim efnahagslegu vandræðum, sem við stöndum frammi fyrir í dag. Það er verið að kvarta um gjaldeyrisskort. En það er ekki hugsað um að afla nægilega snemma þeirra tækja, sem þarf til þess að framleiða þann gjaldeyri. Svo að ég nefni eitt dæmi, sem er áþreifanlegt í augnablikinu, þá vildi jafnvel sjálfur bankastjóri seðlabankans fara að flytja inn fyrir 10—11 millj. dráttarvélar. Ég hafði ekki orðið var við áhuga fyrir innflutningi togara hjá honum, og þó veit hann, að til þess að borga dráttarvélar, sem við flytjum inn, þurfum við fisk, sem togarar framleiða. M. ö. o.: það, sem einstaka menn langar að fá í þessum efnum, jú, það er satt, til þess þurfum við gjaldeyri, en að framleiða gjaldeyrinn, sem þarf til að borga það, það er ekki hugsað um það. Ég vil taka þetta fram og hef ítrekað þetta hér vegna þess, að þetta er undirrótin að öllum þeim efnahagsvandræðum, sem við stöndum frammi fyrir. Og þetta verða menn að muna. Meðan mönnum skilst þetta ekki, geta menn ekki leyst, ekki einu sinni til bráðabirgða, neitt af þeim vandamálum, sem fyrir liggja.

Ég skal svo ekki ræða meira um þetta viðvíkjandi heildarstjórninni á þjóðarbúskapnum. En ef allt mitt stagl um þá hluti gæti orðið til þess að sannfæra þó einhverja um, að þeir yrðu að fara að endurskoða sína pólitík í þessu, þá væri ekki til einskis barizt.

Ég skal svo taka fyrir það, sem ég álít hafa verið höfuðtilgang hjá hæstv. ríkisstj. með þessu frv., og okkar athugun á því í fjhn. Höfuðtilgangur hæstv. ríkisstj. með þessu frv. er að hennar sögn sá að tryggja rekstur sjávarútvegsins. Fulltrúar fyrir Landssamband ísl. útvegsmanna komu á okkar fund, og þeir sögðu og tilkynntu líka bréflega, að svo fremi sem ekki væru gerðar sérstakar ráðstafanir, þó að þetta frv. væri samþ., þá mundi sjávarútvegurinn stöðvast, þannig að okkur þótti í fjhn. það liggja fyrir, að ganga yrði úr skugga um, hvort það væri öruggt, að þó að þetta frv. væri samþ., þá stöðvaðist ekki sjávarútvegurinn. Það, sem fyrst og fremst var flutt þarna fram, var mjög eðlilegt. Það var, að aukningin á rekstrarlánum til sjávarútvegsins yrði að vera í hlutfalli við þá hækkun, sem yrði á rekstrarvörum sjávarútvegsins samkvæmt þessu frv. Þess vegna kölluðum við í fjhn. d. stjórn seðlabankans á okkar fund til þess að yfirheyra hana og fyrst og fremst aðalbankastjórann í þessum efnum.

Eins og hv. þm. muna máske eftir, þá varð það svo, þegar síðustu stórar breytingar voru gerðar á því, sem raunverulega þýðir gengi krónunnar á Íslandi, 1950, þá varð ein afleiðingin af því sú, að á árunum 1951—52 var kreppa hér og atvinnuleysi, t. d. í Reykjavík, og þá dróst nokkuð saman okkar framleiðsla, þó að þar kæmu að vísu aðrar ástæður líka til greina. Við vildum þess vegna, eftir því sem okkur

væri fært, reyna að ganga úr skugga um það, hvort öruggt væri, að þetta frv. leiddi ekki til atvinnuleysis, hvort öruggt væri, að sjávarútvegurinn kæmi til með að ganga. Og okkur sýndist, að forsenda þess væri, og ég lagði þá spurningu beinlínis fyrir aðalbankastjórann, að hvað sjávarútveginn snertir, þá vildi ég fá svar við því, hvort rekstrarlán til sjávarútvegsins yrðu aukin í sama hlutfalli og verð hækkaði á rekstrarvörum sjávarútvegsins. Ég tók hann út úr og spurði alveg sérstaklega að þessu, vegna þess að ég áleit það mína skyldu að geta skýrt þeim hv. þm., sem áhuga hafa fyrir, að þetta frv. geti leitt til góðs, ef það yrði samþykkt, — og þeirra áhugi er mjög sjáanlegur í dag, — að ég gæti skýrt þeim frá því, hver þessi svör eru og út frá hverju þeir megi ganga. Aðalbankastjóri seðlabankans svaraði fyrst því, að það væri skoðun seðlabankastjórnarinnar, að það ætti að halda heilbrigðri framleiðslu þjóðarinnar gangandi. Ég hafði nú satt að segja hvorki búizt við að fá þá yfirlýsingu, að seðlabankastjórnin liti á það sem sitt hlutverk að halda óheilbrigðri framleiðslu þjóðarinnar gangandi né heldur að stöðva heilbrigða framleiðslu þjóðarinnar, og sagði honum það og spurði þess vegna alveg nákvæmlega, hvort það væri meiningin að auka útlán til sjávarútvegsins, rekstrarlánin, í sama hlutfalli og þau hækkuðu sem afleiðing af þessu frv. Aðalbankastjórinn fékkst aldrei til þess að svara viðvíkjandi sjávarútveginum beint, en sagði orðrétt: Það er fjarri mér að segja, að útlán eigi að aukast í hlutfalli við aukningu þá, er af frv. leiðir. — Lengra komumst við ekki með seðlabankastjórnina í heild. Við heyrðum hins vegar, að það voru mismunandi skoðanir innan hennar, og hvernig sem við reyndum að ganga úr skugga um, hvort við mættum telja það öruggt, að þessi aukning á útlánunum hvað sjávarútveginn snerti færi fram, þá gátum við ekki fengið beint svar um það. Og ég verð að segja það, að þegar á sama tíma gerast hlutir eins og ég minntist hér á áðan viðvíkjandi dráttarvélunum, þá bendir það ekki til þess, að það sé skilningur á því hjá þeim mönnum, sem eru í svona ábyrgðarstöðum, hver alger undirstaða undir þjóðarbúskap Íslendinga sjávarútvegurinn er. Og af því að ég man nú eftir því, að það hefur komið fyrir, að bankastjórar hér í bönkum hafa sagt við menn, sem hafa komið með sitt útgerðarbasl til þeirra: Hver fjandinn biður þig um að vera að gera út? — þá held ég, að það sé ekki að ófyrirsynju, að í þessari stofnun hér sé það rætt og krufið til mergjar, að ef það á að leggja í aðra eins hluti og felast í þessu frv., þá sé gengið út frá því alveg 100% öruggt, að sjávarútvegurinn verði ekki stöðvaður og honum verði ekki aðeins haldið gangandi, heldur verði hann aukinn.

Ég segi þetta hér vegna þess, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem ég hef lent í því hér á því háa Alþingi að þurfa að ræða um afstöðu seðlabanka, hvort sem það hefur þá verið bein deild í Landsbankanum eða ofur lítið sjálfstæðari eins og nú, með sérstakri stjórn, — það er ekki í fyrsta skipti, sem þurft hefur að taka það fyrir hér í sölum Alþingis. Ég get vel hugsað mér það, ef þetta frv. skyldi verða samþ., að hæstv. ríkisstj. meira að segja ætti eftir að eiga í harðvítugum deilum og átökum við meiri hluta stjórnar seðlabankans út af því, hvernig fara skuli að í þessum efnum á eftir. Ég þykist vita, að það er ekki tilgangur hæstv. ríkisstj. að láta verða samdrátt í íslenzku atvinnulífi með þessu. En á meðan ekki er búið að koma slíkri skipan á stjórn seðlabanka, að það sé samræmd stjórn á ríkinu og aðalríkisbankanum, þá veit maður ekkert, hvað út úr þessu kemur.

Það voru mínar till., þegar bankamálunum hér var breytt í fyrra, að það væri tryggt, að stjórnin á seðlabankanum væri í samræmi við stjórnina á ríkinu á hverjum tíma. Menn hafa kannske haldið, að það væri einhver dyntur úr mér, að út af gömlum erjum vildi ég nú nota tækifærið til þess að koma slíku fram. En því fór fjarri. Það var ekki það. Og ég gat ekki aðeins stuðzt við mínar sósíalistísku skoðanir í slíku efni. Sá fulltrúi, sem hingað var sendur af Alþjóðabankanum til þess að athuga um bankamál Íslands, — ætli það hafi ekki verið á árunum 1949 eða 1950, — og skrifaði mjög ýtarlegt og greinilegt álit um þá hluti, sem ég fékk aðgang að þá sem nm., sem var að undirbúa þetta, — hann hét Murphy, — hann tók beinlínis fram, að seðlabankinn, — og hann lagði til, að seðlabanki yrði gerður sem sjálfstæður banki algerlega, — ætti að vera, eins og hann orðaði það þá á enskunni: „an arm of the government", að hann ætti að vera eins konar, — ég vil nú ekki segja annar handleggur ríkisstjórnarinnar, en tæki hennar, þannig að það væri á öllum tíma augljóst, að stjórn á seðlabanka væri í samræmi við vilja ríkisstj., einmitt stjórn á seðlabanka. Það er allt annað með stjórnir á viðskiptabönkum, það lýtur öðrum lögmálum. En stjórn seðlabanka, sem á að hafa heildarstjórn á fjármálalífi, á peningalífi og þar með atvinnulífi eins lands, verður að vera í samræmi við ríkisstj., sem er komin í þá aðstöðu, eins og ríkisstj. er hér á Íslandi og búin að vera um alllangt skeið, að vera stjórn á þjóðarbúskapnum, því að annars verður þjóðarbúskapurinn sjálfur með tveim stjórnum, sem toga sitt í hvora áttina. (**Gripið fram í:** Hún er þá bara eins og ríkisstj. núna er.) Slæmt væri nú, ef það væri þannig innan einnar ríkisstj., en enn þá verra verður það, ef ríkisstj. sem heild togaði í eina áttina og önnur eins stofnun og hennar seðlabanki togar í hina.

Ég vil segja minn ugg um það, að ég varð var við mjög sterka tilhneigingu m. a. hjá einmitt aðalbankastjóranum að reyna að draga saman. Hann hafði beinlínis þau orð, að það væri hætta af því, hve mikið hefði verið lánað út síðustu 12 mánuðina, það væri beinlínis hætta af því. — Það var ekki hætta af, hve mikið hafði verið lánað út, en það hefur getað verið *vitlaust lánað og einbeitt á vitlaust svið.*

Ég er hræddur um, að ef sú pólitík fengi að ráða í seðlabankanum, að það yrði almennt farið að draga úr lánum, þá gæti af því hlotizt kreppa hér á Íslandi, heimatilbúin kreppa. Mér

er kunnugt um, að bankastjórar, sem reka vitlausa bankapólitík í nágrannalöndum okkar, í jafnvel öðru eins landi, eins stóru og miklu og Bandaríkin, hafa ýmist flýtt fyrir kreppu eða jafnvel hjálpað til að skapa kreppu með vitlausri bankapólitík, og mér er það í mun, að það sé ekki farið að apa eftir slíkum mönnum hér heima. Það er kreppa að ryðja sér til rúms í þessum löndum hér í kring, kreppa, þar sem skökk bankapólitík m. a. hjálpar til.

Við stöndum í þeirri aðstöðu hér á Íslandi, að við þurfum hvað sjávarútveginn snertir ekki að óttast neina kreppu. Við höfum komið svo okkar aðstöðu fyrir, að samtímis því sem við af miklum dugnaði vinnum að því að afla markaða í öllum hinum kapítalistísku löndum heims, þá hefur okkur líka tekizt að afla mikilla markaða í þeim löndum, þar sem engin kreppa er vegna þess sósialistiska skipulags, sem þar er, þannig að við getum fyllilega hagnýtt okkur báða þessa heimsmarkaði, sem nú eru, þann kapítalistíska og sósialistíska, og við getum með þessum viðskiptasamböndum okkar séð til þess, að engin kreppa þurfi að vera á Íslandi, jafnvel þótt frændur okkar Norðmenn eða aðrar nágrannaþjóðir okkar búi við kreppu. Þess vegna þætti mér það hart, þegar okkar aðstaða er slík í viðskiptamálunum, að við færum að búa til kreppu hér heima með skakkri bankapólitík, með einblíningu þeirra embættismanna, sem með þetta hefðu að gera, á það, að þeir héldu, að það væru peningar, sem við borguðum hlutina með, þegar það er fiskur, sem við borgum hlutina með.

Mér hefur oft dottið það í hug, að mikið hefði verið gott, ef gamlir verðmælar okkar forfeðra hefðu jafnvel átt sér stað enn þá hér á Íslandi nú og ekki allt reiknað bara í krónum og aurum, til þess að menn vissu, hvert hið raunverulega verðmæti væri.

Ég sagði þess vegna á fundinum í fjhn., að ég mundi athuga það, ef svo færi t. d., að mín dagskrártill. yrði felld, hvort ekki bæri að bera fram brtt. við þetta frv., ef útlit yrði fyrir, að það yrði samþykkt, brtt. þess efnis að skylda seðlabankann til útlána a. m. k. til sjávarútvegsins, að auka útlánin til sjávarútvegsins í réttu hlutfalli við það, hvernig rekstrarkostnaður sjávarútvegsins mundi vaxa við það, að þetta frv. yrði samþ., og þær afleiðingar, sem af því yrðu.

Meiri hl. stjórnar seðlabankans baðst undan slíku. Þeir voru því andvígir, að löggjafarvaldið færi að skipa þeim fyrir um slíkar ráðstafanir, og töldu, að það mundi þykja leitt fordæmi líka gagnvart öðrum þjóðum, ef löggjafarvaldið færi að skipta sér þannig af útlánum seðlabankans.

Ég sagði þeim, og ég vil segja það hér líka, að Alþingi hefur áður séð ástæðu til þess að gera slíkt. Alþingi og ríkisstj. hafa einu sinni áður mætt slíku skilningsleysi í sambandi við nauðsynina á eflingu sjávarútvegsins og að tryggja gang hans, að það hefur orðið að grípa til þess að fyrirskipa seðlabankanum að veita lán. Það var í sambandi við kaupin á nýsköpunartogurunum 1945. Við þurftum til allrar hamingju ekki að sækja undir seðlabankann, seðladeild Landsbankans, um að borga þá togara í útlendum gjaldeyri. Nýbyggingarráð hafði sjálft vald yfir þeim útlenda gjaldeyri og borgaði þá togara, borgaði 100 millj., sem voru þá miklir peningar, fyrir þá togara.

En erfiðleikarnir voru á því að fá að færa togara, sem búið var að borga í erlendum gjaldeyri og ríkið átti, yfir í eign einstakra manna og bæjarfélaga á Íslandi. Við hefðum að vísu ekki þurft að spyrja bankann neitt, ef ríkið sem slíkt hefði rekið þessa 30 togara, sem við keyptum. Ríkið átti þá og var búið að borga þá, og ef við hefðum ríkisrekið þá alla, þá þurfti aldrei að spyrja bankann neitt. En ef við ætluðum að láta einstök bæjarfélög í landinu eða einstaklinga fá að kaupa þessa togara af ríkinu, þá þurfti bankinn að veita þeim lánin, og það vildi seðlabankinn ekki. Þetta var skilningurinn á því að sjá um, að þessir togarar væru reknir. Og þá var einmitt útbúið frv. til að skylda seðlabankann til þess, og það stóð meira en hálft ár baráttan við seðlabankann eða Landsbankann, eins og hann þá hét, þangað til þetta frv. var lagt inn í þingið og fékkst ekki einu sinni þá inn sem stjórnarfrv., og það stóð hálft ár næstum því í viðbót baráttan hér í þinginu, af því að bankinn beitti sér svo hatrammlega einmitt gagnvart fjhn. þeirrar hv. d. þá til þess að reyna að hindra framgang þess.

Ég nefni þetta vegna þess, að þess eru sem sé dæmi, að til þess að tryggja undirstöðuna í þjóðarbúskapnum og til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins hefur Alþingi orðið að setja lög, sem skylda seðlabankann til þess að lána til sjávarútvegsins. Og ég verð að segja það, að komi ekki alveg ótvíræðar yfirlýsingar, — ekki bara viljayfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj., eins og þegar liggja fyrir, það liggja fyrir yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj., að hún vilji beita sér fyrir því, að seðlabankinn geri þetta, — en yfirlýsingar um það, að seðlabankinn sé búinn að fallast á að gera þennan hlut, þá mun ég flytja brtt., ef þetta frv. heldur áfram, um slíka skyldu á seðlabankann. Ég álít, að þjóðin geti ekki átt neitt á hættu, að einhverjir embættismenn í sinni þröngsýni dragi úr eða stöðvi gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar, á sama tíma sem þeir eru að kvarta eins og þeir gerðu við okkur yfir gjaldeyrisvandræðum þjóðarinnar.

Hitt skulum við svo aftur athuga, að þó að ég tali svona mikið um sjávarútveginn, þá eru það ekki einu áhugamálin, sem erfiðleikar verða um í sambandi við framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður. Ég skal aðeins taka eitt dæmi, en það eru húsbyggingamálin. Byggingar verða dýrari fyrir þetta. Lán til húsbygginga þyrftu að aukast fyrir þetta, og við höfum þrátt fyrir mikla baráttu í þessum efnum ekki getað fengið neina tryggingu fyrir því frá bankastofnununum, að svo verði gert. Þarna er sem sé líka á þessu sviði, svo að ég komi nú einhvern tíma inn á eitthvað, sem neyzluna snertir, og haldi mér ekki bara við undirstöðurnar, — þarna er allt í tvísýnu. Ég veit, að það er sagt af ýms-

um: Ja, það er allt of mikið, sem við festum í húsum. — Vissulega er það mikið. Við förum líka ópraktískt að því að mörgu leyti, að við skipuleggjum ekki byggingamátann miklu betur. En það er eitt, sem við verðum að athuga í því sambandi. Okkar þjóðfélag í þeirri mynd, sem það nú er að taka á sig, er mjög ungt þjóðfélag, okkar þjóðfélag er í mjög örum vexti, okkar þjóð er ákaflega stórhuga í þessum efnum, en hún er ekki bara stórhuga, hún er líka ákaflega vinnusöm þjóð. Ég vil vekja athygli á því, að raunverulega er svo komið með mikinn hluta af verkamönnum, að þeir eru farnir að vinna, ekki aðeins á þeim frídögum, sem kristindómurinn útvegaði þeim hér fyrr á öldum, helgidögunum, ekki aðeins í eftirvinnunni og eru þannig að gera sitt baráttumál um átta tíma vinnudaginn raunverulega bara að kjaramáli, en ekki því fría- og hvíldarmáli, sem það á að vera, þeir eru líka farnir að vinna jafnvel í orlofunum sínum. Og hvað eru þeir farnir að gera í öllum þessum frítímum, sem þeir eiga að eyða til þess að njóta lífsins? Þeir eru farnir að byggja hús. Það er verið að húsa þetta land að nokkru leyti í aukavinnu, helgidagavinnu, frídagavinnu, orlofsvinnu mannanna í landinu. Þjóðin er að vinna stórafrek á þessu sviði. Þegar þjóðin er að vinna slíkt afrek og leggur svona að sér, sem fáar þjóðir hér í kring gera, þá ætti ekki að standa upp á fjármálavaldið í landinu, bankavaldið í landinu að aðstoða menn í slíku, þá ætti sannarlega að vera hægt að knýja það fram, að tekið væri af meiri skilningi á þeim málum en fengizt hefur þrátt fyrir ýtarlega og mikla baráttu innan ríkisstj. enn sem komið er.

Ég veit, að þeim, sem prédika gamaldags hagfræði í þessum efnum og tala um, að fjárfestingin á Íslandi í heild sé allt of mikil, og vitna í okkar stóru nágrannaþjóðir eins og Bretana eða jafnvel Bandaríkin, þeim finnst þetta ákaflega ópraktískt, óeðlilegt, og hugsa alltaf, eins og sumum af okkar hagfræðingum hættir við, allar sínar till. út frá þjóðfélagsástandi þessara gömlu, grónu og ríku auðvaldsþjóðfélaga. En þær efnahagshugmyndir, sem þar eru uppi og jafnvel eiga vel við, þær eiga ekki við okkur, þær hæfa okkur jafnilla og t. d. gamall diplómatfrakki ungum strák, sem væri í örum vexti. Það, sem við þurfum t. d. í sambandi við fjármálahliðina í þessum efnum, er ódýrir peningar. Manni finnst það kannske skrýtið í landi með 7% og upp í 12% vexti, þar sem jafnvel seðlabankinn tekur 12% vexti af öðrum bönkum, að vera að tala um ódýra peninga. En hver er höfuðkrafan í þjóðfélögum, þegar þau eru í örum vexti? Hver er höfuðkrafa Bandaríkjanna allan seinni hluta 19. aldar, þegar menn eru að nema allt landið og byggja það upp? Ódýrir peningar, krafa bændanna, krafa fólksins í öllu landinu.

Það er alveg óhjákvæmilegur hlutur, ef svona frv. ætti ekki að verða til þess að stórspilla í þessum efnum, að því er varðar þennan eina hlut í því, að bankapólitík seðlabankans sé þarna alveg samrýmd og því skilningsleysi og þeim þrönga, óeðlilega hugsunarhætti, sem hefur allt of mikið ríkt hjá meiri hlutanum, verði breytt. Ég skal bara nefna sem dæmi, að nú er það ekki seðlabankinn beint, sem lánar sjávarútveginum, það eru viðskiptabankarnir, sem gera það, ríkisbankarnir eins og Útvegsbankinn og Landsbankinn. Hvernig standa þessir bankar núna að vígi, þegar þeir eiga að lána út til sinna viðskiptavina? Þegar þeir lána afurðavíxla, þá lána þeir út með 5% vöxtum, endurselja síðan seðlabankanum fyrir 4½%. Það þýðir, að þeir fá ½% fyrir alla áhættuna og seðlabankinn tekur 4½%, sem nær náttúrlega ekki neinni átt. Seðlabankinn hefur satt að segja ekkert að gera með að græða. Eða í öðru lagi, ef seðlabankinn er naumur í sínum skiptum við þessa banka og þeir neyðast til þess að fara inn á yfirdrátt, sem þeim er annars ekki heimill, þá verða þeir að borga 1% vexti á mánuði, vexti, sem raunverulega eru bannaðir með lögum, enda látnir heita þarna raunverulega einhvers konar refsing, en ekki vextir, m. ö. o. 12% vexti á ári. Það þýðir, að þá stendur viðskiptabankinn í þeirri aðstöðu að eiga að lána til sjávarútvegsins, svo að þjóðin og seðlabankinn fái einhvern gjaldeyri, og borga 12% vexti af því fé. Þetta eru hlutir, sem ekki ná nokkurri átt, og ég sé það alveg fyrir mér, að á deilunni milli banka um svona hluti getur jafnvel útvegurinn stöðvazt á vissum sviðum eða dregið úr honum.

Það þarf, — og þá eru nú kröfurnar ekki farnar að verða stórar hjá manni, — það þarf að tryggja þjóðnýta stjórn á sjálfum seðlabanka þjóðarinnar. Það virðist nú satt að segja vera lágmarkskrafa hjá þjóð, sem hefur eins mikinn ríkisrekstur og íslenzka þjóðin, að það sé þó a. m. k. samræmd stjórn á sjálfum ríkisbúskapnum. En meira að segja þar er það svoleiðis, að einn embættismaðurinn í einum bankanum eða einni stofnuninni rekur þessa pólitík og hinn embættismaðurinn í hinni stofnuninni rekur hina, og svo rekst allt á. Svona er ekki hægt að stjórna landi. Þetta skildi maður, svo framarlega sem það væri einn privatmaður, sem ætti Útvegsbankann, annar privatmaður, sem ætti Landsbankann, og seðlabankinn væri stórt hlutafélag. En þegar það er ríkið, sem á þetta allt saman, ríkið, sem tekur allan gjaldeyrinn af útveginum til þess að skipta honum upp hér innanlands, þá á þetta ríki að hugsa fyrir þessum hlutum, marka þessa stefnu og sjá um, að hún sé framkvæmd, sjá um, að hún sé samræmd a. m. k. í sjálfum þessum ríkisbúskap. Og eins og ég tók fram áðan, þetta er ekki einu sinni sósialistísk krafa, þetta er bara lágmark þess, sem vit er í, ef maður ætlar að stjórna sínu eigin búi.

Ég ítreka það þess vegna, að það þarf að tryggja, áður en þetta mál fer úr þessari deild, hvað seðlabankinn ætlar að gera í þessum efnum. Og ég minni ekki hvað sízt hæstv. ráðh. Framsfl. á, að það er óhjákvæmilegt að sjá svo um, að stjórn seðlabankans verði í samræmi við þarfir þjóðfélagsins og þá fyrst og fremst þarfir sjávarútvegsins í þessum efnum, og ég minni á þetta m. a. með tilliti til þess, að ég gerði sjálfur mínar till. um þetta til

ríkisstj., þegar seðlabankalögin voru í undirbúningi, að þarna væri tryggð samræmd stjórn, og þær voru allar hunzaðar. Ég vil vara við því, að afleiðingin af því skilningsleysi, sem þá kom fram, bitnar nú á því, að þegar ríkisstj. vildi eitt, þá vildi seðlabankastjórnin eða meiri hluti hennar annað og stefna þessara tveggja aðila í ríkisvaldinu væri ekki samrýmd, og af því að hún var ekki samrýmd, þá malaðist sjávarútvegurinn niður á milli þessara tveggja myllusteina, í staðinn fyrir að það yrði til þess að auka hann.

Ég læt svo útrætt um þann þátt, sem snýr að þjóðinni í þessu máli, viðvíkjandi bankapólitíkinni.

Ég kem inn á það í mínu nál., að ég álít, að þetta mál, eins og það nú liggur fyrir, eigi raunverulega ekkert skylt lengur við spurninguna um öflun tekna, sem lá fyrir í desember í vetur, þ. e. þær 65 millj. plús eitthvað í landbúnaði, sem vantaði þá upp á fjárlögin, þær 25—40 millj. kr., sem kann að hafa vantað í útflutningssjóð, að útvega þá hluti, það var leikur.

Þetta, sem hér er lagt fyrir, er allt annað. Það eru allt aðrar ráðstafanir. Þó að þessara tekna sé að nokkru leyti aflað í leiðinni, þá er sú tekjuöflun sem sé ekki lengur orðin aðalatriði. En það er hins vegar ekki óeðlilegt, að ég sé að því spurður, þegar ég deili á þessa hluti og segi, að ég lýsi mig andstæðan ýmsu í þessu, og í minni rökst. dagskrá kem fram með það, að ríkisstj. ætti að leggja fram tekjuöflunartill., sem geri ráð fyrir að halda verðstöðvunarstefnunni, eftir því sem unnt er, og valdi sem minnst almennri verðhækkun, að ég geri nokkra grein fyrir, hvernig ég áliti slíkt hægt.

Ég álít í fyrsta lagi, að það, sem beri að gera í íslenzku þjóðfélagi nú hvað tekjuöflun annars vegar og ráðstöfun á fjármagni snertir, fyrir utan allt það, sem ég hef talað um nú viðvíkjandi sjávarútvegi, landbúnaði og öðru slíku, það sé að þjóðnýta eða taka upp ríkisrekstur á allmiklum hluta af heildverzluninni, innflutningsverzluninni til landsins. Ég álít, að það eigi að taka hér ríkiseinkasölu á olíu, og hefði átt að vera búið að því. Ég álít, að það ætti að taka ríkiseinkasölu á bílum. Ég álít, að það mætti mjög vel athuga það líka að taka ríkiseinkasölu á vélum og jafnvel taka ríkiseinkasölu á raftækjum. Ég skal leiða rök að þessu, bæði almennt og sérstaklega. Ég hugsa mér þetta hvort tveggja í senn sem skipulagningaratriði í þjóðarbúskapnum og sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð, — skipulagningaratriði í þjóðarbúskapnum hvað það snertir að knýja einkafjármagnið burt úr þessum sviðum þjóðfélagsins, þ. e. beinlínis, svo að ég orði það „drastískt", reka einkafjármagnið — við skulum segja — út úr olíuverzluninni, út úr bílaverzluninni eða slíku og inn í sjávarútveginn, iðnaðinn og slíkt. Ég veit, að það hefur þótt lengst af það öruggasta, ef menn hafa átt fé á Íslandi og viljað leggja sitt fjármagn í eitthvað, að leggja í verzlun eða húsabrask, en menn hafa síður viljað leggja það í sjávarútveg eða iðnaðinn, af því að mönnum hefur þótt atvinnulífið, sem þó er undirstaðan fyrir þjóðfélagið, miklu ótryggara en það að lifa á þjóðinni í gegnum verzlunina. Og við vitum ósköp vel, að t. d. olían hefur verið sérstaklega eftirsótt í þessum efnum og óskaplega mikið fjármagn í hana farið og ákaflega miklu af því fjármagni verið deilt út mjög óhagsýnt, eins og m. a. allir benzíntankarnir úti um allt landið eða benzínafgreiðslurnar bera bezt vott um. Ég held þess vegna, að fyrir þjóðfélagið sjálft væri það heilbrigð ráðstöfun í íslenzkum þjóðarbúskap að taka þannig ríkiseinkasölu á þessum greinum innflutningsverzlunarinnar. Jafnframt álít ég líka, að vissir þættir í þessu séu alveg sjálfsagðir til hagnýtingar fyrir ríkissjóð til tekna. Hvað olíuna snertir, þá liggur það fyrir, að bæði Alþfl. og Alþb. hafa hvað eftir annað flutt um þetta frv. og þáltill., og hér liggur ein fyrir nú, og í ríkisstj. hafa ráðh. Alþb. nú í meira en ár verið að reyna að vinna að því að fá frv., sem þeir hafa haft tilbúið allan þennan tíma, samþykkt, og ekki getað fengið það.

Olían er nú sjötti til fimmti hlutinn af öllum innflutningi landsins, og ríkið kaupir hana alla og semur um hana alla í einu lagi, og síðan er hafður þessi háttur á, að ríkið afhendir þetta aftur til einstakra manna. Nú sumir segja, að þeir tapi á því, og sumir segja, að þeir græði á því, og ég held, að þeir mundu vera hættir við það, ef þeir hefðu alltaf tapað á því, þannig að ég held, að með því að ríkið tæki þetta, þá mundi vera hægt fyrir ríkið í fyrsta lagi að taka nokkurn gróða á þessu og í öðru lagi að nota vissan hluta af því til álagningar fyrir ríkissjóð samkv. sérstökum lagaheimildum og í þriðja lagi að sjá til þess, að þjóðin hvað fjárfestingu í sölu og dreifingu á slíku snerti verði ekki eins miklu fé til þess og nú hefur verið gert.

Ég veit, þegar ég færi t. d. að tala um bílaeinkasölu, að ég verð spurður að því: Ja, hvernig í ósköpunum, var ekki einu sinni bílaeinkasala, og voruð þið ekki sjálfir með því að afnema hana? Vissulega, það er rétt. Bílaeinkasala var sett á stofn af stjórn Framsóknar og Alþfl. á árunum 1934—37, og það mistókst ýmislegt í því og fór illa. En þó að hún hafi einu sinni mistekizt, þá þýðir það ekki, að þar með skuli gefizt upp við slíkt fyrir alla eilífð. Það getur tekizt betur næst. Ég veit að vísu, að það verður sagt við mig, ef ég legg til með svona ríkiseinkasölur: Hvernig er með rekstrurinn á þeim, sem fyrir eru? Hvernig er stjórnin á ríkiseinkasölunum? Og ég skal ekkert draga úr þeirri eðlilegu gagnrýni, sem fram kemur á ríkisrekstrinum í slíku. En ég vil um leið lýsa því yfir, að þrátt fyrir slíkt hef ég trú á því, að það sé meira að segja líka í íslenzkri verzlunarstétt til nóg af mönnum, sem mundu stjórna ríkisreknum fyrirtækjum jafnvel og sínum eigin. — [Frh.].

Umr. frestað.

Á 105. fundi í Nd., 27. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 3. minni hl. (Einar Olgeirsson) [frh.]: Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni, að ég hafði nokkuð rætt um sem eina af þeim ráðstöfunum, sem gera þyrfti til þess bæði að afla tekna og koma skynsamlegra skipulagi á þjóðarbúið, að þjóðnýta nokkurn hluta innflutningsverzlunarinnar, og ætla ég ekki að fjölyrða meira um það.

Jafnframt er nauðsynlegt að benda á það og minnast þess, þegar við ræðum um þær breytingar, sem gera þurfi viðvíkjandi tekjuöflun og öðru slíku, að ríkinu sjálfu hættir allt of mikið við að gleyma því, þegar það er að boða almenningi m. a., að menn verði jafnvel að skerða lífskjör sín eða herða mittisólina, að ríkið þarf sjálft að ganga á undan og gefa gott fordæmi í slíkum efnum. Það nær ekki nokkurri átt, hvernig ríkiskerfið sjálft er sífellt blásið út hjá okkur, og í hvert einasta skipti sem ný fyrirtæki eru mynduð, hvort sem það er í því beina ríkiskerfi í þrengstu merkingu eða á sviði t. d. bankanna, þá er eins og aldrei megi hreyfa við neinu af þessu aftur til þess að leggja það niður eða til þess að sameina svo mikið sem ríkiseinkasölur eða annað slíkt. Þessir hlutir geta auðvitað ekki gengið. Ríkið getur ekki alltaf bara velt öllu yfir á þjóðarbúskapinn sjálft og aldrei hugsað um, hvað það þurfi að gera sjálft til þess að spara. Og þó að fyrir hafi legið till. og það mjög raunhæfar till. um tugmilljóna kr. niðurskurð þannig á fjárl. ríkisins, þá hefur því ekki fengizt sinnt. En ég læt það nú duga að minna á þetta, um leið og ég lýk þar með þeim kafla minnar ræðu, sem varðar það, hvað hefði mátt gera í staðinn fyrir þá stefnu, sem tekin er í þessu frv.

Svo er í síðasta lagi það, sem ég vildi sérstaklega minnast á út af þessu frv. Það er sú verðgildisrýrnun, sem þetta frv. kemur til með að hafa í för með sér. Það er skipulögð sem afleiðing af þessu frv. rýrnun á verðgildi peninga. Það verður ekki umflúið, að það hlýtur að verða ein afleiðingin, hvað sem við viljum kalla það, hvort sem við viljum kalla það hliðstætt gengislækkun eða eitthvað annað. Því er að vísu ekki hægt að neita, að almennt fer fram í þjóðfélaginu sífelld rýrnun á verðgildi peninga. Það er almenn tilhneiging og að mörgu leyti eðlileg. En það, sem um er að gera, til þess að þjóðfélagið geti verið heilbrigt og sérstaklega að trú manna á gildi peninga geti haldizt, er, að þessi þróun gangi mjög hægt fyrir sig. Ef hún gengur fyrir sig svo ört sem hún gengur fyrir sig á Íslandi nú með gengislækkun 1950 og þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera með þessu frv., þá eigum við á hættu að eyðileggja trú manna á gildi peninganna. Og það er engum efa bundið, að sem efnahagsleg undirstaða í þjóðfélagi, sem á annað borð byggir á peningagildi, þá er slík trú eða slíkt traust ákaflega nauðsynlegt. Það er að vísu mjög þægilegt fyrir þá, sem völd hafa á hverjum tíma, að nota þessa aðferð til þess að afskrifa þannig afleiðingar t. d. af sínum mistökum, afleiðingar af gamalli og rangri vanrækslu á að afla framleiðslutækja og efla þannig þjóðarbúið. En það er ófært að grípa til slíkra ráðstafana, því að þær ráðstafanir eyðileggja meira en hvað þær bæta. Ég veit, að í þessu sambandi muni verða sagt, eins og mikið hefur verið sagt af svokölluðum fjármálamönnum hér, að við eigum að hafa rétt gengi, og það var meira að segja um það gerður samningur einu sinni, Marshall-samningurinn svonefndi, að við skyldum skrá rétt gengi. Ég vil aðeins taka það fram í því sambandi, ef einhverjir skyldu vera, sem trúa á slíkt, að það eru fæstar þjóðir í veröldinni, ekki einu sinni Bandaríkin, sem skrá rétt gengi. Og gengi fyrir þjóð, sem hefur alla sína utanríkisverzlun undir eftirliti, eins og við Íslendingar höfum, — rétt gengi fyrir þá þjóð eða að skrá það eins og króna okkar mundi vera skráð, ef hún væri á frjálsum markaði erlendis, það er ekkert stefnumál, sem endilega ber að framfylgja. Íslenzk króna er og verður jafnt eftir þessar ráðstafanir eða eftir hvaða gengislækkanir sem gerðar væru innanlandsmynt og ekki mynt, sem gengur á erlendum mörkuðum eins og pund eða dollar, þannig að um það er ekki að ræða að reyna að koma íslenzkri krónu aftur í það horf, sem hún var fyrir einum 4—5 áratugum. Við verðum þess vegna fyrst og fremst að skrá okkar krónu yfirleitt í því verðgildi, sem við metum hana eftir okkar innanlandsþörfum fyrst og fremst, þ. e. a. s. með það fyrir augum að viðhalda trú og trausti manna á verðgildi peninga, að svo miklu leyti sem það er hægt, og jafnvel þó að verðgildi krónunnar kunni að rýrna gagnvart útlendum aðilum, þá að reyna að halda henni eins lengi og hægt er gagnvart eignunum innanlands og gagnvart íslenzku framleiðslunni, sem notuð er innanlands.

Það er eitt, sem er gefið sem afleiðing af þessu, þessari verðgildisrýrnun, að fasteignir koma til með að hækka í verði, og með því fáum við aftur það fyrirbrigði, sem hefur verið okkur erfitt í efnahagslífinu undanfarið. Það er flóttinn í fasteignir, flótti fólksins með sína peninga að kaupa einhverjar fasteignir. Samtímis gerist það, að ráðstafanir eins og t. d. stóreignaskatturinn, sem lagður var á í fyrra, er lækkaður með þessu og allt það, sem á að borga samkvæmt honum. Um leið eru allir þeir sjóðir, sem gerðar voru ráðstafanir til þess að mynda, atvinnuleysistryggingasjóðurinn, félagssjóðir verkalýðsfélaganna, sjóðir tryggingannna og annað slíkt, allir þessir sjóðir eru lækkaðir stórum í verði. M. ö. o.: við höldum því áfram að taka af fólki peninga, sem hafa allmikið gildi, geyma þá í sjóði og eiga svo að borga út úr þessum sjóðum aftur seinna meir peninga, sem hafa miklu minna gildi en peningarnir höfðu, þegar fólkið borgaði það inn í þá. Þetta er þróun, sem er hættuleg í hverju þjóðfélagi.

Verkalýðssamtökin fögnuðu því, þegar sú stefna var tekin upp af núverandi hæstv. ríkisstj. að reyna að stöðva þessa verðgildisrýrnun peninganna, verðstöðvunarstefnan, eins og hún var kölluð. Og ég verð að segja, að það er dálítið eftirtektarvert fyrirbrigði, sem er rétt að menn íhugi, að það skuli einmitt hafa verið verkalýðssamtökin í þessu landi, sem fyrst og fremst vildu beita sér fyrir því og fögnuðu því, að

slík verðstöðvunarstefna væri tekin upp, að reynt yrði að viðhalda verðgildi peninganna. Verkalýðurinn gerir það að vísu út frá sínum hagsmunum, en þó meira jafnvel út frá hagsmunum þjóðfélagsins almennt, vegna þess að verkalýðshreyfingin hér á Íslandi vill skapa traust á þessu þjóðfélagi og skapa festu í því, og verkalýðshreyfingin hefur sýnt það, að hún ber einmitt í þessum efnum þjóðarhagsmuni fyrir brjósti meir en aðrar ríkari og voldugri stéttir. Verkalýðshreyfingin sýndi það með sinni afstöðu til nýsköpunarinnar á sínum tíma, að hún var að hugsa um, hvernig stoðir þjóðfélagsins skyldu bezt styrktar, hvernig framleiðslutækjunum skyldi fjölgað, hvernig undirstaða þjóðfélagsins yrði öflugust, vegna þess að verkalýðsstéttin veit, að þegar til lengdar lætur, þá eru hennar hagsmunir og þjóðfélagsins þeir sömu. Það er ekki hægt að fullnægja ákveðnu stigi lífskjara eða krafna til lífsins, nema framleiðslutækin og þeirra afköst geri það mögulegt fyrir þjóðfélagið að fullnægja þessu. Þess vegna lagði verkalýðshreyfingin það til á sínum tíma og hefur barizt fyrir því ætíð síðan, að framleiðslutækjunum væri fjölgað sem mest og þá fyrst og fremst þeim, þar sem afkastageta hins vinnandi fólks er mest og markaðirnir öruggastir. Þannig hefur verkalýðshreyfingin unnið að því að reyna að byggja öruggar og sterkar undirstöður undir þetta þjóðfélag. Verkalýðshreyfingin hefur þannig sýnt ábyrgðartilfinningu í þessari afstöðu. En það hins vegar sleppir ekki þeim, sem völdin hafa, þegar verkalýðshreyfingin fær engin áhrif að hafa á þjóðfélagið, því að ef það eru einhverjir menn, sem stjórna þessu þjóðarbúi þannig, að þeir vanrækja þá skyldu að afla þessara framleiðslutækja og undirbyggja þannig undirstöðu þjóðfélagsins, þá lætur verkalýðurinn slíka vanrækslu ekki bitna á sér, þá verða þeir að gera svo vel og taka hana á sig. Og þá svarar verkalýðurinn með verkföllum og sínum kröfum til lífsins. Hann sleppir ekki þeim kröfum, þó að stjórnendur, máske á heilu 10 ára tímabili, kunni að vera svo misvitrir, að þeir efli ekki framleiðslutækin nægilega. Þetta verðum við að muna.

En hitt er ef til vill gott fyrir borgarastétt þessa lands, atvinnurekendastétt þessa lands að hugleiða, að það skuli vera verkalýðurinn og verkalýðshreyfingin fyrst og fremst, sem berst fyrir því að viðhalda verðgildi peninganna. Í hverju einasta borgaralegu landi hér í kringum okkur er það svo, að þegar rætt er um gengislækkun eða einhverjar hliðstæðar ráðstafanir, þá bregzt varla nokkur aðili reiðari við en borgarastétt viðkomandi lands og hennar bankar. Borgarastétt t. d. Englands skoðar það alveg sérstaklega sem sitt verkefni að viðhalda trúnni á sterlingspund, og bankastjóri Englandsbanka er skjótur að gefa yfirlýsingar, ef menn fara að draga í efa, hvort sterlingspundið eigi að halda sínu verðgildi. Hér aftur á móti gerist það undarlega fyrirbrigði hvað eftir annað, að sjálf borgarastéttin og meira að segja sjálfir fulltrúar aðalbankans prédika, að það þurfi að rýra verðgildi krónunnar, prédika þetta látlaust og grafa þannig undan trú manna á peningum og skapa þannig slíkan óróður, að meira að segja nú að lokum hafa þeir, sem stóðu þarna lengst á móti, eins og Alþb. hefur gert, þá hafa þeir neyðzt til að láta undan í þessum efnum. Það er dæmið um þjóðfélagsspillinguna á Íslandi, að borgarastéttin skuli sjálf vinna að því að rýra verðgildi íslenzkra peninga, og dæmir hins vegar um, hvernig verkalýðshreyfingin og verkalýðurinn er sá aðilinn, sem reynir að skapa heilbrigði og festu í þetta þjóðfélag með sinni baráttu fyrir endurnýjun og nýsköpun atvinnutækja og fyrir því að skapa örugga undirstöðu þjóðlífsins og framleiðslunnar. Og það er slæmt, að það skuli ekki hafa verið tekið meira tillit til þessarar viðleitni verkalýðshreyfingarinnar en gert hefur verið. Þess vegna er það í minni rökstuddu dagskrá, sem ég lýsti í upphafi þessa máls, önnur höfuðtill. mín, að haldið sé við gömlu verðstöðvunarstefnuna og ekki farið inn á þá braut, sem hér er lagt til.

Það er í samræmi við þetta, að verkalýðshreyfingin og fjölmörg félög hennar hafa þegar látið í ljós efasemdir og andúð gagnvart þessu frv., og það liggja hér þegar fyrir Alþ. slík mótmæli, bæði frá Félagi skipasmiða, frá Hinu íslenzka prentarafélagi og fulltrúaráðsstjórn verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum, frá Félagi íslenzkra rafvirkja, frá stjórn Trésmiðafélags Íslands, og það er engum efa bundið, að verkalýðurinn lítur með ugg á þá þróun, sem verður afleiðing af samþykkt þessa frv. Það er jafnframt, fyrst eftir er önnur umr., rétt að minna á það, að einstaka greinar í þessu frv. aðrar, eins og þær, sem miða að því að rýra bæði námsstyrkina og sjúkrastyrkina til utanfara með þeim gjöldum, sem þar eru á lögð, og eins það, sem miðar að því að rýra slysadagpeningana, sem máske fæst nú leiðrétt fyrir 3. umr., það eru allt atriði, sem sætt hafa allmikilli gagnrýni.

En það lakasta við þetta allt saman er, að í þessu er ekki einu sinni nein bráðabirgðalausn. Þó að þetta verði samþykkt, þá er maður að aka þessu öllu á undan sér til haustsins og gera erfiðara að ráða við hlutina í haust. Það er það slæma við þessa bráðabirgðalausn. Þess vegna er það mitt álit, að heppilegasta afgreiðslan á þessu frv. nú væri sú að samþ. mína rökstuddu dagskrá, þar sem í fyrsta lagi er tekið fyrir það, sem er höfuðatriði í lausn allra efnahagsmála íslenzku þjóðarinnar, og það er að koma skipulagi og viti í hennar þjóðarbúskap í stað þess stjórnleysis og þeirrar ringulreiðar, sem hefur einkennt það sérstaklega nú undanfarin 10 ár, og í öðru lagi, að Alþ. lýsi fylgi sínu við að halda þeirri verðstöðvunarstefnu, sem því miður hefur verið ráðizt svo mjög á og grafið undan raunverulega af hálfu allra þriggja flokkanna hér og Alþb. staðið eitt vörð um til þess síðasta. Ég álít, að það væri bezt að taka þetta mál á þennan hátt og það mundi auðvelda okkur að finna þá betri lausn á þessum málum í haust, þegar við hefðum krufið þessi mál til mergjar og gripum ekki aðeins til slæmra bráðabirgðaúrræða til þess

að fleyta þessu áfram til haustsins með sama fyrirkomulagi og verið hefur undanfarin ár.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Menn hafa með nokkurri undrun fylgzt með ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl), um leið og hann leggur fram vantrauststill. á þá stjórn, sem hann styður, í formi þeirrar rökstuddu dagskrártill., sem hann hefur nú lagt hér fyrir deildina. Almennt var talið, að hann mundi venda sínu kvæði í kross, eftir að sambræðsla tókst milli stjórnarflokkanna í landhelgismálinu, eins og kunnugt er, en eins og allir vita, þá er hann formaður stærsta stuðningsflokks ríkisstj. Ef till. hans verður samþ., verður ekki annað séð en að stjórnin verði að biðjast lausnar. En þá sýnist líka hafa verið heldur að tilefnislausu, sem flokkur þessa hv. þm. hélt hæstv. ríkisstj. á pínubekknum í heila viku, svo að hún tekur ekki á heilli sér enn.

Hversu mjög sem menn kunna að deila um það, hverjum hin öra verðbólguþróun síðustu ára sé að kenna, og hversu skiptar skoðanir sem við höfum um gagnsemi þess frv., sem hér liggur fyrir, verður þó aldrei gengið fram hjá þeirri staðreynd, að einhverjar ráðstafanir þurfi að gera til þess að leiðrétta það gífurlega ójafnvægi, sem nú er orðið í allri efnahagsstarfsemi landsins. Um þetta eru að vísu allir flokkar sammála, um þetta atriði, þótt þeir hafi mjög mismunandi og misjafnlega raunhæfar skoðanir á því, hvernig eigi að leysa þetta mikla vandamál.

Öllum er vafalaust ljóst, hvort sem þeir vilja viðurkenna það eða ekki, að misvægið í efnahagskerfinu verður aldrei leiðrétt sársaukalaust, hversu háfleyg og lærð rök sem ýmsir ráðh. færa fram fyrir því, að þjóðin þurfi engu að fórna á altari þessara leiðréttinga, það sé ekki verið að leggja neinar byrðar á þjóðina, það sé aðeins tilfærsla tekna milli þegnanna. Þetta kostar engar fórnir, eftir því sem einn hæstv. ráðh. hefur sagt við þessar umr.

Leiðréttingin hlýtur að fela í sér mikinn sársauka um stundarsakir fyrir mestalla þjóðina. En því lengur sem dregst að gera réttar og viðeigandi ráðstafanir, því meiri verður sársaukinn við leiðréttinguna. En að líkindum verður sársaukinn mestur og skaðinn mestur við það að halda þjóðinni á skurðarborðinu í marga mánuði með brauki og bramli, með löngum og umdeildum undirbúningi og gera svo sársaukafulla aðgerð, sem aðeins endist til næsta dags.

Við, sem erum fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn., höfum ekki talið okkur fært að mæla með frv. Til þess eru á því of margir gallar. Frv., eins og það er, og þær ráðstafanir, sem það felur í sér, eru eingöngu og ekkert annað en ávöxturinn af sambúð stjórnarflokkanna. Frv. ber þeirra svip, það túlkar þeirra grundvallarskoðanir sameiginlega, og það er mótað í þeirri pólitísku deiglu stjórnarinnar, sem þjóðlífið að mörgu leyti ber nú mót af. Engum var leyft að koma nærri samningu frv., engum, sem gat haft nokkra aðra skoðun á málinu en ríkisstjórnin hafði sameiginlega. Og enginn var jafnvendilega útilokaður frá að hafa nokkur áhrif á gang þessa máls, þessa mikla vandamáls, og Sjálfstfl. Hann var útilokaður til síðustu stundar. Síðast af öllum fékk stjórnarandstaðan að vita, hvernig átti að lagfæra þetta mesta vandamál þjóðarinnar. Það hefur að öllum líkindum verið gert vegna þess, að stjórnarflokkarnir hafa ekki kært sig um, að Sjálfstfl. hefði nokkurn heiður af vandlega útreiknuðum ráðstöfunum, sem flokkarnir leggja nú fram. Stjórnin vildi ein hafa heiðurinn og sómann, máttinn og dýrðina, og í raun og veru segir hún við Sjálfstfl.: Við óskum, að þið komið hér hvergi nærri. Þess vegna látum við ekki í ykkar hendur neinar upplýsingar um málið. Við erum einfærir um að leysa það. Það er okkar mál, en ekki ykkar. — Þetta er einmitt það, sem stjórnin hefur sagt við Sjálfstfl. frá öndverðu og allan þann tíma, sem hún hefur haft þetta mál í undirbúningi.

Það er því ekki aðeins frekleg móðgun við dómgreind og vitsmuni þeirra manna í stjórnarflokkunum, sem enn hafa heilbrigða skynsemi, að heimta, að Sjálfstfl. með nokkurra daga fyrirvara leggi fram heilsteyptar og undirbúnar till. í þessu flókna máli, heldur er það einnig sorgleg staðfesting á þeim barnalegu, skammsýnu og gersamlega óraunhæfu vinnubrögðum, sem mótað hafa allt starf stjórnarinnar í sambandi við þetta frv.

Það má segja þrátt fyrir alla galla frv., að það er byggt upp í ákveðnu kerfi, eins og hv. frsm. 2. minni hl. lýsti í sinni ræðu. Og grundvöllurinn fyrir þessu er óteljandi skýrslur og útreikningar, þar sem tekjur og gjöld eru að mestu leyti látin standast á. Ef einum mikilvægum lið frv. er kippt í burtu, hrynur byggingin til grunna. Þá er kerfið orðið að rúst, spilaborgin getur ekki staðið. Þess vegna hlýtur þeim, sem kerfið hafa byggt upp, að vera allra manna ljósast, að ef sjálfstæðismenn vilja gera breytingar á frv., þá væru till. um slíkar breytingar algerlega rökvana, nema gerð sé gerbylting á því kerfi, sem frv. byggist á. En bylting á frv. væri óhugsanleg nema með tímafrekum og flóknum útreikningum og skýrslugerðum, ef hún ætti að koma þjóðinni að gagni. En við 1. umr. málsins rísa svo hæstv. ráðh. upp hver af öðrum og heimta, að Sjálfstfl., sem þá fékk að sjá fyrst frv. fyrir þrem dögum, leggi fram kerfisbundnar og tilbúnar till. í þessu máli. Er ekki þetta sama og að ganga gersamlega í berhögg við allt skynsamlegt vit?

Við, sem af hendi Sjálfstfl. höfum fjallað um frv. í fjhn., höfum því með hliðsjón af þeim rökum, sem ég hef nú lýst, talið með öllu tilgangslaust og ekki í samræmi við hugmyndir okkar um ábyrga og skynsamlega meðferð þingmála að bera fram brtt. við einstaka liði frv., eins og t. d. um hækkun á bótum fyrir síld og fisk, sem útflutningsframleiðslan hefur talið, eftir að frv. kom fram, lífsnauðsyn fyrir útveginn að fá hækkaðar, til þess að hann geti starfað. Slík breyting gerð út af fyrir sig mundi þýða útgjaldahækkun um milljónatugi, án þess að tekjuliðum væri breytt á móti. Hins vegar er möguleiki á því að gera minni háttar breytingar á frv. og í öðrum atriðum, án þess að það hafi sömu verkanir.

Við höfum því tekið þann kostinn að benda á misfellur frv., sem geta haft mjög alvarlegar afleiðingar, án þess að bera fram till. um breytingu á því, sem við annars mundum telja nauðsynlegt. Við lítum svo á eins og sjálf ríkisstj., að þetta sé hennar afkvæmi, hún eigi á því ein að bera ábyrgð og ein veg og vanda að hafa. Í því birtist máttur hennar og dýrð, sem við höfum enga hvöt til að taka frá henni.

Hitt er svo annað mál, að þessi afstaða okkar gerir það ekki óeðlilegt, um leið og við bendum á stærstu gallana, að við berum fram nokkrar minni háttar brtt.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur skrifað þinginu og bent á, að nauðsynlegt sé, að uppbæturnar séu 85% fyrir allar fiskafurðir, bæði síldar- og þorskafurðir, í staðinn fyrir 80%. Nú eru bætur á Norðurlandssíld 50%, en Faxasíld 70%. Verður því ekki annað sagt en að hér beri mikið á milli frv. stjórnarinnar og þess álits, sem forustumenn íslenzkra útvegsmála hafa á því, hversu mikið útvegurinn þarf að fá í uppbætur til þess að geta starfað.

Mér er nú spurn: Hvor af þessum staðhæfingum er rétt um nauðsyn uppbótanna? Ef staðhæfing útvegsins er rétt, þá er það sýnilegt, að frv. er að meginuppistöðu til byggt á óraunhæfum grundvelli. Ef rétt er, að svo mikið beri á milli þess, sem stjórnin segir að útvegurinn þurfi, og hins, sem útvegurinn sjálfur segir að hann þurfi til þess að geta starfað, ef þetta er rétt hjá útveginum, sem ég hef ekki neina ástæðu til að bera brigður á, þá má segja, að tölur stjórnarinnar í þessu efni séu hrein ágizkun, og þetta er sá liður frv., sem ber það uppi. Fiskafurðirnar eru uppistaðan í útflutningi landsmanna, og það eru einmitt þær afurðir, sem þetta frv. er sérstaklega gert fyrir, til þess að útvegurinn geti haldið áfram að starfa.

Útflutningssjóði er ætlað að greiða uppbætur fyrir framleiðslu til 14. maí með sérstökum hætti. Nú er vitanlegt, að nokkuð af fiskframleiðslunni — og á ég þá sérstaklega við saltfisk og harðfisk — er verkað að verulegu leyti eftir 14. maí. En það er fullyrt af útvegsmönnum, að þetta frv. geri ekki ráð fyrir neinum uppbótum á þann verkunarkostnað. M. ö. o.: annaðhvort er það fellt niður vísvitandi eða af athugunarleysi, að útvegsmenn fái uppbætur á þær afurðir, sem lengur eru í verkun en til 14. maí.

Ég vil því enn spyrja: Hvers vegna hefur þetta gleymzt? Hvers vegna hefur svona mikilsvert atriði gleymzt? Er það ekki einmitt eitt dæmi enn um það, hvernig frv. er upp byggt?

Eftir að þetta frv. er orðið að lögum, er öllum ljóst, að allir atvinnuvegir landsins þarfnast miklu meira veltufjár en þeir hafa í dag. Þess vegna er það fyrsta, sem bæði útvegsmenn og allar aðrar iðngreinar í landinu spyrja á þessum tímamótum: Verður leyst úr þessu vandamáli með veltufé þannig, að atvinnuvegirnir geti starfað? Það er víst alveg óhætt að fullyrða, að atvinnuvegirnir geta ekki starfað á næstunni með því veltufé, sem þeir hafa í dag.

Mér er ljóst, að það er ekki hægt að setja í lög, að atvinnurekstur landsins skuli hafa nægilegt fjármagn. Það byggist á skilningi þeirra, sem hafa fjármagnið í höndum sér. En ég vil í sambandi við þetta mál minna á þá alvarlegu staðreynd, að ef ekki verður úr veltufjárþörfinni leyst, eftir að þetta frv. hefur tekið gildi, þá getur hugsazt, að við bindum okkur ekki minni erfiðleika en við ætlum okkur nú að leysa.

Eitt atriði, sem kemur fram í þessu máli, er sú skattlagning, sem bankarnir eiga að þola skv. frv. Bankarnir eru nú skattfrjálsir samkvæmt lögum, þeim ber ekki að greiða skatta, og með þessu lagaákvæði hefur verið haldið yfir þeim verndarhendi allt til þessa dags af þeirri einföldu ástæðu, að þetta er mjög hættuleg leið að fara. Ríkið á bankana, ríkið rekur bankana í því augnamiði að halda gangandi efnahagskerfi landsins. Bankarnir reka að mörgu leyti áhættusama atvinnu af því, hversu mjög áhættusamur okkar aðalatvinnuvegur er. Þess vegna er það röng leið, sem nú er lagt inn á, þó að ríkisstjórnin þykist hafa mikla þörf fyrir tekjuöflun, að byrja á því að skatta þessar stofnanir, því að enginn veit, hvar sú sköttun endar. Við sköttum atvinnuvegina nú á þann veg, að þeir bogna undir byrðunum. Ef við sköttum bankana þannig, að þeir hætti að geta haft fé til ráðstöfunar, þá getur orðið þröngt fyrir dyrum.

Söluskatturinn er einn af aðaltekjuliðum frv., og hann er m. a. lagður á iðju og iðnað. Nú liggur hér fyrir bréf frá iðnaðarmönnum, þar sem þeir óska eftir því, að skattinum sé létt af vegna þess, hvað hann komi geysilega óréttlátt niður. Skatturinn, eins og hann er lagður á nú, verkar ekki á eðlilegan hátt. Ef menn fara í verzlun og kaupa efni og fara með það til iðnaðarmanns til þess að vinna úr, þarf kaupandinn ekki að greiða söluskatt af efninu, — ef hann kaupir það sjálfur og færir iðnaðarmanninum. En ef iðnaðarmaðurinn fer í sömu verzlun, kaupir sama efnið og býr úr því sama hlut fyrir þennan mann, þá verður hann að borga söluskattinn. Það er náttúrlega hægt að halda áfram að láta svona lög gilda og hafa sínar verkanir, en það er aldrei hægt að komast hjá því, að þau hafi ranglátar verkanir og mjög óheppilegar verkanir fyrir atvinnulífið. Þessi söluskattur hindrar, að verk séu unnin í ákvæðisvinnu. Ef einhver maður þarf að láta iðnaðarmann vinna fyrir sig, við skulum segja byggja hús, og ef hann lætur verkið í ákvæðisvinnu, þá skuldar verktakinn hann fyrir söluskattinum af allri upphæðinni. En láti maðurinn sama iðnaðarmann vinna fyrir sig í tímavinnu og borgar sjálfur út kaupið, þarf hann engan söluskatt að greiða. Á þennan hátt verkar söluskatturinn mjög ranglátlega og óheppilega, vil ég segja, og þess vegna er réttmætt að taka till. iðnaðarmanna til greina.

Við 1. umr. þessa máls var nokkuð minnzt á vísitöluna. Þeir ráðh., sem minntust á vísitöluna, — ég held, að það hafi aðallega verið hæstv. atvmrh., — sögðu, að hún mundi hækka eitthvað milli 15 og 17 stig. Ég minntist lítillega á það við fyrri umr. málsins, að samkvæmt áætlun, sem hagstofan hefur gert um

vísitöluhækkunina í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar verða með frv., þá er um þrjár leiðir að ræða: Í fyrsta lagi, að vísitalan hækkar um 14 stig, ef álagning á vörur er óbreytt að krónutali. Það vill segja, að menn mega ekki leggja á þá hækkun, sem verður með þessum breytingum. Í öðru lagi hækkar hún um 15.9 stig, ef álagning er óbreytt að krónutali á allar vörur aðrar en landbúnaðarvörur, en á þær lagt í prósentutali. Og í þriðja lagi hækkar hún um 19 stig, ef álagningarprósentur eru óbreyttar á öllum vörum, einnig landbúnaðarvörum. Nú vil ég spyrja: Hverja leiðina af þessum þremur ætlar stjórnin sér að fara? — vegna þess að það virðist hafa talsvert mikið að segja um hækkun vísitölunnar. Við vitum hins vegar, að hækkun vísitölunnar er talsvert alvarlegt atriði, sem ekki verður hrist af sér mjög auðveldlega. Á að láta álagninguna vera eins og hún er í dag, eða á að lækka hana um 20—30%?

Í þessu sambandi mætti nú spyrja, hvort álagningin í landinu, sem er talsvert mikilvægur liður í fjárhagskerfi þjóðarinnar, sé reist á heilbrigðum grunni.

Þegar núverandi verðlagseftirlit tók til starfa, fór það inn á þá braut að lækka alla álagningu þannig, að verzlunin getur ekki staðið undir rekstrinum með heilbrigðu móti. Í dag er víst ekki ofsögum sagt, að mestur hluti verzlana í landinu, bæði kaupmenn og kaupfélög, er annaðhvort rekinn með tapi eða stendur í járnum með reksturinn. Þetta er skammsýn stefna, sem truflar mjög efnahagslífið, og þar að auki sviptir það hið opinbera þeim tekjum, sem framkvæmdir þess að miklu leyti byggjast á. Við skulum líta á eitt stærsta kaupfélag landsins, sem er KRON. Það er nærtækasta og skýrasta dæmið um, að verðlagið er byggt á óraunhæfum og óskynsamlegum forsendum. Þetta félag seldi s. l. ár vörur fyrir 42 millj. og tapaði einni milljón. M. ö. o.: kaupfélagið hefur tapað 2½% á hverri krónu, sem það hefur selt vörur fyrir á árinu, og félagsstjórnin segir sjálf og er ekkert feimin við að halda því fram, að þetta hafi orsakazt af of lágri álagningu. Ef reksturinn hefði verið á heilbrigðum grunni, þá hefði félagið átt að geta lagt í sjóði sína 2—3%, þó að það hefði ekki getað greitt félagsmönnum afslátt. En það sýnir þá, að félaginu hefur verið nauðsynlegt að hafa 5% hærri álagningu á vörunni, ef það hefði átt að hafa heilbrigðan rekstur. Það má spyrja um bæði þetta félög og önnur: hversu lengi verður verðlagseftirlitið á þennan hátt að leggja þau að velli? Það má líka minnast hér á elzta kaupfélag landsins, félag, sem er mjög vel rekið. Velta þess s. l. ár var 51 millj. kr., og reikningslegur hagnaður þess, þegar fyrningar eru frá dregnar, er 425 þús. eða 0.9% af öllum vörum, sem það hefur selt. Ef félagið væri nú skylt að leggja í varasjóð, sem er ekki lengur til að dreifa, þá hefði allur hagnaðurinn farið í varasjóð, það hefði ekkert getað lagt í stofnsjóð og ekkert getað greitt félögunum í arð. Ég vona, að það sé ekki hæstv. félmrh. og ráðh. verðlagsmála, sem lætur gera svona óraunhæfar ráðstafanir í þessum málum.

Ég get þó ekki skilið við þetta, úr því að ég er byrjaður að tala um verðgæzluna, án þess að minnast á fyrirmæli, sem líklega eiga enga hliðstæðu annars staðar. Hér er það verðlagseftirlitið, sem bannar mönnum að senda vörur með flugvélum. Ég held, að þetta þekkist hvergi nokkurs staðar í heiminum nema hérna, að sérstakt leyfi verðlagseftirlitsins þarf til þess að senda vörur með flugvélum hingað til lands. Og það er byggt á þeirri ákvörðun, að enginn megi greiða hærri fragt en gildir með millilandaskipum. Þetta hefur verið hátíðlega birt í Lögbirtingablaðinu, svo að ekki er um að villast. Það virðist ekki vera unnið að þróun flugmálanna hér á landi, þegar slíkar reglur eru settar, sem engri annarri þjóð mundi koma til hugar að framkvæma. Þessar reglur minna mig dálítið á það, hvernig var, þegar fyrsti járnbrautarvagninn kom fram í Englandi. Það var talið svo alvarlegt atriði, að samin voru sérstök lög um það, hvernig hann ætti að haga sér. Honum var ekki bannað að aka, en honum var leyft það því aðeins, að maður með rauðan fána gengi á undan honum. Mér finnst þetta dálítið svipað, sem gert er hér, er menn verða að sækja um leyfi verðlagsyfirvaldanna til þess að mega nota loftflutninga.

Það verður varla annað sagt en að frv. í heild er á óheilindum byggt að meira eða minna leyti, svo að ekki er von á góðu. Ég rakst hér af tilviljun á grein, sem hæstv. menntmrh. ritaði í nóvember s. l. um efnahagsmálin. Þessi grein er að mörgu leyti fróðleg. En í henni kemur fram sá sami tvískinnungur, sem hefur markað alla meðferð þessa máls og allan málaflutning ríkisstj. í því sambandi. Hann segir í þessari grein, að það sé enginn eðlismunur á uppbótum og réttri gjaldeyrisskráningu. Hann segir: „Á þessu tvennu er í sjálfu sér enginn eðlismunur. Aðferð útflutningsbótanna og innflutningsgjaldanna felur þó í sér meiri skilyrði til þess að hafa áhrif á tekjuskiptinguna.“ En svo segir hæstv. ráðh.: „En einmitt í þessu einkenni er fólgin hætta við þessa aðferð. Ef erlendar vörur og erlend þjónusta verður að meðaltali mun ódýrari en sams konar vörur og þjónusta framleidd í landinu sjálfu, er líklegt, að eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri verði svo mikil, að til stöðugs gjaldeyrisskorts komi.“ Hann segir, að það sé alveg sama, hvora leiðina við förum, en ef við förum uppbótaleiðina, þá eigum við á hættu, að við verðum í stöðugum gjaldeyrisskorti. Svo segir hann seinna í greininni: „Þeir flokkar, sem mynduðu núverandi ríkisstjórn á s. l. sumri, gerðu sér og gera sér ljóst, að verðbólguhjólið verður ekki stöðvað nema með náinni samvinnu ríkisvalds og stéttasamtaka. Það var og er kjarninn í þeim samningi, sem gerður var við myndun ríkisstj.“ Og svo segir hann að lokum um það, hvað stjórnarflokkarnir þurfi að forðast til þess að koma sínum skynsamlegu ráðstöfunum fram, og það, sem þeir þurfa að forðast, er að sjálfsögðu Sjálfstfl.: „Ef hið opinbera fylgir þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem Sjálfstfl. berst fyrir, má ganga út frá því sem vísu, að samtök launþega beiti sér gegn henni, svo sem átti sér stað á

árunum 1950—56. Baráttan gegn verðbólgunni verður ekki háð undir merkjum Sjálfstfl. Sigur á henni verður ekki unninn með aðild hans.“ En nú skuluð þið taka eftir: „Í stefnu hinna þingflokkanna þriggja í efnahagsmálum er hins vegar svo mikið sameiginlegt, og hún er í grundvallaratriðum í svo nánu samræmi við það, sem stéttasamtökin telja hagsmuni sína, að samvinna þeirra um baráttu gegn verðbólgunni ætti að geta orðið árangursrík.“

Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. kallar „nána samvinnu“ við vinnustéttirnar. En það eitt er víst, að það ástand, sem nú er að skapast, bendir ekki til þess, að vinnustéttirnar séu á sömu skoðun og ríkisstj. Nú hefur stjórnin lagt fram þetta frv., sem hæstv. ráðh. telur í nánu samræmi við vilja stéttanna. En hvað gerist, eftir að frv. er lagt fram og um það leyti sem verið er að leggja það fram? Þá rís hver stéttin upp á fætur annarri, ýmist til að mótmæla ákvæðum frv. eða til að segja upp samningunum. Ég vil nú spyrja: Bendir þetta til, að till. stjórnarinnar séu í nánu samræmi við vilja og hagsmuni stéttarfélaganna? Bendir ekki þetta heldur til, að afstaða stjórnarinnar í heild í þessum málum og eins og frv. ber með sér er gersamlega óraunhæf?

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Umr. hafa nú orðið allmiklar, sem eðlilegt er, um það verðbólgufrv., sem hér er til umræðu. Það virðist svo sem hæstv. ráðh. ætli ekki að hafa mörg orð við þessa 2. umr. frv., og þó er ekki gott að vita, þar sem hæstv. menntmrh. er nú setztur í sæti sitt. Það má nú ekki minna vera en hæstv. ráðh. séu við, þegar þetta alvarlega mál er rætt, og gefi skýringar á því, sem að er spurt, og reyni að afsaka afstöðu sína og hæstv. ríkisstj. til efnahagsmálanna í heild. En það er eðlilegt, að þeir finni til erfiðleikanna í þessu efni, og kannske vorkunnarmál, þótt þeir reyni að komast hjá því, því að vissulega er það erfiðleikum bundið fyrir hæstv. ríkisstj. að afsaka það frv., sem hér er til umr., og þær till. allar, sem í því felast.

Því er yfir lýst í grg. frv., að hér sé aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða. Því er yfir lýst, að það þurfi nýjar aðgerðir á komandi hausti. Þó er með þessu frv. gert ráð fyrir að leggja í nýjum sköttum 700—800 millj. á þjóðina. Það er þess vegna ekki undarlegt, þótt menn líti nú með allmiklum ugg til framtíðarinnar, þar sem 700—800 millj. kr. skattauki á þjóðina reiknast aðeins sem bráðabirgðapinkill, sem verði að bæta við eftir nokkra mánuði að áliti stjórnarherranna sjálfra.

Það er enginn vafi á því, að íslenzka þjóðin mundi vera fús til þess að taka á sig verulegar byrðar, ef um það væri að ræða að koma varanlegu ástandi á efnahagsmálin og atvinnulífið, ef um það væri að ræða að koma atvinnulífinu á öruggan og blómlegan grundvöll og koma jafnvægi á í þjóðarbúskapnum yfirleitt. Ég hef áður minnzt á verðhækkanir þær, sem eiga sér stað, eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum. Og ég nefndi í ræðu, sem ég flutti hér um þetta mál, allmörg dæmi um verðhækkanirnar. Þessi dæmi, sem ekki gefa góða mynd af verðhækkununum, hafa farið í taugarnar á sumum blöðum, og hafa þau gert þessi reikningsdæmi að umtalsefni, afgreitt þau á ósköp einfaldan hátt og sagt, að það væri skakkt reiknað, án þess þó að færa orðum sínum stað. Það er aðeins sagt, að það sé skakkt reiknað, en engin dæmi nefnd. En því miður — verð ég að segja — er rétt reiknað, hækkanirnar verða svo gífurlegar sem ég nefndi í hinum mörgu dæmum mínum, álögurnar á allan almenning verða svo alvarlegar, að vart verður undir risið, og sérstaklega þá vegna þess, að von er á meiru samkvæmt boðskap hæstv. ríkisstj. Jafnvel þótt hinu almenna vöruverði sé sleppt og hækkun á því, þá er aðeins einn liður mjög tilfinnanlegur, sem allur almenningur, sem ekki býr við hitaveitu, verður að bæta á sig, það er kyndingarkostnaðurinn, en það mun vera frá 200 til 250 kr. á mánuði á meðalíbúð, þar sem olíuverðið á að hækka um 32%. Það er samkvæmt þessu frv. gert ráð fyrir, að hækkanirnar verði mestar á brýnustu nauðsynjum almennings, aftur á móti minni hækkanir á því, sem fram að þessu hefur verið kallað ónauðsynlegt. Það er þess vegna fyrst og fremst ráðizt á þann garðinn, sem helzt skyldi hlífa. Og það er þess vegna rétt, sem ég sagði í ræðu minni hér fyrr, að ríkisstj. hyggst gefa láglaunamönnum 200 kr. á mánuði með 5% uppbótinni, en taka aftur í hækkuðu vöruverði a. m. k. 600 kr. á mánuði af sama manni.

Það hefur verið talað um það, að landbúnaðurinn færi ekki varhluta af þessum hækkunum, og vitanlega kemur þetta þyngra niður á landbúnaðinum og bændunum en öðrum vegna þess, hversu bændurnir, sem við framleiðslu fást, verða að verzla miklu meira en búlausir menn. Eitt stjórnarblaðanna efaðist mjög mikið um það, að bændur færu illa út úr þessu, og reyndar fullyrti, að vegna þess að formaður Stéttarsambands bænda og tveir aðrir mætir menn hefðu gefið loðna yfirlýsingu fyrir hönd bændastéttarinnar, þá væri meira á því að byggja en útreikningum mínum í sambandi við verðlag landbúnaðarafurða. En ég ætla að láta þetta undir dóm bændastéttarinnar sjálfrar, og ég ætla að hlíta þeim úrskurði alveg rólegur og tel þess vegna ekki þörf á því að hafa mörg orð í sambandi við fyrrnefnd skrif, því að ég veit, hvað bændurnir hugsa, hvað bændurnir tala núna, ég veit, að sá bóndi fyrirfinnst ekki, sem tekur málstað þess, sem nú er verið að gera.

Það hefur verið minnzt á það hér, hvers vegna mætti gera þetta, það væri nauðsynlegt, að landbúnaðarframleiðslan drægist eitthvað saman, það væri of mikið framleitt og það væri verið að flytja út landbúnaðarvörur fyrir mjög lágt verð. En hvernig var nú með mjólkurframleiðsluna s. l. ár? Hún var aðeins of mikil eða 5.6%. Það var framleitt 5.6% of mikið af mjólk og mjólkurvörum árið sem leið. En árið 1957 var gott framleiðsluár, sumarið óvenjulega gott og heyskapur mikill og framleiðslan þess vegna af mjólk og mjólkurvörum í bezta lagi, en í slíku árferði var framleiðslan eigi að síð-

ur ekki nema 5,6% of mikil. Nú er til þess ætlazt, að bændur framleiði nóg af mjólk og mjólkurvörum fyrir neytendur, og ég tel það nauðsynlegt. En hvernig er hægt að framleiða mátulega mikið af þessum vörum? Verður þetta ekki annaðhvort aðeins of mikið eða þá of lítið? Ég er sannfærður um það, að bændur vilja heldur framleiða aðeins of mikið, til þess að öruggt sé, að alltaf sé nóg af þessum ágætu vörum á markaðnum, heldur en að það sé of lítið á markaðnum, það sé mjólkurekla, smjörekla o. s. frv. Þá kvarta neytendurnir og það eðlilega, og það er nauðsynlegt fyrir þjóðarbúið, að það sé alltaf nóg á markaðnum af þessum ágætu og hollu vörum. En nú á með þessum aðgerðum að gera ráðstafanir til að draga úr framleiðslunni með því að hækka innfluttan áburð um 50%, með því að hækka fóðurbætinn um 43%. Það tekst vissulega að draga úr framleiðslunni með þessu móti, því að það er ekki gert ráð fyrir tekjuaukningu hjá bændum til þess að geta keypt jafnmikið af áburði og fóðurbæti á eftir. Það er gert ráð fyrir að hækka mjólkina 1. júní um 5%, og neytendur vitanlega fá að borga þessa hækkun. En hvað fá bændur mikið af henni? Ætli það verði ekki eitthvað líkt og það, sem þeir fengu af 7 aura hækkuninni 1. sept. s. l., en það eru þeir ekki farnir að sjá enn? Verður þá ekki útkoman sú, að bændur verða að láta sér nægja að kaupa 2 poka af áburði í staðinn fyrir 3 áður, 2 poka af fóðurbæti í staðinn fyrir 3 áður, og afleiðingin verður minni framleiðsla, ef til vill of lítið af mjólk og mjólkurvörum á markaðnum hér í Reykjavík og annars staðar í kaupstöðum. En það er ekki til hollustu eða uppbyggingar fyrir þjóðfélagið að stefna að því, það er röng stefna, og það er ranglát stefna, bæði gagnvart neytendum og bændum, og þess ber að minnast, hvað hefur verið prédikað á undanförnum árum, hvað bændum hefur verið sagt að gera undanfarin ár, hvað þeir hafa beinlínis verið hvattir til að gera af ráðamönnum þjóðarinnar, það er að auka ræktunina, það er að byggja upp peningshús, það er að kaupa vélar og annað slíkt, en þetta allt hefur kostað mikið fjármagn. Vegna þess að bændur hafa ráðizt í dýrar og miklar framkvæmdir, búa þeir nú við miklar skuldir, en þeir hafa reiknað með, að þeir gætu haldið framleiðslunni áfram. Þegar lánin voru tekin, var vitað, að það þurfti að borga vexti og afborganir af þeim, og bóndinn reiknaði út, að hann gæti staðið í skilum með því að hafa ákveðna bústærð, með því að framleiða svo og svo marga mjólkurlítra á ári. En ef stjórnarvöldin koma nú aftan að þessum mönnum og beinlínis kippa öllum stoðum undan áætlunum þeirra, þá verður útkoman sú, að þessir menn, sem fram til þessa hafa alltaf staðið í skilum og reiknuðu sitt dæmi rétt, þegar í framkvæmdina var ráðizt og til lántökunnar var stofnað, þá verða þeir vegna aðgerða hins opinbera gerðir að vanskilamönnum, vegna þess að þeim er meinað að framleiða eins mikið og þeir höfðu áður reiknað með.

Ég hygg, að þeir, sem hafa kunnugleika á landbúnaði, eigi létt með að gera sér grein fyrir þessu og yfirleitt þeir, sem vilja hafa yfirsýn yfir atvinnulífið, þótt þeir séu búsettir við sjó. Þótt þeir stundi ekki landbúnað eða séu í snertingu við hann, þá hygg ég, að allir þeir eigi létt með að gera sér grein fyrir þessu. En það virðist svo sem íslenzkir bændur eigi ekki málsvara innan ríkisstj. að þessu sinni eða stjórnarflokkanna, og býst ég við, að bændur finni það nú, að breytt hefur um og að málstaður þeirra er ekki túlkaður meðal valdhafanna eins og stundum hefur áður verið gert.

Það hefur verið talað um, að sjávarútvegurinn væri undirstaðan að okkar efnahagslífi og það bæri að efla hann. Ekki skal ég draga úr því, að sjávarútvegurinn hefur mikið gildi fyrir þjóðarheildina. En um leið og það er viðurkennt, að sjávarútvegurinn er okkur mikils virði, þá vil ég, að menn hafi það í huga, að landbúnaðurinn leggur meira til þjóðarbúsins en aðeins það verðmæti, sem fæst fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Landbúnaðurinn leggur matvæli til þjóðarbúsins, sem eru mikils virði, og menn mega ekki gleyma því, að verðmæti landbúnaðarvaranna er ekki aðeins það, sem flutt er út, heldur einnig það, sem þjóðin notar í æ ríkari mæli og á að nota vegna hollustu þeirrar fæðu.

En við skulum ekki deila um það, að það þarf að byggja upp sjávarútveginn og að sjávarútvegurinn er og verður einn okkar aðalatvinnuvegur. Við skulum vera sammála um það, um leið og við viðurkennum réttmæti og gildi annars atvinnuvegar. Og ég vil í sambandi við sjávarútveginn og um leið og ég viðurkenni gildi hans staðfesta það, sem oft hefur verið sagt áður, að Sjálfstfl. hefur alltaf skilið þýðingu sjávarútvegsins. Sjálfstfl. hefur einnig alltaf skilið, hversu mikils virði það er, að landhelgin verði færð út, og enginn flokkur hefur barizt ötullegar eða betur fyrir útfærslu landhelginnar heldur en Sjálfstfl. Það er þess vegna mikið ómaklegt, þegar það birtist a. m. k. í einu stjórnarblaðanna ásökun á hendur Sjálfstfl. og beinlínis fullyrt, að Sjálfstfl. standi í vegi fyrir útfærslu landhelginnar. Slík fullyrðing er vitanlega alls ekki svaraverð, vegna þess að það hefur enginn flokkur á Íslandi haft meiri áhuga fyrir útfærslu landhelginnar en Sjálfstfl., og tel ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum að þessu sinni. Sjálfstfl. hefur ávallt haft áhuga fyrir uppbyggingu sjávarútvegsins, og í síðustu ríkisstj. var formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, sjútvmrh. og beitti sér fyrir uppbyggingu sjávarútvegsins, byggingu frystihúsa og aukningu fiskiskipaflotans, enda þótt ekki væru þá keyptir togarar. Og ég vil minna á tölur og lesa aftur tölur, sem hv. 3. þm. Reykv. var hér með í sambandi við fjárfestinguna í sjávarútveginum, og þær tölur vitna eftirminnilega gegn núverandi hæstv. ríkisstj., en aftur á móti vitna þær með fyrrverandi ríkisstj.

1955 er fjárfesting í sjávarútvegi 91 millj. kr., 1956 146 millj. kr., en ráðstafanir til þeirrar fjárfestingar hafði fyrrv. ríkisstj. gert að öllu leyti. Það var þá, á því ári, sem bátar komu til landsins, en þeir bátar höfðu verið pantaðir á árunum 1954 og 1955. Núverandi hæstv. ríkis-

stj. getur þess vegna ekki stært sig af því, að fjárfesting í sjávarútvegi hafi aukizt á árinu 1956, því að það, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert í sambandi við fjárfestingu í sjávarútvegi, kemur tæplega fram að verulegu leyti fyrr en á þessu ári. 1957 komu margir bátar til landsins, sem höfðu verið pantaðir í tíð fyrrv. ríkisstj., en þá er fjárfesting í sjávarútvegi 147 millj., sem er að vísu nokkru minna en á árinu 1956, ef miðað er við þá verðhækkun, sem hefur orðið á innfluttum skipum, vélum og öðru slíku, sem sjávarútveginum tilheyrir. En kunnugir menn segja, að á árinu 1958 muni fjárfesting í sjávarútvegi verða mun minni en á árunum 1956 og 1957. Þess vegna undrast ég ekki, þótt hv. 3. þm. Reykv., sem hefur alveg sérstakan áhuga fyrir eflingu sjávarútvegsins, sé óánægður með núverandi hæstv. ríkisstj., þar sem hún stefnir beinlínis aftur á bak í þessum málum, gengur til baka í staðinn fyrir að ganga áfram, enda kom fram hjá þessum hv. þm., að það hefur ekkert verið gert enn þá í togarakaupunum, en það er þó miklu nauðsynlegra nú að gera ráðstafanir til þess að kaupa eitthvað af togurum heldur en í tíð fyrrv. stjórnar, vegna þess að togararnir eldast, og það er vitanlega nauðsynlegt alltaf að gera ráðstafanir til endurnýjunar, ekki sízt eftir því sem árin líða og togararnir eldast. Það er líka réttari stefna í togaramálunum að kaupa 3—4 togara á ári til endurnýjunar heldur en kannske 15—20 í einu og eðlileg og sjálfsögð fjármálastefna að selja elztu togarana, en endurnýja þá smátt og smátt.

Þáttur hæstv. ríkisstj. í sjávarútvegsmálunum ætlar þá að verða anzi linur eins og í flestu öðru. En það stóð mikið til á því sviði, eða minnast hv. alþm. ekki margra slagorða og margra loforða í sambandi við uppbyggingu sjávarútvegsins? Ég tel mjög illa farið, að ekki skuli vera haldið áfram þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. tók í sjávarútvegsmálum og uppbyggingu sjávarútvegsins. Ég tel mjög illa farið, að það skuli vera gengið aftur á bak í þessu efni og fjárfesting í sjávarútvegi skuli jafnvel lækka á þessu ári í krónutali, enda þótt verðhækkanir hafi orðið gífurlegar. Það hlýtur þó að vera eitt, sem við getum verið sammála um, og það er það, að atvinnuvegirnir mega ekki ganga saman. Þeir þurfa að aukast, þeir þurfa að eflast, og það þarf fjölbreyttara atvinnulíf í þessu þjóðfélagi, ef þjóðin á að geta lifað við slík lífskjör sem hún hefur lifað til þessa. Þess vegna er ekki nóg að byggja aðeins upp sjávarútveginn. Við getum ekki lifað á honum einum, við þurfum fleira, við þurfum fleiri máttarstoðir undir þjóðfélagið, ef vel á að fara. Við þurfum öflugan landbúnað, við þurfum öflugan og vaxandi skipastól, aukinn sjávarútveg, en við þurfum líka aukinn og vaxandi iðnað, og iðnaðurinn, sem er ungur í þessu landi, hefur nú þegar gert margt gott og reynzt nýt máttarstoð á margan hátt. En það þarf að efla þennan atvinnuveg, og það þarf hér að taka upp stóriðju og nota fossaflið, sem við eigum í svo ríkum mæli. Við vitum, að í Þjórsá einni eru um 3 millj. hestafla, sem eru ónotuð. Við vitum, að þegar Sogið er fullvirkjað, þá líða ekki nema fá ár, þangað til við búum enn við raforkuskort, þótt ný iðnfyrirtæki komi ekki til. Það þolir þess vegna enga bið, að stórfljót verði tekið til virkjunar, þótt ekki væri nema til þess að fullnægja nauðsynlegri raforkuþörf fyrir heimili og þann iðnað, sem við nú höfum. En við þurfum fjölbreyttara atvinnulíf, við þurfum að taka upp stóriðju í landinu, sem getur orðið til þess að auka okkar útflutningstekjur, skapa gjaldeyri og forða okkur frá þeim gjaldeyrisskorti, sem við búum við.

Og hvernig má þetta gerast? Það verður ekki gert nema með því að fá útlent fjármagn í þessu skyni, útlent fjármagn til þess að virkja í stórum stíl og til þess að byggja hin stóru iðjuver, og samningana um þetta fjármagn þarf að gera á þann hátt, að lánin megi greiða með framleiðslu iðjuveranna. Þetta hafa aðrar þjóðir gert, smáþjóðir hafa gert slíka samninga, hafa komið fótunum undir sitt efnahagslíf á þennan hátt, og þetta þurfum við einnig að gera, og þetta má ekki dragast. Þótt við deilum um margt, þá erum við sammála um það, að við þurfum að útrýma gjaldeyrisskortinum, að við þurfum að tryggja það, að hér skapist ekki atvinnuleysi, og við höfum vitanlega allir gert okkur ljóst, að þjóðinni fjölgar ört, 3—4 þús. manns á ári, 3—4 þús. vinnandi hendur, sem koma á hverju ári. Atvinnuvegirnir mega þess vegna ekki standa í stað. Það er þetta, sem við horfumst í augu við nú, að það þarf að byggja upp atvinnuvegina, auka þá til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, afla meira, svo að þjóðin geti búið við ekki lakari kjör en hún býr við nú, og fámenn þjóð eins og Íslendingar þarf að framkalla þá orku, sem í henni býr og í hverjum einstaklingi. Það er þess vegna nauðsynlegt, að þeir, sem vilja vinna, fái atvinnu, að þeim, sem vilja bjarga sér og reka atvinnutæki, verði ekki hegnt, heldur megi þeir fremur njóta stuðnings og skilnings stjórnarvaldanna, vegna þess að ef einstaklingurinn hefur nokkurt frelsi til athafna og leggur orku sína fram, þá er þar möguleiki til þess, að þjóðin megi verða sterk og sjálfstæð, bæði efnalega og pólitískt. En njóti einstaklingurinn einskis frelsis, sé hann heftur í fjötra, þá er hætt við, að atvinnugreinarnar dragist saman, að þjóðin verði fátæk, að hún verði ekki sjálfri sér nóg. Það er nauðsynlegt, að framleiðslan aukist, að atvinnuvegirnir komist á öruggan starfsgrundvöll, að það verði þannig að þeim búið, að þeir geti starfað styrkjalaust og notið sín að fullu. Það styrkjakerfi, sem nú er búið við, hefur gengið sér til húðar að áliti allra, og þess vegna sýnist vera tími til þess kominn að leggja grundvöllinn að heilbrigðum atvinnuháttum, heilbrigðu atvinnulífi. En núv. hæstv. ríkisstj. gerir það ekki, því miður, segi ég, því að ef henni hefði tekizt það, mundi öll þjóðin njóta þess, eins og öll þjóðin líður fyrir það að búa við ráðleysi og úrræðaleysi núv. hæstv. ríkisstj.

Núv. hæstv. ríkisstj. lofaði miklu, um það leyti sem hún settist að völdum. Hún þóttist hafa ráð á hverjum fingri og geta leyst allan

vanda. Hún ætlaði að leggja fram varanleg úrræði í efnahagsmálunum án samstarfs eða samráðs við Sjálfstfl., og hún ætlaði að gera þetta án þess, að nokkur kjaraskerðing kæmi til greina hjá einum eða öðrum. Þetta voru kosningaloforðin. Þetta var sagt um það leyti sem samstarfinu var slitið við sjálfstæðismenn. Og nú, eftir að hæstv. ríkisstj. er uppvís að svikunum, hafa hæstv. ráðh. hér við þessar umr. komið fram með allmiklum gorgeir og krafizt þess, að Sjálfstfl. kæmi með till. til úrbóta. Ég segi: Þeir hafa komið hér sumir hverjir með allmiklum gorgeir í stað þess að vera auðmjúkir og biðja um fyrirgefningu, biðja afsökunar á því, að þeir gátu ekki staðið við neitt af því, sem lofað var, biðja afsökunar á því að hafa lagt fram það frv., sem við nú erum að ræða um. Eða ber að skilja það svo, að hæstv. ráðh. séu ánægðir með þetta frv., séu ánægðir með að leggja fram frv., sem felur í sér útgjöld 700—800 millj. kr. á ári, en er þó aðeins, eins og þeir sjálfir segja, til bráðabirgða? Það getur tæplega verið. En sjálfstæðismenn hafa ekki lagt fram að þessu sinni till., en þeir munu gera það, þegar sá tími kemur, og það hefur ekki verið búizt við því, fyrr en nú við þessar umr., að hæstv. ríkisstj. kallaði eftir till. frá sjálfstæðismönnum, vegna þess að þeir hafa, hæstv. ráðh., fram á síðustu tíma sagt, að þeir ætluðu að leysa þessi mál án samstarfs við sjálfstæðismenn.

En það má vera, að hæstv. ríkisstj. sé í einhverjum efa um, að þetta frv. hafi meiri hl. í þinginu, eftir að formaður stærsta stuðningsflokks stjórnarinnar hefur borið hér fram nokkurs konar vantrauststillögu með till. um rökstudda dagskrá og lýst sig algerlega andvígan þessu frv., sem hann telur að komi dýrtíðarskriðu af stað, stærri dýrtíðaröldu en nokkurn tíma hefur komið yfir þessa þjóð. Mig undrar ekki, þótt hæstv. ráðh. búist jafnvel við því, að það vanti meiri hl. fyrir frv. í þessari hv. d., og það mun fela í sér skýringuna á því, að þeir nú allt í einu koma og hrópa til sjálfstæðismanna og biðja þá um tillögur, ef þeir séu ekki ánægðir með þetta.

En það er alveg vonlaust fyrir hæstv. ríkisstj. að koma í liðsbón til Sjálfstfl. um þetta frv. Sjálfstfl. mun hvenær sem er ljá góðu máli fylgi, en ekki þessu máli, því að þetta er vont mál. Þetta er, eins og sagt var hér áðan af hv. 3. þm. Reykv. (EOl), mál, sem allur almenningur í þessu landi lítur á sem vandræðamál og skapar almenningi öllum miklar áhyggjur og kippir öryggistilfinningunni frá allflestum. Það er ekki björgulegt að gera ráðstafanir til þess að kippa stoðunum undan atvinnulífinu, eins og gert er með þessu frv., eftir að þjóðirnar hafa verið bundnir ýmsir þungir baggar af núverandi hæstv. ríkisstj.

Ég býst við því, að allir, sem á mál mitt hlýða, hafi heyrt hæstv. ráðh. hrósa sér af því, að þeir hafi verið duglegir að útvega erlend lán, og að vissu marki er slíkt hrósvert, ef lánin eru notuð til nauðsynlegra framkvæmda, til þess að byggja upp atvinnulífið, til þess að skapa gjaldeyri, til þess að auka þjóðartekjurnar. En því miður hefur ekki nema hluti af þessum erlendu lánum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið, verið notaður í þessu skyni. Nokkur hluti af þessum lánum hefur verið notaður til þess að greiða ríkissjóði tolla, nokkur hluti af þessum lánum hefur verið notaður til þess að greiða venjulegan innflutning, — innflutning, sem framleiðsla þjóðarinnar að undanförnu hefur greitt hverju sinni. Og sá hlutinn, sem hefur verið notaður til þess að greiða ríkissjóði tolla og til þess að greiða venjulegan innflutning, er ekkert nema eyðslulán, sem ekki er leyfilegt að taka, vegna þess að það bindur þjóðarbúinu bagga, sem það á erfitt með að rísa undir.

Ég býst við því, að flestir hafi gert sér grein fyrir því, að vaxtabyrðin, sem þetta þjóðfélag verður að standa undir núna, sé orðin allþung, og vaxtabyrðin er öll í frjálsum gjaldeyri. Vextir og afborganir s. l. ár munu hafa numið um 50 millj. kr. í hörðum gjaldeyri, og það er mikið fé. Á þessu ári verður upphæðin allmiklu hærri, 70—80 millj. kr. Á árinu 1958 verður þessi vaxtabyrði enn hærri og allt í hörðum gjaldeyri. En hver er gjaldeyrisöflun þjóðarinnar nú í hörðum gjaldeyri árlega? Ætli hún sé meiri en 500—600 millj. kr.? Er það þá ekki orðinn iskyggilega mikill hluti af gjaldeyristekjunum, sem fer í vexti og afborgun, og verður ekki þetta til þess að þyngja undir fæti með rekstur okkar þjóðarbús? Ég held, að allir séu sammála um það. Um þann hlutann af þessum lánum, sem hefur farið til Sogsins og í sementsverksmiðjuna og að nokkru leyti til rafvæðingarinnar, má segja, að það standi undir sér, vegna þess að það var nauðsynlegt að halda því áfram. En betra hefði verið að geta í stærri stíl notað innlent fjármagn, eins og gert var í tíð fyrrv. ríkisstj., því að þá var uppbyggingin sízt minni en nú, en munurinn var aðeins sá, að þá var unnið fyrir það fé, sem þjóðin aflaði, fyrir það, sem þjóðin sparaði saman, og þá voru erlendar lántökur sáralitlar. En þetta var hægt á þeim tímum, vegna þess að þjóðin hafði trú á þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt var. Þjóðin hafði trú á því, að það borgaði sig að safna fjármagni, og sparifjármyndunin jókst í bönkunum og gerði mögulegt að ráðast í hinar stórfelldu framkvæmdir fyrir innlent fjármagn.

Þetta hefur snúizt við, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Þrátt fyrir strangari hömlur á ýmsum sviðum og meiri erfiðleika hjá fólki að nota sitt fé, þá hefur sparifjáraukningin minnkað, þegar á hinar réttu tölur er litið. En núv. hæstv. ríkisstj. hefur reynt að fegra sinn málstað með því að telja hlaupareikningsinnstæður til sparifjáraukningar, en það hefur aldrei verið gert áður, og hlaupareikningsinnstæður, sem hækka vegna þess, að innflytjendur fá ekki innflutningsleyfi og geta ekki flutt inn vörur, eru ekki sparifjármyndun, og það vita vitanlega allir. Það vita líka þeir hæstv. ráðh., sem eru að reyna að fegra sinn hlut með því að segja, að sparifjármyndunin hafi ekki dregizt saman, með því að telja hlaupareikningsinnstæður til sparifjármyndunar.

Ég hef farið nokkrum orðum um þau bráðabirgðaúrræði, sem felast í þessu frv., og ég hygg,

að öllum hugsandi mönnum sé ljóst, að þetta frv., ef að lögum verður, veldur samdrætti í atvinnulífinu, bæði til lands og sjávar. Það er augljóst með landbúnaðinn, það er augljóst með iðnaðinn, og ég hygg, að þótt þetta frv. eigi aðallega að vera til stuðnings sjávarútveginum, þá geti það einnig orðið sjávarútveginum fjötur um fót, því að enn er eftir að reikna það út, hvaða vit er í því að skattleggja útgerðina til þess að geta styrkt hana, eins og gert er í þessu frv., og enginn vafi á því, að sá skattur og endurgreiðslan, sem ætlað er að koma á styrknum, veldur ósamræmi, kemur niður þar, sem sízt ætti að vera, og getur í mörgum tilfellum orðið til þess að stöðva rekstur margra útgerðarmanna.

Ég hygg, að það sé erfitt að finna þann mann, sem hefur lesið þetta frv., sem í alvöru vill mæla því bót, telja það til gagns, telja það til styrktar framleiðslu og atvinnulífi. En hæstv. ráðh. og stjórnarflokkar, sem að þessu frv. standa, hugsa sér að reyna að berja það í gegn og lengja þannig eitthvað líf núv. hæstv. ríkisstj. En ég er sannfærður um, að þótt það sé einkenni á okkur Íslendingum að deila og koma okkur saman um fátt, þá sé þjóðin nú að sameinast um eitt, sameinast um sannfæringuna á því, að þjóðin hafi ekki efni á því að hafa þá ríkisstj., sem nú situr, öllu lengur.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh., sem mælt hafa með samþykkt frv. um útflutningssjóð, hafa verið með ýmsar fullyrðingar um ágæti þess og þá miklu blessun og bætta fjárhagsafkomu, sem af því muni leiða fyrir atvinnuvegina og allan landslýð, ef samþykkt þess væri tryggð hér á Alþingi.

Mér er óskiljanlegur slíkur málflutningur. Það þarf mikil brjóstheilindi til að halda því fram, að það sé til blessunar fyrir aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, að lagt sé 55% yfirfærslugjald á allar nauðþurftir þeirra. Það á að auka framleiðslu sjávarafurða með því að framkvæma þær aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins að skattleggja allar nauðþurftir sjávarútvegsins með 55% yfirfærslugjaldi.

Á þennan hátt, segir í grg. með frv., á að setja hömlur á ofnotkun veiðarfæra og olíunotkun hjá fiskiskipaflotanum. Þetta er hæpinn málflutningur hjá hæstv. ríkisstj., málflutningur, sem ég veit að muni reynast erfitt að sannfæra íslenzka sjómannastétt um, að með því að stytta línuna, fækka netjum á þorsk- og síldveiðum, spara olíunotkun og að sjálfsögðu að fækka þannig róðrardögum eigi að vera unnt að fá meiri afla á fiskiskipin. Því er beinlínis haldið fram í grg. með frv., að með 55% yfirfærslugjaldinu eigi þessi árangur að nást. Þeir, sem hafa rekstur útgerðar með höndum í dag, leggja ekki trúnað á slíka fjarstæðu, og ég fullyrði, að sjómennirnir okkar séu á sama máli um rökþrot þessarar fullyrðingar í grg. Og til þess að tryggja rekstur fiskiskipanna á svo að leggja 55% yfirfærslugjald á þann gjaldeyri, sem færeyskir sjómenn fá yfirfærðan af aflahlut og kaupi sínu á fiskibátum og togurunum. Ég óttast, að með þessari ákvörðun séu stöðvaðir allir möguleikar íslenzkra útgerðarmanna með ráðningu færeyskra sjómanna á fiskiskipin, sem mun hafa þær afleiðingar óhjákvæmilega, að fjöldi fiskibáta og nokkrir togarar munu verða að stöðva rekstur sinn vegna vöntunar á sjómönnum. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur verið allmikill fjöldi færeyskra sjómanna bæði á fiskibátunum og togurunum nú mörg undanfarin ár, og á vetrarvertíðinni 1957 mun tala þeirra hafa numið um 1400. Það er sagt, að það sé nokkru minna núna á þessu ári, en þó eru það ábyggilega svo margir sjómenn, að það mundu myndast mjög miklir örðugleikar fyrir íslenzku fiskiskipin að bæta það með sjómönnum héðan úr landi, og er ég því mjög hræddur við þær afleiðingar, sem þetta kann að hafa. Ég veit t. d. með togarann Þorstein þorskabít, að á honum eru tólf Færeyingar, sem allir hafa lýst því yfir, að um leið og þetta gjald verður sett á, muni þeir allir ganga í land og fara heim til Færeyja. Og ég er hræddur um, að þannig verði einnig með allan fjöldann, ef ekki hvern einasta Færeying, sem er núna á íslenzka fiskiskipaflotanum.

Þá er samkvæmt 9. gr. frv. gert ráð fyrir 55% álagi á útflutningsgjald sjávarafurða samkvæmt 1. gr. l. frá 1957, en álagið skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands. Þessi vinnubrögð eru fráleit. Hækkunin, sem frv. gerir ráð fyrir á útflutningsgjaldi sjávarafurða, nemur rúmlega 1½%, útflutningsprósentu. Til að tryggja rekstrarafkomu sjávarútvegsins hyggst hæstv. ríkisstj. að leggja á sjávarútveginn ekki einvörðungu 55% yfirfærslugjald, heldur og einnig 55% hækkun á útflutningsgjaldi á sjávarafurðum. Ég held, að þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstj. séu ekki til þess fallin að auka henni traust, hvað sem öðru líður, og var þess þó full þörf.

Það skal viðurkennt, að Fiskveiðasjóður Íslands þarfnast meira fjár til umráða til að geta sinnt þeim margþættu verkefnum í þarfir sjávarútvegsins, sem sjóðnum er ætlað. En ég held, að fáir Íslendingar hefðu lagt trúnað á það, að til að afla fiskveiðasjóði nauðsynlegs fjármagns til sinna þarfa yrði reynt að taka það með þessum hætti, sem hæstv. ríkisstj. leggur til í 9. gr. frv., eða með álögum í formi hækkaðs útflutningsgjalds á sjávarafurðir. Það verður að álykta, að hæstv. ríkisstj. hefði borið skylda til að verja stærri hluta af þeim 500 millj. kr., sem hún hefur þegar tekið af lánum erlendis, til þeirrar stofnunar, sem sér aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, fyrir nauðsynlegum lánum. Það hefðu verið eðlilegri vinnubrögð en það, sem nú er reynt að vinna að í frv., að stórhækka útflutningsgjald á sjávarafurðum til þess á þann hátt að afla fiskveiðasjóði tekna.

Þá hafa hæstv. ráðh. haldið því fram í ræðum, er þeir hafa flutt í sambandi við frv., að með samþykkt þess mundi hefjast stórkostleg þróun í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, útgerðin muni stóraukast og þar með aukin atvinna hjá öllum almenningi og fullar búðir varnings fyrir fólkið. Hins vegar hafa þessir sömu ráðh. haldið því fram, að ef þessar aðgerðir fengjust ekki samþ. hér á Alþingi, mundi

óhjákvæmilega myndast hér mikið atvinnuleysi, svartamarkaðsbrask og tómar sölubúðir.

Svo mörg eru þau orð. Það er hins vegar álit mitt, að þær aðgerðir, sem hæstv. ríkisstj. hyggst að ná fram með samþykkt þessa frv., hafi í för með sér aðra og verri tíma fyrir allan landslýð. Í kjölfar þessara aðgerða hæstv. ríkisstj. mun óhjákvæmilega sigla minnkandi þátttaka í aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, atvinnuleysi og vöruþurrð og þar með svartur markaður í stærri stíl en nokkru sinni hefur þekkzt hér á landi.

Ef það meiddi ekki hæstv. forseta að viðhafa þau ummæli um hæstv. ríkisstj., að hún hafi í þessu máli talað gegn betri vitund, stæði það skapi mínu næst. Hæstv. ráðh. ættu manna bezt að þekkja til aðalatvinnuvega þjóðarinnar. Það gildir sama, hvort rætt er um landbúnaðinn eða sjávarútveginn í þessu efni. Aldrei hefur verið meira um framboð á jörðum en í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Ber að skilja orð hæstv. fjmrh. á þann veg, að þær óeðlilegu kvaðir, sem gert er ráð fyrir með lögfestingu þessa frv. að lagðar verði á bændastéttina, verði henni bættar á annan hátt en þann, er frv. gerir ráð fyrir? Er það spor, sem nú er stigið með þeim gífurlegu álögum á landbúnaðinn, til þess fallið, að bændur landsins uni ánægðari við atvinnurekstur sinn en áður? Ég tel, að það sé ekki ofmælt, að þær álögur, sem frv. leggur bændastéttinni á herðar, hljóti að hafa í för með sér frekari aðgerðir frá bændastéttarinnar hálfu til að hverfa frá hinum þjóðhollu störfum, sem bændur landsins hafa á öllum tímum látið þjóðarbúinu í té, og verði því miður hvatning til enn frekari aðgerða frá þeirra hendi til að yfirgefa jarðir sínar og flytja á mölina í kaupstaði og kauptún landsins. Og eiga svo fulltrúar bænda hér á Alþingi að ljá stuðning sinn við að lögfesta þessar aðgerðir, sem hljóta að hafa í för með sér óheillavænleg eftirköst fyrir landbúnaðinn, atvinnuveg, sem öll þjóðin hefur brýna þörf fyrir að sé rekinn með eðlilegum hætti?

Hæstv. ríkisstj. hefur staðið að samningum um kaup á tólf vélskipum 240 smálesta frá Austur-Þýzkalandi. Atvinnutækjanefnd, sem hefur á hendi á vegum ríkisstj. úthlutun þessara skipa, hefur tjáð mér, að henni hafi borizt miklu fleiri umsóknir um kaup á þessum skipum en tala þeirra nemur. Þá hef ég fengið upplýst, að kaupverð skipanna muni nema um 4.2—4½ millj. kr. Ef lítið eða ekkert af andvirði skipanna hefur verið yfirfært, mun yfirfærslugjaldið hækka verð þeirra um 2.3—2.5 millj. kr. á skip, og verður þá endanlegt verð þeirra ca. 6½—7 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að þessi tólf skip komi til landsins á næstu mánuðum, og eiga þau öll að vera komin hingað heim fyrir áramót. Það hlýtur að valda miklum vandkvæðum fyrir væntanlega kaupendur þessara báta að komast frá kaupum á þeim, þó að mér sé fyllilega ljóst, að þá fyrst harðnar á dalnum, er eigendur þeirra eiga að fara að greiða afborganir og vexti af endanlegu stofnverði skipanna ásamt yfirfærslugjaldinu. Endanlegt kaupverð þessara báta, sem ég hef nú nefnt hér, verður að telja hreina fjarstæðu og þá sérstaklega vegna hins óeðlilega háa yfirfærslugjalds. Það mun nú sýna sig, að væntanlegir kaupendur skipanna munu ekki hafa ráð á að ganga frá kaupunum, nema ríkisvaldið veiti þeim stórvægilega fyrirgreiðslu í einni eða annarri mynd.

Þó að hæstv. fjmrh. hafi rætt hér á dögunum um þau miklu hlunnindi, sem frv. gerir ráð fyrir í sambandi við hækkun á fyrningu á skipum, sem á að vera fólgin í hækkun útflutningsbótanna, koma þau hlunnindi tæplega til greina í sambandi við fyrningu austur-þýzku skipanna, þar sem það má teljast mjög hagstætt, ef útgerð þeirra getur staðið undir vaxtaþunga stofnlánanna og öðrum föstum útgerðarkostnaði skipanna.

Margt hefur stuðlað að því, að sjávarútvegurinn hefur gefið erfiða raun fyrir þá aðila, sem veitt hafa honum forstöðu. Mörg aflaleysisár á síldveiði norðanlands og raunar einnig á Suðvesturlandi og lélegar vetrarvertíðir á þorskveiðum hafa lamað þennan mikilvirka atvinnuveg. Af þessum ástæðum og vegna skorts á skilningi valdhafanna fyrir nauðsyn þess, að sjávarútvegurinn sé rekinn með þeim þrótti, sem þessi atvinnugrein krefst, hefur rekstur hans gengið mjög erfiðlega um langt tímabil, svo að til vandræða horfir. Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki eru yfirleitt fjárvana og hafa því ekki ástæður til margir hverjir að gera skip sín út til fiskveiða hvað veiðarfæri og annan útbúnað snertir með þeim hætti, sem telja verður nauðsynlegt. Þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið hefur orðið að grípa til hvað eftir annað til að forða fiskiskipaflotanum frá því að stöðva reksturinn, að ákveða með lögum að fresta afborgunum af stofnlánum útgerðarinnar við stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóð Íslands, hafa ekki verið til þess fallnar að auka traust lánardrottna á atvinnuveginum.

Þá hafa hin lögboðnu skuldaskil sjávarútvegsins með fárra ára millibili ekki orðið til álitsauka fyrir þá menn og fyrirtæki, sem ríkisvaldið hefur dæmt til að sæta slíkri meðferð. Og það er spá mín, að þær aðgerðir, sem væntanlega verða lögfestar á næstu dögum, ef frv. það, sem hér er til umr., verður samþykkt, séu fyrirboði um stórkostlega hrörnun á sviði alls athafnalífs hér á landi, og mun þó koma þyngst niður á aðalatvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi. Samþykkt frv. mun hafa í för með sér lamandi áhrif á allt framtak, og þó að hæstv. ríkisstj. hafi í umr. hér í hv. d. viðurkennt, að gera megi ráð fyrir, að þessar aðgerðir, sem frv. fjallar um, muni aðeins duga fram á haustið, hefur hún þó reynt að mæla þeim bót sem spori í rétta átt.

Hæstv. sjútvmrh. upplýsti í ræðu, er hann flutti hér fyrir nokkrum dögum í hv. d., að tekjur útflutningssjóðs hefðu numið rúmum 500 millj. kr. á árinu 1957. Hins vegar taldi hæstv. ráðh., að gera mætti ráð fyrir, að tekjur útflutningssjóðs á árinu 1958 kæmu til að nema tæpum 1200 millj. kr., ef frv. það um útflutningssjóð, sem hér er til umr., yrði lögfest. Þessara stórauknu tekna til útflutningssjóðs, sem að sjálfsögðu verða mun hærri en hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, á m. a. að afla með 55%

yfirfærslugjaldi af öllum rekstrarvörum atvinnuveganna. Kemur þetta hvað harðast niður á sjávarútveginum og landbúnaðinum, þó að þeim sé að nokkru bætt með hækkuðum útflutningsbótum á útflutningsafurðirnar. Eftir þá samninga, sem hæstv. sjútvmrh. gerði við Landssamband ísl. útvegsmanna 30. des. s. l., þar sem skýrt var fram tekið, að þeir ættu að gilda fyrir allt árið 1958 hvað snertir þær framleiðsluvörur sjávarútvegsins, sem samningurinn fjallaði um, er ekkert tiltökumál, að útvegsmenn og þeir aðrir aðilar, sem samningurinn tók til, undrist háttalag hæstv. ríkisstj. að rifta samningnum eða líta á hann eins og hann hefði aldrei verið gerður.

Ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi rofið samninginn við L. Í. Ú. frá 30. des. hvað þessi atriði snertir: Í fyrsta lagi að fella niður greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskibátanna frá 15. maí og fram til áramóta, en samningurinn kvað á um, að iðgjöldin skyldu greidd af útflutningssjóði allt árið 1958. Nú hefur fyrsti minni hl. hv. fjhn. gert að sinni till. að heimila útflutningssjóði að greiða vátryggingariðgjöld bátanna fram til áramóta. Hér er raunar aðeins um heimild að ræða, svo að ég hef hugsað mér að gera brtt., sem ég ber þá fram við 3. umr., um það, að þetta verði ákveðið, hér sé ekki aðeins heimild til útflutningssjóðs að greiða þetta iðgjald, heldur verði ákveðið í lögunum, að það skuli greitt. Í öðru lagi, að rn. lofaði að beita sér fyrir því, að lánveitingar og lánskjör bankanna til útvegsmanna yrðu ekki óhagstæðari á árinu 1958 en þau voru á árinu 1957 svo og að samræmdir yrðu vextir og lánskjör þeirra til útvegsmanna. Þrátt fyrir hækkun á fiskverði til hlutarsjómanna og annan aukinn tilkostnað við rekstur útgerðarinnar hefur útvegsmönnum og vinnslustöðvum enn ekki tekizt að fá lagfæringu á útlánum bankanna til samræmis þessum aukna tilkostnaði. Hér er því um hreinar vanefndir að ræða, sem hafa valdið bæði útgerðarmönnum og vinnslustöðvum margs konar erfiðleikum, og verð ég að víta þá framkomu hæstv. ríkisstj., að hún skuli ekki hafa séð um, að þessum málum væri komið í rétt horf. Í þriðja lagi segir í bréfi L. Í. Ú. til hæstv. sjútvmrh., dags. 31. des. s. l., meðal annars, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilboð hæstv. ríkisstj. var lagt fyrir fulltrúafund L. Í. Ú., sem haldinn var í gær, og var gerð eftirfarandi samþykkt í trausti þess, að samningar tækjust milli ríkisvaldsins og fiskkaupenda.

Fulltrúafundur L. Í. Ú. samþykkir fyrir sitt leyti þann starfsgrundvöll fyrir vélbátaútveginn, sem felst í bréfi sjútvmrn., dags. 30. 12. 1957, að því tilskildu, að fjárhagsafkoma vélbátaútvegsins verði ekki rýrð með nýjum álögum af hálfu ríkisvaldsins á árinu 1958 frá því, sem felst í nefndu bréfi.“

Þessu skilyrði var ekki mótmælt af hæstv. rn., enda var hæstv. sjútvmrh. samþykkur því í samtölum við fulltrúa L. Í. Ú. Á þessum forsendum ákvað stjórn L. Í. Ú. að gefa meðmæli sín til allra meðlima innan L. Í. Ú. að hefja róðra strax upp úr áramótunum. Verður að telja, að þar sem hæstv. ríkisstj. neitaði ekki kröfu L. Í. Ú. í þessu efni, hafi hún þar með undirgengizt, að engar breytingar yrðu framkvæmdar á árinu 1958 af hennar völdum, sem rýrðu fjárhagsafkomu vélbátaútvegsins. Við þessa kröfu L. Í. Ú. hefur ekki verið staðið, þar sem frv. það, sem hér er til umr., leggur sjávarútveginum þungar byrðar á herðar, sem stjórn og fulltrúar L. Í. Ú. telja að mikið vanti á að fáist bættar með hækkun þeirri á útflutningsbótum sjávarafurða, sem frv. gerir ráð fyrir.

Auk þess má fullyrða, að vinnslustöðvar og útvegsmenn, sem annast kaup og útflutning á afurðum sjávarútvegsins, verði fyrir allverulegum fjárhagslegum þunga vegna þessara aðgerða hæstv. ríkisstj. Það er sem sé augljóst, að margvíslegur kostnaður og hækkun vinnulauna í sambandi við framleiðslu sjávarafurða frá 1. jan. til 14. maí mun enn eiga eftir að koma á nefnda framleiðslu, án þess að frv. geri ráð fyrir nokkrum bótum til vinnslustöðva eða útgerðarmanna til að standa undir þeim aukna kostnaði, sem frv. hefur í för með sér.

Eins og hæstv. ríkisstj. má vera ljóst, er mikill hluti sjávarafurða af framleiðslu þessa árs enn í vörzlum vinnslustöðvanna. T. d. er öll skreiðarframleiðsla þessa árs enn hangandi uppi á hjöllum. Meginhluti kostnaðar við skreiðarframleiðsluna, svo sem að taka hana niður af hjöllunum, flytja hana í hús, flokka hana og pakka og koma í skip, er enn óframkvæmdur og hlýtur að hafa stóraukinn kostnað í för með sér, ef frv. hæstv. ríkisstj. verður samþ. Það má fullyrða, að í sambandi við þessa grein sjávarútvegsins muni vera eftir sem svarar ⅔ af vinnulaunum og kostnaði. Sumir halda fram, að hér sé um að ræða ¾ hluta eða 75% af kostnaðinum. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að þetta sé bætt á nokkurn hátt. Sama má segja um ýmsar aðrar afurðir sjávarútvegsins, sem framleiddar hafa verið á þessu ári, svo sem saltfiskinn, hraðfrysta fiskinn og fleiri sjávarafurðir. Stór hluti þessara afurða liggur enn hér á landi, og á eftir að hlaðast á þær margvíslegur aukinn kostnaður, án þess að gert sé ráð fyrir því í frv., að sá aukni kostnaður, sem samþykkt frv. hefur í för með sér, verði bættur.

Hér hef ég afrit af bréfi frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, sem einmitt bendir á eina grein þessa atvinnuvegar, sem sé þurrkun saltfisks, sem er töluvert unnið að.

„Reykjavík, 19. maí 1958.

Eftir að hafa fengið í hendur og athugað frv. til laga um útflutningssjóð o. fl. kemur það glöggt í ljós, að hin nýju fyrirmæli munu valda þeim fiskeigendum, sem ætla að þurrka þann saltfisk til útflutnings, sem veiddur er á tímabilinu 1/1—11/5, verulegu fjárhagslegu tjóni af eftirfarandi ástæðum: Öll verkun fisks þessa, sem mun nema um 7—8 þús. tonnum, er framkvæmd á tímabilinu frá 14. maí til miðs vetrar, og eykst því kostnaðurinn við framleiðslu fisksins sem nemur hækkun á eftirfarandi liðum:

1) Olíuhækkun, sem áætlað er að verði um 80 kr. pr. hvert þurrt tonn af fiski.

2) Lögboðin vinnulaunahækkun, sem áætlað er að nemi um 100 kr. pr. hvert þurrt tonn.

3) Hækkun á yfirfærslugjaldi umbúða, pappírs, striga og kassa, áætluð um 40 kr. pr. hvert þurrt tonn.

Auk þess er gert ráð fyrir, að útflutningsgjöld hækki um 55% og e. t. v. yfirfærslugjald á erlendum umboðslaunum og konsúlagjöldum.

Allar þessar hækkanir munu því valda þeim saltfiskeigendum, sem í hyggju hafa að verka framleiðslu sína, tjóni, er nemur 2—3 millj. kr., eftir því sem lausleg athugun hefur sýnt. Þetta er því alvarlegra fyrir útflutning vorn, þar sem nokkrir af félagsmönnum vorum hafa þegar tilkynnt oss, að þeir muni alls ekki verka saltfisk sinn af þessum ástæðum, heldur selja hann óverkaðan úr landi. Verði viðbrögð fiskeigenda almennt á þessa leið, mundi það í fyrsta lagi verulega rýra gjaldeyristekjur þær, sem fengjust fyrir fiskinn, og mikilsverð atvinna tapast hér heima. Og í öðru lagi mundum við ekki geta haldið við þeim mörkuðum, sem unnizt hafa mörg undanfarin ár og skipt hefur verið við. Það er því eindregin ósk vor, að svo verði séð um, að framangreindir kostnaðarliðir á saltfiski þeim, sem veiðzt hefur frá 1. jan. til 14. maí og fluttur er út eftir 14. maí 1958, hækki ekki frá því, sem var fyrir 14. maí, vegna hinna nýju ráðstafana eða að séð verði um, að saltfiskframleiðendum verði á annan hátt bættur sá aukni kostnaður, sem leiðir af hækkun á framangreindum liðum."

Ég geri ráð fyrir, að hvorki hæstv. ríkisstj. né þeir ágætu menn, sem hafa unnið að þessum málum fyrir hana, hafi gert sér grein fyrir þessum afleiðingum, en hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Ef þetta verður ekki bætt á einn eða annan hátt af útflutningssjóði, þá er fyrirsjáanlegt, að þjóðin getur haft mikið tjón af. Það gæti orsakað tap á mörkuðum, sem við höfum unnið mikið upp á undanförnum árum, og mundi valda okkur töluverðu tjóni í sambandi við gjaldeyrismissi. Ég mun því, áður en þessum umr. lýkur, koma með till. í þá átt, að útflutningssjóði verði falið að bæta sannanlegt tjón, sem vinnslustöðvar og aðrir þeir aðilar, sem hafa vinnslu sjávarafurða með höndum, hafa orðið fyrir eða verða fyrir, eftir að þetta frv. hefur verið lögfest. Það á að vera ákaflega auðvelt að færa heim sanninn um það, hvað sá kostnaður er mikill, og verður að teljast sjálfsagt og eðlilegt, að það verði bætt þeim aðilum, sem verða að sæta því að fá þennan aukna kostnað á þessar afurðir.

Allt eru þetta vanefndir í samningi hæstv. ríkisstj. við L. Í. Ú. frá 30. des. s. l., — vanefndir, sem Landssambandið hefur ekki átt að venjast af ríkisvaldsins hálfu í sambandi við slíka samninga á undanförnum árum. Það er álit mitt, að hæstv. ríkisstj. eða trúnaðarmenn hennar, sem samið hafa frv., hafi ekki gert sér grein fyrir þeim afleiðingum um aukinn tilkostnað af völdum frv., sem ég hef hér bent á og einvörðungu snertir þær sjávarafurðir, sem þegar er búið að framleiða. Leiðir af sjálfu sér, að þetta mun verða að lagfæra í meðferð þingsins eða stjórn útflutningssjóðs verði falið að bæta útflytjendum þann aukna tilkostnað, sem samþykkt frv. hefur í för með sér hvað snertir þær afurðir, sem enn liggja hér á landi og ekki eru tilbúnar til að sendast á erlenda markaði.

Ef leggja má trúnað á málflutning hæstv. ríkisstj. varðandi þetta frv. um þá blómaöld, sem á að sigla í kjölfar þess fyrir allan landslýð, er augljóst, að heildartekjur útflutningssjóðs hljóta á þessu ári að fara langt fram úr þeirri upphæð, sem útgjöld hans samkv. frv. koma til að nema. Ég hef raunar heyrt fullyrt eftir trúnaðarmönnum ríkisvaldsins, að gera megi ráð fyrir, að tekjurnar verði hærri en útgjöldin, kannske allt að 100 millj. kr., og virðist því eðlilegt, að reynt sé að ganga lengra til móts við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar í sambandi við útflutningsuppbæturnar. Ég mun því við 3. umr. frv. leyfa mér að bera fram brtt. við frv., sem mætti orsaka nokkra lagfæringu á því til hagsbóta fyrir útflutningsatvinnuvegina og til að leiðrétta misfellur, sem lögfesting þess veldur.

Ég vil að lokum segja þetta: Þegar það er haft í huga, að gert var ráð fyrir, er frv. var lagt fram hér í hv. d., að það færi hraðbyri gegnum þingið, verður að telja það ámælisvert, að í sambandi við 21. og 36. gr. frv. um innheimtu yfirfærslu- og innflutningsgjalda skuli vera vitnað í vissar gr. og kafla tollskrárinnar í stað þess að tilgreina nöfn vörutegunda þeirra, sem þessi gjöld eiga að takast af, annaðhvort í frv. sjálfu eða í grg. þess. Það ættu að vera sjálfsögð vinnubrögð ríkisstj. á öllum tímum að gera sér far um, að frv. þau, sem lögð eru fram á Alþ. í nafni þeirra, séu skýr og greinileg, svo að alþm. þurfi ekki að leggja allt of mikla vinnu fram til að komast að niðurstöðu um innihald frv. eða tilgang þeirra. Ég er ekki að segja, að það sé í eina skiptið nú, sem þessi vinnubrögð séu viðhöfð, en það er full ástæða, að alþm. finni að þessum vinnubrögðum og krefjist, að það séu höfð betri vinnubrögð á þessu í framtíðinni.

Eins og ég tók fram áðan, mun ég við 3. umr. koma með nokkrar brtt. við frv., án þess að ég geri mér beina von um, að þær fáist samþ. hér í hv. d. Ég mun þó gera tilraun til þess með því að bera þær fram, hver sem árangurinn verður. Á þessu stigi málsins hef ég ekki fleira að segja, en ég endurtek þau orð mín, að ég er undrandi yfir þessu frv., hvernig það ber að, og sérstaklega er mér óskiljanlegt, hvernig þeir hv. stjórnmálaflokkar, sem að ríkisstj. standa, treysta sér til þess að leggja þær kvaðir á aðalatvinnuvegi þjóðarinnar eins og gert er með þessu frv. Það er reynt að halda því fram, að þær kvaðir séu bættar upp með hækkuðum útflutningsbótum. En eftir því sem ég hef reynt að gera mér grein fyrir, er víðs fjarri, að þær útflutningsuppbætur geti bætt þann feikilega tilkostnað, sem þessir atvinnuvegir koma til að hafa í sambandi við yfirfærslugjöldin.

Hæstv. ríkisstj. hefur raunar sjálf gefið undir fótinn, að þessar aðgerðir séu ekki til frambúðar. Hæstv. ráðh. hafa gert ráð fyrir, að þessar aðgerðir ættu að duga fram á haustið. M. ö. o.:

hæstv. ríkisstj. telur, að hér sé aðeins tjaldað til einnar nætur og að enn verði að taka þessi mál alvarlegum tökum, er fram á haustið kemur. Það væri óskandi, ef henni entist það langt líf að lifa fram á haustið, að hún geti þá komið með jákvæðari aðgerðir í þessum málum en þær, sem birtast í frv. því, sem við ræðum hér í dag.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram 2 brtt. á þskj. 548 við frv. það, sem liggur hér fyrir til umr. Það er í fyrsta lagi við 21. gr., að b-liður falli niður, þ. e. um yfirfærslugjald á sjúkragjaldeyri og á námsgjaldeyri, og í öðru lagi við 31. gr., að í stað 55% yfirfærslugjalds komi 30% yfirfærslugjald, þ. e. af sjómannagjaldeyri og flugmannagjaldeyri.

Eins og öllum hv. alþm. mun ljóst vera, er það svo, að þegar menn leita til framandi landa til þess að leita sér lækninga, þá er það gert í ýtrustu neyð. Enginn fer það til þess aðeins að fara ferðina, heldur að læknisráði og vegna þess, að menn gera sér von um að fá þann bata, sem þeir gátu ekki fengið heima fyrir. Það er því ljóst mál, að þetta er ekki skemmtiferðalag á nokkurn hátt. Og það er enn fremur öllum mönnum ljóst, að ekki eru það frekar þeir fjáðu en þeir lítt fjáðu, sem verða fyrir því óláni að verða haldnir þeim sjúkdómum, sem menn þurfa oft og tíðum að leita sér lækninga við til framandi landa, vegna þess að hér er ekki aðstaða til þess að veita þeim þá hjálp, sem þeir óska eftir og þurfa á að halda. Við vitum, að allir menn, sem eru með heilbrigða skynsemi og andlega heilir, óska eftir að halda í lífið í lengstu lög og vilja mikið til vinna. Þess vegna er það, að það fólk, sem í þetta ræðst, hleypir sér oft í miklar skuldir til þess að reyna að fá bót meina sinna, og það er vitanlegt, að það mundi verða enn þá þyngri baggi á þeim, ef þetta gjald væri látið vera í þessu frv., sem sennilega verður samþ. hér á hinu háa Alþ. Þessi 30% þyddu mjög aukinn bagga á þessum mönnum, hvort heldur það eru karlar eða konur. Fyrir því virðist mér öll sanngirni mæla með því, að þetta gjald verði fellt niður á sjúkragjaldeyrinum, m. a. vegna þess, að þennan gjaldeyri er alls ekki hægt að misnota á nokkurn hátt. Það hlýtur að vera gert með læknisráði og með vottorði frá lækni, að þeir fara þessar ferðir, og því ekki um það að tala, að hér sé verið að fara til annars en leita sér lækninga í ýtrustu neyð.

Mér virðist það og vera nokkuð ljóst mál, að þeir, sem hafa verið langdvölum á skólum hér, eru langskólagengnir og hafa áhuga fyrir því að leita sér frekari frama erlendis og fara það á stundum af mikilli nauðsyn og löngun til þess að mennta sig meir og vanalegast að ráði hinna vitrari manna, ættingja og vina, að þeir eru ekki allir sérlega vel fjáðir. Þeir eru víst margir hverjir búnir að hleypa sér í miklar og þungar skuldir, þegar til þess kemur, að þeir þurfi að leita út yfir hafið til þess að leita frekari menntunar, og fyrir því er, eins og einnig á hinum sjúku, þungur baggi á námsfólkinu að þurfa að greiða þetta 30% yfirfærslugjald. Og ég er sannfærður um, að þetta gjald getur ekki numið því fyrir ríkissjóðinn, að það muni nokkru, svo að nemi fyrir ríkiskassann, en hins vegar er mikið í húfi fyrir hvern einstakling, sem fyrir þessu verður, enda hafa komið fram ströng mótmæli frá stúdentaráði gegn þessu ákvæði í frv., þar sem þeir skora eindregið á hið háa Alþingi að fella það niður og lýsa því, að þetta sé mikil kjaraskerðing fyrir þá. Og það verður að viðurkenna, að það er satt, það eru þeirra laun, þeir peningar, sem þeir hafa aflað sér með lánum og styrkjum frá foreldrum og ættingjum og bankastofnunum til þess að leita sér þessa aukna frama, og þeir eiga náttúrlega á sínum tíma að skila launum til þjóðar sinnar aftur í aukinni þekkingu og menntun og auk þess greiða skuldina. Fyrir því finnst mér, að öll sanngirni mæli með því einnig, að þessi skattur á námsmenn verði felldur niður.

Þá kem ég að 31. gr. Þar er sagt í grg. fyrir frv., að vegna þess að tekið sé 55% yfirfærslugjald af öllum peningum, sem skipafélögin fá til viðskipta og fyrirgreiðslu erlendis, þá sé nauðsynlegt einnig að taka það af sjómönnunum á skipunum. Ég get ekki skilið, að það sé nauðsynlegt vegna þess, að yfirfærslugjaldið er 55% á öllu því, sem þarf til þarfa skipsins, því að það munu skipafélögin leggja á flutningsgjöldin aftur í hækkuðum flutningsgjöldum. Það leiðir af sjálfu sér, því að annars gætu þau ekki borið sig. Auk þess er þetta gjald, sem hér er talað um, þessi 55% á sjómennina, bein kjaraskerðing þeim til handa fram yfir aðrar stéttir þjóðfélagsins, vegna þess að þeir taka fullan þátt í þeirri auknu dýrtíð, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir til umræðu, hefur í för með sér fyrir alla þegna þjóðfélagsins.

Það er því óhætt að segja, að það er ekki til þess að örva menn að sækja sjóinn eða vera á sjónum að lækka laun þeirra um 16½% fram yfir allar aðrar stéttir þjóðfélagsins, þegar auk þess er talað um að hækka laun annarra um nokkur prósent. En menn hafi í huga, að það, sem hér er lagt til að lækka niður í 30% úr 55%, er ekki vegna þess, að það sé viðurkennt af sjómönnum, að það sé réttmætt að lækka laun þeirra fram yfir laun annarra stétta þjóðfélagsins, heldur er það til þess að koma til móts við það, sem komið hefur hér fram í umræðum á hinu háa Alþingi, að í erlendum gjaldeyri gætu falizt nokkur hlunnindi fyrir þá, sem kunna með gjaldeyrinn að fara. En menn hafi það einnig í huga, þegar þeir eru að tala um þennan erlenda gjaldeyri til handa sjómönnunum, að það er ekkert annað en það, sem stendur í okkar lögum, að þeir skuli fá sín laun greidd í erlendum gjaldeyri þess lands, sem þeir eru staddir í á hverjum tíma, og á því gengi, sem peningar okkar eru skráðir. Á meðan ekki er búið að viðurkenna eða lýsa yfir fullri gengisfellingu, þá er þetta sérstök gengisfelling til handa sjómönnunum og kemur úr hörðustu átt, má segja, þegar um leið er á hinu háa Alþingi verið að flytja frv. um að lækka skatta á sjómönnum og jafnvel gera þá skattfrjálsa til þess að hæna þá að því að sækja sjóinn, svo

að við getum notað okkar menn á sjónum í stað þess að þurfa að sækja til þess erlenda menn. Það væri því öllu skynsamlegra, að hér væri tekið á málinu þannig að skrá þetta yfirfærslugjald aðeins á allt annað en sjómannagjaldeyrinn, en lækka yfirfærslugjaldið á sjómannagjaldeyrinum, eins og lagt er til í þessari till., niður í 30%. Það er m. ö. o. hin útrétta hönd sjómannanna, að þeir fara ekki fram á, að það sé fellt niður algerlega. Þeir álíta sem sé, að þetta sé ekki rétt gagnvart þeim, borið saman við aðrar stéttir þjóðfélagsins. En hins vegar vilja þeir, vegna þess að þeir viðurkenna þá örðugleika, sem þjóðin á í, og vegna þess að þeir viðurkenna þann gjaldeyrisskort, sem í augnablikinu er hér hjá okkur, koma til móts við þá, sem mæla því bót, að þannig skuli vera komið fram gagnvart sjómönnunum, en ekki af því, að þeir viðurkenni réttmæti þess. Ég vil undirstrika það, að það eru lög, að þeir eiga að fá laun sín í erlendum gjaldeyri, og ég vil undirstrika það, að þeir geta krafizt þess vikulega, þeir geta krafizt allra launa sinna í erlendum gjaldeyri, ef þeir eru svo lengi í erlendri höfn. Þeir þurfa alls ekki að biðja um 30% af sínum launum í erlendum gjaldeyri og láta líta á það eins og ölmusu, eins og hér er gert enn þá í okkar þjóðfélagi af misskilningi, af því að menn hafa ekki flett upp í lögunum. En ef menn fletta upp á blaðsíðu 1836, að mig minnir, í lagasafninu, þá munu þeir komast að raun um, að hér er farið með rétt mál.

Ég vil að lokum vænta þess, að allir góðir menn á hinu háa Alþingi skilji, að hér er verið að fara með rétt mál, og skilji, að það er ekki rétt að lækka þessa einu stétt þjóðfélagsins í launum fram yfir aðrar stéttir, því að það mun vera nóg, sem allir taka á sig með þeim álögum, sem frv. felur í sér, sem hér liggur fyrir til umr. og sennilega verður samþykkt. Ég vænti þess, að allir hv. alþm. í þessari d. skilji þetta og sýni það í verkinu með því að greiða atkv. með þessum tveim till. um niðurfellingu á yfirfærslugjaldi á sjúkragjaldeyri og námsgjaldeyri og lækkun yfirfærslugjalds á gjaldeyri til handa sjómönnum og flugmönnum úr 55% í 30%.

Ég held, að ég hafi lítillega minnzt á flugmennina líka. Það er eins með flugmennina og sjómennina, að það eru laun þeirra, sem hér er um að ræða og þeir eins og sjómennirnir geta krafizt í erlendum gjaldeyri, þegar þeir eru staddir þar, og eftir því oftar sem þeir koma þar oftar í sama mánuðinum, því að það er ekki hægt að búast við því, að flugmenn eða sjómenn séu fangar, hvorki í flugvélinni né í skipinu, á meðan þeir dveljast í erlendri höfn. Það vita allir, að sjómannslífið er þannig, að það reynir stundum á þol manna, sem stunda sjóinn, og sérstaklega er það alltaf sagt, og það er mikið rétt, að það reynir mest á fiskimennina. Þegar þeir svo koma í höfn, þá er eðlilegt, að þeir þurfi á því að halda að finna land undir fótum, og það er ekki hægt að gera það erlendis nema með því að eyða peningum, og þess vegna er ekki nema sanngjarnt, að menn fái hluta af launum sínum og jafnvel helzt sem mest greitt í erlendum gjaldeyri, því að það eru lög, eins og ég hef áður sagt. Og eins er það með flugmennina, að þeir eru sams konar lögum háðir og sjómennirnir, að þeir fljúga mikið og starfa mikið, bæði nótt og dag, og það er eðlilegt, að þeir vilji sjá aðra en þá, sem ferðast með þeim í flugvélinni, misjafnlega kjarkgóða, og horfa hver á annan. Þeir þurfa að komast í land til þess að kynnast fólki og sjá borgir og sjá ýmislegt, sem fyrir augun ber, og það geta þeir ekki án peninga. Ég vil því eindregið mæla með því, að þessar brtt. á þskj. 548 verði báðar samþykktar.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 542 felld með 17:3 atkv.

Brtt. 534,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 535 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 534,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 534,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

8.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 534,4 samþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

13.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 534,5 (ný 18. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 541,1 tekin aftur til 3. umr.

20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 548,1 felld með 18:5 atkv.

21. gr. samþ. með 17:1 atkv.

22.—25. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 534,6 samþ. með 19 shlj. atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

27.—30. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 548,2 felld með 17:6 atkv.

31. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 534,7 samþ. með 19 shlj. atkv.

32. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

33.—34. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

35. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 541,2 felld með 17:8 atkv.

36. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

37.—42. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 541,3 felld með 19:8 atkv.

43. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

44.—48. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

49.—51. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

52. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 534,8 samþ. með 20 shlj. atkv.

53. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

54.—55. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 534,9 samþ. með 19 shlj. atkv.

56. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

57.—58. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

59.—62. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:6 atkv.

Á 106. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 565, 535, 541,1, 566, 567, 568).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur ekki unnizt tími til að prenta till., sem hér er borin fram. Það er um aðeins eina gr. frv., sem fjallar um söluskatt. Hún er borin fram af mér og hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og er svo hljóðandi:

„Við 40. gr. Á eftir 1. málsl. síðari málsgr. komi:

Enn fremur er undanþegin gjaldi þessu: a) Efnivara, sem iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki selja í sambandi við iðn sína. b) Vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum.“

Þessi till. er borin fram í tveim liðum, ef einhverjir skyldu vilja greiða öðrum liðnum atkv., en ekki hinum.

Þessi till. fjallar um mál, sem mikið hefur verið til umr. meðal iðnaðarmanna og landsmanna allra að undanförnu. Það veldur því ekki sízt hæstaréttardómur, sem féll í marzmánuði s. l., þar sem raftækjaverkstæði S. Í. S. var gert að greiða ríkissjóði 9% söluskatt og útflutningssjóðsgjald af efnivörum, er verkstæðið hafði útvegað viðskiptamönnum sínum. Með dómi þessum er slegið föstu, að innheimta beri 9% af allri efnivöru, sem iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki láta í té, ásamt vinnu og þjónustu. Hér er um slíkt óréttlæti að ræða, að vafasamt er, hvort heppilegt sé, að löggjafinn mismuni þjóðfélagsþegnunum á þennan hátt, og skal ég nú færa að því nokkur rök.

Ef viðskiptavinur leggur sjálfur til efnið og greiðir vinnulaun, þá er engin skattskylda. Ef verkstæðið útvegar efni af eigin birgðum eða frá öðrum, þótt án álagningar sé, ber að innheimta 9% gjaldið til ríkisins.

Ég vil lýsa, á hvern hátt þessi óréttmæta skattheimta er lögum samkvæmt framkvæmd við húsbyggingar almennt. Verktakar, sem taka að sér slík verk í ákvæðisvinnu, eiga að innheimta hjá viðskiptavininum, eiganda hússins, 9% af allri umsamdri upphæð verksins. Taki verkkaupinn hins vegar starfsmann eða starfsmenn verktaka í beina þjónustu sína, eins og nú er gert í stórum stíl, þá er hann samkvæmt lögum ekki skattskyldur. Hver verður svo útkoman af svona lagasetningu, og hvaða þróun er þetta svo að taka á sig almennt? Verkkaupinn verður sjálfur að vera á þönum í útvegunum, sem hann ber ekki sama skyn á og fagmaðurinn. Ef komið er með bifreið til viðgerðar, verður eigandinn sjálfur að kaupa varahlutinn í verzluninni og afhenda hann viðgerðaverkstæðinu. Húsbyggjandinn verður sjálfur að kaupa rafmagnsefnið í bygginguna, en getur ekki notað fagþekkingu rafvirkjameistarans, nema ríkið komi þar inn á milli með 9% gjald. Hér er því alger öfugþróun á ferð, sem löggjafinn hefur áreiðanlega ekki reiknað með við setningu laganna.

Það er einnig annað mjög alvarlegt, sem þessi lög hafa ýtt undir. Einstaklingar, sem vinna sjálfstæðir sams konar verk og skattskyld eru hjá fyrirtækjum, sleppa algerlega við að innheimta skattinn. Þetta hefur orðið til þess, að slíkar ófullkomnar vinnustofur hafa þotið upp í mörgum iðngreinum, fagmennirnir tvístrazt, oft frá þjóðnýtum störfum, en ríkið misst af sínum skatti.

Sama þróun hefur einnig stórlega farið að gera vart við sig í verksmiðjuiðnaðinum.

Í byrjun ársins 1957 fóru fram viðræður við fjmrn. um þessi mál, án þess að þær leiddu til niðurstöðu, og nú hefur hæstv. iðnmrh. verið skrifað um málið, en að því bréfi standa m. a. Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband S. Í. S. svo og ýmis sérgreinafélög innan iðnaðarins, Landssamband iðnaðarmanna o. fl.

Ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp stutt bréf, sem hefur borizt Alþ. frá Vinnuveitendasambandi Íslands nú 16. maí um þetta efni, en þar segir:

„Aðalfundur Vinnuveitendasambands Íslands, haldinn í Reykjavík dagana 12.—16. maí 1958, leyfir sér að beina þeim eindregnu tilmælum til Alþ. og ríkisstj. að fella niður söluskatt og framleiðslusjóðsgjald af vinnu, þjónustu og efnivörum, sem iðnfyrirtækin láta í té. Reynslan hefur sýnt, að skattheimta þessi skapar hið mesta misrétti og truflar alla samkeppnisaðstöðu fyrirtækjanna gagnvart þeim mörgu, sem taka orðið að sér alls konar iðnaðarstörf án þess að starfa hjá skráðum fyrirtækjum. Auk þess geta umræddir aðilar lagt til ódýrara efni beint frá efnissölum, sem ekki eru söluskattsskyldir.“

Fram komin till. er allra minnsta bót, sem hægt er að bera fram til leiðréttingar á þessu misræmi, og eins og nú er komið, má reikna með, að þessi till. feli ekki í sér nema tiltölulega smávægilega skerðingu á tekjum ríkissjóðs, þar sem landsmenn hafa nú, sérstaklega eftir fyrrgreindan hæstaréttardóm, endanlega vaknað, ekki aðeins til umhugsunar, heldur einnig til varnar þessu herfilega misrétti. Og hver greiðir 9%, ef hann þarf þess ekki samkvæmt lögum?

Ég skal sleppa því nú að ræða um söluskattinn almennt á annarri þjónustu og framleiðslu. Hann er allur herfilega óréttmætur, þótt hér keyri um þverbak. Ég þykist vita, að hæstv. fjmrh. telji sér ekki fært að mæla með algeru afnámi hans nú, enda þótt ég treysti því, að hann og aðrir hv. þm. veiti þessari till. liðsinni.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni í dag, hef ég flutt hér 2 brtt. við frv. til laga um útflutningssjóð, sem hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

1) Við 3. gr. Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum verkun og útflutning afurða, sannanlega hækkun við að fullverka og koma í skip útflutningsafurðum, sem framleiddar hafa verið á tímabilinu frá 1. jan. til 14. maí 1958, umfram það, sem slíkur kostnaður hefði numið fyrir 14. maí þ. á.

2) Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Frá 1. jan. til 31. des. 1958 skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta úr útflutningssjóði. Þó skal sjóðurinn aldrei greiða hærri upphæð

en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Eins og ég tók fram í ræðu minni í dag, þá tel ég hvað fyrri till. áhrærir svo sjálfsagt að verða við henni, að ég trúi ekki öðru en hv. alþm. geti fallizt á hana. Það er sem sé verið að leiðrétta það, að hækkun á vörum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. jan. til 14. maí og hafa margvíslegan kostnað enn þá, bæði pökkun og umbúðir o. fl., sem hækkun sú, sem frv. hefur í för með sér, hlýtur að mæða á, verði bætt úr útflutningssjóði. Ég held, að allir hv. þm. sjái, að hér sé um algert sanngirnismál að ræða, enda er mér kunnugt um, að þetta atriði hefur verið rætt við þá hagfræðinga, sem hafa verið til aðstoðar hæstv. ríkisstj. um þetta frv., og mun álit þeirra vera það, að hér sé um fyllstu sanngirni að ræða.

Önnur brtt., við 18. gr., er um það, að ákveðið sé í löggjöfinni, að vátryggingariðgjöld fiskiskipanna skuli greidd úr útflutningssjóði fyrir allt árið 1958. Ég tel rétt, að það sé ákveðið í lögunum. Það er raunar búið að samþykkja hér í hv. deild heimild fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja fyrir útflutningssjóð að greiða iðgjaldið, einnig fyrir tímabilið frá 14. maí til ársloka, svo að ég geri ráð fyrir, að það muni hafa gildi og hæstv. ríkisstj. muni nota þá heimild. Ég tel þó réttara, að þetta sé tekið ákveðið fram í löggjöfinni, eins og gert var í lögum um útflutningssjóð fyrir árið 1957.

Ég vona, að hv. alþm. geti verið mér sammála um þessar 2 till. og gefi þeim atkv. sitt.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á einu ákvæði þessa frv., því, sem felst í 32. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vinnulaun erlendra ríkisborgara hér á landi til 1. júní 1958 skulu vera undanþegin yfirfærslugjaldi samkvæmt 21. gr. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna án yfirfærslugjalds skulu hafa borizt innflutningsskrifstofunni fyrir lok júnímánaðar 1958. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir vinulaunum án yfirfærslugjalds.“

Nú er það svo, að við landbúnaðinn hér starfa, að ég ætla, nokkuð á annað hundrað erlendir ríkisborgarar, sem Búnaðarfélag Íslands hefur beitt sér fyrir að hjálpa bændum til að ráða hingað til landbúnaðarstarfa. Þessir menn munu flestir vera ráðnir til 6 mánaða. Það kann að vera, að ráðningarnar séu eitthvað til mismunandi langs tíma, en langsamlega flestar þeirra munu taka yfir þetta tímabil. Ráðningartími þessara manna eða flestra þeirra mun því verða útrunninn við mánaðamótin okt. og nóv. Það hefur verið svo um mörg ár, að hingað hafa verið ráðnir erlendir starfsmenn, langsamlega flestir frá Danmörku, til þess að vinna hér að landbúnaði bæði sumar og vetur. Þau kjör hafa þessir menn fengið, að þeir hafa fengið að yfirfæra tæpan helming launa sinna eða um 1000 kr. á mánuði. Venjulegt mánaðarkaup hefur verið 2200—2500 kr. Þessa yfirfærslu hafa þeir fengið án þess, að yfirfærslugjald hafi verið af henni reiknað. Þegar þessir menn, nokkuð á annað hundrað erlendir ríkisborgarar, sem hér starfa nú, voru ráðnir hingað, vissu þeir ekki annað en þessi ráðningarkjör mundu halda áfram. Ég vil þess vegna vekja athygli á því, að ákvæði þau, sem eru í 32. gr. þessa frv. um, að nú skuli lagt 55% yfirfærslugjald á þann hluta launa þessara manna, sem þeir fá yfirfærðan, gera gríðarlega mikinn mun á launakjörum þeirra. Og mér skilst, að afleiðingin af þessu í mörgum tilfellum mundi verða sú annaðhvort, að mennirnir legðu hér niður störf, ef ætti að skerða laun þeirra svo sem hlyti að verða samkvæmt ákvæðum þessa frv., eða þá hitt, að bóndinn, sem þeir starfa hjá, yrði að hækka laun þeirra sem yfirfærslugjaldinu nemur. Þetta er atriði, sem þess vegna er mjög þess vert, að það sé athugað, áður en gengið er frá þessari löggjöf eða endanleg samþykkt er gerð hér á Alþ. á þessu frv.

Ég hefði þess vegna talið, að rétt væri og sanngjarnt og eðlilegt, þar sem svo stendur á, að þessir menn vissu ekki annað, þegar þeir voru ráðnir hingað, en þeir ættu að þessu leyti að sæta sömu kjörum og verið hefur, að þá yrði svo ákveðið í þessu frv., að þetta yfirfærslugjald tæki ekki til þessara manna, sem vinna hjá landbúnaðinum, til 1. nóv. n. k., en þá mun, eins og ég sagði áður, vera útrunninn samningstími flestra þessara manna.

Ég hef þess vegna samið hér brtt. við þessa gr., sem inniheldur það, sem ég nú hef lýst, og er hún við 32. gr., að á eftir 1. málslið bætist nýr málsliður, sem hljóðar svo: „Sama gildir til 1. nóv. 1958 um vinnulaun erlendra ríkisborgara, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa verið ráðnir til landbúnaðarstarfa.“ — Og aftan við síðasta málslið, þar sem sagt er, að eftir þann tíma skuli ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir vinnulaunum án yfirfærslugjalds, aftan við hann bætist: „sbr. þó 2. málsl. þessarar gr.,“ þ. e. þau ákvæði, sem ég nú var að lýsa.

Ég vil þá leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa mína skriflegu brtt. um þetta efni, og af því að ég hygg, að þetta ákvæði frv. hafi ekki verið skoðað svo niður í kjölinn sem vera skyldi, þá mætti máske vænta þess, að hv. fjhn., sem hefur haft þetta frv. til meðferðar hér, vildi athuga þessa brtt., áður en gengið verður endanlega til atkv. um þetta frv. nú við 3. og síðustu umr. þess hér.

Það hafa verið ráðnir hingað til lands erlendir ríkisborgarar til ýmissa annarra starfa og þ. á m. til sjómennsku hér á skipum, en það mun nú standa svo á, að allur meginþorri þessara manna er nú farinn af landi burt, því að ráðningartími þeirra langsamlega flestra var til síðasta lokadags eða til miðs þessa mánaðar, svo að það munu vera tiltölulega fáir erlendir ríkisborgarar, sem nú eru ráðnir til sjómannsstarfa hér. Flestir þeirra munu vera horfnir heim eftir vertíðardvölina á skipum hér og hafa sloppið við yfirfærslugjald. Það er því alveg augljóst mál, að langstærsti hópurinn af erlendum ríkisborgurum, sem starfa hér á landi nú og ráðnir eru hingað um stundarsakir, vinnur einmitt við landbúnaðinn. Þess vegna hefði ég

talið, að það væri fullkomlega réttmætt og í samræmi við það, hvernig búið var að hinum erlendu sjómönnum, að fara fram á þá undanþágu landbúnaðarins vegna, sem lagt er til í þessari minni brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 566 og 568, sem voru of seint fram komnar, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 570) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef hér tvær brtt. að flytja við frv. af hálfu fyrsta minni hl. fjhn., og eru báðar þessar till. fluttar eftir tilmælum hæstv. ríkisstj.

Fyrri brtt. er við 3. gr. frv. og er um það, að b-liður orðist svo: „Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld 55%.“ Þetta felur það í sér, að bæturnar, sem útflutningssjóður greiðir á sumarveidda Norður- og Austurlandssíld, hækki úr 50% í 55%.

Hin brtt. er við 10. gr. og er um umorðun á gr. Eins og gr. er nú í frv., er þar ákveði um, að útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum skv. l. nr. 66 frá 1957 skuli innheimt með 55% álagi, er renni til Fiskveiðasjóðs Íslands. Brtt., sem við flytjum við þessa gr. eftir beiðni ríkisstj., er um, að gr. orðist eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum skv. 1. gr. laga nr. 66 1957 skal innheimt með 65% álagi. Álag þetta renni til Fiskveiðasjóðs Íslands að 11/13 hlutum, til fiskimálasjóðs að 1/13 hluta og að 1/13 hluta til haf- og fiskirannsóknaskips, er ríkisstj. lætur byggja í samráði við fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands.“

Ég tel ekki ástæðu til að láta fylgja neinar frekari skýringar, en leyfi mér að óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessum till., sem eru skriflegar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 571) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hér hefur nýlega verið útbýtt brtt. á þskj. 698, fluttri af hv. 8. þm. Reykv. (SvG), og fjallar hún um breytingar á gildandi ákvæðum um greiðslu söluskatts af efni, vinnu og þjónustu, sem látin er í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum. Ég vil fara fáeinum orðum um fyrri lið till., a-liðinn, þar sem gert er ráð fyrir því, að efnivara, sem iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki selja í sambandi við iðn sína, skuli verða undanþegin söluskatti.

Hér er hreyft við efni, sem verið hefur til athugunar hjá ríkisstj. nú um nokkurt skeið. Málavextir eru þeir, að gildandi reglur um innheimtu söluskatts koma misjafnt og óeðlilega niður á iðnfyrirtækjum, sem selja efni og þjónustu hvort í sínu lagi, og á þetta sérstaklega við um ýmis iðnaðarverkstæði, en þau eru söluskattskyld af verðmæti bæði vinnu og efnis. Ef hins vegar vinnukaupandi leggur efnið til, er iðnfyrirtækið aðeins söluskattskylt af þeirri vinnu, sem það hefur látið í té. Þannig geta hliðstæð iðnfyrirtæki hlotið ójafna samkeppnisaðstöðu eftir því, hvort þau selja efnið eða ekki, og hafa verið nokkur brögð að því, að menn hafi hagað viðskiptaháttum sínum með sérstökum hætti með hliðsjón af þessum reglum um söluskattinn, og er það vissulega óheppilegt.

Það hefur aldrei verið meining með þessum ákvæðum, að þau kæmu ekki jafnt niður. Það hefur að sjálfsögðu verið ætlunin, að lagaákvæðin hefðu sama gildi fyrir alla, sem við þau eiga að búa, og röskuðu í engu og gætu í engu raskað eðlilegu jafnrétti í samkeppni aðilanna. Komið hefur í ljós, að svo hefur orðið við framkvæmd málsins, og einmitt þetta efni hefur verið til sérstakrar athugunar hjá ríkisstjórninni undanfarnar vikur. Iðnaðarmálaráðuneytinu hefur borizt málaleitun frá helztu samtökum iðnaðarmanna hér í Reykjavík, þar sem bent er á þá annmarka, sem á framkvæmd málsins eru, og einmitt í framhaldi af þeirri málaleitun hefur málið verið í sérstakri athugun. En málið er flóknara en svo, að það verði leyst á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Ef þessi till. yrði samþ., þ. e. a. s. a-liður brtt., að undanþiggja alla efnivöru, sem iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki selja í sambandi við iðn sína, þá yrði afleiðingin önnur en sú að bæta þetta misrétti og miklu meiri, því að þá yrði einnig undanþegin efnivara, sem seld er í beinum framleiðslutengslum við þjónustu, svo sem á sér stað t. d. hjá klæðaverksmiðjum, sem selja tilbúin föt, svo sem á sér stað hjá sælgætisframleiðendum, kexframleiðendum, sápuframleiðendum og mörgum fleiri. Það hljóta allir að sjá, að í framkvæmd er ógerningur að undanþiggja efnið í klæðskerafötunum eða verksmiðjufötunum, undanskilja efnið í sápunni, undanskilja efnið í kexinu, efnið í sælgætinu, en hafa aðra kostnaðarliði framleiðslunnar eftir sem áður söluskattskylda, og það er einmitt þessi erfiðleiki, sem hefur gert það að verkum, að þeim, sem um þetta hafa fjallað í fjmrn. og iðnmrn., hefur sýnzt hér vera mikill vandi á ferðum.

Menn hafa fullkomlega opin augu fyrir því, að það misrétti, sem hefur skapazt milli verkstæðanna, milli hinna einstöku handverksmanna eftir því, hvernig þeir haga viðskiptum sínum, er óeðlilegt og hér þarf að ráða bót á. Undanfarið hefur tími ekki unnizt til að finna á þessu lausn, sem sanngjörn og eðlileg þætti, án þess þó að raska algerlega þeim tekjuöflunargrundvelli, sem þessi löggjöf hvílir á. Ég get sagt það, að þetta mál mun verða athugað í sumar, og ég vona, að á því finnist svo eðlileg og skynsamleg lausn, að hægt verði fyrir næsta þing að leggja fram breyt. á ákvæðunum um söluskatt, sem ráði bót á þessu misrétti.

Um seinni liðinn, b-liðinn, er það að segja, að þar er um að ræða eingöngu fjárhagsatriði, eingöngu spurning um það, hvort rýra eigi þann tekjustofn, sem söluskatturinn er, eða ekki, og þessar efnisathugasemdir, sem ég hef gert, eiga því ekki við um hann. En samþykkt a-liðarins mundi í stað þess vanda, sem hann mundi leysa

fyrir verkstæðin, skapa annan vanda jafnmikinn og jafnranglátan fyrir önnur iðnfyrirtæki, og þá er sannarlega ekki vel gert, ef með því að leysa einn vanda er annar skapaður og hann jafnvel enn stærri.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Þar sem hv. fjhn. og hæstv. ríkisstj. hafa komið til móts við till. okkar hv. þm. Siglf. á þskj. 535 um hækkun á sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld, drögum við flm. till. til baka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Nd., 28. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 565, 535, 541,1, 566, 567, 568, 570, 571).

ATKVGR.

Brtt. 535 og 541,1 teknar aftur.
— 571,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 566,1 felld með 18:11 atkv.
— 571,2 samþ. með 19:1 atkv.
— 567 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 566,2 felld með 19:12 atkv.
— 570 felld með 17:13 atkv.
— 568 felld með 17:13 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, SkG, StgrSt, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ.

nei: PO, SvG, ÁkJ, AGuðj, BÓ, IngJ, ÁS, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, EOl.

2 þm. (SÁ, SvbH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Áki Jakobsson: Herra forseti. Með því að sýnt er, að frv. þetta fullkomnar það að leiða efnahagsmál þjóðarinnar út í öngþveiti og lög þessi eru sett gegn vilja mikils meiri hluta verkalýðshreyfingarinnar, sem ríkisstj. í upphafi lofaði að hafa samráð við og taka tillit til í sambandi við lausn efnahagsmálanna, lýsi ég mig andvigan frv. og segi nei.

Björn Ólafsson: Enda þótt ég telji, að ekki verði hjá því komizt að lagfæra það misvægi, sem orðið er í efnahagslífi landsins, álít ég ekki, að þetta frv. fari rétta leið í því efni, og segi því nei.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Með því að fyllsta þjóðarnauðsyn liggur til þessarar lagasetningar og hún er gerð að viðhöfðu samráði við verkalýðshreyfinguna, segi ég já.

Ólafur Björnsson: Með tilvísun til ummæla hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) segi ég nei.

Frv. afgr. til Ed.

Á 110. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 574).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég mun reyna að gera grein fyrir þessu máli í eins stuttri ræðu og ég get komizt af með, enda hefur málið nú verið mikið rætt og fylgir því ýtarleg grg.

Það er raunverulega tvennt, sem er hættulegast í íslenzku efnahagslífi. Það er sá ríkisrekstur á töpum útflutningsframleiðslunnar, sem hafinn var 1946, þegar útflutningsframleiðslan var í raun og veru öll gjaldþrota, og annað atriði, að við höfum það, sem ég veit ekki til að nein önnur þjóð hafi í því formi, sem það er hjá okkur Íslendingum, sjálfvirka vísitölu.

Samkvæmt lögmáli þessarar sjálfvirku vísitölu hefur stöðugt hallað á ógæfuhlið, vegna þess að samkvæmt reglum hennar, sem ég þarf ekki að lýsa fyrir þessari hv. d., orkar hún þannig á fjármálalífið, að kaupgjald, vöruverð og framleiðslukostnaður fer stöðugt hækkandi, og þar af leiðir, að ekki verður hjá því komizt að greiða hærri og hærri uppbætur, eins og gert hefur verið undanfarin ár, á útflutningsframleiðsluna, því að hún ber sig alltaf verr og verr.

Ég ætla ekki að ræða hér um þessa sjálfhreyfivél, sem vísitalan hefur verið og er í íslenzku fjármálakerfi, en það er bersýnilegt, að áhrif vísitölunnar eru fleiri, þó að þau séu í sömu átt, heldur en þau, sem koma fram í þessu atriði, sem ég nú nefndi. Það eru margir af launamönnum, láglaunamönnum, farnir að gera sér grein fyrir því, að vísitalan, sem var sett fyrir láglaunafólk og komið á því til varnar, hefur nú þá verkun, eftir að hún er orðin almenn, að hún dreifir þjóðartekjunum yfir allt þjóðfélagið og þannig, eins og við vitum, skv. reglum hennar, að sá, sem hefur hæst laun, fær tvöfaldar uppbætur við hækkun vísitölunnar, tvöfaldar eða þrefaldar samanborið við láglaunamenn. Þess vegna álíta sumir innan verkalýðssamtakanna, að þetta sé mjög vafasöm aðferð, svo að ekki sé meira sagt, til þess að ná rétti sínum og ná stærri hlut af þjóðartekjunum en þeir hafa núna vegna þessarar almennu dreifingar.

Hækkun sú, sem hefur orðið samkv. þessu lögmáli á öllu í þessu landi, hefur haft það í för með sér, að fjárfestingin hefur verið um of og það m. a. af þeirri einföldu ástæðu, að þeir, sem fyrir henni hafa staðið, hafa eðlilega verið í stöðugu kapphlaupi við vísitöluna. Enn fremur hefur það haft þau áhrif, sem eru skiljanleg, að ásókn eftir útlánum hefur stöðugt farið vaxandi, og þarf ekki að skýra það, að það er auðsætt mál, að oft og einatt bezti atvinnuvegurinn í þessu landi hefur verið að ná sem mestum lánum, vegna þess að það hefur verið nokkurn veginn víst, að það væri hægt að greiða þau með verðminni krónum innan stutts tímabils. Samkvæmt sama lögmáli hafa útgjöld ríkissjóðs stöðugt farið vaxandi.

Ég hef í örfáum dráttum dregið hér upp mynd af þeirri þróun, sem allar stjórnir hafa verið að fást við síðan 1946 með misjöfnum árangri, sem ég ætla ekki að ræða hér að þessu sinni. Af þessum ástæðum m. a. og þeim, sem ég síðar greini, kom það í ljós, að áætlun útflutn-

ingssjóðs, tekjur útflutningssjóðs og tekjur ríkissjóðs stóðust ekki fyrir árið 1957.

Ástæðurnar til þess, að svo fór, voru þær fyrst og fremst, að það var talsverður aflabrestur, enn fremur að það var mikil fjárfesting í landinu, mjög mikil fjárfesting, og innflutningur á ýmsum fjárfestingarvörum var meiri en hann var á árinu áður og hefur verið ýmis ár þar á undan. Í þetta eyddist að sjálfsögðu gjaldeyrir, en tekjurnar af þessum innflutningi, vegna þess að mjög lág innflutningsgjöld eru af fjárfestingarvörum, urðu litlar. Afleiðingin varð sú, að það kom fram samdráttur í innflutningi á þeim vörum, sem hæstu innflutningsgjöldin eru lögð á, og þar af leiðandi urðu tekjur ríkissjóðs og tekjur útflutningssjóðs minni en áætlað hafði verið, og bersýnilegt, að svo mundi verða árið 1958. Á árinu 1958 var ekki hægt að gera ráð fyrir meiri innflutningi en á árinu 1957. Lögboðin gjöld ríkissjóðs hafa hækkað vegna hækkandi vísitölu og vegna aukinnar niðurgreiðslu, sem hefur að vísu komið í veg fyrir það í bráð, að vísitalan hækkaði, eins og ella mundi, og hækkun útflutningsuppbóta var nokkur um áramótin, m. a. vegna aflabrests og vegna þess, að kaup sjómanna var hækkað.

Það, sem kemur í ljós við athugun á þessu ástandi, er það, að uppbótakerfið er komið á það stig, að það verður erfiðara með hverju ári og óhætt að segja með hverjum mánuði að halda uppbótakerfinu áfram og stöðvunarstefnu jafnhliða.

Þetta er af þeirri einföldu ástæðu, sem sérhverjum, sem um hugsar, er skiljanleg, að þegar uppbótakerfið vex, þegar fjármunirnir, sem taka þarf til þess að greiða útflutningsuppbæturnar, hækka ár frá ári, þá er ekki hægt eins og á fyrsta stigi þess að taka nokkra togara, flytja þá inn, leggja á þá há innflutningsgjöld og greiða útflutningsuppbætur með þeirri upphæð einni. Það er auðvitað lögmál þessarar uppbótastefnu, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, eins og ég gerði grein fyrir áðan, að fjárhæðin, sem þarf til þess að greiða útflutningsuppbætur, fer stöðugt vaxandi, og það er ekki hægt að taka þessa fjármuni með innflutningsgjöldum á þær vörur, sem eru taldar minna nauðsynlegar og hafa löngum verið hátollaðar eða með háum innflutningsgjöldum. Afleiðingin verður því sú, að til þess að ná þessum tekjum verður að leggja útgjöldin á þær vörur, sem koma sumpart beint, sumpart óbeint inn í vísitöluna eða valda vísitöluhækkun.

Þegar ríkisstj. stóð frammi fyrir þessum staðreyndum, var spurningin um leiðir, og þær hafa verið athugaðar allgaumgæfilega, jafnframt því sem reynt hefur verið að semja við stéttirnar um þá leið, sem farin hefur verið.

Það kom vitanlega til greina að athuga það að fara svokallaða verðhjöðnunarleið. En ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að flestir hagfræðingar, ef ekki allir hagfræðingar, eru sammála um það, að við erum komnir svo langt á dýrtíðarbrautinni, að sú leið er raunverulega útilokuð nema með því móti að breyta hlutfalli milli verðgildis innlends og erlends gjaldeyris um leið og taka upp, eins og sumar þjóðir hafa gert, nýjan gjaldeyri eða nýja mynt. Þessi leið hefur því af þeim, sem hana hafa athugað, verið útilokuð af þessum ástæðum og af margháttuðum ástæðum öðrum, sem ég ræði ekki að þessu sinni.

Sú leið, sem mikið hefur verið talað um, er gengisbreyting. Það er auðsætt mál, að með því gengi, sem við nú höfum, fá framleiðendur útflutningsvöru miklu lægra verð, miklu færri íslenzkar krónur, þegar þeir selja erlenda gjaldeyrinn, fyrir hann en svarar framleiðslukostnaðinum í landinu. Það er vitanlega reikningsdæmi, sem hefur verið reiknað, hvað mikið á skortir, og það, sem gerist og þarf raunar ekki að skýra hér fyrir þessari hv. þingdeild, er það, að erlendi gjaldeyririnn er hækkaður, þannig að útflytjandinn, framleiðandi útflutningsvörunnar, fái hæfilega margar íslenzkar krónur fyrir erlenda gjaldeyrinn til þess að geta greitt sinn framleiðslukostnað með sæmilegu móti. En sá er galli á þessari leið, að hún ein út af fyrir sig læknar ekki þetta böl og það af þeirri einföldu ástæðu, að um leið og erlendi gjaldeyririnn er hækkaður og um leið og það skeður, að framleiðandi útflutningsvara fær nægilega margar íslenzkar krónur, þá verður sá gjaldeyrir jafnframt dýrari á samsvarandi hátt, sem við þurfum til þess að kaupa erlendar vörur fyrir. Afleiðingin verður þess vegna sú, að útflutningsframleiðslan fær ekki nægilega margar krónur nema í svipinn, því að strax á eftir kemur sjálfvirka vísitalan og breytir kaupgjaldi og framleiðslukostnaði útflutningsframleiðslunnar þannig, að innan stundar fær útflutningsframleiðslan ekki nægilega margar íslenzkar krónur fyrir framleiðslu sína. Þetta skeður jafnt fyrir því, þó að allir séu sammála um að nota þær tekjur, sem hægt er að afla af hátollavörum, til þess að greiða niður lífsnauðsynjar, innlendar og erlendar, eða greiða niður næstum samsvarandi því, sem þessum erlendu vörum er núna hlíft við aðflutningsgjöldum. Ástæðan fyrir því, að þetta skeður, er auðvitað sú, að við höfum hina sjálfvirku framfærsluvísitölu, sem hlýtur að leiða það af sér, að meðan ekki er fallið frá vísitölunni, mundi verða gengisbreyting innan stundar aftur af þeim ástæðum, sem ég greindi áðan.

Stundum hefur sú leið verið nefnd að fara öðruvísi að, og hafa ýmsir erlendir sérfræðingar bent á þá leið sem eina hina einföldustu og skiljanlegustu fyrir allan almenning, sem vitanlega þarf að fylgjast með í þessum málum, til þess að skynsamlega sé á þeim tekið. Reiknað er út og hefur verið reiknað út, hvað miklu dýrari framleiðsla okkar er vegna dýrtíðarinnar í landinu heldur en fæst fyrir hana á erlendum markaði. Ef reiknaður er út þessi mismunur, og ég nefni bara einhverjar tölur, og maður hugsar sér, að það kæmi í ljós við útreikninginn, að íslenzk framleiðsla sé 80% dýrari en nokkur möguleiki er til þess að selja hana til útlanda, þá er ekki um nema tvennt að velja: að borga útflutningsframleiðslunni þessi 80% eða hún stöðvast. Þetta er ákaflega einfalt og skiljanlegt hverjum manni. En til þess að afla tekna til að greiða þessi 80% mundi þurfa að

selja allan gjaldeyri með 80% álagi. Með þessu móti ganga þessar fjárhæðir út og inn um banka, jafna sig sjálfar, þetta jafnar sig sjálft, stendur undir sér sjálft, vigtar sig sjálft, og það er vitanlega stór kostur. Allar atvinnugreinar í landinu eru eins settar, allar framleiðslugreinar í landinu eru jafnt settar. Þeim er ekki mismunað á neinn hátt. Það heldur velli, sem borgar sig bezt o. s. frv.

Þó að farin væri sú leið að nota hátollavörur til þess að greiða niður lífsnauðsynjar, eins og gert er ráð fyrir í því frv., sem liggur fyrir, og allir gera ráð fyrir að mundi verða gert, ef gengisbreyting yrði gerð, þá hækkar vísitalan verulega við þessar ráðstafanir með nákvæmlega sömu afleiðingum og ef gengisbreyting væri gerð. En þá segja ýmsir sem svo, og með þeim árangri mun þessi leið hafa verið notuð annars staðar: Það er alveg skiljanlegur hlutur, að um leið og framleiðslukostnaðurinn hækkar vegna hækkandi kaupgjalds innanlands og hækkandi vöruverðs, þá hækkar prósentan af sjálfu sér, þ. e. a. s. það sé reiknað út venjulega fyrir fram, hún hækkar úr 80 upp í 85, og síðan stendur það nokkurn tíma. Síðan, ef vísitalan er látin verka að nýju, þá verður ný hækkun o. s. frv. Sérfræðingarnir benda á, að þetta sé e. t. v. eðlilegasta leiðin, sem unnt sé að fara til þess, að öllum verði það skiljanlegt, hvernig vísitöluáhrifin eru og hvernig þau verka, og þessi leikur mundi hætta innan stundar, ef það væri lagt fyrir á svo augljósan hátt. En því er ekki að leyna, að þessi aðferð verður okkur dýrari í byrjun a. m. k. fyrir allan almenning og það af þeirri einföldu ástæðu, að með þessu sitja allar útflutningsvörurnar við sama borð, þeim eru greiddar sömu uppbætur. En með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er útflutningnum mismunað nokkuð, þó að tilhneiging sé til þess og verði meiri og meiri, að þessar útflutningsgreinar búi við sama borð. En með því að reikna út, hvað hver útflutningsgrein þarf, og borga minna á Norðurlandssíld, hval og Faxasíld, sparast nokkrir tugir milljóna, sem jafnframt kemur fram í því, að það þarf nokkru minni álögur, sem kallaðar eru, á almenning til þess að framkvæma þetta kerfi, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi, heldur en þessar tvær leiðir, gengisbreytingu og jöfnunarleið, sem ég hef nú nefnt. Hins vegar hefur jöfnunarleiðin marga þætti fram yfir þá leið, sem nú er farin.

Það, sem er tilgangur þessa frv., sem hér liggur fyrir, er því að sjá fyrir hallalausum rekstri ríkissjóðs og framleiðslusjóðs, jafna verðlag milli innlendrar og erlendrar vöru og jafna þann mismun, sem verið hefur á erlendu verði innbyrðis, — enn fremur að örva atvinnulífið, með því að nú getur hver ný atvinnugrein sem er fengið útflutningsuppbætur, svo sem ég kem nánar að. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að allur atvinnurekstur, sem aflar gjaldeyris, fái útflutnings- og yfirfærslubætur, og eins og ég var að enda við að segja eru þannig opnaðar leiðir fyrir nýjum atvinnugreinum, sem voru algerlega lokaðar áður. Flokkar bóta á útflutningsvörur verða þrír skv. þeim breytingum, sem hafa orðið í hv. Nd., 55, 70 og 80. Þar er gerð sú breyting frá því, sem nú er, að sömu uppbætur eru fyrir togara og báta, og sýnir það, sem ég var að ljúka við að segja áðan, þá tilhneigingu, sem er til þess, að útflutningsframleiðslan sæki meira og meira í það að krefjast sömu uppbóta öll. Enn fremur er ákveðið, að greiddar verði 55% yfirfærslubætur á gjaldeyristekjur vegna annars en útflutnings, svo sem á tekjur af siglingum, flugsamgöngum, ferðaþjónustu o. fl., og léttir vitanlega stórkostlega undir með þessum atvinnugreinum. Þessir bótaflokkar fjórir koma í stað núverandi bótakerfis. Vinnsluuppbótum á smáfiski o. fl. er þó haldið áfram í frv. Greiddar verða nú útflutningsbætur á útfluttar afurðir, sem engar bætur hafa fengið til þessa, og — eins og ég sagði áðan — á gjaldeyristekjur af öðru en útflutningi. Þetta eru nýmæli.

Það er í samræmi við meginreglu frv., að greiddar skuli bætur á keyptan gjaldeyri, að frv. gerir ráð fyrir yfirfærslugjaldi á allan seldan gjaldeyri. Menn munu kalla þetta ýmsum nöfnum, þetta frv. og þ. á m. þetta atriði, álögur eða gengisfellingu, en um það hirði ég ekki að ræða.

Í stað þeirra yfirfærslugjalda, sem bankar og tollyfirvöld innheimta af mestum hluta innflutningsins og af duldum greiðslum, koma 30 eða 55% yfirfærslugjald í bönkum af öllum yfirfærslum og enn fremur innflutningsgjöld, sem tollyfirvöldin innheimta af nokkrum hluta innflutningsins, sem hafa verið greidd mjög há innflutningsgjöld af til þessa, en það er gert til þess, eins og augljóst er, að jafna metin.

Með þessu frv. er farin miðlunarleið milli þeirra leiða, sem ég nefndi áðan, og gamla uppbótakerfisins. Ég fullyrði, að það er stigið mjög stórt skref áleiðis að markinu, en hvort tekst að stiga það næsta, það ætla ég ekki að spá neinu um. Það eru að sjálfsögðu ýmsir gallar á þessari leið, sem valin hefur verið, m. a. sá, að það er alltaf hætt við því, að þegar notað er kerfi, sem ekki vegur sig sjálft, þá sé tilhneiging til þess, eftir að reiknaðar hafa verið út þær útflutningsuppbætur, sem þarf, að draga úr álögunum, sem á móti þurfa að koma, meira en varlega getur reiknazt. Og því er ekki að leyna, að þegar gengið var frá samningu þessa frv., þá var reynt til hins ýtrasta að hafa álögurnar sem minnstar, og getur það óneitanlega reynzt þessu kerfi nokkur hætta.

Þetta og fleira eru vitanlega ókostirnir. Það verður sennilega erfitt að finna leiðir, sem hafa einhverja kosti, út úr þeim ógöngum, sem við erum komin í, en kostirnir eru þeir, að það eykst ákaflega mikið samræmið milli innlends og erlends verðs. Það er margs konar iðnaður innlendur, sem hefur stórkostlegan ávinning af þessu frv., bátasmíðar, skipaviðgerðir og ýmislegt fleira.

Eins og ég nefndi áðan, þá er ýtt undir nýjan atvinnurekstur, sem ekki hafa verið neinir möguleikar til þess að stofna til til þessa undir því gamla uppbótakerfi, sem — eins og við vitum — studdi eingöngu landbúnað og sjávarútveg. Það er enn fremur létt undir með utanlandssiglingum og flugsamgöngum.

Ég sagði áðan, að ég mundi engar getur að því leiða og engu um það spá, hvernig tekst með framhald þessara mála. En ég fullyrði, að það hefur verið með þessu máli, ef að lögum verður, farinn allstór og ég vil segja stór áfangi í rétta átt. En eins og ég minntist á í upphafi máls míns, þá er það orðið augljóst mál, að hvaða leið sem verður farin í efnahagsmálunum, þá er það augljóst, að sú leið verður ekki farin, svo langt sem dýrtíðin er komin á sinni braut, nema með því móti, að það hækki verulega framfærsluvísitöluna og setji dýrtíðarsjálfhreyfivélina í gang að nýju, nema sérstakar aðgerðir komi til. Þetta er vitanlega algerlega komið undir því, hvaða afstöðu stéttirnar, sem mestu ráða um þessi mál, taka til þessara mála.

Eins og kemur fram í frv. og ég því minntist sérstaklega á, þá er gert ráð fyrir 5% kauphækkun. Það samsvarar 9 vísitölustigum. Fyrir útflutningsframleiðsluna er gert ráð fyrir uppbótum, sem samsvara þessari kauphækkun. Þessi 9 vísitölustig, sem launþegarnir fá nú þegar í 5% kauphækkun, verða að sjálfsögðu ekki reiknuð með í vísitölunni. En svo reiknast til, að þegar líður að hausti, þá verði komið að þessum 9 vísitölustigum eða þar um bil. Þess vegna getur ekki hjá því farið, að eftir það komi fram nokkrar hækkanir, og þá er spurningin um það, hvort stéttirnar, sem mestu ráða um þessi mál, telja sér hagkvæmt að taka vísitöluspóluna — eins og hún hefur verið kölluð — taka hana úr sambandi og finna nýjar reglur eða setja hana í gang aftur með þeim afleiðingum, sem ég hef lýst og ekki verður komizt fram hjá. Það mál tilheyrir framtíðinni, og ég skal ekki ræða um það nánar.

En þó að þessi hv. þd. eigi að sjálfsögðu rétt á því að eyða sínum tíma til þess að afgreiða þetta mál, eftir því sem alþm. álíta nauðsynlegt, þá vil ég nú óska þess, biðja alþm. þess, að þeir reyni að flýta fyrir þessu máli, eftir því sem unnt er. Það er ákaflega bagaleg sú lokun fyrir tollafgreiðslur, sem verið hefur, meðan þetta frv. hefur verið hér alllengi á döfinni, án þess að ég sé nokkurn sérstaklega um það að saka. Ég vil þess vegna vona, að hv. alþm. verði við þeirri beiðni að afgreiða þetta mál eins fljótt og þeir sjá sér frekast fært.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú varla talið óeðlilegt, að ég láti til mín heyra í sambandi við þær umræður, sem hér fara fram um þetta mál, svo mjög sem um mína afstöðu og annarra skoðanabræðra minna í verkalýðshreyfingunni hefur verið rætt hér í hv. Nd. við þær umr., sem þar hafa farið fram um málið til þessa.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa mjög veitzt að hæstv. núverandi ríkisstj. fyrir að hafa borið meginefni þessa frv. undir fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og talið, að Alþ. væri misboðið með slíkri málsmeðferð, jafnvel látið orð að því liggja, að verið væri að færa löggjafarvaldið frá sjálfri löggjafarsamkomunni, þar með væri verið að skerða þingræði stjskr. og koma í veg fyrir lýðræðislegar starfsaðferðir, svo að nokkuð sé nefnt.

Ég tel þetta í hæsta máta rangtúlkun. Annars vegar er veitzt að ríkisstj. fyrir að standa ekki við gefin fyrirheit um samráð og samstarf við hinar vinnandi stéttir. En geri ríkisstj. hins vegar tilraun til þess, að slíkt samstarf eða samráð sé viðhaft eða könnuð afstaða verkalýðshreyfingarinnar til svona veigamikils máls, áður en það er flutt, þá er henni allt að því brugðið um stjórnarskrárbrot. Þetta er að mínu viti að leggja ofurkapp á það eitt að sverta störf stjórnarinnar í augum almennings og missir marks að mínu viti, því að hvort tveggja getur ekki farið saman.

Ég álít það vera höfuðnauðsyn hverrar ríkisstj. að hafa svo náið samstarf sem verða má við hver þau samtök, sem hlut eiga að máli hverju sinni, og kynna sér afstöðu þeirra, áður en slík lög eru sett, sem hér er flutt frv. að. Í þessu tilfelli var því ógerningur annað en kanna hug verkalýðssamtakanna, ásamt ýmsum öðrum samtökum, hvað og gert var.

Nú síðustu daga hafa fjölmenn samtök, eins og samband verzlunarmanna, kvartað undan því, að fulltrúar frá þeim samtökum hefðu ekki átt þess kost að fylgjast með undirbúningi málsins, og verður það að teljast réttmætt. Hér er um stærra mál að ræða en svo, að hægt sé að eiga það á hættu, að það verði pappírsgagn eitt vegna andstöðu hlutaðeigandi aðila. Það hefði staðið mun nær minni skoðun, ef hv. stjórnarandstæðingar hefðu fundið að því, að þetta samráð og samstarf hefði ekki verið nægjanlega víðtækt og áhrifa þeirra aðila, sem til var leitað, gætti ekki eins og skyldi, þar sem til þessara aðila hefði ekki verið leitað, fyrr en málið var komið á lokastig.

Við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið tvö s. l. ár, gætti áhrifa verkalýðssamtakanna mun meir við allan undirbúning mála en nú, og það gerði gæfumuninn á afgreiðslu þessarar stefnu í hópi fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar nú miðað við þá afstöðu, sem áður hafði verið tekin.

Skal nú nánar vikið að ástæðum þess, að ekki náðist full samstaða fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar til þeirrar stefnu, sem í frv. þessu er mörkuð.

Hv. stjórnarandstæðingum hefur af nokkuð eðlilegum ástæðum orðið tíðrætt um þann skoðanamun, sem fram kom í hópi hinna fyrrnefndu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, sem á síðasta þingi Alþýðusambandsins voru einróma til þess kjörnir að taka fyrir hönd samtakanna á milli þinga afstöðu til slíkra mála, er hér um ræðir. Samkvæmt þessari ákvörðun Alþýðusambandsþings skyldu með þetta ákvörðunarvald samtakanna fara miðstjórn Alþýðusambandsins og 19 menn aðrir. Þessir 19 menn voru valdir úr þáverandi formannahópi flestra fjölmennustu verkalýðsfélaga innan samtakanna.

Ályktun um þessa skipan mála er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Fyrir liggur, að Alþingi og ríkisstj. hljóti á næstu vikum að lögfesta og framkvæma mikilvægar aðgerðir í efnahagsmálum til tryggingar höfuðatvinnuvegum hennar. Ljóst er, að það varðar mjög afkomu og lífskjör allrar alþýðu, hvernig til tekst um þessa löggjöf og framkvæmd

hennar. Með tilliti til þessa og þeirrar yfirlýsingar núverandi ríkisstj., að fullt samráð skuli haft við verkalýðshreyfinguna um lausn efnahagsmálanna, samþykkir 25. þing Alþýðusambands Íslands að kjósa nefnd, sem ásamt miðstjórn sambandsins komi fram sem fulltrúi verkalýðssamtakanna gagnvart ríkisstj. í samræmi við stefnu Alþýðusambandsins, eins og hún er mörkuð í samþykktum þessa þings."

Hvernig voru svo sjálfar samþykktir Alþýðusambandsþingsins um efnahagsmál? Í þessum samþykktum segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„25. þing Alþýðusambands Íslands lýsir yfir óskoruðu fylgi við þá stefnu núverandi ríkisstj. að stöðva verðbólguþensluna og fagnar þeirri yfirlýsingu hennar, að samráð skuli haft við verkalýðshreyfinguna um lausn efnahagsmálanna og engar ráðstafanir skuli gerðar, sem verkalýðshreyfingin ekki sættir sig við. Þingið lýsir því yfir, að við aðgerðir þær í efnahagsmálum, er nú standa fyrir dyrum, er það algert lágmarksskilyrði verkalýðshreyfingarinnar, að ekkert verði gert, er hafi í för með sér skerðingu á kaupmætti vinnulaunanna, og að ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna, svo sem með gengislækkun eða hliðstæðum ráðstöfunum."

Að athuguðum þessum samþykktum má öllum vera ljóst, að verkalýðsfulltrúunum var mikill vandi á höndum hafandi það veganesti, er í ályktun þessari felst.

Í höfuðatriðum var þó samkomulag um hin almennu atriði ályktunarinnar, en niðurstöður hennar voru menn ekki á einu máli um. Fulltrúarnir voru sammála um, að með frv. þessu væri í veigamiklum atriðum vikið frá þeirri verðstöðvunarstefnu, sem farin hefur verið nú síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum og verkalýðssamtökin hafa stutt og vildu styðja áfram. Jafnframt voru menn á einu máli um, að afleiðingar þessara ráðstafana yrðu meiri verðhækkanir en átt hafa sér stað síðustu þrjú missirin. Fyrir þennan fund þessara fulltrúa hafði miðstjórn Alþýðusambandsins samþykkt það atriði eitt út af fyrir sig, að í stað næstu 9 vísitölustiga, kæmu þau ekki til greiðslu á vinnulaun, yrði nú þegar lögfest 5% grunnkaupshækkun.

Þá var samkomulag um að fagna fyrirheiti ríkisstj. um lögfestingu lífeyrissjóðs fyrir togarasjómenn og að gerðar yrðu nokkrar breytingar á skattalögunum láglaunafólki í hag. Einnig var með sérstakri ályktun einróma fagnað því, sem þegar hefur verið lögfest af félagslegum umbótum í stjórnartíð núverandi ríkisstj.

Í þessum fulltrúahópi var hins vegar ágreiningur um það, hvort telja bæri, að þessar ráðstafanir hefðu á ýmsan hátt hliðstæð áhrif og gengislækkun, en því hélt minni hluti fulltrúanna fram, eins og skýrt hefur verið frá í dagblöðum. Aðalágreiningurinn var þó, eins og ég greindi frá áður, um niðurstöður ályktunarinnar.

Niðurstöður þeirrar ályktunar, sem samþykkt var með brtt. fyrrnefndu, voru svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Að þessu athuguðu og jafnframt vegna annarra mikilvægra verkefna fyrir afkomu og lífskjör íslenzkrar alþýðu í framtíðinni, sem úrlausnar krefjast nú, leggur nefndin og miðstjórn Alþýðusambands Íslands til, að verkalýðshreyfingin vinni ekki á móti eða torveldi framgang tillagnanna."

Niðurstaðan í okkar till., sem í minni hl. urðum, var hins vegar svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambands Íslands vísa því frá sér þeim till. um ráðstafanir í efnahagsmálum, er nú liggja fyrir, þar sem þær eru ekki í samræmi við það, er síðasta Alþýðusambandsþing heimilaði þessum aðilum að semja um."

Af þessu, sem ég nú hef sagt, ætti að vera ljóst, hver hinn raunverulegi skoðanamunur var í fulltrúahópnum. Hv. stjórnarandstæðingum hefur orðið mjög tíðrætt um úrslit atkvgr. þessara till. Hið sanna er, að brtt. fyrrnefnda var samþykkt með eins atkvæðis mun, 15:14 atkv. Hæstv. félmrh. hefur einnig skýrt frá því við umr. í Nd., að á þessum fundi hafi komið fram brtt. um, að í stað orðanna „vísa því frá sér" í till. okkar í minni hl. kæmu orðin „mótmæla því", en hafi verið felld með öllum atkv. gegn einu, og þetta er einnig rétt.

Ég hef hér reynt að telja fram það, sem ég veit sannast og réttast um afstöðu þess fólks, sem þennan fulltrúahóp myndaði, og vona, að þar með sé öllum efasemdum um þessi atriði bægt frá.

En hver var þá ástæðan til þess, að ekki náðist nú öruggari samstaða innan verkalýðsfulltrúanna en hér var raunin á og áður hefur verið á minnzt? Í fyrsta lagi fannst ýmsum þar, að málið kæmi of seint til álita verkalýðshreyfingarinnar og nánast þannig, að hún fengi þar engu um breytt og enga aðstöðu til þess að gera till. til breytinga. Í hin fyrri skipti hafði þó verið tekið tillit til ýmissa brtt. frá þessum aðilum, enda náðist þá betri samstaða um málið og eindregnari stuðningur þessara verkalýðsfulltrúa.

Í öðru lagi er nú gert ráð fyrir allverulegum hækkunum á t. d. byggingarefnum og hráefnum til verksmiðjuiðnaðarins, án þess að nokkur vissa sé í dag fyrir því, að aukið verði rekstrarfé til iðnaðarins, þ. e. a. s. verksmiðjuiðnaðarins, eða aukið fé til útlána í veðlánakerfi húsnæðismálastjórnar. Frá atvinnulegu sjónarmiði virðist hér því stefna hraða leið til minnkandi atvinnu, þegar kemur fram á haustmánuði eða undir næstu áramót og áhrifanna fer verulega að gæta. Það er óþarft að rekja hér, hvað rekstrarfjárvandræðin hafa torveldað eðlilega þróun íslenzks verksmiðjuiðnaðar, til þess eru dæmin of augljós. Þær verðhækkanir á hráefni, sem af samþykkt frv. þessa leiðir, hljóta því óhjákvæmilega að kalla á meira fjármagn, aukið rekstrarfé eða stöðvun ella.

Það er mjög bent á það, að hin erlenda iðnaðarvara fullunnin muni hækka meira en hráefni til iðnaðarins og þannig veita honum vernd. En mér verður spurn: Hvað stoðar það, ef stórlega dregur úr framleiðslu hins innlenda iðnaðar?

Bygging íbúðarhúsnæðis hefur verið með allra mesta móti s. l. 2 ár hér á Faxaflóasvæðinu og þó mest í Reykjavík og nágrenni. Vel hefur því

miðað í áttina um lausn þessa mikla vanda. Af ýmsum hagfræðingum, er unnið hafa að rannsókn efnahagsmála undanfarin ár, hefur verið komizt að þeirri niðurstöðu, að húsaverð og verð leiguhúsnæðis sé ein helzta undirrót vaxandi verðbólgu undanfarinna ára. Það má því augljóst vera, að frá því sjónarmiði einu er mikil nauðsyn á lausn þessa vandamáls. Minnkandi framboð leiguhúsnæðis og húsnæðis til sölu hlýtur að vefa þráðinn í verðbólgunetið á ný. Þeir, sem minnst hafa fjárráðin, verða fyrst í þetta net veiddir. Og hvert er svo þetta fólk, sem hér á hlut að máli? Hinn 1. apríl s. l. lágu fyrir 1518 umsóknir um íbúðalán hjá húsnæðismálastjórn til íbúða á öllum stigum, og ætti að fullnægja lánaþörf þessa fólks, sem varlega er áætlað 8—10 þús. manns, miðað við 5—7 fjölskyldumeðlimi, vantar um 85 millj. kr. nú þegar, og er þá ótalin fjárþörf byggingarsjóðs Búnaðarbankans til bygginga í sveitum á þessu ári, sem vart mun vera undir 12 millj. kr. Tala þess fólks, sem svo byggir afkomu sína á vinnu við þessar byggingar, iðnlærðra og óiðnlærðra, er óljósari, en þar er einnig um nokkrar þúsundir manna að ræða.

Með því að allar áætlanir um tekjustofna veðlánakerfisins standist, það sem eftir er ársins, þá munu geta orðið til um 14 millj. kr. til úthlutunar, og er þá ekki gert ráð fyrir öllum þeim umsóknum, sem daglega streyma inn til húsnæðismálastofnunarinnar á hverjum degi, síðan fyrrnefnd athugun var gerð og til þess tíma, að næsta úthlutun fer fram.

Sú hækkun, sem frv. þetta gerir ráð fyrir á byggingarefni, mun stórlega auka lánsfjárþörf þessa fólks. Þegar hins vegar er tillit til þess tekið í fyrsta lagi, að engin svör hafa fengizt um, að tryggt verði viðbótarlánsfé til húsnæðismálastjórnar, í öðru lagi, að meginhluti þess fólks, sem hér um ræðir, er með miðlungstekjur og lægri, og ljóst er, að margir hljóta að heltast úr lestinni og verða að hætta, í þriðja lagi, að aukast mun stórlega á hina ónotuðu fjárfestingu í hálfbyggðum húsum, þá er ómögulegt að komast fram hjá þeim eðlilegu afleiðingum slíks ástands, að áður en langur tími líður mun hvort tveggja fylgjast að: aukinn húsnæðisskortur og alvarlegur samdráttur í atvinnulífi byggingarmanna. Það væri rangt að vita þetta, en halda því leyndu.

Nú þekki ég vel svörin sem oftast eru fram borin við þessum atriðum: Fjárfestingin er þjóðfélaginu um megn. Við höfum ekki efni á svo mikilli fjárfestingu o. s. frv. — Nú ætla ég mér ekki að hrekja þessar umsagnir okkar hagspekinga á undanförnum árum, sem sjálfsagt eru vandlega fundnar. Hinn sívaxandi fjöldi hálfbyggðra húsa, sem hafa verið frá 1 til 5 ár í byggingu, er hins vegar staðreynd. Og væri ekki hreinna að stemma á að ósi og banna þessu fólki að byrja á því að byggja hús í stað þess að draga úr byggingarframkvæmdum með lánsfjárskorti og auka þannig enn á tölu hálfbyggðra og ónýttrar fjárfestingar?

Þörfin fyrir stórum aukinn fjölda íbúða er einnig staðreynd. Það er og staðreynd, að efnivörur til bygginga í dag eru almenn neyzluvara og þá helzt fólks með meðallaun og minna.

Ég vitnaði til þess hér áðan, að okurleiga og okurverð húsa hefði verið talið til helztu orsaka verðbólguþróunarinnar á undanförnum árum. Þegar haft er í huga ástand þessara mála nú, lánsfjárskorturinn og svo hækkun sú, sem frv. þetta gerir ráð fyrir á byggingarefni, án fyrirheits um útvegun lánsfjár, þá sýnist mér, að ekki muni líða langur tími, þar til afleiðinganna fer að gæta á ný.

Með því, sem ég nú hef sagt, eru athugasemdir mínar þessar:

1) Frv. sem heild er fráhvarf frá þeirri verðstöðvunarstefnu, sem verkalýðssamtökin vildu styðja og hafa lýst fylgi sínu við.

2) Lánsfjárþörf verksmiðju- og handverksiðnaðar stóreykst vegna hækkaðs tilkostnaðar.

3) Engin svör liggja fyrir um, hvernig á að mæta þessari auknu lánsfjárþörf, þrátt fyrir það að ríkt hefur verið eftir leitað.

4) Áhrifin af hækkun efnivara til byggingariðnaðar munu verða alvarlegur samdráttur í byggingariðnaði, sem gæta mun þegar um áramót og í byrjun næsta árs.

Af framantöldum ástæðum mun ég ekki stuðla að samþykkt frv., heldur greiða atkv. gegn því.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er vegna þess, að hv. 6. þm. Reykv. er ekki mættur, sem ég ætlaði að segja fáein orð hér nú að þessu sinni.

Ég minnist þess, að þegar stjórnarblöðin voru í vetur að þjarka um það, hvaða leiðir mundu líklegastar í efnahagsmálunum, var því þráfaldlega haldið fram í Tímanum, blaði Framsfl., að uppbóta- og styrkjaleiðin hefði gengið sér til húðar, um þessa leið væri því ekki að ræða lengur. Aðalorsakir þess, að þessi leið væri ófær, voru þær að sögn stjórnarblaðsins, að leggja þyrfti svo miklar álögur á þjóðina, að hún fengi ekki undir risið. Ég hygg, að í aðalatriðum sé þessi skoðun rétt. Uppbótaleiðin er fær að vissu marki, en þegar hún fer að verða meginstoðin undir atvinnurekstrinum árum saman og alltaf vex sú fúlga, sem krefja þarf þjóðina um til stuðnings atvinnuvegunum, þá hlýtur að því að reka, að boginn bresti.

Lítum á þróunina, eins og hún hefur verið þann stutta tíma, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Talið er, að álögurnar, sem lagðar voru á þjóðina með „jólagjöfinni" svonefndu í árslok 1956, hafi numið 300—350 millj. kr., og með frv. því, sem hér liggur fyrir, á að bæta nýjum álögubagga á þjóðina, sem nemur um 800 millj. kr. Þetta verða samtals 1100—1200 millj. kr. á þessum stutta tíma. Ég spyr: Fær þetta staðizt? Er boginn ekki þegar brostinn? Getur þjóðin risið undir þessum bagga?

Augljóst er, að hinar gífurlegu tollahækkanir og álögur, sem ráðgerðar eru í frv., hljóta að hafa í för með sér stórkostlegar verðhækkanir á flestum vörum. Afleiðing þess verður nýtt dýrtíðarflóð, sem hlýtur að bitna á atvinnuvegunum og þjóðinni í heild. Stjórnarflokkarnir vilja sem minnst gera úr þeim hækkunum á verðlagi, sem þetta frv. hlýtur að leiða af sér, en það sjá allir, sem opin augu hafa, að slík staðhæfing fær ekki staðizt.

Ég vil nú leyfa mér að benda á nokkur dæmi um hækkanir, sem leiðir af þessu frv., ef að lögum verður.

Dráttarvélar hækka um 35.2%. Ég vildi í þessu sambandi geta þess, að þeir voru þó nokkuð margir, bændur í Vestur-Skaftafellssýslu, sem höfðu pantað dráttarvélar þessu sinni, greiddu þær að fullu snemma í vetur eins og aðrir landsmenn, og féð hefur legið á banka síðan vaxtalaust. Þeir hafa allir með tölu kallað aftur sína pöntun nema einn einasti. Ég þykist vita, að sumir stjórnarliðar fagni þessum tíðindum, vegna þess að með þessu verður sparaður gjaldeyrir. En er þetta fögnuður fyrir landbúnaðinn, að svona er farið að? Er það fögnuður, að ekki sé hægt að kaupa slík nauðsynjatæki sem dráttarvélar eru, því að það er líklega ekkert tæki jafnnauðsynlegt og dráttarvélar í þeirri fólksfæð, sem nú er í sveitunum. Varahlutar í dráttarvélar hækka um 35.4%. Mjaltavélar hækka um 31%. Heyvinnsluvélar hækka um 30%, Fóðurbætir hækkar um 43.3%. Þetta eru aðeins fáeinar vörur, sem snerta landbúnaðinn fyrst og fremst.

Ég vil þá nefna nokkur tæki, sem snerta samgöngumálin og vörur til þeirra. Sveitir hér á Suðurlandi búa við samgöngur á landi einvörðungu og verða að nota bifreiðar til þeirra hluta, hafa engin önnur ráð. En hvernig er þá farið með sveitirnar? Benzín hækkar um 25.30%. Vörubílar munu hækka um 25%. Varahlutar í vörubíla munu hækka um 25%. Og bílagúmmí mun hækka um 17%. Haldið þið, að þessar gífurlegu hækkanir hafi ekki einhver áhrif á vöruflutningana í sveitum landsins, bæði til sveitanna og einnig afurðirnar úr sveitunum?

Hv. 4. þm. Reykv. minntist hér nokkuð á erfiðleikana, sem mundu verða í byggingarmálunum. Ég vil bæta hér nokkru við um þær verðhækkanir, sem verða á brýnasta byggingarefni. Sement mun hækka um 22.2%, timbur um 25%, bárujárn um 19.2%, miðstöðvarofnar um 24.2%, steypustyrktarjárn um 19.4%, rúðugler, einfalt eða tvöfalt, hækkar frá 19 og upp í 23% hækkun.

Ég minnist þess, — ég held, að það hafi verið fyrir 1 eða 2 dögum, — að við vorum að ræða hér um hjónaskatt, og þá kom hv. þm. S-Þ. hér upp, flutti lítinn fræðifyrirlestur, þar sem hann vildi réttlæta það, að húsmæðrum, sem vinna á heimilum, er refsað fyrir það, að þær fara ekki út í sjoppurnar eða fiskreitina til þess að vinna. Hann nefndi sem dæmi, að þessar húsmæður hefðu svo þægilegar vélar og tæki til þess að vinna á heimilunum, að þeim væri það vissulega vorkunnarlaust að starfa þar nú orðið. Þeir hafa fundið það, þessir blessaðir herrar, að þetta verður of hægt fyrir húsmæðurnar, og þess vegna kemur nú hækkunin á þessi tæki. Ég skal geta nokkurra. Kæliskápar eiga að hækka um 20%, þvottavélar eiga að hækka um 21.7%, hrærivélar 21.7%. Ég nefni hér aðeins fá hin nauðsynlegustu tæki, þar sem mér virtist fram koma hjá þm. S-Þ., að ekki væri ástæða til þess að ívilna þessum konum í skattgreiðslum, þó að þær hafi máske 5 eða upp í 10 börn sumar, það skiptir ekki miklu máli. En svona verður nú þarna þyngt þeirra starf.

Það má geta þess, að nú er svo komið víðast hvar í kaupstöðum og eins í öllum kauptúnum úti um land og mjög víða í sveitum, að til húsakyndingar er notuð olía. Hækkun á olíu til húsakyndingar verður 25%.

Þá vil ég minnast hér á fáeinar vörur, sem eru almennar neyzluvörur, þótt ekki sé beinlínis hægt að segja, að þær séu nauðsynjavörur. Kaffi hækkar um 13.5%, sykur hækkar um 14.7%, hveiti um 14.2%. Ég gæti haldið áfram að telja þannig ótal vörur, og þar kemur í ljós, að alls staðar er gífurleg hækkun. Ég spyr: Dettur mönnum í hug, að það verði hægt að fá fólkið til að kaupa þessar dýru vörur til þess að standa undir greiðslum til útflutningsins?

Ég hygg, að ríkisstj. eigi eftir að þreifa á því, að fólkið getur ekki keypt þessar vörur. Það dregur við sig svo sem unnt er að kaupa vöruna. Þá getum við líka reitt okkur á, að innflytjendur spara við sig sem mest þeir geta að flytja inn þessar vörur. Þeir flytja ekki inn nema rétt eftir brýnustu þörfum, sem hægt er að selja jafnharðan. Þeir liggja ekki með svo dýrar vörur. Það er alveg frágangssök fyrir þá.

Mér finnst það dálítið athyglisvert, að í sambandi við þetta mál munu liggja fyrir mótmæli frá hvorki meira né minna en 15 verkalýðsfélögum, — mótmæli gegn þessum ráðstöfunum. Þetta er eftirtektarvert, segi ég, vegna þess að ríkisstj. hafði heitið því að hafa fullt samráð við verkalýðinn. Meðal þessara 15 verkalýðsfélaga, sem hafa sent mótmæli gegn þessum ráðstöfunum, eru flest, ef ekki öll stærstu verkalýðsfélög á landinu. Þetta er mjög athyglisvert. Ég hygg, að á meðan við erum með þetta mál hér á síðustu stundu, sé enn ekki búið að semja við þau félög, sem hafa sagt upp kjarasamningum. Hvað kemur þá, ef þau heimta nú kauphækkanir? Það er þegar víst um eitt sterkasta félagið, prentarafélagið, — þó að það sé ekki fjölmennast, þá er það ákaflega öflugt félag, — það heimtar hækkun um 10%. Einnig má minna á það, að þau eru fjöldamörg iðnaðarfélögin og önnur atvinnurekendafélög, sem hafa mótmælt þessu frv. Er ekki nokkuð dökkt fram undan að knýja þetta mál svona áfram, þegar þannig er í pottinn búið?

Ég hygg, að það verði engin fagnaðarlæti hjá þjóðinni, þegar hún fær þessa nýju sumargjöf, ef það má kalla það svo. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en ég vildi aðeins með þessum fáu orðum mótmæla þeirri firru, sem kemur oft fram hjá stjórnarliðinu, að það sé ekki vert að vera að tala um verðhækkanir í sambandi við þetta frv., ef að lögum verður.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég reyndi að hlusta með athygli á framsögu hæstv. forsrh. í þessu stóra máli, en ég verð að játa það og þykir það þó leitt, að ég fyrir mitt leyti var litlu fróðari hvað skýringar áhrærir á málinu eftir hans ræðu.

Hæstv. forsrh. talaði um, að uppbótakerfið væri komið á það stig og orðið svo erfitt og yrði með hverju ári erfiðara og jafnvel hverjum mánuði. Enn fremur sagði hann eitthvað á þá leið, að lögmál uppbótastefnu hafi það í för með sér, að sú fjárhæð, sem þurfi til að mæta vaxandi dýrtíð, fari alltaf vaxandi; enn frem-

ur, að henni væri ekki hægt að ná inn með því að leggja hana á þann varning, sem venjulega er hæst tollaður, heldur yrði að fara inn á aðrar vörur, jafnvel þær, sem verkuðu á vísitöluna, sem hæstv. ráðh. lofaði nú ekki, — vísitöluna nefnilega, heldur talaði hann um hana sem nokkurs konar sjálfhreyfivél til þess að auka dýrtíðina.

Þá minntist hæstv. ráðh. á verðhjöðnunarleið, og í stuttu máli dæmdi hann hana úr leik sem útilokaða, að því er hann kvað, af margháttuðum orsökum.

Enn fremur drap hæstv. ráðh. á gengisbreytingu, sem maður hefði nú haldið að maður fengi meiri fróðleik um frá hans hendi í þessari ræðu, af því að það er vitað og hefur ekki verið neitt leyndarmál í blaðaummælum um þessi dýrtíðarmál á undanförnum mánuðum, að Framsfl., flokkur hæstv. forsrh., hefur að því er virðist mest hallazt að því að jafna hér metin með svokallaðri gengisbreytingu, þ. e. a. s. gengisbreytingu, sem hefði í för með sér breytta skráningu á genginu. Hæstv. ráðh. sagði, að með núverandi gengi fengju framleiðendur útflutningsvöru allt of fáar íslenzkar krónur fyrir erlenda gjaldeyrinn, sem fæst fyrir vöruna. Þetta hefur nú heyrzt fyrr hér á Alþ., og var það fyrir mörgum árum viðurkennt af ýmsum, sem að framleiðslu sjávarafurða standa, að skráning gengisins, sem fæst fyrir útflutningsvöruna, hefur lengi verið skökk skráning, þó að menn hafi verið misjafnlega viljugir til þess að viðurkenna það og því síður til að gera þær aðgerðir, sem þyrfti, til þess að ráða bót á því fyrirkomulagi.

Sú tilraun, sem hér var gerð með gengisbreytingu einu sinni, þ. á m. með aðstoð þess stjórnmálaflokks, sem hefur hæstv. núverandi forsrh. í stafni, var niður drepin með verkföllunum 1955 m. a., og viðbrögð hæstv. forsrh. núverandi voru þau, eftir að flokkur hans og framámenn voru búnir að lýsa því með sterkum orðum, hvert skemmdarverk þá hefði verið unnið á íslenzkum atvinnuvegum af vissum flokki manna í landinu, — viðbrögð hæstv. forsrh. og félaga hans við þessu öllu voru svo þau að taka höndum saman við skemmdarvargana, sem þeir voru búnir að lýsa vel og þó ekki of svart á undanförnum árum, og gera þessa tilraun til að reisa við atvinnulífið, sem fyrir aðgerðir verkfalla og árása kommúnista á atvinnulífið var komið í vandræði. Þá var það hugmyndin að reka út þennan óaldarlýð með tilstyrk þess Belsebúbs, sem stóð fyrir að eyðileggja atvinnulífið á sínum tíma með verkföllum. Og hæstv. ráðh. og fleiri ráðherrar og ráðamenn, sem hafa verið að undanförnu og nú eru hér í landi, færðu þetta í þann búning frammi fyrir þjóðinni á sínum tíma, að tekið væri höndum saman við verkalýðinn, sem þeir svo kölluðu, og það væri hin fyrsta og alvarlegasta og yrði sú afdrifarikasta tilraun til að leiðrétta þann halla, sem kominn væri á þjóðarbúskapinn í þessum atvinnuspursmálum, það væri sú leið, sem þeir hefðu valið.

Þetta gerðist fyrir hér um bil tveim árum, að þessari skútu var á flot hrundið af hæstv. núverandi forsrh., og hefur hann síðan haft á því alla yfirstjórn, sem að þessu laut, og þ. á m. á því að láta fara fram — sem hann orðaði í þá daga — úttekt fyrir opnum tjöldum á þjóðarbúinu, rannsókn á hinu helsjúka atvinnulífi, sem hann kallaði svo, eða helsjúka fjármálalífi, rannsókn fyrir opnum tjöldum, og svo yrði unnið að lækningunni með þessari ágætu áhöfn, sem hæstv. forsrh. var búinn að velja sér til þeirrar siglingar í atvinnumálum þjóðarinnar, sem hafin var með valdatöku núverandi stjórnar.

Ég býst ekki við, að neinn beri mér það á brýn, að ég fari með rangt mál, þó að ég fullyrði, að þessi tilraun hæstv. forsrh. hefur hingað til gersamlega mistekizt. Hann taldi þjóðina þá vera stadda í eyðimörku, eins og hann orðaði það, og það verður ekki séð annað, ef litið er á framvinduna, sem síðan hefur orðið í þessum málum undir stjórn hæstv. núverandi forsrh., en hann hafi haldið með fjármála- og atvinnulífið enn lengra inn í þá eyðimörk, sem hann þá þóttist verða var við. Dýrtíðin hefur langt frá því minnkað. Hún eykst ávallt, og það viðurkennir hvert mannsbarn og veit og finnur til svo að segja daglega, að kaupmáttur krónunnar minnkar með hverjum degi, sem líður.

Hæstv. forsrh. fjölyrti talsvert um hinar ýmsu leiðir, sem hann sagði að hefðu getað eða þótt geta komið til greina. Þar á meðal var ein leið, sem mér heyrðist hann nefna verðhjöðnunarleið, og vitnaði í einhverja ónefnda erlenda sérfræðinga, sem hefðu haldið því fram, að þessi leið væri, eftir því sem hann síðar sagði í sinni ræðu, eiginlega gengisfelling eða gengisbreyting, farin eftir sérstökum aðferðum. En það var óljós skýring á þessari leið hjá hæstv. ráðh., og frá því að þessi ríkisstj. tók við völdum, sem nú ræður, þá höfum við, sem ekki erum í stjórnarflokkunum, aldrei haft tækifæri til þess að kynna okkur sjálfir neinar niðurstöður af þeim athugunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið fram fara, sumar af erlendum sérfræðingum og aðrar af innlendum fræðimönnum í þessum greinum. Hæstv. ríkisstj. hefur gætt þess vandlega að láta ekki andstöðuflokk stjórnarinnar fá neina innsýn í þessar rannsóknir og þar með í rauninni gersamlega kippt fótum undan því, að aðrir en ríkisstj. sjálf og hennar innvígðu gætu myndað sér grundvallaða skoðun á ástandinu eða leiðir til viðreisnar, með því að þessi grundvöllur hefur aldrei verið í ljós látinn. Á sama tíma hafa blöð þessara hv. valdamanna tönnlazt á því hvað eftir annað, að þeim, sem væru í stjórnarandstöðu og fyndu að því, sem hæstv. ríkisstj. væri að framkvæma í þessum efnum, en væru því ósamþykkir, þeim bæri skylda til að koma með aðrar og nýjar leiðir.

Það er dálítið einkennilegt, ef þeir, sem sitja yfir öllum upplýsingum, sem gerðar eru í málinu af færum mönnum, ætlast til þess, að þeir, sem fá engan aðgang að þessum rannsóknum eða skjölum, eigi að koma með till. til úrbóta umfram það, sem hæstv. núverandi ráðamenn treysta sér sjálfum bezt til að gera.

Þessar mörgu leiðir, sem hæstv. forsrh. minntist á, myndin af þeim eftir hans ágætu ræðu er ekki sérlega skýr, að ég held, í huga neins hv. deildarmanns.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur í sinni ræðu, að frv. væri stórt spor í rétta átt. Það kann að vera,

að honum þyki það, að frv. sé stórt spor. En *mér er dálítil forvitni á að vita um kompásinn hjá hæstv. ráðh.* Í hvaða átt telur hann að frv. stefni, sem sé rétt? Það virðist vera, ég segi það ekki bara um þetta frv. út af fyrir sig, en það virðist vera, að í flestu af því, sem hæstv. ríkisstj. gerir í efnahagsmálunum, stefni hún að dómi þeirra, sem ekki eru innvígðir í þeirra hring, í ranga átt, hún stefnir að því er virðist í verzlunarmálunum mest í járntjaldsáttina, og það getur vel verið, að hæstv. ráðh. sé nú orðinn þeirrar skoðunar, að það sé sú rétta átt. En útflutningur Íslendinga og innflutningur á vörum hefur eftir valdatöku þessarar hæstv. ríkisstj. eflzt mjög í austurátt, eins og allir vita, og það er ekkert fjarri því, að sú stund geti komið fyrir atvinnurekstur Íslendinga, a. m. k. á sjávarafurðum, að við séum svo að segja algerlega háðir því, hvernig Sovétríkin, ég segi ekki Sovétríkin í Rússlandi eingöngu, heldur Sovétríkin yfir höfuð vilja breyta gagnvart okkur.

Ef dæma á eftir því, sem fram hefur farið og gert hefur verið, staðreyndunum í þessum verzlunar- og viðskiptamálum, þá hlýtur maður að draga þá ályktun, að það, sem hæstv. ráðh. sagði um rétta átt í ræðu sinni hér áðan, sé sú stefna með viðskiptin austur fyrir járntjald, sem þessi ríkisstj. hefur dyggilega unnið að. En ég held, að enn þá sé það nú ekki svo, að almenningur hér í þessu landi telji það stefnu í rétta átt.

Eitt var það, sem hæstv. ráðh. lagði mikla áherzlu á í sinni ræðu, og það var það, að hann kvað svo á, að það væri mikið undir stéttum landsins komið, hvernig öllu þessu reiddi af, stéttirnar réðu hér mestu um. Þetta kom að vísu á annan hátt, en þó einnig mjög ríkt fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem lýsti nokkuð ýtarlega, hvaða afskipti t. d. Alþýðusambandstrúnaðarmenn og 19 manna n., að *mér skildist, hefðu haft* af þessu sérstaka máli, og það var á hans ræðu að skilja, að viðræða við stéttirnar hefði nú ekki verið höfð, a. m. k. ekki að hans áliti rétt. Hann minntist á það, að til þeirra hefði verið leitað of seint, og kom ýmsum orðum að því, hvernig það var barið fram innan þessa hóps eins konar samþykki fyrir því, að þessu frv. væri fylgt fram, en sjálfur taldi hv. þm. sig ekki geta samþ. það. Hann taldi marga ókosti, sem það hefði, sérstaklega á byggingu íbúðarhúsa og þar af leiðandi á leiguhúsnæði og örðugleika með lánsfé til íbúða, og niðurstaða hans varð sú, að af því mundi leiða aukinn húsnæðisskort og aukna erfiðleika í byggingarmálum, og hann lýsti því að síðustu yfir, að hann væri andvígur frv. *Hér er um að ræða einn bezt þroskaða og öflugasta forvígismann í þýðingarmiklum stéttarfélagsskap hér á landi, og virðist mér eftir ræðu* hv. þm., að það muni skorta eitthvað töluvert á það, að lífakkeri hæstv. forsrh., sem hann telur stéttirnar vera, sé ábyggilegt í þessu efni.

Ég skal svo í bili stytta mál mitt. Ég vildi aðeins koma að nokkrum athugasemdum almennt um þetta mikla frv., en ég hef í hyggju að gera vissar greinar þess betur að umtalsefni á sínum tíma og ef til vill flytja sjálfstæðar brtt., en hirði ekki um að gera það að þessu sinni. Ég vildi sem sagt aðeins fara þessum fáu almennu orðum um málið, eins og stendur, og svo víkja fyrir næsta ræðumanni.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Um margra ára skeið hefur efnahagsástand íslenzku þjóðarinnar verið með þeim hætti, að ekki getur talizt heilbrigt. Útgerðin, sem er aðaluppistaðan í þjóðarbúskapnum, er rekin með halla. Á það bæði við togaraútgerð og bátaútgerð. Iðnaður allur er enn fremur rekinn með halla, hvort sem það er rekstur á sviði fiskiðnaðar eða öðrum sviðum, og ég ætla, að sama máli gegni um landbúnað.

Enginn atvinnuvegur þjóðarinnar virðist geta borið sig, og þarf að njóta þar ýmist útflutningsuppbóta eða styrkja eða niðurgreiðslna, hverju nafni sem slíkt á að nefnast, til þess að atvinnurekstrinn geti haldið áfram. Það er líklega aðeins ein tegund atvinnurekstrar á Íslandi, sem enn þá getur borið sig að því er útflutning snertir, og það er hvalveiðar eða hvalútgerðin. En þessi eina útgerð, sem enn þá er talin bera sig eða svara kostnaði, á nú eftir þessu frv., sem fyrir liggur, að fá styrk eða útflutningsuppbætur, og má því segja, að það sé í rauninni eini hvalrekinn, sem rekið hefur á fjörur þessarar stjórnar.

Það þjóðfélag, sem býr við þann búskap, við þann fjárhag eða fjármálaástand, að enginn útflutningsatvinnuvegur getur borið sig án þess að fá styrki, útflutningsuppbætur eða eitthvað, sem öðru nafni kann að nefnast, en raunverulega er það sama, — slíkt þjóðfélag getur *vitanlega ekki* staðizt til lengdar. Slíkt þjóðfélag er helsjúkt, og hversu lengi sem reynt er að lappa upp á heilsuna og heilbrigðina með einhverjum bráðabirgðaráðstöfunum, þá getur það auðvitað ekki gengið til lengdar, allt slíkt er bráðabirgðaráðstafanir, og það kerfi, sem slíkt þjóðfélag byggist á, hlýtur að vera helsjúkt og bera dauðann í sjálfu sér. En það er ekki aðeins, að útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar séu helsjúkir, heldur er það svo líka, að flestallt, sem selt er á innlendum markaði, er meira og minna sjúkt á þá lund, að niðurgreiðslur eru viðhafðar, ekki aðeins svo að milljónum skiptir, heldur tugum milljóna og hundruðum milljóna.

Þeir, sem vilja framleiða kartöflur á Íslandi, geta *ekki framleitt* þær eða *selt án þess*, að ríkissjóður komi til og greiði þær niður. En nú er það svo, að manni virðist, að eitt af því allra nauðsynlegasta og sjálfsagðasta, sem íslenzka þjóðin ætti að gera, væri þó að sjá sjálfri sér fyrir jarðeplum. Það getur íslenzka þjóðin ekki nema með stórfelldum tugmilljónastyrkjum úr ríkissjóði, og það er ekki aðeins það, að til þessa þurfi stórkostlega styrki, heldur hefur það skipulag, sem nú ríkir og hefur ríkt um langan aldur, þær afleiðingar, að það dregur stórlega úr framleiðslu á jarðeplum, dregur úr hvöt manna, bæði bænda og annarra, til þess að framleiða þessa nauðsynlegu og hollu vöru. Ég býst við, að það sé orðið allalgengt, að þeir, sem framleiða kartöflur, noti þær ekki *til eigin* afnota né selji þær grönnum, heldur leggi þær inn til ríkisins eða í kartöflusölu land-

búnaðarins, sem er grímuklætt einkasölufyrirtæki, og kaupi þetta svo fullu verði, vegna þess að það borgar sig betur að hafa þann háttinn á.

Þetta skipulag með kartöflurnar er aðeins eitt lítið dæmi um það öfugstreymi, sem nú er ríkjandi í okkar þjóðfélagi, — öfugstreymi, sem í rauninni birtist hvar sem stungið er niður eða leidd athygli að, vegna þess að útflutningurinn ber sig ekki og framleiðslan innanlands ber sig ekki heldur. Lítum t. d. á fiskframleiðsluna. Fiskurinn er okkar aðalútflutningsvara, og á fiskútflutningi, bæði hráum og meðhöndluðum í iðnfyrirtækjum og fiskiðjuverum, lifum við Íslendingar. Jafnvel er ástandið þannig með fiskinn, að Íslendingar geta ekki búið við sæmilegt skipulag í þeim efnum.

Nú í dag birtist t. d. í víðlesnasta blaði landsins grein eftir einn af okkar allra merkustu og athugulustu læknum, dr. Jóhannes Björnsson. Hann bendir þar á það öfugstreymi, að skipulagsmál í þessum efnum eru með þeim endemum í höfuðborginni, að fisksalar geta ekki selt bæjarbúum nýjan fisk, heilnæman og góðan, vegna heimskulegra verðlagsákvæða. Þar komum við að öðru atriði, sem er eitt af sjúkdómseinkennum hins íslenzka þjóðfélags, það eru niðurgreiðslurnar og verðlagsákvæðin. Með niðurgreiðslum og verðlagsákvæðum höfum við Íslendingar náð svo langt, að varðandi þetta atriði, eins og þessa ódýru og heilnæmu fæðu, neyzlufisk fyrir höfuðborgarbúa, þá er ekki hægt vegna aðgerða ríkisvaldsins að þjóna almenningi með þeim hætti, sem æskilegt og nauðsynlegt er.

Nú má það vel vera, að í vissum tilfellum og þegar þjóðfélagsástandið er með vissum og ákveðnum hætti, þá sé nauðsynlegt að hafa verðlagseftirlit og verðlagsákvæði. En fisksölumálin í höfuðborginni eru eitt af mörgum dæmum þess, hvernig verðlags- eða hámarksákvæði og verðgæzla getur verkað alveg öfugt, þannig að í stað þess að þjóna hagsmunum almennings verði verðlagseftirlitið og verðgæzlan til þess að skaða hagsmuni almennings. Ég skal ekki rekja það mál frekara, það er gert ákaflega vel, ýtarlega og skynsamlega í grein hins menntaða og fjölfróða læknis í þessu víðlesna blaði landsins í dag.

Þessar athugasemdir um annars vegar útflutningsuppbæturnar og hins vegar niðurgreiðslur og verðlagseftirlit tel ég nauðsynlegar sem inngang að því, sem ég ætlaði hér að segja varðandi það frv., sem liggur fyrir hér frá hæstv. ríkisstj. En áður en lengra er haldið, er þó nauðsynlegt að minnast á eitt meginatriði annað í verðlagsmálum okkar Íslendinga og efnahagsmálum, og það er vísitalan.

Vísitölukerfið, sem ríkt hefur alllengi, er að mínu viti meingallað á tvo vegu: annars vegar á þá lund, að allt verðlag skuli fylgja vísitölunni, og hins vegar, að vísitalan skuli vera jafnröng og fölsuð eins og hún nú er.

Varðandi fyrra atriðið er það að segja, að allt verðlag, bæði á innlendum og erlendum vörum og m. a. á íslenzkum landbúnaðarvörum, fylgir vísitölunni, eins og hún er útreiknuð á hverjum tíma. Nú er vísitalan ákaflega gölluð og vísitöluútreikningurinn að mörgu leyti. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að eftir minni skoðun, og ég vil taka það einnig skýrt fram, að það, sem ég segi hér, er mín persónulega skoðun, og ég tala þar ekki í öllum greinum í nafni þess flokks, sem ég fylgi, en ég ætla, að það sé gersamlega útilokað fyrir hvaða þjóðfélag sem er að láta launamál fylgja vísitölukerfi því, sem hér gildir. Ef einhverjar hreyfingar eða breytingar verða á verðlagi, þannig að fram komi í vísitölu, þá skal allt slíkt hafa áhrif á almennt verðlag meðal þjóðarinnar. Slík skipun getur ekki staðizt, og slíkt efnahagskerfi, sem byggist á þessu vísitölukerfi, hlýtur að leiða til gjaldþrots, áður en langt líður.

Nú er það annað mál í sambandi við vísitöluna, að hún er byggð á ákaflega hæpnum grundvelli. Hér á Íslandi er vísitalan byggð upp þannig, að hvaða verðbreytingar sem verða í höfuðstaðnum hafa áhrif á kaupgjald alls staðar á landinu. Ef strætisvagnafargjöld hækka í Reykjavík vegna aukins tilkostnaðar við það fyrirtæki, þá hækkar vísitalan, og landslýðurinn allur fær kauphækkun, þó að utan Reykjavíkur sé ekki í því tilfelli um aukinn kostnað að ræða. Sama máli gegnir í rauninni um hvað sem er. Allt er miðað við framfærslukostnað í höfuðborginni. Ef rafmagnsverð, hitaveituverð eða þess háttar breytist í Reykjavík, þá breytast um leið laun alls staðar á landinu, þó að jafnvel svo kynni að vera, að framfærslukostnaður hækkaði ekki að sama skapi, heldur lækkaði á öðrum stöðum.

Hitt atriðið, sem er mjög athugavert við vísitöluna, er það, að vísitalan er aðeins miðuð við vissa hluti, við verðlag á tilteknum vörutegundum, og þess vegna kannske hefur ríkisstj., sem nú er, miðað ýmsar sínar efnahagsráðstafanir við það, hvernig þetta verkar allt á vísitöluna. Þegar miklar verðhækkanir urðu fyrir rúmu ári með nýjum álögum frá hæstv. ríkisstj. og þáverandi eða núverandi þingmeirihluta, þá var það tekið alveg skýrt fram, að þessar verðhækkanir kæmu í engu fram á nauðsynjavörum svokölluðum, og þó að þarna væru lögð hundruð milljóna nýrra álagna á landslýðinn, þá átti það ekki að koma fram í vísitölunni.

Nú vita það allir menn, að ef t. d. landslýðurinn á að borga, við skulum segja 250 eða 300 millj. í nýjum álögum, þá þýðir það auðvitað nýja dýrtíð í landinu. Það þýðir kjaraskerðingu fyrir landslýðinn í heild. En þetta var svo snilldarlega samið allt saman, að það átti ekki að koma fram á nauðsynjavörum, en það eru nauðsynjavörurnar einar, svokallaðar, sem ganga inn í vísitöluna.

Nú er svo guði fyrir þakkandi, að lífskjör alls almennings hafa batnað á Íslandi, þannig að það eru ekki aðeins þessar gömlu nauðsynjavörur frá því 1939, sem allur almenningur notar, heldur er það margt fleira, sem allur almenningur með bættum lífskjörum á Íslandi notar, vill nota og þarf að nota. Þess vegna er það þannig, að margvíslegar verðhækkanir koma fram í neyzlu alls almennings á Íslandi með þeim hækkunum, sem gerðar voru og ákveðnar af Alþ. fyrir rúmu ári.

Nú er hins vegar svo komið, að hæstv. ríkisstj. telur, að þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar, dugi ekki lengur, þannig að nú þarf — og það er lagt til eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir — að leggja stór gjöld, mikil gjöld, hvort sem það heitir yfirfærslugjald eða innflutningsgjald, á neyzluvörur almennt, ekki aðeins vísitöluvörurnar frá 1939, heldur líka aðrar vörur. Þannig er komið, að nú verður allur almenningur að greiða þessi hundruð milljóna, sem með því frv., sem hér liggur fyrir, eru lögð á. En ég kem þá aftur að því, að vísitalan, sem á að sýna framfærslukostnaðinn, sýnir auðvitað ekki þann raunverulega framfærslukostnað. Nú er svo komið, að kostnaður fyrir hverja meðalfjölskyldu á Íslandi hækkar, hefur þegar hækkað, en hækkar alveg sérstaklega eftir samþykkt þessa frv. miklu meira en vísitalan segir til um. Og það er vissulega ábyrgðarhluti, þó að vísitölukerfið sé rangt og hafi verið meingallað að undanförnu, að halda þessu vísitölukerfi, eftir að það er orðið svo rammfalsað eins og það verður eftir samþykkt þessa frv. Það má segja, að hæstv. ríkisstj. hafi séð þetta, m. a. með því að ákveðið er í frv., að næstu 9 vísitölustig skuli ekki reiknuð með í kaupi, heldur skuli því umsnúið í 5% grunnkaupshækkun. En varðandi vísitöluna vil ég aðeins draga saman í mínum athugasemdum þetta tvennt: annars vegar, að vísitalan er orðin alrangur mælikvarði á framfærslukostnaðinn á Íslandi og verður miklu rangari en áður eftir samþykkt þessa frv. — og í öðru lagi, að ég ætla, og það er mín skoðun persónulega, að fjárhagskerfi þjóðarinnar þoli ekki öllu lengur það vísitölukerfi, sem hér hefur ríkt.

Með þessu frv., sem á að vera til umbóta á efnahagskerfi þjóðarinnar, er gert ráð fyrir, að íslenzka krónan sé skráð að nafninu til með sama verði og verið hefur síðan 1950. Nú er það öllum vitanlegt, hv. alþm. sem öðrum, að íslenzka krónan er rangt skráð. Það er hvort tveggja, að innanlands er ekki hægt, miðað við kaupgetuna út á við, að kaupa fyrir íslenzku krónuna það verðmæti, sem hún er skráð á. Það vita allir í öðru lagi, að erlendis kemur tvennt saman, annars vegar, að það er ekki nokkur leið að fá það verðmæti fyrir íslenzku krónuna, sem hún er skráð á, og í öðru lagi, að hún er ekki seljanleg. Ég býst við, að teljandi séu þeir bankar eða lánsstofnanir erlendis, ef þeir eru þá nokkrir, sem kaupa íslenzkar krónur.

Íslenzka krónan er rangt skráð, og að mínu áliti er það ein höfuðmeinsemdin í okkar fjárhagskerfi, að krónan skuli vera rangskráð, eins og nú er, því að það hefur margvíslegar hættulegar afleiðingar. Það hefur afleiðingar hættulegar út á við á marga lund, sem ég skal ekki gera hér að umtalsefni. Það hefur afleiðingar inn á við einnig og ekki síður, og yrði í rauninni allt of langt mál að rekja það nánar.

Afleiðingar af rangskráningu krónunnar eru margvíslegar. Í fyrsta lagi, að meginútflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar getur ekki borið sig og ber sig ekki. Sjávarútvegurinn, hvort sem er bátaútvegur eða togaraútgerð eða útflutningur unninna fiskafurða frá frystihúsum eða fiskiðjuverum, allt þetta er framleitt og selt með halla vegna þess fyrst og fremst, að krónan er rangskráð, og þess vegna þarf að greiða styrki og útflutningsuppbætur. Þetta þarf að vera annaðhvort í því formi, að greiddar eru útflutningsuppbætur á hvert kíló, hvort sem það er miðað við magn eða verð, eða í föstum styrkjum á úthaldsdaga. Að mínu viti er þessi skipan mála stórháskaleg. Þessi skipan mála er stórháskaleg og það af mörgum ástæðum. Við vitum það allir, sem í þessari hv. d. sitjum, að fjöldi manna hér á landi, útvegsmanna, hvort sem þeir reka togara, báta eða annað er útgerð snertir, þeir eiga þá ósk heitasta að láta sín fyrirtæki bera sig. Ekkert slíkt útgerðarfyrirtæki getur borið sig með núgildandi skipulagi og skráningu krónunnar. Ég held, að það þurfi ekki að fara mörgum orðum um það til að lýsa þeirri siðspillingu, þeirri, ef ég má nota útlent orð, „demóraliseringu“, sem slíkt hefur í för með sér, að enginn útgerðarmaður getur gert sér von um það að láta sitt fyrirtæki bera sig nema með einhverjum uppbótum, styrkjum frá ríkissjóði eða frá útflutningssjóði. Það framtak og sú sjálfsbjargarviðleitni, sem verið hefur driffjöður og lífakkeri íslenzku þjóðarinnar í öll þau ár, sem hún hefur lifað, allt þetta er veikt og sljóvgað með því skipulagi, sem nú er. Ef hins vegar væri hægt að finna þá skipun á þessum málum, að útgerð á Íslandi, hvort sem það væri bátaútgerð, smábátaútgerð, stórútgerð, togaraútgerð eða vinnsla fiskafurða í fiskiðjuverum á marga lund, — ef hægt er að finna þá skipan, að þetta beri sig, þá ætla ég, að það væri hin mesta blessun, sem hægt er að finna og framkvæma fyrir íslenzka þjóðfélagið.

Ég hef hitt að máli marga útgerðarmenn, sem eru hlaðnir orku, atorku, dugnaði, ábyrgðartilfinningu og fyrst og fremst vilja, að þeirra fyrirtæki beri sig án styrkja frá ríkissjóði, frá útflutningssjóði, frá því opinbera, og óska þess fyrst og fremst að vera lausir við það ábyrgðarleysi, sem þessu fylgir, og lausir við eftirtölur og ásakanir almennings út af því, að ekki sé hægt að reka íslenzka útgerð nema með styrkjum og uppbótum. Og eins og þetta er í útgerðinni, þá ætla ég, að það sama sé hjá öðrum atvinnuvegum, svo sem landbúnaði og iðnaði. Svo er orðið nú um íslenzkan landbúnað, sem framleiðir fyrir okkur mest af okkar nauðsynlegustu matvörum og m. a. framleiðir nokkuð til útflutnings, að landbúnaðurinn þarf til þess að flytja út vörur að fá útflutningsbætur eins og sjávarútvegurinn, og enn fremur til þess, að afurðir landbúnaðarins séu seljanlegar á íslenzkum markaði, þarf að hafa hliðstæðuna, þ. e. niðurgreiðslurnar, vegna þess að það er öllum vitanlegt, að verðlagið á landbúnaðarafurðum er með þeim hætti, að erlendar landbúnaðarafurðir væri hægt að flytja inn og selja með miklu lægra verði en íslenzkar landbúnaðarafurðir eru seldar án niðurgreiðslna. Allt þetta fjárhagskerfi, hvort sem

litið er á útflutning eða neyzlu innanlands, er því, svo að ég noti orð hæstv. forsrh., sem honum var svo tamt fyrir síðustu alþingiskosningar, helsjúkt.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að veita uppbætur á útflutninginn og halda áfram niðurgreiðslunum. Það er gert ráð fyrir því að halda áfram því kerfi, sem því miður hefur verið ríkjandi hér um nokkur undanfarin ár, eða frá þeirri stund, er áhrifa laganna frá 1950 um efnahagsmál hætti að gæta. Nú er það svo, að fyrir 2 árum, þegar gengið var til alþingiskosninga á Íslandi, þá lýstu yfir Framsfl. og Alþfl., sem voru þá í bandalagi, að þeirra stefna væri sú og um það gefin alger loforð að finna úrræði, sem væru varanleg lausn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Að vísu kom það ekki fram í stefnuskrá þessara tveggja flokka nákvæmlega, í hverju úrræðin væru fólgin. Það voru aðeins almennar athugasemdir, en aðalbjargráðið átti fyrst og fremst eftir yfirlýsingu þessara flokka að vera það að losna við stærsta flokk þjóðarinnar og sterkasta afl hennar, Sjálfstfl., út úr stjórnmálunum.

Nú eru liðin nær tvö ár. Enn í dag hefur íslenzka þjóðin og Alþingi ekki litið augum þessi bjargráð, þessi varanlegu úrræði, og jafnvel nú eru till. hæstv. ríkisstj., eftir að hún hefur þó losnað við stærsta og sterkasta afl þjóðarinnar út úr ríkisstj. og eftir að hún hefur náð sínu langþráða takmarki að faðma að hjarta sér Kommúnistaflokk Íslands, þá eftir tvö ár liggja ekki fyrir þessi varanlegu úrræði. Það frv., sem hér liggur fyrir, er skripi, þetta er bráðabirgðaskripi, sem ekkert vandamál leysir.

Ég mun ekki nú við 1. umr. fara ýtarlegar út í einstakar greinar eða ákvæði þessa frv. En um leið og ég taldi mér skylt á þessu stigi að vekja athygli á megingöllum okkar fjármála- og efnahagskerfis, þá er um leið nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að þó að kjörtímabil sé um það bil hálfnað, þá hefur ekki verið sýndur litur á því að efna eitt meginkosningaloforð stjórnarflokkanna frá því 1956.

Nú býst ég við, að Framsfl. og Alþfl. muni svara því til: Við fengum ekki þann þingmeirihluta, sem við báðum þjóðina um. — Það er rétt, þeir fengu ekki, þessir tveir flokkar, þingmeirihluta. Þá skorti gersamlega fylgi þjóðarinnar til þess, og það er atriði, sem vissulega er nauðsynlegt að hafa í huga, að þessir tveir stjórnmálaflokkar, Framsókn og Alþfl., sem gengu til síðustu kosninga með öll þessi fögru fyrirheit, m. a. um hin varanlegu úrræði, töpuðu fylgi í síðustu kosningum. Vegna ranglátrar kjördæmaskipunar og vegna misbeitingar á kosningalögunum tókst þeim að vísu að fá 25 þm., miklu fleiri en fylgi þeirra meðal þjóðarinnar segir til um, en þeir töpuðu, þessir tveir flokkar, fylgi hjá þjóðinni, þannig að bæði atkvæðatala þeirra saman og hlutfallstala var lægri við kosningar 1956 heldur en hún var árið 1953. Ástæðan til þess, að þeir samt sem áður náðu völdum á Alþingi og meðal þjóðarinnar, var eingöngu sú, að þeir þrátt fyrir gefnar yfirlýsingar og gefin loforð tóku höndum saman við svokallað Alþýðubandalag, öðru nafni Sósialistaflokkinn, Sameiningarflokk alþýðu, öðru nafni Kommúnistaflokk Íslands. Engu að síður bar þeim skylda til þess að standa við þessi loforð, en þó að kjörtímabilið sé hálfnað, þá hefur enn ekki bólað á því. Það er ekki aðeins, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé ekki varanleg lausn á efnahagsmálum þjóðarinnar, heldur er því lýst yfir í grg. og í umr. hér og í yfirlýsingum hæstv. ráðh., að þetta sé aðeins bráðabirgðalausn aftur ofan á bráðabirgðalausnina fyrir rúmu ári, því að næsta haust, eftir við skulum segja eitt missiri, verði enn að finna ný úrræði, ný bjargráð til að leysa efnahagsmál þjóðarinnar.

Ég minntist á það, að krónan væri rangt skráð, og ég þykist vita, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. muni hefja upp hróp um það, að nú sé ég að boða gengislækkun. Allur landslýðurinn veit, að með ráðstöfununum fyrir ári og sérstaklega með þessum ráðstöfunum nú er verið og var verið að lækka íslenzka krónu.

Nú er það svo, að það eru margvíslegar hættur af lágu gengi hjá hverri þjóð, og það er vissulega bæði út á við og inn á við margvíslegur háski því samfara að skrá gjaldmiðilinn lágt. Það er t. d. vantraustið út á við, og það er hættan inn á við, að um leið og fólk fer að vantreysta gjaldmiðlinum, þá dregur það að sjálfsögðu úr sparnaði og hefur í för með sér margvíslegar afleiðingar, sem eru hættulegar fyrir festu þjóðarbúskaparins. Þó að lágt gengi sé háskalegt út á við og inn á við, þá held ég, að eitt það versta sé að skrá gengið rangt, því að það er alltaf varhugavert að skrökva. Það er varhugavert að skrökva að öðrum þjóðum, það er hættulegt að skrökva að þjóðinni sjálfri, en kannske háskalegast af öllu að skrökva að sjálfum sér.

Mín persónulega skoðun er sú, að ein af þeim ráðstöfunum, sem þarf að gera, ekki ein út af fyrir sig, en ein af ráðstöfunum í sambandi við fjölmargt annað, sé að viðurkenna opinberlega, hvers virði íslenzka krónan er, inn á við og út á við, og það sé skaðsamlegt fyrir íslenzku þjóðina, fyrir allan íslenzkan atvinnurekstur og fyrir okkur sjálf að vera að skrökva að okkur sjálfum.

Það eru í þessu frv. mörg atriði, sem ég vildi gjarnan gera að umræðuefni, en ég mun, herra forseti, geyma mér þær athugasemdir til síðari umræðna. En þó eru nokkrar athugasemdir, sem ég vildi strax á þessu stigi láta fram koma til viðbótar þeim almennu hugleiðingum, sem ég hér hef reifað.

Þegar núverandi stjórnarflokkar, Framsfl. og Alþfl., mynduðu stjórn og tóku til samstarfs við sig Alþýðubandalagið, Sósfl., kommúnistaflokkinn, þvert ofan í gefin loforð og yfirlýsingar gagnvart landslýðnum, þá var meginástæðan og afsökunin sú, að það væri nauðsynlegt til þess að skapa vinnufrið á Íslandi; Sósfl., Alþb., réði yfir verkalýðssamtökunum að mestu leyti og til þess að halda frið við verkalýðssamtökin væri nauðsynlegt að hafa bandalag við Alþb.

Nú skal ég ekki rekja það hér ýtarlega, hversu þetta hefur til tekizt. En í stuttu máli

er frá því að segja, að þetta meginverkefni, þetta meginhlutverk hefur mistekizt. Og það er af tveim ástæðum: Annars vegar vegna þess, að hið svokallaða Alþýðubandalag eða þau verkalýðssamtök, hin pólitísku samtök, sem Alþýðubandalagið ræður yfir, hafa ekki orðið við óskum eða vonum núverandi ríkisstj. Önnur meginástæðan fyrir því, að þetta hefur mistekizt, er sú, að Alþb. hefur brugðizt. Núverandi hæstv. félmrh., sem um leið er forseti Alþýðusambands Íslands, hefur annaðhvort vitandi eða óafvitandi ekki veitt ríkisstj. þann stuðning eða þann grundvöll, vil ég segja, sem ætlazt var til. Þetta kemur m. a. fram í því, að fjöldi verkalýðsfélaga ekki aðeins neitar að styðja efnahagsráðstafanir ríkisstj., heldur beinlínis mótmælir þeim, og í hinni svokölluðu „19 manna nefnd", sem tilnefnd var af ríkisstj. á sínum tíma og átti að vera fyrst og fremst einingartáknið við verkalýðinn, var meiri hlutinn andvígur þessum efnahagsráðstöfunum.

Ég hef hér lista yfir nokkur af þeim verkalýðs- og stéttarfélögum, sem hafa neitað að styðja aðgerðir ríkisstj. og ekki aðeins það, heldur hafa beinlínis mótmælt. Þessi félög eru m. a. Félag járniðnaðarmanna, Félag verksmiðjufólks, Iðja, Félag ísl. rafvirkja, Múrarafélag Reykjavíkur, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Vörubílstjórafélagið Þróttur, Trésmíðafélag Reykjavíkur, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Landssamband ísl. verzlunarmanna, Hið ísl. prentarafélag, Félag ísl. prentmyndasmiða, Sveinafélag skipasmiða, Landssamband vörubifreiðastjóra, Vörubifreiðastjórafélagið Neisti, Hafnarfirði, Bifreiðastjórafélagið Fylkir, Keflavík, Samband matreiðslu- og framreiðslumanna. Öll þessi verkalýðsfélög mótmæla frv. því, sem hér liggur fyrir um efnahagsaðgerðir ríkisstj. Núverandi hæstv. ríkisstj. þykist svo hafa verkalýðinn, hinar vinnandi stéttir, hið vinnandi fólk, eins og stjórnin kallar það, á sínu bandi og á bak við sig.

Það er vissulega margt í þessu frv., sem ástæða væri til að nefna, en eins og ég gat um við 1. umr., þá vil ég ekki fara út í einstök atriði. Þó kemst ég ekki hjá því að minna á það, að auk verkalýðsfélaganna, sem ég minntist hér á, hafa fjölmenn landssamtök mótmælt þessu frv., bent á og rökstutt það glöggum og skýrum rökum, að frv. komi illa og ekki aðeins illa, heldur ósanngjarnlega niður. Landssamband íslenzkra útvegsmanna er meðal fjölmennustu heildarsamtaka hér á landi. Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gumað af því, að við þetta landssamband hafi þó alltaf verið haft samráð og samkomulag. Í bréfi, sem þetta Landssamband ísl. útvegsmanna skrifaði 13. maí til Alþ. og ríkisstj., er skýrt tekið fram, að því fari fjarri, að nokkurt samkomulag sé við það um þessi mál. Það segir svo orðrétt í þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þykir oss rétt að gera hinu háa Alþingi og hæstv. ríkisstj. aðvart um, að samkomulag hefur ekki tekizt við samtök útvegsmanna og fiskvinnslustöðva þrátt fyrir viðræður við ríkisstj. og hæstv. sjútvmrh."

Í þessu ýtarlega bréfi gerir landssambandið grein fyrir því, í hvaða efnum sambandið er ósamþykkt ríkisstj. og ósammála því frv., sem hér liggur fyrir. Þegar fjhn. beggja d. héldu fundi um þetta mál, þá voru fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna eftir ósk og ég vil segja kröfu okkar sjálfstæðismanna í n. boðaðir á fund, og á fundum með fjhn. gerðu þeir ýtarlega grein fyrir sínu máli. Það liggur alveg ljóst fyrir, að samkomulag er ekki við landssamband bátaútvegsmanna og að þeir telja ekki aðeins, að frv. gangi of skammt, til þess að útgerðin geti borið sig, heldur beinlínis rofna á sér samninga, sem núverandi ríkisstj. hefur gert um s. l. áramót. Það er vissulega mál, sem vert er að athuga og ég vænti að fjhn. þessarar d. taki alveg sérstaklega til meðferðar, ef svo er, að ríkisstj. með eða án umboðs hefur samið við Landssamband ísl. útvegsmanna um síðustu áramót um vissa hluti, sem nú eru sviknir með þessu frv. Þó að hæstv. núverandi ríkisstj. hafi að því er virðist og komið hefur fram hér undanfarna daga gert ýmiss konar samninga við hin og þessi samtök án heimildar frá Alþingi, þá er það vissulega athugandi, hvort ekki ber a. m. k. siðferðilega að standa við slíka samninga, hvað sem ríkisstj. sjálfri líður lagalega og móralskt.

Eitt af þeim bréfum, sem borizt hafa til okkar, er frá Eimskipafélagi Íslands, óskabarni þjóðarinnar. Í því bréfi kemur það fram, að Eimskipafélag Íslands hefur verið neytt til þess vegna synjunar á gjaldeyrisleyfum undanfarið af hendi ríkisvaldsins að safna stórkostlegum lausaskuldum erlendis. Eimskipafélaginu hefur verið synjað um leyfi til þess að yfirfæra það, sem hverjum heilvita manni virðist alveg sjálfsagður hlutur að yfirfæra jafnóðum, ýmis útgjöld í sambandi við útgerð og útgjöld skipanna erlendis. Þegar maður athugar, hversu miklar gjaldeyristekjur koma fyrir íslenzka þjóðarbúið af hinum íslenzku skipum, virðist það ætti að vera alveg sjálfsögð krafa um hafnargjöld erlendis, vörugjöld, nauðsynleg útgjöld, vegna þess að skipin koma í erlendar hafnir, að það fengist þó leyfi til að yfirfæra þetta jafnóðum, enda þyrfti í rauninni ekki annað en bara leyfa Eimskipafélaginu að nota sinn eigin gjaldeyri, sem það fær, til þess að greiða þessa hluti. Allur gjaldeyrir er af því tekinn, en Eimskipafélagið er neytt til þess um leið að safna stórskuldum erlendis vegna þessara útgjalda, ég vil segja daglegra rekstrargjalda.

Í bréfi, sem Eimskipafélagið hefur skrifað Alþingi, segir m. a., að alvarlegasta málið í þessu sé það, að félagið hafi verið neytt til þess að safna lausaskuldum með þessum hætti, sem nema um 13 millj. kr., og nú, eftir að félaginu hefur verið neitað um leyfi til að yfirfæra þetta, á með yfirfærslugjaldinu 55% að taka 7 millj. kr. skatt af félaginu.

Nú er það svo, að í þessu bréfi er að vísu minnzt á aðra hluti, og það er, hversu mjög hækki kostnaður við byggingu nýrra skipa, sem félagið á í smíðum erlendis. Ég vil ekki taka undir það atriði, vegna þess að ef íslenzka krónan væri rétt skráð, þá mundi þessi hækkun vitanlega koma fram á félaginu. En hitt

atferlið er vitaskuld óverjandi gagnvart slíku þjóðþrifafyrirtæki og í rauninni gagnvart öllum að neita mánuðum saman um yfirfærslu á hreinum rekstrarútgjöldum og ætla svo að taka milljónir í skatt í ríkissjóð og í útflutningssjóð af þessum rekstrarhluta. Það eru sem sagt 13 millj. kr. í hreinum lausaskuldum af þessum ástæðum, sem Eimskipafélagið hefur neyðzt til að safna, og eftir þessu frv. eru sem sagt lagðar á það um það bil 7 millj. kr.

Fyrir þessu þingi liggja margvísleg mótmæli frá ýmsum aðilum, sem ég skal ekki tefja tímann með að lesa upp hér, en við síðari umr. þessa máls verða að sjálfsögðu bornar fram brtt. um sum af þeim atriðum, sem mjög réttilega er á bent af þessum samtökum. En þó vil ég geta þess m. a., að fyrir íslenzka námsmenn og fyrir sjúklinga þýðir þetta frv. stóraukinn kostnað, og meðal annars, sem Alþingi hefur borizt, er ályktun frá stúdentaráði Háskóla Íslands frá 17. maí s. l. Hún er — með leyfi hæstv. forseta — á þessa leið:

„Stúdentaráð Háskóla Íslands mótmælir harðlega þeirri grein í 4. kafla frv. til laga um útflutningssjóð o. fl., sem ríkisstj. Íslands lagði fyrir Alþingi 13. maí, þar sem lagt er til, að 30% yfirfærslugjald verði lagt á yfirfærslu fyrir námskostnaði. Vill stúdentaráð m. a. benda á, að tekjuauki ríkissjóðs af ráðstöfun þessari yrði mjög óverulegur, hins vegar kæmi gjald þetta afar hart niður á hverjum einstökum námsmanni. Yrði ráðagerð þessi að lögum, mundu íslenzkir námsmenn erlendis verða verst úti allra þjóðfélagsþegna vegna hinna nýju ráðstafana ríkisstj. í efnahagsmálum, því að hér yrði um beina og raunverulega kjaraskerðingu að ræða, þar eð námskostnaður þeirra hækkaði um 30%. Skorar stúdentaráð því á Alþingi að fella ákvæði þetta niður úr fyrrgreindu frumvarpi."

Þessi ályktun var samþykkt einróma í stúdentaráði Háskóla Íslands.

Sjúkt fólk hefur ekki nein allsherjarsamtök, og frá íslenzkum sjúklingum hefur mér vitanlega ekki borizt neitt bréf eða mótmæli. En eins og þetta mál er tilfinnanlegt fyrir íslenzka námsmenn, þá er það þó að mínu viti enn tilfinnanlegra fyrir sjúklinga, sem neyðast til að fara til annarra landa til að leita sér lækninga, þegar ekki er slíka hjálp að fá á Íslandi þrátt fyrir góða hæfileika, reynslu og aðbúð hér á landi hjá íslenzkum læknum og sjúkrahúsum. En það er öllum vitanlegt, að í ýmsum tilfellum er óhjákvæmilegt að senda íslenzka sjúklinga til útlanda, og á þann gífurlega kostnað og tilfinnanlega, sem því er fylgjandi, á nú að leggja 30% gjald.

Það er auðvitað ljóst, að með því frv., sem hér liggur fyrir, hækkar stórkostlega kostnaður við margvíslegar verklegar framkvæmdir, og ég vil sérstaklega nefna hér eina tegund framkvæmda, vegna þess að öll þjóðin hefur litið þangað með alveg sérstökum vonaraugum og ég vil segja ástaraugum, og það er rafvæðing sveitanna. Með áætlun þeirri, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. Ólafs Thors gerði um rafvæðingu sveitanna, var gert ráð fyrir því, að vissum fjárfúlgum væri varið til þess að leiða rafmagn út um allar byggðir landsins. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er sá kostnaður, sem af þessu leiðir, hækkaður stórkostlega, vegna þess að yfirfærslugjald og hækkuð innflutningsgjöld leggjast með öllum sínum þunga á efnið í rafveitur. Þetta bitnar ekki aðeins á þeirri stóru virkjun, sem nú er í gangi, virkjun Efra-Sogs, heldur líka á öllum öðrum virkjunum, sem ekki er enn lokið, auk þess sem það bitnar að sjálfsögðu á rafleiðslum víðs vegar um land og hvers konar framkvæmdum, sem hin merka 10 ára áætlun um rafvæðingu hefur í för með sér.

Nú má að vísu segja, að þessi aukni kostnaður mundi einnig koma á þessar framkvæmdir, ef sú leiðin yrði farin, sem hæstv. forsrh. tæpti hér á í sinni framsöguræðu, það er gengislækkun. Hún er ein af þeim leiðum, sem hæstv. forsrh. talaði um að til greina kæmu. En hins vegar er óhjákvæmilegt að benda á, að þessi kostnaður hækkar samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir, gífurlega, um tugi milljóna, án þess að um leið sé séð fyrir nokkrum auknum tekjum til þess að standa undir þessari tíu ára áætlun.

Þá kem ég að öðru atriði, sem er athyglisvert fyrir stefnu hæstv. núv. ríkisstj., og það er þetta, að um leið og á að hækka stórkostlega allar þessar álögur, eins og frv. gerir ráð fyrir, yfirfærslugjaldið úr 16 upp í 55% almennt, auk þess sem það nær til miklu fleiri vörutegunda en áður og margvíslegra annarra ráðstafana, — um leið og flestar vörur, ef ekki allar, eru gerðar miklu dýrari en verið hefur, þá ætlast hæstv. ríkisstj. til þess, að framlög til verklegra framkvæmda í þessu landi séu í krónutölu þau sömu og ákveðið hefur verið áður. Í desembermánuði s. l. voru afgr. fjárl. fyrir íslenzka ríkissjóðinn, að vísu með þeim endemum, að þau voru afgr. þannig, að það vantaði tugi milljóna, til þess að þau stæðust, og sú blekking, sú fölsun, sem stjórnarflokkarnir leyfðu sér að viðhafa, var því í fyrsta lagi ekki sæmandi fyrir Alþingi, en í öðru lagi var það náttúrlega fráleitt fyrir heilbrigðan þjóðarbúskap að afgr. fjárlög með þeim hætti, að þar vanti stórkostlegar fúlgur, sem einhvern tíma síðar kunni að verða aflað til að standa undir þessu.

En það er ekki nóg með það, heldur á nú eftir þessu frv. og eftir yfirlýsingu ríkisstj. að halda sömu krónutölu til verklegra framkvæmda og gert var í desember. T. d. til vegagerða, brúargerða og til annarra slíkra framkvæmda á í krónutölu að fara það sama og ákveðið var í desember, þrátt fyrir það þó að hæði efnið allt hækki stórkostlega og vinnulaunin. M. ö. o.: þetta frv. þýðir það að draga stórlega úr verklegum framkvæmdum ríkisins.

Manni hefði þó virzt, að það væri ekkert óeðlilegt, að um leið og slíkt frv. er lagt fyrir Alþ. eins og þetta, þá gerði þó ríkisstj. hinna vinnandi stétta einhverja tilburði til þess að láta fólkið halda sömu atvinnu við vegavinnu, við brúargerðir, við byggingarframkvæmdir eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. frá desember, en svo er ekki. Það er gert ráð fyrir að fækka

verkamönnum og starfsmönnum við allar þessar framkvæmdir.

Um leið og ríkissjóður að sjálfsögðu á að fá stórauknar tekjur af þessu frv., að því er upp er gefið 144 millj. með hækkuðum verðtolli, söluskatti og ýmsu öðru, þá á það allt saman að fara í aukinn rekstrarkostnað ríkisins, en hinar verklegu framkvæmdir eiga ekki að njóta neins góðs af og ekki að fá einn einasta eyri af þessu.

Í sambandi við þetta mál er vissulega nauðsynlegt að minnast á það, að ein af yfirlýsingum núv. ríkisstj. og loforðum var, að allur landslýðurinn, og ég ætla, að Alþingi og alþm. falli þar undir, ætti að fá sem nákvæmastar upplýsingar um ástand þjóðarbúskaparins, hér ætti að fara fram úttekt á þjóðarbúinu og allir ættu að fá nákvæmar upplýsingar, ekki aðeins almennar, heldur álit sérfræðinga.

Ég skal viðurkenna, að ég er þolinmóður og hef mikið langlundargeð. En eftir að nær tvö ár eru liðin af starfsferli þessarar ríkisstj., fer mig vissulega að lengja eftir því, að eitthvað af þessum upplýsingum og sérfræðingaálitum og úttekt líti dagsins ljós, og ég held, að það sé ekki til of mikils mælzt, og ég held, að það sé engin ósanngirni í því, þótt maður fari fram á það, að hæstv. ríkisstj. leggi nú fyrir Alþingi eitthvað af þessum skýrslum og upplýsingum, sem hún lofaði fyrir tveim árum.

Í stjórnmálayfirlýsingu núv. stjórnarflokka, þ. e. a. s. Alþfl. og Framsóknar frá síðustu kosningum, segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Mikill vandi steðjar nú að íslenzku þjóðinni. Höfuðatvinnuvegum landsmanna er haldið uppi með beinum styrkjum af opinberu fé og gífurlegu álagi á neyzluvörur almennings. Þjóðin býr við römmustu gjaldeyrishöft, þótt frelsi sé í orði. Skortur er á gjaldeyri til kaupa á brýnustu nauðsynjum. Innflutningi hefur að verulegu leyti verið haldið uppi með gjaldeyrislántökum. Þrátt fyrir vaxandi framleiðslu, greiða sölu útflutningsafurða“ — ég vil biðja hv. dm. að athuga, að þetta er skrifað og birt 1956 — „og miklar gjaldeyristekjur vegna varnarliðsframkvæmda safnar þjóðin nú hraðvaxandi skuldum erlendis. Sparnaður fer þverrandi, en lánsfjárskortur vex óðum og stefnir í bráða hættu nauðsynlegustu framkvæmdum. Enn býr fjöldi fólks við óhæft húsnæði og okurleigu, en gróðabrall með húsnæði, þar á meðal nýbyggingar, er í algleymingi. Brask með verðbréf og erlendan gjaldeyri á svörtum markaði fer sívaxandi. Kauphækkanir launastétta verða að litlu eða engu vegna verðhækkana, en milliliðir og margs konar braskarar safna of fjár í skjóli hins sjúka fjárhagskerfis.“ Síðan segir: „Meginorsök þess, að þannig er komið, að ekki verður hægt að stjórna landinu án þátttöku annaðhvort íhaldsafla eða kommúnista, er sú, að þótt lýðræðissinnaðir umbótamenn hafi haft kjörfylgi til að mynda samhentan meiri hluta á Alþingi, hefur sundrung þeirra við framboð tryggt öfgaflokkum úrslitaáhrif á stjórnarfarið. Nú verður að brjóta blað í íslenzkum stjórnmálum. Þess vegna ber nú brýna nauðsyn til þess, að tekin sé upp ný stefna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Um hana eiga allir frjálslyndir umbótamenn að sameinast.“

Þetta var nú það, sem Framsfl. og Alþfl. lofuðu fyrir síðustu kosningar, og í stefnuskránni birtu þeir á forsíðunni meira að segja mynd, þar sem þeir tókust í hendur upp á það.

Eftir tvö ár höfum við nú myndina. Við höfum myndina af því, að engin varanleg úrræði hafa birzt. Bráðabirgðaúrræði, nýir skattar, nýjar álögur, meiri og þyngri en nokkru sinni hafa þekkzt í sögu íslenzku þjóðarinnar, og það er ekki svo, að milliliðunum hafi verið fækkað, heldur hefur þeim í mörgum tilfellum verið fjölgað, eins og gleggst kemur fram í því, að nú er farið fram á, að sementsverksmiðjan á Akranesi fái rafmagn frá Soginu, ekki beint, heldur á Sogsvirkjunin að selja rafmagnsveitum ríkisins, rafmagnsveitur ríkisins eiga að selja Andakílsvirkjuninni, Andakílsvirkjunin á að selja bæjarstjórn Akraness, bæjarstjórn Akraness á að selja stjórn sementsverksmiðjunnar. Hvort þessir milliliðir eiga að taka einhverja þóknun, veit ég ekki, en ekki virðist mér, að þetta dæmi bendi til þess, að milliliðunum á Íslandi sé að fækka.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er margt ákaflega óljóst, og þegar málið var til 1. umr. í hv. Nd., bar formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, fram nokkrar fsp. til hæstv. ríkisstj. til þess að fá skýringar á frv. Þessum fsp. hefur ýmist alls ekki verið svarað eða ófullnægjandi upplýsingar gefnar. Ég vil því leyfa mér að ítreka þessar fsp. og vænta þess, að hæstv. ríkisstj. treysti sér til þess að svara þeim.

Spurningarnar eru á þessa leið:

1) Hverjar eru tekjur útflutningssjóðs eftir núverandi kerfi, og hverjar verða tekjur eftir frv.?

2) Hver er hækkun útflutningsuppbótanna a) til sjávarútvegs og b) til landbúnaðar.

3. Hverjar eru forsendur þess, að hækka verði uppbæturnar?

4. Hefur Landssamband ísl. útvegsmanna samþ. að breyta þeim samningi, sem ríkisstj. gerði við útvegsmenn um síðustu áramót, og ef svo er ekki, telur ríkisstj. þá heimilt að lögfesta stórfelldar breytingar á hinum umsömdu fríðindum án samþykkis L. Í. Ú.?

5. Hefur Stéttarsamband bænda samþykkt frv. fyrir sitt leyti, og hvernig hljóðar þá yfirlýsing þess?

6. Er það rétt, að ríkisstj. hafi lýst því yfir við stjórn Alþýðusambands Íslands og 19 manna nefndina, að án samþykkis þeirra yrðu ráðstafanir þessar ekki gerðar?

7. Telur ríkisstj. yfirlýsingu stjórnar Alþýðusambands Íslands og 19 manna n. samþykki á frv. eða mótmæli gegn því?

8. Felur frv. í sér bann gegn kauphækkunum umfram hina lögbundnu hækkun samkvæmt frv.?

9. Ef svo er ekki, hefur ríkisstj. þá tryggingu fyrir því, að Alþýðusamband Íslands beiti sér gegn frekari kauphækkun og einstök stéttarfélög hagi sér þá í samræmi við það?

10. Telur ríkisstj., að ráðstafanir þessar standist, ef frekari kauphækkanir verða en frv. gerir ráð fyrir?

11. Er tekjuöflun frv. miðuð við 5% kauphækkun eða einhverja vísitöluhækkun umfram 200 stig og þá hve mikla?

12. Er gert ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum, eða ætlar ríkisstj. sér að greiða niður að einhverju leyti væntanlegar verðhækkanir og þá hverjar og að hve miklu leyti?

13. Hvað er gert ráð fyrir mikilli hækkun framfærsluvísitölu til næstu áramóta?

14. Hvað mikið af tekjuþörf útflutningssjóðs og ríkissjóðs stafar af kvöðum vegna hinna nýju álaga skv. frv.?

15. Er það rétt, að vegna þessa frv. hækki verðlag á helztu nauðsynjavörum geigvænlega, t. d. á kaffi, sykri og kornvörum um 15%, sementi um 30%, timbri um 29%, benzíni úr 2.09 kr., sem það ætti að vera í nú, í 2.90, olíum um 24%, og hve mikið mun verðlagið hækka á fóðurbæti, tilbúnum fatnaði og vefnaðarvöru?

16. Hver verður hækkun á rekstrarvörum landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar skv. frv.?

17. Ætlar ríkisstj. sér að draga úr verklegum framkvæmdum ríkisins sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af frv.?

18. Telur ríkisstj. þessar ráðstafanir leysa vanda útflutningsatvinnuveganna og ríkissjóðs til frambúðar?

19. Eru þessar till. ríkisstj. í samræmi við tillögur útlendu eða innlendu sérfræðinganna, sem unnið hafa að rannsókn efnahagsmálanna á vegum núverandi ríkisstj.? Ef svo er ekki, í hverju er munurinn fólginn?

20. Ætlar ríkisstj. sér ekki að birta almenningi eða a. m. k. Alþingi álitsgerðir og tillögur sérfræðinganna?

Þessar fsp. bar formaður Sjálfstfl. fram í Nd. og fékk ekki svör við þeim nema að örlitlu leyti. Og nú vil ég endurtaka þessar fsp. og vænta þess að fá svör við þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 574, n. 579, 582 og 583, 580, 581, 584).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Vegna veikindaforfalla form. fjhn. þessarar d., hv. 1. þm. Eyf. (BSt), tók ég sæti fyrir hann í fjhn. og kem nú fram sem framsögumaður 1. minni hl. n. eins og sá, sem hleypur snöggvast í skarð.

Þau vinnubrögð hafa verið viðhöfð til að flýta fyrir málinu, að fjhn. Ed. vann með fjhn. Nd. að athugun þess, á meðan það var í Nd., og hv. 1. þm. Eyf. tók þátt í þeim störfum. Af þessum starfsháttum leiddi, að fjárhagsnefndarmenn Ed. áttu þátt í brtt., sem fram komu í Nd. og fengu afgreiðslu þar. Og vegna þessa gat n. nú komizt af með til athugunar á málinu þann stutta tíma, sem hún hefur haft til umráða, síðan 1. umr. lauk hér í gærkvöld.

N. klofnaði í þrennt, eins og ljóst liggur fyrir af þeim þrem nál., sem fram hafa komið. Við, sem 1. minni hl. skipum, ég og hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ), leggjum til, að frv. verði samþykkt.

Frv. hefur þann höfuðtilgang að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins í heild. Ekki varð hjá því komizt að gera nýjar ráðstafanir til þess, að framleiðslan, sem er undirstaða afkomu allra landsmanna, gæti haldið áfram og þróazt. Tekjur útflutningssjóðs, sem ákveðnar höfðu verið með lagasetningu seint á árinu 1956, reyndust ónógar til þess að mæta útflutningsuppbótaþörfinni s. l. ár. Á s. l. ári varð einnig greiðsluhalli hjá ríkissjóði, sem þá annaðist almennar dýrtíðarbætur að nokkru leyti. Ljóst var einnig fyrir lok fyrra árs, að ekki varð hjá því komizt að auka aðstoð við framleiðsluna, t. d. við togaraútgerð og síldarútveg. Meiri tekjuöflun en áður er þess vegna með öllu óhjákvæmileg.

Þegar frv. er orðið að lögum, verður stuðningurinn við atvinnuvegina mun einfaldari í framkvæmd en hann var, aðstaða framleiðslugreina, er afla gjaldeyris, jafnari en var, öll útflutningsframleiðsla gerð bótahæf og þess vegna betri skilyrði en áður til fjölbreytni í þeirri framleiðslu, en það hefur vitanlega mikla þýðingu. Minnkað er það misræmi, sem orðið er í verðlagi milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis. Þetta á að geta bætt aðstöðu innlends iðnaðar og innlendrar framleiðslu ýmiss konar í samkeppni við erlenda framleiðslu.

Ekki hef ég heyrt á frv. deilt fyrir það, að of mikið sé ætlað til uppbóta á framleiðsluna. Enginn flytur till. um að lækka þær uppbætur, enda ekki ástæða til, og yfirleitt þykir allt gott, sem er í vil. Hins vegar er talað um hækkun hins erlenda gjaldeyris, og þar kvarta ýmsir fyrir sig og sína. Vitanlega hefði verið æskilegt, að erlenda gjaldeyrinn hefði ekki þurft að hækka. Fyrir fjhn. komu ýmsar kvartanir frá félagssamtökum, en því miður gat fjhn. eða a. m. k. 1. minni hl. alls ekki gengið inn á að taka þær til greina, vegna þess að þá hefði verið rofið það samræmi, sem í frv. er. Hér var líka í gær bent á það, hvað ýmsar tilgreindar nauðsynjavörur erlendar hækkuðu í hundraðshlutföllum. En hvað hefðu þær hækkað, ef gjaldeyririnn, sem þær eru keyptar fyrir, væri rétt skráður? Vitanlega hefðu þær hækkað langtum meira, þessar vörur. Frv. er ekki uppfylling á óskhyggju, eins og hún hefur þróazt í landi okkar um skeið, það er alveg rétt. En frv. felur í sér tilraun til þess að forða á sem mildastan hátt frá grandi, sem að stefnir, ef látið er reka á reiða. Í því ljósi er skylt að skoða frv.

Annars ætla ég ekki að hafa þessa framsögu langt mál. Það væri ástæðulaust, alveg óþarft. Ýtarleg grg. fylgdi frv. í upphafi og hæstv. forsrh. fylgdi málinu úr hlaði hér í d. með glöggu yfirliti í ræðu sinni í gær. Málið má heldur alls ekki tefja úr þessu með óþarfa

mælgi. Stöðvun tollafgreiðslu hefur þegar staðið of lengi.

Ég hef skyggnzt í nál. 2. og 3. minni hl. og ekki séð þar neitt nýtt koma fram, er taka þurfi til athugunar. Till. þær, sem hér hafa verið fram lagðar á þskj., eru nálega allar samhljóða till., sem lagðar voru fram í Nd. og felldar þar. Ég tel þess vegna ekki þörf á að eyða tíma í að sýna fram á, að þær trufla stefnu frv. og rjúfa samræmi þess, ef samþykktar yrðu. Stuðningsmenn frv. hljóta því að greiða atkv. gegn þessum till. Við í 1. minni hl. fjhn. leggjum til, að þær verði felldar og frv. samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Umfram það, sem ég sagði við 1. umr. málsins, tel ég mig ekki hafa þörf á að flytja langa framsöguræðu, enda kemur meginefni þeirrar ræðu glögglega fram í nál. minu á þskj. 582. Eins og ég sagði þá, tel ég það alvarlegast við stefnu þess frv., sem hér er til umr., að þar er um að ræða gerbreytingu frá þeirri stefnu, sem farin hefur verið undanfarin ár, og kemur m. a. fram í því, að frv. þetta nýtur ekki þess sama stuðnings verkalýðssamtakanna og þau frv., sem á undanförnum tveimur árum hafa verið flutt til stuðnings við framleiðsluatvinnuvegina, auk þess sem mér sýnist, að í ýmsum veigamiklum atriðum muni hér stefnt að samdrætti, eins og t. d. hvað viðkemur byggingu íbúðarhúsnæðis og lánakerfi til íbúðarhúsabygginga. Ég læt því nægja að vísa til þessarar minnar ræðu við 1. umr. og nál. á þskj. 582 og vona, að af því sé ljóst, hverjar ástæður eru til þess, að ég get ekki stutt þetta frv. og er andvígur því. Mun ég greiða í samræmi við það atkv. gegn því og legg til, að það verði fellt.

Frsm. 3. minni hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér í upphafi míns máls að fara nokkrum orðum um meðferð þessa stórmáls á hv. Alþingi.

Frv. um útflutningssjóð, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er lagt fram í Nd. 13. maí. Það er til meðferðar þar til 28. maí og er sama dag, einni klst. eftir að Nd. afgreiðir það, tekið fyrir til 1. umr. í þessari hv. þd. Síðan er gert ráð fyrir því, að Ed. ljúki afgreiðslu málsins á 1—2 dögum. Þrátt fyrir það að fjhn. Ed. gafst kostur á því að vinna um skeið með fjhn. Nd. að athugun á þessu máli, þá kemst ég ekki hjá því að láta þá skoðun í ljós, að þessi vinnubrögð séu algerlega ósæmileg og ósamboðin þessari hv. þd. Þetta stórmál, sem Alþingi er búið að bíða eftir allan veturinn og langt fram á sumar, er til meðferðar um það bil hálfan mánuð í hv. Nd., en síðan er þess krafizt af hæstv. ríkisstj., að því sé lokið á 1—2 dögum í þessari hv. þd. Ég álít, að slíkt ósamræmi í vinnubrögðum þingdeilda sé ekki aðeins ósæmilegt, heldur og hættulegt þingræðinu og þeim reglum, sem gilda um starfaskiptingu milli þingdeilda. Ef það á að verða almenn regla, að síðari þd. kasti algerlega höndunum til frv., jafnvel hinna mikilvægustu mála, þá virðist tvískipting þingsins í deildir vera orðin harla þýðingarlítil. Ég vil vara hæstv. núv. ríkisstj. við því að halda áfram slíkum vinnubrögðum.

Okkur Íslendinga greinir á um marga hluti, eins og eðlilegt er í lýðræðisþjóðfélagi, þar sem menn hafa rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar á prenti og á mannfundum. En þrátt fyrir þennan mikla ágreining, ekki sízt um efnahagsmál okkar, þá mun það naumast valda deilum, að hallarekstur íslenzkra framleiðslutækja sé ein mesta meinsemd efnahagslífs íslenzku þjóðarinnar í dag.

Orsakir þessa hallarekstrar eru að sjálfsögðu fleiri en ein. En meginástæða hallarekstrarins er of hár framleiðslukostnaður, sem aftur sprettur af því, að þjóðin hefur ekki gætt þess sem skyldi að miða lífskjör sín við hinn raunverulega arð af atvinnutækjum sínum. Kröfurnar hafa ekki verið miðaðar við það, hver greiðslugeta framleiðslunnar væri. Þess vegna hefur hið opinbera orðið að hlaupa undir bagga, og upp hefur verið tekið hið svokallaða uppbóta- og styrkjakerfi, sem hefur hins vegar þann megingalla, að til grundvallar því eru ekki lagðir fjárhagslegir greiðslumöguleikar ríkisins og þar er yfirleitt tjaldað til einnar nætur, en ekki stuðzt við staðreyndir um það, hvað þjóðfélaginu sé kleift og hvernig skipta eigi réttlátlega byrðunum á milli þjóðfélagsþegnanna.

Við sjálfstæðismenn höfum jafnan lagt megináherzlu á það að gera þjóðinni ljóst, að hún yrði að miða lífskjör sín við raunverulegan arð atvinnutækja sinna, ef hún hallaðist að því að miða kröfur sínar til lífsins gæða við eitthvað annað, þá hlyti það að koma henni í koll fyrr eða síðar.

Það er nú svo komið, að uppbóta- og styrkjakerfið, sem leiðir af of miklum kröfum á hendur framleiðslunni, hefur gengið sér til húðar. Þetta er a. m. k. í annað skiptið, sem slíkt hefur gerzt. Árið 1949 voru atvinnutækin komin í bólakaf í hallarekstur, og þá þótti auðsýnt, að ekki yrði unnt að halda því skipulagi áfram öllu lengur. Það kom þá í hlut sjálfstæðismanna að mynda minnihlutastjórn og hefjast handa um undirbúning till., sem bættu úr því ófremdarástandi, sem þá ríkti í þjóðfélaginu.

Sú ríkisstj. fékk færustu hagfræðinga, sem þá var völ á, til þess að kryfja allt ástand efnahagsmálanna til mergjar, gera samanburð á þeim leiðum, sem til greina kæmu til úrbóta, og leggja að lokum fram till. um þau úrræði, sem skynsamlegust væru og tiltækilegust til framkvæmda.

Þegar þessar till. lágu fyrir, lagði ríkisstj. sjálfstæðismanna þær fyrir Alþingi, en hún hafði áður fengið þingflokkunum það frv., sem sérfræðingar hennar höfðu samið um þessi vandasömu mál, og þannig gefið þeim tækifæri til þess að kynna sér málið nokkuð, áður en það var lagt fyrir Alþingi.

Ég vil benda á, að þessi vinnubrögð voru í mjög miklu ósamræmi við vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstj. Hún hafði s. l. tvö ár látið innlenda og erlenda sérfræðinga sína sitja yfir því að rannsaka allt ástand efnahagsmálanna

og gera till. um það, hvernig úr skyldi bætt. En það er fyrst þremur dögum áður en þetta frv., sem hér liggur fyrir, er lagt fyrir Alþingi, fyrst þremur dögum áður en þetta stóra og flókna frv. er lagt fyrir Alþingi, sem stjórnarandstöðunni er gefinn kostur á að kynna sér það. Vitanlega var enginn tími til þess að kryfja þessi mál öll til mergjar og setja sig eins inu í þau og brýna nauðsyn ber til á þessum stutta tíma, frá því á laugardag 10. maí þangað til á þriðjudag 13. maí. Það var enginn tími til þess á þessum örfáu dögum að kynna sér þessi flóknu mál til hlítar. Aðstaða okkar sjálfstæðismanna til þess að ræða þetta mál og sérstaklega að gera till. til breytinga á því er því allt önnur og verri en hv. stjórnarflokka, sem fjallað hafa um málið svo að mánuðum skiptir og sumir hverjir svo að árum skiptir.

Um frv. það, sem sjálfstæðismenn lögðu fyrir Alþingi 1950 um lausn vanda efnahagsmálanna, tókst samkomulag milli mikils meiri hluta þingmanna. Var síðan mynduð ný ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. til þess að framkvæma þessar till., sem fyrst og fremst miðuðu að því að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum, um leið og rekstur bjargræðisveganna yrði tryggður, og loks að því að útrýma greiðsluhallabúskap þeim, sem verið hafði hjá ríkissjóði nokkur undanfarin ár.

Enda þótt nokkuð sé um liðið, tel ég nauðsynlegt að rekja í örstuttu máli árangurinn af þessum viðreisnartill. í efnahagsmálum, sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir í árslok 1949 og ársbyrjun 1950, ekki sízt vegna þess, að hv. málsvarar núv. hæstv. ríkisstj. eiga í raun og veru aðeins eitt úrræði, þegar öll rök eru þrotin fyrir nytsemi þessa frv. Það úrræði er að spyrja um úrræði sjálfstæðismanna og hver viðhorf þeirra hafi verið til efnahagsvandamála þjóðarinnar og hver þau séu í dag.

Sannleikurinn er nefnilega sá, að þegar sjálfstæðismönnum var falin forusta þjóðarbúsins, þá hikuðu þeir ekki við að taka á þeim vanda, sem við blasti þá og var mikill og uggvænlegur, af festu og raunsæi, kveðja færustu menn sér til ráðuneytis, leggja síðan fram till. og síðan bera þær fram til sigurs og framkvæma þær. Með þessu er í raun og veru svarað öllum ásökunum hv. stjórnarflokka nú um það, að Sjálfstfl. haldi aðeins uppi neikvæðri gagnrýni, en bregðist þeirri frumskyldu stjórnarandstöðunnar að leggja fram sínar eigin sjálfstæðu till. til lausnar þeim vanda, sem við er að etja og vitað er að þó hefur fyrst og fremst skapazt í tíð núv. hæstv. ríkisstj. og fyrir stefnuleysi hennar og úrræðaleysi.

En árangurinn af viðreisnartill. sjálfstæðismanna varð í stuttu máli sá, að það reyndist unnt á grundvelli þeirra að útrýma greiðsluhallabúskap ríkissjóðs á örskömmum tíma, tryggja þróttmikinn rekstur atvinnutækjanna, auka útflutningsframleiðsluna að miklum mun og treysta þar með afkomugrundvöll þjóðarinnar og loks að halda uppi fjölþættum framkvæmdum í landinu. Meðal þeirra framkvæmda má nefna húsnæðisumbæturnar, þar sem mörkuð var ný stefna, er haft hefur í för með sér meiri umbætur í húsnæðismálum almennings en nokkru sinni fyrr í sögu þessarar þjóðar. Í öðru lagi var þá hafizt handa í skjóli fyrrgreindrar viðreisnartill. um rafvæðingu strjálbýlisins og byggingu raforkuvera í þeim landshlutum, sem hingað til hafa orðið að fara á mis við þau glæsilegu lífsþægindi og bættu atvinnuskilyrði, sem næg raforka hefur alls staðar í för með sér.

Á það má svo benda í framhaldi af þessu, að allt fram til ársins 1955 tókst að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum á grundvelli þessara viðreisnarráðstafana frá 1950.

Eftir að áhrifum Kóreustríðsins linnti, tókst að halda dýrtíðinni nokkurn veginn í skefjum, og til marks um það má nefna, að vísitala framfærslukostnaðar hélzt óbreytt frá október 1952 þangað til í maí 1955. Má segja, að þetta tímabil hafi verið eitt hið giftusamlegasta og hagstæðasta tímabilið í efnahagslífi þjóðarinnar um margra áratuga skeið. Hefur einn af færustu hagfræðingum þjóðarinnar haldið því fram ómótmælt, að síðan á tímabilinu 1924—28 hafi ekki tekizt jafngiftusamlega til um að halda í skefjum verðbólgu og dýrtíð og halda jafnhliða uppi miklum framkvæmdum og gagnlegum í landinu.

En á öndverðu árinu 1955 má segja, að þáttaskil hafi orðið í íslenzkum efnahagsmálum. Þá hófust kommúnistar handa um pólitísk verkföll, sem fyrst og fremst stefndu að því að eyðileggja árangur þeirrar jafnvægisstefnu, sem tekizt hafði að framkvæma í efnahagsmálum þjóðarinnar allt frá árinu 1950. Kommúnistar höfðu árið 1955 nýlega náð undirtökum að nýju í Alþýðusambandi Íslands og hugðust nú láta kné fylgja kviði og ryðja kommúnistaflokknum braut til valda.

Árangur þessara pólitísku verkfalla varð svo sá, að kaupgjald hækkaði á þessu ári, 1955, að meðaltali um rúmlega 20%, og geta allir gert sér í hugarlund og þekkja það raunar af staðreyndum, hvaða áhrif sú breyting hafi haft á afkomu alls atvinnulífs og framleiðslu í landinu. Niðurstaðan varð sú, að hin nýja stefna kommúnista, nýtt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags, hafði í för með sér stórhækkaðan framleiðslukostnað, þannig að nauðsynlegt var að koma til aðstoðar sjávarútveginum og raunar öllum atvinnurekstri í landinu um áramótin 1955—56. Þáv. ríkisstj. neyddist þá til þess að tryggja rekstur fiskiskipaflotans með því að leggja á nýja skatta og tolla, sem talið var að næmu um 150 millj. kr. á árinu 1956.

Næsti áfangi í íslenzkum stjórnmálum og efnahagsmálum, eftir að viðnámsstefnan gegn dýrtíð og verðbólgu hafði verið brotin á bak aftur af hálfu kommúnista og bandamanna þeirra á árinu 1955, var svo myndun „vinstri stjórnar“ á miðju árinu 1956. Þessi ríkisstj. lýsti því yfir, að nú væri allt í kaldakoli í íslenzku efnahagslífi, það væri „helsjúkt“, og hún lýsti því yfir, að hún mundi leysa vandamálin að „nýjum leiðum“ og með „varanlegum úrræðum“.

Það er rétt að benda á það í þessu sambandi, af því að það var fyrst og fremst Framsfl., sem

hefur haldið fram þessari lýsingu á ástandi efnahagslífsins árið 1956, að þegar Framsfl. lýsti þessu yfir, þá hafði hann átt sæti í ríkisstj. níu ár samfleytt með Sjálfstfl. Hann hafði enn fremur notið þar forustu og fjármálavits hæstv. núv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, í s. l. sex ár. Þrátt fyrir þetta, níu ára stjórnarþátttöku Framsfl. og sex ára fjármálaforustu hæstv. núverandi fjmrh., Eysteins Jónssonar, var þá ástandið þannig að áliti framsóknarmanna, að hér blasti við eyðimörk ein, efnahagslífið var „helsjúkt" og ekkert gat bjargað þjóðinni annað en það, að Framsfl. tæki höndum saman við kommúnista og Alþfl. um „nýjar leiðir" og „varanleg úrræði".

Ég kemst í þessu sambandi ekki heldur hjá því að minna á það, að hæstv. núv. sjútvmrh., *Lúðvík Jósefsson, lýsti því yfir á Alþ.* við umræður um hina nýju skatta fyrrv. ríkisstjórnar, sem nota skyldi til stuðnings atvinnulífinu, eftir að kommúnistar höfðu hrundið nýrri dýrtíðarskriðu á stað, að þessir nýju skattar, sem nema áttu um 150 millj. kr. á árinu 1956, væru einhver „stórfelldasta árás", sem gerð hefði verið á *lífskjör vinnandi fólks á Íslandi*, þessi skattheimta fyrrv. ríkisstj. væri efnahagslegt glapræði, sem mundi draga enn meiri ófögnuð á eftir sér.

Þannig var nú afstaða hv. málsvarsmanna kommúnista á árinu 1956. Ég mun síðar koma að því, hvað núv. hæstv. ríkisstj. hefur aðhafzt í skattamálum, ekki aðeins með góðu samþykki þessa hæstv. ráðherra, heldur og undir forustu hans.

Síðan fyrirheitin um „nýjar leiðir" og „varanleg úrræði" voru gefin, eru nú liðin nær tvö ár. Engar tillögur um ný og varanleg úrræði hafa komið frá hæstv. ríkisstj. Eina úrræði hennar, sem sézt hefur fram til þessa frv., var jólagjöfin fyrir áramótin 1956, en með henni voru lagðar 300 millj. kr. nýjar skattaálögur á almenning. En sú skattheimta og tollheimta þýddi 9400 kr. nýja útgjaldabyrði á hverja einustu fimm manna fjölskyldu í landinu. Allt árið 1957 og rúml. fjórðungur ársins 1958 leið, án þess að nokkrar nýjar till. kæmu frá stjórninni um ný úrræði í efnahagsmálunum. Málgögn stjórnarflokkanna lýstu því aðeins yfir, að styrkja- og uppbótaleiðin hefði gengið sér gersamlega til húðar og óhjákvæmilegt væri að hverfa frá henni hið allra fyrsta. Eitt stjórnarblaðanna, málgagn Alþfl., gekk meira að segja svo langt að lýsa því yfir sem dæmi um fánýti þeirrar stefnu, sem stjórnin þó hafði fylgt, þ. e. a. s. uppbóta- og styrkjastefnunnar, að góð síldveiði eða hagfelld grasspretta hlyti óhjákvæmilega að gera íslenzka ríkið gjaldþrota, ef haldið yrði áfram á sömu braut og stjórnin hefði fetað undanfarið.

Þeir menn, sem þannig hafa talað, hljóta að hafa verið með eitthvað nýtt og merkilegt uppi í erminni. Ella hefðu þeir trauðla getað fordæmt svo ákaflega þá stefnu, sem þeir sjálfir höfðu þó fylgt töluvert á annað ár. Mun því þjóðin almennt hafa gert ráð fyrir því, að þegar bjargráðin loksins litu dagsins ljós, þá mætti vænta þar „nýrra leiða" og „varanlegra úrræða". Nú hefur hæstv. ríkisstj. hins vegar lagt fram það frv., sem hér liggur fyrir, og alþjóð hefur gefizt tækifæri til þess að kynna sér það að nokkru, enda þótt það sé svo flókið og margbrotið, að engu virðist líkara en leikur sé að því gerður að varpa reykskýi um kjarna málsins, þannig að fólkið eigi sem allra erfiðast með að sjá það, a. m. k. í fljótu bragði, hvernig er verið að laumast í kringum það, aftan að því og ofan í vasa þess af hálfu hæstv. ríkisstj.

Í frv. þessu felst fyrst og fremst þetta:

Þar er gert ráð fyrir, að núgildandi styrkja- og uppbótakerfi verði haldið áfram. Í öðru lagi er viðurkennt, að gengi íslenzku krónunnar sé fallið, og dulbúin gengislækkun framkvæmd, þar sem engar gjaldeyrisyfirfærslur mega í framtíðinni fara fram á skráðu gengi nema þær, er snerta viðskipti við varnarliðið. Í þriðja lagi: Lagðar eru á þjóðina stórfelldar nýjar álögur, sem ætla má að muni nema allt að 790 millj. kr. á ári. Í fjórða lagi: Lögfest er nýtt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags, þar sem ákveðið er, að allt almennt kaupgjald skuli hækka um ákveðinn hundraðshluta og *jafnframt skuli tilteknar innlendar afurðir* hækka í verði frá 1. júní.

Það hefur verið sagt og með réttu, að í raun og veru sé gengi íslenzkrar krónu fallið. En hv. stjórnarflokka brestur aðeins kjark til þess að viðurkenna það. Þess vegna reyna þeir nú á nýjan leik að grípa til ráðstafana, sem dulbúa viðurkenningu þeirra á gengislækkuninni.

Það er rétt að minnast á það, að árið 1956 lögðu stjórnarflokkarnir 16% yfirfærslugjald á ýmsar vörur, en helztu rekstrarvörur atvinnuveganna og nauðsynjar almennings voru þó undanþegnar. Þetta var fyrsta sporið til þeirrar gengislækkunar, sem verið er að dulbúa með þessu frv. En nú er gengið í öðru skrefi miklu lengra. Nú eru allar vörur settar undir yfirfærslugjald, og greiða á 30% yfirfærslugjald af helztu neyzluvörum og 55% af öllum öðrum vörum, þar á meðal rekstrarvörum atvinnuveganna. Yfirfærslur á hinu skráða gengi íslenzku krónunnar eru þess vegna felldar niður nema gagnvart þeim greiðslum, er snerta viðskipti við varnarliðið. Veit ég ekki, hvort hv. fulltrúar Alþb. í ríkisstj. hafa sérstaklega beitt sér fyrir því, að sá háttur skuli á hafður, en fróðlegt væri að heyra afstöðu ráðherra þeirra til þess atriðis.

Í stuttu máli sagt er gert ráð fyrir því, að núgildandi styrkja- og uppbótakerfi sé í aðalatriðum haldið áfram. Hin dulbúna gengislækkun er fyrst og fremst notuð sem tekjuöflunarleið, til þess að hægt sé að halda áfram að ausa í hít verðbólgunnar uppbótum á afurðir útflutningsframleiðslunnar og niðurgreiðslum á verðlagi innanlands. Frv. er því í raun og veru sambland af áframhaldandi lögfestingu á styrkja- og uppbótakerfinu og gengislækkun, en úr þessu hlýtur óhjákvæmilega að verða hreinn óskapnaður.

Við sjálfstæðismenn teljum því, að í frv. þessu felist síður en svo nokkur lausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar. Af samþykkt þess hlýtur óhjákvæmilega að leiða stóraukna dýrtíð

og verðbólgu í landinu, enda hefur það hreinlega verið viðurkennt af sjálfum málsvörum ríkisstj. hér á hv. Alþ. og í málgögnum þeirra frammi fyrir þjóðinni. Hallarekstri atvinnutækjanna verður ekki útrýmt með þessu frv. Þvert á móti virðist sem samtímis því, sem verið er að gera ráðstafanir, sem eiga að heita framleiðslunni til bjargar, þá sé verið að íþyngja henni með nýjum álögum, sem geri aðstöðu hennar enn þá miklu verri en hún jafnvel er í dag, áður en þetta bjargráðafrumvarp verður lögfest og kemur til framkvæmda.

Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur lagt mikið kapp á að sanna þjóðinni, að hún vildi hafa gott samband og samstarf við verkalýðshreyfinguna og „vinnustéttirnar“, eins og það hefur verið kallað, og að hún hygðist byggja allar sínar ráðstafanir í efnahagsmálum og hvers konar öðrum málum á samþykki verkalýðshreyfingarinnar og nánu samráði við hana.

Áður en ég fer lengra út í að ræða sannleiksgildi þessara staðhæfinga og hvernig þetta hefur verið í framkvæmd, vildi ég leyfa mér að rekja nokkur atriði úr nál. hv. 2. minni hl. fjhn. í þessari d., sem nýlega hefur verið útbýtt í hv. þingdeild. Það er nál. hv. 4. þm. Reykv., fulltrúa Alþfl. í fjhn. Hann lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að hann mundi greiða atkv. gegn frv. Fyrir þeirri afstöðu sinni færir hann nokkru nánari rök í nál. sínu, og þar kemst hann m. a. að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum tveim árum hafa fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar átt þess kost að ræða fyrirætlanir hv. núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum, þegar slík frv. hafa verið á frumstigi. Við þær aðstæður telja verkalýðssamtökin, að þau hafi fengið ýmsu þokað í rétta átt fyrir hag og heill launþega. Við samningu þessa frv. var þessu allt annan veg farið. Þegar þar til kjörnir fulltrúar síðasta þings Alþýðusambandsins komu saman til þess að ræða málið, reyndist það fullfrágengið og þess því ekki kostur að fá þar nokkrar breytingar á. Við umræður hér á Alþingi hefur reynslan orðið sú sama, þegar frá eru teknar örfáar minni háttar breytingar, sem nánast eru leiðréttingar. Enn fremur hefur reynzt ógerlegt að fá nokkur fullnægjandi svör við því, hvernig fyrirhugað er að mæta þeirri stórlega auknu rekstrarfjárþörf til handverks og verksmiðjuiðnaðar, sem af samþykkt þessa frv. leiðir. Hið sama gildir um aukið lánsfé til íbúðarhúsabygginga, svo að nokkuð sé nefnt. Við fyrrnefnda athugun í fulltrúaráði verkalýðssamtakanna leyndi sér ekki, að vel flestir fulltrúar fjölmennustu verkalýðsfélaganna voru andvígir framgangi þessa frv. í núverandi mynd og vitnuðu þar til áður samþykktrar stefnu síðasta þings Alþýðusambandsins, sem gerð var þar í einu hljóði.“

Hv. þm. rekur síðan nokkur fleiri atriði, sem hnígi að því, hversu andstætt þetta frv. sé að öllu leyti verkalýðshreyfingunni, og segir að lokum: „Alvarlegasta verður þó að telja þá grundvallarstefnubreytingu, sem frv. þetta felur í sér, þ. e. að horfið er frá þeirri stöðvunarstefnu, sem verkalýðssamtökin höfðu fagnað og lýst fylgi sínu við allt frá vinnudeilunni 1952 og síðasta Alþýðusambandsþing lagði sérstaka áherzlu á að farin yrði. Það er því augljóst,“ segir hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), „að þrátt fyrir nauman meiri hl. í áðurnefndum fulltrúahópi verkalýðssamtakanna fyrir þeirri stefnu, að á móti ráðstöfunum þessa frv. skyldi ekki unnið, þá verður það ekki í samræmi við það, er síðasta þing alþýðusamtakanna fól þessum aðilum að semja um.“

Þetta segir hv. 4. þm. Reykv., sem eins og kunnugt er er einn af aðalverkalýðsleiðtogum Alþfl., og má ætla, að hann tali fyrir munn mikils meiri hluta þeirra manna í verkalýðshreyfingunni, sem fylgt hafa Alþfl. að málum.

Það er því nokkurn veginn auðsætt, að sá hluti verkalýðshreyfingarinnar, sem fylgir Alþfl., hefur gersamlega snúizt gegn þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. eða réttara sagt stefnuleysi hæstv. ríkisstj., sem felst í þessu frv. Því til sönnunar vil ég enn leyfa mér að geta þess, að við atkvgr. í hv. Nd. um þetta frv. í gær rökstuddi hv. þm. Siglf. (ÁkJ) andstöðu sína gegn frv. á eftirfarandi hátt:

„Með því að sýnt er, að frv. þetta fullkomnar það að leiða efnahagsmál þjóðarinnar út í öngþveiti og lög þessi eru sett gegn vilja mikils meiri hluta verkalýðshreyfingarinnar, sem ríkisstj. í upphafi lofaði að hafa samráð við og taka tillit til í sambandi við lausn efnahagsmálanna, lýsi ég mig andvígan frv. og segi nei.“

Sá hluti verkalýðshreyfingarinnar, sem fylgir Alþfl. að málum, er þess vegna örugglega ekki einungis andvígur þessu frv., sem hér liggur fyrir, heldur og kominn í harða andstöðu við núv. hæstv. ríkisstj.

En hvernig mundi þá vera afstaða hins svokallaða verkalýðsflokksins, sem styður hæstv. ríkisstj., kommúnistaflokksins, Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins, Alþýðubandalagsins? Það eru til nokkuð örugg vitni einnig um þá afstöðu. Í fyrsta lagi má minna á það, að formaður Sósfl., hv. 3. þm. Reykv. (EOl), lýsti strax við 1. umr. málsins í hv. Nd. yfir harðri andstöðu við þetta frv., taldi það vera tilræði við verkalýðshreyfinguna og hafa í för með sér „nýja verðbólguskriðu yfir þjóðina“. Þessi hv. þm. var sjálfum sér samkvæmur og greiddi atkv. gegn frv., eftir að hann hafði fyrst gert tilraun til þess að fá því vísað frá.

Málgagn Sósfl. og Alþb. og kommúnistaflokksins lýsir einnig afstöðu sinni á mjög ótvíræðan hátt og þess hluta verkalýðshreyfingarinnar, sem styður kommúnistaflokkinn. Þann 14. maí kemst Þjóðviljinn í forustugrein sinni m. a. þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta; blaðið ræðir fyrst um það í þessari forustugrein sinni, að ekki sé hróflað við uppbótakerfinu og haldið sé áfram sama sukkinu og áður, en segir síðan:

„Hitt er ljóst, að þessar ráðstafanir leysa engin vandamál nema um stundarsakir. Þær valda nýrri verðbólguskriðu, sem enn eykur bilið milli verðlagsins innanlands og þess verðs, sem við fáum fyrir útflutningsafurðirnar, og munu innan tíðar gera nýjar aðgerðir óhjákvæmilegar.“

Það liggur þannig fyrir sannað bæði í ræðum

einstakra leiðtoga verkalýðsflokkanna, sem styðja hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi, og í blöðum þessara sömu flokka, að stefna eða stefnuleysi þessa frv. nýtur einskis trausts þess hluta verkalýðshreyfingarinnar, sem styður þessa flokka. Þvert á móti. Þessir leiðtogar hafa lýst sig í harðri andstöðu við þessar ráðstafanir og talið þær leiða nýja verðbólguskriðu, lífskjaraskerðingu og ófyrirsjáanleg ný vandræði yfir þjóðina.

Við þetta bætist svo enn það, sem öllum hv. þm. er kunnugt um, að mikill fjöldi verkalýðsfélaga, sem stjórnað er af mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum, einnig úr hópi stjórnarandstöðunnar, hefur sent Alþ. harðorð mótmæli gegn þessu frv. Við hv. 6. þm. Reykv. (GTh) höfum leyft okkur að prenta upp í grg. okkar nöfn nokkurra þessara félaga, sem okkur er kunnugt um að þegar hafa sent bein mótmæli til Alþingis. En mörg önnur hafa mótmælt án þess að senda þinginu mótmæli. Þau félög, sem þegar hafa sent mótmæli sín, eru þessi: Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík, Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, Félag íslenzkra rafvirkja, Múrarafélag Reykjavíkur, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Vörubílstjórafélagið Þróttur, Trésmíðafélag Reykjavíkur, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Landssamband íslenzkra verzlunarmanna, Hið íslenzka prentarafélag, Félag íslenzkra prentmyndasmiða, Sveinafélag skipasmiða, Landssamband vörubifreiðastjóra, Bifreiðastjórafélagið Neisti, Hafnarfirði, Bifreiðastjórafélagið Fylkir, Keflavík, Samband matreiðslu- og framreiðslumanna.

Það er af þessari upptalningu ljóst og því, sem ég áður hafði hermt um afstöðu einstakra verkalýðsleiðtoga úr hópi sjálfra stjórnarflokkanna, að hvorki þetta frv. né heildarstefna eða stefnuleysi ríkisstj. í efnahagsmálum á minnsta fylgi að fagna meðal verkalýðshreyfingarinnar. Vinnustéttirnar, sem svo hafa verið kallaðar af hæstv. forsrh. og hann hefur talið sig sérstaklega kjörinn til þess að starfa með og fyrir, hafa lýst yfir harðri andstöðu við þær ráðstafanir, sem ríkisstj. loks eftir tæp tvö ár hefur sýnt Alþingi framan í í efnahagsmálunum.

Ég segi: Stærri ósigur var varla hægt að bíða af hálfu hæstv. forsrh. og raunar ríkisstj. í heild, ekki sízt vegna þess, að hún taldi tilveru sína að verulegu leyti byggjast á hinu nána sambandi og samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Og hæstv. forsrh. réttlætti samvinnu sína við kommúnista einmitt með því, að það væri ekki hægt að finna varanleg úrræði og nýjar leiðir í efnahagsmálunum án samvinnu við þau verkalýðssamtök, sem kommúnistar ráða yfir. Hæstv. forsrh. sér nú framan í staðreyndirnar, raunveruleikann sjálfan í þessu máli.

Nú er það út af fyrir sig ekki algildur mælikvarði á gagnsemi tillagna í efnahagsmálum þjóða, að ýmsir verði til þess að mótmæla þeim, t. d. hagsmunasamtök launþega. Það skal ég fúslega viðurkenna. En hæstv. ríkisstj. segist með þessu frv. fyrst og fremst vera að bjarga framleiðslunni, útflutningsframleiðslunni og þá fyrst og fremst sjávarútveginum. Ég get ekki stillt mig um að gera nokkrar aths. við þetta frv. einmitt út frá því sjónarmiði, hvernig það skipulag, sem það byggist á, búi að sjávarútveginum.

Það er ekki óeðlilegt, að varpað sé fram þeirri spurningu, hvernig þetta frv. leysi vandamál útvegsins og hvort útvegurinn, útvegsmennirnir og sjómennirnir, muni ekki hafa tekið því fagnandi, þó að launþegasamtökin hafi mótmælt því. Það væri hugsanlegt, ef þetta frv. væri alvarleg tilraun til þess að rétta hlut útflutningsframleiðslunnar, að það hlyti ekki fyrst í stað a. m. k. vinsældir hjá launþegasamtökunum, en hins vegar væri vel tekið og fagnandi af hálfu útflutningsframleiðslunnar.

Ég hef bent á það í sambandi við þetta mál, að það feli í sér gengislækkun, dulbúna, en þessi gengislækkun leiðir að sjálfsögðu til hækkunar útgerðarkostnaðar, þar sem mikill hluti af rekstrarnauðsynjum útvegsins er innfluttur.

Í frv. er þó gengið út frá hækkun á útflutningsuppbótum sjávarútvegsins. Í 3. gr. þess eru ákvæði um útflutningsbætur, sem greiða skal sjávarútveginum, og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar í hv. Nd., og er gert ráð fyrir, að útflutningsuppbæturnar nemi 55—80% af fob-andvirði afurðanna. Með þessum útflutningsuppbótum á sjávarútvegurinn væntanlega að fá bættar a. m. k. þær hækkanir rekstrarkostnaðar, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af lögfestingu frv., jafnframt því sem hann ætti að halda öllum þeim rétti, sem hann hefur samkvæmt gildandi samningi við ríkisstj.

Í þessu sambandi verður þó að gæta þess, að ekki eru til samningar um starfsgrundvöll togaraútvegsins eða síldarútvegsins, eins og gerðir voru við bátaútveginn um síðustu áramót. Þegar sá samningur var gerður um rekstur bátaflotans, var hann háður því skilyrði, að fjárhagsafkoma vélbátaútvegsins verði ekki rýrð með nýjum álögum eða ráðstöfunum af hálfu ríkisvaldsins á árinu 1958 frá því, sem felst í nefndu bréfi, þ. e. samningstilboði sjútvmrh. Þessi fyrirvari var borinn undir hæstv. sjútvmrh., áður en hann var sendur honum, og samþ. af honum. Enginn vafi leikur á því, að hér var því um gildandi samning að ræða.

Nú víkur því svo við, að Alþingi og báðum hv. fjhn. þess hafa borizt bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, dags. 13. þ. m., ásamt samriti af bréfi til ríkisstj., dags. 3. þ. m., þar sem því er haldið fram, að bætur þær, sem greiddar skuli skv. a-lið 3. gr. frv., þ. e. 80% af fob-andvirði fiskafurða, að undanteknum síldarafurðum, séu ekki í samræmi við áðurnefndan samning. Það kemur einnig fram í fyrrgreindu bréfi, að Landssambandi ísl. útvegsmanna hefur verið gefinn kostur á að ræða þessi mál við fulltrúa hæstv. ríkisstj. og sjútvmrh., áður en frv. var lagt fram á Alþingi, og hafa þessir aðilar vafalaust borið saman útreikninga sína.

Niðurstöðum L. Í. Ú. ber ekki saman við það, sem lagt er til í frv. Eru þessar niðurstöður landssambandsins þó studdar rækilegum rökum, sem hægt er að fá aðgang að, og er athyglisvert, að ríkisstj. hefur ekki gert neina tilraun til þess að hrekja þær hér á hv. Alþ.

Aðalniðurstöður útreikninga L. Í. Ú. eru þessar:

Útflutningsuppbætur samkvæmt a-lið 3. gr. frv. ættu, miðað við línuveiðar, að vera 83.34%, en miðað við þorsknetjaveiðar 87.13%. Samkvæmt þessu og miðað við reynslu undanfarinna ára ætti í a-lið 3. gr. að standa 85% í stað 80%. Ef vikið er strax að þessu atriði og byggt á því, að útreikningar L. Í. Ú. séu réttir, en það er ekki óeðlilegt, þar sem ríkisstj. hefur við meðferð málsins hér á Alþingi ekki vefengt þá, hlýtur það að vekja furðu, að hún skuli leggja fyrir Alþingi frv., sem felur í sér brot á samningi, sem hún sjálf hefur gert. — Ég vildi mega mælast til þess við hæstv. sjútvmrh., að hann sýndi fram á, að útreikningar landssambandsins séu ekki á rökum reistir. Enn fremur þætti mér vel fara á því, að hæstv. ráðh. endurtæki þá fullyrðingu sína frá umr. í Nd., að ekki hafi verið um að ræða bindandi samning við landssambandið fyrir allt árið 1958 um s. l. áramót, því að það skiptir ákaflega miklu máli, að afstaða hæstv. ráðh. komi alveg hreint og klárlega í ljós til þessa atriðis.

Ég vil líka vekja athygli á þeirri staðreynd, að útreikningar landssambandsins miðast við það eitt, að ekki sé um að ræða beinar hækkanir á kostnaði útvegsins, aðrar en þær, sem leiðir af 55% yfirfærslugjaldi. En nú er komið í ljós, að hækka á útflutningsgjöld um 65% og tollar eiga að leggjast á cif-verð vöru að viðbættu yfirfærslugjaldinu. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að útflutningsuppbætur samkvæmt a-lið 3. gr. ættu raunverulega að vera hærri en 85%.

Hér má einnig geta þess, að Alþ. hefur borizt bréf frá S. Í. F., þar sem bent er á, að umsamdar útflutningsbætur frá 1. jan. til 14. maí á saltfiskafurðir séu skertar með frv. Það sama gildir samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, einnig um skreið og freðfisk.

Loks er á það að líta, að samningar milli ríkisstj. og sjávarútvegsins, sem nú eru í gildi, ná aðeins til fiskafurða bátaflotans, að undanskildum síldarafurðum. Engir samningar eru til um togaraflotann né heldur síldveiðarnar. Hins vegar hefur ríkisstj. í frv. þessu gert ráð fyrir ákveðnum útflutningsuppbótum til togara og til síldveiðiskipanna. Útflutningsuppbætur á afurðir togara skulu vera hinar sömu og afurðir vélbáta, aðrar en síldarafurðir. Útflutningsuppbætur á síldarafurðir norðan- og austanlands skulu vera 55%, eins og frv. kemur nú frá hv. Nd., og á Suðvesturlandi 70%. Hins vegar leitast L. Í. Ú. við í áðurnefndum bréfum sínum að sanna, að útflutningsuppbætur á afurðir togaranna þyrftu að vera allt að 126.2%, á síldarafurðir norðan- og austanlands allt að 122.8% og síldarafurðir sunnan- og vestanlands, haustsíldina, allt að 113.8%.

Í bréfum L. Í. Ú. til Alþingis og ríkisstj. svo og í ályktun fulltrúaráðsfundar landssambandsins 16. þ. m., sem einnig hefur verið send Alþ. og er samhljóða þessum bréfum að meginefni, er lagt til eða þess öllu heldur krafizt, að útflutningsuppbætur verði a. m. k. hinar sömu á allar sjávarafurðir, eða 85%, en eins og áður segir, er þá miðað við gildandi samning landssambandsins við ríkisstj., en ekki reiknað með 65% álagi á útflutningsgjöld eða auknar tollaálögur.

Fyrrgreind ályktun fulltrúaráðsfundar samtaka útvegsmanna ber greinilega með sér, að útflutningsuppbætur þær á síldarafurðir, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, eru svo ófullnægjandi, að ekki er annað sjáanlegt en alger stöðvun síldveiða vofi yfir, ef ekki er einhver bót á ráðin.

Ég vildi nú leyfa mér að óska þess að fá að heyra skoðun hæstv. sjútvmrh. á þessu og jafnframt fá upplýsingar um, til hvaða ráða ríkisstj. hyggst grípa, ef síldveiðarnar stöðvast þrátt fyrir ákvæði þessa frv. Sjálfur skal ég ekki fullyrða um það endanlega, að þeir útreikningar séu réttir upp á punkt og prik, sem samtök útvegsmanna hafa lagt fram. En hingað til hefur hæstv. ríkisstj. í aðalatriðum stuðzt við upplýsingar frá samtökum útvegsmanna, og að sjálfsögðu hljóta forustumenn heildarsamtaka útvegsins að vera langsamlega kunnugastir þessum málum og vita bezt, hvar skórinn kreppir að. En sú spurning hlýtur að rísa, hvort hæstv. ríkisstj. telji sig, þegar Alþ. hefur verið slitið og þm. farnir heim, hafa heimild til þess að bæta úr því, sem ábótavant kynni að vera í þessum efnum, í skjóli f-liðar 3. gr. frv., en þar segir, að ríkisstj. sé heimilt að flytja einstakar vörur milli bótaflokka. Ef ég skil þetta ákvæði rétt, fær hæstv. ríkisstj. m. a. heimild til þess að greiða hæstu uppbætur á síldarafurðir. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þessi skilningur sé réttur, *og ef hann er réttur og ef heimildin yrði notuð*, þá hlyti það að hafa í för með sér stórkostlega aukin útgjöld fyrir útflutningssjóð, langt umfram það, sem gefið er í skyn í frv. þessu. Hvaðan á svo að taka það fé? Mér finnst, að Alþ. geti trauðla skilað þessu stóra máli frá sér, án þess að fullkomnari upplýsingar liggi fyrir um þetta atriði.

Mér virðist því, að varðandi sjávarútveginn, þá horfi þetta frv. þannig við: Í fyrsta lagi: Frv. er ætlað að tryggja afkomu hans og rekstur á þessu ári. Í öðru lagi: Ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir í þessu skyni, eru að allra áliti, er bezt bera skyn á þessi mál, gersamlega ófullnægjandi. Rekstrarkostnaðurinn er stóraukinn hjá allri útgerð í landinu, og útflutningsuppbæturnar eru ekki hækkaðar neitt nándar nærri í samræmi við það. Frv. felur að áliti samtaka útvegsmanna í sér brot á veigamiklum atriðum í gildandi samningi varðandi rekstur útflutningsframleiðslunnar á árinu. Samkv. áliti landssambandsins eru útflutningsuppbætur á síldarafurðir í þriðja lagi áætlaðar svo lágar, að stöðvun virðist fyrirsjáanleg hjá bátaútgerðinni. Í fjórða lagi vildi ég spyrja, hvort hugsanlegt sé, að bæta eigi úr þessu með heimildinni í f-lið 3. gr., og ef það er meiningin, í fimmta lagi, eru þm. þá ekki stórlega blekktir með ákvæðum frv. um tekjuöflun?

Ég hef hér reynt að bregða upp mynd af því, hvernig þetta frv. snertir sjávarútveginn, sem stendur að langsamlega mestu leyti undir út-

flutningsframleiðslunni og svo til allri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Frá heildarsamtökum útvegsins hafa borizt mótmæli gegn frv. og fjölmargar ábendingar um það, að till. ríkisstj. feli beinlínis í sér yfirvofandi hættu um stöðvun sjávarútvegsins á miðju ári. Ég hef gert nokkra grein fyrir þeim mótmælum og þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram á stefnu eða réttara sagt stefnuleysi þessa frv. frá samtökum verkalýðs og launþega í landinu annars vegar og frá samtökum framleiðenda hins vegar. Ég tel mér skylt að greina til viðbótar frá allmörgum öðrum athugasemdum, mótmælum og brtt., sem borizt hafa hv. fjhn., en ekki hefur verið talið mögulegt af hv. stjórnarflokkum að koma til móts við.

Frá bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur borizt svo hljóðandi símskeyti:

„Út af lagafrv. um útflutningssjóð o. fl. bendir bæjarstjórn Seyðisfjarðar á það, að síldarsöltun á Austfjörðum er miklum örðugleikum bundin vegna þess, hve afli er blandaður og langt sóttur og gengur því mikið saman við söltun. Bæjarstjórnin telur því brýna nauðsyn bera til þess, að Austurlandssíld fái hæstu verðuppbætur, sem frv. gerir ráð fyrir. Síldarsöltun hefur undanfarin ár verið meginþáttur í sumarvinnu verkafólks hér og víðar á Austfjörðum, og mundi samdráttur hennar þýða verulega kjararýrnun."

Auðsætt er af þessu, að bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar elur í brjósti mikinn ugg um það, að afleiðing samþykktar þessa frv. muni verða samdráttur í atvinnulífi kaupstaðarins.

Þá hafa borizt frá lyfsölustjóra ríkisins ummæli, þar sem m. a. er komizt að orði á þessa leið:

„Vér efumst ekki um, að hv. fjhn. muni ljóst, að fáir megi síður við auknum útgjöldum en þeir, sem mesta þörf hafa fyrir lyf, og því sé mikil nauðsyn á því að íhuga gaumgæfilega, hvort ekki megi færa lyf í flokk með þeim vörum, sem ráðgert er að greiða 30% yfirfærslugjald af. En samkv. frv. er gert ráð fyrir, að greiða eigi 55% yfirfærslugjald af andvirði lyfja, og mundi það að sjálfsögðu hafa í för með sér stórfellda hækkun á lyfjum, sem mundi að sjálfsögðu bitna fyrst og fremst á sjúku fólki og veikluðu."

Þá liggja fyrir hér ýtarlegar till. frá stéttarfélagi verkfræðinga, sem fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv., og færir rök að því, að ákvæði frv. séu ósanngjörn og óskynsamleg.

Þá eru hér mótmæli gegn ákvæðum frv. frá Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna, og vegna þess að mótmæli þeirra eru nokkuð sérstaks eðlis, tel ég rétt að lesa þau í heild:

„Í tilefni af frv. um útflutningssjóð o. fl., sem nú liggur fyrir hæstv. Alþ., leyfum vér oss að vekja athygli fjhn. Ed. á eftirfarandi:

Þann 12. febr. 1957 var gerður kjarasamningur milli flugfélaganna og félags vors. Hafði ríkisstj. milligöngu við samningagerð þessa hvað snertir gjaldeyrisfríðindi flugmönnum til handa til samræmis við aðra farmenn. Varð að samkomulagi, að flugmenn hlytu 30% launa sinna greidd í erlendum gjaldeyri á lögskráðu gengi. Er það álit vort, að með ákvæðum frv. sé algerlega rift forsendum samkomulags þess, sem samningurinn var byggður á. Er hér um að ræða mjög verulega skerðingu á kjörum flugmanna, einkum með tilliti til þess, að ofangreindur samningur var gerður til þriggja ára í trausti þess, að gjaldeyrir þessi fengist keyptur á lögskráðu gengi. Eru það eindregin tilmæli vor, að fyllsta tillit verði tekið til þessa við væntanlega afgreiðslu frv."

Hér er sem sagt um það að ræða, að brotnir eru með lögum samningar á einstöku stéttarfélagi og meðlimir þess ekki aðeins látnir bera þær byrðar, sem aðrir launþegar eiga að bera samkv. frv., heldur er lagt til, að framkvæmd verði á þeim mjög veruleg kjaraskerðing.

Þá liggur fyrir hér ályktun frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, og sendir stjórn félagsins svo hljóðandi ályktun:

„Aðalfundur Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, haldinn í Reykjavík 23. maí 1958, skorar á Alþ. að breyta ákvæðum frv. um útflutningssjóð o. fl. þannig, að útflutningsuppbætur á síldarafurðir verði þær sömu og á afurðum úr þorski. Til rökstuðnings þessa vísar fundurinn til þess, að síldarútvegurinn á við enn meiri örðugleika að etja heldur en aðrar greinar sjávarútvegsins vegna aflabrestsins á undanförnum árum og verðfalls á síldarafurðum."

Þá liggja hér fyrir áskoranir frá hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, þar sem hún fer fram á, að verðuppbætur á Norðurlandssíld verði jafnháar og á Suðurlandssíld.

Þá er ályktun frá Útvegsmannafélagi Vestmannaeyinga, þar sem m. a. er skorað á Alþ. að rjúfa ekki gerða samninga frá s. l. áramótum við útveginn, m. a. um greiðslu vátryggingargjalda o. fl.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mótmælir tilteknu ákvæði í 31. gr. frv. og skírskotar til samninga um það atriði. Er hér um að ræða nokkuð hliðstætt mál og með flugmennina. Í bréfinu segir:

„Viðkomandi sambandsfélög vor hafa falið stjórn Farmannasambandsins að senda hv. fjhn. Alþ. ákveðin mótmæli vegna 31. gr. frv. til laga um útflutningssjóð o. fl." En þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Áhafnir flugvéla og skipa, sem eiga rétt á að fá hluta launa sinna á ákveðnar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri, skulu greiða 55% yfirfærslugjald af öllum gjaldeyri, sem þeim er afhentur". — Það er einróma skoðun allra þeirra félagsmeðlima vorra, er þetta atriði snertir, að hér sé um beina kjaraskerðingu að ræða, með því að gjaldeyrishlunnindi þau, sem farmenn og fiskimenn hafa notið, eru einn liður í heildarsamningum um kaup og kjör og önnur kjaraákvæði í samningum sett með hliðsjón af þessum sérstöku ívilnunum þeim til handa, enda stendur í öllum samningum viðkomandi sambandsfélaga vorra þessi grein: „Nú verður breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, og er þá samningur þessi uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara." — Enda þótt hér sé ekki um neina gengisbreytingu að ræða eftir orðalagi 31. gr. téðs frv., þá er það engu að síður staðreynd, að það verkar á sama hátt sem kjaraskerðing hjá

far- og fiskimönnum eins og um gengisbreytingu væri að ræða. Væntum vér þess, að hv. n. sjái sér fært að taka mál þetta til vinsamlegrar yfirvegunar og geti fallizt á þau rök, sem hér hafa verið fram sett.“

Ég hygg, að hv. þm. Reykv., Ásgeir Sigurðsson skipstjóri, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem á sæti í hv. Nd., hafi freistað þess að fá fram komið brtt., sem fæli í sér þetta efni, en það mun ekki hafa tekizt. Ég fæ persónulega ekki séð betur en að bæði á flugmönnunum og far- og fiskimönnum séu að þessu leyti brotnir samningar. Og ég vænti, að hæstv. ríkisstj. hafi þá gert sér það ljóst, hverjar afleiðingar þess kynnu að verða.

Enn fremur er hér álitsgerð frá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, þar sem bent er á ýmiss konar agnúa á ákvæðum frv., sem hafa muni í för með sér mikil vandkvæði fyrir saltfiskframleiðslu landsmanna. Svipuð grg. kemur frá Samlagi skreiðarframleiðenda, og hafa þannig öll sölusamtök útvegsins sent fjhn. Alþ. gagnrýni eða bein mótmæli gegn þessu frv., án þess þó að komið hafi verið til móts við þessar till. nema að örlitlu leyti. Það liggur því ljóst fyrir, að útflutningsframleiðslan telur, að með þessu frv. sé stefnt út í fullkomið óefni og öngþveiti. Fæ ég ekki séð, hvernig hæstv. ríkisstj. getur með sæmilegri samvizku skellt skollaeyrunum við allri þessari gagnrýni og mótmælum frá þeim samtökum þeirra atvinnugreina, sem fyrst og fremst eiga að sækja styrk og stoð í þessa nýju löggjöf.

Þegar við þetta bætist, sem ég nú hef rakið, að af verulegri hækkun byggingarkostnaðar hlýtur að leiða samdrátt í framkvæmdum og atvinnulífi þjóðarinnar, verður enn auðsærra, hversu lánlítil, ef ekki lánlaus hæstv. ríkisstj. hefur verið í undirbúningi þessa máls.

Enn má bæta því við, sem einnig hefur verið bent á af hv. 4. þm. Reykv., sem mælti hér gegn frv., þótt hann sé einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., að af samþykkt þessa frv. hlýtur að leiða samdrátt í iðnaðinum.

Loks má á það benda, að af þessu frv. hlýtur að leiða stórfelldan samdrátt verklegra framkvæmda á vegum sjálfs ríkisins samkv. fjárl. Þeir vegir, sem byggðir verða í sumar, verða allmiklu styttri, og það verða færri brýr, sem mögulegt verður að byggja á þessu ári, heldur en ráð hefur verið fyrir gert, jafnvel í fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Væri þess vegna engan veginn óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj., sem hefur lýst því margsinnis yfir, að hún vilji ekki draga saman verklegar framkvæmdir, aflaði sér heimilda til þess að mega hækka á þessu sumri framlag til þjóðvega og brúargerða frá því, sem ákveðið er í fjárl. ársins 1958, í samræmi við þá hækkun á kostnaði við þau verk, er orsakast af samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir. Mér hefði fundizt mjög gagnlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. ríkisstj., byggðar á skýrslu vegamálastjóra, hvað hækkunin við vegagerðir og brúargerðir mun verða mikil sem bein afleiðing af samþykkt þessa frv. Ef hæstv. sjútvmrh., sem er eini fulltrúi hæstv. ríkisstj., sem hér er staddur í bili, vildi afla upplýsinga um þetta, þá fyndist mér það nokkurs virði. Og þjóðin á raunar rétt á því og kröfu á því, að upplýsingar um slíka hluti liggi fyrir, þegar frv. eins og þetta er afgr.

Við hv. 6. þm. Reykv. höfum ekki talið okkur mögulegt á þeim skamma tíma, sem hv. n. og hv. Ed. hefur haft þetta frv. til meðferðar, að flytja breytingartillögur um meginstefnu þess og þýðingarmestu atriðin. En við höfum leyft okkur að flytja hér örfáar brtt.

Það er fyrst brtt. við 21. gr. frv. um það, að b-liður gr. falli niður, en þar segir, að af yfirfærslum fyrir námskostnaði og sjúkrakostnaði skuli innheimta 30% yfirfærslugjald. Við leggjum til, að þessi liður falli niður og aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: „Yfirfærslur fyrir námskostnaði og sjúkrakostnaði skulu undanþegnar yfirfærslugjaldi.“

Um það þarf ekki að hafa mörg orð, að fátækir námsmenn og sjúkt fólk er allra sízt fært um að greiða þetta háa álag á sjúkrakostnað eða námskostnað sinn. Og það má á það benda, að fram til þessa dags hefur ríkissjóður ekki talið fært að vega í þann knérunn, þegar aflað hefur verið tekna í ríkissjóð eða útflutningssjóð til stuðnings framleiðslunni. Mér virðist því, að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi vikið þarna út af braut, sem aðrar fyrrv. ríkisstj. hafi talið eðlilegt að mörkuð yrði gagnvart þessu fólki. Allt öðru máli gegnir, ef skráðu gengi íslenzku krónunnar væri opinberlega breytt. Þá yrði þetta fólk eins og aðrir borgarar í landinu að borga erlendan gjaldeyri sama verði. Þá yrðu allir borgarar í landinu að kaupa erlendan gjaldeyri á einu verði. En þegar gengislækkun er framkvæmd sem gjaldeyrisskattur á svo að segja alla gjaldeyrissölu, virðist mjög ósanngjarnt að láta hana bitna á ungu, efnalitlu námsfólki og sjúku fólki og veikluðu, sem vissulega á erfiðast allra með að rísa undir miklum útgjöldum.

Þá flytjum við hv. 6. þm. Reykv. brtt. við 36. gr. frv. um, að við hana bætist. Í niðurlagi gr. stendur: „Ríkisstj. er einnig heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár“. Við leggjum til, að við þetta bætist: eða öðrum hráefnum til iðnaðar, ef hún telur það nauðsynlegt vegna afkomu einstakra iðngreina“. Ég vil í fyrsta lagi lýsa yfir vanþekkingu minni á því, hvernig stendur á því, að ríkisstj. er sérstaklega heimilað að fella niður innflutningsgjald af „ilmefnum til sápugerðar.“ Ég veit, að hæstv. viðskmrh. er margfróður maður um þetta. Ég vænti, að hann upplýsi hv. þd. um ástæðuna. Ég veit ekki, hvort þetta er vegna þess, að stjórnin ætlar sér að loknum þingverkum í það og langar til að koma ilmandi fram fyrir þjóðina. En ég býst við því, að það þyrfti töluvert af sápu til þess, jafnvel þótt með „ilmefnum“ væri, að hæstv. ríkisstj. ilmaði og spryngi út eins og blóm á vordegi frammi fyrir augliti þjóðarinnar. En mér þætti ánægjulegt að fá upplýsingar um það, hvernig stendur á þessari sérstöku heimild, þó að ég vilji ekki draga í efa, að hún geti verið sanngjörn og eðlileg.

En það, sem vakir fyrir okkur hv. 6. þm. Reykv. með þessari viðbótartill., er aðeins það,

að við sjáum fram á það, eins og margir aðrir, að iðnaðurinn og einstakar greinar hans sérstaklega muni standa frammi fyrir stórfelldum erfiðleikum, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., og að fullkomin hætta sé þar á samdrætti, sem valda muni vaxandi og jafnvel stórfelldu atvinnuleysi í stærstu kaupstöðum landsins. Ástandið hjá iðnaðinum nú er þannig, að fjöldi verksmiðja er í vandræðum með hráefni, og við borð liggur, að segja þurfi tugum, ef ekki hundruðum verkafólks upp vinnu sinni. Mér virðist, að þetta mál muni horfa enn þá alvarlegar við, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., og þess vegna álítum við hv. 6. þm. Reykv., að skynsamlegt væri að víkka þessa heimild nokkuð, sem hæstv. ríkisstj. hefur í niðurlagi 36. gr. til þess að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, þannig að við bætist: „eða öðrum hráefnum til iðnaðar, ef hún telur það nauðsynlegt vegna afkomu einstakra iðngreina".

Þá flytjum við breytingartillögu við 40. gr. frv. í tveimur liðum, a-lið, að efnivara, sem iðnaðarmenn og iðnfyrirtæki selji í sambandi við iðn sína, sé undanþegin þeim skatti, sem um getur í gr., og enn fremur vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum. — Rök hafa verið leidd að því af samtökum iðnaðarmanna, að slík breyting væri sanngjörn og eðlileg, og talið er, að breyting sú, sem við leggjum til, muni ekki hafa í för með sér stórfelldan tekjumissi fyrir ríkissjóð.

Þá leggjum við loks til, að álag á gjald af *innlendum tollvörutegundum skuli innheimt* með 100% álagi, en ekki með 150%, eins og gert er ráð fyrir í gr.

Loks vil ég lýsa yfir fylgi minni hl. fjhn., okkar hv. 6. þm. Reykv., við þær brtt., sem hv. þm. Vestm. hefur flutt á þskj. 581, í fyrsta lagi viðbót við 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að hlutur vinnslustöðva verði réttur nokkuð, og enn fremur brtt. hans um greiðslu vátryggingargjalda fyrir útgerðina, við 18. gr. frv. Hv. þm. mun gera grein fyrir þessum brtt., en við lýsum yfir fylgi okkar við þær og mundum hafa flutt þær, ef hann hefði ekki tekið þær upp.

Ég hygg þá, að ég hafi gert grein fyrir þeim brtt., sem minni hl. fjhn. hefur flutt.

Ég vil að lokum fara nokkrum orðum um þær staðhæfingar hv. stjórnarliða, sem þeir nota helzt til afsökunar frv. sínu og stefnuleysi þess, að Sjálfstæðisfl. hafi brugðizt þeirri frumskyldu sinni að bera fram sjálfstæðar tillögur til lausnar þeim vanda efnahagsmálanna, sem við blasir í dag og vissulega veldur öllum ábyrgum og hugsandi mönnum þungum áhyggjum.

Þessari staðhæfingu hv. stjórnarflokka er fyrst því að svara, að Sjálfstfl. hefur aldrei sagt þjóðinni, að hann hefði á takteinum einhver *töframeðul, sem leyst* gætu allan vanda íslenzks efnahagslífs, án þess að nokkur maður í landinu þyrfti nokkru að fórna. Það eru hv. stjórnarflokkar, sem þetta hafa gert. Þess vegna er vandi þeirra í dag og klípa miklu átakanlegri en nokkur ríkisstj. hefur nokkru sinni komizt í. Núverandi hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir við valdatöku sína, að hún hefði á takteinum nýjar leiðir og varanleg úrræði til þess að leysa með vandamál efnahagslífsins. Hún hefur setið tvö ár að völdum, og þjóðin hefur ekki litið neitt af þessum nýju leiðum eða varanlegu úrræðum, aðeins stórfelldir nýir skattar hafa verið lagðir á þjóðina til þess að framkvæma styrkja- og uppbótakerfið áfram, til þess að heimta af þjóðinni aftur það fé, *sem hún eða launþegar hennar* ofkröfðu framleiðsluna og þá fyrst og fremst sjávarútveginn um í hinum pólitísku verkföllum kommmúnista 1955.

Þannig hafa hinir svokölluðu verkalýðsflokkar — og þó ekki sízt kommúnistaflokkurinn — viðurkennt það, að hin pólitísku verkföll voru ekki framkvæmd til þess raunverulega að bæta kjör verkalýðsins og launþeganna, sem kastað var út í löng og dýr verkföll, heldur til hins, að brjóta niður þá jákvæðu jafnvægisstefnu, sem þáverandi ríkisstj. hafði framkvæmt með góðum árangri s. l. 3—4 ár. Þetta hafa kommúnistarnir og Alþýðuflokksmennirnir orðið að viðurkenna, eftir að þeir komu í ríkisstj. með Framsfl., með því að láta það vera sitt fyrsta verk að stöðva kauphækkanir og síðan taka af fólkinu aftur það, sem kreist var undan blóðugum nöglum hallarekins atvinnulífs á verkfallsárinu 1955, þegar allt kaupgjald í landinu var hækkað um 22% að meðaltali.

Ég tel, að þetta sé lærdómsríkasta staðreynd þess stjórnarsamstarfs, sem staðið hefur undanfarin tæplega tvö ár, að kommúnistarnir, þegar þeir eru í ríkisstj., beita sér fyrir því, að tekið sé af fólkinu það, sem þeir, þegar þeir voru í *stjórnarandstöðu, beittu sér fyrir að fólkið tæki* af atvinnulífinu með verkföllum og kommúnistar þá töldu að stefndi til kjarabóta. Ég held, að íslenzkur almenningur hafi á þessum tveim árum lært meira um eðli og starfsaðferðir kommúnista heldur en á áratugum áður fyrr, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu og gátu lofað og krafizt án þess að þurfa sjálfir að standa við orð sín.

Ég vil enn fremur benda á það, sem ég einnig drap lauslega á í upphafi máls míns, að þegar við sjálfstæðismenn erum í ríkisstj., þá hikum við ekki við að kryfja vandamálin til mergjar og leggja niðurstöðurnar fyrir þjóðina og gera síðan till. okkar um það, hvernig við vandanum skuli snúast, á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja. Það hefur núverandi hæstv. ríkisstj. ekki árætt. Hún lofaði þjóðinni „heildarúttekt" á þjóðarbúinu, þegar hún kom til valda. Hún hefur haft erlenda og innlenda sérfræðinga starfandi að þessari úttekt í tæp tvö ár. En almenningur í landinu, varla Alþingi, hefur fengið að sjá niðurstöðuna af þessari úttekt. Það eina, sem þing og þjóð fær að sjá, er þær till., sem liggja fyrir í þessu frv., till., sem bæði launþegasamtök og framleiðendasamtök telja tilræði við hagsmuni sína og stefna að kyrrstöðu og vaxandi erfiðleikum í efnahagslífi þjóðarinnar.

Sjálfstfl. mun enn sem fyrr halda áfram að segja þjóðinni það hreinskilnislega og umbúðalaust, að efnahagsvandamál hennar verða ekki leyst með skrumi og loforðum um töframeðul, sem svo engin eru til. Kjarni málsins er sá, sem við höfum jafnan lagt áherzlu á, að þjóðin verður að miða eyðslu sína við arðinn af framleiðslu

sinni. Ef hún ekki gerir það, þá megna engin töframeðul að leysa vanda hennar. Þá eru ekki til „nein varanleg úrræði“ eða „nýjar leiðir“, sem geti leyst þjóðina frá þeirri skyldu sinni að koma fram á ábyrgan og skynsamlegan hátt.

Hv. stjórnarsinnar hafa ásakað okkur fyrir það ýmist, að við flyttum engar till. eða að ábendingar okkar og gagnrýni væri neikvæð og fálmkennd. Ég vil nú aðeins nefna þrjár tölur sem dæmi um það, hversu sjálfum sér samkvæmir hv. stjórnarflokkar eru, þegar þeir eru að ræða um efnahagsmálin.

Hæstv. sjútvmrh. sagði í blaðagrein í febrúar eða byrjun marz í vetur, að tekjuþörf ríkissjóðs og útflutningssjóðs á þessu ári til viðbótar væri um 90 millj. kr. Nokkru síðar upplýsti málgagn Alþfl., að þetta væri eintóm vitleysa hjá hæstv. sjútvmrh., ríkissjóð og útflutningssjóð vantaði hvorki meira né minna en 200 millj. kr. til þess að geta sinnt skuldbindingum sínum, haldið fjárlögum greiðsluhallalausum og gert útflutningssjóði kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart útflutningsframleiðslunni. Þann 13. maí leggur svo öll hæstv. ríkisstj. fram frv., sem felur í sér tekjuöflun, er nemur allt að 790 millj. kr.

Af þessu geta hv. þm. og allur landslýður séð, hversu sjálfum sér samkvæmir hv. stjórnarflokkar eru, þegar um er að ræða tekjuþörfina til þess að halda uppi greiðsluhallalausum ríkisbúskap og útflutningsframleiðslunni í gangi. Sjútvmrh., sem ætti að hafa góða yfirsýn um þessi mál, vegna þess að undir hann heyrir aðalgrein útflutningsframleiðslunnar, segir, að útflutningssjóð vanti aðeins 90 millj. kr. Málgagn utanrrh. og menntmrh. segir, að það vanti 200 millj. kr. Og svo flytur ríkisstj. frv. um 790 millj. kr. álögur á þessu yfirstandandi ári. Ég held, að þetta varpi ákaflega góðu ljósi yfir vinnubrögð hæstv. ríkisstj. við undirbúning þessa máls, og það er vissulega engin furða, þó að afkvæmi þessara sundruðu flokka, þessarar sundurþykku ríkisstj. yrði ekki burðugra en það frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 580, 581, 584 og 585, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson). Herra forseti. Það voru aðeins örfáar aths., sem ég vildi gera við þessa löngu ræðu, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) hefur haldið hér. Hann hefur að vísu margt sagt, sem raunverulega gæfi tilefni til langra ræðuhalda, en ég sé ekki ástæðu til þess að elta ólar við það, þar sem þetta mál hefur verið rætt hér talsvert á Alþingi og flest það upplýst að meira eða minna leyti, sem hann hefur hér fjallað um.

En það var aðallega eitt atriði, sem hv. þm. endurtók hér nokkrum sinnum í sinni ræðu, sem mér þykir ástæða til þess að leiðrétta hér. Hann klifaði mjög á því, að með frv. þessu væri stefnt að því að brjóta gerðan samning milli ríkisstj. og samtaka útvegsmanna frá s. l. áramótum.

Þessi staðhæfing hv. þm. er úr lausu lofti gripin með öllu. Í fyrsta lagi er það svo, að það var enginn samningur gerður á milli ríkisstj. og samtaka útvegsmanna. Það samkomulag, sem þá var gert, var í því formi, að ríkisstj. skrifaði samtökum útvegsmanna bréf, dags. 30. des., þar sem hún lýsti yfir, að hún mundi á þessu ári veita útgerðinni tiltekinn stuðning, eftir því sem þar er tilgreint í bréfinu. Útvegsmenn fóru fram á það í þeim viðræðum, sem fram fóru um áramótin, að fá ákvæði inn, þar sem lýst yrði yfir ákveðinni tryggingu um það, að þeir skyldu fá auknar bætur fram yfir það, sem heitið var í þessu bréfi, ef verðhækkanir yrðu á árinu í sambandi við þeirra framleiðslu. Allir þeir menn, sem voru margir talsins af hálfu ríkisins í þessum samningum, lýstu því mjög greinilega og skýrt yfir, að það kæmi ekki til mála að takast á hendur neina slíka skuldbindingu, enda er þetta viðurkennt af útvegsmönnum sjálfum, þótt hv. þm. N-Ísf. og aðrir þeir, sem þarna komu hvergi nærri, geti klifað á öðru.

Þrátt fyrir beiðni þeirra um það, að slík trygging yrði veitt, þá var henni með öllu neitað. Hins vegar lýstu samningamenn útvegsmanna því yfir, að þeir mundu fyrir sitt leyti mæla með því, að útgerð bátanna hæfist á réttum tíma um áramót með þeim fyrirvara frá þeirra hálfu, að ef verðlagsbreytingar yrðu verulegar á árinu eða annað það, sem þeir teldu að raskaði rekstrargrundvelli útgerðarinnar, þá væru þeir lausir af þessu samkomulagi og gætu sagt því upp. Og það hefur staðið þeim til boða og stendur þeim til boða enn.

Þetta var eins ljóst í þessum samningaviðræðum um áramótin og frekast gat orðið, að svona var þessu farið. Útvegsmenn geta, eins og þeim hefur verið bent á nú og viðurkennt af þeim flestum, að sjálfsögðu haldið áfram að fá þær uppbætur greiddar út þetta ár, sem þeim var heitið í bréfinu 30. des. 1957, en þær bætur eru bara miklum mun minni en þær, sem gert er ráð fyrir að lögfesta í þessu frv., og því vitanlega vill enginn þeirra halda við gömlu bæturnar, heldur vilja þeir allir taka þær nýju.

Hér er því ekki um nein samningsbrot að ræða, heldur þvert á móti. Auk þess hefur það legið mjög skýrt fyrir útvegsmönnum, að málið er þannig, þegar á heildarhagsmuni sjávarútvegsins er litið, að ekkert beint samkomulag hefur verið gert fyrir rekstur togaraútgerðarinnar á árinu. Þar er því ekki til að dreifa, að nein sérstök breyting verði á gerðu samkomulagi. Það hefur ekki heldur verið gert neitt samkomulag viðvíkjandi rekstri síldveiðanna, hvorki sumarsíldveiða né haustsíldveiða.

Samkomulag það, sem gert var um áramótin, náði yfir þorskveiðar bátanna, og nú er vetrarvertíðinni lokið, og þær bætur verða inntar af höndum samkvæmt þessu samkomulagi. Eftir getur þá aðeins verið um að ræða fyrir útgerðina í landinu sumar- og haustúthald bátanna á þorskveiðum, sem aðeins er lítill hluti af heildarrekstri útgerðarinnar á árinu.

Það, sem legið hefur fyrir samtökum útvegsmanna, er að glöggva sig á því: Eru þau umskipti, sem hér stendur til að gera, útgerðinni sem heild í hag, eða mundi borga sig að standa á því að fá bætur samkvæmt því, sem heitið

var með bréfinu 30. des., einnig fyrir þann litla hluta framleiðslunnar, sem eftir er raunverulega á þessu ári? Ég efast ekkert um það, að forustumenn samtaka útvegsmanna eru búnir að gera þetta dæmi upp fyrir sig og þeir eru búnir að sjá, að það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er þeim miklum mun hagstæðara en að halda sér við hinar fyrri bætur, og það má reyndar hver maður sjá, sem nokkuð nennir að setja sig niður í þessi mál, að þannig er þessu varið.

Ég vil því alveg mótmæla því, að á nokkurn hátt sé gengið á gert samkomulag við útvegsmenn. Það er þvert á móti framkvæmt á þann hátt, að þeir fá fyllilega það, sem þeim var heitið, og meira að segja hluti af framleiðslunni hlýtur að fá mun betri kjör en upphaflega samkomulagið gerði ráð fyrir.

Það var svo atriði út af fyrir sig, sem er alveg furðulegt í málflutningi ýmissa fulltrúa sjálfstæðismanna hér á Alþingi nú og einnig hjá hv. þm. N-Ísf., sá málflutningur, sem leitast við að sanna, að með hinum nýju ákvæðum eigi yfirleitt allar greinar sjávarútvegsins að fá minna en þeim ber að fá, þær tapi allar á þessu. Hv. þm. N-Ísf. tilgreindi það, að samkvæmt útreikningum útvegsmanna ætti bátaútvegurinn að fá ekki 80%, heldur a. m. k. 85%. Reyndar endurtók hann það aftur síðar, að það væru ekki aðeins þessi 85%, sem þeir hefðu farið fram á, heldur ættu þeir að fá mun meira, af því að þeir hefðu ekki gert ráð fyrir öðrum útgjaldaliðum. Það var allt of lítið. Á síldveiðunum þurftu þeir vitanlega að fá miklu meira, og las hann upp sönnunarskjal frá bæjarstjórninni á Seyðisfirði um það, að þeir þyrftu að fá á síldina sína eins mikið eða meira en menn fá á þorskinn. Þeir voru vitanlega að tapa, og það leit helzt út fyrir, að þeirra síldarútvegur mundi leggjast í rúst. Togaraútgerðin, upplýsti hann, þurfti ekki aðeins 85%, eins og bátaútvegurinn, heldur upp í 126%. Togararnir þurftu sem sagt að fá miklu meiri bætur en bátaútvegurinn, eru þannig miklu lakari til rekstrar. Allir þessir tapa. Það er glöggt mál. En á sama tíma sem þessi málflutningur er hafður í frammi, er því haldið að þjóðinni, að hér sé verið að leggja á hana 790 millj. í nýjum álögum. Það hefur verið sagt af þeim sjálfstæðismönnum, að af þessari upphæð muni um 140 millj. fara til ríkissjóðs. En 650 millj. verða þó alltaf eftir handa útflutningssjóði. Allar tekjur útflutningssjóðs á s. l. ári voru tæpar 400 millj. Hann á að fá 650 millj. til viðbótar, og allir eiga að tapa. Allar greinar útvegsins eiga samt sem áður að fá minna en þær hafa samning upp á og áttu rétt til. Skyldi nú ekki hvarfla að hv. þm. N-Ísf., að hann væri hér að vaða reyk, að það væri eitthvert hey í þessum málflutningi hans? Vill hann ekki reyna að leita það uppi, hver fær allar þessar miklu álögur, hver skyldi fá þennan pening, sem er verið að leggja á menn?

Nei, sannleikur málsins er sá, að auðvitað er talan 790 millj. hreinn uppspuni og eintóm vitleysa og nær engri átt. Hið rétta er, að það mun vera mjög nærri lagi í hliðstæðum samanburði við það, sem við höfum búið við, að hér muni vera um að ræða nýjar álögur í þeirri merkingu orðsins, sem menn tala um álögur, samtals upp á 240 millj. kr., eins og gerð hefur verið grein fyrir í grg. frv. Og ef hv. þm. N.-Ísf. vildi nú leggja sig niður við að athuga það, sem fram kemur í frv., þá mundi hann ekki heldur verða neitt hissa á því, að ég hafi talið í grein, sem ég skrifaði nokkru upp úr áramótum, að það mundi vanta fyrir ríkissjóð og útflutningssjóð í kringum 90 millj. kr., vegna þess að þegar þetta frv. er athugað, þá eru hér teknir inn öldungis nýir liðir til viðbótar við það, sem þá lá fyrir. Síðan hefur það gerzt, að það hefur ekki þótt annað fært en gera ráð fyrir því, að allt kaupgjald í landinu yrði hækkað um 5%. En ef á að standa undir 5% kauphækkun, þá kostar hún 50 millj. kr., og það verður vitanlega að afla tekna til þess, og það er það, sem hefur gerzt. Það hefur líka verið gert, síðan ég nefndi mína upphæð um s. l. áramót, að ákveða að bæta beinlínis hag togaraútgerðarinnar um yfir 20 millj. kr., því að það er það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að setja togaraútgerðina jafnfætis við bátaútveginn og bæta þannig við stuðninginn við togaraútgerðina sem nemur um 20 millj. kr. yfir árið. Það er líka gert ráð fyrir að mæta nú verðfalli, sem orðið hefur á síldarafurðum, upp á um 18 millj. kr., af því að síldin hefur lækkað í verði, sem var algerlega ókunnugt um þangað til nú fyrir örstuttu. Það er líka gert ráð fyrir í þessu frv. að afla sérstakra tekna og greiða kostnað af sérstakri löggjöf í sambandi við lífeyrissjóð togarasjómanna, sem kostar á ári um 7 millj. kr. Það er líka gert ráð fyrir í þessu frv. að mæta útgjöldum upp á 11 millj. kr. vegna sérstakrar skattalækkunar.

Þegar þetta er haft í huga, þá sést, að hér munar ekki miklu á því, sem ég hafði getið til um áramótin.

Í þessum umr. hefur nokkuð verið á það minnzt, að ýmsir aðilar hafi sett fram kröfur um það, einkum á Norður- og Austurlandi, að þeir ættu rétt á því að fá hærri útflutningsuppbætur á sína síld heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem gert hefur verið ráð fyrir, að útflutningsuppbætur á Norðurlandssíld yrðu aðeins 50%, eða samkvæmt því, sem frv. segir nú, 55%, á sama tíma sem greitt er á Faxaflóasíld, vetrarveidda síld, 70%. Það er ekkert nýtt fyrir mér og öðrum þeim, sem hafa verið í þessum samningum, að heyra þetta, og ég tel mig fyllilega hafa eins mikla samúð með þeim, sem stunda veiðar fyrir Austurlandi og Norðurlandi, eins og hver annar. En mér er bara alveg ljóst, að Norðurlandssíldin er seld út úr landinu, hver tunna, á um 100 kr. hærra verði en hver tunna af hinni síldinni, og það er það, sem gerir hinn mikla mun, að það hefur þurft að borga meiri uppbætur á verðminni síldina, til þess að hægt væri að framleiða hana. Það er ástæðan, og það hefur því gengið þannig til á undanförnum árum, að sum árin hafa ekki verið greiddar neinar verðuppbætur á Norðurlandssíld, þegar greiddar hafa verið talsverðar bætur á Suðurlandssíld, og nú s. l. ár voru greiddar mun minni bætur á Norðurlandssíld en á Suðurlandssíld, af þessum sömu ástæðum, og þessu er enn haldið hér, þó að

hins vegar munurinn sé gerður minni en áður. Á s. l. ári var greiddur útflutningsstyrkur á hverja saltsíldartunnu af Norðurlandssíld, 85 kr. á tunnu, en nú er gert ráð fyrir samkvæmt þessu frv., að útflutningsuppbæturnar muni verða rösklega 200 kr. á tunnu í staðinn fyrir 85 kr. Þetta er vitanlega til þess að mæta að nokkru leyti verðfalli, sem orðið hefur á afurðunum, að nokkru leyti verðhækkun, sem verður á innfluttum tunnum og öðru til framleiðslunnar. En ég efast ekkert um, að þessi mikla hækkun, sem þarna kemur fram, er mun meiri en sem nemur þeim hækkunum á rekstrargjöldunum, sem verða samkvæmt þessu frv., og hagurinn ætti því að verða betri. Hitt mætti svo liggja ljóst fyrir öllum, að það er vitanlega ofur eðlilegt, að síldarsaltendur á Norðurlandi og síldarsaltendur á Austurlandi muni í lengstu lög gera kröfu um að fá meiri bætur, hærri bætur en þeir hafa fengið. Þetta er nákvæmlega eins og að fulltrúar sjávarútvegsins hafa vitanlega um hver áramót gert hærri kröfur, miklu hærri kröfur en ríkisvaldið hefur treyst sér til að mæta hjá þeim, og nú um síðustu áramót fóru þeir fram á auknar bætur sem skipti yfir 100 millj. kr. fram yfir það, sem þeir fengu.

Það þarf því enginn að verða neitt hissa á því, þó að það sé hægt að nefna eitthvert bréf frá samtökum framleiðenda, þar sem menn fara fram á enn þá meira. Menn mættu þá gjarnan hafa það í huga, að ef þeir væru við því búnir að veita framleiðslunni enn þá meiri uppbætur en gert er ráð fyrir í þessu frv., þá mundi þurfa að leggja á einhvern ögn meira en gert er, og það mætti þá kannske benda á það, hvar ætti að afla þess fjár, og ekki sízt þeir, sem tala um ábyrga afstöðu síns flokks eins og þeir sjálfstæðismenn, þeir mættu þá kannske nefna það: hvað vilja þeir hækka af bótunum og hvernig vilja þeir þá taka tekjur til þess að mæta þeim hækkunum? En sá, sem skammast jöfnum höndum út í það, að tekið sé of mikið inn af tekjum, en greitt of lítið út til þeirra, sem eiga að fá bæturnar, þeir, sem reka mál sitt þannig, verða ekki teknir alvarlega, og það er ómögulegt að kalla þá ábyrga í málflutningi sínum.

Það er ekki heldur rétt að segja, að samtök útvegsmanna hafi mótmælt þessu frv., — mér er vel kunnugt um það vegna margra funda, sem ég hef átt með fulltrúum þeirra, — heldur hitt, að það er eins og jafnan áður þannig, að þeir hafa viljað fá breytt einstaka liðum sér í vil fram yfir það, sem orðið er. En ég er sannfærður um, að þeir una allvel við það, sem hér er orðið, enda er það sett meira og minna eftir samtölum við þá og viðræðum við þá, og það verður álíka mikið úr fullyrðingum sjálfstæðismanna nú eins og stundum áður um það, að útgerðin sé öll að stöðvast, allt muni stöðvast. Ég óttast það ekkert. Ég er sannfærður um, að útvegsmenn hafa brotið þetta niður fyrir sér og skoðað þetta, og þeir játa, að hér hefur frekar sótt fram á við fyrir samtök þeirra í heild, en ekki aftur á bak.

Nákvæmlega sama er vitanlega að segja um fullyrðingu hv. þm. um það, að með þessari löggjöf eða þessu frv. sé verið að brjóta samninga, sem gerðir hafa verið á flugmönnum og farmönnum. Auðvitað eru engir samningar til um það og hafa aldrei verið, að sá hluti af kaupi þessara aðila, sem má greiða þeim í gjaldeyri, skuli vera greiddur þeim alltaf á einhverri tiltekinni skráningu og án þess að á megi hvorki leggja ein gjöld né önnur. Vitanlega hafa engin slík samningsákvæði verið, og af því er það aðeins fleipur út í loftið hjá hv. þm. að stagast hér á því, að samningar hafi verið brotnir á þessum aðilum.

Hitt er svo alveg rétt, og það vita allir, að bæði flugmenn og farmenn hafa talið sig hafa veruleg friðindi af því að fá hluta af sínu kaupi í erlendum gjaldeyri, og það mega flugmennirnir sérstaklega eiga, að þeir vildu meta slíkt algerlega og fóru ekki dult með það, þeir töldu sig hafa veruleg friðindi af því, þó að farmennirnir almennt neituðu því í samningum, að þeir vildu meta þetta nokkuð til hlunninda. En enginn vafi er auðvitað á því, að það að hafa fengið gjaldeyrinn á hinu skráða gengi hefur jafngilt vissum hlunnindum fyrir þessa aðila, og það vitanlega skapar visst vandamál. En rétt er líka að hafa í huga, að það er gert ráð fyrir í þessu frv., að farmenn og flugmenn, sem fá þennan hluta af kaupi sínu greiddan í gjaldeyri, mega kaupa þær vörur allar, sem leyfilegt er annars að flytja inn í landið, og flytja þær inn í landið án þess að borga þau 55%, sem allir aðrir verða að greiða af þessari vöru, eða m. ö. o., að flugmaður eða farmaður, sem notar sinn gjaldeyri til þess að kaupa einhverja vöru, flytur hana inn í landið við hliðina á kaupmanni hér, sem flytur inn sams konar vöru, kaupmaðurinn verður að borga 55% gjald af þessari vöru, en flugmaðurinn eða farmaðurinn ekki, svo að hann hefur vitanlega í þessu tilfelli fengið þessi friðindi áfram í samanburði við aðra þegna í þjóðfélaginu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess vegna tímaleysis að fara frekar út í þetta mál, en ég taldi, að ekki væri hægt annað en mótmæla því, sem hér hefur verið haldið alveg ranglega fram um skipti ríkisstj. við samtök útvegsmanna.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Árn. og ég flytjum brtt. við frv. þetta á þskj. 585. Till. þessar eru að efni til samhljóða þeim, er hv. þm. Borgf. flutti í Nd., en ekki fundu náð fyrir augum þm. þar í sveit. Málsatvik eru þau, að nú á þessu vori er búið að ráða hingað til lands hátt á annað hundrað manns til landbúnaðarstarfa á vegum Búnaðarfélags Íslands. Hefur sérstakur ráðunautur þess, Gísli Kristjánsson, unnið að þessum málum nú undanfarið. Fólk þetta er að langmestu leyti frá Danmörku. Kom það til landsins í aprílmánuði og mun yfirleitt ráðið til 6 mánaða, eða frá 1. maí til 1. nóv. Venjan hefur verið sú, enda á því byggt við samningsgerðina, að menn þessir fái 1 þús. kr. yfirfærðar af mánaðarkaupi sínu, en mánaðarkaupið er um 2000—2500 kr. alls hjá þessu fólki.

Í 32. gr. frv. þessa var ákveðið, að vinnulaun erlendra ríkisborgara hér á landi skyldu vera undanþegin yfirfærslugjaldi samkvæmt 21. gr. frv. til 14. maí 1958. Mun það hafa verið gert til

þess, að ákvæðin tækju ekki til þeirra erlendu manna, sem unnið hafa á fiskiskipaflotanum í vetur og vor.

Eins og áður segir, hafa nú nær 200 manna verið ráðnir til landbúnaðarstarfa í sumar erlendis frá. Með því að láta ákvæði 32. gr. verða að lögum óbreytt, eins og þau eru nú í frv., verður annað tveggja: hinir erlendu verkamenn verða að taka á sig skellinn, sem nemur 550 kr. á hverjar þúsund krónur, eða bændurnir verða sjálfir að greiða þeim hærra kaup sem þessu svarar. Engin líkindi eru til þess, að hinir erlendu aðilar láti þetta gott heita. Munu þeir vafalaust telja forsendur brostnar fyrir vinnusamningum sínum og ganga með það sama úr vistinni, nema þeir fái kauphækkun. Getur þetta að sjálfsögðu haft hinar alvarlegustu afleiðingar í för með sér fyrir landbúnaðinn, þar sem fólksfæð er í algeru lágmarki, svo sem kunnugt er og margsannað hefur verið.

Að sjálfsögðu gerum við ráð fyrir því, að ákvæði brtt. okkar gildi einungis um vinnulaun þeirra erlendu ríkisborgara, sem fyrir gildistöku laga þessara eru eða hafa verið ráðnir til landbúnaðarstarfa.

Vænti ég þess, að hv. þm. skilji þá brýnu þörf, sem hér er um að ræða fyrir landbúnaðinn, og leggi brtt. okkar lið.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. fjhn. hefur nú haldið hér mjög skelegga ræðu um margt það, sem kemur til greina í þessu frv., og hefur hæstv. sjútvmrh. andmælt sumu af því, sem hv. þm. lét sér um munn fara, en með litið sannfærandi rökum fyrir óinnvígða menn eins og mig og mina líka í þetta mikla völundarsmíð ríkisstj. Það munar nú ekki heldur um minna en það, að þegar hv. þm. N-Ísf. hélt því fram, sem hefur verið haldið fram opinberlega af fleirum, að hinar nýju álögur, bæði til ríkis og útflutningssjóðs, mundu nema 790 millj. kr., þá komst hæstv. ráðh. að þeirri niðurstöðu, að það væri nú eiginlega ekki allfjarri sinni upphaflegu ágizkun á þessu sviði, sem alkunnugt er um allt land, að hann hélt því fram opinberlega, að það mundi ekki þurfa nema 90 millj. til að halda þessu kerfi áfram, þó að það væri jafnótt kveðið niður af blaði samráðherra hans og talið vitleysa. En nú er hann búinn að sækja svo í sig veðrið, hæstv. ráðh., að honum finnst eiginlega, að munurinn á þessum 90 millj. kr. og því, sem hv. þm. N-Ísf. nefndi, sé ekki nema bara litlar 700 millj. kr. Þar liggja bara litlar 700 millj. kr. á milli hjá þessum hv. herrum.

Ég vildi nú fyrir mitt leyti æskja eftir því til fróðleiks og skilningsauka, að hæstv. ráðh. fyrir sitt leyti gerði grein fyrir því dálitið meira sundurliðað en hann hefur hingað til gert, hvernig það má vera, að hans upphaflega fullyrðing í þessu máli, sem var fordæmd af meðráðherrum hans þegar í stað, hafi verið nærri sanni. Það er of mikið á mann lagt, að öðru megin sé fullyrt um 790 millj. kr. auknar álögur, en frá annarri hliðinni sé sagt, að þetta sé ekki nema eitthvað yfir 90 millj. kr.

Ég ætlaði að minnast lítils háttar á brtt. varðandi þetta mál, og snerta þær ekki verulega fjárhæðina, en það var í ræðu hv. þm. N-Ísf. minnzt á aths. frá fisksölusamlögum, sem gerðar hefðu verið við frv. og þeim verið beint til hv. fjhn.

Mér er kunnugt um annað þessara erinda og vil — með leyfi hæstv. forseta — fá að lesa það upp fyrir hv. deildarmönnum. Það er frá Samlagi skreiðarframleiðenda og hljóðar svo, stílað til sjávarútvegsmálaráðherra:

„Samlag skreiðarframleiðenda hefur kynnt sér frv. til laga um útflutningssjóð o. fl., sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, og við athugun þess hefur komið í ljós, að sá grundvöllur fyrir framleiðslu skreiðar 1958, til 15. maí 1958, sem lagður var með samkomulagi við hæstv. ríkisstj. um s. l. áramót, er burt fallinn með talsvert hækkuðum vinnulaunum, svo sem ráð er fyrir gert í 7. kafla, 52. gr. og greinum þar á eftir í sama kafla.

Nú er það svo, að enn þá er öll skreið úti á hjöllum, og falla því öll vinnulaun, sem munu nema helmingi allra vinnulaunanna, undir hina væntanlegu hækkun, sem mun nema allt að 15 aurum á hvert skreiðarkíló.

Þá má og geta þess, að verið er nú að panta umbúðir um framleiðslu skreiðarinnar í ár, og mun hækkun umbúðakostnaðar verða mjög mikil, sem einnig valda stjórnskipaðar aðgerðir, enda þótt sú vara hafi ekki hækkað á erlendum markaði. Þar sem allir skreiðarframleiðendur munu hafa reiknað með svipuðum vinnulaunum og svipuðu verði á umbúðum og verið hefur, verða þeir fyrir talsverðu tjóni vegna þessara ákvæða fyrrnefnds frv., ef að lögum verður.

Verðum vér að mótmæla harðlega, að þessi vörutegund, skreiðin, skuli vera sett skör lægra en aðrar útflutningsvörur, sem féllu undir samkomulagið við hæstv. ríkisstj. um s. l. áramót, og framleiðendur hennar beinlínis fyrir aðgerðir þess opinbera verða þannig fyrir talsverðu fyrirsjáanlegu tjóni af þessu, þ. e. stórhækkuðum vinnulaunum og hækkuðum umbúðum. Vér leyfum oss því að skora á yður, hæstv. sjútvmrh., að bera fram brtt. undir umræðu málsins á Alþingi til leiðréttingar á þeim agnúum, sem beinlínis valda skreiðarframleiðendum fjárhagslegu tjóni og hér eru að framan greindir.“

Í sambandi við þessa málaleitun og svipaða málaleitun frá sölusambandi saltfisksframleiðenda var flutt í hv. Nd. brtt., sem hljóðar svo, við þetta mál:

„Útflutningssjóður greiðir vinnslustöðvum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum verkun og útflutning afurða, sannanlega hækkun við að fullverka og koma í skip útflutningsafurðum, sem framleiddar hafa verið á timabilinu frá 1. jan. til 14. maí 1958, umfram það, sem slíkur kostnaður hefði numið fyrir 14. maí þ. á.“

Ég vil geta þess, eins og kom fram í þessum bréfum, að hækkunin, sem hér er um að ræða, er eingöngu sú hækkun, sem hæstv. ríkisstj. sjálf leggur til í sínu frv. að fari fram. Það eru hækkuð vinnulaun, eins og komið hefur fram, 5%, og hækkun á yfirfærslugjöldum á efnivöru til að ganga frá vörunni.

Ég hef nú utan þingfundar átt viðræður við

hæstv. sjútvmrh. um þetta sérstaka atriði og fengið ádrátt hans fyrir því, að hann vildi líta á þetta mál, og þó að ég flytji hér þessa brtt. nú, þá er ég reiðubúinn að taka hana aftur, ef hæstv. ráðh. vill, eins og hann gaf mér í skyn, að hann mundi taka hér opinberlega til máls um þetta atriði og lofa fyrirgreiðslu til leiðréttingar þeim vanda, sem um er kvartað.

Þá hef ég einnig flutt hér brtt. á sama þskj., 581, út af vátryggingariðgjöldum fiskibáta úr útflutningssjóðnum, og er það í samræmi við t. d. það bréf, sem hv. þm. N-Ísf. las hér upp frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, og raunar í samræmi við athugasemdir, sem fram komu í hv. Nd. á þessu atriði í brtt., sem flutt var þar í sömu átt, þó að ekki næði hún þar samþykki.

Ég hirði ekki um að fara inn á þau deiluatriði, sem upp hafa risið milli hv. frsm. 3. minni hl. og hæstv. ráðh. í þessu efni, a. m. k. ekki að sinni, en mætti þó vel athuga það við síðari umr. þessa máls. En ég vil mælast til þess, — ég veit nú ekki, hvort hæstv. ráðh. er í salnum lengur, — að hann léti í ljós álit sitt á erindi því frá skreiðarframleiðendum og saltfisksframleiðendum, sem ég var að lýsa hér áðan, eins og umtalað var á milli okkar, að hann gerði við umr. í deildinni.

Ég hef svo flutt á þskj. 580 aðrar brtt. og vil lýsa yfir því, að fyrri brtt. á þskj. 580 er frá minni hálfu ekki rétt orðuð, að því er virðist, og mun ég því ekki halda henni til streitu, heldur taka hana aftur við atkvgr. En hún er sama efnis og brtt. hv. 3. minni hl. á þskj. 584 og hljóðar um yfirfærslugjald af námskostnaði í útlöndum og sjúkrakostnaði erlendis, að hvort tveggja þetta verði undanþegið yfirfærslugjaldi.

Mér finnst það hreinasta neyðarúrræði, ekki einasta fyrir ríkisstj., heldur fyrir þm. að verða að fallast á það á þennan hátt að skattleggja námsfólk, sem maður veit að hið opinbera verður að styrkja og styrkir mjög ríflega eða í mjög stórum stíl, að klippa þannig af þess námsfé á þann hátt að leggja það undir stórkostlegt yfirfærslugjald. Hvað námsfólkið áhærir, þá vita allir, að allur fjöldi þess hefur svo lítil fararefni, jafnvel þótt það fái styrk frá því opinbera að einhverju leyti, svo lítil fararefni til síns náms og uppihalds utanlands, að það má ekki í það höggva og er að mínu leyti hreint siðleysi af Alþingi að gera það með þessu stórkostlega yfirfærslugjaldi.

Um sjúka menn og þá, sem vegna sjúkleika eða meiðsla verða að leita sér læknishjálpar utanlands, þá er það næsta harður leikur að taka stórkostlegt yfirfærslugjald af þeim gjaldeyri, sem þessir menn, sem venjulega eru illa á vegi staddir efnalega eða oft, þurfa með sér að hafa til að leita sér læknishjálpar. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég er feginn því að sjá hæstv. sjútvmrh. aftur hérna í d. Hann var því miður ekki viðstaddur áðan, þegar ég var að minnast á till. og hæstv. ráðh. í því sambandi, og það getur verið, að ég verði að fara eitthvað upp aftur með það, sem ég sagði, fyrst svo hittist nú á.

Ég var að tala um, að fyrir Alþ. lægi bréf frá Samlagi skreiðarframleiðenda — og sjálfsagt líks eðlis frá sölusamböndum íslenzkra saltfiskseigenda — og væri það hvað skreiðarframleiðendurna áhrærir á þessa leið; ég ætla að leyfa mér að lesa svolítið úr því:

„Samlag skreiðarframleiðenda hefur kynnt sér frv. um útflutningsssjóð o. fl., sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, og við athugun þess hefur komið í ljós, að sá grundvöllur fyrir framleiðslu skreiðar 1958, til 15. maí 1958, sem lagður var með samkomulagi við hæstv. ríkisstj. um s. l. áramót, er burt fallinn með talsvert hækkuðum vinnulaunum, svo sem ráð er fyrir gert í 7. kafla, 52. gr. og greinum þar á eftir í sama kafla.

Nú er það svo, að enn þá er öll skreið úti á hjöllum, og falla því öll vinnulaun, sem munu nema helmingi allra vinnulaunanna, undir hina væntanlegu hækkun, sem mun nema allt að 15 aurum á hvert skreiðarkíló.

Þá má og geta þess, að verið er nú að panta umbúðir um framleiðslu skreiðarinnar í ár, og mun hækkun umbúðarkostnaðar verða mjög mikil, sem einnig valda stjórnskipaðar aðgerðir, enda þótt sú vara hafi ekki hækkað á erlendum markaði. Þar sem allir skreiðarframleiðendur munu hafa reiknað með svipuðum vinnulaunum og svipuðu verði á umbúðum og verið hefur, verða þeir fyrir talsverðu tjóni vegna þessara ákvæða fyrrnefnds frumvarps, ef að lögum verður.

Verðum vér að mótmæla harðlega, að þessi vörutegund, skreiðin, skuli vera sett skör lægra en aðrar útflutningsvörur, sem féllu undir samkomulagið við hæstv. ríkisstj. um s. l. áramót, og framleiðendur hennar beinlínis fyrir aðgerðir þess opinbera verða þannig fyrir talsverðu fyrirsjáanlegu tjóni af þessu, þ. e. stórhækkuðum vinnulaunum og hækkuðum umbúðum. Vér leyfum oss því að skora á yður, hæstv. sjútvmrh., að bera fram brtt. undir umræðu málsins á Alþingi til leiðréttingar á þeim agnúum, sem beinlínis valda skreiðarframleiðendum fjárhagslegu tjóni og hér eru að framan greindir."

Svipaðs innihalds mun erindi saltfisksframleiðendanna vera, en því lýsti hv. þm. N-Ísf. í sinni ræðu.

Út af þessu hafði ég leyft mér að leggja hér fram brtt. við þetta frv. á þskj. 581, sem hljóðar svo:

„Útflutningssjóður greiðir vinnslustöðvum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum verkun og útflutning afurða, sannanlega hækkun við að fullverka og koma í skip útflutningsafurðum, sem framleiddar hafa verið á tímabilinu frá 1. jan. til 14. maí 1958, umfram það, sem slíkur kostnaður hefði numið fyrir 14. maí þessa árs."

Nú hafði ég, áður en þessi fundur hófst, átt tal við hæstv. sjútvmrh. um þessi efni og hann tekið liðlega í að gefa einhverja yfirlýsingu eða hafa einhver þau ummæli við umræðurnar hér í þessari hv. d., sem gætu orðið þess valdandi, að ég gæti tekið þessa till. aftur, því að mér er það ljóst, að það er miklu heppilegri lausn málsins en að halda till. fram og fá hana fellda, ef svo kynni að verða. Vil ég vænta þess, að hæstv. ráðh. verði við þessari ósk, sem hann var áður búinn að taka vel í.

Annars var ég að tala um till. hv. 3. minni hl.,

sem snertir það, að yfirfærslur á námskostnaði og sjúkrakostnaði skyldu vera undanþegnar yfirfærslugjaldi. Ég var þar í ræðu minni, þegar hæstv. forseti kallaði til mín.

Ég hafði lýst yfir fylgi mínu við þessa till. mjög eindregnu og vil vona, að hv. d. fallist á að leggja ekki yfirfærslugjald á námskostnað og því síður á sjúkrakostnað. Það þarf í raun-inni ekki að rökstyðja mjög þá brtt., a. m. k. ekki fram yfir það, sem gert hefur verið, því að öllum er ljóst, að af öllum landsmönnum eiga e. t. v. námsmenn og sjúklingar einna erfiðast með að standa undir þeim kostnaði, sem af hinu háa yfirfærslugjaldi leiðir, og hvað sjúklingana snertir er það beinlínis ómannúðlegt að leggja þá skyldu á herðar þeim.

Nokkrar umræður höfðu farið hér fram á milli hæstv. ráðh. og hv. frsm. 3. minni hl. út af álaginu, sem er á yfirfærslum fyrir kaupi því, sem greitt er í erlendum gjaldeyri til manna á verzlunarflotanum og til flugmanna. Ég get ekki komizt hjá því að líta svo á, að það er gersamlega bert, að um mikla kjaraskerðingu hjá báðum þessum hópum manna er að ræða, ef þeir eiga að greiða það yfirfærslugjald, sem frv. ákveður. Hvað flugmennina snertir, þá mun það vera, að upp úr verkfalli þeirra fyrir ári munu hafa verið gerðir þriggja ára samningar, þar sem þeim er ákveðinn viss hluti, allríflegur, í erlendum gjaldeyri, og hefur það á þeim tíma, að því er mér skilst, orðið til þess að jafna þann ágreining, sem uppi var, þannig að þeir felldu sig við að hætta verkfalli og fallast á að þiggja þessar kjarabætur. En nú virðist mér, að með þessu frv. eigi að mestu leyti að taka þær af þeim, og getur það vissulega orðið til mjög mikils ágreinings, fyrir utan það, að það verður beinlínis til skaða fyrir þá, sem stunda flugatvinnuna.

Um hinn hópinn, þ. e. skipverja, þá er um að ræða hvað snertir erlenda gjaldeyrinn lagalegan rétt þessara manna. Það er ekki samningsréttur eingöngu, það er lagalegur réttur, og segir svo í lögum nr. 41 19. maí 1930, um siglingar, með leyfi hæstv. forseta:

„Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst. Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er þjónustu hans á skipinu lýkur, eða sé hann skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum. Skipverji á ekki rétt á kaupi um þann tíma, er hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna af hendi störf sín. Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar.

Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og aðeins einu sinni á viku. Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum."

Þarna er ljós lagastafur fyrir því, að sérhver skipverji á heimtingu á, þegar hann er í erlendri höfn, að fá greitt kaup sitt, reiknað út á því opinbera gengi, sem bankarnir skrá gjaldeyri hér heima fyrir. Og með því að leggja þennan þunga skatt á yfirfærslu þessa er verulega skertur kauphluti þessara manna móts við það, sem nú er.

Hæstv. ráðh. minntist eitthvað á það, að þessir menn gætu keypt vörur fyrir sinn erlenda gjaldeyri og komið þeim heim. Það kann að vera, að þeir geti það. En ég ímynda mér, að hvað skipverja áhrærir, þá er löglegur vöruinnflutningur til landsins aðeins sá, sem er á tollskrá eða skrám skipsins og vitaskuld fer þá í hendur tollsins, og verður að gjalda innflutningstoll af því, því að ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. vilji með lagaákvæðum eða samningsákvæðum gangast fyrir því að neyða þessa menn til þess að smygla vörum inn í landið. Ég geri ekki ráð fyrir því, segi ég, en það mundi leiða af því, að þeir yrðu að smygla vörunum inn, ef þeir vildu komast hjá skyldu að greiða toll. Hér er því að ræða um stórkostlega kjaraskerðingu hjá þessum mönnum.

Í hv. Nd. var flutt brtt. um þetta atriði, sem fer í áttina til þess að minnka kjaraskerðinguna, þó að hún sé ekki afnumin með öllu, og ég hef leyft mér að taka hana upp hér. Þó að hún væri felld í hv. Nd., þá hef ég leyft mér að koma með sömu brtt., þ. e. a. s. á þskj. 580, að yfirfærslugjald í þessum tilfellum, sem hér um ræðir, hjá skipverjum á skipum og hjá flugmönnum, reiknist ekki 55%, eins og stendur í frv., heldur 30% yfirfærslugjald. Er þar farið dálítið til móts við þá tekjuþörf, sem ég veit að fyrir liggur, og gerð tilraun til þess að lagfæra þetta, svo að menn muni frekar sætta sig við það heldur en ef því er haldið alveg fullu, eins og frv. núna ákveður, því að ég óttast, að af því mundi leiða mikinn ágreining þessara stétta, sem eru svo mjög nauðsynlegar þjóðfélaginu, ágreinings, sem sennilega gæti valdið miklum skaða, — og vildi ég gera mitt til þess að forða því, að til slíks kæmi.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um minar eigin brtt. Ég er að öðru leyti samþykkur brtt. þeim, sem fluttar eru á þskj. 584 af hv. 3. minni hl. fjhn., og enn fremur vildi ég minnast á, að mér þykir brtt. á þskj. 585 frá hv. 2. þm. Árn. og hv. 11. landsk. miða í rétta átt og vera sanngjörn til bóta, og vil fyrir mitt leyti leggja henni lið, svo langt sem ég má.

Ég sé nú, að hæstv. ráðh. er í salnum, og vildi þess vegna ekki tefja tímann, því að ég vænti þess, að ég megi heyri eitthvað gott af hans hendi varðandi mín erindi, og vil láta þess vegna máli mínu lokið að sinni.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef verið um það spurður utan fundar af hv. 1. minni hl. fjhn., hvort ekki sé nauðsynlegt að taka fram í 53. gr. frv., að slysadagpeningar skv. 36. gr. tryggingalaga skuli hljóta álag á sama hátt og lífeyrisbætur. Vegna þessa vil ég taka fram, að ef svo kann að reynast, en það er ekki fullrannsakað, þá lýsi ég því yfir, að

það verður leiðrétt á tiltækilegan hátt. Fleira óska ég ekki eftir að taka fram.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það var í tilefni af till. frá hv. þm. Vestm. á þskj. 581 og þeim ummælum, sem hér féllu hjá honum, sem ég kvaddi mér hljóðs. Með þessari till. hans er vikið að því, að það muni vera til þess ástæða að gera nokkra sérstöðu á bótum fyrir skreiðarverkun og saltfiskverkun og aðra þá fiskverkun, sem þannig stendur á, að allmikið af verkunarkostnaði er enn ótilfallið nú í vertíðarlok, og verkunarkostnaðurinn verður því nokkru hærri væntanlega en hann hefði orðið, ef þessi löggjöf hefði ekki komið til. En hins vegar er gert ráð fyrir í lögunum, að útflutningsuppbætur á þessa framleiðslu, af því að hún var komin á land fyrir miðjan maímánuð, verði þær sömu og þær voru ákveðnar um síðustu áramót.

Þetta er alveg rétt. Þetta hefur okkur verið ljóst, að hér getur orðið nokkur munur á, að það er svo ástatt með sumar verkunaraðferðir, að þó að aflinn sé kominn á land fyrri hluta árs, þá getur dregizt langt fram eftir ári að vinna að aflanum og fullverka hann. Því er nokkuð af framleiðslukostnaðinum eftir, og það má því segja, að það standi ekki fyllilega eins á með þessa framleiðslu og vel flest annað í sambandi við útflutningsafurðir okkar. En það er hvort tveggja, að það, sem hér er um að ræða, einkum skreið og verkaðan saltfisk, — að það er álit okkar, að einmitt þessar greinar njóti tiltölulega beztra uppbóta skv. frv., eins og það er, eða tiltölulega meiri hækkunar að sínu leyti en aðrar greinar, og þá þótti ekki rétt að setja inn í frv. bein ákvæði um frekari stuðning í þessum efnum. En það, sem ég vildi taka fram í sambandi við þetta, er á þessa leið, að þetta atriði mun verða athugað sérstaklega og reynt verður að sjá svo um, að skreiðar- og saltfiskverkun verði látin sitja við sambærileg kjör og aðrar verkunaraðferðir, og ber þá að hafa í huga, að meiri hluti af verkunarkostnaði skreiðar og saltfisks er enn ótilfallinn en við aðrar verkunaraðferðir.

Það er þetta, sem ég vildi sagt hafa í sambandi við þessa till., að það er fyllilega ætlunin að fylgjast með þessu atriði, kanna það til hlítar og sjá svo um í framkvæmdinni, að þessar verkunaraðferðir fái að sitja við sama borð hvað kjör snertir eins og aðrar verkunaraðferðir. Þetta mun verða reynt að sjá um í framkvæmdinni. Ég teldi svo, að miðað við þetta væri hægt fyrir hv. þm. að draga til baka þessa till. sína. En hvað sem því líður, þá verður væntanlega staðið að framkvæmdinni á þessa leið.

Frsm. 3. minni hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Mér láðist í framsöguræðu minni fyrir 3. minni hl. fjhn. að geta þess, að við í minni hl. mælum með samþykkt á brtt. þeim, sem hv. 11. landsk. og hv. 2. þm. Árn. flytja á þskj. 585. Að öðru leyti vildi ég leyfa mér að fara örfáum orðum um nokkur atriði úr ræðu hæstv. sjútvmrh.

Hæstv. ráðh. kvað þau ummæli mín, að samningur hefði verið brotinn á heildarsamtökum útvegsmanna, vera staðhæfingu, sem gripin væri úr lausu lofti. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði, að samningstilboð sjútvmrh. um síðustu áramót var samþykkt með þeim fyrirvara og háð því skilyrði, að fjárhagsafkoma vélbátaútvegsins yrði ekki rýrð með nýjum álögum eða ráðstöfunum af hálfu ríkisvaldsins á árinu 1958 frá því, sem felst í nefndu bréfi, þ. e. a. s. samningstilboði hæstv. sjútvmrh. Þessi fyrirvari var borinn undir ráðh., áður en hann var sendur honum bréflega, og samþykktur af honum. Þessu hafa samtök útvegsmanna haldið ákveðið fram við fjhn. Alþingis, sem fulltrúar frá þeim hafa rætt málið við. Auk þess hef ég gert gangskör að því að fá nákvæmar persónulegar upplýsingar um þetta frá forvígismönnum Landssambands íslenzkra útvegsmanna og fengið það staðfest, að þetta væri rétt. Það undrar mig því mjög, að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir hér, að það hafi ekki komið til greina að takast á hendur neina skuldbindingu um að fá hækkaðan framleiðslukostnað bættan, eftir að hann hefur fallizt á þann fyrirvara, sem ég hef lesið hér og gerður var af hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna, þegar samningstilboði ráðherrans var tekið um síðustu áramót.

Nú orkar það ekki tvímælis, að síðan þessi samningur var gerður, hafa stórfelldar nýjar álögur verið lagðar á útflutningsframleiðsluna. Það hefur verið upplýst, að greiðsla 55% yfirfærslugjaldsins, sem útgerðinni er gert að greiða af rekstrarvörum sínum, muni þýða hvorki meira né minna en rúmlega 200 millj. kr. nýjar álögur og útgjöld af hálfu útvegsins eins. Það sætir þess vegna engri furðu, þó að Landssamband ísl. útvegsmanna komi nú til ráðh. og til hv. Alþingis og telji brotinn á sér samning, og hæstv. sjútvmrh. hefur ekki enn þá getað afsannað, að slíkt hafi gerzt.

Það er svo furðulegur málflutningur af hálfu hæstv. sjútvmrh. og fleiri hæstv. ráðh. í Nd. að halda því fram, að það sé ekki hægt að tala um þennan útgjaldaauka sem álögur á útflutningsframleiðsluna, vegna þess að hún fái þetta greitt aftur. Ef sömu röksemdafærslu væri fylgt, þá mætti segja, að þær álögur, sem lagðar eru á þjóðina, t. d. með fjárlögum, væru alls ekki útgjaldabyrði á þjóðina, vegna þess að meginhluti þess fjár og raunar allt það fé, sem varið er til ýmiss konar útgjalda á fjárlögum, gengur til þjóðarinnar aftur í einni og annarri mynd. Vitanlega er hér um að ræða hreina endileysu. Þessar álögur eru lagðar á útveginn og eru lagðar á þjóðina, enda þótt þetta komi að meira og minna leyti til þessarar sömu atvinnugreinar aftur. En þær koma náttúrlega alls ekki jafnt niður, vegna þess að útflutningsuppbæturnar eru mjög misjafnar og fara eftir mörgu, aflabrögðum, eyðslu á olíu og öðrum útgerðarvörum, veiðarfærum o. s. frv.

Ekki tekur betra við, þegar hæstv. ráðh. fer að gagnrýna upplýsingar stjórnarandstöðunnar um það, hve miklar þær álögur séu, sem lagðar eru á þjóðina með þessu frv. Hann viðurkennir, að hann hafi í febrúar í vetur sagt, að ekki þyrfti nema 90 millj. kr. auknar tekjur til þess að

sinna þörfum ríkissjóðs og útflutningssjóðs. Nú segir hann hins vegar, að með þessu frv. séu lagðar á þjóðina 240 millj. kr. nýjar álögur. En þá er það byggt á þeim útreikningi, sem ég gat um hér áðan, að hæstv. ráðh. telur það t. d. ekki álögur á sjávarútveginn, að honum er gert að greiða 200 millj. kr. í yfirfærslugjald af rekstrarvörum sínum. Með því að reikna þetta þannig út, kemst hæstv. ráðh. að þeirri niðurstöðu, að útgjaldaþörf ríkissjóðs og útflutningssjóðs sé að vísu ekki 90 millj. kr., eins og hann sagði í febrúar, heldur 240 millj. kr.

En ég skal gera alveg sundurliðaða grein fyrir því, hvernig ég og aðrir stjórnarandstæðingar fáum út þá tölu, sem við höldum fram að sé hin raunverulega nýja gjaldabyrði, sem lögð sé á þjóðina með þessu frv. Þessi tala er þannig fengin: Í fyrsta lagi, að hækkun yfirfærslugjalds af innfluttum vörum gefi útflutningssjóði í nýjar tekjur 452 millj. kr., eða samtals 580 millj. kr. í stað 128 millj. kr. áður. Í öðru lagi, að tolltekjur ríkissjóðs séu með frv. hækkaðar um 144 millj. kr. Í þriðja lagi, að nýtt benzíngjald, sem á að verða 62 aurar á lítra, gefi ríkissjóði 24.6 millj. kr. í nýjar tekjur. Í fjórða lagi, að yfirfærslugjald af öðrum yfirfærslum en vörukaupum nemi 240.5 millj. kr. hækkun.

Samtals gera þessar upphæðir 861 millj. kr., en frá þeirri upphæð á að dragast 86 millj. kr. lækkun, sem gerð er skv. frv., á gamla innflutningssjóðsgjaldinu. Niðurstaðan verður þá sú, að hækkun álagna á almenningi verður skv. þessu frv. um 780 millj. kr. eða sú upphæð, sem við sjálfstæðismenn höfum haldið fram, frá því að þetta mál var lagt fyrir hv. Alþingi.

Ég vil gjarnan geta þess, að við höfum við útreikning þessara útgjalda leitað álits sérfróðra manna og jafnvel stuðzt við álit þeirra sérfræðinga, sem unnu með hæstv. ríkisstj. að samningu þessa frv. Hér er því ekki um neinar ýkjur eða órökstuddar staðhæfingar að ræða. Skv. þessu frv. eru lagðar á þjóðina hátt á 8. hundrað millj. kr. í nýjum álögum, með hinni dulbúnu gengislækkun og yfirfærslugjöldum og verulegu tollahækkunum, sem framkvæmdar eru í leiðinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég harma það, að hæstv. sjútvmrh. hefur ekki treyst sér til þess að svara ýmsum þýðingarmiklum fsp., sem ég beindi til hans, m. a. um það, hvernig skilja bæri 3. gr. frv., að ógleymdu þó hvernig stæði á undanþágu ilmefna til sápugerðar frá greiðslu þeirra gjalda, sem um ræðir í 31. gr. frv. Hæstv. ráðh. tók ekki heldur afstöðu til þeirra brtt., sem við í minni hl. höfum flutt og miða að því að koma í veg fyrir, að stórfelldur samdráttur verði í iðnaðinum, sem allar líkur benda til að síðar mundi hafa í för með sér verulegt atvinnuleysi. En það er eins og hæstv. ríkisstj. hafi gersamlega gefizt upp fyrir öllum vanda. Hana varðar um það eitt að fá skattana lagða á almenning í landinu, en miklu síður og helzt alls ekki um hitt, hvernig hægt sé að nota þessar gífurlegu álögur til þess að fleyta framleiðslunni og þjóðarbúskapnum yfir þau blindsker verðbólgu og dýrtíðar, sem nú blasa við á bæði borð og ekki er sýnna annað en þjóðarskútan muni steyta á fyrr en varir.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir það, að hann lét uppi skoðun sína á því málefni, sem ég ber fram í brtt., sem það mál varðar. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að honum hefði verið við samningu frv. ljóst, að svo gæti farið með þann fisk eða þær fiskafurðir, sem eru í verkun, að verkunarkostnaðurinn gengi langt fram yfir þann tíma, sem þessi lög taka gildi, og hann bætti því við, að þetta yrði athugað nákvæmlega, þegar til kæmi, og að því stefnt að gera þá aðila, sem standa að skreiðarverkun og saltfiskverkun, þurrfiskverkun, þannig úr garði, að kjör þeirra yrðu fyllilega sambærileg við kjör annarra fiskverkenda, — sjá svo um í framkvæmdinni, að þessar vörur, sagði hann, eða þessar afurðir verði ekki verr úti — eða þannig skildi ég hann — en aðrar í þessum efnum.

Að fenginni þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. sé ég ekki ástæðu til að halda till. minni fram til streitu og mun við atkvgr. gera aðvart um, að hún verði tekin aftur, þ. e. a. s. fyrri till. á þessu þskj., sem um ræðir.

Ég var að heyra núna síðast ræðu hv. þm. N-Ísf. og þykir vænt um, að hann varð við þeim tilmælum mínum að gera grein fyrir því, hvaða tölur lægju til grundvallar þeirri upphæð, sem hann og margir aðrir hafa haldið fram að yrði hér bætt við sem álögum á þjóðina, eða 780 millj. Hæstv. ráðh. bar mjög á móti þessu í sinni fyrri ræðu, og það væri nú fróðlegt til samanburðar, ef hæstv. ráðh. tíundaði á eins skilmerkilegan hátt sitt álit á þessari upphæð eins og hv. þm. N-Ísf. hefur gert að sínu leyti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 581,1 tekin aftur.
3.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
12.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 581,2 felld með 10:5 atkv.
18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 580,1 tekin aftur.
— 584,1 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FÞ, JJós, JK, SB, SÓÓ.
nei: AG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, PZ, SE, FS.
EggÞ greiddi ekki atkv.
1 þm. (GTh) fjarstaddur.
21. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
22.—30. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 580,2 felld með 10:5 atkv.
31. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 585 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JK, SB, SÓÓ, FÞ, GTh.
nei: KK, SE, AG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, FRV, HermJ, FS.
PZ, EggÞ greiddu ekki atkv.
32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
33.—34. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 584,2 felld með 10:7 atkv.
36. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

37.—39. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 584,3 felld með 10:7 atkv.
40. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
41.—42. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 584,4 felld með 10:6 atkv.
43. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
44.—48. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
49.—51. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
52.—56. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
57.—58. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
59.—62. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, PZ, SE, AG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, FRV, FS.
nei: JK, SB, SÓÓ, EggÞ, FÞ, GTh.
JJós greiddi ekki atkv.

Á 112. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, FS, HermJ, KK, PZ, BSt.
nei: SÓÓ, EggÞ, FÞ, GTh, JJós, JK, SB.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Eggert Þorsteinsson: Eins og ég hef fram tekið í umræðum um þetta mál til þessa, þá tel ég, að þetta frv. skorti nauðsynlegan stuðning verkalýðssamtakanna, og segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 592).

---

30. Lífeyrissjóður togarasjómanna.

Á 96. fundi í Ed., 13. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um lífeyrissjóð togarasjómanna [187. mál] (stjfrv., A. 501).

Á 97. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um lífeyrissjóð togarasjómanna, er stjórnarfrv. Það er samið af nefnd, sem sjútvmrh. Lúðvík Jósefsson skipaði hinn 10. maí 1957 til þess að semja frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna. Nefndina skipuðu þessir menn: Ólafur Jóhannesson prófessor, sem var form. n., Guðmundur J. Guðmundsson fjármálaritari verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Eyjólfur Jónsson lögfræðingur, Jón Sigurðsson ritari Sjómannafélags Reykjavíkur og Tryggvi Helgason form. Sjómannafélags Akureyrarkaupstaðar. Þess er þó skylt að geta, að ríkisstj. varð sammála um nokkrar minni háttar breytingar á frv. frá því, sem nefndin lagði til, þegar hún skilaði því, og er gerð nánari grein fyrir þeim breytingum í aths., sem prentaðar eru með frv.

Í flestum meginatriðum er þetta frv. sniðið eftir lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Nefndin naut sérfræðiaðstoðar Guðjóns Hansens tryggingafræðings, og gerði hann margvíslegar athuganir og útreikninga fyrir nefndina, m. a. útreikninga til stuðnings við mat á því, hver iðgjöldin þyrftu að vera, miðað við þær bætur, sem lífeyrissjóði togarasjómanna er ætlað að greiða. Eins og hv. alþm. sjá, er álitsgerð tryggingafræðingsins prentuð með frv. sem fskj.

Þeir lífeyrissjóðir, sem hingað til hafa verið lögboðnir, hafa verið vegna starfsmanna í opinberri þjónustu, aðallega vegna starfsmanna ríkisins. Sérstakir lífeyrissjóðir annarra starfsstétta hafa hins vegar byggzt á frjálsum samningum milli atvinnurekenda og launþega. Það má því segja, að farið sé nú inn á nýja braut með því að lögbjóða lífeyrissjóð fyrir togarasjómenn. Tel ég það ánægjulegt nýmæli og í alla staði eðlilegt, að byrjað sé á togarasjómönnunum, eða hvers vegna skyldi þeim ekki vera tryggð sams konar kjarabót og öryggi, sérstaklega öryggi, og opinberir starfsmenn hafa lengi notið vegna lífeyrissjóðs síns? Auðvitað er ekkert sjálfsagðara. En þar við bætist svo, að hér er um þjóðfélagsráðstöfun að ræða til þess að reyna að laða unga menn til að gerast togarasjómenn. Með auknu öryggi fyrir þá og þeirra nánustu og bættum kjörum mætti a. m. k. vænta þess, að fleiri röskir menn gerðu sjómennsku að lífsstarfi sínu. Það er hvað eftir annað vikið að þessu sjónarmiði í aths., sem fylgja með frv. Þar segir t. d. svo á einum stað:

„Í öllum umræðum um sjóðsstofnun þessa hefur verið lögð áherzla á, að hún ætti að fela í sér verulega kjarabót fyrir togarasjómenn og ætti m. a. að stuðla að því, að ungir og dugandi menn sæktust eftir starfi á togurum."

Á öðrum stað í grg. frv. er einnig vikið að þessu sjónarmiði, eiginlega þessum þjóðfélagslega ávinningi við stofnun lífeyrissjóðs togarasjómanna, á þessa leið:

„Á það má benda, að vafalaust hefur útgerðin og reyndar þjóðfélagið í heild óbeinan hag af stofnun þessa lífeyrissjóðs. Það er líklegt, að hún leiði til þess, að menn vinni meir að staðaldri á togurum en áður, en það er alkunnugt, að afköst eru miklu meiri hjá vönum togarasjómönnum heldur en hjá óvönum mönnum. Og líklegt er einnig, að lífeyrissjóðurinn geti leitt til þess, að færri útlendinga þurfi að ráða á togaraflotann en nú."

Tryggvi Helgason, einn af höfundum frv., víkur líka að þessu sjónarmiði í aths. sínum, sem prentaðar eru hér með frv., en þar er hann raunar í leiðinni að ræða um það, að hann taldi ekki óeðlilegt, að ríkissjóður borgaði 2% af þeim hluta iðgjalda, sem sjómönnum er samkv. frv. ætlað að greiða, en í tilefni af þessari till. sinni sagði Tryggvi Helgason annars, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég áleit, að þótt stofnun lífeyrissjóðsins sé mikið hagsmunamál togarasjómanna og stefni að efnalegu öryggi þeirra, sem gera vilja sér sjómennsku á togurum að lífsstarfi, beri einnig og ekki síður að skoða það sem alvarlega tilraun til þess að leysa erfitt þjóðfélagslegt vandamál, þ. e. að greiða fyrir því, að nægilega margir dugandi íslenzkir sjómenn vilji starfa á togurum að staðaldri; sé því réttmætt, að þjóðfélagið styðji þessa sjóðsstofnun og starfsemi hennar.

Togararnir hafa skilað á land um það bil þreföldum afla fyrir hvern mann, sem á þeim starfar, á við önnur fiskiskip og báta okkar að meðaltali. Þessi fáu skip með um 1200 sjómenn að starfi leggja til afla, sem gefur þjóðinni um það bil þriðja hluta af gjaldeyristekjunum. Nokkur undanfarin ár hafa ekki fengizt nægilega margir landsmenn til starfa á togurum. Hefur verið reynt að mæta þeim vanda með því að ráða útlenda sjómenn á skipin og til þess orðið að fórna stórum fjárhæðum árlega í erlendum gjaldeyri. Er slíkt ástand hvorki hagkvæmt né traust að byggja á til frambúðar rekstur afkastamestu framleiðslutækja landsins og þeirra, sem öðrum fremur eru undirstaða þeirra lífskjara, sem þjóðin býr við og vill ekki rýra."

Þetta var umsögn Tryggva Helgasonar um þetta atriði sérstaklega. Þetta finnst mér vissulega vera þungbær rök fyrir réttmæti þess að lögbjóða einmitt nú lífeyrissjóð fyrir togarasjómenn, og má vafalaust mörgum rökum við þau bæta. Hitt er svo vitað mál, að ekki munu langir tímar líða, þar til sjálfsagt þykir að lögfesta lífeyrissjóð fyrir sjómenn almennt, og í framhaldi af því má svo síðar búast við, að ráðizt verði í stofnun lífeyrissjóðs fyrir fleiri og fleiri vinnustéttir þjóðfélagsins, og væri raunar æskilegt, að það gæti orðið sem fyrst.

Félmrh. mun samkvæmt ályktun seinasta Alþingis skipa mþn. til að rannsaka, hvort ráðlegt sé og tiltækilegt að koma á fót almennum líftryggingarsjóði vinnandi fólks til sjávar og sveita, en slík þál. var á síðasta þingi flutt af prófessor Ólafi Jóhannessyni, og er í athugun hjá ríkisstj., hvernig vinna skuli að framkvæmd hennar.

Nú vil ég freista þess að gera grein fyrir aðalefni þessa frv.

Í 1. gr. þess segir, að stofna skuli sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjómönnum, ekkjum þeirra og börnum lífeyri samkv. reglum þeim, sem settar eru í þessum lögum. Sjóður þessi nefnist lífeyrissjóður togarasjómanna, og skal heimili hans og varnarþing vera í Reykjavík. Enn fremur segir í þessari sömu grein, upphafsgrein frv.: „Ríkissjóður leggur sjóðnum til sem stofnfé ½ millj. kr. árið 1958 og ½ millj. kr. árið 1959," — samtals 1 millj. kr. sem stofnfé.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzkum togurum, og er þeim skylt að greiða iðgjöld í sjóðinn, enda eiga þeir þá rétt á lífeyri úr honum. Þannig ná, eins og menn sjá, réttindi og skyldur sjóðfélaga bæði til unglinga, sem lögskráðir eru á togarana, og einnig til útlendinga, sem gerast skipverjar á íslenzkum togurum. Nú kynni að verða álitamál, hvort þetta væri rétt, en þetta er rökstutt allvel af höfundum frv. Segir um þessi atriði í skýringum m. a. við 3. gr.:

„Ekki er gert ráð fyrir lágmarksaldri til þátttöku í sjóðnum, enda mun það svo, að þeir menn, sem skipverjar gerast á togurum, séu að jafnaði taldir fullvinnandi menn, enda þótt þeir oft hefji sjómennsku áður en unglingsárunum er lokið. Virðist því hvorki rétt né sanngjarnt, að sjómenn séu fyrir ævku sakir útilokaðir frá því að verða sjóðfélagar."

Um útlendingana segja höfundar frv.:

„Engin ástæða virðist til að undanþiggja útlendinga skyldu til að vera sjóðfélagar. Sú hefur orðið reyndin, að margir útlendingar, sem komið hafa til starfa hér á landi, hafa ílenzt hér, og verður eigi fram hjá því gengið, að svo geti einnig orðið um ýmsa þá menn, sem hefja starf sitt hérlendis á togurum. Virðist því sjálfsagt, að þeir njóti í þessu tilliti sama réttar og Íslendingar, sem að framleiðslustörfum vinna um langt árabil. Í þeim lögum, sem áður hafa verið sett um lífeyrissjóði, mun ríkisborgararéttur ekki skipta máli. Loks skal bent á, að þeir útlendingar, sem hætta störfum á togurunum, áður en þeir hafa öðlazt rétt til lífeyris úr lífeyrissjóðnum, fá eins og aðrir sjóðfélagar endurgreidd iðgjöld þau, sem þeir hafa greitt í hann." Í slíkum tilfellum verður iðgjaldahluti launagreiðandans hins vegar áfram eign sjóðsins, og getur þátttaka útlendinga þannig fremur orðið tekjuauki fyrir sjóðinn sjálfan en hið gagnstæða. Það er til hags fyrir sjóðinn heldur en hitt.

Í 4. gr. frv. segir, að réttindi þau, sem togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skuli á engan hátt rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta skv. lögunum um almannatryggingar, enda ber þeim að gjalda til almannatrygginga eins og áður.

Það er talið, að lífeyrir togarasjómanna skv. þessu frv., að viðbættum bótum eftir almannatryggingalögum, eigi samtals fyllilega að samsvara lífeyri opinberra starfsmanna.

Stjórn lífeyrissjóðs togarasjómanna skal skipuð þremur mönnum. Formaður hennar verður skipaður af hæstarétti, en hinir stjórnendurnir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda. Virðist þessi skipun vera eðlileg. Reikningshald og dagleg afgreiðsla sjóðsins skal vera í höndum Tryggingastofnunar ríkisins.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um, hvernig sjóðurinn skuli ávaxtaður, og eru þau ákvæði um flest hliðstæð þeim, sem gilda um aðra lífeyrissjóði, sem stofnaðir hafa verið með lögum. Í gr. er sérstaklega fram tekið, að sjóðfélagar skuli sitja fyrir um lán eða lánveitingar til íbúðabygginga og skuli slík lán í engu skerða rétt þeirra til íbúðalána samkv. lögunum um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl. Þeir eru því þarna með nokkrum forréttindum að því er snertir íbúðalánamöguleika. Það má telja víst, að sú fyrirgreiðsla, sem sjóðurinn þannig getur veitt togarasjómönnum, verður þeim til mikils hagræðis, þegar stundir líða. Verður því heldur ekki neitað, að sjómenn standa miklu verr að vígi en flestir aðrir til þess að geta notað

tómstundir til ígripavinnu við að koma upp eigin íbúðarhúsnæði.

Þá er einnig í þessari sömu grein ákvæði þess efnis, að það fé sjóðsins, sem ekki sé ráðstafað í föstum lánum eða verðbréfum, skuli ávaxtað, eftir því sem við verði komið, í tryggum lánsstofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til. Viðleitni skal höfð til að dreifa fjármagninu út um land, safna því ekki öllu saman hér í Reykjavík, eins og oft vill verða.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins verði endurskoðaður fimmta hvert ár, og mun algengt, að svo sé gert um aðra tryggingasjóði. Þörfin er þó talin öllu ríkari til þessarar 5 ára endurskoðunar hér, af því að togarasjómenn skipta svo oft um starf og það getur haft áhrif á afkomu sjóðsins. Þessu er öðruvísi varið en t. d. með fasta starfsmenn í þjónustu hins opinbera.

Sjóðfélögum í lífeyrissjóði togarasjómanna er samkvæmt 9. gr. frv. skylt að greiða 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Skal launagreiðanda skylt að halda iðgjöldunum eftir af launum sjóðfélaga og hafa greitt þau aftur til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Í viðbót við þetta skal svo launagreiðandi, þ. e. a. s. togaraeigandi, greiða sem iðgjöld til sjóðsins 6% af heildarárslaunum sjóðfélaga, sem hjá honum vinnur. Þannig nýtur lífeyrissjóður togarasjómanna þá 10% iðgjalda af tekjum skráðra togarasjómanna, en þeir munu vera um 12—13 hundruð talsins á öllu landinu.

Nú munu menn segja: Er þá útgerðinni ætlað að bera þessi 6% iðgjaldaútgjöld af eigin fjárhagslegum rammleik? Og því er skylt að svara, að svo er ekki, því að með þeim efnahagsmálaráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþingi og verið er á þessari stundu að ræða í hv. Nd., er einmitt gert ráð fyrir tekjuöflun til handa togaraútgerðarmönnum, sem nemur 7 millj. kr., en það er sú upphæð, sem 6% iðgjaldagreiðsla mun kosta þá.

Þegar sjóðfélagi hefur svo greitt gjöld til sjóðsins í 35 ár, þá falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur útgerðarmanns hans vegna. Af þessu leiðir, að hámarkslífeyrir er ekki veittur, nema sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld í 35 ár. Undantekning er þó frá þessu viðvíkjandi þeim mönnum, sem um er rætt í bráðabirgðaákvæði frv. Hins vegar er það lágmarksákvæði í 11. gr. frv., að þeir einir, sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins a. m. k. í 10 ár og eru orðnir 65 ára að aldri, geti öðlazt rétt til árlegs ellilífeyris úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er ákveðinn hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og fer hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri. Eftir 10 ár er ellilífeyrir togarasjómanns þannig 10% af meðallaunum hans á s. l. 10 árum. Eftir 15 ár er ellilífeyrir hans orðinn 17.5%, eftir 25 ár 32.5% og eftir 35 ár 50% af meðallaunum 10 síðustu ára. Það telst svo eitt starfsár samkvæmt þessum lögum, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómaður 9 mánuði eða meira á sama almanaksári. Loks er svo ákveði í þessari grein, að ellilífeyrir megi aldrei verða hærri en 75% af meðallaunum á hverjum tíma í sams konar starfi og því, sem sjóðfélaginn lét af. Þetta mun vera hliðstætt gildandi ákvæðum annarra lífeyrissjóða um sams konar efni.

Í 12. gr. segir, að sjóðfélagi, sem ófær verður til þess að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt, eða missir sökum örorku verulegan hluta af launum sínum, eigi rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir metur örorku hans meira en 35%. Skal örorkumat þetta aðallega vera miðað við vanhæfni mannsins til þess að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt að undanförnu.

Í 13. gr. frv. segir: „Nú andast sjóðfélagi, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt".

Ef sjóðfélagi deyr, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemur en 10 ár, skal endurgreiða eftirlifandi maka hans með vöxtum þau iðgjöld, sem hann hefur greitt til sjóðsins. Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer svo eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er rétt 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en skal síðan hækka um 0.6% fyrir hvert starfsár, unz hámarkinu, 35% af meðalárslaunum, er náð eftir 35 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka skal þó aldrei vera meiri en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Í skýringum við þessa gr. segja höfundar frv., að til álita hefði getað komið að ákveða lágmarkslífeyri til eftirlifandi maka látins sjóðfélaga lægri, eins og gert er um ellilífeyri, en á móti mælir það, eins og þeir segja, að greiðsla til ekkna frá almannatryggingum getur verið til muna lægri en ellilífeyrir, og í öðru lagi það, að gera má ráð fyrir, að ekkjur þeirra togarasjómanna, sem eiga að baki sér tiltölulega skammvan starfstíma, hafi fyrir börnum á ómagaaldri að sjá og eigi því erfitt með að stunda vinnu utan heimilis. Get ég ekki betur séð en þetta sjónarmið eigi hinn fyllsta rétt á sér.

Ef sjóðfélagi frestar að taka lífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur þannig öðlazt rétt til þess að hætta störfum á fullum lífeyri, þá hækka lífeyrisgreiðslur til slíks manns um 3% af meðalárslaunum hans síðustu 10 ár fyrir hvert það ár, sem hann frestar að taka lífeyri. Er þessi hækkun nokkru meiri en ákveðin er í lögum um lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda kannske nokkru fyllri ástæða til að stuðla fremur að því, að menn haldi þarna áfram starfi, meðan þeir hafa starfsþrek.

Í 15. gr. frv. segir, að börn og kjörbörn eða fósturbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skuli fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau verða fullra 16 ára, enda hafi hinn látni séð um framfæri þeirra. Sama rétt öðlast og börn og kjörbörn sjóðfélaga, ef hann verður öryrki.

Þá er og ákveðið í þessu frv., að þeir togarasjómenn, sem í lifanda lífi láta af störfum þeim, sem veittu þeim réttindi í sjóðnum, og ástæðurnar eru aðrar en elli eða örorka, skuli fá endurgreidd vaxtalaus þau gjöld, sem þeir hafa greitt í sjóðinn. Slík endurgreiðsla getur þó aldrei farið fram, fyrr en 9 mánuðir eru liðnir síðan sjóðfélagi var síðast afskráður af togara, nema því aðeins að hann eigi lögheimili erlendis, þá þurfa ekki að líða 9 mánuðir til greiðsludagsins.

Flytjist sjóðfélagi í lífeyrissjóði togarasjómanna í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður hefur verið með lögum, þá má endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið sjóðnum hans vegna, en það er þó skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að henni sé beint varið til kaupa lífeyrisréttinda fyrir viðkomandi mann í þeim lífeyrissjóði, sem hann flyzt til. Þessi endurgreiðsla má þó aldrei hærri vera en nauðsynlegt er til að kaupa hliðstæð réttindi í hinum nýja lífeyrissjóði.

Í 19. gr. frv. eru ýmis verndarákvæði um inneignir sjóðfélaga hjá sjóðnum. Það er t. d. óheimilt að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur, og ekki má heldur leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Þá getur og enginn skuldheimtumaður úr dánarbúi eða þrotabúi skert kröfurnar á nokkurn hátt. Og að lokum er lagt bann við því, að lífeyrisfé sé haldið eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Með því, sem ég nú hef sagt, hef ég leitazt við að skýra aðalefni þessa merka frv. En í 20. gr. er svo bráðabirgðaákvæði vegna elztu sjómannanna, sem nú eru á togurunum, þegar lögin um lífeyrissjóð togarasjómanna taka gildi. Ákvæði þessarar greinar þýða það, að ríkissjóður tekur að sér að kaupa þessum mönnum lífeyrissjóðsréttindi, og tel ég það alveg sjálfsagða ráðstöfun, og hygg ég að flestir séu á því máli. Bráðabirgðaákvæðið er þannig, með leyfi forseta:

„Skipverji á togara, sem við gildistöku þessara laga er orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár“ — það er ætlunin, að hann öðlist þennan rétt án greiðslu iðgjalda — „og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram á togara eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna. — Sá, sem við gildistöku laganna er orðinn 65 ára, er enn á togara og hefur verið það minnst 10 ár, skal strax fá réttindi, þannig að sá, sem er 65 ára, fær sömu réttindi og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv.“

Með því að lesa þetta brb.-ákvæði hygg ég, að öllum sé ljóst, að þetta er alveg sérstök öryggisráðstöfun fyrir gömlu togarasjómennina, sem nú væru hvað af hverju að hætta störfum, en hafa ekki greitt nein iðgjöld til þessarar tryggingar. Með brb.-ákvæði þessu er komið í veg fyrir það, að nokkur maður, sem á togara starfar nú, verði settur hjá um að njóta réttinda þeirra, sem í lögunum felast. Hefði það sízt mátt henda, að elztu togarasjómennirnir hefðu þannig orðið útundan. En þess eru þó nokkur dæmi, að menn á aldrinum frá sextugu til sjötugs séu enn á togurunum. Margir menn eru það nú að vísu ekki. Sumir þessara manna hafa nær hálfrar aldar starfsferil að baki sér á íslenzkum togara. Það þótti þó ekki eðlilegt, að kostnaður vegna réttinda þessara sægarpa yrði greiddur úr sjálfum sjóðnum af iðgjöldum sjóðfélaganna, og þess vegna var, eins og ég áðan sagði, horfið að því ráði, að ríkissjóður skyldi kaupa þeim réttindi. Er það þá eins konar viðurkenning, viðurkenningarvottur skulum við segja, af þjóðfélagsins hálfu fyrir ómetanleg störf þessara þrekmiklu manna.

Ég hef nú rakið þetta mál allrækilega, af því að ég tel hér tvímælalaust vera um merkilegt mál að ræða, sem eigi heimtingu á fyllstu athygli alþm. Þetta er mikið hagsmunamál sjómannastéttarinnar, enda hafa sjómenn og samtök þeirra um alllangt skeið lagt mikla áherzlu á, að því yrði þokað í höfn og komið til framkvæmda.

Frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna var fyrst flutt á þingi, svo að ég viti, 1955 af þeim Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni og Gunnari Jóhannssyni, en þá náði málið ekki fram að ganga. Var þá strax ljóst, að hér var komið þingmál, sem sjómenn töldu sitt stóra mál. Þeir sendu strax af skipunum eindregnar áskoranir til þm. og þingsins um að samþykkja það, og þetta voru engar pantaðar samþykktir, þær voru ekta og bornar uppi af einlægri von sjómanna um að geta með þessu máli tryggt betur öryggi sitt og sinna að loknum ströngum og áhættusömum starfsdegi. En svarið kom samt ekki tafarlaust frá Alþingi, þess efnis, að sjálfsagt væri að verða við þessum óskum sjómannanna. Aftur var svo málið flutt á Alþingi af þeim Einari Olgeirssyni og Gunnari Jóhannssyni á næsta þingi og náði þó ekki að heldur samþykki þingsins. En upp úr því varð samkomulag um það innan núverandi ríkisstj., að málið skyldi vandlega undirbúið í mþn. og afgr. sem lög á þessu þingi. Lúðvík Jósefsson skipaði svo þessa n., eins og ég sagði í upphafi máls míns, og hefur n. lokið því starfi, sem ég hef verið að gera grein fyrir.

Nú líður að því, að fullar efndir verði á þessu fyrirheiti, og tel ég, að góðu máli sé þá komið í framkvæmd með samstarfi ríkisvalds og verkalýðssamtaka. Ég tel það ánægjulegt að minnast þess, að skammt er síðan annað stórmál verkalýðssamtakanna var hér til umr. og er nú orðið að lögum. Á ég þar við rétt tímakaups- og vikukaupsmanna til uppsagnarfrests og til kaupgreiðslu í veikinda- og slysatilfellum til jafns við mánaðarkaupsmenn. Þetta tel ég sjálfsagt að þakka, og þessu ber auðvitað að fagna. Ég vona, að þetta öryggis- og hagsmunamál íslenzkra sjómanna verði orðið að lögum frá Alþingi eftir nokkra daga.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til heilbr.- og félmn. d., þegar þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 501, n. 591).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna. Hæstv. félmrh. gerði ýtarlega grein fyrir efni þess hér við 1. umr. Frv. er sniðið eftir lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og ákvæði þess flest hin sömu og í þeim lögum, þannig eru tegundir greiddra bóta þær sömu og upphæð árlegra iðgjalda er jafnhá.

Réttindi þau, sem sjóðnum er ætlað að veita samkvæmt frv., eru þó í vissum atriðum lakari en þau, er starfsmenn ríkisins njóta. Er ástæðan til þess sú m. a., að slysahætta er talin meiri hjá sjómönnum en starfsmönnum ríkisins og því erfitt að veita að öllu leyti jafngóð kjör gegn jafnháu iðgjaldi. Til þess að vega upp á móti þessum mismun er gert ráð fyrir í frv., að togarasjómenn haldi öllum hlunnindum samkv. lögum um almannatryggingar, enda gjaldi þeir til almannatrygginga eftir sem áður.

Í lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er upphæð ellilífeyris ákveðin sem viss hundraðshluti af meðallaunum síðustu 10 starfsára. Þessi hundraðshluti kemst upp í 60 eftir 30 ára starf. Þessar tölur eru mun lægri í frv. til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna. Er þar gert ráð fyrir 35 ára greiðslutíma og að upphæð lífeyris fari aldrei fram úr 50% meðallauna síðustu 10 ára.

Þessi mismunur á hlunnindum togarasjómönnum í óhag hefur valdið nokkurri óánægju meðal fulltrúa sjómanna, og hafa hv. heilbr.- og félmn. borizt eindregnar óskir um, að í þessu efni verði gerðar einhverjar lagfæringar. Í samræmi við þær óskir leggur hv. nefnd til í áliti sínu á þskj. 591, að iðgjaldagreiðslutíminn lækki úr 35 árum í 30 ár og að hámarksupphæð ellilífeyris verði óbreytt, 50% af tilgreindum meðallaunum.

Nefndin átti tal við Guðjón Hansen tryggingafræðing um þessa breytingu. Var það álit hans, að þótt erfitt væri að dæma um áhrif hennar á fjárhag sjóðsins til langframa, þá mundu þau áhrif tæpast verða veruleg fyrstu árin, en eins og tekið er fram í 8. gr. frv., skal fjárhagur sjóðsins rannsakaður af tryggingafræðingi fimmta hvert ár og þá gerðar tillögur um aðgerðir, ef þurfa þykir. Því taldi hv. nefnd fært að flytja brtt. við 11. gr. frv., eins og fram kemur í áliti hennar, og er sú breyting í 2. till. hv. nefndar.

1. till. á þskj. 591 er aðeins leiðrétting á villu, og þriðja till. felur ekki í sér neina efnisbreytingu, heldur er lagfæring til samræmis við þá breytingu, sem felst í 2. till. Það eru tvær tölur þar, sem breytast: Talan 0.6% breytist í 0.75%, og 35 ára starfstími verður 30 ára starfstími.

Þessar breytingar leiðir af breytingunni, sem felst í 2. tillögunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 591,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 591,2 (ný 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 591,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 114. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 604).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 109. fundi í Nd., 2. júní, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál er stjórnarfrv. Það hefur gengið í gegnum hv. Ed., en þar var gerð á því ein breyting, sú, að sjóðfélagar í þessum tryggingum skuli hafa lokið iðgjaldagreiðslum sínum á 30 árum, en í frv. var lagt til, að þeir hefðu lokið þeirri skyldu gagnvart tryggingunni á 35 árum. Þessi breyting var gerð í n. í hv. Ed. í samráði við þann tryggingafræðing, sem hafði undirbúið málið frá þeirri tryggingafræðilegu hlið í samráði við þá mþn., sem stóð að samningu frv.

Ég vildi nú mælast til þess, að hlé yrði gefið á fundi, til þess að tóm gæfist til þess að vísa málinu til n., ef n. óskar þess að fá málið til afgreiðslu og umsagnar, eins og ég tel eðlilegt. Og væru það þá tilmæli mín til n., að hún starfaði nú að athugun málsins. En ef nm. væru hér viðstaddir og teldu ekki ástæðu til þess að taka málið til athugunar sérstaklega, þá er það einnig í samræmi við minn vilja. En eðlilegast tel ég hitt, að n. gefist kostur á að athuga málið.

Ég legg svo til, að málinu verði þá eftir atvikum vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Forseti (EOl): Það hefur komið fram ósk um, að þessu máli væri flýtt, og væri ákaflega æskilegt, ef hægt væri að hafa 2. umr. um málið nokkru síðar í dag. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. nm. eða formann heilbr.- og félmn., hvort t. d. stundarfjórðungur, ef ég boðaði til nýs fundar til 2. umr. eftir stundarfjórðung, mundi nægja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur að vísu haft mjög stuttan tíma til þess að athuga mál þetta, en hefur þó haldið fund, og kom það í ljós, að nm. hafa fylgzt með máli þessu það vel, að enginn þeirra hikaði við að taka þátt í þeirri afgreiðslu n. að mæla eindregið með því, að frv. nái fram að ganga.

Hér er um að ræða eitthvert mesta hagsmunamál íslenzkrar sjómannastéttar, sem fram hefur komið um margra ára skeið. Mál þetta er vandlega undirbúið utan þings og hefur þegar fengið nokkra meðferð í Ed., og mælir heilbr.- og félmn. einróma með því, að málið gangi fljótt og vel í gegnum þessa d. einnig.

Forseti (EOl): Mér hefur borizt svo hljóðandi nál. frá heilbr.- og félmn. um frv. til l. um lífeyrissjóð togarasjómanna:

„N. hefur fjallað um frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 2. júní 1958.

Steingrímur Steinþórsson, form. Benedikt Gröndal, frsm. Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson. Kjartan J. Jóhannsson."

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegt nál. (sjá þskj. 615) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—20. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HV, ÁS, KGuðj, KJJ, MJ, PÞ, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, BG, EirÞ, EOl.

17 þm. (GÍG, GÞG, HS, IngJ, JPálm, JS, LJós, ÓB, ÓTh, PO, PP, SvG, SÁ, SvbH, ÁÞ, AGuðj, BÓ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 616).

---

31. Húsnæðismálastofnun o. fl. (stjfrv.).

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júlí 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl. [136. mál] (stjfrv., A. 271).

Á 58. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. þetta til breytinga á lögum um húsnæðismálastofnun o. fl. er fram borið til þess að taka af tvímæli um skilning á tveimur atriðum laganna um húsnæðismálastofnun o. fl. og svo til þess að ákveða viðurlög vegna vanrækslu sparimerkjakaupa og í þriðja lagi til þess að kveða nánar á um, með hvaða hætti og hvenær útlendingar geti átt rétt á undanþágu frá sparimerkjaskyldu.

Það orðalag gildandi laga, að greiðslur afborgana og vaxta B-lána skuli sæta vísitölukjörum, breytist samkv. þessu frv. á þann veg, að greiðslur afborgana séu undanþegnar vísitölu framfærslukostnaðar. Þannig felst sú ein breyting í greininni, að vextir af B-lánum skuli ekki vera vísitölubundnir. Er þetta alls ekki gert til þess að draga úr fríðindum sparifjárins, heldur einungis af því, að bankamenn telja ógerlegt að framkvæma vísitölubundna vaxtagreiðslu. Þykir því sjálfsagt að breyta þessu ákvæði laganna til samræmis við þá framkvæmd, sem verður á því.

Í 2. gr. frv. er um enga efnisbreytingu að ræða. Ætlunin var sú, að skyldusparnaðurinn ætti að ná yfir tíu ár. En þó að orðalagið t. d. 16.—25. einhvers mánaðar sé af öllum skilið á þann veg, að báðir hinir nefndu dagar séu innifaldir, hefur þess skilnings þó orðið vart, að aldurstímabilið 16—25 ár væri aðeins níu ára tímabil, en ekki 10, eins og meint var með frv. upphaflega og fram kom raunar einnig í grg. með því. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta er nú skv. 2. gr. frv. skotið svo hljóðandi setningu inn í 10. gr. laganna:

„Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót, eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára, og lýkur við næstu mánaðamót, eftir að hann verður 26 ára."

Með þessu móti er nánar kveðið á um framkvæmd þessa atriðis og misskilningur væntanlega þar með útilokaður.

Í 3. gr. frv. er um að ræða nýtt efnisatriði, þess efnis, að útlendingar, sem atvinnu- og landvistarleyfi hafa hér á landi um tiltekinn tíma, skuli að vísu falla undir sparnaðarskyldu, en þó fái þeir skyldusparnað sinn endurgreiddan, þegar þeir hverfa af landi, t. d. við framvísun farseðils úr landi. Um þetta atriði var ekkert í löggjöfinni.

Veigamesta atriði frv. er í 4. gr. þess. Lögin um húsnæðismálastofnun o. fl. hafa engin ákvæði að geyma um viðurlög við vanrækslu sparimerkjakaupa. En þar sem þetta atriði er mjög þýðingarmikið, er nauðsynlegt að tryggja, að vanræksla á þessu atriði eigi sér ekki stað. Þess vegna er lagt til í frv., að svo hljóðandi mgr. bætist í 12. gr. laganna:

„Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður, á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið

að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar að viðlögðu 200 kr. gjaldi. Gjöld þessi skulu renna til byggingarsjóðs ríkisins eða veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.“

Með þessum ákvæðum er aðeins verið að stuðla að öruggari framkvæmd og auðvelda fullnægjandi eftirlit með framkvæmd skyldusparnaðarins.

Í þessari gr. er einnig fram tekið, að kostnaður við sparimerkjakaup, sparimerkjabækur og alla framkvæmd skyldusparnaðarins skuli greiðast úr ríkissjóði. Þetta er hliðstætt við framkvæmd orlofslaganna, enda verður framkvæmdin í höndum sama aðila, þ. e. a. s. póstmálastjórnarinnar.

Í 5. gr. frv. er svo ákvæði um 10 þús. kr. viðurlög gegn brotum á lögunum og reglugerðum settum skv. þeim og að með brot skuli fara að hætti opinberra mála.

Hér er, eins og menn sjá, aðeins um smámál að ræða, þ. e. a. s. minni háttar lagfæringar á nokkrum framkvæmdaatriðum þeirra nýmæla, sem fólust í húsnæðismálalöggjöf þeirri, sem afgreidd var frá seinasta Alþingi.

Ég vil svo óska, að málinu verði hraðað gegnum þingið, og legg til, að því verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði, að frv. þetta væri í rauninni smámál og aðeins til þess að taka af tvímæli varðandi nokkur atriði í framkvæmd laga þeirra um húsnæðismálastofnun, sem sett voru á síðasta Alþingi. Það er vafalaust rétt hjá hæstv. ráðh., að frv. sem slíkt er ekki mikilvægt. En hins vegar fer auðvitað ekki hjá því, að í sambandi við þetta frv. hljóti að vakna upp ýmis önnur atriði út af húsnæðismálunum, sem aflaga hafa farið á ýmsan hátt að undanförnu. Ég skal ekki á þessu stigi ræða það í einstökum atriðum. Það mun til þess vinnast kostur, þegar mál þetta hefur verið athugað í n. eða við athugun málsins í n., en það hygg ég að sé nokkurn veginn ljóst, að það þurfi í sambandi við meðferð þessa frv. að athuga ýmis önnur atriði þessara húsnæðismála.

Það, sem frv. staðfestir fyrst og fremst, er það, sem hv. þm. að vísu vissu gerla um á síðasta þingi, þegar frv. hæstv. félmrh. var þá til meðferðar um húsnæðismálastofnun, að málið hefði verið mjög illa undirbúið, sem kom fram í því m. a., að á þingi voru þá gerðar á því óvenjulega margar breytingar, miðað við, að hér var um stjfrv. að ræða, sem gera mátti ráð fyrir að hefði hlotið mjög vandlegan undirbúning, ekki síst þar sem í frv. var um að ræða ýmis flókin vandamál, sem að sjálfsögðu varð að undirbúa vel, ef það átti ekki að leiða af sér hrein vandræði.

Það vandamálið, sem erfiðast hefur verið viðureignar og raunar mátti sjá fyrir þá, var framkvæmd skyldusparnaðarins. Eins og hv. þm. er einnig kunnugt, var framkvæmd skyldusparnaðarins mjög vandræðaleg, sem m. a. kom fram í því, að það varð að gefa út tvær reglugerðir á s. l. ári, aðra um sérreglu, er gilda skyldi um innheimtu þessa sparnaðar til síðustu áramóta, og svo hina reglugerðina, sem þá átti að taka við og ákvarða um innheimtuaðferðina framvegis.

Það hefur komið mjög skýrt í ljós og á þó vafalaust eftir að koma enn betur í ljós, að skyldusparnaðinum fylgir geysileg skriffinnska, þannig að ég efast um, að þeir menn, sem upphaflega unnu að undirbúningi þessa máls, hafi gert sér til hlítar grein fyrir því í upphafi, hversu margvísleg vandamál sköpuðust í sambandi við framkvæmd skyldusparnaðarins. Það er að sjálfsögðu mál út af fyrir sig, að framkvæmdin á innheimtu þessa skyldusparnaðar á s. l. ári hlýtur auðvitað að hafa það í för með sér að skapa mikla óánægju hjá hinu unga fólki út af þessum sparnaði, þar sem komið er eftir dúk og disk og innheimtur með venjulegum skattaaðferðum skyldusparnaður hálft ár aftur í tímann. Auðvitað var það mjög mikilvægt, ef þessi sparnaður átti að ná tilgangi sínum, að ekki væri vakin gegn honum andúð þegar á fyrsta stigi málsins. Það er þó kafli út af fyrir sig, en það, sem er í rauninni miklu meiri galli á þessu öllu saman, er, eins og ég áðan sagði, hvílík feikna skriffinnska þessu fylgir. Það eru dæmi þess, og vafalaust verða þau mun fleiri, eftir því sem á líður, að stórfyrirtæki hafa orðið að bæta við vinnuafli hjá sér til þess að uppfylla þær kvaðir, sem á þau eru lagðar um framkvæmd þessa skyldusparnaðar. Þar er um að ræða svo margvíslega skýrslugjöf og sundurliðun á vinnulaunum, að það hefur haft stórkostlega aukavinnu í för með sér.

Þá hafa enn fremur komið í ljós margvíslegir annmarkar, sem snerta unga fólkið sjálft. Eins og menn vita, þá eru í lögunum ýmsar undanþágur um ungt fólk, sem er ekki skylt að taka þátt í þessum skyldusparnaði, en í framkvæmdinni hefur það orðið þannig, að því er mér skilst, að öllu ungu fólki hefur verið gert skylt að hafa sínar sparimerkjabækur og verða að þola það, að af þeirra launum væri tekið, og síðan yrði þetta fólk, sem undanþegið væri skyldusparnaðinum, að koma sjálft mánaðarlega, — að vísu getur það komið sjaldnar, en fæstir kæra sig sennilega um að eiga peningana lengur inni, þar sem þeir hafa engin hlunnindi af því, — og sækja þessa peninga aftur.

Mér er kunnugt um það, og við mig hafa rætt ungir menn um þetta atriði, sem hafa bent á, að það væru næsta miklir örðugleikar, sem þarna væru skapaðir, og vakið athygli á því, sem rétt er, að það væri næsta erfitt fyrir ungan mann, sem væri í fastri vinnu, að þurfa að fara mánaðarlega á vinnutíma sínum til þess að fara að sækja þessa peninga. Þarna er auðvitað bundið fé þessa fólks vaxtalaust þennan tíma, — látum það vera, út af fyrir sig er það ekki stór upphæð, — en ég held, að þetta meðal margs annars hljóti að leiða til þess að skapa mikla úlfúð og ríka óánægju út af framkvæmd þessa máls allri saman.

Með þessum skyldusparnaði var farið inn á alveg nýja braut. Það má færa ýmisleg rök fyrir

því, að sjálfsagt sé að stuðla að því, að ungt fólk ástundi sparnað og leggi til hliðar fjármuni til þess að undirbyggja heimilisstofnun sína, þegar að henni kemur. En ég held, að þeim tilgangi verði ekki náð, ef framkvæmd málsins er þannig hagað, að það beinlínis veki andúð og óánægju hjá hinu unga fólki, hvernig að er farið.

Af hálfu okkar sjálfstæðismanna var á það bent, þegar þetta mál var til meðferðar, að sjálfsagt væri að reyna á fyrsta stigi málsins, hvort ekki væri hægt að ná jafngóðum árangri með því að leyfa frjálsan sparnað, sem hefði verið miklum mun einfaldari í vöfum og að sjálfsögðu margfalt kostnaðarminni fyrir ríkið heldur en þessi skyldusparnaður hlýtur að verða, því að það er ekki enn þá séð fyrir endann á því, hver feikna útgjöld fylgja í kjölfar þeirrar framkvæmdar. Ég held, að sú reynsla, sem þegar er fengin af þessum skyldusparnaði, sanni það ótvírætt, að þær aðvaranir voru réttar, sem beint var til hæstv. félmrh. varðandi framkvæmd þessa máls, og að betur hefði verið, ef þeim aðvörunum hefði verið sinnt og a. m. k. gerð fyrst tilraun með það, hvort ekki væri hægt að ná þessum tilgangi með frjálsum sparnaði. Ég hygg, að við hljótum öll að vera sammála um það, að æskilegast er að sjálfsögðu og hefur meira uppeldislegt gildi, ef hægt er að fá ungt fólk til þess að spara með frjálsu móti, heldur en þótt það sé gert eftir löggjafarleiðum. Til löggjafar í þessu efni á ekki að grípa, nema önnur úrræði séu ekki tiltæk. Ég hygg því, að það verði óumflýjanlegt fyrir þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að kynna sér til hlítar, hvernig framkvæmd þessa skyldusparnaðar er, og íhuga það af fullri alvöru, hvort ekki sé rétt að fara hér inn á nýjar brautir, áður en menn hafa steypt sér út í óviðráðanlegt skriffinnskukerfi í þessu sambandi og í rauninni eyðilagt það, sem upphaflega var ætlunin að ná með þeirri hugmynd, sem fólst í þessum skyldusparnaði.

Það var nú á þessu stigi málsins fyrst og fremst þetta, sem ég vildi vekja athygli á. En það eru, eins og ég í upphafi sagði, mörg önnur atriði, sem hljóta að vakna í huga manna, þegar þetta mál er hér innleitt í þingið að nýju, og það eru vitanlega, eins og öllum hv. þm. er ljóst, margvíslegir aðrir annmarkar á þeirri löggjöf um húsnæðismálastofnun, sem sett var á síðasta þingi, sem hlýtur að koma til álita, hvort ekki eigi að breyta, úr því að á annað borð hér er lagt til, að tilteknar breytingar verði gerðar á lögunum.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér heyrðist á hv. 2. þm. Eyf., að hann hefði ekkert við þær breytingar að athuga, sem í þessu frv. felast, og þannig í raun og veru heyrði ég ekki annað en afstaða hans væri sú, að hann væri því frv. samþykkur. Hins vegar dró hann hér inn í umræðurnar hugleiðingar um húsnæðismálalöggjöfina almennt og afstöðu sjálfstæðismanna til þeirrar löggjafar á síðasta þingi. Hann taldi, að frv. staðfesti það, sem sjálfstæðismenn hefðu sagt á síðasta þingi, að málið hefði verið illa undirbúið, og skal ég víkja að því nokkrum orðum.

Ég tel einmitt, að frv. sýni hið gagnstæða. Frv. sýnir aðeins það, að við reynslu kemur í ljós, að mjög fáum og óverulegum atriðum þurfi að breyta. Þannig sýnir það sig, að þrátt fyrir það að þarna væri um mjög stórfellda og margbrotin nýmæli að ræða í þessari löggjöf, þá hefur tekizt samt að haga löggjöf í byrjun á þann veg, að í öllum meginatriðum virðist þetta ætla að samþýðast vel eðlilegri framkvæmd á löggjöfinni. Þarna er aðeins verið að taka fram ein þrjú eða fjögur atriði, sum til þess að kveða skýrar á um orðalag og önnur, sem reynslan hefur sýnt að rétt er að taka með, en ekki voru í löggjöfinni, t. d. þetta með útlendinga, sem hér hafa atvinnuleyfi, að gefa þeim kost á endurgreiðslu síns skyldusparifjár, þegar þeir fari úr landi, en láta þá lúta skyldusparnaðarreglunum, meðan þeir dveljast hér og stunda hér atvinnu, alveg eins og innlent fólk og eins og unga fólkið verður að gera án undantekningar.

Ég held einmitt, að þetta frv. sýni það og sanni, að fullyrðingar sjálfstæðismanna á síðasta þingi um, að málið hefði verið mjög illa undirbúið, séu einmitt afsannaðar með því, að það kemur í ljós, að ekki er nauðsyn á að fá í lög veigameiri breytingar en hér er farið fram á, og er þó allt tekið með, sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt sé að breyta við löggjöfina. Að þessu leyti hafa því sjálfstæðismenn reynzt litlir spámenn eins og um margt annað í sinni stjórnarandstöðu.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að sjálfstæðismenn peðruðu úr sér óvenjulega mörgum brtt. við húsnæðismálalöggjöfina á síðasta þingi. En það verð ég að segja, að sumt af þeim breytingum var gert meira af vilja en mætti, því að í raun og veru voru þær ákaflega smávægilegar og sumar, hygg ég, þess eðlis, að sjálfstæðismönnum hafi orðið ljóst, áður en umr. lauk í fyrra, að þær voru ekki til bóta.

Svo mikið er víst, að reynslan sýnir nú, að hún kallar ekki á neina af þeim breytingum, sem sjálfstæðismenn voru hér með fyrir ári. Það eru einmitt smávægilegar breytingar um nokkur önnur atriði, sem þeim datt þá alls ekki í hug fremur en þeim, sem stóðu að frv., en engar af þeim brtt., sem sjálfstæðismenn voru með í fyrra, reynast vera þess eðlis, að framkvæmd laganna kalli á, að þær verði lögfestar.

Ég efast ekkert um það, að ef sjálfstæðismenn eru þeirrar skoðunar nú, þegar þetta mál verður athugað í n., að þeirra brtt. frá því í fyrra séu eins nauðsynlegar og þeir vildu þá vera láta, þá koma þeir þeim till. aftur á framfæri nú undir meðferð málsins. En það er spá mín, að þeir sjái, að þær voru ekki þess efnis eða eðlis, að framkvæmd málsins ylti á þeim.

Það er rétt, að að því ráði var horfið að setja fyrstu mánuðina, sem lögin giltu, frá 1. júní og fram til áramóta, reglugerð um það, að skyldusparnaðurinn skyldi innheimtur fyrir það hálfa ár að skattaleiðum, og það var gert sökum þess, að með öðrum hætti var ekki hægt að ná til þess skyldusparnaðarfjár, sem koma átti inn frá þeim degi, sem löggjöfin var sett, 1. júní s. l. Hina aðferðina, sem fyrst og fremst var gert ráð fyrir í lögunum að viðhöfð yrði um inn-

heimtu skyldusparnaðarfjárins, sparimerkjaleiðina, þurfti að undirbúa, það þurfti að gefa póststjórninni, sem samið var við um þá framkvæmd, tóm til þess að ganga frá sparimerkjum og útgáfu sparimerkjabóka, og það þurfti að setja reglugerðir um það, og var ekki hægt að koma slíku við fyrstu tvo mánuðina a. m. k. Hins vegar vildi ég ekki taka á mig að kasta frá mér þeim milljónum króna, sem skyldusparnaðurinn átti að gefa á slíku tímabili, og þá taldi ég sjálfsagt að fara þá leiðina að gefa út reglugerð til bráðabirgða um að innheimta þetta ásamt sköttum fyrir fyrsta hálfa árið, en eins og lögin gerðu ráð fyrir sem aðalleið, skyldi sparimerkjaleiðin farin frá áramótum, og er nú sú framkvæmd farin að sýna sig og virðist ætla að gefast vel.

Það er alveg rétt, að það mátti vel búast við því, að það væri hægt að koma af stað einhverri andúð, einhverri óánægju hjá ungu fólki þegar í fyrsta skipti, sem haldið var eftir 6% af launum hins unga fólks. En ég verð að segja það, að þær tilraunir hafa tekizt vonum verr. Við urðum þess að vísu varir í félmrn., þegar þetta kom fyrst til framkvæmda, að þá var verið að lauma því út meðal fólks, að þetta væri bara skattur, sem væri tekinn af unga fólkinu, það væri síður en svo, að þarna væri um ávöxtun fjár að ræða fyrir það, það fengi enga vexti, það fengi enga vísitölutryggingu, það fengi engan forgangsrétt til íbúðarhúsnæðislána, og af þessu tilefni sá félmrn. ástæðu til að gefa út yfirlýsingar, sem ég held að öll blöð í landinu hafi birt. Ég held meira að segja, að Morgunblaðið hafi birt það. Þó þykir mér nú miður, ef ég er að ljúga dyggðum á það, en ég vænti þess, að það hafi birt það. En hitt er rétt, að engar stórfyrirsagnir voru settar á þessar upplýsingar um framkvæmd skyldusparnaðarins.

En ef ég á að skýra nánar frá því, hvaða óánægju varð vart, þá er það þetta: Ungt fólk hérna í Reykjavík kvartaði sérstaklega undan því, ef það félli undir undanþáguákvæði laganna, að það skyldi samt eiga að fá sér sparimerkjabók og fá hana stimplaða og ganga eftir endurgreiðslu síns sparifjár, ekki endilega mánaðarlega, en nokkrum sinnum á ári væntanlega. Það er alveg rétt, að ef það væri alveg tilgangslaust og ástæðulaust að vera að heimta það af öllum á aldrinum 16—26 ára að fá sér slíka sparimerkjabók, þá væri bezt að sleppa við það. En ég sé ekki, að það sé neitt stórkostlegt atriði fyrir ungt fólk að leggja það á sig að fá sér í eitt skipti fyrir öll sparimerkjabók, fá hana stimplaða og taka síðan nokkrum sinnum á ári á pósthúsi fyrirstöðulaust sína endurgreiðslu. En þetta hefur mikinn tilgang. Það hefur þann tilgang, að það sé ekki hægt að komast fram hjá sparimerkjakaupunum almennt og að það liggi örugglega fyrir hjá skattayfirvöldunum að „kontrolera“ greidd vinnulaun í landinu og 6% gjaldið af unga fólkinu öllu saman án undantekninga. Með þessu einu fæst það örugglega „kontrolerað“, að ekki sé um vanefndir að ræða á sparimerkjakaupum þess fólks, sem kaupa á sparimerki. Undanþágurnar berast húsnæðismálastjórn eftir hendinni, og þannig fæst yfirlit yfir, hverjir í fyrsta lagi eru á skyldusparnaðaraldri; og í öðru lagi „kontrol“ yfir það, hverjir eru undanþegnir. Ég get kannske skilið það, að þeir, sem eru andvígir skyldusparnaðinum og vilja, að hann fari í ólestri og handaskolum, vilji ekki, að farnar séu þær leiðir, sem gera þetta öruggt í framkvæmd og gera ómögulegt að komast fram hjá því. En allir, sem vilja láta þetta fara vel úr hendi og þetta gangi réttlátlega yfir alla, sem ekki eru af skýrum rökum undanþegnir, þeir eiga ekki að biðja unga fólkið undan því smávægilega erfiði að útvega sér í eitt skipti fyrir öll sparimerkjabók og fara nokkrum sinnum á ári á pósthús til þess að taka sína endurgreiðslu.

Hvað hefur líka gerzt? Undireins og búið var að skýra frá því, að þetta væri gert til þess að tryggja nákvæmt og öruggt eftirlit með framkvæmd málsins, og unga fólkinu gert ljóst, hversu erfiðislítið og fyrirhafnarlaust þetta væri, þá hefur þessi óánægja algerlega hjaðnað og segir ekki til sín meir. Ég verð að segja, að óánægjan með þetta nýmæli virðist ætla að verða eins lítil og maður frekast gat búizt við, og þeir menn, sem hafa haldið, að það væri hægt að þyrla upp óánægju yfir því, að þarna væri verið að setja skatt á unga fólkið, hafa sannarlega orðið fyrir vonbrigðum.

Unga fólkinu er ljóst, að á Íslandi hefur aldrei verið verðlaunað með sama hætti og í þessu tilfelli að spara fé. Það hafa aldrei verið boðnir hæstu vextir, vísitölutrygging, forgangsréttur að lánum og hærri lán en aðrir eigi kost á vegna þess sparnaðar, sem unga fólkið framkvæmir, fyrr en nú. Og þetta veit unga fólkið, og það er orðið alkunnugt, að þetta er eitt af vinsælustu málum, sem hafa verið framkvæmd með löggjöf síðustu ára.

Það var í tilefni af því, að okkur var ljóst í félmrn., að unga fólkið hafði að sumu leyti fengið rangar upplýsingar, að sumu leyti ekki nógu ýtarlegar upplýsingar um framkvæmd þessa nýmælis, að birtar voru í blöðum og útvarpi grg. um framkvæmd málsins. Ég held, að það sé rétt í tilefni af því, að hv. alþm. einhverjir eru til, sem halda, að þetta mál sæti mikilli andúð og gagnrýni og óánægju, og byggja það greinilega á því, að þeir hafa ekki kynnt sér málið nógu rækilega, að ég rifji hér upp, einnig fyrir þingheimi, þau atriði, sem við, eftir að hafa fylgzt með þeim óánægjuröddum, sem borizt hafa, höfum talið sérstaka ástæðu til þess að upplýsa í sambandi við framkvæmd þessa merka nýmælis. En atriðin viðvíkjandi þessu eru sem hér segir:

Í fyrsta lagi að benda á, að fé það, sem skylt er að spara, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Í öðru lagi: Umrætt sparifé er vísitölutryggt. Ef verðlag hækkar og vísitala hækkar, meðan sparnaður þessi varir, fær unga fólkið, þegar það er leyst frá skyldusparnaði, uppbót í samræmi við hækkun vísitölunnar.

Í þriðja lagi: Sparifé þetta ber vexti eins og þau verðbréf, sem eru vísitölutryggð.

Í fjórða lagi: Þeir, sem safnað hafa a. m. k. 25 þús. kr. á þennan hátt, öðlast forgangsrétt til lána til íbúðabygginga.

Í fimmta lagi: Íbúðalán til þeirra, sem sparað hafa, mega vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó ekki yfir 2/3 af matsverði viðkomandi íbúðar.

Í sjötta lagi: Undanþegið skyldusparnaði er gift fólk, sem stofnað hefur heimili, skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar, meðan þeir stunda iðnnám. Enn fremur eru þeir undanþegnir skyldusparnaði, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, sem hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir þá ekki fyrir heimili að sjá.

Loks er undirskattanefndum heimilt að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar.

Þeim, sem undanþegnir eru, skal bent á ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga nr. 42 frá 1957, en þar segir svo:

„Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið."

Allir, sem á skyldusparnaðaraldri eru, verða því að fá sparimerkjabók. Hún er afhent ókeypis hlutaðeigandi manni á pósthúsi. Sá, sem telur sig eiga rétt á undanþágu, þarf að sanna undanþágurétt sinn hjá lögreglustjóra eða hjá hreppstjóra. Að því loknu ritar lögreglustjóri eða hreppstjóri á þar til gert eyðublað í sparimerkjabókinni vottorð sitt um undanþáguna, og þegar það vottorð er fengið, þarf ekkert annað en ganga á pósthús til þess að fá endurgreiðsluna. Þegar undanþeginn maður fær greidd laun sín, þar af í sparimerkjum 6%, límir hann sparimerkin á þar til gert blað í sparimerkjabókinni. Merki þessi fær hann endurgreidd á pósthúsi gegn framvísun bókarinnar og afhendingu blaðsins með merkjunum. Þess skal geta, að ekki er nauðsynlegt, að hann fari sjálfur með bókina. Getur hann því falið öðrum að sækja endurgreiðsluna. Sá, sem ekki er undanþeginn sparnaðarskyldu, þarf líka að afhenda pósthúsi sparimerkjabók sína öðru hverju, svo að póstmaður geti tekið úr henni blað eða blöð með álímdum merkjum, en umrætt sparifé ber vexti frá þeim degi, að umrædd sparimerkjablöð eru afhent pósthúsi. Rétt er hverjum manni að koma einu sinni á mánuði í pósthús til þess að fá endurgreidd sparimerki eða afhenda sparimerki vegna vaxtagreiðslu.

Þetta eru upplýsingarnar, sem við eftir að hafa hlustað á þær óánægjuraddir, sem okkur var ljóst að sumpart voru sprottnar af misskilningi, töldum ástæðu til að gefa út og teljum enn ástæðu til þess að endurnýja og munum óska eftir, að blöðin í Reykjavík vilji vera svo væn að birta fyrir húsnæðismálastofnunina í þjónustu góðs málefnis núna á næstu dögum einmitt í sambandi við þessi mánaðamót, og vona ég þá, að ekkert þeirra skorist undan því, því að það er vissulega þjónusta fyrir gott málefni, sem þau þá eiga kost á að inna af hendi.

Það er hægt að segja það, að það er í raun og veru alveg ofsagt hjá hv. 2. þm. Eyf., að margvíslegir annmarkar hafi komið fram. Þeir eru furðu fáir, og óánægjan, sem hefur orðið um þetta, er ekki um önnur atriði en þau, sem hér hafa verið upplýst, og virtist hjáðna strax eftir fyrstu mánaðamótin, að framkvæmd málsins hófst.

Það er alveg rétt, að þegar þetta kerfi fór af stað með sparimerkin, þá kostaði það að gefa út sparimerkjablöð og sparimerkjabækur, og nokkur fyrirhöfn fylgir þessu hjá atvinnurekendum sérstaklega. Fyrirhöfnin hjá unga fólkinu að taka sína endurgreiðslu, ég geri ekki mikið úr henni, það verð ég að segja. En ég geri miklu meira úr þeirri fyrirhöfn, sem atvinnurekendur hafa, og þeirri ábyrgð, sem á þá fellur við framkvæmd málsins, og var alveg skylt gagnvart þeim að haga málinu þannig í framkvæmd, að „kontrolið" verði sem auðveldast og að þeir lægju ekki undir neinum grun um að fara ekki réttilega með þetta fé á hverjum tíma, og það er ekki gert sízt vegna þess. En með þessu móti er auðvelt að fylgjast með því, hvernig málið er í framkvæmd og hvort vanhöld eru á, að atvinnurekendur inni sína skyldu af hendi og unga fólkið sömuleiðis, og er hægt að „kontrolera" þetta hvort tveggja.

Ég verð því að segja það, að ég get vel tekið á móti gagnrýni í sambandi við framkvæmd svona vandasams og margbrotins nýmælis eins og hér er um að ræða. En hingað til hefur það ekki sýnt sig, að málið hafi verið illa undirbúið, heldur þvert á móti virðist undirbúningur sá, sem fór fram, þegar verið var að undirbúa löggjöfina, hafa dugað furðuvel. Það var aldrei við því að búast, að ekki þyrfti úr neinu að bæta í sambandi við setningu slíkrar löggjafar, þegar reynslan hefði talað.

Mér er meira að segja kunnugt um allmörg dæmi þess, að ungt fólk, sem er á skyldusparnaðaraldri, en á tvímælalausan rétt til undanþágu samkvæmt lögunum, hefur sagt: Ja, við gerum okkur það ljóst, að við eigum rétt á undanþágu, en við viljum bara ekki nota hann. Við viljum heldur mynda okkar sjóð.

Eitt atriði hefur það verið, sem fólk hefur verið í vafa um. Það er það unga fólk, sem er að byggja og var þannig komið af stað með að leysa sitt húsnæðisvandamál, þegar löggjöfin var sett, hvort það eigi undanþágurétt. Það stendur ekkert um það berum orðum í lögunum, en það stendur, að ef ungt fólk á skyldusparnaðaraldri á við óvenjulega fjárhagsörðugleika að stríða, þá megi einnig veita því undanþágu. Nokkur dæmi hafa borizt okkur þannig í félmrn., og við höfum sagt: Vitanlega á hver einasti maður, sem er að byggja í þessu landi, svo framarlega sem hann er ekki stóreigna- eða hátekjumaður, í miklum, sérstökum fjárhagsörðugleikum í sambandi við sína byggingu, og við teljum, að þetta eigi að veita ungu fólki undanþágu, enda er það þar með að framkvæma þann sparnað, sem tilætlunin er að ná fram með lögunum, og er að leysa úr því mikla vandamáli, sem sjóðmyndunin fyrirhugaða með sparnaðinum átti að auðvelda.

Þá vil ég enn fremur segja það, að það eru

allar leiðir og dyr opnar til frjáls sparnaðar. En ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það væri miklu betra að fá fólk til frjáls sparnaðar heldur en með lagaskyldu. Í þessari húsnæðismálalöggjöf er sérstakur kafli um frjálsan sparnað, og það líður ekki á löngu, áður en þeim sparnaðarleiðum verði fundið ákveðið form, annaðhvort með samningum við banka og sparisjóði eða með öðrum hætti, og þá á fólk, hvort sem það er á þessum aldri eða ekki, einnig kost á frjálsum sparnaði til þess að leysa einmitt úr húsnæðismálavanda sínum.

Mig minnir, að hv. sjálfstæðismenn hafi flutt á þessu þingi frv. til breytinga á húsnæðismálalöggjöfinni. Er það ekki rétt? Þætti mér miklu eðlilegra, að þeir kæmu sínum hugmyndum um breytingaþörf á löggjöfinni almennt á framfæri í sambandi við það, og ættu þeir í raun og veru að hafa tekið allt það, sem máli skiptir, með í sitt eigið frv., þætti því að því er snertir meðferð málsins frekar óeðlilegt, ef þeir færu að koma þeim breytingum sínum á framfæri í sambandi við þetta. Hins vegar tæki ég því með góðu, að þeir gerðu breytingar við þetta frv. að öllu því leyti, sem það er málefnalega skylt þeim breytingum, sem í þessu frv. felast, og vil óska þess, að hv. n. taki til greina allar góðar og skynsamlegar till., sem hníga í þá átt að ganga betur frá þessum lagaákvæðum eða gera lagaákvæði um framkvæmd þessara vandasömu mála skýrari.

Ég held, að ég hafi þá með því, sem ég nú hef sagt, gert grein fyrir þeirri gagnrýni, sem við í félmrn. höfum orðið varir við í sambandi við framkvæmd þessara mála, og við höfum ekki fundið, að það væri þörf annarra breytinga á löggjöfinni, að fenginni þessari stuttu reynslu, heldur en við höfum hér borið fram í þessu frv., og hygg ég, að það verði ekki sagt með réttu, að þær breytingar séu stórfelldar. Vitanlega getur komið fyrir, að við aukna reynslu af framkvæmdinni þurfi einhverju þarna að breyta, og mundi þá verða leitað til Alþingis þegar í stað, ef það bæri að höndum, um aðrar breytingar.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki tilgangur minn að hefja hér almennar umr. um húsnæðismálafrv. eða það frv., sem hér liggur fyrir. Ég hafði eiginlega hugsað mér að beina orðum mínum fyrst og fremst til þeirrar n., sem fær þetta, en það er víst svo komið, að það er enginn úr n. í deildinni. (Gripið fram í.) Jæja, ráðh. hefur þá ekki tekizt að þurrka alveg d. En þar sem fram er komið frv. um breytingar á lögunum um þetta, þá þykir mér ástæða til að benda á atriði, sem varðar alveg sérstaklega unga fólkið í sveitinni.

Í frv. er gert ráð fyrir margvíslegum undanþágum, eins og hæstv. ráðh. las upp hér áðan. Þessar undanþágur eru vitanlega nauðsynlegar, en þær ná í raun og veru of skammt, og sérstaklega er það gagnvart unga fólkinu okkar í sveitinni, og vil ég þá nefna dæmi.

Það er ekki óalgengt í ýmsum sveitum, að ungt fólk, sem starfar hjá foreldrum sínum, vinnur á búi þeirra og hefur að sjálfsögðu kaup, að það af því, sem ætlar sér búskap til frambúðar, tekur kaup sitt allt saman annaðhvort í fóðrum eða beinlínis í skepnum.

Ég hef orðið var við, að mörgum finnst það vera ósanngjarnt að láta lögin ná til þessa fólks. Fyrst og fremst er þarna ekki um neina peningagreiðslu að ræða, en þarna er vitanlega um fólk að ræða, sem starfar einmitt að því eða vinnur að þeim ákvæðum, sem hugsað er að skyldusparnaðurinn komi til leiðar. Það er að framkvæma þarna frjálsan skyldusparnað og leggur í það kannske hvern einasta eyri. Ég gæti t. d. nefnt menn í minni sveit, sem að vísu ætla sér að hefja búskap á næsta vori eða næstnæsta, sem býttuðu öllum hrútdilkunum sínum í gimbrar til þess að setja fleira á og lögðu ekkert lamb inn. Nú spyr ég: Finnst n. nokkur ástæða til þess að knýja þetta fólk, sem er að búa sig undir sitt lífsstarf, til þess að fara að leggja þarna talsverða upphæð fram, þegar það gerir það sjálft af frjálsum vilja? Ég gæti nefnt ýmis fleiri dæmi frá okkur í sveitinni, sem geta fært mönnum enn frekar heim sanninn um, að það er sanngirni að veita þessu fólki undanþágu engu síður en því fólki, sem nefnt er í lögunum.

Það var aðeins á þetta atriði, sem ég vildi leyfa mér að benda í þessu sambandi, því að úr því að breyting á lögunum er hér fyrir, þá tel ég það bæði rétt og skylt, að þetta atriði sé tekið til athugunar í þessu sambandi.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var nú dálitið eftirtektarvert að bera saman ræðu hv. 2. þm. Skagf. og þá fullyrðingu hæstv. félmrh., að eftir að hann eða rn. hans hefði gefið einhverja yfirlýsingu í blöðum, þá hefðu allar óánægjuraddir út af framkvæmd skyldusparnaðarins þagnað, því að hv. 2. þm. Skagf. upplýsti einmitt um atriði, sem hlýtur að snerta æði margt ungt fólk í sveitum landsins, þar sem ríkjandi væri mjög mikil óánægja út af framkvæmd skyldusparnaðarins.

Hæstv. ráðh. hélt því fram í ræðu sinni hér áðan, að allar aðfinnslur að skyldusparnaðinum og framkvæmd hans byggðust á löngun til þess að gera þetta mál tortryggilegt og ófrægja það og það hlytu að vera andstæðingar málsins, sem leyfðu sér að impra á slíkum aths. Ég er þessari skoðun hæstv. ráðh. algerlega andvígur. Það er eins og máltækið segir: Sá er vinur, er til vamms segir. Það má vissulega eins rökstyðja það, að ef bent er með rökum á annmarka máls, þá sé það ekki síður til þess að greiða fyrir málinu en að beinlínis sé verið að ófrægja það. Og það, sem ég áðan sagði í minni ræðu varðandi skyldusparnaðinn og framkvæmd hans, held ég að ekki hafi verið af neinum hægt að skilja sem andúð gegn þeirri hugmynd, að ungt fólk ætti að spara. Það var aðeins mismunandi viðhorf til þess, hvernig að því máli ætti að fara og hvernig skynsamlega væri að málinu unnið. Og ég held, að það sé alveg augljóst mál, að það sé mjög óskynsamlegt að haga framkvæmd málsins á þann veg, að það skapi megna andúð hjá ungu fólki,

fyrsta skilyrðið sé að reyna að framkvæma málið þannig, að það njóti skilnings, verði vinsælt mál, eins og hæstv. ráðh. gat um í sinni ræðu, og þess vegna séu strax í byrjun athugaðir allir annmarkar, sem á því eru, og einmitt reynt eftir föngum að lagfæra þá. Ég held því, að hæstv. ráðh. vinni þessari skyldusparnaðarhugmynd ekkert gagn með því að berja höfðinu við steininn og slá því einu fram, að það sýni fjandskap við málið, ef með rökum er bent á annmarka, sem á framkvæmdum þess séu.

Hæstv. ráðh. vildi reyna að halda því hér fram, að gagnrýnin á skyldusparnaðinum, sem hefði valdið því, að yfirlýsing félmrn. var gefin út, hefði verið einhver rógur af hálfu sjálfstæðismanna. Ég satt að segja man nú ekki betur en það hafi verið skrifuð löng grein af ráðuneytisstjóra félmrn. til þess að svara gagnrýni í Tímanum, þar sem var vikið að göllum á framkvæmd þessa máls, og m. a. því atriðinu, sem ég benti á hér áðan, hversu óheppilegt væri að leggja fyrirhöfn á það fólk, sem er undanþegið skyldusparnaðinum, eins og nú er gert. Ekki var það neinn rógur sjálfstæðismanna, sem þar kom fram, enda þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að reyna að bjarga sér undan gagnrýni á málinu með því að slá fram fullyrðingum eins og þessu gersamlega út í loftið. Og það er nú því miður svo, þó að kannske allir leggi ekki leið sína til hæstv. félmrh., að þá er mjög mikil óánægja hjá ungu fólki út af framkvæmd þessa máls. Það er mér vel kunnugt um. Og það stafar ekki af rógi eins né neins, heldur því, hversu óskynsamlega hefur verið á þessu máli haldið. Það sér hver heilvita maður, að það er ekki skynsamleg byrjun á þessu máli t. d. að fara að afhenda ungu fólki reikning eftir árið, þar sem það er krafið um 6% af launum sínum sex mánuði aftur í tímann. Ég held, að hver og einn geti litið í eigin barm um það, að engum mundi þykja það skynsamleg leið og ekki taka því sérlega vel, ef þeir ættu hlut að máli. Sannleikurinn er sá, að á öllu þessu máli hefur verið haldið mjög klaufalega. Og það er að sjálfsögðu engin afsökun í málinu, að það hafi ekki verið hægt að byrja innheimtu þessa skyldusparnaðar fyrr á s. l. ári, því að lögin voru sett það snemma, að ef málið hefði verið undirbúið af einhverri forsjálni, þá hefði að sjálfsögðu verið búið að sjá fyrir meginatriðunum varðandi möguleika á innheimtu. Það kemur síðan á daginn, eftir að búið er að bollaleggja um þetta mál mánuðum saman, eftir að lögin eru samþykkt, þá er rn. gersamlega í vandræðum með það, hvernig eigi að framkvæma skyldusparnaðinn. Hvað þýðir að vera að leiða í lög atriði, ef þeir, sem að því standa, hafa ekki minnstu hugmynd um, hvernig þeir ætla að framkvæma málið? Ég held, að það, sem betur fer, heyri til algerra undantekninga um framkvæmd löggjafar, að það þurfi að setja tvær reglugerðir svo að segja samtímis um mismunandi framkvæmd á viðkomandi lögum.

Það var því á þennan hátt mjög óskynsamlega af stað farið með þennan skyldusparnað og beinlínis lagður grundvöllur að því, að það kæmi fram rík óánægja hjá hinu unga fólki, sem á að leggja þennan sparnað á. Ég verð nú satt að segja að leyfa mér að halda því fram, að það komi ekki fram sérlega ríkur skilningur hjá hæstv. ráðh. á hagsmunum þessa unga fólks, þegar hann telur, að það séu mjög smávægileg óþægindi, sem það valdi fyrir það fólk, sem er undanþegið skyldusparnaðinum, að greiða þennan sparnað og svo öðru hverju að fara og sækja endurgreiðslurnar. Það er nú því fyrst þar til að svara, að ég hygg nú sannast sagna, að fjöldinn af því unga fólki, sem hefur þegar stofnað til heimilis, hafi ekki mikla aðstöðu til þess að leggja til hliðar 6% af sínum launum til þess að lána það í jafnvel nokkra mánuði. Löggjafinn sjálfur hefur viðurkennt, að það væri ekki hægt að leggja skyldusparnað á þetta fólk, en engu að síður eru af þeim tekin þeirra laun að þessu leyti til og það svo látið hafa fyrir því, eftir því sem það hefur tíma til, að sækja svo þessa peninga aftur.

Mér finnst, að hæstv. ráðh. geri of lítið úr þeim erfiðleikum, sem þetta kunni að valda, og það kann vel að vera, að það séu einhverjir erfiðleikar á eftirliti með framkvæmd skyldusparnaðarins, ef þessi leið er ekki valin, en mér er nú samt nær að halda, að það séu nokkur óþægindi á sig takandi í því sambandi að reyna að finna úrræði til þess, að svona fráleita framkvæmd þurfi ekki að viðhafa.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að af því að hér væri ekki um að ræða nema tiltölulega fáar breytingar á lögunum um húsnæðismálastofnun, sem sett voru á síðasta þingi, þá sanni það ótvírætt, hversu vel þau lög hafi verið úr garði gerð. Vitanlega er þetta engin sönnun í því sambandi. Í fyrsta lagi var það nú svo, að ég man ekki betur en það hafi verið samþykktar um 30 brtt. við frv. ráðherrans, eins og það var lagt fram. Og þó að ekki séu bornar fram hér nema nokkrar brtt., þá er það engum efa bundið, að það er þörf á að breyta mörgum öðrum atriðum laganna, og a. m. k. er framkvæmdin varðandi ýmsa þætti þessara mála, t. d. úthlutun lána og annað þess konar, sem að vísu er reglugerðaratriði, en henni hefur verið hagað á þann veg eftir fyrirmælum frá hæstv. félmrh., að það væri fyllilega ástæða til fyrir Alþingi að grípa inn í það mál og setja bein lagaákvæði, til þess að ráðh. gæti ekki viðhaft þær aðferðir, sem hann hefur haft á því sviði. Ég skal ekki nánar út í þá sálma fara hér, en það gefst tækifæri til þess að ræða það nánar síðar.

Hæstv. ráðh. heldur því fram, að það sé nú komið í ljós, að ekki hafi verið þörf þeirra brtt., sem sjálfstæðismenn báru fram á síðasta þingi og hafa nú að nokkru leyti endurflutt aftur á þessu þingi í sérstöku frv., og sérstaklega a. m. k. óskaði hann eftir því, að þeim till. yrði ekki blandað inn í þetta frv. Ég vil að sjálfsögðu engu lofa um, að það verði ekki gert, því að sannleikur málsins er sá, sem hv. þingmenn vita, að það frv. hefur ekki fengizt afgreitt úr n., og verður vafalaust sú aðferð

viðhöfð að svæfa það þar, til þess að ekki þurfi að lenda í óþægindum við að ræða það mál nánar hér í þinginu, og það kann því vel svo að fara, að eina úrræðið fyrir sjálfstæðismenn til að koma því máli eitthvað áleiðis og fá a. m. k. þingmenn til að taka afstöðu til þeirra till. verði að flytja brtt. við þetta frv. Á þessu stigi málsins get ég að sjálfsögðu ekkert um það sagt.

Ég vil svo að lokum taka fram, að það er að sjálfsögðu algerlega rangur skilningur hjá hæstv. ráðh. að líta svo á, að ég hafi fyrir fram lýst samþykki við það frv., sem hér kemur fram, af því að ég hafi ekki í ræðu minni áðan sérstaklega gert aths. við einstaka liði þess. Það er ekki talið eðlilegt, að slíkar einstakar aths. komi fram við 1. umr. málsins, heldur að það sé almennt rætt þá, og hef ég að sjálfsögðu á engan hátt bundið mig um það, hvaða afstöðu ég tek til þessara brtt., hvort ég greiði þeim atkv. eða ekki.

Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að við sjálfstæðismenn höfum í þessu máli sem flestum öðrum gerzt töluvert meiri spámenn en hæstv. félmrh. vill vera láta og að reynslan sé að leiða það glöggt í ljós, að aðvaranir þær, sem við bárum fram, hafi haft við full rök að styðjast, bæði varðandi framkvæmd skyldusparnaðarins og ýmis önnur atriði. Og það væri þess vegna full ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. breytti því nokkuð um stefnu. Ef hún vill skynsamleg vinnubrögð á hafa og hlustaði meira á þær athugasemdir og aðvaranir, sem við sjálfstæðismenn berum fram í einstökum málum, þá kannske gæti hún forðazt það að þurfa æ ofan í æ að flytja frumvörp til þess að lagfæra vitleysur, sem hafa verið í hennar eigin frumvörpum, sem hún hefur beitt sér fyrir.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Skagf. tók það fram, að hann ætlaði ekki að hefja hér almennar umræður um húsnæðismálalöggjöfina, og það gerði hann heldur ekki. En þetta mun hann hafa sagt í tilefni af því, að hann fann, að hv. 2. þm. Eyf. hafði einmitt farið út í almennar umræður um málið, langt út fyrir þetta frv., og var þess vegna í raun og veru að taka fram, að hann ætlaði ekki að gera sig sekan um það sama.

Viðvíkjandi því, hvort það sé sanngjarnt að ætla ungu fólki í sveitum að bera skyldusparnað eins og ungu fólki í kaupstöðum og kauptúnum, þá játa ég, að það var mín hugsun, að það væri réttmætt, að það væri sanngjarnt, og það er tekið skýrt fram í löggjöfinni, að skyldusparnaðurinn eigi að ná til kaupgreiðslna í peningum og öðrum verðmætum, því að kaupið getur verið alveg jafnmikils virði, hvort sem það er greitt út í peningum eða hvort það er greitt út í kindaeldi eða í lifandi fénaði. Ég hygg líka, að sama þörfin sé fyrir það fólk að hafa búið sig undir það með nokkurri sjóðmyndun, þegar það ræðst í bústofnun í sveit, og að því leyti sé þörfin ekki miður brýn fyrir unga fólkið í sveitunum að framkvæma þennan skyldusparnað heldur en fyrir unga fólkið í kaupstöðunum, sem ætlar að búa sig undir að koma þaki yfir höfuð sér í kaupstað eða kauptúni. Það má vel vera, að svo geti staðið á í einstökum tilfellum, að það sé erfiðara um peninga í lausri mynt, ef meginhluti kaupsins til unga fólksins í sveitunum er borgaður í fríðu, en ekkert hef ég á móti því, að n. athugi þetta viðhorf og leggi á það dóm, hvort það þætti fær leið að undanþiggja ungt fólk í sveitum frá slíkum skyldusparnaði, annaðhvort af því, að það sé erfiðara fyrir það að taka á sig slíka skyldu, eða hinu, að það hafi minni þörf fyrir slíka sjóðmyndun heldur en unga fólkið í kaupstöðunum. En mín skoðun var sú frá öndverðu og er enn sú, að það fari bezt á því, að unga fólkið í sveitunum beri þarna sams konar skyldur og fólkið í kaupstöðunum. Og yfirleitt er ég þeirrar skoðunar, að kaupgreiðslur í sveitum séu nú komnar í það horf, að þær séu fyllilega eins háar og við sjávarsíðuna og að því leyti eigi ungt fólk þar að geta borið sams konar skyldur og unga fólkið við sjávarsíðuna.

Ég skal ekki ræða margt um svarræðu hv. 2. þm. Eyf. Hann heldur því fram, að það hafi verið meingölluð löggjöf, sem hér var afgreidd á síðasta þingi. Hann og hans skoðanabræður voru á móti skyldusparnaði, og þess vegna er ég ekkert undrandi á því, þó að þeir séu á móti öllu í sambandi við framkvæmd þess skyldusparnaðar, sem lögfestur var. Það er bara í raun og veru að vera samkvæmur sjálfum sér. Ég held því, að það sé alveg tilgangslaust fyrir okkur að vera að ræða um það, okkur er það báðum kunnugt, að við erum þarna á öndverðum meið. Ég tel skyldusparnað vera gott nýmæli og er því fylgjandi og er þeirrar skoðunar, að framkvæmdinni sé bezt fyrir komið í því formi að hafa sparimerki og sparimerkjabækur og hafa það kerfi sem undanþágu minnst, engin göt, til þess að hægt sé að hafa öruggt eftirlit með framkvæmdinni.

Það er rangt hjá honum, að ég hafi viðhaft þau orð, að óánægjan hafi eingöngu sprottið af viðleitni sjálfstæðismanna til að ófrægja málið. Ég sagði, að þess hefði orðið vart, þegar málið kom til framkvæmda, að það hefði verið smeygt út sögum um, að skyldusparnaðarféð væri vaxtalaust og væri ekki vísitölutryggt og veitti engin forréttindi. Ég lét engra sjálfstæðismanna getið í sambandi við það. En það má vel vera, að þeir hafi átt einhvern hlut að því. Það sagði ég þó ekki.

Við sannfærum heldur sjálfsagt ekki hvor annan um það, að þetta sé alveg óhafandi, sú fyrirhöfn, sem lögð sé á unga fólkið í sambandi við framkvæmd skyldusparnaðarins. Ég tel þetta ekki til þess að gera mikið orð á, að ungt fólk verði að fá sitt sparifé endurgreitt, af því að ég legg svo miklu meira en hv. 2. þm. Eyf. virðist gera upp úr því „kontroli“, sem hægt er að tryggja með þessu. Unga fólkið er ekki fótfúið, og því ætti þess vegna að vera þetta léttbærara en ef þetta væri lagt á fólk á öðrum aldri, og ég trúi því ekki, að það verði langvarandi óánægjuefni unga fólksins að þjóna

málinu á þann hátt, að framkvæmdin geti orðið óruggari í heild við það, að það verði að taka sína sparimerkjabók og fara við og við í pósthús til þess að fá sína peninga þar greidda.

Það er rétt, að það kom ein grein í Tímanum, sem vék að þessu, hvort það væri ekki óþarft að láta alla taka sparimerki, líka þá, sem ættu örugglega að fá undanþágu, og ritstjóri Tímans, Haukur Snorrason, birti þessa grein án þess að hafa aflað sér nokkurra upplýsinga um það, hvernig málið væri vaxið. Þegar greinin kom svo, hafði ráðuneytisstjóri minn, Hjálmar Vilhjálmsson, viðræður við ritstjórann og gerði honum grein fyrir því, hvers vegna þetta væri gert, og skrifaði síðan grein um málið, og það vill nú einmitt svo til, að ráðuneytisstjórinn hafði samtal við mig í morgun um þetta atriði og sagðist þá nýskeð hafa spurt ritstjóra Tímans að því, hvort óánægjubréf um þetta atriði hafi haldið áfram að berast blaðinu, því að ritstjórinn hafði gefið það upp sem ástæðu fyrir þeirri grein, sem skrifuð var í óánægjutón um þetta mál, að honum hefðu borizt bréf, þar sem fólk væri óánægt með að þurfa að leggja þetta á sig. Og hafði ritstjórinn nú sagt, að það hafi engar óánægjuraddir borizt síðan, engin slík bréf borizt blaðinu síðan. M. ö. o.: þetta bendir til þess, að ungt fólk þurfi fyrst og fremst að fá réttar upplýsingar um málið. Og það þarf enginn að undrast það, þó að þetta mál liggi ekki svo ljóst fyrir öllum á byrjunarstigi, að fólk geri sér ekki í hugarlund ýmiss konar erfiðleika og óánægjuefni, sem svo hafa ekki við rök að styðjast, þegar málið er upplýst. Og um þetta atriði virðist vera á þann veg.

Ég skal fúslega játa, að ég gat búizt við því, að það yrðu margvísleg óánægjuefni í sambandi við framkvæmd svona máls. En ég er miklu fremur hissa á því, hve málið hefur fengið góðar undirtektir, ekki aðeins hjá eldra fólki, sem vill, að unga fólkið spari, spari eins og það getur, heldur líka hjá unga fólkinu sjálfu, og að verða þess var, að ungt fólk, sem á greinilegan rétt á undanþágu, skuli í ýmsum tilfellum segja og sýna í framkvæmd, að það vilji einmitt nota sér réttindi skyldusparnaðarins og mynda sér þann sjóð, sem það á kost á að mynda með þessum hætti, en þess hefur orðið vart í allmörgum tilfellum, og veit ég því, að það eru engin einsdæmi. Það sýnir, að hugmyndin á fleiri hauka í horni en ástæða hefur verið til að búast við í upphafi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 317 og 319, 297).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. Nd. tók til umr. á fundi sínum frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36 1952 o. fl. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og nál. meiri hlutans á þskj. 317 ber með sér, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Ragnhildur Helgadóttir taldi sig ósamþykka frumvarpinu í nokkrum atriðum og mun skila séráliti. Einn nefndarmanna, Kjartan J. Jóhannsson, var fjarstaddur, er málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 17. marz 1958.

Steingrímur Steinþórsson, form. Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Benedikt Gröndal."

Minni hl. n., þau Ragnhildur Helgadóttir og Kjartan J. Jóhannsson, hafa skilað séráliti á þskj. 319 og flytja við frv. allmargar brtt. Í nál. minni hl. er því haldið fram, að meiri hl. n., fulltrúar stjórnarflokkanna, hafi hliðrað sér hjá því að taka til umr. og afgreiðslu frv. þeirra sjálfstæðismanna á þskj. 113, sem þeir fluttu í vetur. Heilbr.- og félmn. hefur ekki rætt frv. þeirra sjálfstæðismanna sérstaklega, enda fáir fundir verið haldnir í n. Má í því sambandi m. a. benda á, að það eru fleiri mál en frv. þeirra sjálfstæðismanna, sem hafa ekki verið afgr. frá n. enn sem komið er.

Í frv. sjálfstæðismanna er m. a. lagt til, að felld séu niður úr núgildandi lögum ákvæðin um skyldusparnað. Meiri hl. heilbr.- og félmn. er því algerlega mótfallinn og telur skyldusparnað ungs fólks vera eitt af veigameiri atriðum laganna frá 1. júní 1957. Það var því þegar vitað, að engin samstaða gat fengizt um frv. innan n., og miklar líkur voru til þess, að meiri hl. hefði tjáð sig mótfallinn því, að það næði fram að ganga í því formi, sem það var lagt fram. Nokkur fleiri atriði eru í þessu frv., sem orka mjög tvímælis, og eru um sum skiptar skoðanir.

Ég mun ekki frekar ræða um frv. þetta eða nál. minni hl. Í því eru upp tekin öll helztu ákvæði frv. á þskj. 113. Má því telja, að með því hljóti frv. þeirra viðhlítandi afgreiðslu.

Frv. á þskj. 271 er flutt af hæstv. félmrh. hér í hv. d. Við 1. umr. þessa máls flutti hæstv. félmrh. alllanga og skilmerkilega ræðu, þar sem hann skýrði frv. og benti á, í hverju væru fólgnar breytingarnar frá núgildandi lögum.

Í aths., sem fylgja frv., segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveðið hefur verið að innheimta skyldusparnað með sölu sparimerkja frá 1. jan. 1958. Lög nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl., hafa hvorki að geyma ákvæði um viðurlög við vanrækslu sparimerkjakaupa skv. III. kafla laganna né heldur um það, hver skuli bera kostnað af framkvæmd á ákvæðum téðs kafla um sparnað til húsbygginga.

Nauðsynlegt er að koma á ströngu eftirliti með framkvæmd skyldusparnaðar, ella má búast við, að hann verði vanræktur að meira eða minna leyti og nái því ekki tilgangi sínum. Til þess að framkvæma slíkt eftirlit er óhjákvæmilegt að heimila allströng viðurlög, ef út af er brugðið ákvæðum laga og reglugerða hér að lútandi.

Þar eð byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans verða að svara út öllu því fé, sem safnast með skyldusparnaði, að viðbættri verðlagsvísitölu og fullum vöxtum, verður ekkert fé fyrir hendi hjá byggingarsjóðnum eða veðdeildinni fyrir greiðslu þess kostnaðar, sem framkvæmd skyldusparnaðarins hefur í för með sér. Er því lagt til, að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Hliðstæð regla þessu gildir um framkvæmd orlofslaga. Stofnkostnaður, prentun og útgáfa sparimerkjabóka, sparimerkja o. fl. í því sambandi mun nema 170 þús. kr.“

Um 1. gr. segir svo:

„Sú ein breyting felst í greininni, að vextir af umræddum bankavaxtabréfum skuli ekki vera vísitölubundnir, svo sem nú er fyrir mælt í 4. gr., 2. málsgr. Þar eð ómögulegt er að framkvæma vísitölubundna vaxtagreiðslu af slíkum bréfum, virðist óhjákvæmilegt að breyta ákvæðum þessum eins og hér er lagt til.“

Um 2. gr. frv. segir m. a.: „Sú ein breyting er á 10. gr., 1. málsgr., að á eftir fyrstu setningu er bætt nýrri setningu, sem kveður skýrar á um skyldusparnaðartímabilið. Skoðanir voru skiptar um það, hvort greinin, eins og hún hljóðar í lögunum, legði fyrir um skyldusparnaðinn í 9 eða 10 ár. Ætlunin mun hafa verið, að skyldusparnaðartímabilið væri 10 ár. Með þessari breytingu er tekinn af allur vafi um þetta atriði.“

Um 3. gr. segir:

„Nauðsyn þykir að undanþiggja útlendinga skyldusparnaði, þó aðeins á þann hátt, að þeir fái endurgreiddan skyldusparnað sinn, ef þeir hverfa af landi brott.“

Um 4. gr. segir:

„Grein þessi hefur að geyma heimild til að beita viðurlögum vegna vanrækslu sparimerkjakaupa og heimild til þess að skylda þá, sem háðir eru skyldusparnaði, til þess að gera grein fyrir sparimerkjaeign sinni, að viðlögðu 200 kr. gjaldi. Hvort tveggja er nauðsynlegt, svo að við verði komið fullnægjandi eftirliti með framkvæmd skyldusparnaðarins.

Loks er ákvæði um, að ríkissjóður greiði allan kostnað af framkvæmd skyldusparnaðarins.“

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að flytja hér langa framsöguræðu. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, var þetta mál mjög mikið rætt, þegar það var lagt fram af hæstv. félmrh. við 1. umr., og þá kom fram allt það helzta, sem þessi lög hafa inni að halda, og inn í þessar umr. spunnust enn fremur fleiri atriði í núgildandi lögum. Ég get því látið útrætt um frv. að svo stöddu, en legg til, að því verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil í fyrstu láta í ljós ákveðið óánægju mína yfir því, hvernig þróunin er að verða með afgreiðslu mála hér á Alþingi. Í aðalatriðum er það svo, að ef þm. bera fram frv., þó að það sé á öndverðu þingi, þá fara þau til nefnda. Þaðan fást þau ekki afgreidd, og leitað er allra ráða til þess að komast hjá því, að þingheimur þurfi að taka afstöðu til þessara mála. Eitt þessara dæma liggur fyrir hér. Við sjálfstæðismenn berum fram á öndverðu þingi till. til breyt. á húsnæðismálalöggjöfinni, sem sannarlega voru þess eðlis, að það var full ástæða til alvarlegrar íhugunar á þeim, og mér er nær að ætla, að ef sumt af því, sem þar er lagt til, fær engan byr hjá þinginu, þá muni reyndin verða sú, að menn sjái það kannske um seinan, hversu brýn nauðsyn var þó, að Alþingi féllist á þær brtt., sem þarna eru fluttar. En látum það út af fyrir sig gott heita, að meiri hlutinn, stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sé andvígur till. þeim, sem minni hl. eða stjórnarandstaðan ber fram hér á þinginu. En það er þó það minnsta, sem hægt er að ætlast til, að þeir séu þá menn til þess að taka afstöðu til þess með atkvgr. sinni og í þinglegri meðferð málanna.

Hér hefur nú í sambandi við þetta mál þess verið freistað að koma engu að síður okkar till. þannig fyrir, að hv. alþm. verði að taka afstöðu til þeirra, hvort þeir eru með eða móti. En það er þó gert á alveg óvanalegan hátt, að frv., sem flutt er í upphafi þings, er fellt inn í annað frv., sem miklu seinna er fram komið, þar sem nefndin fæst ekki til þess að fjalla um bæði frv. samtímis, sem fjalla um sama mál og breyt. á sömu löggjöf.

Ég tel, að það verði ekki komizt hjá því að ætla þetta, og eins og ég sagði áðan: um það þýðir ekki að sakast, þó að þm. séu ekki á eitt sáttir í málum eins og þessum eða öðrum, en það er þó a. m. k. réttmæt krafa stjórnarandstöðunnar, að málin fái þinglega meðferð og afgreiðslu.

Um þetta mál að öðru leyti vil ég segja það, að mig undrar ekkert meðferðin á því nú af hálfu stjórnarliðsins. Hún er í samræmi við það, sem á undan hefur gengið í sambandi við húsnæðismálalöggjöfina. Það voru miklar bumbur barðar og flutt ný löggjöf, sem átti að heita um húsnæðismálin, á s. l. þingi. Var það þó ekkert annað en endurritun í öllum aðalatriðum á fyrri löggjöf, og flest var það fært til verri vegar, sem tekið var upp úr hinni eldri löggjöf, en nýmælin voru sárafá og að mestu leyti nauðaómerkileg. Smávegis tekjuöflun var þó gerð tilraun til að stofna til til húsnæðismálakerfisins eða byggingarsjóðs ríkisins, eins og það nú heitir, sem í raun og veru er ekkert annað en nafn á því almenna veðlánakerfi, sem búið var að koma á fót með húsnæðismálalöggjöfinni 1955, fyrst og fremst undir forustu sjálfstæðismanna. Þá voru háværar raddir um það hér á sínum tíma af hv. núv. stjórnarsinnum, að sjálfstæðismenn hefðu brugðizt fyrirheitum sínum varðandi lánsútveganir til hins almenna veðlánakerfis, og meira að segja var svo langt gengið, að þetta voru talin ein mestu brigðmæli og svik í stjórnmálasögu síðari ára af sumum af hv. talsmönnum stjórnarliðsins. Samt liggja fyrir staðreyndir um það, að löng lán til íbúðabygginga fóru stórlega í vöxt á árunum 1955 og 1956, eftir að húsnæðismálalöggjöfin kom til framkvæmda, og að lánveitingarnar í þessu sambandi

voru samkvæmt óyggjandi skýrslum, sem fyrir liggja frá veðdeild Landsbanka Íslands, fyllilega í samræmi við það, sem áætlað var, og þó heldur meira.

En hvernig horfa svo þessi mál í dag? Það er verið að gera smávegis breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni að tilhlutan ríkisstj. eða leggja til breytingar. Þessar breytingar stafa af því, að þegar á að fara að framkvæma skyldusparnaðarkerfið, þá er ekki betur að þeim málum unnið en það er sett í gang eitthvert bráðabirgðakerfi á s. l. ári og því er ætlað að ná fram til áramóta, og nú er verið að gera till. um nýtt kerfi í þessu sama sambandi, og er það áreiðanlega einsdæmi um framkvæmd löggjafar og í veigamiklum málum, að svo skuli að þeim unnið. En það, sem mestu máli skiptir, það að útvega lánsfé til íbúðabygginganna, nægjanlegt lánsfé til hins almenna veðlánakerfis, það fer allt í handaskolum hjá hæstv. ríkisstj., og þegar bornar eru fram till. um það hér við afgreiðslu fjárlaga af okkur sjálfstæðismönnum að auka framlög til heilsuspillandi húsnæðis samkv. 3. kafla húsnæðismálalöggjafarinnar, þá er það allt saman kolfellt af hv. stjórnarliði, enda þótt sýnt sé, að það er með engu móti hægt að standa sómasamlega við skuldbindingar af hálfu ríkisvaldsins gagnvart bæjar- og sveitarfélögunum, nema þessar till. okkar sjálfstæðismanna hefðu verið samþykktar. Að þessu voru færð alveg óyggjandi rök á sínum tíma, þegar afgreiðsla fjárl. fór fram. Bæjarstjórn Reykjavíkur hafði þá skorað á Alþingi með atkvæðum allra fulltrúa í bæjarstjórn Reykjavíkur, einnig þeirra, sem styðja núv. hæstv. ríkisstj., að hækka framlagið til heilsuspillandi húsnæðis úr 4 millj. kr. á ári upp í 12 millj. kr. og rökstutt það með því, að minna mætti það naumast vera til þess að uppfylla þau meginsjónarmið, sem ekki væri hægt að ganga fram hjá, að ríkisvaldið á hverjum tíma hlutaðist til um, að a. m. k. jafnmikið framlag kæmi frá ríkissjóði til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis eins og lagt væri af mörkum af hálfu bæjar- og sveitarfélaga. Þetta er allt saman kolfellt. Ekki hefur bólað á neinum nýjum úrræðum eða nýjum tilraunum til að afla hinu nýja veðlánakerfi nýs fjármagns.

Þó er þess að minnast, að þegar við skildum hér á þingi í maímánuði 1957 eða s. l. ár, þá hafði ríkisstj. uppi stór fyrirheit um það, að hún skyldi tryggja, að hinu almenna veðlánakerfi væru úthlutaðar 44 millj. kr. til útlána á árinu 1957. Þegar hæstv. ríkisstj. var hér spurð að því, hvernig og með hverjum hætti hún ætlaði að gera þetta, þá fengust engin svör. Það var gert ráð fyrir því, að það yrði útvegað frá bönkum og peningastofnunum. Þegar innt er eftir því, hvort ríkisstj., ef bankar og peningastofnanir geti ekki lagt þetta af mörkum, vegna þess að sparifjármyndun í landinu sé ekki nægjanleg, hafi þá uppi ráðagerðir um annaðhvort að taka þetta fé að láni erlendis eða treysti sér til þess að auka seðlaprentunina til þess að uppfylla þetta loforð, þá er ekkert sagt. Það er leitt algerlega hjá sér að svara þessu í þinglokin síðustu. Síðan líður á árið, og eitt er a. m. k. víst, að engu er úthlutað af þessum 44 millj. kr. til útlána á árinu 1957. En þegar kemur fram í lok októbermánaðar — um mánaðamótin október-nóvember — og verið er að semja við fulltrúa verkalýðsins um að falla frá kröfum um hækkað kaupgjald og sætta þá við að hafa óbreytt kjör, þá er m. a. stungið upp í þá loforði um 40 millj. kr. til íbúðalána, sem á að vera einn liður í að sætta þá við að falla frá hugsuðum kaupkröfum. Þá var ríkisstj. með þessu búin að lofa 84 millj. kr. til lánveitinga úr byggingarsjóði ríkisins eða hinu almenna veðlánakerfi á árinu 1957, því að ef loforðið í októbermánuði um 40 millj. kr. átti að hafa nokkurt gildi, þá hlaut það að vera til viðbótar 44 millj. kr., sem búið var að lofa í maímánuði, og getur ekki skoðazt sem endurtekning á hluta af því loforði.

Þarna hafa sem sagt legið fyrir á s. l. ári frá ríkisstj. loforð um, að 84 millj. kr. skyldu verða lánaðar úr hinu almenna veðlánakerfi. Auðvitað vita allir, að þetta loforð hefur ekki frekar en önnur loforð hæstv. ríkisstj. verið efnt. En menn gera sér kannske ekki grein fyrir því, hversu hörmulegar efndirnar eru á þessu loforði.

Húsnæðismálastjórn mun hafa tvisvar á árinu, eftir að þingi lauk í fyrra, í júlímánuði og nóvember, úthlutað í hvort sinn 10 millj. kr. til nýrra íbúðalána, en af því fóru 12 millj. kr. í júlí til þess að uppfylla þegar gefin lánsloforð, sem lágu fyrir, þegar loforðið um 44 millj. kr. var gefið í maímánuði s. l.

En húsnæðismálastjórnin hefur þannig á ári hinna stóru loforða úthlutað 20 millj. kr. til nýrra íbúðalána, 20 millj. kr., þegar lofað var fyrst 44 millj. kr. í maí 1957 og 40 millj. kr. í nóvember til viðbótar, eða 84 millj. kr. Það vantaði hins vegar ekki, að hæstv. félmrh. eins og fyrri daginn þyrfti að láta auglýsa sig svolítið í sambandi við þessa myndarlegu framkvæmd íbúðalánveitinganna. Og það var ekki mjög löngu fyrir bæjarstjórnarkosningar, að hæstv. ráðherra kom í ríkisútvarpið með grg. um það, að hæstv. ríkisstj. hefði fyllilega staðið við loforð sín og skuldbindingar varðandi lánveitingar til íbúðabygginga, m. ö. o.: að hún væri búin að tryggja fyrirheit á 52 millj. kr., eins og sagði í yfirlýsingu ráðh. í útvarpinu og tekið var eftir honum í stjórnarblöðunum næstu daga. Þetta kallaði svo hæstv. ráðh. og blað hans að fyrirheit ríkisstj. hefðu verið efnd.

En ef við lítum á þessar efndir, þessar 52 millj. kr., þá var, eins og ég sagði, lofað 84 millj. kr. nýjum lánum á árinu 1957, en það voru aðeins 20 millj. kr. veittar á árinu 1957. Síðan var veitt í kosningamánuðinum, þ. e. a. s. fyrsta mánuði ársins 1958, og það er kannske aðeins tilviljun, að það var sami mánuðurinn sem bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fóru fram, — þá var veitt viðbótarfé, en það var ekki efnd á því, sem lofað var á árinu 1957. Og ef litið er nánar á það mál, þá kemur enn í ljós, að þar er enn verið að svikja og blekkja, því að þar er verið að úthluta lánsfé, sem almenningur hefur ástæðu til þess að ætla að sé nýtt og aukið lánsfé, en mikill hluti af því, eða 25 millj. kr., er fé, sem tekið er til bráðabirgða að láni hjá seðlabankanum, og fyrir því er búið að veðsetja væntanlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1958.

Þetta er allt með slíkum endemum, að það er

ótrúlegt, hvað hæstv. ríkisstj. hefur tekizt óhöndulega í þessum málum. Það er hælzt yfir því rétt fyrir bæjarstjórnarkosningar, eins og ég sagði, að seðlabankinn hefði lofað ríkisstj. því og hún hefði þannig tryggt það fyrst að lána 10 millj. kr. þann 3. des. og síðan 15 millj. kr. þann 17. jan., eða samtals 25 millj. kr. En einmitt þessum 25 millj. kr., eins og ég sagði, lofaði seðlabankinn aðeins til bráðabirgða og gegn því, að húsnæðismálastjórnin veðsetti bankanum væntanlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins af skyldusparnaði og stóreignaskatti, sem til fellur á árinu, og á lánið að endurgreiðast, jafnóðum og þessar tekjur falla til.

Þegar kosningamánuðurinn var sem sagt liðinn, þá er ekki sýnt, að það sé mikið nýtt fé, sem kemur inn í byggingarsjóðinn, sem kemur til úthlutunar hjá þessari hæstv. ríkisstj. eða fyrir tilstuðlan hennar í gegnum húsnæðismálastofnunina.

Ég vildi leyfa mér að vekja athygli á þessum staðreyndum nú, að það er eins og það séu einhver álög á núverandi hæstv. ríkisstj., hversu mjög illa henni tekst til um framkvæmd húsnæðismálalöggjafarinnar og meginatriði hennar, að afla nægjanlegs lánsfjár til íbúðabygginga, enda mun það svo, að almenningur finnur það kannske betur nú en nokkru sinni áður, hvað skórinn kreppir fast að og hversu litlar vonir eru um, að menn fái raunverulega úrlausnir þessara mála. En þegar svo stendur á, þá þykjast hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar samt sem áður vera þess umkomnir að bera fram brtt., lítilfjörlegar og ómerkilegar, hér á þinginu, en ætla sér um leið að humma það fram af sér og ganga fram hjá því að taka afstöðu til brtt. á húsnæðismálalöggjöfinni, sem verulegu og miklu máli skipta og við sjálfstæðismenn höfum borið fram á öndverðu þingi. Það hefur nú verið séð til þess, að hv. stjórnarlið verður a. m. k. með atkvæðum sínum að láta það sannast, hvort það er reiðubúið til þess að fella þær till. sjálfstæðismanna, sem fluttar eru í þessu skyni, og þar á meðal þær, að hækkuð verði framlög ríkisins til heilsuspillandi íbúða, eins og ein okkar till. ber með sér.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að því tiltæki hv. sjálfstæðismanna að taka efni frv., sem þeir fluttu hér í upphafi þings, og flytja efni þess í brtt.-formi yfir í þetta frv., sem hér er til umr. Ég tel þetta alveg óþingleg vinnubrögð með öllu og lýsi því yfir, að ég er andvígur slíkum vinnubrögðum, held, að þeir ættu að hamra á því við viðkomandi þingnefnd að hraða afgreiðslu þess máls út af fyrir sig, en ekki að grípa til svo óþinglegra vinnubragða eins og þeir gera hér með því að ætla að innlima sitt frv. í þetta ágæta frv., sem hér er til umr. Það ber ekki nokkurn keim af sjálfstæðistilfinningu.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði, að lögunum, sem sett voru í fyrra um húsnæðismálastofnun ríkisins o. fl., væri mjög ábótavant og einnig framkvæmd þeirra. Það vill nú verða svo með flest mannanna verk, að þau eru ekki alfullkomin, og það er sjálfsagt ekki heldur með þessa löggjöf. Ég býst við, að það væri hægt að segja það um flesta löggjöf, sem frá Alþingi kemur, að hún sé ekki fullkomin, og einnig færi svo líklega í flestum tilfellum, að framkvæmdin væri heldur ekki í samræmi við kröfur um fullkomleika. Samt held ég það verði erfitt að neita því, að setning laganna á síðasta þingi um húsnæðismálin var til stórbóta, og það mun sýna sig mjög fljótlega, að sú löggjöf leysir miklu meiri vanda í þessum annars vandasömu efnum heldur en sú löggjöf, sem áður gilti.

Í brtt. sjálfstæðismanna er lögð áherzla á, að tekinn sé upp frjáls sparnaður. Það er ekkert nýmæli. Það eru fullar heimildir í löggjöfinni núna um frjálsan sparnað. En það, sem þeim er meira í mun, er að fella niður gildandi ákvæði um skyldusparnaðinn. Þar er ég alveg á öndverðum meið. Ég álít, að skyldusparnaðurinn eigi fullan rétt á sér, og það er mín skoðun, að það nýmæli hafi fengið svo almennar og góðar undirtektir hjá eldri sem yngri, að frá því beri ekki að hverfa. Það var áætlað af mönnum úr hagfræðideild Landsbanka Íslands, áður en lögin voru sett í fyrra, að skyldusparnaður samkvæmt þeim ákvæðum, sem eru í löggjöfinni, væri líklegur til þess að gefa um 15 millj. kr. tekjur á ári. Nú höfum við fengið reynslu af þessu í tvo og hálfan mánuð, þannig að 15. marz sáum við, hvað skyldusparnaðarupphæðin, sem hafði innborgazt í pósthúsið í Reykjavík, nam miklu, og niðurstaðan varð sú, að fyrir janúar og febrúar og hálfan marz hafði komið inn í pósthúsið í Reykjavík 2½ millj., þ. e. a. s.: það eru líkur til þess, að það ætli að verða svona um 1 millj. á mánuði. Þar má aftur búast við, að eitthvað þurfi að endurgreiðast og að endurgreiðslurnar séu sjálfsagt ekki komnar allar fram nú. En ef mætti miða við þetta sem meðaltal, þá er ekki ólíklegt, að utan Reykjavíkur komi a. m. k. eins mikil upphæð inn sem skyldusparnaður og þarna væri þá um 2 millj. að ræða á mánuði eða kannske ekki fjarri 24 millj. á ári. Um þetta er þó ekki gott að fullyrða enn. En það er þegar sýnt, að það kemur til með að falla til húsnæðismálanna og til úrlausna í þeim allverulegt fé skv. skyldusparnaðarákvæðum gildandi laga.

Unga fólkið hefur nú margt tekið sínar sparibækur, og ég hef orðið þess var, að það er ekki síður ánægt með þessar sparisjóðsbækur heldur en aðrar slíkar bækur, sem eðlilegt er, því að þessar sparifjárinnstæður eru miklu betur verndaðar og miklu betur ávaxtaðar en annað sparifé í þessu landi hefur nokkru sinni verið og gefur þó aðallega hið stóra fyrirheit, þegar búið er að spara ákveðinn tíma og til framkvæmda koma þau forréttindi, sem unga fólkið aflar sér með þessum sparnaði umfram það að hafa ávaxtað sitt fé, — þau forréttindi að geta þá fengið húsnæðislán og hærri að upphæð og með forgangi fram yfir aðra, þegar þetta unga fólk stendur þá í því stóra átaki að leysa sín húsnæðismál. En þetta er eitt af þeim nýmælum, sem fólust í setningu laganna í fyrra, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði að hefðu haft inni að halda mjög fá nýmæli og þó öll smávægileg. Þetta er eitt af þeim smávægilegu nýmælum, sem í lagasetningunni í fyrra fólust. Annað smávægilegt nýmæli var

það, að 1% af öllum tolltekjum ríkisins skyldi falla til húsnæðismálanna, og í þriðja lagi, að það voru lagðar til nýjar tekjur til eignar fyrir húsnæðismálasjóð eða byggingarsjóð ríkisins, sem þá var stofnaður, þannig að hans stofnfé varð 108 millj. kr. Gildur þáttur í starfseminni verða þannig vaxtatekjur af þessum sjóði, sem ég játa annars að hefði þurft að vera miklu stærri til þess að leysa hinn mikla vanda, sem þarna hafði safnazt saman og sífellt ber að höndum í þessum málum.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Hvað sem menn segja um það, að það hafi verið lítilsverð nýmæli, sem hafi falizt í lagasetningunni um húsnæðismálin í fyrra, þá er það staðreynd, að þar var bæði aukið fé til þessara mála og enn fremur lögð drög að því, að settar væru skynsamlegri reglur um að leysa fyrst og fremst vanda þeirra, sem nauðulegast væru staddir í húsnæðismálum, en fram að þeim tíma hafði það verið mjög eftir geðþótta tveggja manna, til hverra lánin féllu, og það var ekki til þess að byggja á því til frambúðar.

Það hefur verið hér bent á það af hv. 5. þm. Reykv., að þess væri full þörf að auka fjárveitingar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Þetta er alveg hárrétt. Það væri þörf á því að fá meira fé, bæði til þess að leysa þennan þátt húsnæðisvandamálanna og aðra þætti. En þegar hv. Sjálfstfl. fór með stjórnarforustu í landinu, þá voru ætlaðar 3 millj. kr. til þess að leysa þessi mál. Með lagasetningunni í fyrra, þessari lítilsverðu, var þetta framlag aukið um 25% og ætlaðar til þess 4 millj. á ári, og vegna þessarar aukningar tók húsnæðismálastofnunin svo það á sig að hækka framlagið til þess fólks, sem fengi íbúðir samkv. þessum kafla, úr 50 þús. kr. í 70 þús. kr., þannig að við það ástand, sem ríkti, þegar Sjálfstfl. hafði stjórnarforustu í landinu, áttu fátæklingarnir, sem bjuggu í hinu heilsuspillandi húsnæði, kost á því að fá 50 þús. kr. framlag frá Reykjavíkurbæ og 50 þús. frá ríkinu, þ. e. a. s. 100 þús., og aðeins á meðan 3 millj. kr. upphæðin á fjárl. væri fyrir hendi. En eftir breytingu laganna er þetta svo, að nú á einstaklingurinn kost á 70 þús. kr. framlagi frá Reykjavíkurbæ og 70 þús. kr. frá ríkinu, eða 140 þús. kr., meðan 4 milljónirnar á fjárl. hrökkva til.

Ég veit ósköp vel, að þarna þyrfti að koma enn þá meiri hjálp til, af því veitti ekkert. En þetta er þó ólíkt meiri hjálp en hægt er að veita efnalitlu fólki yfirleitt, sem aðeins á kost á því að fá lán. Þessi lán eru veitt til 50 ára, en aðrir eiga kost á að fá lán með 7¼% vöxtum til 15 eða 20 ára — 15 nokkurn hlutann og 20 ára annan hlutann — og aðeins 70—80 þús. kr. lánsupphæð. Allt er þetta skorið við neglur, það verður að játast. En það er áreiðanlegt, að hér hefur verið betur gert einmitt s. l. ár í þessum málum en nokkru sinni fyrr.

Þeir, sem nú eru háværir um það, að hér sé ekki nærri því nógu vel að unnið, ættu þá fyrst og fremst að rifja það upp, að enn verr gerðu þeir við þessi mál, þegar þeir fóru með þau, og var þá þörfin ekkert minni en hún er nú.

Þá var að því vikið af hv. 5. þm. Reykv., að brtt. þær, sem hér eru bornar fram við húsnæðismálalöggjöfina frá því í fyrra, sýni það, að hún hafi verið meingölluð og illa undirbúin. Ég hef áður vikið að því hér, að þessar breyt., sem nú eru til umr., sýna það á engan hátt. Hér er að fenginni reynslu verið að lagfæra nokkur smáatriði. Í fyrsta lagi er orðalag laganna nú á þann veg, að það mætti skilja það þannig, að ætti að greiða vísitölu af stofnfé og vöxtum. Vísitöluna á að greiða af stofnfé, en þegar til framkvæmdarinnar kemur, þá segja bankamenn, að það sé erfitt að reikna út vísitölu af vöxtum. Fyrsta breyt. er aðeins um þetta smáræði, að það sé skýrt, að lagabókstafurinn sé í samræmi við það, sem bankamenn telja að möguleikar framkvæmdanna ákveði.

Það var alveg skýlaust ætlun löggjafans fyrir ári, að sparnaðurinn næði yfir 10 ár, og önnur breyt. er aðeins til þess að taka af tvímæli um það, að sparnaðurinn skuli vera ekki í 9 ár, heldur í 10 ár, þ. e. a. s. skuli ekki hætta fyrr en að loknu 25. aldursári.

Í þriðja lagi voru svo í löggjöfinni margs konar undanþáguheimildir, þar sem upp voru taldir ýmsir aðilar, sem ættu rétt á að vera undanþegnir sparnaðarskyldu, svo sem fólk, sem væri í skóla hálft árið eða meir, og fólk, sem hefði við mikla efnahagserfiðleika að búa, heilsuleysi, og fleiri voru upp taldir. En það mun hafa láðst að taka það fram, hvort útlendingar, sem vinna hér í landinu, ættu að vera, ef þeir væru á þessu aldursskeiði, undir sparnaðarákvæðum löggjafarinnar eða hvort þeir skyldu undanþiggjast. Og hér er það tekið fram, að útlendingar skuli fá sitt sparnaðarfé, sem af þeim verður tekið eins og öðrum, endurgreitt, þegar þeir fara alfarið af landi brott. Engin stórbreyting getur það nú talizt, en það er til þess að ákveða nákvæmlega um þetta fyrirbæri í þeim tilfellum, þegar útlendingar kynnu að vera á tímabilinu 16—25 ára hér við störf, og þykir sanngjarnt, að þeir fái sitt sparaða fé, þegar þeir fari úr landi, en verði þeir hér framvegis, þá séu þeir undir sömu reglum og skyldum og íslenzkt fólk.

Svo er eitt atriðið um, að það skuli vera skýrt og ákveðið, hvaða viðurlög skuli liggja við vanrækslu sparimerkjakaupa, og hygg ég, að flestir séu sammála um, að það sé bezt, að það sé alveg ákveðið, svo að menn viti, að ef þeir brjóta af sér í því efni að framkvæma sölu eða afhendingu sparimerkja, þá komi það þeim í koll aftur skv. skýrum ákvæðum laga þar um.

Þetta sýnir allt saman, að breytingarnar eru smávægilegar og eingöngu til þess, eins og sjálfsagt er í löggjöf, sem inniheldur allmörg nýmæli, að taka af tvímæli, þar sem orðalag virðist ekki hafa verið alveg hnitmiðað í samræmi við nauðsynlega framkvæmd. Ég tel, og munu flestir þm. líta svo á, að þessar brtt. séu sjálfsagðar, enda hef ég ekki hér neitt hnotið um það, að þessar brtt. séu ekki eðlilegar og sjálfsagðar. En það, sem hv. sjálfstæðismenn ræða hér um, eru þessi óþinglegu vinnubrögð með annað frv., sem þeir bera fyrir brjósti og hafa flutt hér á Alþingi, að fá meginefni þess frv. fellt inn í þetta frv., og því er ég, eins og ég áðan sagði, andvígur. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að

það er miklu réttara að taka afstöðu með og móti þeim breytingum, sem felast í þessu frv., sem hér er til umr., og láta það bíða síns tíma, að þingmenn á sama hátt taki afstöðu til efnis þess frv., sem hv. sjálfstæðismenn hafa flutt um breytingu á húsnæðismálalöggjöfinni, og fæ ég a. m. k. ekki skilið það, að hverju leyti þeim finnst það betra að innlima sitt eigið frv. í þetta ágæta frv. og svipta þannig sitt eigið frv. sjálfstæðri tilveru.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hérna brtt. á þskj. 297, sem er tilraun frá minni hendi til að leiðrétta nokkurt ranglæti, sem gætir í þeirri löggjöf, sem nú gildir. Þessi brtt. fjallar um, að unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega a. m. k. 25% af kaupi sínu að fæði frádregnu í bústofnsaukningu, séu undanþegnir þeirri skyldu að leggja 6% af launum sínum greiddum í peningum í því skyni að mynda sérsjóð til íbúðarbyggingar eða bústofnunar í sveit, eins og það hljóðar í lögunum. Ef þetta yrði að lögum, þá nyti þetta fólk sömu undanþágu og það fólk, sem um ræðir í A-, B- og C-lið 11. gr. laganna.

Þetta tel ég að sé í alla staði eðlilegt og sanngjarnt, þegar á það er litið, að lögin mæla svo fyrir, eins og áður er sagt, að þessi 6% skuli leggjast í sjóð til styrktar íbúðarbyggingu eða bústofnun í sveit. En í þeim tilvikum, sem brtt. mín ræðir um, þá leggur þetta fólk á sig miklu hærri gjöld til bústofnunar, þ. e. 25% af kaupi sínu, og þetta fólk er því með frjálsu framlagi að vinna að því verkefni, sem sjóðnum er ætlað að vinna, en með mun hærri fjárframlögum en gert er ráð fyrir í lögunum. Fyrir sjóðinn hefur þessi undanþága mjög lítil áhrif til eða frá, þar eð búpeningseign unglinga og ungs fólks er orðin að sögn miklum mun fátíðari en áður var. Þetta er þróun, sem flestir sveitabændur eru á einu máli um að sé mjög óheillavænleg fyrir landbúnaðinn. Brtt. mín miðar því að því að örva unga fólkið til að taka upp fyrri hætti. Hún stuðlar að því, að ungt fólk komi sér upp bústofni í skjóli foreldra sinna og að þessir unglingar verði þannig beinir þátttakendur í búrekstrinum. Það er margföld reynsla fyrir því, að slík þátttaka í búrekstrinum er öruggasta ráðið til að tengja unga fólkið við sveitirnar og landbúnaðinn til frambúðar.

Ég er sannfærður um það og styðst þar við nokkra reynslu, að margt sveitafólk á þessu aldursskeiði, sem hér um ræðir, hefur mun meiri áhuga fyrir að eignast skepnur, sem það umgengst, heldur en að safna í sjóði, ef um þetta tvennt er að ræða. Með samþykkt till. gefst Alþ. færi á að stuðla að þróun, sem mundi hafa mikla þýðingu fyrir sveitirnar og landbúnaðinn í framtíðinni. Aukin þátttaka unga fólksins í búskapnum mundi vega margfaldlega á móti því krónutapi, sem sjóðurinn mundi líða vegna þessarar undanþágu. Það er ég alveg sannfærður um.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. félmrh. virðist bara nokkuð ánægður, og þó er hann ekki líkt því eins ánægður og hann hefur oft endranær verið. En ég verð nú að segja það, að það er kannske nokkurt tímanna tákn, þegar hæstv. ríkisstj. er borin þeim sökum hér í umræðum á Alþ. að hafa svikið loforð sín til almennings um aukið lánsfé til íbúðabygginga um 64 millj. kr. á árinu 1957, þá steinþegir hæstv. félmrh. við því, þegar hann kemur næst upp í ræðustólinn. Það var svo sem vitað, að þetta var ekki hægt að hrekja, en ráðh. hefði kannske getað gert einhverja tilraun til þess að biðjast afsökunar. (**Félmrh.:** Sá, sem ber fram ósannindi, á að biðjast afsökunar.) Leiðrétti hæstv. ráðh. það, sem ég sagði í þessu sambandi, í sinni ræðu áðan? Nei, hæstv. ráðh. leiðrétti það ekki, hann steinþagði. Og þó að hann geri einhverja tilraun til að leiðrétta þetta hér eftir, þegar búið er að benda honum á það, þá gagnar það lítið. Hæstv. ríkisstj. lofaði, eins og ég sagði, í maímánuði 44 millj. kr. af nýju lánsfé, í októbermánuði 40 millj. í viðbót, eða 84 millj. króna úr byggingarsjóði og gegnum hið almenna veðlánakerfi, — en húsnæðismálastjórn úthlutaði 20 millj. króna eftir maímánuð 1957. Og þá eru svikin í þessu eina máli 64 millj. kr. Við þessu þagði hæstv. félmrh. Það mun áreiðanlega verða tekið eftir því, almenningur tekur eftir minna en svona svikum. En það eru fleiri en almenningur, sem taka eftir þessum svikum, því að hvað hefur ekki mátt lesa í stjórnarblöðunum sjálfum eftir úrslit bæjarstjórnar- og sveitarstjórnarkosninganna? Þar hafa þau einmitt verið að bera þær sakir á þennan ráðh. og svo aðra ráðh. í öðru sambandi, að það sé ekki nema von, að illa hafi farið í kosningunum, því að stjórnin sé staðin að herfilegum og stórum svikum, og þar á meðal er beinlínis tekið fram í sumum stjórnarblaðanna, að vettlingatökin í húsnæðismálunum eigi áreiðanlega ekki lítinn þátt í því, hversu illa fór í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum. En það er sem sagt komið svo, að stjórnin og hennar lið er orðið svo vant að svíkja, að þeim þykir ekki taka því að reyna að bera hönd fyrir höfuð sér, þótt að því sé vikið hér í þingsölunum.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að frjálsa sparnaðinum annars vegar og skyldusparnaðinum hins vegar.

Hæstv. félmrh. segir, að það muni nú sennilega fara svo, að meira hafist upp úr skyldusparnaðinum en reiknað var og áætlað, þegar stjórnin lagði fram húsnæðismálalöggjöf sína í fyrra. En það á nú kannske að fara að hælast yfir því nú, að stjórnarliðið hafi ekki getað reiknað rétt í fyrra. En lið, sem hefur ekki yfir meira að hælast, það má kannske virða því til vorkunnar, þó að það hæli sér nú af þessu. En ráðh. komst að þeirri niðurstöðu, að ef svo héldi fram sem fyrstu tvo og hálfan mánuð þessa árs, þá væri líklegt, að skyldusparnaðurinn mundi gefa í byggingarsjóðinn 24 millj. kr., en stjórnarliðið hefur nú ekki reiknað þetta út eða áætlað þetta nema 15 millj., þegar það lagði fram sínar ráðagerðir í fyrra.

Hvað sem nú um þetta verður, þá er aðalatriðið frá hálfu okkar sjálfstæðismanna það, að við teljum, að með þeim till., sem við leggjum fram um frjálsan sparnað, þá séu líkur til þess, að sparifjármyndunin í landinu muni verða miklu meiri en það, sem hér er gert ráð fyrir af skyldu-

sparnaðinum, hvort heldur er miðað við áætlunina núna eða í fyrra. Við lögðum til og leggjum enn til, að það séu stofnaðar sérstakar innlánsdeildir eða myndað sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, sem nefnist húsinnlán, og til þess að örva almenning til að hagnýta sér þessi spariinnlán, þá leggjum við til, að þau beri í fyrsta lagi 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma, og það fé, sem sparað er á þennan hátt, á einnig að vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5 þús. kr. á ári. Það er sannfæring okkar, að ef við þessari till. verður orðið, þá muni safnast af frjálsum vilja, bæði frá æsku þessa lands og einnig öðrum, miklu meiri aukin sparfjármyndun til íbúðalána en með þeirri tilraun, sem nú er verið að gera varðandi skyldusparnaðinn, og það er það, sem máli skiptir í þessu sambandi, — ekki það, að við viljum fella niður ákvæðin um skyldusparnað, sem gefi 24 millj. kr., eins og nú er áætlað, heldur hitt, að við viljum taka upp annað form, sem er að okkar dómi líklegra til þess að skapa margfalt meiri sparifjármyndun í landinu og á þann hátt, sem miklu heilbrigðari og heillavænlegri er, bæði fyrir æsku landsins og efnahagsþróunina í heild.

Hæstv. félmrh. segir, að með nýju húsnæðismálalöggjöfinni hafi verið stuðlað að auknu fé. Það er bent á skyldusparnaðinn og bent á 1% gjaldið af tolltekjunum og þetta eigi að vera nýtt fé. En spurningin er þá: Geta þá bankar og sparisjóðir haldið áfram að láta eins og hingað til fé í veðlánakerfið? Og eru þá öruggar þær tekjur, sem áður urðu til af frjálsum sparnaði í þessu landi? Er það öruggt? Ég held, að hæstv. ráðh. sé mjög kunnugt um, að það orkar fyllilega tvímælis, hvort bankar og sparisjóðir þessa lands séu reiðubúnir til þess, eins og nú horfir, að halda þessu áfram, þó að fullur vilji sé fyrir hendi hjá þeim aðilum, sem að þessum málum standa, og a. m. k. vantar ekki fulltrúa stjórnarliðsins í bankastofnanir landsins nú til þess að uppfylla þetta, ef bankarnir væru færir um það. Hitt er vitað, að nú er í fullkominni tvísýnu, hvað um það verður. Þetta tækifæri hér ætti að notast til þess, að hæstv. félmrh. gæfi upplýsingar um lánsfjármálin, sem nokkuð miklu máli skipta, og ég vil leyfa mér að bera tvær fsp. fram til hans nú: Hversu miklu lánsfé var úthlutað í kosningamánuðinum, þ. e. a. s. janúar 1958, til íbúðabygginga. Þetta er fyrri spurningin. Og hin spurningin er svo sú: Hvaða líkur eru fyrir nýju lánsfé, áframhaldandi lánsfé til íbúðabygginga hina 11 mánuði ársins?

Það væri fróðlegt að fá þessar upplýsingar fram hér, og þær gætu verið nokkuð táknrænar, hvernig unnið er að þessum málum, og alveg sérstaklega þegar haft er í huga, að einmitt dögum og vikum fyrir kosningar er verið að úthluta lánsfé til íbúðabygginga á þann hátt, að það er verið að veðsetja þær tekjur, sem byggingarsjóði eru ætlaðar síðar á árinu. Hverjum átti það að koma að liði? Mér þætti mjög fróðlegt, ef hæstv. ráðherra vildi gefa þingheimi þessar upplýsingar um lánsfjárúthlutunina í janúar 1958 og horfurnar á lánsfjárúthlutunum til íbúðabygginga hina 11 mánuði þessa árs.

Þá kem ég að heilsuspillandi húsnæðinu og fjárveitingum til þess. Hæstv. félmrh. segir: Ja, hvað þýðir fyrir sjálfstæðismenn að vera að tala um, að það sé ekki nægjanlegt fé veitt af hálfu ríkisvaldsins og Alþingis til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, því að ekki lögðu þeir svo mikið til þessara mála, þegar þeir réðu, — og vitnaði svo í það, að þegar húsnæðismálalöggjöfin var sett, — og það mun hafa verið í maímánuði 1955, — þá var ætlað til þeirra mála í fyrsta lagi, og það legg ég megináherzlu á, jafnhátt framlag frá ríkissjóði og bæjar- og sveitarfélögin legðu til þessara mála. Það er meginregla, sem var frá upphafi sett inn í löggjöfina fyrir tilstuðlan sjálfstæðismanna, að það skyldi vera jafnhátt framlag frá ríkissjóði til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis árlega eins og bæjar- og sveitarfélögin legðu af mörkum. Hins vegar var svo þessi meginregla réttilega þeim takmörkunum bundin, að ekki skyldi þó ríkisframlagið fara fyrst í stað fram úr 3 millj. kr.

Nú er það svo, að á þessum tíma var ekki sýnt um það, hversu miklar framkvæmdir í þessum efnum yrðu á árinu af hálfu bæjar- og sveitarstjórna. Hitt er einnig vitað, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafði fylgzt mjög gaumgæfilega með þessum málum og undirbúið aðgerðir af sinni hálfu, sem að verulegu leyti voru komnar í gang eða framkvæmd, þegar löggjöfin var sett, og þess vegna var af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur unnið miklu meira til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis en nægt hefði til 3 millj. kr. framlag ríkisins, ef það hefði átt að vera jafnt framlagi bæjarsjóðs Reykjavíkur, enda fór svo, að sjálfstæðismenn beittu sér fyrir því, þegar skipt var tekjuafgangi ársins 1955, að 13 millj. kr. af tekjuafganginum til viðbótar við þessar 3 millj. kr., sem ákveðnar voru í maí 1955, skyldu ganga til íbúðalána og útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Þess vegna er það alrangt, þegar hæstv. félmrh. segir hér, að það hafi aðeins fyrir tilstuðlan sjálfstæðismanna verið ákveðnar 3 millj. kr. og punktum og basta. Í fyrsta lagi var meginreglunni slegið fastri, að það skyldi vera framlag ríkissjóðs til jafns við bæjarfélögin. Hitt var svo eftir að sjá, hvernig þessum málum mundi vinda fram. En strax og lá fyrir, að þetta framlag nægði engan veginn, þá var verið viðbótarframlagi til þessara mála af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1955. Og hvernig var svo að öðru leyti staðið að þessum málum, þar sem sjálfstæðismenn ráða, þegar hæstv. félmrh. heldur því fram, að við getum með litlum rétti krafizt meira framlags frá ríkissjóði, þar sem sjálfstæðismenn, þegar þeir réðu, hafi litt sinnt þessum málum? Þar vil ég vitna til þess, að í Reykjavík var af hálfu bæjarstjórnar varið á fjárhagsáætlun til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis á árinu 1955 4.5 millj. kr., á árinu 1956 10 millj. kr. og á árinu 1957 10 millj. kr., eða samtals á fjárhagsáætlun þessi þrjú ár 24.5 millj. kr., en umfram þetta hafði Reykjavíkurbær lagt til þessara framkvæmda á s. l. hausti, umfram það, sem áætlað var í fjárhagsáætlun, 10 millj. kr. Framlag Reykjavíkur, þar sem sjálfstæðismenn ráða og hafa meiri hlutann, til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis hefur þess vegna verið á þremur

s. l. árum, 1955, 1956 og 1957, um 34.5 millj. kr. En á sama tíma er framlag ríkisins til þessara mála á árinu 1955 3.1 millj., á árinu 1956 3.8 millj. kr. og á árinu 1957 3.1 millj. kr., eða um 10 millj. kr. Það vantar þess vegna upp á aðeins í Reykjavík einni um 24½ millj. kr. á þessum þremur árum, til þess að ríkissjóðsframlögin séu til jafns við það, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur lagt til þessara mála eða lagt hefur verið úr bæjarsjóði Reykjavíkur til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Svo kemur hæstv. félmrh. og telur, að við sjálfstæðismenn getum lítið um það sagt eða við höfum litla ástæðu til að ásaka fyrir lág framlög úr ríkissjóði, þar sem við höfum sjálfir ekki átt hlut að máli um hærri framlög en svo og svo, eins og hann gerði grein fyrir. Í fyrsta lagi gerði hann villandi grein fyrir þeim framlögum, sem fyrir tilstuðlan okkar sjálfstæðismanna var varið af hálfu ríkisvaldsins til þessara mála, og í öðru lagi er algerlega gengið fram hjá þeim gífurlegu fjárveitingum, sem einmitt hafa verið veittar í höfuðstað landsins, þar sem sjálfstæðismenn hafa ráðið þessum málum. Jafnframt því, sem sjálfstæðismenn áttu hlut að því, að um 13 millj. kr. af tekjuafgangi 1955 yrði strax varið til íbúðalána og útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, þá var það einnig, að við fluttum hér ekki í fyrsta skipti við afgreiðslu fjárlaga 1958, heldur einnig við afgreiðslu fjárlaga 1957, við hv. 6. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, og ég, að framlagið yrði aukið í fjárlögum upp í 10 millj. kr. En allt hefur þetta verið fellt af stjórnarliðinu og þeim mönnum, sem áður stóðu hvað háværastir og töluðu um það, að framlögin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis væru allt of lág, til skammar lítil og gætu með engu móti náð þeim tilgangi að útrýma bæði herskálum og bröggum á næstu árum, eins og þó hefur verið gert ráð fyrir og ég held að flestir séu sammála um að brýn nauðsyn sé til.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það varðandi meðferð þessa máls, að það er næsta óskiljanlegt, að hæstv. ráðh. skuli víta þá aðferð, sem hér er höfð af hálfu sjálfstæðismanna, þegar það liggur fyrir, að frv., sem flutt er á öndverðu þingi af okkur, fæst ekki afgreitt í n., og hv. frsm. meiri hluta n. gerði grein fyrir því hér, að það hefði m. a. stafað af því, að svo fáir fundir hefðu verið haldnir í nefndinni á þinginu, sem þó er búið að standa frá 10. okt. En það voru þó nógu margir fundir haldnir til þess að afgreiða frv. stjórnarinnar, sem hér er borið fram, og aðferð okkar er ekki meiri áníðsla á stjórnarliðið en það, að það leiðir til þess, að þeir verða bara að taka afstöðu til þess, greiða atkvæði með eða móti því, sem við höfum lagt til í þessu máli, en geta ekki komizt hjá með því að svæfa málið í nefnd og neita okkur sjálfstæðismönnum um þinglega afgreiðslu málsins.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fyrst vil ég segja það út af till. hv. 2. þm. Skagf., að í þeim tilfellum, þegar ungt fólk í kaupstöðum hefur upplýst, að það væri að byggja og þannig að framkvæma það verkefni, sem skyldusparnaðinum var ætlað að þjóna, þá hefur verið og verður lítið svo á, að það fólk sé að framkvæma þann sparnað, sem lögin áttu að tryggja, og slíkt fólk mun koma undir undanþáguákvæðin. Ég held því, og það sagði ég honum einmitt áðan, þegar hann kom úr ræðustólnum, að ég héldi, að framkvæmdin mundi verða sú, að það fólk, sem þannig stæði á um eins og greinir í hans brtt., að það legði til hliðar sannanlega 25% af kaupi sínu, sem það hefði umfram fæði, að það yrði svo á lítið, að það væri að framkvæma sparnað, fyllilega þann sparnað og meiri en þann, sem lögin ætluðust til, og mundi þannig að þeim leiðum, sem opnar standa samkvæmt gildandi löggjöf, fá sína undanþágu og breyting væri þess vegna óþörf að því er þetta snerti. Það er mín skoðun. Ég er alveg viss um það, að í framkvæmdinni verður ekki gert upp á milli fólksins í sveitunum og í kaupstöðunum. En mér finnst, að það eigi hvort tveggja að sitja við sama borð, að unga fólkið í sveitunum á að leggja til hliðar undir öllum kringumstæðum 6%, nema það falli undir undanþáguákvæðin eða fullnægi alveg fyllilega þeim skyldum, en öðlast hins vegar sams konar aðstoð til bústofnunar í sveit og unga fólkið í kaupstöðunum fær aðstoð að ákveðnum tíma liðnum til þess að eignast þak yfir höfuðið. Og ég álít, að þar eigi engar undanþágur að koma til greina fremur á aðra hliðina en hina að því er snertir ungt fólk í sveitum og hins vegar í kaupstöðum.

Þá kem ég að hv. 5. þm. Reykv. Hann furðaði sig á því, að ég hefði ekki farið út í það að svara svikabrigzlum hans. Hann minntist á það, að því hefði hér áður verið haldið fram, að fyrrverandi stjórn hefði framið mestu svik stjórnmálasögunnar á síðari árum með vanefndum á því, sem lofað var, þegar húsnæðismálalöggjöfin næstsíðasta var sett.

Það kann að vera nokkuð til í því, að þeim hafi verið brugðið um svik í sambandi við það, því að það er staðreynd, að það var fyllilega gefið í skyn, að hver maður, sem þá færi af stað með að byggja, ætti kost á að fá 100 þús. kr. lán, og þessi málstúlkun, áður en sú löggjöf var sett, leiddi til þess, að það fór af stað meiri byggingarskriða en þekktist áður í sögu þjóðarinnar, og það kom undireins í ljós, fáum vikum eftir að löggjöfin hafði verið sett af fyrrverandi ríkisstj., að við þessa byggingarskriðu, sem var afleiðing af þeim loforðum og fyrirheitum, sem höfðu verið gefin, réð hv. fyrrv. ríkisstj. ekkert. Það voru þess vegna komnir á þriðja þúsund eða rétt við þrjú þúsund umsækjendur að lánum, sem ekki höfðu getað fengið neina úrlausn sinna mála, þegar kom svo til þess, hvað hægt væri að framkvæma samkvæmt þeirri löggjöf, og það voru þessi svik, sem voru í pokanum, þegar núv. ríkisstj. taldi nauðsyn á að setja nýja löggjöf, af því að þessi löggjöf hefði ekki orkað að rísa undir þeim skuldbindingum, sem henni var ætlað að leysa vegna þeirra gullnu loforða, sem höfðu verið gefin, og þessi gullnu loforð höfðu sannarlega verið svikin, það er staðreynd.

Hitt er aftur einber misskilningur hv. þm., að sú fjáröflun, sem um var samið við verkalýðssamtökin á s. l. ári, hafi ekki verið efnd. Þar var engu logið, það var bara tilkynnt í útvarpinu. Að vísu bar það að í desembermánuði núna fyrir

áramótin, að samkvæmt þessari og þessari dagsetningu hefði verið hægt að fá þetta hjá seðlabankanum og þetta, þangað til komin var 52 millj. kr. upphæð, sem þá hafði verið afhent húsnæðismálastjórn til úthlutunar, að frádregnum 12 millj. kr., sem samkvæmt sömu löggjöf eiga að fara til húsnæðismálanna í sveitum landsins og borgast inn til Búnaðarbankans, og hvort tveggja hafði verið gert.

Þetta eru niðurstöður, sem ekki er hægt að hagga neitt við. Þetta var tilkynnt, og við þetta var staðið, og það hefur hvergi sézt, hvorki í Morgunblaðinu né neinu stjórnarblaðanna, fyrir eða eftir þessar kosningar, að þarna hafi verið farið með nein ósannindi eða nein svik hafi verið á ferðinni. Þetta liggur alveg hreint fyrir, og það er ekki til neins að koma með nein svikabrigzl út af því. Slík svikabrigzl eru ekki svaraverð, og þess vegna gekk ég alveg fram hjá þeim, og þegar hann segir, að félmrh. hafi látið undir höfuð leggjast að biðja sig fyrirgefningar, þegar hann lýgur á mig, þá segi ég: Það er að bíta hausinn af skömminni, og það er að snúa öllum siðgæðisreglum við. Sá, sem lýgur á annan mann, á að biðja fyrirgefningar, og ef nokkuð er óumdeilanlegt, þá er það það. (**Gripið fram í:** Hver hefur logið?) *Ég segi:* Sá, sem lýgur á annan, á að biðja **fyrirgefningar.**

Út af þessu spurði svo hv. 5. þm. Reykv.: Hversu miklu fé var úthlutað til húsnæðismála í kosningamánuðinum, í janúarmánuði? Nú verð ég að játa, að ég hef ekki þær skýrslur hjá mér. Ég vissi ekki um, að slíkrar spurningar væri von, og tel spurninguna næsta óþinglega, en mér er nær að halda, að það hafi verið minna fé úthlutað í janúarmánuði en marga aðra mánuði ársins. Það fór fram á haustmánuðunum úthlutun á fé, sem fyrir hendi var, og þegar seðlabankinn hafði svo efnt sitt loforð að fullu um útvegun 52 millj. kr., hvar af 40 millj. kr. áttu að fara til húsnæðismálalána um allt landið, þá var úthlutun lánanna haldið áfram með venjulegum hætti. Það hvarflaði hvorki að mér né húsnæðismálastjórn að fyrirskipa að hætta öllum útlánum til húsnæðismála, þegar loksins fé var fengið, þó að kosningar stæðu fyrir dyrum í janúarmánuði. En ég get frætt hv. þm. á því, að úthlutun á þessu fé hélt áfram fram í marzmánuð, og nokkuð miklum hluta af þessu fé var úthlutað eftir kosningarnar. Það var mér vitanlega ekki tekið neitt tillit til þess, hvorki um að auka lánveitingar né draga úr þeim, af því að það færu fram kosningar í janúarmánuði, en það er svona hugsunarháttur, sem örlar á hjá hv. 5. þm. Reykv., og þykir mér fróðlegt að kynnast slíku viðhorfi.

Mér er líka alveg ófært að upplýsa hann um það, hversu mikið fé muni koma til útlána hjá húsnæðismálastjórn á þeim ellefu mánuðum, sem hann talaði um að væru nú eftir af árinu. Þá hefur hann auðvitað miðað líka við að afloknum kosningamánuðinum, janúar. Þetta byggist m. a. á því, að það er eins á þessu ári og á s. l. ári, að það er enn í óvissu, og það var í óvissu langt fram eftir árinu 1957, hvað mikið fé væri hægt að draga út úr bönkunum og þ. á m. frá þessum hv. bankastjóra til þess að geta aðhafzt eitthvað í þessum málum á fyrri hluta ársins, og það tókst allt of seint að fá það fé. Það er alveg fullgilt svar til þessa hv. bankastjóra, að það fer eftir því, hvað hægt er að draga mikið fé út úr bönkunum, hvað hægt verður að láta í þessi mál á þeim 11 mánuðum að afloknum janúarmánuði 1958, og ég vil vona, að hans afstaða verði sú, að það verði hægt að draga heldur meira en minna fé úr bönkunum til þess að þjóna í húsnæðismálunum á árinu 1958, því að við erum báðir sammála um það, að þess er fyllilega þörf. En ósamræmi væri það óneitanlega, ef hv. 5. þm. Reykv., sem hér talar mjög um nauðsyn á, að mikið fé fari bæði til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til annarra húsnæðislána, ef hann yrði svo meðal þeirra, sem heldur treglega og dauflega tækju undir það, að bankarnir legðu af sínu fé til húsnæðismálanna. Það væri heldur lítið samræmi í því, að hv. 5. þm. Reykv. þýsnaðist hér yfir hinni miklu fjárþörf til húsnæðismála, en bankastjórinn í sömu persónu væri svo aftur dragbítur á það, að fé væri látið af hendi hjá bönkunum. Ég vona, að til þess ósamræmis komi ekki.

Þá vék hann að þeim fjárframlögum, sem hefðu farið til húsnæðismála hjá fyrrverandi stjórn og *þeirri núverandi, og hann kemst alltaf að* þeirri niðurstöðu, að það sé fyrst skammarlega að þessum málum búið, þegar núv. stjórn komi til. 3 millj. kr., sem voru veittar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis hjá fyrrv. stjórn, eru að hans áliti betri en 4 millj. kr., sem eru núna látnar fara til þess, því að því verður ekki neitað, að það átti að verja til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis samkvæmt reglugerðarákvæði 50 þús. kr. til einstaklings, íbúðareiganda, meðan 3 millj. kr. á fjárlögum hrykkju til, en þar tók fyrir það. Og alveg eins er það nú, þegar 4 millj. kr. eru uppgengnar, þá er ekki hægt að veita fleirum en nú hafa fengið möguleika til þess að fá 70 þús. kr. frá hvorum um sig, bæ og ríki; 50 og 50 áður upp að 3 millj., 70 og 70 nú af 4 millj., meðan þær hrökkva til.

Svo tók hann nokkuð mörg undanfarin ár og sagði: Á þessu árabili hefur Reykjavík lagt fram svona marga milljónatugi til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og á sama árabili hefur ríkissjóðurinn ekki lagt nema svona miklu minni upphæð, og þá vantar til, segir hann, — ég man ekki, hvort hann sagði, að 14 millj. kr. eða 24 millj. kr. vantaði til frá hvorum.

Það er blekkjandi að tala svona, því að það stendur ekki upp á ríkissjóð samkvæmt lögunum um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis að greiða Reykjavíkurbæ einn einasta eyri, — ég fullyrði það, ekki einn einasta eyri. En það stendur upp á Reykjavíkurbæ að hafa útrýmt þeim íbúðum, sem hann er búinn að fá fé til þess að útrýma, og það er þó ekki lagastafur fyrir því, að Reykjavíkurbær eða nokkurt annað bæjarfélag eigi að fá einn eyri til þessarar starfsemi, fyrr en hann í fyrsta lagi hefur fullbyggt húsnæði, sem er ætlað fólki úr heilsuspillandi húsnæði. Það á að liggja fyrir vottorð samkvæmt þeirri löggjöf, sem ríkisstj. Ólafs Thors gekk frá, og þeirri reglugerð, sem þá var sett, og hefur hvorugu verið breytt síðan, — það á að liggja fyrir vottorð um,

að húsnæði sé fullgert, sem á að fara til þess að taka við fólki úr heilsuspillandi húsnæði. Þetta vottorð á að berast til húsnæðismálastjórnar. Í annan stað á að koma fram vottorð frá lögreglustjóranum í Rvík um það, að Reykjavíkurbær sé búinn að útrýma svona og svona mörgum íbúðum af heilsuspillandi húsnæði. Þegar þessi vottorð eru komin, þá er heimilt að verja fé úr ríkissjóði, en fyrr ekki, til þess að leysa þessi mál. En framkvæmdin hefur verið sú, að húsnæðismálastjórn hefur borgað út fé, 70 þús. kr. á íbúð, upp á væntanlegar tilkynningar Reykjavíkurbæjar um útrýmingu, og það stendur upp á Reykjavíkurbæ um marga tugi íbúða enn þá. Svo er verið að reyna að lauma því inn hér, að það standi upp á ríkið. Það er þveröfugt, það skortir til, að Reykjavíkurbær sé búinn að útrýma þeim bröggum, sem hann átti að vera búinn að útrýma, áður en hann fengi eyri greiddan þeim til útrýmingar.

Svona menn eiga ekki að vera að tala um húsnæðismálin í þingsölunum, því að þeir hafa enga aðstöðu til þess. Þeirra skjöldur er ekki óflekkaður. Og það verður þó að síðustu að standa alveg hreint og skýrt, að núv. ríkisstj. hefur ákveðið, að ⅔ af stóreignaskattinum skuli renna til lánveitinga í húsnæðismálum. Miðað við, að þessi stóreignaskattur yrði 80 millj. kr., þá gátu þetta orðið rúmar 50 millj., en miðað við það, að hann verði aftur 135 millj. kr., eins og vonir standa nú til um, þá getur það orðið þannig, að það verði 90 millj. kr., sem fara til húsnæðismála fyrir bragðið.

Það er ekki hægt að koma því saman að kveinka sér undan því, að stóreignaskatturinn sé of hár, en að ⅔ hlutar af honum, sem eiga að fara til húsnæðismála, séu of lítil upphæð. Það er ekki heldur hægt að koma því saman. Ef áhuginn fyrir því að fá sem mest fé til húsnæðismálanna yfirgnæfir sársaukann yfir að verða að borga eitthvað í stóreignaskatt, þá á það að birtast í fögnuði yfir því, að húsnæðismálin fái 90 millj. kr. í staðinn fyrir 55, eins og gert var ráð fyrir. Þennan tekjustofn hafði húsnæðismálalöggjöfin alls ekki áður.

Þá var enn fremur ákveðið, eins og ég fyrr sagði, að 1% af tolltekjum ríkissjóðs skyldi fara til húsnæðismálanna samkvæmt þeirri löggjöf, sem sett var í fyrra. Þeim tekjustofni hafði löggjöfin, sem ríkisstj. Ólafs Thors gekk frá, ekki úr að spila heldur.

Og í þriðja lagi voru svo skyldusparnaðartekjurnar. Þær eru nýr tekjustofn, sem hefur verið aflað síðan.

Svo hefur ekki verið gengið út frá því, að neinu verði létt af bönkunum af því, sem bankarnir áttu áður að bera. Þetta þýðir, að það er að öllu leyti betur búið að fjárhagsmöguleikum til þess að leysa húsnæðismálin heldur en áður var. En þá koma þeir, sem höfðu ekki aflað neinna af þessum tekjustofnum og látið ríkissjóð leggja fram minna fé, og segja nú í einum kór: Þetta er allt saman of lítið, og nú fyrst er til skammar öll framkvæmd á þessum málum. — En í staðinn fyrir 3 milljónirnar, sem þeir lögðu fram til heilsuspillandi húsnæðis, eru þær nú 4, og það er allt saman verra þetta en áður var. Nei, svona lógik er ekki frambærileg fyrir alþm., því að þetta er hundalógik Sjálfstæðisflokksins.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 24. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það var nú ýmislegt, sem fram kom í ræðu hæstv. félmrh., þegar við síðast ræddum þetta mál, sem ég tel þörf á að leiðrétt yrði, en ég hef aðeins tíma til aths. og verð því að leiða það að mestu leyti hjá mér.

En það, sem ég vildi leyfa mér að gera stutta aths. um, er þetta, að hæstv. félmrh. staðhæfir enn, að ríkisstj. hafi efnt sín fyrirheit, eins og það er kallað, um lánveitingar til íbúðabygginga á árinu 1957, og vitnar í því sambandi til skýrslu sinnar í ríkisútvarpinu rétt fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í janúar s. l.

Við þetta hef ég tvennt að athuga: Í fyrsta lagi, að ríkisstj. lofaði við afgreiðslu húsnæðismálalöggjafarinnar á Alþ. í maí 1957, að hún mundi útvega 44 millj. kr. til íbúðalána, það sem eftir væri þá af árinu. Til viðbótar lofaði ríkisstj. fulltrúum verkalýðsfélaganna í október 40 millj. kr. til íbúðalána, og þetta voru loforð um 84 millj. kr. nýtt lánsfé, eins og ég hef áður tekið fram. Efndirnar eru þessar: Húsnæðismálastjórnin úthlutaði tvisvar á árinu 1957 eftir gildistöku nýju laganna samtals 20 millj. kr., 10 millj. í hvort skipti, í júlímánuði og nóvembermánuði. Þess skal þó getið, að 12 millj. var einnig úthlutað í júlí, en það var til að uppfylla áður gefið lánsloforð og þessu því óviðkomandi.

Þá er það skýrslugerð hæstv. félmrh. í ríkisútvarpinu í jan. s. l. um, að stjórnin hefði útvegað 52 millj. til íbúðalána. Þessi lánsútvegun, ef hún á að kallast því nafni, snertir vitaskuld ekki efndir á lánsloforðum vegna ársins 1957, því að ekkert af þessu fé kemur til útlána fyrr en á árinu 1958. Samt sem áður er fróðlegt að gera sér grein fyrir, hvers konar lánsútvegun þetta er, en hún sundurgreinist í þrennt: Í fyrsta lagi fyrirheit seðlabankans á gamlársdag um, að hann mundi útvega frá bönkum og sparisjóðum 22 millj. kr. Í öðru lagi bráðabirgðalán seðlabankans sjálfs, 25 millj. kr., og í þriðja lagi vaxtatekjur byggingarsjóðs, um 5 millj. kr. En þetta eru samtals 52 millj. kr. En vissulega eru ekki vaxtatekjurnar nein ný lánsútvegun, sem eru þó 5 millj. af þessu, og 25 millj. kr. frá seðlabankanum eru ekki heldur ný lánsútvegun, því að húsnæðismálastjórn varð — eins og ég benti á — að veðsetja bankanum væntanlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins af skyldusparnaði og stóreignaskatti, og endurgreiðist lánið, um leið og þessar tekjur falla til á árinu. Þetta tvennt — eða 30 millj. kr. af þessum 52 millj. kr. — er auðvitað engin útvegun nýs lánsfjár og allra síst til efnda á fyrirheitum um lánsfé á árinu 1957.

Þá vil ég til viðbótar þessu leyfa mér að gera stutta aths. vegna svigurmæla hæstv. félmrh. um það, að erfitt hafi reynzt — eins og hann orðaði það — að toga út úr mér — víst sem bankastjóra — og öðrum bönkum lánsfé til íbúðabygg-

inga. Um þetta vil ég aðeins segja þetta: Hinn 20. júní 1957 voru bankastjórar og sparisjóðsstjórar kvaddir á fund framkvæmdastjórnar seðlabankans og óskað fyrir hönd ríkisstj., að þessir aðilar tryggðu ákveðið lánsfé til íbúðabygginga á árinu í tilteknum hlutföllum. Þann 24. júní, eða 4 dögum síðar, var þessari málaleitun svarað játandi af hálfu Útvegsbankans, þar sem ég á hlut að máli, og innan bankastjórnarinnar enginn ágreiningur um það mál. Síðan var ekki við bankann rætt frekar fyrr en í desember, en þá hafði ríkisstj. loks aftur farið á stúfana með bréfi til seðlabankans þann 21. nóv., og það er eftirtektarvert í þessu sambandi, að það er fyrst 21. nóv., sem hæstv. ríkisstj. skrifar seðlabankanum að nýju á árinu 1957 með beiðni um að útvega meira lánsfé til íbúðabygginga, en það var í lok október, sem hún hét fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar eða verkalýðsstéttarinnar 40 millj. kr. nýju láni til íbúðabygginga og hefur þá samkv. þessu engin samráð haft við neina banka, áður en slíkt fyrirheit var gefið, ekki einu sinni seðlabankann, sem hefði þó staðið næst.

En hinni síðari beiðni um lán frá Útvegsbankanum, sem barst honum í desembermánuði, var hann búinn að svara fyrir sitt leyti fyrir áramót, að vísu með skilyrðum, en efnislega jákvætt, eins og raun hefur á orðið.

Hitt er svo annað mál, að mér hafa ofboðið vinnubrögð og háttalag hæstv. ríkisstj. í þessum vandasömu málum og alveg sérstaklega blekkingarnar og loforðagyllingarnar. Um það ritaði ég grein í Morgunblaðið þann 23. jan. s. l., eftir að félmrh. hafði flutt skýrslu sína í útvarpinu um efndir á loforðum ríkisstj. varðandi íbúðalánin, og þeirri grein lauk með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum endurtek ég aðvörun mína, að því miður horfir ískyggilega um lánsfjáröflun til íbúðabygginga. Það, sem veldur mestu þar um, er, að sparifjármyndun í landinu er því miður ekki eins mikil og skyldi. Viðskiptabankarnir geta ekki með sama lagi og verið hefur haldið áfram að festa fé sitt í 25 ára íbúðalánum nema með því að draga tilsvarandi úr lánveitingum til atvinnuveganna, en af því mundi enn verra hljótast. Þetta er mjög alvarlegt mál og áhyggjuefni hið mesta, þegar höfð er í huga hin brýna þörf fyrir aukið lánsfé. En engum er gerður greiði með því að gylla hlutina umfram það, sem efni standa til, hvað þá að gefa almenningi aftur og aftur tálvonir með loforðum og fyrirheitum, sem reynast haldlausar blekkingar."

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér varð ljósara nú en áður, að allt tal hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) um svik, sem hann nú nefndi vanefndir af hendi ríkisstj. í húsnæðismálunum, byggist á miklum misskilningi frá hans hendi. Hann er vafalaust ekki að fara þarna rangt með vísvitandi, heldur fer hann með þetta vegna misskilnings, og hann passar alltaf að setja inn á milli í frásögn sína orðið nýtt: nýjar upphæðir, ný loforð, en á því byggist allur hans misskilningur. Það, að verkalýðshreyfingin gekk eftir því, að áður gefin loforð væru efnd, stafaði af því, að það gekk afar seint að toga út úr bönkunum það fjármagn, sem byggt hafði verið á í þeirri löggjöf, sem sett var hér á síðasta þingi, að kæmi frá þeim og tryggingafélögum og opinberum sjóðum, og þá hertu verkalýðsfélögin á sínum kröfum, að þetta væri samt knúið fram, og var þannig verið að ganga eftir því, að áður gefin loforð væru efnd.

Og þá komum við að kjarna málsins: Hvernig hafa þau svo verið efnd?

Jú, það er bezt, að það komi skýrt í ljós, hverjar niðurstöðurnar eru. Síðasta árið, sem ríkisstj. Ólafs Thors fór með þessi mál, fóru alls í A- og B-lánum 34 millj. 559 þús. kr. til húsnæðismálanna í landinu samkv. þessari löggjöf. Nú hefur á árinu 1957 og það sem af er þessu ári, og því hefur hv. 5. þm. Reykv. haldið fram, að hafi öllu verið úthlutað í desembermánuði og janúarmánuði, sem sé kosningamánuðunum, eins og hann sagði, — en það sanna er, að þessi úthlutun á fénu, sem útvegað var á árinu 1957, stóð fram í marzmánuð, og var ekkert mér vitanlega breytt vinnubrögðum í húsnæðismálastjórn við að úthluta því, hún hélt áfram þennan fyrsta ársfjórðung ársins að úthluta þessu fé, og þá var það, sem hafði verið útvegað á árinu 1957, en var verið að úthluta allt fram í marzmánuð 1958, 65 millj. 436 þús. kr. Geta menn þá haft þær tölur, sem hér liggja fyrir um það, hvort minna hafi farið af fé til þessara mála nú eða hjá fyrrv. ríkisstj. Þetta er fyrsta heila árið hjá núverandi ríkisstj. Hitt, sem ég gat um áðan, 34 millj. 559 þús., var síðasta heila árið, sem fyrrv. stj. fór með þessi mál.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við ummæli, sem hér féllu, þegar þetta frv. var til umr. í hv. d.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) talaði um það, að frv. þeirra sjálfstæðismanna hefði ekki fengizt tekið fyrir af heilbr.- og félmn. Þessu er því til að svara, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, að í félmn. hafa verið haldnir mjög fáir fundir, og ég minnist þess ekki, að fulltrúar Sjálfstfl. í þessari n. hafi nokkurn tíma óskað eftir fundi í n., ekki einu sinni til þess að taka þetta mál þeirra fyrir.

Ég vil líka benda á það, að þetta er ekki neitt nýtt afbrigði hér í þingsögunni. Ég vil benda á það, að þegar fyrrv. stjórn fór hér með völd, varð að beita mjög hörðu, ef maður gat fengið tekið mál fyrir, sem búið var að vísa til 2. umr. Það var alveg undantekning, ef frv., sem stjórnarandstæðingar fluttu þá, fengust tekin fyrir og afgreidd, svo að það er ekki verið að fara hér inn á neinar nýjar leiðir.

Hitt vil ég svo taka fram sem mitt álit, að ég álít, að það sé sjálfsögð skylda allra nefnda þingsins að afgreiða þau mál, sem til þeirra er vísað, og það ætti að vera viðtekin regla að afgreiða málin, og það mun ekki standa á mér sem meðlim í þeim nefndum, sem ég er í, að leggja til, að þau mál, sem vísað er til nefndanna, hljóti viðunandi afgreiðslu.

Ég vil nú aðeins beina því til hv. 5. þm. Reykv., að ég minnist þess ekki, þegar hann var í stjórn-

araðstöðu, að hann stæði hér uppi í ræðustól og heimtaði, að mál, sem þá lágu óafgreidd hjá nefndum, væru tekin fyrir. Ég minnist þess ekki. Hitt skal fúslega viðurkennt, að þáverandi forseti Nd. tók oft fram, að hann óskaði eftir því, að mál væru afgreidd. En það vildi verða á því mjög mikill misbrestur, þannig að hér er ekki verið að innleiða neinar nýjar reglur. Ég held, að þetta hafi yfirleitt gilt á Alþingi undanfarin ár, að mál stjórnarandstöðunnar væru heldur látin víkja fyrir málum frá stjórnarsinnum og frá ríkisstj., svo að hér er ekki verið að innleiða, að ég held, neinar nýjar reglur. Hins vegar vil ég taka það enn fram, að það mun ekki standa á mér að afgreiða mál, hvorki frá Sjálfstfl. né öðrum. Ég er alveg tilbúinn til þess að leggja alveg eins með því, að þau verði felld, eins og hitt, að þau verði samþykkt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af síðustu ræðu hæstv. félmrh. Ég vildi leyfa mér að spyrja hann að því, hvort það hafi verið rétt skilið hjá mér, að loforðið til verkalýðsfélaganna, sem gefið var á s. l. hausti, hafi verið skilið svo af hans hendi sem ráðherra, að í því fælist ekki loforð um neitt nýtt fé til útlána á vegum veðlánakerfisins, heldur hafi með því loforði, sem þá var gefið um 40 millj., eingöngu verið ákveðið að úthluta fé, sem þegar hafi verið áður búið að gera ráð fyrir að yrði til ráðstöfunar. Ef þetta er réttur skilningur, virðist í þessu loforði til verkalýðsfélaganna ekki hafa falizt annað en það, að ríkisstj. lofaði að standa við áður gefið loforð, og fer þá að fara mesti glansinn af þessu, og hræddur er ég um það a. m. k., að sú skoðun hafi verið nokkuð mikið áberandi hjá fulltrúum verkalýðsins eftir þessar viðræður við ríkisstj., að þarna væri verið að gera eitthvert nýtt átak og að með þessu væri verið að veita alveg sérstök og ný hlunnindi á sviði húsnæðismálanna. Þetta teldi ég mjög æskilegt að kæmi skýrt fram frá hæstv. ráðh., því að það er gott, að það liggi ljóst fyrir, hvort þetta er réttur skilningur málsins eða ekki. Það er lærdómsríkt fyrir verkalýðsfélögin að vita, hvort það er rétt, að það, sem hér hafi gerzt, sé það eitt, að ríkisstj. hafi lofað að standa við áður gefin loforð, og það hafi þótt þeim tíðindum sæta, að það séu talin alveg sérstök hlunnindi að fá það staðfest.

Þá var annað atriði, sem ég vildi einnig fara fram á við hæstv. ráðh. að hann upplýsti hér. Hann var hér áðan að fara með tölur varðandi útlán úr veðlánakerfinu á s. l. ári og að því er mér skilst til þessa dags, sem hann færði allt á reikning ársins 1957. Ég hef að sjálfsögðu ekkert í höndum til að sannreyna, hvort þessar tölur eru réttar eða ekki. En í því sambandi langar mig til þess að biðja hann að upplýsa, hvort það sé ekki rétt, sem hér hefur áður verið frá skýrt í umræðunum, að þetta lánsfé hafi að töluverðu leyti fengizt á þann hátt að veðsetja væntanlegar tekjur veðlánakerfisins. Ef það er svo, þá er að sjálfsögðu ekki af neinu að miklast, jafnvel þó að þessu fé öllu hafi verið úthlutað, því að mér skilst, að niðurstaðan hljóti þá að verða sú ein, að það verði miklum mun minna til úthlutunar á árinu 1958. Teldi ég æskilegt, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst hér um þetta og þá að hve miklu leyti þetta fé er fengið með þessari aðferð, að veðsetja bönkunum fyrir fram þær tekjur, sem veðlánakerfið fær á þessu ári.

Þá vildi ég aðeins að lokum leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. sagði hér í umræðunum í næstsíðustu ræðu sinni, að fyrrv. ríkisstj. hefði vanefnt þau loforð, sem hún gaf, þegar lögin um húsnæðismálastjórn eða veðlán til húsabygginga fyrst voru sett. Þá var gert ráð fyrir því samkvæmt áætlun, sem fylgdi því frv., er það var lagt fram, að til ráðstöfunar yrðu til húsabygginga 100 millj. kr. á ári. Það liggja fyrir endanlegar upplýsingar um það frá Landsbanka Íslands, að á árinu 1955 hafi verið lánaðar til húsabygginga 100 millj. kr. rúmar og á árinu 1956 allmiklu meira, eða um 120 millj. kr. Af þessu er ljóst, að það hefur fyllilega verið staðið þegar á fyrstu árum þessa kerfis við þau fyrirheit, sem gefin voru. Það er svo allt annað mál, að eftir þær hömlur, sem verið höfðu á húsabyggingum, varð um miklu meiri framkvæmdir að ræða fyrstu árin, eftir að byggingafrelsi var veitt, heldur en gert hafði verið ráð fyrir að væru eðlilegar byggingarframkvæmdir á hverju ári. Þetta leiddi það af sér, að ekki var hægt að sinna öllum umsóknum, sem bárust. En það var alls ekki vegna þess, að ekki væri útvegað það fé, sem gert hafði verið ráð fyrir, heldur að umsóknirnar voru miklu meiri en ráðgert hafði verið. Þetta er í rauninni ekkert undarlegt, og það mátti gera ráð fyrir því, að með svipuðu áframhaldi mundi þetta smám saman jafna sig og eðlilegar byggingarframkvæmdir verða, eftir að hafði verið leyst úr þeim brýnu þörfum, sem þá voru, um stundarsakir. Þessi atvik eru því á engan hátt til þess að sanna neitt um það, að ekki hafi verið staðið við þau fyrirheit, sem fyrrverandi ríkisstj. gaf.

Þetta taldi ég aðeins rétt að kæmi hér fram, en þætti svo að öðru leyti fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vildi svara hér þeim tveim fsp., sem ég beindi til hans varðandi loforðið, sem verkalýðsfélögunum var gefið, og um það, að hve miklu leyti lánsfé nú hefði fengizt frá bönkunum með því að veðsetja tekjur bygginga- eða veðlánakerfisins fram í tímann.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er kunnugt, að þegar húsnæðismálalöggjöfin var sett, þá var í grg. látið í ljós, að það mundi verða af ríkisstj. reynt að tryggja, að bankar, sparisjóðir og tryggingafélög legðu til húsnæðismálanna á árinu 1957 eigi minni upphæð en 44 millj. kr. Þegar verkalýðsfélögin áttu í samningaviðræðum við ríkisstj., þá mun seðlabankinn um það bil hafa verið búinn að láta um 10 millj. kr. af þessari upphæð. Og á þeirri stundu var gefið loforð um það, að ríkisstj. mundi sjá um, að frá þeim tíma yrði aflað ekki minna en 40 millj. kr. til húsnæðismálanna, að það yrði undir öllum kringumstæðum 50 millj. Svona liggja málin fyrir, ef menn vilja taka þau eins og þau lágu, og það fer ekkert á milli mála, þetta hefur verið „kontrolerað“ alveg af verkalýðshreyfingunni og fulltrúum hennar og að öllu

leyti staðið við loforðið, eins og verkalýðshreyfingin sjálf skildi loforðið, sem gefið var. Það átti að útvega núna á síðustu mánuðum ársins 40 millj. kr. til húsnæðismálanna plús 12 millj. kr. til Búnaðarbanka Íslands, samtals 52 millj. kr., og þær voru útvegaðar. Það er ekki hægt að koma nokkurri tortryggni inn milli fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. um þetta, því að þetta var margsinnis „tékkað af" og lá skýrt fyrir, að sumir vildu fyrst halda því fram, að það hefði aðeins átt að útvega 40 millj. kr., þar af hefði átt að taka Búnaðarbankaframlagið, en það bar öllum saman um, að loforðið hefði verið gefið þannig, að 40 millj. yrðu að útvegast til húsnæðismálanna og 12 millj. við Búnaðarbankann, til þess að það lögbundna loforð gagnvart honum væri einnig efnt um áramót, og þannig voru útvegaðar 52 millj. kr.

Viðvíkjandi svo fsp. um, hvort það sé ekki rétt, að búið sé að veðsetja vegna þeirrar upphæðar, sem seðlabankinn snaraði út fyrir áramótin, nokkuð af tekjum ársins 1958, sem húsnæðismálastofnun ríkisins á þá í skyldusparnaði og sem sinn hluta af stóreignaskattinum, þá er það rétt. Nokkuð af þeim tekjum ársins 1958 er veðsett vegna fyrirgreiðslu seðlabankans. Þess vegna sagði ég hv. 5. þm. Reykv. það hér fyrr við umr., að það, hvað hægt er að útvega á árinu 1958 af nýju fé til húsnæðismálanna, er enn þá óséð, því að þar verðum við enn að knýja á hjá bönkunum með sama hætti og undanfarin ár.

Árið 1956 voru knúðar út úr bönkunum um 40 millj. Á árinu 1957 voru, að ég hygg, knúðar út úr þeim 62 millj. kr., að meðtöldu framlaginu til Búnaðarbankans. Og í ár verður áreiðanlega að knýja eitthvað á við bankana, vegna þess að svo mikið er enn þá óleyst í húsnæðismálum þjóðarinnar og það sérstaklega hér á Suðvesturlandinu, að það er ekki þrátt fyrir alla þörf á að draga úr fjárfestingu hægt að láta samdráttinn koma hastarlega niður á þessari framkvæmd, sem stendur svo mjög í miðjum klíðum eins og einmitt byggingarmálin hér. Og það hefur ákaflega mikið að segja, hvað bankastjórar Landsbanka og Útvegsbanka gera í þeim efnum, og þar skírskotaði ég til hv. 5. þm. Reykv., að hann yrði góður liðsmaður í þessum málum, af því að hann virðist vera mikill áhugamaður um það, að ekki dragi úr þeirri aðstoð, sem veitt sé til húsnæðismála.

Hv. 2. þm. Eyf. fullyrti, að lofað hefði verið áður 100 millj. kr. til húsnæðismála og það mætti sjá af skýrslum Landsbankans fyrir árið 1955, að þá hefðu farið 100 millj. kr. til húsnæðismála í landinu.

Ef við tökum það þannig að láta Landsbankann gefa skýrslu um það, hvað hafi farið mikið fé gegnum húsnæðismálakerfið, gegnum byggingu verkamannabústaða, gegnum þáverandi lög um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, gegnum þau framlög, sem allir sparisjóðir landsins hafa veitt til húsnæðismála, og hvað tryggingafélögin hafi líka veitt á sínum vegum beint til húsnæðismála og þá koma út 100 millj. kr., þá kann þetta að vera rétt, að það hafi farið alls 100 millj. kr. til húsnæðismála á árinu 1955. En við höfum ekki verið að gera upp málin þannig. Við höfum verið að gera upp, hvað hafi farið til húsnæðismála í báðum tilfellunum, árið 1955 og á árinu 1957 og það sem af er þessu í gegnum húsnæðismálastofnun ríkisins, og þá er ekki staðið við loforðin um 100 milljónirnar á árinu 1955, því að upphæðin í A- og B-lánum samtals á árinu 1955 er 34 millj. 559 þús. kr., ekki 100 millj. kr. Gert upp á sama hátt fyrir árið 1957, þ. e. a. s. það fé, sem þá var útvegað, — en ég hef áður upplýst einmitt, að úthlutun þess fjár, sem aflað var núna undir árslokin, stóð yfir samfellt frá því í nóvembermánuði og núna fram í marz, þá var búinn peningurinn og þá hafði verið úthlutað alls frá því í ársbyrjun 1957 og þangað til þessari úthlutun var lokið núna 65 millj. 436 þús. kr. Þá er ekki talið með framlagið til Búnaðarbanka Íslands, þá er ekki talið fram það fé, sem á að lánast út af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis eftir reglum húsnæðismálastjórnar, og þá er ekki heldur talið fram það fé, sem tryggingafélög eiga að úthluta í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar, og ekki heldur það fé, sem hefur verið lánað til húsnæðismála af sparisjóðum úti um landið. Hafi farið til þessara mála 100 millj. kr. alls 1955, þá efast ég ekkert um, að sú upphæð, sem hefur farið til þessara mála á árinu 1957, verður miklu, miklu hærri, þegar þeir reikningar koma frá Landsbankanum.

Hér höfum við aðeins verið að tala um á sambærilegum grundvelli það, sem farið hefur í gegnum veðlánakerfið og húsnæðismálastofnunina, gert upp á sambærilegan hátt, án þess að taka með það, sem fer til Búnaðarbankans í báðum tilfellunum, og án þess, sem fer gegnum sparisjóðina úti um landið, einnig í báðum tilfellunum.

Það var gert ráð fyrir því, þegar hafði verið gengið frá húsnæðismálalöggjöfinni í fyrra, að eigin tekjur byggingarsjóðs og húsnæðismálastofnunar yrðu um 43 millj. kr. Nú eru nokkrar vonir til þess, að skyldusparnaðurinn gefi meira en þá var reiknað með og að hluturinn ⅔ af stóreignaskattinum verði nokkru hærri upphæð en þá var líka reiknað með, og má því vænta, að húsnæðismálastofnunin fái nokkru meira fé á árinu 1958 en þá var áætlað. En það er búið að skerða með veðsetningu núna til seðlabankans nokkuð af tekjunum á þessu ári, og þess vegna segi ég það: Það er og verður mikil þörf á því að herja enn á bankana um, að þeir leggi vissa prósentu af aukningu sparifjárins á árinu 1958 til húsnæðismála, eins og þeir hafa verið látnir gera af fyrrv. ríkisstj. fyrir árin 1955 og 1956 og af núverandi ríkisstj. að því er snertir árið 1957. Og það vona ég, að nú fækki eitthvað miskliðarefnum okkar á milli um þessi mál og að tölurnar liggi nokkurn veginn skýrt fyrir, að í gegnum húsnæðismálastofnunina voru veittar 34 millj. kr. til húsnæðismála síðasta árið, sem fyrrv. ríkisstj. fór með þessi mál og fór með völd í landinu, og að því er snertir framlög til þessara sömu mála, gert upp á sama hátt á árinu 1957, þó tekið þannig, þangað til úthlutuninni, sem hófst fyrir áramótin, er lokið núna eftir febrúarlok, þá eru það 65 millj. 436 þús. kr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er rétt enn einu sinni að leiðrétta þann misskilning, sem enn verður vart hjá hæstv. félmrh., að af fyrrv. ríkisstj. hafi verið lofað, að 100 millj. kr. skyldu á ári vera til ráðstöfunar í gegnum veðlánakerfið. Slíku hefur aldrei verið lofað, og það ætti hæstv. ráðh. mætavel að vita, heldur var gengið út frá því í þeim áætlunum, sem lagðar voru til grundvallar till. fyrrv. ríkisstj. í húsnæðismálunum, að árlega yrði til ráðstöfunar og yrði veitt sem lán til íbúðabygginga eigi minna en 100 millj. kr. Höfuðatriði málsins er vitanlega það, hvaða upphæð er til ráðstöfunar til íbúðalána, en ekki það, hver veitir lánin. Það skiptir miklu minna máli og er að sjálfsögðu ekkert heppilegra, nema jafnvel síður sé, að lánin gangi endilega í gegnum húsnæðismálastjórnina, ef þessu fé raunverulega er varið til að bæta úr húsnæðisskorti í landinu. Þetta loforð var efnt og meira en það, og ég vil í því sambandi leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér lítinn kafla úr skýrslu hagfræðideildar Landsbankans um þetta efni. Þar segir svo:

„Lánveitingar úr veðdeildinni hófust 1. nóv. 1955, og á þeim 17 mánuðum, sem síðan eru liðnir, hafa A- og B-lán úr veðdeildinni numið 81 millj. kr. til rúmlega 1450 einstaklinga auk 24 millj. kr. til byggingarsjóðs. Hafa samningar og heildaráætlanir lánveitinga fullkomlega staðizt. Árið 1955 voru löng lán til íbúðabygginga rúmlega 100 millj. kr., en allt bendir til þess, að þau hafi verið um 120—130 millj. kr. á árinu 1956, en skýrslusöfnun um þau er enn ekki lokið. Mikið hefur líka áunnizt. Nú liggja að vísu enn," þ. e. a. s. þegar þessi skýrsla er gefin, „óafgreiddar 1800 umsóknir, en það er um 800 minna en í upphafi. Allmikill fjöldi þessara íbúða er skammt á veg kominn, en margir, sem umsóknir eiga, munu vafalaust geta bjargazt án lána úr veðlánakerfinu. Á undanförnum tveimur árum hefur fleiri íbúðum verið lokið en nokkru sinni fyrr. Árið 1955 var tala nýrra íbúða 1225, og 1956 reyndist hún allmiklu hærri, eða 1439. Það hefur m. ö. o. tekizt að byggja mun fleiri íbúðir en þurft hefði samkvæmt áætlun húsnæðismálastjórnar 1954, sem þó gerði ráð fyrir allmiklum byggingum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis."

Það liggur því alveg ljóst og ótvírætt fyrir, að staðið var fullkomlega við öll þau loforð og allar þær áætlanir, einnig um framlög banka og sparisjóða, sem gert var ráð fyrir af fyrrv. ríkisstj., þegar hún lagði fram sínar till., sem lögfestar voru hér á Alþingi.

Þessum málum var þá tekið af þáverandi stjórnarandstöðu og m. a. hæstv. núv. félmrh. mjög kuldalega og talið, að hér væri skammt farið, og eitt af aðalmálum hæstv. núv. ríkisstj. var að gera hér stórt átak til þess að bæta úr því, sem fyrrv. ríkisstj. hefði gert. Það hefði því mátt vænta þess, að það yrði um stórt stökk að ræða, þegar hæstv. núv. félmrh. fengi aðstöðu til þess að móta sína stefnu. Það hefur hann gert með lögum, sem sett voru hér á síðasta Alþingi, og framkvæmd þeirra laga er nú einnig að sjást.

Ég skal ekki fara lengra út í almennar umr. um þetta mál, en vil aðeins í tilefni af svörum hæstv. félmrh. við fsp. mínum áðan segja þetta: Mér skilst eftir orðum hans, að raunverulega hafi loforðið til verkalýðsfélaganna um 40 millj. kr. ekki falið í sér annað en það, að til úthlutunar yrðu á árinu 50 millj. í staðinn fyrir 44, þannig að þarna væri um að ræða 6 millj. kr. af nýju fé.

Þá var annað atriði, sem ég vildi mjög mælast til við hæstv. ráðh. að hann upplýsti hér með tölum í þinginu, en það er, hvað hefur verið veðsett mikið af tekjum veðlánakerfisins 1958 til þess að ná þeirri úthlutun, sem hann lýsti hér áðan að fram hefði farið á árinu 1957 og fram í marzmánuð í ár. Hann viðurkenndi í ræðu sinni, að töluvert mundi hafa verið veðsett, sem merkir þá, að hér er raunverulega ekki um neitt nýtt fé að ræða, heldur beinlínis umframeyðslu, sem hlýtur að draga dilk á eftir sér á þessu ári og minna fé þá verða til ráðstöfunar, nema einhverjar sérstakar ráðstafanir verði gerðar. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að upplýsa, hvað há upphæð þetta er, því að það hlýtur hann að vita, hvað mikil upphæð hefur raunverulega verið veðsett bönkunum gegn því, að þeir veittu þau bráðabirgðalán, sem þeir nú hafa veitt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég veit, að hv. 2. þm. Eyf. (MJ) virðir mér það til vorkunnar, þó að ég hafi ekki við höndina allar tölulegar upplýsingar, sem hann spyr um, á stundinni, og væri að því leyti betra, að hann bæri fram ákveðið formaða fsp. hér í þinginu um slíkar upplýsingar. En ég hef ekki legið á neinum þeim upplýsingum, sem ég hef haft nærtækar.

Það fór svo, að þegar hann fór að vitna í málgagn Landsbankans, þá kom þar fram orðalagið „allt benti til þess", það var nú orðalagið í skýrslu Landsbankans, að það hefði komið ekki minna út heldur en lofað hefði verið. Og hvers vegna er Landsbankanum jafnvel óhægt um vik að upplýsa, hve mikið fé hafi farið til húsnæðismála alls á landinu? Það er einfaldlega af því, að sparisjóðirnir úti um allt landið, sem skipta tugum, lána hver á sínu viðskiptasvæði m. a. til húsnæðismála, en venjulega í víxilformi, og það er ekki einn einasti aðili til, hvorki hagfræðideild Landsbankans né aðrir, sem getur gefið upp það örugglega, hvað af útlánum sparisjóðanna hafi farið beint til húsnæðismála og hvað ekki. Þetta eru allt saman áætlaðar tölur hjá Landsbankanum að því er þetta snertir, og það veit ég að hv. 2. þm. Eyf. verður að viðurkenna. Þess vegna hefði verið miklu betra, ef hv. sjálfstæðismenn hefðu ekki fundið, að þeir stóðu þar höllum fæti, að halda sér við, hvað hefur fyrir beinar aðgerðir fyrrv. ríkisstj. og núverandi ríkisstj. verið með sérstökum ráðstöfunum útvegað í gegnum veðlánakerfið hjá fyrrv. ríkisstj. og gegnum húsnæðismálastofnun ríkisins hjá núverandi ríkisstj. til húsnæðismála, því að það er það rekstrarfé, sem hefur verið útvegað. Sparisjóðirnir störfuðu á sínum grundvelli þá og gera það enn. En það er ákaflega erfitt að sýna, hvaða tölur það eru, sem þeir hafa lagt fram sem lánsupphæðir til húsnæðismála í báðum tilfellunum.

Hv. 2. þm. Eyf. vitnaði nú í málgagn Lands-

bankans, og ég bað hann að lána mér ritið. En það er þá Morgunblaðið. Ég sé ekki betur en þetta sé Morgunblaðið, og mér er það ekki alveg sama sönnunargagn, Morgunblaðið og hagtíðindi Landsbankans. Það hefur verið sagt, að það hafi tekizt stundum að ljúga á skemmri leið en frá Galíleu til Reykjavíkur, og það getur skolazt ýmislegt bara úr dálkum hagtíðinda Landsbankans og í Morgunblaðsdálk. En ég þarf ekkert að vefengja í þessu efni annað en þetta, að Magnús Jónsson, hv. 2. þm. Eyf., nefndi ekki eitt ár, þegar hann var að gefa sína viðmiðun, hann nefndi 17 mánuði eftir hagtíðindum Landsbankans og sagði þá, að allt benti til þess, að það hefði verið varið fyllilega 100 millj. kr., kannske upp í 120 millj., en það var áætlunarupphæð, svo að það var alls ekki hægt að tilgreina þar nákvæmar tölur. Það gerði Landsbankinn ekki heldur. En svo vék hv. 2. þm. Eyf. að því, að þegar ég hefði tekið við þessum málum, þá hefðu verið höfð í frammi orð um það, að nú yrði bætt úr, það yrði látið meira fé til húsnæðismála en áður, og það er þegar sannað mál, að það hefur verið gert. Það hefur verið breytt lögum um verkamannabústaði þannig, að framlög af hendi bæjarfélaga og sveitarfélaga hafa verið tvöfölduð síðan. Þar af leiðir, að framlag ríkissjóðs á móti þeirri tvöföldun hefur einnig verið tvöfaldað, og það er ekkert ómerkilegur þáttur í húsnæðismálunum, sem löggjöfin um verkamannabústaði innir af hendi.

Þá er það löggjöfin um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Þar hefur fjármagnið af hendi ríkisins verið aukið um 25%, hækkað úr 3 millj. kr. í 4 millj. kr., og útlánin á vegum húsnæðismálastofnunar ríkisins hafa stóraukizt frá því, sem var á árinu 1955, síðasta heila ári fyrrv. ríkisstj., að því er snertir hið almenna veðlánakerfi þá og starfsemi þess. Þetta þýðir allt saman, að í hverjum einasta þætti byggingarmálaframkvæmdanna hefur komið aukið fjármagn og þannig verið nokkuð bætt úr frá því, sem áður var. Hitt skal játað, að enn þá er verkefnið svo stórt, að það er ekki leyst til fulls, og margir umsækjendur bíða enn, en þó munu þeir vera heldur færri en þegar við var tekið. Það sýnir, að heldur vinnst í áttina, enda hefur fjármagnið til húsnæðismálanna verið aukið að því er snertir framlög til verkamannabústaða, að því er snertir framlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og að því er snertir fjárframlög gegnum húsnæðismálastofnun ríkisins, áður veðlánakerfið.

Ég þakka fyrir lánið á Morgunblaðinu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér datt í hug að koma hér hæstv. félmrh. nokkuð til liðsinnis, þar sem hann hefur ekki getað svarað fsp., sem beint var til hans um það, hve mikið af tekjum byggingarsjóðs ríkisins á þessu yfirstandandi ári, 1958, hafi þegar verið veðsett, því að það vill svo vel til, að ég hef einmitt upplýsingar um það eftir skýrslu, sem hæstv. félmrh. gaf sjálfur í ríkisútvarpinu í jan. s. l. Hann upplýsti þá, að seðlabankinn hefði lánað 10 millj kr. eða lofað 10 millj. kr. 3. des. og 15 millj. kr. þann 17. jan., eða 25 millj. kr. samtals. En þessum 25 millj. kr. var lofað með því skilyrði, að tekjur byggingarsjóðsins yrðu veðsettar og þetta lán yrði endurgreitt, jafnóðum og tekjurnar féllu til, annars vegar af skyldusparnaði og hins vegar af stóreignaskattinum. Þetta hélt ég nú að hæstv. félmrh. gæti munað, ef hann hefði viljað.

Þá er aðeins eitt atriði, sem ég skal að lokum víkja að, og það er það, að hæstv. félmrh. segir, að í gegnum veðlánakerfið, A- og B-lán, hafi verið veittar 34 millj. kr. í tíð fyrrv. ríkisstj., en núna hafi á s. l. ári, 1957, verið veittar 65 millj. kr. Hér skýtur ákaflega skökku við, og er alls ekki sambærilegt það, sem ráðh. vill bera saman, vegna þess að hann tekur annars vegar lánveitingarnar í A- og B-lánunum í tíð fyrrv. ríkisstj., en lánveitingarnar á árinu 1957 núna og það, sem verið er að úthluta eða lofa úthlutun á á árinu 1958. En mér er kunnugt um það og bað um upplýsingar um það hjá veðdeild Landsbankans í janúarmánuði s. l., að þá voru innan við 30 millj. kr. lánin, sem veitt höfðu verið frá veðdeildinni, A- og B-lánin í veðlánakerfinu, innan við 30 millj. kr., svo að jafnvel þótt þetta eitt sé borið saman, þá er þó minna veitt af slíkum lánum í tíð núverandi ríkisstj. en í tíð fyrrv. ríkisstj., sem hæstv. ráðh. vill þó gera nokkuð mikið úr, enda sést þetta á þeim tölum, sem hæstv. ráðh. sagði, — hann sagði 65 millj. kr., en gat þess líka, að þar í væri sú úthlutun, sem byrjað hefði fyrir áramót og haldið enn áfram. En í þessum 65 millj. kr. eru einmitt 25 millj. kr., sem eru veðsettar af væntanlegum tekjum byggingarsjóðs. Einnig eru þarna 5 millj. kr. vaxtatekjur einmitt, sem falla til af því fé, sem fyrrv. ríkisstj. var þegar búin að útvega, en það eru 30 millj. kr. Og ef þessar 30 millj. eru dregnar frá þessum 65 millj. kr., sem hæstv. ráðh. talaði um, þá verða þó ekki eftir þarna nema um 35 millj. kr. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hafði í janúarmánuði, þá munu lánveitingarnar í veðdeildinni í A- og B-lánum árið 1957 vera innan við 30 milljónir króna. En þetta er að sjálfsögðu allt saman hægt að upplýsa nánar og staðfesta síðar meir.

ATKVGR.
Brtt. 319.1 felld með 15:12 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 319,2.a felld með 14:13 atkv.
— 319,2.b felld með 15:12 atkv.
— 319,3 felld með 14:12 atkv.
2. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Brtt. 319,4 felld með 15:12 atkv.
— 297 samþ. með 14:9 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 319.5 felld með 13:11 atkv.
4. gr. samþ. með 15:8 atkv.
Brtt. 319,6.a felld með 13:12 atkv.
— 319,6.b felld með 14:12 atkv.
— 319,7 felld með 13:12 atkv.
5. gr. samþ. með 16:6 atkv.
6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 337).

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að koma hér inn í umr. um þetta mál, áður en þeim lýkur, nokkru fyllri upplýsingum, sem ég hef nú með höndum, um það, sem deilt var um hér við 2. umr., þ. e. a. s., hversu miklar lánveitingar hefðu verið á undanförnum árum til íbúðabygginga.

Það er að vísu svo, að menn töluðu um nokkuð sitt hvað í þessu sambandi, í fyrsta lagi, hversu lánveitingarnar eða löng lán til íbúðabygginga almennt hefðu verið mikil á undanförnum árum, og svo annars vegar, hversu miklar lánveitingar hefðu verið eingöngu gegnum hið almenna veðlánakerfi eða frá byggingarsjóði ríkisins. Og sérstaklega var það hæstv. félmrh., er lagði áherzlu á það, að þær skýrslur, sem fyrir lægju frá Landsbankanum um löng lán til íbúðabygginga almennt í landinu, væru að nokkru leyti áætlunarupphæðir, því að það væri naumast hægt að gera sér alveg glögga grein fyrir því út í æsar, hversu miklar þessar lánveitingar væru.

Við skulum segja það, að þær upplýsingar, sem Landsbankinn hefur gefið um þetta efni, séu að einhverju leyti áætlunarupphæðir. En það skiptir ekki öllu máli í þessu sambandi, og má láta það liggja á milli hluta. Um hitt á ekki að þurfa að deila, hve mikið lánsfé hefur farið um hendur hins almenna veðlánakerfis eða hve miklar lánveitingar hafa átt sér stað úr byggingarsjóði ríkisins eða hinu almenna veðlánakerfi, sem er nú eitt og hið sama, en heitir annað nú en áður hét, eins og hv. þm. er kunnugt um. Og þar sem því hefur einmitt verið haldið hér mjög á lofti, að sjálfstæðismenn, þegar þeir stóðu að ríkisstj., hafi mjög brugðizt fyrirheitum sínum um að afla fjár til hins almenna veðlánakerfis og snögg umskipti hafi orðið, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tók við, þá er rétt að leggja nú áherzlu á og taka eingöngu til samanburðar þær lánveitingar, sem fram hafa farið um þetta almenna veðlánakerfi eða frá byggingarsjóði ríkisins og við getum kallað A- og B-lán, og bera það saman, eins og það var áður og eins og það er nú. Ég hef hér fyrir framan mig upplýsingar um það, hvað veðdeild Landsbankans, sem annast afgreiðslu þessara mála, hefur afgreitt mikið af slíkum lánum, A- og B-lánum, frá því að hún var stofnuð.

Nú vil ég vekja athygli á því, að það er dálítið annað, þegar menn stundum tala um, að húsnæðismálastjórn hafi veitt svo og svo mikil lán, A-lán og B-lán, eða afgreiðslu lánanna, því að stundum liggur eitthvað á milli mála í veðdeildinni, — það er kannske búið að veita lánin frá húsnæðismálastjórn, og einhvern tiltekinn tíma getur þetta skipt einni eða tveimur millj. kr. eða því um líku, áður en búið er að afgreiða lánin. Þessu vek ég athygli á, svo að menn blandi ekki þessu saman, að þær tölur, sem ég fer núna með, eru yfir afgreidd A- og B-lán, frá því að húsnæðismálalöggjöfin var stofnsett 1955. Eins og kunnugt er, var gengið frá löggjöfinni í maímánuði það ár, en starfsemi veðlánakerfisins eða afgreiðsla lána hófst í nóvembermánuði árið 1955.

Ég vil þá gefa upplýsingar um það, að árið 1955, frá 2/11, þ. e. a. s. síðustu tvo mánuði ársins, voru afgreidd A- og B-lán frá veðdeildinni sem hér segir: A-lán 20 millj. 220 þús. kr., B-lán 7 millj. 214 þús. kr., eða þessa tvo mánuði 27 millj. 434 þús. kr. Síðan er árið 1956, og vil ég skipta því í tvennt, annars vegar til miðs árs, þegar kosningar fara fram og ný stjórn tekur við í júlímánuði, og hins vegar síðari hluta ársins. Fyrri hluta ársins 1956 eða til 30/6 eru afgreidd A-lán 29 millj. 545 þús. kr. og B-lán 12 millj. 520 þús. kr., eða á þessum sex fyrstu mánuðum ársins 1956, meðan fyrrverandi ríkisstj. sat enn að völdum, 42 millj. og 65 þús. kr. Síðari hluta ársins, eftir að núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, eru hins vegar afgreidd A-lán 14 millj. 485 þús., B-lán 7 millj. 105 þús., eða samtals 21 millj. 590 þús. kr. En samtals verður þetta á árinu 1956 um 63.6 millj. kr., sem afgreidd eru af þessum lánum. Þá er árið 1957, og það er árið allt í heild. Á því ári eru afgr. A-lán 26 millj. 647 þús. kr. og B-lán 19 millj. 23 þús. kr., eða samtals 45 millj. 670 þús. kr. Frá því að veðlánakerfið tók þess vegna til starfa eða byrjaði að afgreiða A- og B-lán þess í nóvembermánuði 1955 og til ársloka 1957 hafa samtals verið afgr. lán að upphæð 136 millj. 759 þús. kr.

Þegar á þessar tölur er litið, þá sést, að því fer svo fjarri, að nokkur aukning hafi orðið í lánveitingunum af A- og B-lánunum, eftir að hæstv. núv. ríkisstj. tók við, að þau eru miklu og verulega miklu minni, og legg ég áherzlu á þetta, vegna þess að þeir, sem nú hafa forustu þessara mála, voru ósparir á að gagnrýna fyrrv. ríkisstj. fyrir það, hversu skammt hún gengi í þeim málum að útvega lánsfé til íbúðabygginga. En niðurstöðurnar af þessum tölum sýna, að síðustu átta mánuðina, sem fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, þ. e. a. s. þá mánuði, sem afgreiðsla lána átti sér stað, frá því í byrjun nóvember 1955 og fram á mitt ár 1956, þá eru afgreidd lán úr veðlánakerfinu, A- og B-lán, á átta mánuðum að upphæð 69 millj. 499 þús. kr., en það samsvarar á hvern mánuð að meðaltali 8.7 millj. kr.

Ef hins vegar er tekinn seinni hluti ársins 1956 og allt árið 1957, sem er það tímabil, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum, — hún tók að vísu við völdum í lok júlímánaðar 1956, — eða þetta 18 mánaða tímabil, þá hafa á þeim átján mánuðum alls verið afgr. A- og B-lán að upphæð 67 millj. 260 þús. kr., eða að meðaltali á mánuð 3.7 millj. kr., — 3.7 millj. kr. að meðaltali á mánuði þetta síðara tímabil á móti 8.7 millj. kr. að meðaltali á mánuði hið fyrra tímabil.

Í þessu sambandi er auðvitað eins að gæta líka, að núv. hæstv. ríkisstj. byggir á því kerfi, sem búið var að koma á fót, og stendur því að langmestu leyti á þeim grundvelli, sem búið var að koma upp í þessum málum, áður en hún tók við. Mönnum var ljóst, þegar húsnæðismálalöggjöfin gekk í gildi 1955, að það þurfti auðvitað að halda áfram að vinna að endurbótum á henni, og fyrrv. hæstv. ríkisstj. sýndi það líka í verki með auknum framlögum til þessara mála, eins og ég hef áður gert grein fyrir hér, þegar ákveðið var að verja tilteknum upphæðum, eða 13 millj. kr. af tekjuafgangi eða greiðsluafgangi ríkissjóðs, fyrsta ár þessarar löggjafar einmitt til

íbúðalána. Það hvíldi þess vegna mjög þung skylda á herðum þeirra, sem við tóku, að halda áfram að bæta við húsnæðismálalöggjöfina og einkum og sér í lagi að vinna að því að útvega nægjanlega mikið lánsfé til þess að ljúka þeim byggingum, sem í smíðum voru, og ekki síst hvíldi sú skylda á herðum þeirra manna, sem mest höfðu fjargviðrazt yfir því, hversu slælega fyrrv. hæstv. ríkisstj. hefði gengið fram í þessu máli. En þær tölur, sem ég nú hef sýnt, sanna, að það hefur dregið úr þessum lánveitingum og það stórlega í tíð núverandi hæstv. ríkisstj.

Til viðbótar við það, sem ég nú hef sagt, vil ég svo gefa þær upplýsingar, að frá áramótum nú, 1957 og 1958, hafa verið afgr. A-lán að upphæð 15 millj. 404 þús. kr. og B-lán 18 millj. 665 þús. kr., eða um 34 millj. kr. á þessum þremur mánuðum þessa árs, og mun það vera ein mesta afgreiðsla lána, sem átt hefur sér stað á jafnskömmu tímabili. En það staðfestir það, sem ég sagði hér í upphafi og var að inna eftir: Hvað var úthlutað miklu einmitt í kosningamánuðinum fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar og afgr. af þessum lánum? Þá var uppi fótur og fit, og þá voru veðsettar væntanlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins, sem inn áttu að koma smám saman á árinu, bæði frá skyldusparnaði og af innheimtum stóreignaskatti, — þá voru veðsettar þessar tekjur til þess að geta úthlutað þessu í sambandi við kosningarnar. En þó að það sé búið að úthluta 34 millj. kr. fyrstu 3 mánuði þessa árs, þá er alveg óséð, hvað úthlutunin verður mikil, það sem eftir er af árinu, og það einkum og sér í lagi vegna þess, að það eru hvorki meira né minna en 25 millj. kr., sem veðsettar voru af væntanlegum tekjum byggingarsjóðs ríkisins.

Mér þótti rétt, áður en umr. lyki um þetta mál, að þessar upplýsingar kæmu fram, og auðvitað á ekki að þurfa að deila um hluti eins og þessa, því að um þá liggja á hverjum tíma fyrir nákvæmar skýrslur. Aðalatriðið er, að menn beri saman það, sem sambærilegt er, og hafi óyggjandi skýrslur um það frá þeim aðilum, sem fjalla um þessi mál, og fyrir því hef ég nú gert grein varðandi afgreiðslu A- og B-lána, frá því að húsnæðismálalöggjöfin var sett 1955.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér þykir hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) vera iðinn og þolinmóður við að lemja hausnum við steininn og alveg mesta furða, að það skuli ekki vera farið að sjá neitt á honum, því að hann er alltaf sífellt að reyna að telja sjálfum sér og öðrum trú um það, að meira fjármagn hafi farið til húsnæðismála fyrir opinbera tilstuðlan á þeim tíma, sem fyrrv. ríkisstj. fór með þessi mál, heldur en á þeim tíma, sem liðinn er, síðan núverandi ríkisstj. tók við yfirstjórn þessara mála. En þetta er þó alveg vonlaust verk, hvort sem maður lítur á heildarfjárveitingar til þessara mála eða það fjármagn, sem farið hefur í gegnum hið almenna veðlánakerfi í tíð fyrrv. stjórnar og svo aftur í gegnum húsnæðismálastofnun ríkisins, síðan núverandi stjórn tók við.

Ég vil enn einu sinni rifja upp, að til húsnæðismálanna hefur sú breyting orðið á um fjárveitingar, að fjárveitingar til verkamannabústaða hafa verið tvöfaldaðar, nákvæmlega tvöfaldaðar, breytt lögum á þann hátt, að framlög sveitarfélaganna hækkuðu um 100% og mótframlög ríkissjóðs þannig einnig á fjárlögum hækkuð um 100%, — að fjárframlög til útrýmingar heilsuspillandi húnæðis hafa á fjárl. verið hækkuð úr 3 millj. í tíð fyrrv. stjórnar og í 4 millj. nú. Um þetta er ekki heldur hægt að deila. Þar er aukning fjármagns um 25%. Og á síðasta þingi var gerð stórfelld breyting á lögunum um hið almenna veðlánakerfi og öllum tekjustofnum þeirrar löggjafar haldið, en nýir tekjustofnar, sem voru lögfestir, voru m. a. tekjur af skyldusparnaði ungmenna, væntanlegar tekjur af frjálsum sparnaði, 1% af tolltekjum ríkissjóðs og ⅝ af þá álögðum stóreignaskatti, sem nú hefur komið í ljós að er um 135 millj., og sá tekjustofn einn á því að nema á 10 ára tímabili um 90 millj. kr.

Þetta allt mundi sýna það nokkuð ljóslega, að það fær ekki staðizt og er ekki sannleikanum samkvæmt, þegar verið er að halda því fram, að eins mikið eða meira fjármagn hafi verið ætlað til þessara mála í tíð fyrrv. stjórnar og þeirrar núverandi. Það er, eins og ég áðan sagði, að lemja hausnum við steininn og ekkert annað að ætla að halda því fram og snúa þannig við staðreyndum, að hvítt verði svart og svart verði hvítt.

Ég tók eftir því í ræðu hv. 5. þm. Reykv. áðan, að hann ætlaði að sanna sitt mál með skýrslu frá veðdeild Landsbankans um það, hvað væri búið að afgr. af lánum út úr veðdeildinni, og tók þá fram, að það væri vitanlega ekki það sama og þegar upplýst væri, hvað væri búið að afgr. af lánum frá húsnæðismálastjórn. En það, sem gildi hefur og segir allan sannleikann í þessu máli, er auðvitað það, hvaða einstaklingum er búið að úthluta lánum og hvað miklar upphæðir samtals, því að það, sem ekki er búið að afgreiða frá veðdeildinni af þeim lánsloforðum, er í afgreiðslu og er verið að afgreiða þá af því fé, sem búið var að útvega til þessara mála. Það, sem segir brot af sannleikanum, er aftur það, þegar vitnað er í skýrslu í dag frá veðdeildinni, sem kann að vera þannig á vegi stödd, að hún sé ekki búin að afgreiða frá sér allar lánveitingarnar, og þeir menn, sem beita slíkum rökum til þess að blekkja, eru ekki vel á vegi staddir á grundvelli staðreyndanna. Það getur enginn maður dregið í efa, að undireins og veðdeildin getur afkastað því sinnar aðstöðu vegna, þá verða afgreidd þau lán öll saman, nákvæmlega eins og húsnæðismálastjórn hefur afgreitt þau, og þegar afgreiðslu er lokið á þeim lánum, sem veitt hafa verið, þá kemur út sama upphæð hjá veðdeildinni og hjá húsnæðismálastjórn ríkisins.

Húsnæðismálastofnunin hefur látið mér í té skýrslu yfir veitt A- og B-lán, frá því að sú starfsemi hófst samkvæmt hinu almenna veðlánakerfi á árinu 1955 og þangað til síðustu úthlutun þess fjár, sem síðast hafði verið útvegað, var lokið núna í marzmánuði, fyrr í þessum mánuði. Og ég hlýt að sýna það þolgæði Íslendingsins, eins og hv. 5. þm. Reykv., að margendurtaka þær tölur hér, til þess að það sé ekki farið hér með blekkingar sem síðasta orð í þessu máli.

Samkvæmt skýrslu húsnæðismálastjórnarinnar eru lánveitingarnar á árinu 1955 alls 34 millj. 559 þús. kr., þar af til Reykjavíkur 18 millj. 151 þús. Á árinu 1956 samtals 40 millj. 789 þús. kr., þar af í Reykjavík 20 millj. 419 þús. kr. Og svo á árinu 1957 samtals, að meðtalinni þeirri úthlutun í heild, sem hófst í síðari hluta nóvembermánaðar og endaði núna í byrjun þessa mánaðar, í marz, alls frá ársbyrjun 1957 og að ósundurgreindri þessari úthlutun, — ég tek skýrt fram, að það er að ósundurgreindri þeirri úthlutun, — 65 millj. 436 þús. kr. Þetta er sannleikurinn, hversu beiskur sem hann er hv. þm., en það er engin sundurgreining á þessu enn þá um áramót, því að úthlutunin var samfelld yfir þetta tímabil og það fé var allt saman útvegað á árinu 1957.

Ég get ekkert við því gert, að kosningar fóru fram á þessu tímabili, og það gat hv. þm. heldur ekki gert, það var bara samkvæmt lögum, og það var engin ástæða til þess að stöðva þessa starfsemi, þó að kosningar ættu að fara fram, enda var henni haldið áfram látlaust, eins og efni stóðu til, og úthlutunin ekkert rofin við þetta, heldur haldið áfram yfir þetta tímabil, þangað til peningarnir voru búnir, eins og alltaf endranær.

Þessar tölur sýna mér, og ég hygg, að þær sýni öllum hv. þm. það, að árið 1955 hefur til þessara mála að leggja samtals 34½ millj., 1956 hefur alls til þessara mála að leggja 40.7 millj. og á árinu 1957 og fyrstu tveimur mánuðum þessa árs, janúar og febrúar, er það 65 millj. 436 þús. kr.

Þetta er sannleikur þessa máls, og þegar við tökum saman alla þættina, verkamannabústaðina, útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og lánveitingar frá húsnæðismálastofnun ríkisins, þá eru hækkandi upphæðir á öllum þremur þáttum þessarar starfsemi og þar af leiðandi í heildinni meira fjármagn veitt til þessara mála en nokkru sinni fyrr.

Nú þykir mér leitt, að ég skuli ekki hafa hérna við höndina skýrslu nýkomna frá Framkvæmdabankanum, en hv. 5. þm. Reykv. hefur að henni aðgang eins og ég, en hún sýnir ótvírætt, að það hefur stórkostlega aukizt fjárfesting til íbúðarhúsa í Reykjavík á árinu 1957. Ég man ekki betur en það sé svo að nemi 30 millj. kr. frá árinu 1956.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég get hughreyst hæstv. félmrh. með því, að ég er ekkert farinn að lýjast enn þá á viðræðunum við hann um þessi mál, og ástæðurnar fyrir því eru þær, að ég þarf ekki annað að gera en fara með sannleikann í málinu. En hitt skil ég, að honum sé farið að þykja þessar umr. vera nokkuð langar, því að þeim, sem eru sí og æ að bregða fyrir sig blekkingunum, verður nefnilega stundum á að nota ekki sömu blekkingarnar í eitt skiptið eins og annað, og þannig kemst upp um strákinn Tuma. En verra er þó hitt, þegar hæstv. félmrh. stendur nú hér í ræðustólnum á Alþingi og les upp úr skýrslu frá húsnæðismálastjórn um það, hversu miklar lánveitingar hafi farið fram á hverju ári, síðan þessar lánveitingar hófust, og þegar hann kemur að árinu 1957, þá stendur í honum, og þegar hann er inntur eftir því: Er ekki sundurliðun til fyrir árið 1957, — nei, hún er engin til enn þá, sundurliðun fyrir 1957, heldur bara 1957 og svo áfram, þar sem byrjað var á í nóvembermánuði og fram til dagsins í dag, og það eru 65 millj. kr. En í þessari skýrslu, sem hæstv. ráðh. hafði sjálfur og ég hef hér afrit af, stendur árið 1957 alveg sundurliðað með 43 millj. 174 þús. kr. Síðan stendur 1958, frá áramótum og til 14/3, í þessari sömu skýrslu, það eru 22 millj. 262 þús. Af hverju þurfti hæstv. félmrh. að leggja þetta saman? Hann ber saman fyrri ár og nú. Hann getur þess aldrei, að þegar hann er að gera samanburð árið 1955, þá eru það lánveitingar, sem fram fóru á tveimur mánuðum þess árs, frá 2. nóv. og til áramóta, það voru 34 millj. 384 þús. kr., og það er reyndar rétt, að ég leiðrétti það, sem ég sagði áðan, að það mundu ekki í annan tíma hafa farið fram á skemmri tíma meiri lánveitingar en nú, vegna þess að ég sé það, að á árinu 1955 hefur á tveimur mánuðum verið úthlutað 34 millj. 384 þús., en ég gat þess áðan, að á 2½ mánuði þessa árs hefði verið úthlutað 34 millj. kr. Þetta er rétt að ég leiðrétti. En þessa skýrslu hefur hæstv. félmrh. á milli handanna og hér í ræðustólnum og les upp sundurliðun 1955, sundurliðun 1956, kemur að 1957 og stendur í honum, og hann segir: Sundurliðunin liggur ekki fyrir. En hún er í skýrslunni, og það eru 43 millj. 174 þús. kr., sem er úthlutað á þessu ári, 1957. Svo kemur árið 1958 með úthlutun til 14/3, 22 millj. 262 þús., en þá er líka, eins og ég sagði áðan, verið að úthluta því fé, sem í raun og veru fellur til á öllu árinu 1958. Það er orðið handbært fyrr núna, vegna þess að það er búið að veðsetja hinar væntanlegu tekjur með bráðabirgðaláni hjá seðlabankanum.

Þegar málstaðurinn er ekki of góður, þá verður kannske freistingin of mikil. En það er hörmulegt, að hæstv. félmrh. skyldi þurfa að falla fyrir þeirri miklu freistingu að hafa sjálfur á milli handanna sundurliðaða skýrslu frá ári til árs, en skrökva því svo að þingmönnum, að sundurliðun liggi ekki fyrir um áramótin 1957 og 1958 og þess vegna verði bara að taka það, sem gert hefur verið 1958, með líka.

En lítum svo betur á þessar tölur, sem hæstv. ráðh. hefur verið að fara með, og það má bera saman lánveitingar frá húsnæðismálastjórn annars vegar og svo afgreidd lán úr veðdeildinni. Ég sagði: Það er oftast nær mjög lítill munur á þessu, getur verið ein eða tvær millj. kr. Það er úthlutað 1955 úr húsnæðismálastjórn 34 millj. 384 þús. kr. Ég sagði áðan, að það ár eða tvo mánuði þess árs hefðu verið afgreiddar 27.4 millj. M. ö. o.: þarna eru 5—6 millj. kr., sem veðdeildin er ekki búin að afgreiða á þessu ári og flytjast þess vegna yfir á árið 1956.

Svo kemur hins vegar árið 1956. Þá gefur ráðh. upp eftir skýrslu húsnæðismálastjórnar, að úthlutað hafi verið 40 millj. 789 þús. Eftir því sem veðdeildin gefur upp, hefur hún af-

greitt lán þetta ár fyrir 63.5 millj. kr., en ráðh. segir, að það hafi bara verið úthlutað 40 millj. 789 þús. Þetta stafar af því, að hæstv. félmrh. gerir sér ekki grein fyrir því, að húsnæðismálastjórnin telur ekki í sinni lánveitingu þær 12 millj. kr., sem fara til byggingarsjóðs sveitanna, og þess vegna má bæta við þessar 40 millj. 24 millj. kr., sem hækka þetta upp í 64 millj. kr. eða næstum því nákvæmlega sömu upphæð og afgreidd lán eru þetta ár samkvæmt upplýsingum veðdeildarinnar, eða 63.5 millj. kr. Árið 1956 gefur húsnæðismálastjórn upp 40 millj., en það atvikaðist þannig, að 12 millj. frá árinu 1955 voru afgreiddar á fyrri hluta ársins 1956 og svo 12 millj. til byggingarsjóðsins fyrir árið 1956 síðari hluta þess árs. Þess vegna er afgreiðsla lána þarna 63.5 millj. kr., þegar húsnæðismálastjórn eftir upplýsingum ráðh. úthlutar aðeins 40 millj. kr., af því að í þessari tölu eru ekki þessar 12 millj. kr., sem árlega — á þessu ári tvisvar sinnum 12 millj. kr. — hafa farið til byggingarsjóðsins.

Svo kem ég að árinu 1957. Þar segir húsnæðismálastjórn, að hún hafi úthlutað 43.1 millj. kr. En ég gerði grein fyrir því, að afgreidd hefðu verið lán að upphæð 45.6 millj. kr. eða nær 45.7. Þarna er afgreiðsla lána heldur meiri en úthlutunin á árinu, og það er af því, að þarna er afgreitt á árinu það, sem úthlutað hefur verið á árinu áður, m. ö. o. það, sem ég sagði í upphafi, að það skiptir ákaflega litlu máli, hvort annars vegar er talað um úthlutun húsnæðismálastjórnar eða afgreiðslu lánanna, aðalatriðið, að maður bara haldi sig við annað hvort. Mér er alveg sama, við hvorar tölurnar við höldum okkur. Ég get haldið mig við, ef ráðh. vill heldur, lánveitingarnar, með þeim leiðréttingum, sem ég hef gert á þessari skýrslu og gerði grein fyrir áðan, eða hreint og beint skýrslu veðdeildarinnar um afgreiðslu lánanna, því að það er ekkert það, sem skiptir neinu höfuðmáli. En aðalatriðið er, að af A- og B-lánum hefur verið veitt minna lánsfé í tíð núv. hæstv. ríkisstj. en í tíð fyrrv. ríkisstj. og svo miklu minna, að ef þessu er deilt til jafnaðar niður á mánuði, þá verður úthlutunin í tíð fyrrv. stjórnar til íbúðalána í gegnum veðlánakerfið eða A- og B-lána 8.7 millj. kr. á mánuði, en 3.7 millj. kr. í tíð núv. hæstv. ríkisstj. til s. l. áramóta.

Hæstv. félmrh. var svo að tala um, að það hefðu verið aukin framlög til verkamannabústaða. Um það vorum við ekkert að deila. Við vorum ekkert að deila um það, hvort aukin hefðu verið framlög til verkamannabústaða. En hann leiddi sjálfur umr. við 2. umr. þessa máls inn á það, að rétt væri að halda sér hreinlega við úthlutunina á A- og B-lánunum, en ekki á lánunum almennt. Mér þykir líka mjög líklegt, að almennt hafi fjárfestingin aukizt, eins og hann sagði að skýrslur Framkvæmdabankans bæru með sér, á árinu 1957, frá 1956, og það er eðlilegt. Þegar búið er að stofna til svo mikilla bygginga, þá heldur þetta áfram og verður ekki stöðvað. Byggingarnar ganga að vísu hægar en margur mundi óska, en samt sem áður, þegar svo miklar framkvæmdir eru komnar í gang, þá hljóta þær að halda áfram og auka á sig, meðan jafnmiklu er ólokið og raun ber vitni um enn, eða fjárfestingin hlýtur þá að auka á sig.

Hæstv. ráðh. sagði: Það var líka meiru varið til heilsuspillandi húsnæðis í tíð núv. hæstv. ríkisstj. heldur en í tíð fyrrv. stjórnar. Hún ákvað 3 millj. kr. til þessa, núv. ríkisstj. 4 millj. — Ég er búinn að vekja athygli hæstv. ráðh. á því áður, þótt hann berji höfðinu við steininn, að í húsnæðismálalöggjöfinni frá 1955 voru framlög ríkissjóðs til heilsuspillandi húsnæðis 3 millj. kr., en þó með þeirri grundvallarreglu, sem þar var fram sett, að það skyldi vera jafnt framlag ríkis og bæjarfélaga, en þá var ekki í upphafi sýnt, hversu mikið átak bæjarfélaganna skyldi vera í þessu. Það kom strax í ljós, að alveg sér í lagi Reykjavík var með svo mikið átak í þessu máli, að það varð að stórauka þetta til þess að geta uppfyllt meginregluna, að ríkissjóðsframlagið væri til jafns við framlag bæjar- og sveitarfélaganna, og strax og þetta lá fyrir, jók hæstv. fyrrv. ríkisstj. framlögin til heilsuspillandi húsnæðis af tekjuafgangi ársins 1955, fyrsta ársins, sem húsnæðismálalöggjöfin var í framkvæmd. Það er þess vegna ekki rétt, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi aðeins staðið að 3 millj. kr., heldur strax á árinu 1956 veitti hún 13 millj. kr. af tekjuafganginum 1955 til íbúðalána, annars vegar A- og B-lána og hins vegar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, eftir samkomulagi, sem ákveðið mun hafa verið milli ríkisstj. og þáverandi húsnæðismálastjórnar.

Það fær þess vegna ekki staðizt, að hér hafi eitthvað hækkað um 20% frá aðgerðum síðustu ríkisstj. og þar til þessi núv. hæstv. ríkisstj. tók við.

Svo segir hæstv. ráðh., að öllum tekjustofnum hafi verið haldið í húsnæðismálalöggjöfinni nú frá því, sem síðast var, og nokkru bætt við. Rétt er það. En tekjustofnarnir, sem mestu máli skipta, voru aldrei í húsnæðismálalöggjöfinni og eru ekki enn í henni. Það voru engin ákvæði í löggjöfinni um það, hvað bankarnir eða sparisjóðirnir mundu leggja til húsnæðismálalöggjafarinnar í A- og B-lánum. Það grundvallaðist á samkomulagi, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. gerði við þessa aðila, og hefur aftur grundvallazt á samkomulagi, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert við þessa aðila, en þetta var ekki í löggjöfinni. En auðvitað er á það að líta, að þessir tekjustofnar reyndust ekki eins miklir á s. l. ári og áður var, því að það mun ekki hafa tekizt að útvega frá bönkum og sparisjóðum á s. l. ári nema hluta af því, sem upphaflega var til stofnað, eða af þeim 44 millj. kr., sem ráðgerðar voru, því að í júnímánuði fór seðlabankinn fram á það, að bankarnir og sparisjóðirnir legðu fram 22 millj. kr. Ég hef gert grein fyrir því áður, að sá banki, sem ég er í, féllst strax á þetta og lofaði sínu framlagi þá. En mér er kunnugt um, að seðlabankinn átti í nokkru stríði með að fá framlög frá öðrum bönkum og sparisjóðum og fékk alls ekki frá sumum til uppfyllingar á þessum 22 millj. kr. Hitt er svo annað mál, að síðan var

ekkert gert í þessu, að biðja um 22 millj. til viðbótar til þess að uppfylla loforðið 44 millj., fyrr en undir áramót. Það var ekki talað við bankana fyrr en í desember, og áreiðanlega hefur enginn tími unnizt til þess að tala þá við sparisjóðina, og það var ekki fyrr en á gamlársdag, sem þrír bankarnir hér, Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, gáfu seðlabankanum fyrirheit um það, að þeir vildu fyrir sitt leyti standa við að leggja fram hluta af þessum 22 millj. kr., hluta af þeim, ekki nema brot af þeim þá þegar og í heild ekki meira en 60%, svo að þessi mikilvægi tekjustofn hefur þess vegna í reyndinni orðið minni 1957 en áður var og flyzt fram á árið 1958, að svo miklu leyti sem loforð liggja fyrir um þetta. Og það er m. a. skýring á því, að lánveitingarnar eru minni á árinu 1957 en ella hefði verið, og það er mjög áberandi, að það eru afgreidd lán og einnig lofuð lán eða veitt lán frá húsnæðismálastjórn á árinu 1956, afgreidd lán 63.5 millj. kr. og lofuð lán um 64 millj. kr., það er sama, hvort heldur maður tekur, en á árinu 1957 afgr. veðdeildin ekki nema 45.6 millj. eða 45.7 millj. kr. af A- og B-lánum.

Það þýðir þess vegna í fyrsta lagi lítið að vera að tala um, að eitt eða annað hafi verið gert. Það, sem auðvitað sker úr, er það, hve mikið er afgreitt af lánum, hvað fær fólkið mikið lánsfé. Ef maður er að bera eitthvað saman algerlega í upphafi, þá getur maður tekið þær tölur, hvað veitt er af lánum, og það tekur kannske nokkrar vikur að afgreiða lánin. En þegar til lengdar lætur, þá verður auðvitað heilladrýgst og sanni næst að taka bara það, hve mikið er afgr. af íbúðalánum af þessu tagi, sem verið er að tala um. Annars, eins og ég hef bent á, þá skiptir það ekki í þessu sambandi miklu máli. En hæstv. félmrh. er bæði nú og við 2. umr. margsinnis búinn að stagast á því og reyna að gefa í skyn, að það hafi á árinu 1957 verið úthlutað 65 millj. kr. til íbúðalána, A- og B-lána, og þar af leiðandi miklu meira en nokkru sinni áður, en hefur svo í höndunum, er staðinn að því að hafa í höndunum skýrslu, sem segir, að úthlutað var þetta ár 43 millj. kr. og úthlutað hefur verið á árinu 1958 22 millj. kr., ári veðsetninganna á tekjum byggingarsjóðsins. En freistingin var svo mikil, að hann stóðst hana ekki og lagði þetta saman, bæði við 2. umr. og nú hér við 3. umr., og sagði, þegar ég kallaði fram í fyrir honum, að sundurgreining á þessu lægi ekki enn þá fyrir.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það má nú segja, að leikurinn berist víða um völlinn, þegar hv. 5. þm. Reykv. fyrr í þessum umr. fór að reyna að áætla, hvaða heildarfjármagn mundi hafa farið til húsnæðismála í öllu landinu að öllum leiðum, en nú vill hann endilega halda sér eingöngu við það, sem hefur farið í gegnum húsnæðismálastofnun ríkisins. Þegar hann vildi halda umr. á hinum fyrri grundvellinum, þá var honum bent á, að Landsbankinn gæti meira að segja ekki gert neina nákvæma áætlun um það, hvað hefði farið til húsnæðismálanna í heild, því að þar yrði hann að reikna með áætlunartölu um *alla lánastarfsemi sparisjóðanna*, sparisjóðalánin til íbúðamála væru víðast hvar í víxilformi og það væri mjög óhægt um vik að aðgreina þau lán í sundur, hvað af þeim hefði farið til húsnæðismála og hvað til annarrar lánastarfsemi í víxilformi. Nú fellst hann á, að það sé kannske ekki neinn aðili í landinu, sem geti gefið alveg nákvæma tölu um þetta, og þá skulum við hafa það loksins fyrir satt, því að það hefur það verið frá öndverðu. Hitt vill hann ekki heldur vefengja, að það sé búið að auka fjárframlög af hendi ríkisins, bæði til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til verkamannabústaða, enda er það engum manni fært. Í þriðja lagi getur hann ekki heldur vefengt það, að ýmiss konar fjáröflun var höfð í frammi og lögfest með húsnæðismálalöggjöfinni á síðasta þingi og þar jafnvel hinir stærstu tekjustofnar lögfestir og þó haldið öllum sömu leiðum opnum um fjáröflun til þessara mála og áður hafði verið gert, þ. á m. að leita til banka og sparisjóða og tryggingastofnana eins og áður, enda er það margskjalfest, að hinar sömu kröfur hafa verið gerðar allt fram til þessa til seðlabankans um útvegun fjár frá bönkum og sparisjóðum og opinberum tryggingastofnunum og tryggingafélögum. Öll járn eru því höfð í eldinum í þessum málum, sem áður voru höfð, og þó nokkuð mörg önnur.

Ég tel ástæðulaust að endurnýja enn þá upprifjun á þeim skýrslum, sem ég vitnaði í áðan. En þegar hv. 5. þm. Reykv. hefur það við orð, að ég skrökvi og fari ekki rétt með þær tölur, sem liggja fyrir framan mig, þá vil ég til frekari áréttingar minu máli segja honum það, að hann fer með hæpnar tölur og hann stingur undir stól vitneskju, sem gefin er í þeirri skýrslu, sem hann hefur fyrir framan sig, þegar hann vill aðgreina nákvæmlega í sundur árið 1957 og 1958 núna s. l. áramót, því að í þeim blöðum, sem ég hygg að hann hafi haft fyrir framan sig, stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess skal getið, að skilin á milli áranna 1957 og 1958 eru ekki glögg, því að segja má, að sama úthlutun hafi staðið yfir frá því í nóvember og þangað til í marz."

Las hann þetta upp, hv. þm.? Nei. Þar segir einmitt frá því, að það sé ekki til nákvæmur talnagrundvöllur um skil milli áranna 1957 og 1958 og það hafi verið samfelld úthlutun frá því í nóvembermánuði og þangað til í byrjun marz, nákvæmlega eins og ég var búinn að segja. Einasta talan, sem við höfum því í heild nákvæmlega til að halda okkur við, er það, að frá 1. jan. 1957 og fram til þessa tíma, sem við erum nú að ræðast við um, hafi verið veittar í lánum rúmar 65 millj. kr. Það hefur enginn misskilningur eða ruglingur átt sér stað í sambandi við það, hvort 12 millj. til Búnaðarbanka Íslands væru taldar með eða ekki. Ég hef margsinnis í þessum umr. skýrt frá því, að þær tölur, sem ég hef nefnt, eru að frádregnum þeim 12 millj., sem áttu að fara á hverju

ári og hafa farið á hverju ári til Búnaðarbankans. Þær bætast því við allar mínar tölur, og hækkar þannig talan alveg eins fyrir árið 1957 og hin árin um 12 millj. kr. að því er það snertir, það gerir engan mismun. En hitt er rétt að taka svo enn fram og bæta enn við, að það vantar í viðbót við þær tölur, sem ég gaf upp núna fyrir árið 1957 og fram til þessa dags, að geta þess, að auk þess er gert ráð fyrir, að tryggingafélög úthluti 4 millj. kr. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis 2.5 millj. kr. í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar og með hennar staðfestingu. Þær tölur, sem ég hef nefnt fram að þessu, eru því of lágar a. m. k. sem nemur 6.5 millj. kr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi gera athugasemd við það, að hæstv. ráðh. telur, að ég hafi stungið einhverjum upplýsingum undir stól, vegna þess að það standi í þessari skýrslu frá húsnæðismálastjórn, eins og hann las: „Þess skal getið, að skilin milli áranna 1957 og 1958 eru ekki glögg, því að segja má, að sama úthlutunin hafi staðið yfir frá því í nóvember og þangað til í marz.“ Segjum, að það séu ekki glögg skilin 1957 og 1958, af því að úthlutun hafi staðið yfir. En getur ekki staðið svona yfir við önnur áramót, að úthlutun hafi farið fram um áramót og eftir áramót? Það, sem sker úr í þessu sambandi, er það, að hér liggur fyrir sundurliðun fyrir árið 1957, alveg glögg sundurliðun, sem hæstv. ráðh. hafði fyrir framan sig. Samkvæmt sundurliðun húsnæðismálastjórnar þá er úthlutunin fyrir 1957 23 millj. 140 þús., og samkvæmt skýrslunni er svo úthlutunin frá áramótum til 14/3 22 millj. 262 þús. Það liggur alveg skýrt fyrir frá húsnæðismálastjórninni sjálfri sundurliðun fyrir árin 1957 og 1958, og skiptir í þessu sambandi engu það, sem sagt er síðar um þessar tölur, að skilin séu óglögg á milli 1957 og 1958, vegna þess að mennirnir hafi setið að við úthlutunina fyrir áramót og eftir áramót. Til þess að bíta höfuðið af skömminni kemur ráðh. og segir: Og það eru meira að segja enn of lágar tölurnar hjá mér fyrir árið 1957, vegna þess að það stendur líka í þessari skýrslu, að það er gert ráð fyrir því, að tryggingafélögin muni lána einhverja upphæð og Sparisjóður Reykjavíkur muni lána einhverja upphæð. — Kemur það þá á skýrslugerð 1957, sem nú er gert ráð fyrir að þessir aðilar kunni að veita af lánum? Auðvitað kemur það í lánsúthlutuninni og lánveitingunum og afgreiðslu lánanna 1958.

Það þýðir ekki að halda áfram að berja svona stöðugt höfðinu við steininn. Hæstv. ráðh. er staðinn að því að hafa sagt hér í ræðustólnum, að hann hefði ekki grg. um árið 1957, þegar hann hefur sundurliðaða mjög nákvæma grg. fyrir árið 1957, svo nákvæma, að ný lán árið 1957 eru talin 777, A-lán 17 millj. 505 þús., B-lán 10 millj. 651 þús., eða alls 28 millj. 156 þús. Viðbótarlán eru talin 479, í A-lánum 4 millj. 967 þús., í B-lánum 7 millj. 473 þús., eða 12 millj. 440 þús., og önnur lán 1957 1 millj. 535 þús. í A-lánum og í B-lánum 1 millj. og 43 þús., eða samtals 2 millj. 578 þús. Samtals er þetta í A-lánum 24 millj. og 7 þús., B-lánum 19 millj. 167 þús. — og samtals 43 millj. 174 þús. Svo er meira að segja viðbótarsundurliðun á þessu, og það er, hvað hafi farið mikið af þessum lánum til Reykjavíkur, *ný lán og viðbótarlán og önnur lán, mjög* greinargóð sundurliðun, ekkert óðruvísi fyrir árið 1957 en fyrir árið 1956 og fyrir árið 1955.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það var vegna þess, að hæstv. félmrh. minntist hér á, að ekki væri talið með í úthlutunum lána 1957 það, sem Sparisjóður Reykjavíkur hefði fallizt á að lána af A- og B-lánum. Þar sem ég er í stjórn þessa sparisjóðs, vil ég staðfesta það, sem kom raunar fram hjá samþingismanni mínum, hv. 5. þm. Reykv., að þetta fé verður tekið af því fé, sem til ráðstöfunar er 1958. Sparisjóðurinn hafði ekki, eftir að til hans var leitað og saman gekk, fé til þess að lána í þessu skyni á árinu 1957 eða af því fé, sem þá var til ráðstöfunar. Sjóðurinn hefur meira að segja ekki enn safnað sér svo miklu fé, að hann treysti sér til að láta þetta fé af höndum, eins og hingað til hefur staðið. Við skulum vona, að það verði, og ekki mun standa á stjórn hans að framkvæma það samkomulag, sem raunar hefur þó ekki formlega eða til fulls náðst enn þá, en sparisjóðurinn hefur vilja til að gera af sinni hálfu, ef fallizt verður á þau skilyrði, sem hann hefur sett. Og ég vil leggja áherzlu á það, að af hálfu seðlabankans liggur ekki enn þá fyrir samþykki á þeim skilyrðum, sem sparisjóðurinn hafði ráðgert. En hvað sem því líður, ef úr þessu verður, og ég vona, að úr því geti orðið, þá hlýtur alveg að sama skapi að draga úr öðrum lánveitingum sjóðsins. Hann hefur þá þeim mun minna fé til að lána í húsbyggingar hér í bænum á árinu 1958. Það er þess vegna gersamlega út í bláinn að telja þær lánveitingar með fyrir árið 1957. En vegna þess að það samkomulag, sem um hefur verið talað, er alveg innan þess ramma, sem sparisjóðurinn hefur sett sér fyrir sínum lánveitingum, þá vonumst við til, að úr samkomulaginu geti orðið. En það eykur ekki um einn eyri það fé, sem raunverulega verður lánað til húsbygginga, allra sízt að það auki héðan af við það, sem lánað verður 1957. Slíkt er of fjarstætt til þess, að eyða þurfi orðum að því.

Hæstv. félmrh. ruglaði því að öðru leyti saman, að það væri sama úthlutunarhrota, sem hjá húsnæðismálastjórn hefði staðið frá því í nóvember og þangað til í marz, og því væri erfitt eða ómögulegt að greina þarna á milli. Það væri skiljanlegt, að hæstv. félmrh. vildi telja þessi lán, sem veitt hafa verið eftir áramótin, til 1957, ef þau væru veitt af fé, sem aflað var á árinu 1957. En það er einmitt það, sem ekki var gert. Það má vera, að hæstv. félmrh. hafi samið við bankana um þetta fé á árinu 1957. En þegar hann samdi um þá fjáröflun, þá varð að veðsetja tekjur húsnæðismálastjórnar á árinu 1958. Það eru því raunverulegar

tekjur á árinu 1958, sem er verið að úthluta á árinu 1958, og þess vegna gersamlega út í bláinn og fullkominn misskilningur af hæstv. ráðh., ef hann leyfir sér að telja það til ársins 1957. Þetta er auðsætt, og ég skil ekki, að hæstv. félmrh. skuli ekki sjá þetta sjálfur. En hans málstaður er með þeim hætti, að hann vill loka augunum fyrir því, sem raunverulega hefur gerzt. Má segja, að ekki taki því að vera að ítreka það frekar, svo glöggt sem hv. 5. þm. Reykv. hefur sýnt fram á það, en ég varð þó að þessu að víkja, úr því að hæstv. félmrh. fór hér að blanda inn í úthlutanir 1957 lánum frá Sparisjóði Reykjavíkur af hans fé 1958.

Eins er það alveg út í bláinn, þegar hæstv. félmrh. segir, að vegna þess að það hefur verið aflað nýrra tekjustofna með þeirri húsnæðismálalöggjöf, sem hann beitti sér fyrir, þá hljóti nú að vera meira fé fyrir hendi en var eftir gömlu húsnæðismálalöggjöfinni. Hér hefur reynslan skorið úr og sýnt, að því miður er það ekki, því fer svo fjarri, að það sé meira fé fyrir hendi, að það er minna fé fyrir hendi. Og skýringin er einfaldlega sú, að sparifjársöfnunin í landinu hefur minnkað. Sú frjálsa lánaútvegun, sem átti að fara fram í gegnum húsnæðismálastjórnina eða þá stofnun, hefur þess vegna dregizt saman meira en sem nemur þeim föstu tekjustofnum, sem hæstv. félmrh. er að hæla sér af. Og hann var meira að segja í fyrra svo hræddur við samdrátt sparifjársöfnunarinnar, að hann til þess að vega þar upp á móti fékk lögfesta skyldufjársöfnunina. Það getur vel verið, að þetta og annað, þegar tímar líði, vegi upp á móti þeim ófagnaði, sem hæstv. félmrh. og hans félagar hafa gert í fjármálum landsins, en enn er reynslan sú og hennar ótvíræði úrskurður, að fjármagnið hefur dregizt saman, af því að fólkið er ekki jafnfúst að leggja fé til hliðar, síðan núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, eins og var á árunum 1954, 1955 og fram á mitt ár 1956. Þar af kemur, að þó að reynt hafi verið að vega upp á móti þessu með ýmiss konar þvingunarráðstöfunum, þá hefur hér sannazt sem oft ella, að frelsið er þvinguninni miklu sterkara, að það var miklu eðlilegra og heillaríkara að láta fólkið hafa traust á fjármálakerfinu heldur en ætla að reyna að fara að pína það til þess að leggja fram fé til þeirra manna, sem það treystir ekki og hefur fullkomlega réttmæta ástæðu að hafa vantrú til. Þetta er skýringin, þetta er erfiðleikinn, sem hæstv. félmrh. hefur við að etja.

Svo get ég víst ekki gert annað en benda á það neyðarkall hæstv. félmrh., þegar hann sagði hér: Ekki gat ég gert að því, að það áttu að fara fram bæjarstjórnarkosningar í jan. s. l. — Það er auðheyrt, að hann hefur fengið að heyra ásakanir út af því, hvernig þær fóru, en hefur það eitt sér til afsökunar, að þær hafi verið lögbundnar, svo að hann hafi ekki getað undan þeim skotið sér.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það bregzt aldrei, að þegar einhver af flokksmönnum hv. 1. þm. Reykv. verður sér til minnkunar í þingsölunum, þá finnur þessi góði forustumaður þingflokks sjálfstæðismanna hvöt hjá sér til þess að koma honum til hjálpar. Þetta er sjálfsagt hans skylda, enda lét hann nú ekki á sér standa að koma hv. 5. þm. Reykv. til hjálpar, enda var þess engin vanþörf, og það fann hann, og ég er honum alveg sammála um það.

Meðverkandi ástæður til þess, að hann kom nú í ræðustólinn, voru þær, að það var minnzt á lánastofnun hér í bæ, Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, sem gerir hvort tveggja að kaupa húseignir af mönnum hér í bænum og að lána út á húseignir í bænum. Það er bezt að víkja þá nokkrum orðum að þessari lánastofnun.

Seðlabankinn hafði tekið það að sér að leitast eftir því við banka og sparisjóði og tryggingafélög að leggja ákveðinn hundraðshluta af aukningu sparifjár í hverri stofnun til lánastarfsemi í húsnæðismálum, og vitanlega leitaði seðlabankinn, þegar samningar voru hafnir við hann eins og undanfarin ár um þessa fjárútvegun, einnig til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis mun hafa gert grein fyrir því, að hann hafi frá fyrstu byrjun starfað mjög að því að veita lán til húsnæðismála og teldi það hafa truflandi áhrif á sína starfsemi, ef hann yrði að láta þennan ákveðna hundraðshluta, sem seðlabankinn fór fram á, af hendi við húsnæðismálastofnunina til lánveitinga á hennar vegum. Um þetta ræddi seðlabankastjórinn við mig oftar en einu sinni og fór fram á, að þessi sparisjóður og Sparisjóður Keflavíkur fengju að vera utan við húsnæðismálalánakerfið gegn því, að þeir veittu húsnæðismálalán með þeim hætti, sem þeir hefðu áður gert, þó þannig, að lánin féllu undir reglur húsnæðismálastjórnar að öllu leyti og gætu fengið staðfestingu af húsnæðismálastjórn. Því var þá trúað af mér, að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis mundi haga lánveitingum á árinu 1957 eftir þessum reglum og að lánin yrðu, jafnóðum og þau yrðu afgreidd til lánveitenda, send til húsnæðismálastjórnar til staðfestingar, svo að hún gæti gengið úr skugga um, hvort þau væru veitt í samræmi við reglur hennar og gætu hlotið staðfestingu hennar.

Nú upplýsir hv. 1. þm. Reykv., að engin lán til húsnæðismála hafi farið fram á vegum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á árinu 1957, maður vonist til þess, að það geti eitthvað orðið á árinu 1958. Mér finnst ástæða til þess að grennslast nánar eftir því hjá seðlabankastjóranum, hvort þetta sé svona, og mín undanþága til handa Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var ekki veitt upp á það, að engin lánastarfsemi færi þar fram og að þeir yrðu samt leystir undan því að láta sömu prósentutölu af aukningu sparifjárins hjá þessari stofnun eins og aðrar stofnanir áttu að beygja sig undir, en þessi lánastofnun gat veitt til sama manns nokkra tugi lána á árinu á undan og gaf skýrslu um það eftir dúk og disk.

Svo segir þessi hv. þm., 1. þm. Reykv., að ég hafi staðið að því, að lögfest yrði fjáröflun

gegnum skyldusparnað ungmenna, af því að ég hafi verið hræddur um samdrátt á sparifjáraukningunni. Þetta er alger heilaspuni hjá þessum skjaldsveini hv. 5. þm. Reykv. Skýrslur sýna, að sparifjáraukningin er meiri á árinu 1957 en á árinu á undan, og það var alls ekki gert út frá því, heldur út frá hinu, að það var viðurkennd þörf á auknu fjármagni til þess að leysa þann húsnæðisvanda, sem hafði skapazt í tíð fyrrv. ríkisstj. Þess vegna var einmitt lögfestur skyldusparnaðurinn. Þess vegna voru lögfest ákvæði um frjálsan sparnað. Þess vegna var lögfest að afla fjár til húsnæðismála með 1% aukaálagi á tolltekjur ríkisins. Og þess vegna var ákveðið að leggja á stóreignaskatt, sem að 2/3 hlutum skyldi fara til húsnæðismála, sem og eðlilegt var, að hluti af þeim gróða, sem hafði myndazt hér í fasteignum í Rvík, skyldi fara frá þeim einstaklingum, sem höfðu safnað honum, og til þeirra, sem stóðu í húsnæðisnauðum. Þetta er það, sem hv. sjálfstæðismenn telja ákaflega rangláta tilfærslu á fjármagni og standast ekki reiðari út af neinu öðru en því, að þetta skyldi vera gert. En þetta álít ég að sé réttmæt ráðstöfun og hafi varla verið hægt að hugsa sér eðlilegra hlutverk fyrir þennan samansafnaða gróða fasteignaeigenda í Reyjavík, þeirra sem höfðu eignazt meira en 1 millj. kr. skuldlausa eign, að sá gróði væri tekinn og honum varið til styrktar húsnæðisleysingjunum í Rvík.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða miklu meira um þetta. Ég get vel unað því, þó að upp spretti annar skjaldsveinn til styrktar hv. 5. þm. Reykv. og þó að fleiri yrðu. Það sýnir eingöngu það, að þeim finnst full ástæða til að reka styrktarstoðir undir og kannske báðum megin við hv. þm.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er þó gott að sjá, að það er einn maður enn í landinu, sem er ánægður með hæstv. félmrh., og það er hann sjálfur, en ég hygg, að það finnist ekki margir fleiri.

Hæstv. félmrh. talar af furðulegri vanþekkingu um þetta mál. Hann segir, að Sparisjóður Reykjavíkur hafi ekkert lán veitt til húsnæðismála á árinu 1957.

Ég hygg, að meginþorri, svo að ekki sé sagt hvert og eitt einasta, en yfirgnæfandi meiri hluti lána, sem Sparisjóður Reykjavíkur veitti á árinu 1957, hafi verið til húsbygginga hér í Reykjavík. Þetta liggur ljóst fyrir, og hæstv. félmrh. ætti að vera manna auðveldast að fá það staðfest, þar sem annar endurskoðandi þessarar stofnunar er annar hinna kunnu höfunda gulu bókarinnar, form. húsnæðismálastofnunarinnar, sérstakur trúnaðarmaður hæstv. félmrh., og endurskoðun reikninga er nú nýlokið. Ég veit, að hæstv. félmrh. getur hjá þessum sínum sérstaka trúnaðarmanni fengið upplýsingar um það, til hverra lán þessarar stofnunar hafa gengið.

Hitt er annað mál, að Sparisjóður Reykjavíkur er ekki með þeim ósköpum fæddur, ef svo má segja, eins og hæstv. félmrh. að veita tvisvar sinnum sama hlutinn. Hæstv. félmrh. upplýsti það hér í umr. á dögunum, að hann hefði unnið það sér til frægðar á síðasta ári að lofa tvisvar sinnum sömu fjárhæðinni til húsnæðisframkvæmda og telja sér loforðin í bæði skiptin jafnmikið til ágætis. Hann hefur sem sagt þá aðferð að lofa fyrst, svíkja síðan og telja sig svo mikinn mann af því að lofa aftur því, sem hann var búinn að svíkja. Sparisjóður Reykjavíkur hefur ekki þetta sama eðli. Þegar hann er búinn að veita lán, þá verður hann að standa við það, og seðlabankinn féllst ekki á það meginskilyrði, sem Sparisjóður Reykjavíkur setti fyrir því að taka þátt í þeim lánum, sem seðlabankinn var að safna fé til, fyrr en svo seint á árinu, að nær allri lánaúthlutun sparisjóðsins var þá lokið. Og ég vil ítreka það, að enn í dag er samkomulagið ekki komið á, vegna þess að seðlabankinn hefur ekki fallizt á öll þau skilyrði, sem sparisjóðurinn taldi sér skylt að setja, sumpart vegna beinna lagaákvæða, sumpart vegna skynsamlegrar ráðstöfunar á því fé, sem sparisjóðnum hefur verið trúað fyrir.

Við höfum ekki getað beðið eftir ákvörðun seðlabankans um þessi atriði, heldur urðum við að lána það fé, sem við höfum til ráðstöfunar á árinu 1957, eftir því sem samvizka okkar sagði til, að því bæri að ráðstafa, og að langsamlega mestu leyti fór það til lána til nýbygginga hér í bænum.

Á okkur stendur hins vegar ekki. Jafnskjótt og við höfum fé til á árinu 1958 og seðlabankinn er búinn að fallast á þau skilyrði, sem við höfum sett og öll eru skynsamleg og raunar óhjákvæmileg, þá mun ekki standa á okkur að veita þessa umtöluðu fjárhæð til þessara lána. En þau verða, eins og ég tók fram áðan, óhjákvæmilega af því fé, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða á árinu 1958 og annars hefði farið til annarra húsalána hér í bænum.

Ég hygg, að þetta komi í raun og veru í einn stað niður að langsamlega mestu leyti fyrir sjóðinn og hans skjólstæðinga. Það eina, sem gerist, er það, að næst þegar skýrsla verður gefin, ef hæstv. félmrh. verður þá enn þá í sinni stöðu, þá getur hann haft þá fjöður í sínum hatti, að á vegum þessarar húsnæðismálastofnunar hafi þessu fé verið úthlutað, og hann hefur ekki af svo miklu sér að hæla, sá hæstv. ráðh., að ég sjái ofsjónum yfir því, þó að hann geti puntað sig með þeirri skrautfjöður.

Aðalatriðið er að verða málefninu að því gagni, sem hægt er, og styðja að því, að byggingarmálin og lánin til þeirra komist í sæmilegt horf, og það hefur sparisjóðurinn reynt að gera.

Svo fór hæstv. félmrh. að segja, að sparifjársöfnunin hefði 1957 orðið meiri en 1956. Við vitum hér á Alþingi, hvernig hæstv. stjórnarliðar finna út sparifjársöfnun. Þeir leggja þar við hlaupareikninga, sem eru gersamlega annars eðlis og miklu ótryggara fé en það, sem lagt er á sparisjóð. Með því móti reyndu þeir í umræðum á s. l. ári nokkuð að rétta við sinn hlut. Sennilega eru reikningar hæstv. félmrh. nú enn byggðir á sömu forsendum. Ég skal þó sleppa því að sinni, en vitna til þess, að nú

talar hann um, að sparifjársöfnunin 1957 hafi orðið meiri en á árinu 1956. En hún varð svo lítil á árinu 1956 sem skýrslur herma vegna þess mikla samdráttar, sem varð, eftir að hæstv. félmrh. og félagar hans tóku við völdum. Þá gerbreyttist sú þróun, sem verið hafði undanfarin ár. Það skal svo játað, að á þessu hefur orðið nokkur breyting á árinu 1957. T. d. hef ég þá sögu að segja varðandi Sparisjóð Reykjavíkur, að hvort sem það er þrátt fyrir eða vegna sérstakra rógmæla, sem hæstv. félmrh. lét sér hér sæma að víkja að sjóðnum í ræðu sinni áðan, þá hefur sparifjáraukning Sparisjóðs Reykjavíkur aldrei orðið meiri en á árinu 1957. En það er vegna þess, að menn hafa frekar kosið að láta fé þ liggja hjá þeirri stofnun, sem sætti andúð og rógi frá félögum þessa hæstv. ráðh., heldur en hjá þeim stofnunum, sem hæstv. ráðh. hafði verið að setja sína trúnaðarmenn inn í. Eins er það, að það hefur aukizt sparifé hjá einstökum stofnunum, og það er mjög ánægjulegt. En því miður er engan veginn komið það jafnvægi og sá eðlilegi vöxtur í sparifjáraukninguna, sem allir hljóta að óska eftir, sem í raun og veru vilja, að hér þróist heilbrigt þjóðfélag. Við skulum vona, að það verði sem fyrst. En hæstv. félmrh. hefur hvorki nú né fyrr stuðlað að því með sínum aðgerðum. Annars er þess að minnast, að honum hefur þó um sumt farið fram. Nú talar hann hér af mikilli ánægju og fullvissu um samband möguleika fjárútvegunar til húsbygginga og aukningar sparifjár í landinu. En ég minnist þess, að þegar hann fyrst fór að tala um þetta, nýorðinn ráðh., á þinginu 1956 og 1957, þá spurði hann alveg með sama sjálfsþótta og hann talar nú: Hvað kemur sparifjáraukningin í landinu við möguleikanum til þess að afla fjár til húsbygginga? — Þá hafði hann ekki einu sinni þekkingu á þessu frumatriði þess viðfangsefnis, sem hann hafði tekið að sér að leysa.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ekki veit ég nú, hversu mikill styrkur hv. 5. þm. Reykv. hefur orðið að þessari komu skjaldsveins síns í ræðustólinn, en svo mikið er víst, að lítið kom hann til þess að styrkja aðstöðu hans að því er snertir umr. um húsnæðismálin.

Annars er það leiðinlegt með þennan hv. þingflokksforingja, að ég held, að það sé enginn hv. þm., sem leyfir sér í rökræðum eins og hann að búa til ummæli eftir andstæðinga, slá því svo föstu, að það sé forsendan, og draga ályktun af því. Ég er alveg sannfærður um það, að hann getur hvergi fundið því stað, að ég fyrir skömmu, eftir að ég varð ráðherra, hafi sagt, að sparifjáraukningin í landinu kæmi ekkert við þeim möguleikum, sem væru til þess að veita lánsfé til húsnæðismála og annarra mála. Þetta er hans hreini tilbúningur, og þetta er ein af þeim pólitísku hundakúnstum, sem hann iðkar. En hún sæmir honum ekki. Svo talar hann um hér, að ég hafi sýnt sérstaka andúð og róg, farið með róg gagnvart Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Hvar skyldi hann geta fundið því stað? Ég skipti sjálfur, það lítið ég hef að skipta við banka, við þennan sparisjóð, og ég á að vera rógberi þessa sparisjóðs. Nei, þetta fer illa, að fara með svona ályglar á samþingismenn sína, og sæmir ekki þingflokksforingja í sölum Alþingis. Ég hef engan róg farið með gagnvart Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, ég mótmæli því sem staðlausum stöfum.

Þá er gaman að því, að því var haldið fram af þessum hv. þm. og samflokksmönnum hans, að á árinu 1956, upp úr miðju ári, mætti sjá, að aukning sparifjár í landinu færi dvínandi. Af hverju? Jú, það gat ekki verið nema ein ástæða til þess, að fólkið í landinu hefði minni tiltrú, bæri minna traust til þeirrar nýju ríkisstj. en þeirrar fráfarandi ríkisstj. Ólafs Thors. Það mátti alveg lesa þetta eins og af mæli. Þegar sparifé þá hafði á miðju ári eitthvað farið heldur dvínandi, þá var það af því, að hina nýju ríkisstj. skorti traust. Ef það hefði farið vaxandi upp úr því, þá hefði það verið mælirinn til þess að sýna vaxandi traust ríkisstj. Nú fór það svo á seinni mánuðum ársins 1956 eins og raunar oftast á síðari hluta árs, að aukning sparifjárins fór vaxandi. Þá bara stóð í hv. þm., sem höfðu verið með fyrri röksemdirnar, að koma hér og lýsa því yfir: Nú sjáum við, að ríkisstj. er að vaxa traust. — Það hefðu þeir átt að gera, ef þeir hefðu viljað vera sjálfum sér samkvæmir, en það eru þeir sjaldnast. Og núna kemur þessi hv. þm., 1. þm. Reykv., í beinu framhaldi af því, að hann hafði verið að tala um rýrnun sparifjár áður og lítið traust ríkisstj., og segir: Það hefur aldrei verið þvílíkur vöxtur á sparifé hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem nú, aldrei í sögunni. — Þetta virðist mér vera hrein játning frá hv. þm. um það, að engin ríkisstj. hafi notið annars eins trausts í fjármálum einmitt eins og núverandi ríkisstj. Þetta er út frá þeim forsendum, sem voru gefnar fyrir um ári af hv. sjálfstæðismönnum. Vaxandi sparifé í bönkum og sparisjóðum á kannske núna að sýna dvínandi traust á ríkisstj. Ég gæti bezt trúað því, að það yrði röksemdin hér á eftir. Ekki gæti það verið af því, að þessi ofvöxtur nálega hafi hlaupið í tiltrú á Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis eingöngu af því, að það hafi komið menn, sem fólk ber meira traust til, það eru víst þeir sömu sem stjórna þarna. Nei, sannleikurinn er sá, að þeim hefur ekki orðið að þeirri spá sinni, að fólk hyrfi á burt úr bönkunum með sparifé sitt, af því að núverandi ríkisstj. fer með völd í landinu. Þvert á móti verða þeir að horfast í augu við þá staðreynd, að sparifjáraukningin hefur sjaldan eða aldrei verið meiri.

Hv. þm. vék að því, að við hefðum gripið til þess ráðs í fyrra að telja saman spariinnlög og hlaupareikninga. Þetta var gert nákvæmlega eftir opinberum skýrslum frá ári til árs á sama hátt í báðum tilfellunum, og aukningin var lesin af þessum opinberu skýrslum frá ári til árs, og auðvitað hljótum við að gera það á sama hátt. Aukning sparifjárins er talin sparifjárinnlög og innstæður á hlaupareikningi, og það er heildarniðurstaðan, sem gefin er upp um

aukningu sparifjár í opinberum skýrslum, m. a. hjá Landsbankanum.

En svo að vikið sé aftur að Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, þá held ég, að það hljóti að vera rétt, að á árinu 1956, þegar Landsbankinn tók að sér að ná samningum við banka og sparisjóði og tryggingafélög og tryggingastofnanir um, að þessar stofnanir legðu ákveðinn hundraðshluta af aukningu sparifjár hjá sér til húsnæðismála, þá hafi slíkt samkomulag verið gert við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Ég hygg, að það hljóti að vera. Á sama hátt var eðlilegt, að seðlabankinn, þegar hann nú að sams konar tilmælum ríkisstj. útvegaði fé á sama hátt hjá bönkum og sparisjóðum, færi einnig til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til þess að fara fram á það við hann, að hann legði sama hundraðshluta og aðrar lánastofnanir í þessu skyni af aukningu sparifjár hjá sér. Þetta hefur seðlabankastjórinn auðvitað gert. Og það verður að teljast eðlilegt, að þessi sparisjóður leggi sama hundraðshluta og aðrar lánastofnanir sambærilegar til þessara nauðsynjamála. Þegar svo hefur verið fallizt á það við hann, að hann þurfi ekki endilega að afhenda þetta fé annarri stofnun, heldur nægi, að lán, samsvarandi að upphæð þeim hundraðshluta, sem öðrum bönkum og sparisjóðum verður gert að láta til húsnæðismálanna, verði veitt í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar, en stofnunin eigi að gera það sjálf, þá er búið að koma eins langt til móts við þessa stofnun og nokkur sanngirni mælir með og eins og hægt er. Og það var gert. En svo skýrir hv. 1. þm. Reykv. frá því, að enn þá sé ekki gengið saman með þessari stofnun og seðlabankastjóranum, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hafi sett ýmiss konar skilyrði, sem ekki sé búið að fullnægja, og þannig standi þetta allt saman fast enn þá og á árinu 1957 komi ekkert til lána með þessum hætti. Ég verð að segja það, að mér virðist þarna hafa verið af meiri stirfni mætt þessum málaleitunum nú en á árinu 1956, því að þá mun þetta hafa gengið í gegn hjá öllum bönkum og sparisjóðum og sennilega engin undanþága verið veitt með Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis.

Ég vil samt vona, að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis vilji beygja sig undir svo sanngjörn tilmæli sem það að haga lánveitingum í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar, þ. e. a. s. lánin séu veitt til fólks, sem sé í mestum húsnæðisnauðum og með stórar fjölskyldur, og fólks, sem að öðru leyti býr við mjög mikla erfiðleika í húsnæðismálum, að það sé látið sitja fyrir um lán, a. m. k. að þeirri upphæð, sem nemur þeim hundraðshluta, sem aðrir bankar og sparisjóðir leggja til húsnæðismálanna, en lánin fari fram á vegum þessarar stofnunar. Þetta finnst mér ekki vera til of mikils mælzt, og ég harma það, að slíkt þóf skuli hafa orðið um þessi mál, sem nú er upplýst að hafi orðið, og get ekki fallizt á, að þarna hafi verið farið fram á neitt ósanngjarnt við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, heldur hreint og beint teygt sig eins langt til samkomulags við þessa stofnun og gerð undantekning með hana ásamt einum sparisjóði öðrum, sem upplýst var að að miklu leyti hefði byggt um langan tíma starfsemi sína á föstum lánveitingum til húsnæðismála. En þetta sýnir, að það er að öllu leyti réttlætanlegt og réttmætt að reikna með frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis þeirri upphæð, sem átti að koma í hans hlut, ef hann hefði orðið við tilmælum seðlabankans á sama hátt og aðrar lánastofnanir, og þá átti að koma í hans hlut 2½ millj. kr., að mig minnir, ef hann hefði tekið á sig sams konar byrðar og aðrir, og þó þannig, að það var búið að heimila, að þessar lánveitingar mættu fara fram á vegum þessarar stofnunar, aðeins að húsnæðismálastjórn gæfist kostur á að ganga úr skugga um, að lán, sem næmu þessari upphæð, þessum hundraðshluta af aukningu sparifjárins hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, væru veitt í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er ástæðulaust að vera að karpa við hæstv. félmrh. Hann fór hér með rangt mál í sinni skýrslu, og ég taldi mér skylt að leiðrétta það. Hann hefur orðið að játa, að hann sagði meira en hann vissi, þegar hann taldi þessi lán frá Sparisjóði Reykjavíkur með í þeim lánum, sem veitt hefðu verið og ætti að telja til 1957. (**Félmrh.:** Ég sagði það ekki.) Já, að bæta þeim við. Við höfum heyrt, hvað hæstv. ráðh. hefur sagt, og þarf ekki að deila frekar um það. Hitt er svo allt annað mál, hverjum það sé að kenna, að þessi lán hafi ekki verið veitt. Ég tel, að Sparisjóður Reykjavíkur hafi gert það eitt, sem honum bar skylda til að gera, og að allar hans gerðir hafi verið sjálfsagðar og óhjákvæmilegar.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að Sparisjóður Reykjavíkur hefur algera sérstöðu gagnvart öðrum lánastofnunum hér í bænum, ég skal ekki tala um aðrar, vegna þess að hann er sú eina þeirra, sem að staðaldri allt frá upphafi hefur varið meginhluta fjár síns í fasteignaveðslán og það að langsamlega mestu leyti til nýbygginga. Þess vegna er það að mestu leyti fyrirkomulagsatriði, eins og ég hef tekið áður fram, hvort einhver hundraðshluti þess á að lánast í einhverju sérstöku veðlánakerfi eða ekki. Meginatriðið, sem Sparisjóður Reykjavíkur gat ekki gengið að, var að láta þetta fé í hendurnar á öðrum en sparisjóðsstjórninni sjálfri. Menn velja sér þennan viðskiptasjóð vegna þess, að þeir treysta honum betur en öðrum, og þess vegna hefði verið mjög illa með viðskiptamenn hans farið, ef það hefði þegjandi og hljóðalaust átt að fá lánin í hendurnar á mönnum slíkum sem þeim, er hæstv. félmrh. hefur sett til þess að ráðstafa þeim efnum. Ég gleðst yfir því, að hann viðurkennir sjálfur, að það sé sanngjarnt að láta Sparisjóð Reykjavíkur njóta þarna sérstöðu, og ég vonast sem sagt til þess, að þetta samkomulag komist á, og það er komið á, ef segja má, í meginatriðum, en þó ekki til hlítar enn þá. Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur.

Um það, að ég búi til ummæli minna andstæðinga, þá skal ég ekki fullyrða mikið um það, það mun sjást við athugun, ef það hefur þá ekki verið strikað út, að það, sem ég sagði um ummæli hæstv. félmrh., var rétt. En það er

annað, sem hæstv. félmrh. ærið oft gerir sig sekan um: Það er ljóst, að hann veit ekki sjálfur, hvað hann hefur verið að segja, rétt þegar hann er búinn að sleppa orðinu. Hann vildi sem sagt alls ekki viðurkenna, að hann hefði hér farið með rógmæli á hendur Sparisjóði Reykjavíkur. Þingheimur heyrði, hvað hæstv. ráðh. sagði, og menn skildu ósköp vel, hvert hann var að fara. Hitt kann ég honum svo þakkir fyrir og met, að hann segist sjálfur sýna sparisjóðnum þann mesta trúnað, sem hann getur, með því að fela honum sína eigin fjármuni til varðveizlu, og það er staðfesting á því, að hæstv. félmrh. vill sjálfur búa við tryggari kjör en hann ætlar öðrum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég get verið mjög stuttorður, en það er eitt atriði, sem mér fannst ástæða til að gera athugasemd við, og það eru ummæli hæstv. félmrh. um sparnaðinn í landinu. Ég hef áður gert það og vil enn endurtaka það, að ég aðvara alvarlega hæstv. félmrh. og samstarfsmenn hans í hæstv. ríkisstj. að lifa í þeirri sjálfsblekkingu að telja sparifjármyndunina í landinu samanstanda annars vegar af spariinnlögunum og hins vegar af veltiinnlánunum. Það kann ekki góðri lukku að stýra að hugsa sér að byggja möguleikana til langra lána, eins og hér er um að ræða, 25 ára íbúðalána, á þeim innlögum, sem eru aðeins hlaupareikningseða veltiinnlán. Og ég vil alveg sérstaklega taka það fram, hversu augljóslega þetta getur villt menn, að í bönkum landsins hafa veltiinnlánin t. d. aukizt stundum um milljónir kr., milljónatugi kr. rétt fyrir áramótin, og ætti það þá að teljast til sparifjármyndunar, vegna þess að t. d. í Búnaðarbankanum hefur verið lagt inn til bráðabirgða á hlaupareikning kannske milli 20 og 30 millj. kr., sem síðar á að veita sem lán til ræktunarsjóðs af erlendum lántökum, og á sama hátt hefur verið lagt inn til bráðabirgða á hlaupareikning í Útvegsbankanum 10 eða 12 millj. kr. á hlaupareikning fiskveiðasjóðs, sem síðar á svo að veita fiskveiðasjóði sem lán af erlendri lántöku. Hljóta þó allir að sjá, að ekki geta lánveitingar til íbúðarhúsa í landinu grundvallazt á slíkri sparifjármyndun. Þetta er engin sparifjármyndun, þetta eru innlög á hlaupareikning, á veltiinnlán og allt annars eðlis en sparifjármyndunin.

Fjölmargt annað kemur til greina í þessu sambandi, sem ég skal ekki eyða tímanum í að ræða nú. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að hæstv. félmrh. hefur hvað eftir annað talað um, að bönkum og sparisjóðum hafi verið gert það af seðlabankanum að leggja tiltekinn hluta af sparifjáraukningunni í landinu í íbúðalán. Við hvað hefur þá verið miðað? Hefur þá nokkurn tíma verið miðað við veltiinnlánin? Nei, auðvitað ekki, auðvitað aldrei við veltiinnlánin. Mönnum er það ljóst, bankamönnum og sparisjóðsmönnum, að það er ekki hægt að byggja lánveitingar til langs tíma til íbúðalána eða annars á veltiinnlánum, heldur að einhverju leyti, miklu eða litlu, á spariinnlánunum sjálfum, og það hefur ævinlega verið miðað við tiltekinn hluta af þeim og reiknað með þeim, burt séð frá veltiinnlánunum, þegar reiknað hefur verið út hlutfallið á milli lánastofnananna, banka og sparisjóða annars vegar, um það, hve mikið þeir skyldu leggja til íbúðalána.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur hér enn komið með þá furðulegu kenningu, að þegar gera eigi sér grein fyrir sparifjáraukningunni í landinu, þá beri að leggja saman svokölluð veltiinnlán í bönkum og sparisjóðum og spariinnlán. Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að elta ólar við þá firru, sem hér er um að ræða, enda hefur hv. 5. þm. Reykv. þegar gert því máli nokkur skil.

Það er auðvitað hægt að leggja saman alls kostar óskyldar tölur, eins og spariinnlán og veltiinnlán, kalla það sparifé og fá út úr því, að um raunverulega aukningu hafi verið að ræða á einhverju tilteknu tímabili.

Það var annað, sem ég taldi ástæðu til að hrekja hér, nefnilega þegar hæstv. félmrh. bar það fyrir sig, að þessari reglu væri fylgt í opinberum skýrslum, eins og hann orðaði það, þannig að þær stofnanir, sem gefa skýrslur um sparifjármyndun í landinu, geri ekki greinarmun á spariinnlánum og veltiinnlánum.

Ég veit ekki, hvers konar heimild það er, sem hæstv. félmrh. byggir hér á. En það vill svo til, að ég hef hér í höndunum Fjármálatíðindi Landsbankans, júlí—septemberhefti 1957, þar sem birtar eru skýrslur um sparifjáraukningu og aðrar þýðingarmestu tölur í reikningum bankanna.

Í Fjármálatíðindum hafa að vísu verið birtar tölur um heildarinnlán bankanna, þar sem lögð eru saman veltiinnlán og spariinnlán. En með þessu er engan veginn sagt, að innlán séu sama og sparifjármyndun. Hið gagnstæða er skýrt tekið fram í athugasemdum bankans, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hér upp eina eða tvær setningar, sem úr þessu ættu að skera. Í aths. bankans um þróun peningamarkaðarins árið 1956 segir þannig orðrétt:

„Innlánaaukningin hefur einnig orðið mun meiri en á síðasta ári. Liggur það eingöngu í því, að veltiinnlán hafa nú aukizt um 14 millj. kr. frá áramótum, en á sama tímabili í fyrra lækkuðu þau um 26 millj. kr. Spariinnlán hafa hins vegar aukizt um minna, eða um 72 millj. kr. á móti 97 millj. kr.“

Hér kemur það ótvírætt fram hjá bankanum, að sparifjármyndun á þessu ári, 1956, hefur orðið minni sem þeim tölum nemur, sem hér hafa verið nefndar.

Það er líka augljóst mál, að aukning veltiinnlánanna stafar af allt öðrum ástæðum en þeim, að um aukinn sparnað sé að ræða. Það er alveg rétt, að síðustu tvö árin hefur þessi aukning orðið óvenjumikil. En ætli meginástæðan til þess sé ekki sú, að gengið hefur á vörubirgðir í landinu, þannig að fyrirtæki, sem losað hafa þessar vörubirgðir, hafa lagt þetta fé inn í bankana til bráðabirgða til þess að hafa féð handbært, ef úr rættist með veitingu leyfa og annað slíkt?

Veltiinnlánin eru í rauninni aðeins handbært fé, þannig að ef telja ætti þau til sparifjár, þá mætti alveg eins segja, að aukning seðlaveltunnar þýddi það, að meira sparifé hefði myndazt.

Í beinu sambandi við þetta vildi ég aðeins árétta annað, sem fram kom hjá hæstv. félmrh. Ef ég tók rétt eftir, þá hélt hann því fram, að á seinni hluta ársins 1956 hefði verið um aukningu spariinnlána að ræða, sem ætti að sýna aukið traust manna á núv. hæstv. ríkisstj. Það vill svo til, að ég hef í höndunum skýrslu hagstofunnar um þróun spariinnlánanna á árinu 1956. Í henni stendur, að í júlílok 1956, — hér eru að vísu aðeins teknir með bankarnir, ekki sparisjóðirnir, — þá námu spariinnlánin 1 milljarð og 6 millj. kr. Í desemberlok þetta sama ár námu innlánin 982 millj. kr., þannig að seinni hluta ársins 1956 er þarna um að ræða beina lækkun, sem nemur 24 millj. kr. Nú er það að vísu rétt, að reynslan hefur venjulega sýnt, að spariinnlög hafa verið minni síðari part árs heldur en fyrri part árs. Sú regla hefur lengst af verið í gildi undanfarin ár. En þó er það með öllu óeðlilegt og mun varla hafa komið fyrir í önnur skipti, að um beina minnkun hafi verið að ræða, og má þar taka til samanburðar árið 1955. Þá námu spariinnlögin í júlílok 902 millj. kr., en í desemberlok 908 millj. kr., þannig að seinni part þess árs varð þó aukning um 6 millj. kr., og var verðlagsþróunin seinni part ársins 1955 sparifjármynduninni, eins og kunnugt er, óhagstæð, því að þá komu fram hinar miklu verðhækkanir, sem leiddi af verkfallinu mikla það vor. Seinni part ársins 1956 var vísitalan hins vegar óbreytt, eins og kunnugt er, svo að þá liggur nærri að skýra þennan óeðlilega samdrátt í sparifjármynduninni á þann hátt, að almenningur hafi borið takmarkað traust til núverandi hæstv. ríkisstj., og er það ekki að ófyrirsynju.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Nú standa málin þá þannig, að hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) hefur talað sig dauðan — og gekk þó aftur svolítið rétt áðan — og skáskífum er búið að skjóta undir hann við báðar hliðar, skorða hann eins og bát í naust. En af því að hér er ekki um bát að ræða, þá er hægt með vissri hugvitssemi að skjóta skáskífum að honum að framan og aftan líka. Ég held, að það væri nú ráðlegt, svo að hann haggist ekki.

En þá er einnig komið svo, að nú er hætt að ræða um húsnæðismálin, og seinni skjaldsveinninn kom hér með heilmikið af skýrslum og var þar að sanna, að það væri ekki nákvæmlega það sama sparifjárinnlög og hlaupareikningsinnstæður, varð þó að viðurkenna, að að vísu er þetta lagt saman í Fjármálatíðindum Landsbankans. Getur nú verið, að Landsbankinn sé svo ónákvæmur í opinberum skýrslum, að hann leggi alls óskylda hluti saman? Þá eru þær skýrslur meira til þess að rugla en skýra mál áreiðanlega. Og svo kom í ljós við þennan skýrslulestur, að hlaupareikningsinnstæðurnar hafa alveg stórkostlega aukizt og samtalan af þessu tvennu er miklu hærri en árið 1956.

Það væri nú kannske hægt að gefa mönnum svolitla hugmynd um, hversu skyldar eða óskyldar þessar tölur eru, við það að skýra frá því, að það er vitað mál, að eftir að gerð var krafa um það, að aukning sparifjárinnlaga í lánastofnunum ætti að vera undirstaðan undir því, hve mikið viðkomandi lánastofnun léti af mörkum til húsnæðismála, þá fór að bera mjög mikið á því í sumum slíkum stofnunum, að það voru teknar út innstæður af sparifjárinnlögunum, úr sparisjóðsbókunum, færðar yfir á hlaupareikningsinnstæður. Þetta gefur dálitla hugmynd um, hvort þetta er mjög fjarskylt. Svona var hægt að „variera“ þessu til, og þetta kom mjög skýrt í ljós í einstökum tilfellum. Það eru til vissir menn líka til frásagnar um það, að þeir voru, eftir að þetta hafði verið gert, beðnir um að taka út fé úr sparisjóðsbókum og leggja það heldur inn á hlaupareikning.

Ég held, að það veiti ekkert af, að það komi skáskífa að framan og skáskífa að aftan líka.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PP, SkG, SvbH, ÁÞ, BG, EirÞ, GíslG, GJóh, HÁ, HV, EOl.

nei: ÁS.

IngJ, JóhH, JS, KJJ, ÓB, PO, SÁ, BBen greiddu ekki atkv.

14 þm. (JPálm, KGuðj, LJós, MJ, ÓTh, RH, StgrSt, ÁkJ, ÁB, EmJ, EystJ, GÍG, GÞG, HS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í þessu frv. felast nokkrar smábreytingar á lögum um húsnæðismálastofnun ríkisins o. fl.

Í 1. gr. frv. er svo ákveðið, að af B-flokki lána skuli vextir og afborganir vera með vísitölukjörum. Bankamenn hafa nú upplýst, að það sé óþægilegt eða litt framkvæmanlegt að reikna vextina sjálfa út með vísitölukjörum. Þess vegna felst sú ein breyting í 1. gr., að B-flokkur, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Með þessu verður alveg skýrt, að það er ekki ætlazt til þess, að vextirnir séu sjálfir með vísitölukjörum, og er eingöngu horfið frá því vegna erfiðleika í framkvæmd.

Það var ætlun allra, sem stóðu að setningu löggjafarinnar um byggingarsjóð og húsnæðismálastofnun ríkisins á s. l. ári, að skyldusparnaðartímabil ungmenna næði yfir 10 ár, og var það orðað þannig, að það væri frá 16 til 25 ára, og þá lagður sá skilningur í þetta orðalag, eins og þegar við segjum frá 10.—15. einhvers mánaðar, að sé ekki annað fram tekið, þá sé reiknað með, að þetta sé að báðum dögum meðtöldum, þarna í þessu tilfelli að báðum nefndu árunum, 16 og 25, meðtöldum. 2. gr. er til þess að taka af vafa um þetta og gera skýrt, að skyldusparnaðartímabilið nái yfir 10 ár, og yrði þá orðalagið hafið yfir öll tvímæli á þennan veg. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót, eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára, og lýkur við næstu mánaðamót, eftir að hann verður 26 ára.

Í 3. gr. frv., eins og það var borið fram, var eingöngu um það að ræða að gera skýrt, að útlendingar, sem hér hafa landvistar- og atvinnuleyfi um tiltekinn tíma, dveljast hér um stundarsakir, skuli að vísu greiða 6% af launum sínum og taka þannig fullan þátt í skyldusparnaði eins og allir aðrir, en fá þetta fé endurgreitt, þegar þeir hverfi af landi brott. Um þetta ákvæði er ekkert í gildandi löggjöf, en þykir sanngjarnt, að útlendingum, sem hverfa héðan af landi brott að loknum þeim tíma, sem þeir hafa hér atvinnuleyfi, verði endurgreiddur sá skyldusparnaður, sem tekinn hefur verið af launum þeirra.

Í 4. gr. þessa frv. er eingöngu um það að ræða að setja skýr ákvæði um viðurlög við því, ef vanrækt eru sparimerkjakaup, og er nýmælið þetta: „Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður, á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir.“ Þetta er eingöngu til þess að veita aðhald um það, að ekki verði vanrækt sparimerkjakaup, og viðurlögin þarna sett allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa.

Í þessari sömu gr. er einnig tekið skýrt fram, að allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins skuli greiðast **úr ríkissjóði.**

Með orlofsmerkin hefur það verið haft þannig, að samið hefur verið við póststjórnina um að sjá um prentun þeirra og afgreiðslu orlofsbókanna, og það þótti sjálfsagt að hafa þetta á einum og sama stað, og hefur verið gengið frá því á þann veg. En byggingarsjóður sjálfur hefur ekkert fé til umráða, og að því er snertir orlofsmerkin, þá er kostnaður við þau greiddur af ríkissjóði, og hefur því verið talið sjálfsagt, að þessi framkvæmd væri höfð í einu lagi og á hendi sama aðila og að ríkissjóður borgaði í báðum tilfellum kostnaðinn, bæði af orlofsmerkjunum og sparimerkjunum.

Í 5. gr. er eingöngu ákvæði um sektir, viðurlög vegna brota á lögunum.

Eins og menn sjá af þessu, er hér ekki um neitt stórmál að ræða. Það eru tekin af tvímæli um ein tvö eða þrjú atriði og sett skýrari ákvæði um önnur tvö smávægileg atriði, þ. á m. endurgreiðslu sparifjár til útlendinga, sem dveljast hér um skamman tíma.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. fari til hv. heilbr.- og félmn., þegar þessari umr. lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 408 og 420).

Frsm. meiri hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Stjfrv. það, sem fyrir liggur til 2. umr., er komið frá hv. Nd., þar sem það var samþykkt með einni viðbót.

Þetta er frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl. Breytingarnar eru hvorki margar né veigamiklar, og skal ég gera grein fyrir þeim stuttlega.

Í 4. gr. l. er heimild handa Landsbankanum til að gefa út bankavaxtabréf í tveim flokkum, A og B. Skal B-flokkur vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar við vísitölu framfærslukostnaðar. Í frv. er lagt til, að orðin „og vaxta“ falli burt, þannig að einungis greiðslur afborgana verði vísitölubundnar. Er litið svo á, að vísitölubundnar vaxtagreiðslur séu lítt eða ekki framkvæmanlegar.

10. gr. l. ræðir um skyldusparnað fólks á aldrinum 16 til 25 ára. Í frv. eru þessi tímatakmörk nánar tilgreind með svofelldri mgr.: „Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót, eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára, og lýkur við næstu mánaðamót, eftir að hann verður 26 ára.“ Um annað en þessa viðbót er þar ekki að ræða.

Við 11. gr. laganna er lagt til, að bætt verði við nýrri mgr., þess efnis, að útlendingar, sem hafi hér landvistar- og atvinnuleyfi um tiltekinn tíma og dveljist hér um stundarsakir, fái skyldusparifé sitt endurgreitt, er þeir hverfi af landi brott. Enn fremur er í frv. nýtt ákvæði um, að unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu að frádregnu fæði í bústofnsaukningu, séu undanþegnir skyldusparnaði. Var þessu ákvæði komið inn í frv. í hv. Nd.

Inn í 12. gr. laganna eru ráðgerð heimildarákvæði um, að leggja megi sérstakt gjald á þá, sem vanrækja sparimerkjakaup, og að hverjum þeim, sem háður er sparnaðarskyldu, beri að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni að viðlögðu 200 kr. gjaldi, en þessi gjöld skulu renna til byggingarsjóðs ríkisins og Búnaðarbankans.

Þá eru ákvæði um, að kostnaður við sparimerki og framkvæmd skyldusparnaðar í heild skuli greiðast úr ríkissjóði.

Loks er í 5. gr. frv. lagt til, að bætt verði í lögin nýrri grein um sektir við brotum á lögunum, en slíkt vantar í þau nú.

Þessar eru þá breytingarnar, sem felast í frv. á þskj. 337.

Hv. heilbr.- og félmn. ræddi frv. á tveim fundum og gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Ágreiningur varð þó ekki um breytingarnar, sem frv. ráðgerir, heldur um það, hvort gera bæri að þessu sinni fleiri breytingar á lögunum um húsnæðismálastofnun o. fl.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 408, leggur meiri hluti n. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hl. mun gera grein fyrir sínu séráliti hér á eftir.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Á síðasta þingi setti núv. ríkisstj. lög um húsnæðismál o. fl., sem í aðalatriðum byggðust á þá gildandi lögum um sama efni, lögum, sem fyrrverandi stjórn hafði sett, en hin nýju lög fólu þó í sér ýmis nýmæli, sem að áliti okkar sjálfstæðismanna orkuðu mjög tvímælis. Voru af hálfu sjálfstæðismanna gerðar ýtarlegar tilraunir til breytinga á lögunum undir

meðferð málsins, en fáum einum tókst að koma fram.

Vegna þeirrar reynslu, sem nú þegar er fengin af þessum lögum og framkvæmd þeirra, töldu sjálfstæðismenn nauðsyn til bera að gera nokkrar breytingar á löggjöfinni, sem færu í sömu átt og þeir höfðu áður hugsað sér við meðferð málsins í fyrstu. Þeir báru því fram á öndverðu þessu þingi frv. í Nd., sem fól í sér ýmsar breytingar á lögunum.

Frv. þessu var á sínum tíma vísað til heilbr.- og félmn., en hefur enga afgreiðslu fengið þar. En síðar bar stjórnin fram frv. það, sem nú er hér til umræðu og er um nokkrar breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni, eins og hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur nú skýrt frá.

Þegar þetta frv. kom fram til meðferðar í heilbr.- og félmn. Nd., þá mælti meiri hl. n. með því, að það yrði samþykkt óbreytt, en sjálfstæðismenn í n. tóku upp þær till., sem frv. sjálfstæðismanna, sem fyrir n. lá, hafði inni að halda, og fluttu þau ákvæði sem brtt. við stjórnarfrv. Þessar brtt. minni hl. heilbr.- og félmn., sjálfstæðismannanna, náðu ekki fram að ganga, og var frv. síðan samþ. í Nd. næstum óbreytt, aðeins með einni lítils háttar breytingu.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft málið til athugunar, en nm. ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en við, sem minni hl. skipum, leggjum til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Við mælum sem sagt ekki á móti frv. sjálfu, en óskum eftir að koma viðtækari breytingum að við lögin.

Brtt. okkar, sem eru á þskj. 420, eru næstum þær sömu sem sjálfstæðismenn fluttu í Nd., og vil ég nú fara um þær nokkrum orðum.

Í 1. brtt. okkar er svo ákveðið, að á undan 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

„1. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn ríkisins skal beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, 4 kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands, seðlabankans. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félmrh. skipar form. húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Húsnæðismálastjórn ræður sér starfsfólk eftir þörfum, og greiðist allur kostnaður af störfum hennar úr byggingarsjóði ríkisins."

Í þessari brtt. leggjum við til, að orðalagið, að setja skuli á stofn húsnæðismálastjórn ríkisins, sé fellt niður, enda virðist það orðalag tilefnislaust.

Þá er lagt til, að fellt verði niður það ákvæði laganna, sem felst í þessari grein, að fulltrúi Landsbankans í húsnæðismálastjórn skuli ekki hafa atkvæðisrétt þar um lánveitingar, en í 1. gr. l. segir svo um þennan mann, sem tilnefndur er af Landsbankanum og skipaður af félmrh.: „Hann skal eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar." Þetta ákvæði leggjum við til að verði fellt niður, enda virðist það vera nokkuð einkennilegt ákvæði og ekki séð, hvað það hefur að þýða.

Að öðru leyti er meginefni gr. óbreytt. Þó er gert ráð fyrir því, að í stað þess, að í lögunum segir: „Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðist úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr byggingarsjóði ríkisins," þá leggjum við til, að allur kostnaður af störfum n. greiðist úr byggingarsjóði ríkisins.

Þá er b-liður, þar segir: „Í stað orðsins „húsnæðismálastofnun" í 1. mgr. 2. gr. komi: húsnæðismálastjórn. — Þetta er aðeins leiðrétting.

Þá er 2. liður brtt., sem segir, að í stað 2., 3. og 4. mgr. 2. gr. komi: „Setja skal á stofn tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. byggingarefnakaupmanna."

Þarna eru þrjár mgr., sem lagt er til að falli niður úr 2. gr. — 1. mgr., sem lagt er til að felld verði niður, kveður svo á, að húsnæðismálastjórn sé heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félmrh., er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landssvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkv. lögum nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur í slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félmrh.

Þetta leggjum við til að verði alveg fellt niður úr lögunum. Eins og þarna segir, þá er húsnæðismálastjórn heimilt að undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti að þeim o. s. frv., undirbúa þetta allt saman, og síðan, þegar skipulagsuppdráttur hefur verið gerður og samþykktur af húsnæðismálastjórn og skipulagsnefnd, þá er viðkomandi bæjarfélagi skylt að láta framkvæma þetta, útvega land undir byggingahverfi, þó að það sé í eign annarra aðila en bæjarfélagsins sjálfs, og þá með eignarnámi, ef þarf. M. ö. o.: allt vald í þessum málum þessu viðvíkjandi er tekið úr höndum viðkomandi bæjarstjórna og fengið í hendur húsnæðismálastjórnar. Sjá allir, í hvert óefni hér væri stefnt, ef þessum ákvæðum væri framfylgt.

Húsnæðismálastjórn getur sem sagt, hvenær sem henni sýnist, ákveðið byggingar í kaupstöðum, staðsett þær og skipulagt án þess að tala við viðkomandi bæjarstjórn um þessa hluti. Bæjarstjórnanna er bara að greiða og láta

framkvæma það, sem húsnæðismálastjórn fyrirskipar á þessu sviði. Það er augljóst, að þetta ákvæði í lögunum getur verið stórhættulegt, ef því er harkalega beitt, eins og húsnæðismálastjórn hefur fullt vald til að gera samkv. þessari mgr.

Eins og lögin eru nú, er húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, þ. e. húsbyggingarmálum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar. Heimilt er félmrh. að skipa n. sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherrann þóknun til nefndarmanna.

Í staðinn fyrir þessa liði leggjum við til að komi sérstakt tækniráð, tilnefnt af þeim aðilum, sem ég nefndi hér áðan.

Þá kem ég að 2. brtt. okkar, en hún er um það, að í stað stafliðar G í 1. mgr. og 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. laganna komi einn stafliður (G), svo hljóðandi:

„Húsnæðismálastjórn skal setja almennar reglur um veitingu lána. Í samræmi við þær reglur skulu útbúin umsóknareyðublöð um lán, einföld, skýr og hentug til afnota fyrir almenning.“

Í staflið G, sem við leggjum til að felldur sé niður, segir:

„Félmrh. skal að fengnum till. húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl., enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.“

Það er þessi liður, sem við leggjum til að verði felldur niður.

Eins og þessi G-liður ber með sér, þá er ýmislegt, sem lántakendur eða þeir, sem sækja um lán, verða að svara, áður en þeir geta fengið lán. Ég hef hér eyðublað fyrir umsókn um A- og B-lán. Þetta eyðublað hefur inni að halda ótalmargar spurningar, sem hver, sem um lán sækir, verður að svara.

Það er heilmikill lestur að fara í gegnum þetta eyðublað. Spurningarnar eru svo margar og margvíslegar, að það er heilmikill lærdómur, ef ætti að svara þeim öllum, eins og gert er ráð fyrir á eyðublaðinu og eins og hver, sem um þessi lán sækir, verður að gera, þar sem hann verður, eftir að vera búinn að fylla þetta blað út, að votta það að viðlögðum drengskap, að allar upplýsingar, sem þarna eru gefnar, séu réttar, „enda er mér ljóst,“ segir í þessari yfirlýsingu, sem viðkomandi maður verður að skrifa undir, „að vísvitandi rangar upplýsingar ógilda umsóknina um eitt ár“. En við að lesa þetta umsóknareyðublað hlýtur öllum, sem það gera, að vera ljóst, að þeim spurningum, sem þarna er varpað fram, er ógerningur að svara nákvæmlega eða að öllu leyti rétt. Þetta er svo mikið og flókið, sem hver maður verður að segja, enda hefur farið svo, að einstaklingar, sem hafa sótt um lán, hafa gefizt upp á að útfylla þessi eyðublöð. Mér er persónulega kunnugt um það af þeim stað, þar sem ég er kunnugastur, að menn gáfust alveg upp á að útfylla þetta og urðu að fá sérstaka hjálp, ef þeir áttu að geta gert það, og þessi eyðublöð eru gefin út, þegar búið er að veita lán í eitt eða tvö ár eftir öðrum einfaldari umsóknareyðublöðum, sem ekki varð séð annað en húsnæðismálastjórn hefði fullt gagn af, þegar þau komu fram.

Meðal annars, sem viðkomandi umsækjandi þarf að upplýsa í þessu, er að gera kostnaðaryfirlit eða kostnaðaráætlun, eins og það heitir hér, um byggingu húss, sem hann ætlar að fara að sækja um lán til. Þessi áætlun er sundurliðuð í 14 liði með 52 undirliðum, og maður, sem ætlar að fara að byggja og er ekki byggingarfróður, verður aldeilis að halda á spöðunum, ef hann á að fá þessu öllu saman svarað, því að ég sé ekki annað en hann verði að leita til allra sérmenntaðra manna í byggingariðnaðinum, t. d. trésmiða, múrara, pípulagningarmanna, rafvirkja, þeirra, sem dúkleggja, rörlagningarmanna o. s. frv., til þess að fá að vita, hvað hver einstakur liður í húsinu kostar, því að ef þetta er ekki allt saman útfyllt, þá er ekki að sjá annað á eyðublaðinu en að það geti kostað manninn, að hann sé útilokaður frá að fá lán í eitt ár, ef upplýsingarnar eru ekki réttar. En svo verður manni á að spyrja: Hvaða gagn hefur húsnæðismálastjórn af því að fá þúsundir umsókna þannig útfylltar? Vinnur hún úr þessu, og það, sem hún getur unnið úr því, að hvaða gagni kemur það? Ef þetta kemur ekki að neinu gagni, þá er til lítils að gera mönnum svona alveg sérstök óþægindi með þessari margföldu skýrslugjöf, sem hér er um að ræða. En það er trúlegt, að í skjóli þessa G-liðar hafi þessi mikla skriffinnska skapazt, og leggjum við því til, að hann sé felldur niður og að í staðinn fyrir hann komi bara einfaldlega: „Húsnæðismálastjórn skal setja almennar reglur um veitingu lána. Í samræmi við þær reglur skulu útbúin umsóknareyðublöð um lán, einföld, skýr og hentug til afnota fyrir almenning.“

Við stefnum sem sagt að því með þessari till. að koma í veg fyrir óhóflega skriffinnsku, eins og ég hef hér lýst, sem virðist vera orðin ríkjandi um lánamálin og þessi eyðublöð, sem ég var nú að gera að umtalsefni, bera ljóst vitni um. En það er vitaskuld, að það verður að setja reglur um lánveitingarnar, en þær reglur hljóta að geta orðið einfaldari en það, sem núna gildir, og komið samt að fullu gagni.

Ákvæðin í 2., 3. og 4. málslið, sem við leggjum til að verði felldir niður, eru ákvæði, sem virðast eiga frekar heima í reglugerð og ekki nauðsynlegt að hafa í lögunum.

Þá leggjum við til, og er það í samræmi við till. sjálfstæðismanna á síðasta þingi, að stofnað verði til frjáls sparnaðar í stað skyldusparnaðarins, sem lögfestur var. Við leggjum til, að setja skuli á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands

sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.

„Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5 þús. kr. á ári í a. m. k. 5 ár.

Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5 þús. kr. á ári.

Bankar og sparisjóðir skulu skyldir að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.

Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.

Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum, frá því að innlög hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá húsnæðismálastjórn, allt að 25% hærra en venjulegt hámark er, þó aldrei yfir 2/3 hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.

Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, sem ráðherra setur að fengnum till. húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.“

Þetta eru m. ö. o. þau ákvæði, sem við leggjum til að komi í staðinn fyrir ákvæðin um skyldusparnaðinn, sem lögfestur var á síðasta þingi og er nú gildandi í húsnæðismálalöggjöfinni.

Það er ekki hægt að áætla, hvað slíkar ráðstafanir gætu leitt til mikillar sparifjármyndunar, en við hyggjum, að frjáls sparnaður með sérstökum hlunnindum, eins og hér er gert ráð fyrir, sé líklegri til árangurs en skyldusparnaður.

Framkvæmd ákvæðanna um skyldusparnaðinn hefur verið sú, að út hafa verið gefnar tvær reglugerðir um hann. Fyrri reglugerðin er gefin út 1. okt. 1957 eða staðfest þá, og hún fjallar um tilhögun innheimtunnar fyrir tímabilið frá 1. júní 1957 til 31. des. 1957, þ. e. a. s. frá því að skyldusparnaðurinn gengur í gildi 1. júní 1957 og til áramóta. Þessi hluti skyldusparnaðarins var ekki innheimtur jafnóðum af kaupi, eins og seinni reglugerðin, sem út var gefin 27. nóv., ef ég man rétt, gerir ráð fyrir og nú er framkvæmd á þann hátt, að skyldusparnaðurinn er innheimtur með sparifjármerkjum, sem greidd eru viðkomandi aðilum, sem eru skyldir að spara samkvæmt lögunum, — sparifjármerkjum, sem límd eru inn í sérstaka bók eftir reglum, sem um það gilda. En sá skyldusparnaður, sem féll í gjalddaga frá 1. júní 1957 til áramóta, er óinnheimtur enn þá, og gert er ráð fyrir, að hann verði innheimtur með tekju- og eignarskatti, sem álagður verður á þessu ári og miðast við tekjur ársins 1957. Hvernig það muni ganga að innheimta þennan skatt, er óséð enn, en ef til vill gengur það vel. Ég skal ekki spá neinu um það. En trúað gæti ég samt, að það yrði einhverjum erfiðleikum bundið að innheimta það.

3., 4. og 5. brtt. okkar eru um það, að 10., 11. og 12. gr. laganna falli niður, en það eru gr. laganna, sem fjalla um skyldusparnaðinn, en við viljum láta koma þar annað í staðinn.

6. brtt. okkar er í tveimur stafliðum, a og b. Í a-liðnum segir, að í stað „4 millj. kr.“ í 16. gr. l. komi: 12 millj. kr.

Samkv. húsnæðismálalöggjöfinni, sem sett var 1955, var viðurkennd sú meginregla, að ríkissjóður skyldi leggja fram jafnháa fjárhæð og sveitarfélögin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Reyndar var framlag ríkissjóðs í fyrstu bundið við 3 millj. kr., þar sem óvíst var, um hve mikla fjárhæð yrði þarna að ræða, en það kom fljótlega í ljós, að þetta framlag ríkissjóðs yrði að hækka verulega, ef meginreglunni um jafnhátt framlag ætti að fullnægja. Það var því hvergi fullnægjandi, þó að upphæðin frá ríkissjóði væri hækkuð á s. l. ári í 4 millj. kr., en þá lögðu sjálfstæðismenn til að framlagið yrði haft óbundið samkvæmt meginreglunni um jafnt framlag.

Við leggjum því til, að í stað „4 millj. kr.“ komi 12 millj. kr. í þessari gr.

Þá leggjum við til samkv. b-lið 6. brtt., að á eftir 17. gr. l. komi *ný grein*. Í henni segir:

„Nú stofnar sveitarfélag byggingarsjóð í því skyni að veita lán til nýbygginga, svo að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði, og skal þá ríkissjóður leggja slíkum sjóði jafnhátt árlegt framlag og veitt er úr sveitarsjóði.“

Undirbúningur mun nú hafinn að stofna slíkan byggingarsjóð í Reykjavík t. d., og búast má við, að fleiri bæjarfélög komi á eftir. Því er hér lagt til, að ákvæði þetta sé tekið upp í húsnæðismálalöggjöfina.

Ég hef þá minnzt á brtt. þær, sem við hv. 11. landsk. og ég berum fram við þetta frv., og læt því máli mínu lokið.

ATKVGR.
Brtt. 420,1.a felld með 8:4 atkv.
— 420,1.b felld með 8:6 atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 420,2 felld með 7:6 atkv.
Brtt. 420,3 tekin aftur.
Brtt. 420,4—5 teknar aftur.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 420,6 felld með 8:6 atkv.
Brtt. 420,7 felld með 8:6 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 83., 84., 85., 86., 87. og 114. fundi í Ed., 22., 25., 28. og 29. apríl, 2. og 31. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Ed., 2. júní, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 337, 433, 599).

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram litla brtt. við frv. Brtt. er á þskj. 599, það er breyting á 4. málsgr. 1. gr. laganna. Í þessari brtt.

er lagt til, að framkvæmdastjóri húsnæðismálastofnunar annist daglegan rekstur stofnunarinnar og ráði starfsmenn hennar með samþykki ráðh. Með þessari breytingu er fram á það eitt farið, sem mun þykja sjálfsagt um allar stofnanir. Það vita allir, að það er ekki hollt, að það séu fimm skipstjórar á einu skipi, og það er heldur ekki hollt, að það séu fimm jafnréttháir ráðamenn í einni stofnun, enda mun það vera óvenjulegt. Ætlunin var með þessari brtt. að ráða bót á þessu og gera stofnunina starfhæfari. Þar sem ég tel, að samkomulag hafi orðið um að leysa þetta mál á annan hátt, þá lýsi ég því yfir, að ég tek hér með þessa brtt. aftur.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Nokkru áður en málið kom til 3. umr., það eru liðnar nokkrar vikur síðan, flutti ég brtt. á þskj. 433, sem ég vildi leyfa mér að gera grein fyrir.

1. brtt. er við 16. gr. laganna um húsnæðismálastjórn o. s. frv., en í þeim l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem ófafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, allt að 4 millj. kr. ár hvert næstu 10 ár.“

Þegar húsnæðismálalögin voru undirbúin á árinu 1954, var þetta mál mjög rætt, hverjar leiðir skyldi fara til þess að reyna að útrýma heilsuspillandi húsnæði í landinu. Af þeirri n., sem fjallaði um málið, og hæstv. þáverandi ríkisstj. var viðurkennt, að hér væri um sameiginlegt vandamál ríkisins og sveitarfélaganna að ræða, sem þessir aðilar yrðu að leysa í sameiningu. Niðurstaðan varð sú, að það væri eðlilegt, að til þessara framkvæmda skyldi varið fé til jafns úr ríkissjóði og sveitarsjóði. Það er sú meginregla, sem er orðuð í þessu ákvæði, sem ég las upp: „skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti“.

Í grg. frv. kemur þetta sjónarmið og þessi meginregla enn skýrar fram. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, í grg. frv., það eru Alþingistíðindi 1954, A-deild, bls. 960, þar segir: „Er eðlilegt, að bæjar- og hreppsfélög leggi árlega fram fé í þessu skyni gegn jöfnu framlagi úr ríkissjóði.“

Þetta var meginsjónarmiðið, sem gilti. Hins vegar var ákveðið, þegar lögin frá 1955 voru sett, að setja þarna inn hámarksákvæði, að hið árlega framlag skyldi þó ekki vera hærra en 3 millj. kr., og var það byggt á því, að þá var talið, að sú upphæð mundi fyllilega nægja, framkvæmdir sveitarfélaganna í landinu mundu ekki verða meiri en sem því svarar. Fyrir rúmu ári, þegar núgildandi lög voru sett um þetta efni, var þetta hámark hækkað upp í 4 millj. Þá hafði þegar komið í ljós, að framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði höfðu orðið miklu meiri en gert var ráð fyrir, þegar 3 millj. framlagið var ákveðið. Á þetta var bent, þegar hækkað var upp í 4, en það fékk ekki hljómgrunn og tillögur í þessu efni felldar.

Nú er það 1. brtt. mín á þskj. 433, að Alþ. viðurkenni og staðfesti það meginsjónarmið, sem lá til grundvallar lögunum frá 1955, að við útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis sé það mál, sem varðar ríkið og sveitarfélögin jafnt. Aðaltillagan er því sú að fella niður þetta hámarksákvæði, og verður þá ákvæðið á þá lund, að ríkissjóður skuli lána jafnháa upphæð á móti sveitarfélögunum í þessu skyni.

Nú kunna menn að spyrja: Er hér ekki farið fram á óhæfilega mikið fé? — En ég vil svara því til, að eins og fjárhag sveitarfélaganna á Íslandi er yfirleitt háttað, þá held ég, að ríkisvaldinu sé engin ofraun eða ofrausn að leggja fram jafnmikið fé og þau treysta sér til að leggja fram til þessara mála. Fyrst og fremst verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir þeirri grundvallarhugsun og viðurkenna það meginsjónarmið, að hér sé um sameiginlega skyldu ríkis og sveitarfélaga að ræða.

Eins og ég tók fram, hafa framkvæmdir í þessum efnum orðið af hálfu sveitarfélaganna og sérstaklega hér í Reykjavík miklu meiri en gert var ráð fyrir, þegar 3 millj. hámarkið var sett, og þess vegna brýn þörf á að breyta þessu, þó að það hafi verið hækkað upp í 4 milljónir. Á þrem síðustu árum hafa framkvæmdir við byggingu nýs húsnæðis til að útrýma heilsuspillandi húsnæði í Reykjavík einni verið nær 40 millj. kr. Að vísu á framlag ríkissjóðs ekki að koma á móti því öllu, vegna þess að væntanlegir kaupendur þessara húsa greiða að sjálfsögðu strax við kaupin nokkra fjárhæð, sem kemur til frádráttar. En þessi upphæð sýnir þó, að hér þarf miklu meira.

Ef svo skyldi fara, að hv. d. geti ekki fallizt á þetta sjónarmið, sem er þó langeðlilegast, að *fella niður hámarkið, þá flyt ég* varatillögu um það, að fyrir orðin „4 millj. kr.“ komi: 10 millj. kr.

Á s. l. hausti kom þetta mál m. a. til umr. í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá flutt um það till. af fulltrúum allra stjórnmálaflokka í bæjarstjórninni og samþ. einróma áskorun á Alþ. að hækka þetta framlag ríkissjóðs til samræmis við það, sem ætla má að framlög sveitarfélaga í þessu skyni muni verða, og taldi bæjarstjórnin þá, að til þess þyrfti ríkissjóðsframlagið fyrir 1958 að nema um 12 millj. kr. Með varatill. fer ég þó aðeins fram á, að 4 millj. verði hækkaðar upp í 10 millj.

Til þrautavara flyt ég svo till. um það, að hækkað verði úr 4 millj. í 8 millj., ef hinar tillögurnar fá ekki byr.

Þá er 2. brtt. á þessu sama þskj. Nú segir svo í gildandi lögum, 16. gr. einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Lánveiting ríkissjóðs er þó ávallt bundin því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði hafi verið tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert.“

Þetta þýðir það, ef bókstaflega er skilið, að enginn eyrir fæst úr ríkissjóði eða frá húsnæðismálastjórn til þessara framkvæmda, fyrr en fulllokið er að byggja hið nýja húsnæði, fólkið úr hinu heilsuspillandi húsnæði er flutt þangað inn og búið að rífa eða taka úr notkun hinar heilsuspillandi íbúðir. Þetta þýðir það í

framkvæmd, að sveitarfélögin verða ekki aðeins að leggja út þann helming, sem þau eiga sjálf að standa undir, heldur verða þau að lána ríkissjóði til bráðabirgða hinn helminginn, ríkissjóðshelminginn.

Ég skil ekki í því, að nokkur maður sjái, að sanngirni sé í slíkum lagaákvæðum. Í lögunum frá 1955 var þetta miklu mildara ákveðið, og húsnæðismálastjórn tók þá ákvörðun um það að veita þessi lán, þó að hið nýja húsnæði væri í smíðum og ekki fullgert, gegn skuldbindingu sveitarfélaganna um það, að hið heilsuspillandi húsnæði yrði tekið úr notkun, strax þegar flutt yrði inn í hið nýja. Þannig var þetta framkvæmt um hríð. En með lagabreytingunni frá því í fyrra var mjög hert á þessu ákvæði, og húsnæðismálastjórn hefur talið sér tæplega heimilt að inna af hendi greiðslur í þessum efnum nema eftir bókstaf laganna, þ. e. a. s. fyrr en hið nýja húsnæði er tekið í notkun og búið að rífa hið gamla. Og það er ekki nóg með það, heldur hefur hæstv. núv. félmrh. krafizt þess með bréfi til húsnæðismálastjórnar, að þessu harðskeytta og ósanngjarna ákvæði verði framfylgt til hins ýtrasta, alveg eftir bókstaf laganna, svo að eftir þessa vinarkveðju frá hæstv. félmrh. um algerlega bókstaflega túlkun laganna í þessu efni má gera ráð fyrir, að húsnæðismálastjórn telji sér alls ekki heimilt að greiða neitt í þessu efni, fyrr en hið nýja húsnæði er fullbyggt.

Slík ákvæði og slík túlkun og framkvæmd ná vitanlega ekki nokkurri átt, að ofan á það, að sveitarfélögin leggi fram sinn helming til þessara framkvæmda, þá krefjist ríkisvaldið þess, að sveitarfélögin þar að auki láni ríkinu þess hluta, þangað til húsnæðið er fullgert. Vitanlega hefur ríkið fulla tryggingu fyrir því og hefur það alveg í hendi sér að láta loka eða rífa hið heilsuspillandi húsnæði, þegar flutt er úr því og inn í hið nýja húsnæði.

Till. mín á þskj. 433 í þessu efni, tölul. 2, er því á þá lund, að í staðinn fyrir orðin „Lánveiting ríkissjóðs er þó ávallt bundin því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði hafi verið tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert“ komi: Sveitarfélagi er skylt að sjá um, að tekin verði úr notkun ein ónothæf íbúð á móti hverri nýrri íbúð, sem lán er veitt til samkvæmt þessari grein.“ M. ö. o. sé lögð sú algera skylda á sveitarfélögin að sjá um, að þetta sé framkvæmt, og vitanlega hefur ríkisstj. og húsnæðismálastjórn það algerlega í hendi sér að sjá um, að þetta sé framkvæmt.

Ég vænti, að þessar eðlilegu lagfæringar og leiðréttingar á lögunum nái samþykki hv. deildar.

ATKVGR.
Brtt. 599 tekin aftur.
Brtt. 433,1 felld með 11:6 atkv.
— 433,1 varatill. felld með 10:7 atkv.
— 433,1 þrautavaratill. felld með 8:7 atkv.
— 433,2 felld með 7:6 atkv.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 617).

32. Búfjárrækt.

Á 14. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 frá 5. júní 1957, um búfjárrækt [39. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 17. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breyting á lögum nr. 54 frá 5. júní 1957, um búfjárrækt. Það er flutt af landbn. Ed.

Segja má, að e. t. v. sé fullsnemmt að bera fram brtt. við búfjárræktarlögin, því að þau voru samþykkt og afgreidd frá síðasta Alþingi. En í grg. er skýrt nokkru nánar, hvers vegna frv. þetta er fram komið. Í því er gert ráð fyrir breytingu á tveim greinum í lögum um búfjárrækt, þ. e. 66. og 67. gr. Frv. er flutt að beiðni allmargra oddvita, sem fært hafa rök að sínu máli og sýnt fram á, að þessar breytingar eru eðlilegar, eins og nú er háttað. Og allir fulltrúar í landbn. Ed. voru einhuga um að taka þessi tilmæli oddvitanna til greina.

Samkv. 67. gr. búfjárræktarlaga, eins og þau eru nú úr garði gerð, skal kjósa forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til fjögurra ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar. Samkv. þessu ákvæði eru forðagæzlumenn valdir af öllum kjósendum sveitarfélagsins. En þetta þykir nú orðið *óeðlileg skipan, einkum í þeim sveitarfélögum,* þar sem mikill hluti íbúanna leggur enga stund á landbúnað né búfjárrækt og telur því kosningu forðagæzlumanna sér óviðkomandi. En hér er einkum um að ræða þá hreppa, sem hafa nú orðið innan sinna vébanda allstór og fjölmenn þorp eða kauptún.

Þegar svo er ástatt, að meiri hluti kjósenda sveitarfélagsins telur þessa kosningu sér óviðkomandi, getur verið erfiðleikum bundið að fá menn kjörna til þessara starfa. Hafa því sveitarstjórnir gripið til þess ráðs, sem reyndar er eðlilegt, að skipa menn í starf þetta, en þeir, sem skipaðir hafa verið, hafa þá sýnt fram á það, að þeim beri ekki borgaraleg skylda til að taka þessi störf að sér, vegna þess að lagaheimild skorti.

Það þykir því eðlilegra, eins og nú horfir, að forðagæzlumenn séu skipaðir af sveitarstjórnum í upphafi kjörtímabils þeirra, og hnígur breytingin við 67. gr. í þá átt.

Til samræmis við þessa breytingu er síðan gert ráð fyrir breytingu á 66. gr. laganna, en hún gengur einungis í þá átt að taka af öll tvímæli um það, að skylt sé að hafa gát á fóðurbirgðum og meðferð á búpeningi í öllum sveitarfélögum, þar sem um einhverja búfjárrækt er að ræða.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri. Frv. er flutt af nefnd, og mun því óþarfi að vísa því sérstaklega til n., en ég geri það að till. minni, að því verði vísað til 2. umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Um þetta mál er ekki margt að segja fram yfir það, sem rætt var við 1. umr. Ég vil einungis geta þess, að landbn. efri deildar er sammála og telur rétt, að frv. nái fram að ganga, og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt til 3. umræðu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 98).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 59 er flutt af landbn. hv. efri deildar, og er það um nokkrar breytingar á þeim kafla búfjárræktarlaganna, sem fjallar um forðagæzlu. Af breytingunni, ef að lögum verður, leiðir engan aukinn kostnað, en á að tryggja betra fyrirkomulag við kosningu forðagæzlumanna og við forðagæzlu og eftirlit með fóðrun búpenings yfirleitt.
Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og mælir með því, að það nái fram að ganga. Er álit n. prentað á þskj. 98. Samkvæmt því leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 110).

---

33. Skemmtanaskattsviðauki.

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958 [84. mál] (þmfrv., A. 141).

Á 38. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. flytur þetta frv. á þskj. 141 um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958. Nefndin flytur frv. að beiðni hæstv. menntmrh. Lög um sama efni hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök fyrir því nú og áður, að skemmtanaskattur verði innheimtur með þeim viðauka, sem ákveðinn er í 1. gr. þessa frv., því að fjárþörf þeirra aðila, sem teknanna eiga að njóta, er eigi minni nú en verið hefur.
N. hefur borið orðalag þessa frv. saman við lög þau, sem gilda um þetta efni nú á þessu ári, og komizt að raun um, að frv. er að efni til alveg samhljóða núgildandi lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, GÞG, HS, ÓB, PÞ, PP, SkG, StgrSt, ÁB, BG, EOl.
BBen, BÓ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, PO, RH, SÁ greiddu ekki atkv.
10 þm. (GÍG, HÁ, HV, IngJ, KGuðj, LJós, ÓTh, SvbH, ÁÞ, ÁkJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 178).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að heimilt skuli að innheimta álag á skemmtanaskatt, eins og hefur verið gert í mjög mörg undanfarin ár. Þetta álag hefur numið 200% af kvikmyndasýningum og 20% af öðrum skemmtunum. En leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna eru undanþegnar álaginu og svo sýningar á íslenzkum kvikmyndum.
Menntmn. hefur athugað þetta frv. á fundi sínum í gær og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 202).

---

34. Húsnæði fyrir félagsstarfsemi (frv. EggÞ).

Á 45. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um húsnæði fyrir félagsstarfsemi [94. mál] (þmfrv., A. 180).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., 7. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég hef hér leyft mér að flytja, er ekki mikið að sniðum eða um stórmál að ræða.
Eins og alkunnugt er, a. m. k. innan verkalýðsfélaganna, hefur það mjög háð starfsemi þeirra á undanförnum árum, hve húsakostur hefur verið hér óhentugur og þó öllu fremur hve lítið framboð hefur verið af því húsnæði, sem verkalýðsfélögin helzt þurfa á að halda. Það er einnig vitað, að í hugum allt of mikils hluta fólks er starfsemi verkalýðsfélaga einungis við kaupgjalds- og vinnudeilur, og hefur oft verið um það rætt af þeim, sem lítið þekkja til, að þessi félög hafi yfirleitt ekki aðra starfsemi með höndum. Þetta er mikill misskilningur. En þetta álit ýmissa manna kann þó að mega rekja til þess, að félögin hafa ekki haft aðstöðu til þess að reka aðra starfsemi en beina félagsfundi og það, sem í kringum þá er nauðsynlegt að starfa. Af þessum sökum hafa mörg hin smærri félög verið á beinum vergangi hér í höfuðborginni og þó sérstaklega hin fátækari félög, sem erfitt eiga með að klófesta sér húsnæði. Það er eins um þessi tvö félög, sem hér eiga hlut að máli, eða réttara sagt styrktarsjóði þessara tveggja félaga, Félags íslenzkra rafvirkja og Múrarafélags Reykjavíkur, að þau festu á árinu 1956 kaup á húsi hér á góðum stað í bænum, nánast miðsvæðis og góðu til fundarsóknar hvað viðkemur legu hússins og staðsetningu. En það kom síðar í ljós, að hús þetta hafði á sínum tíma verið byggt sem íbúðarhús, og þó að kaupin hafi verið fest réttum 5 mánuðum áður en bráðabirgðalögin voru sett um afnot íbúðarhúsnæðis, þá hafði það ekki verið tekið til afnota sökum fjárskorts og braut því í bága við þau lög. Meginuppistaða þessa frv. er því að heimila þessum félögum að taka þetta húsnæði sitt til afnota, eins og í grg. frv. er frá skýrt.
Hv. deild hefur þegar afgr. nokkuð hliðstætt mál tafarlaust til Nd., og ég vænti þess, að fullur skilningur hv. deildarmanna ríki einnig á því að ganga til móts við ákvæði þessa frv. og samþykkja það á sem tafarminnstan hátt. Ég tel ekki þörf á því á þessu stigi málsins — það verður ef til vill tækifæri til þess, þegar málið kemur úr n. — að skýra það öllu frekar.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, að þau stéttarfélög, sem eru eigendur umrædds húss, höfðu keypt það, áður en lögin um bann við notkun íbúðarhúsnæðis til annarra nota en íbúðar voru sett. En þeir voru ekki búnir að taka húsnæðið í notkun, þegar lögin komu, og þar með féll þessi húseign undir löggjöfina, að ekki var heimilt að taka þetta hús til annarra nota en íbúðar, eins og það upprunalega hafði verið teiknað.
Ég gerði það fyllilega með vilja að hafa enga undanþágumöguleika í þeirri löggjöf, og þess vegna er ekki heimilt að taka neitt íbúðarhúsnæði til annarra nota nema þá með þeirri aðferð, sem hér hefur nú verið farin í tveimur tilfellum, þ. e. a. s. þegar Reykjavíkurbær flutti hér frv. um að mega taka húseign hér í bænum til afnota sem fæðingarstofnun, sem Reykjavíkurbær ræki, að fengnum ummælum frá landlækni um það, að hann teldi slíkrar stofnunar þörf, og sú þörf raunar viðurkennd af öllum, málið þess eðlis líka, að það var ekki hætta á, að sú breyting frá lögunum

skapaði almennt fordæmi, það yrði varla komið á fót annarri fæðingarstofnun en þeirri, sem þar um ræðir, viðbót við þá, sem ríkið og Reykjavíkurbær eiga fyrir. Og eins er þetta mál. Þarna er um að ræða félagsheimili tveggja stéttarfélaga, og þeim er það mikil nauðsyn að fá slíkt húsnæði og ekki vitað um, að nein stéttarfélög önnur séu þannig á vegi stödd eins og þessi tvö eru. Önnur stéttarfélög, sem réðust í að útvega sér félagsheimili, mundu byggja nýjar byggingar frá grunni. En þarna stendur alveg sérstaklega á.

Út frá þessu sjónarmiði og með tilvísun til hins fyrra máls, sem afgreitt var hér út úr hv. deild fyrir jólin, lýsi ég því yfir, að ég legg ekki stein í götu þessa máls, og ríkisstj. mun telja, að ekki sé síður brýn nauðsyn til þess að verða við þörfum þessara tveggja stéttarfélaga en leysa þörf Reykjavíkurbæjar að því er snertir fæðingarstofnun til bráðabirgða í húsnæði, sem þó hafði áður verið haft sem íbúðarhúsnæði. Það mál fannst mér vera rétt á mörkum þess, að hægt væri að mæla með því, og einungis það, hve nauðsynin var talin brýn, skar þar úr.

Ég tel, að það hafi verið mjög mikil nauðsyn á því að taka í taumana og stöðva það, að áður en bráðabirgðalögin um notkun íbúðarhúsnæðis voru sett, þá var sífellt verið að breyta íbúðarhúsnæði, gömlum húsum og nýjum, og svindilbrask komið í fullan gang með að teikna bara eldhúsinnréttingar í stórhýsi, sem allir vissu að voru hugsuð sem verzlunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði og fengu ekki fjárfestingarleyfi hins opinbera og byggingarleyfi, og þá var farið inn á þá braut bara að svindla með þetta, sýna byggingaryfirvöldum borgarinnar eldhúsinnréttingateikningar í þessum skrifstofusölum og láta það heita svo, að þarna væri verið að byggja íbúðarhús, smáíbúðir, sem að öllu leyti gætu farið fram hjá fjárfestingaryfirvöldunum, þyrfti ekki sérstök leyfi til. Þetta þurfti auðvitað að stöðva, og þetta var stöðvað. Enn er nokkurt vandkvæðamál með þær byggingar, sem þá voru á döfinni, en mönnum er ekki kunnugt um, að haldið hafi verið áfram með þessa starfsemi, sem var alveg að öllu leyti óþolandi í borg, þar sem húsnæðisskortur var ríkjandi og þjáði þúsundir íbúanna. Ég mundi því vilja vænta þess, að þessi tvö fordæmi, sem nú líklega verða veitt, — fordæmi, sem hér hafa komið fram í sérstöku frumvarpsformi á Alþ. að því er snertir fæðingarstofnun og félagsheimili, — séu þess eðlis, að þau verði talin nokkuð sérstæð, og ef fleiri mál koma hér á dagskrá þess eðlis að veita undanþágu frá lögunum um bann við notkun íbúðarhúsnæðis til annarra nota en íbúðar, þá verði hv. deildarmenn og alþm. yfirleitt mjög varfærnir við að brjóta niður þessa lagasetningu, sem er í alla staði hin eðlilegasta, að það húsnæði, sem upphaflega er áformað og byggt til íbúðar, verði, meðan húsnæðisskortur er í bænum, ekki hrifsað til einna og annarra nota, hinna og þessara, þarfra sem óþarfra, og skapi þannig áframhaldandi og viðvarandi húsnæðisskort, eins og þessi þróun málanna hafði þegar skapað. Það var alveg sama, hvað mikið var byggt, því að það gat verið í gangi breyting á íbúðarhúsum, eins mörgum og verið var að byggja, og þær íbúðir skiptu mörgum tugum, sem var verið að breyta með miklum hraða, þegar löggjöfin var sett.

Ég vildi láta þetta koma fram hér, að það, sem hér um ræðir, er þess eðlis, að ekki muni skapa almennt fordæmi, og á hinn bóginn mikil þörf hjá tveimur stéttarfélögum til þess að fá breytingu á l. og geta þannig tekið þetta húsnæði sitt í notkun sem félagsheimili, — það sé þannig vaxið, að ég mun ekki leggjast á móti því.

Hins vegar stóð ég alveg eins og veggur gegn því að veita þessum vinum mínum í stéttarfélögunum undanþágu frá l., sem undir mig heyrðu, hversu knýjandi nauðsyn sem ég sá að var á því og hversu fast sem þeir sóttu á mig. Ég vissi, að ég var búinn að brjóta niður alla löggjöfina, ef ég fór að láta stéttarfélög eða aðra komast upp með það að fá undanþágu frá l., og það er auðvitað á valdi Alþ. eins að gera breytingar á l. í hvert einstakt skipti og meta þá þörfina og nauðsynina.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er engan veginn til þess að leggja stein í götu þessa frv., að ég kvaddi mér hljóðs. En ég vil í sambandi við ummæli hæstv. félmrh. benda á, að það er komið í ljós, sem við sjálfstæðismenn bentum á í sambandi við meðferð húsnæðislaganna, að það er óheppilegt að hafa enga undanþáguheimild í lögunum. Þróunin er svo ör á öllum sviðum, að það er illmögulegt að setja þannig löggjöf, að hvergi megi út af bera; þetta er komið í ljós. Hæstv. ráðh. nefndi hér tvö tilfelli, þar sem Reykjavíkurbær sækir um að mega nota hús í fæðingarstofnun. Hæstv. ráðh. segir að vísu, að það hafi verið á takmörkunum, að hann gæti fallizt á það. Ég veit ekki, hvar hann vill setja takmörkin. Ég tel, að það hafi verið mikil nauðsyn á þessu fæðingarheimili. En ég vil að gefnu þessu tilefni hæstv. ráðh. spyrja hann: Hvernig er varið með Laugaveg 18? Ég minnist þess þau tuttugu ár, sem ég var hér í bænum, að Laugavegur 18 var stórt íbúðarhús með fjölda íbúða. Nú veit ég ekki betur en það sé búið að rífa þetta hús niður, og mér er tjáð, að þarna eigi að byggja upp, ekki íbúðir, heldur alls konar félagsstarfsemi og skrifstofur, og það er pólitískur flokkur, sem það er að gera. Ég minnist ekki að hafa séð neina sérlöggjöf um þetta og vildi þess vegna spyrja hæstv. ráðh., hvernig þessu er varið. Ef setja þarf sérlöggjöf um einn aðila, eins og gert er við Alþfl. og við Reykjavíkurbæ, þegar þeir fara fram á breytt húsnæði, hvernig stendur á, að ekki þarf að setja sérlöggjöf líka, þegar sósíalistar vilja byggja hús og rífa íbúðarhús? Ég spyr hæstv. ráðh. og óska skýringa hans á þessu.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Nú verð ég að játa, að mér finnst vera mjótt í samhengisþræðinum hjá vini mínum, hv. þm. V-Sk., því að l. fjalla eingöngu um,

að það megi ekki breyta íbúðarhúsum í bænum, sem hafa verið teiknuð sem slík og voru tekin í notkun, þegar l. voru sett, til annarra nota. Það er ekkert í þeim l. um það, að eigendum húsa hér í Reykjavík sé bannað að rífa hús sín og að þeir megi ekki nota grunninn til þess að byggja aðra byggingu á eða heimila öðrum að kaupa lóðina og byggja á henni. Það allt saman heyrir undir byggingaryfirvöld Reykjavíkurbæjar og enga aðra og getur ekki heyrt undir aðra. Ég er afar hræddur um, að það hefði heyrzt hljóð úr horni, ef löggjöfin hefði gengið svo á rétt hins persónulega eignarréttar að setja þá kvöð á, að aldrei mætti rífa hús hér í bænum. Ég veit ekkert, hversu ágætt þetta hús hefur verið á Laugavegi 18, en það mun hafa verið gamalt timburhús, — er það ekki rétt? — sem núna hefur verið rifið, og þar mun eiga að byggja nýtt stórhýsi. Það heyrir að öllu leyti undir byggingaryfirvöld Reykjavíkurbæjar, í fyrsta lagi að leyfa þessar aðhafnir eða banna og samþykkja teikningu og annað athafnafrelsi á þeirri lóð, þegar hún hefur verið hreinsuð sem húslaus lóð í borginni. Það kemur ekkert til undanþágu frá þessari löggjöf og á ekkert skylt við það, sem hér er verið að gera, það er allt annars eðlis. En hv. þm. V-Sk. er vissulega frjálst, ef hann vill koma með löggjöf um að banna húseigendum í Reykjavík að rífa hús sín og banna að byggja upp á þeim grunni aftur. Það ætla ég ekki að gera, ég ætla ekki að setja slíka löggjöf. En varðandi lögin um bann við notkun íbúðarhúsa, inn á það svið kemur þetta ekki, það tilheyrir eingöngu valdssviði byggingaryfirvaldanna í Reykjavíkurborg, og mundu yfirvöldin telja sig þannig liðuð nú, að þau gætu ráðið því, sem þau vildu í þeim efnum, og þyrfti hvorki liðsinni frá mér né hv. þm. V-Sk. um það.

Jón Kjartansson: Ég vil benda hv. þingdeild á ummæli ráðh. Hann segir: Það er ekkert í lögum, sem bannar að rífa íbúðarhús og byggja upp að nýju skrifstofubyggingar eða hvað sem þeir vilja. — En hitt er bannað í l., segir ráðh., að breyta íbúðum í skrifstofur. Það má gera það mikla, stóra, en ekki það minna. Sjá ekki allir, hve mikil fjarstæða þetta er, ef fleiri gerðu þetta, við skulum segja, að það færu allir, sem eiga hús við Laugaveginn, og rifu niður og byggðu upp skrifstofubyggingar? Þetta er leyfilegt, segir hæstv. ráðh., það bara má ekki breyta íbúðum í skrifstofur. Það má rífa hús niður og byggja upp skrifstofur. Ég vil benda hv. deildarmönnum á, út í hvaða reginvitleysu hæstv. ráðh. er kominn með þessum rökfærslum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 180, n. 215).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. N. hefur yfirfarið frv., og eins og segir í nál. á þskj. 215, þá mælir n. einróma með samþykkt frv. ágreiningslaust. Vænti ég, að ekki þurfi frekari framsögu fyrir málinu, en vísa að öðru leyti til framsöguræðu þeirrar, er ég flutti, þegar málið var hér til 1. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 180, n. 267).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um það, að styrktarsjóði Félags íslenzkra rafvirkja og sjúkrastyrktarsjóði Múrarafélags Reykjavíkur skuli heimilað að taka eignarhluta sinn í húsinu nr. 27 við Freyjugötu í Rvík til afnota fyrir félagsstarfsemi.

Hér er um að ræða tvö stéttarfélög í Reykjavík, sem hafa um 600 skráða félagsmenn og hafa búið við mjög þröngan húsakost fyrir starfsemi sína, annað félagið a. m. k. algerlega húsnæðislaust. Af þessum ástæðum keyptu þessi félög hluta húseignarinnar nr. 27 við Freyjugötu hér í bæ, sem var þá í byggingu. Þessi kaup fóru fram réttum fimm mánuðum áður en bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum voru sett. Eftir setningu laganna hefur verið dregið í efa, að félögunum sé heimilt að halda áfram með fyrirætlanir sínar um notkun þessa húsnæðis, þrátt fyrir það að þegar við setningu laganna hafi verið búið að vinna þannig við húsið, að illframkvæmanlegt, ef ekki óframkvæmanlegt nema með ærnum kostnaði, er talið vera að breyta því í íbúðarhúsnæði. Hér er því farið fram á að skera úr þessum málum með því frv. til l., sem fyrir liggur.

Hv. Ed. hefur þegar afgreitt málið, og heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um það og mælir með samþykkt frv. Fjórir af fimm nefndarmönnum voru viðstaddir þá afgreiðslu nefndarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 284).

---

35. Fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

Á 34. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar [72. mál] (þmfrv., A. 121).

Á 35. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það var fyrir rúmum áratug, sem ríkið og Reykjavíkurbær byggðu saman fæðingardeild landsspítalans, og hefur hún síðan verið rekin með þeim hætti, að Reykjavíkurbær greiðir vissan hluta rekstrarhallans, en stjórn deildarinnar í höndum stjórnar ríkisspítalanna. Nú er það fyrir nokkru komið í ljós, að þó að þessi bygging bætti úr mjög brýnni þörf á sinni tíð, þá er hún orðin of lítil nú. Það hafa því verið raddir uppi um það að byggja við þetta hús, stækka það verulega, og liggja fyrir lauslegir uppdrættir frá húsameistara ríkisins um þá viðbyggingu. Það er gert ráð fyrir, að sú bygging, sem þeir uppdrættir fjalla um, muni kosta 10—12 millj. kr., en sjúkrarúmum þó aðeins fjölgað um 25, og er því hér um allkostnaðarsama leið að ræða, og tæki alllangan tíma, þangað til slíkt viðbótarhús kæmi að notum eða kæmist í gagnið. Þess vegna hefur verið rædd önnur leið til þess að bæta úr hinni brýnu þörf. Hún er sú að setja á stofn fæðingarheimili í tveim sambyggðum húsum, sem Reykjavíkurbær hefur átt í nokkur ár, við Eiríksgötu og Þorfinnsgötu. Þau hús hafa að undanförnu verið notuð fyrir fólk, sem hefur verið húsnæðislaust eða í miklum vandræðum, en nú hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að losa þau og þegar fluttar nokkrar af þeim fjölskyldum annað.

Nú er það svo, að skv. lögunum um bann við því að breyta íbúðarhúsnæði í annað húsnæði yrði þessi breyting væntanlega ekki talin heimil, nema sérstök lagaheimild komi til, og undanþáguheimild, sem eigi hér við, ekki til í gildandi lögum. Þess vegna er þetta frv. flutt, og er efni þess að heimila bæjarstjórn Reykjavíkur að taka íbúðarhúsnæði, sem er í eigu bæjarins, til afnota fyrir fæðingarheimili. Að sjálfsögðu mun bæjarstjórnin sjá þeim fjölskyldum, sem þarna búa, fyrir öðru húsnæði.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir í hv. d. og að það fái greiðan gang í gegnum þingið, vegna þess að málið er mjög aðkallandi. Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og væntanlega heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 175).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Í lögum um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, sem voru samþ. á síðasta Alþingi, er svo ákveðið, að íbúðarhúsnæði, eins og það er þar nánar skýrgreint, megi aðeins nota til íbúðar.

Það er engin heimild til undanþágu í þessum lögum, nema því aðeins að ekki ríki húsnæðisskortur í viðkomandi bæjarfélagi. Nú er, eins og kunnugt er, mikið húsnæðisleysi í Reykjavík. Hins vegar hefur bæjarstjórn Reykjavíkur þótt þörf á að taka tvö íbúðarhús til annarrar notkunar, og þess vegna er fram komið frv. á þskj. 121 um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

Það hefur lengi borið mjög á þrengslum í fæðingardeild landsspítalans. Þar fara fram um 1700 fæðingar á hverju ári, og mun um þriðjungur þeirra fara fram á göngum byggingarinnar og í öðrum skúmaskotum. Það hefur því alllengi verið rætt um að bæta úr þessu vandræðaástandi. Aðallega hefur tvennt komið til greina við þær umr., annars vegar að stækka fæðingardeildina á landsspítalalóðinni og hins vegar að koma upp sérstakri fæðingardeild bæjarins eða fæðingarheimili.

Það hefur orðið ofan á í bæjarstjórn Reykjavíkur að velja síðari kostinn, þann, að bæjarfélagið komi upp eigin fæðingarheimili, og taka til þess tvö íbúðarhús, sem bærinn á við Eiríksgötu og Þorfinnsgötu. Þessi hús munu byggð sem íbúðir fyrir sjö fjölskyldur, en á síðari tímum hafa þar dvalizt langtum fleiri fjölskyldur vegna húsnæðisvandræða í bænum. Reykjavíkurbær hefur sem sé notað þessi tvö hús fyrir það fólk, sem lent hefur í mestu húsnæðishraki og orðið húsnæðislaust. Þar til fyrir skömmu munu þar hafa dvalizt um 17 fjölskyldur, en þegar hefur tekizt að útvega 8 eða 9 af þeim samastað annars staðar, svo að nú munu þar ekki vera meira en 8 fjölskyldur.

Ég er þeirrar skoðunar, að lögin um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum hafi verið bráðnauðsynleg, þegar þau voru sett, og ég tel einnig, að það hafi verið réttmætt að hafa þau jafnfortakslaus og þau voru úr garði gerð. Hins vegar getur það alltaf borið að, sem gerir undantekningu frá slíkum lögum nauðsynlega

og sjálfsagða, og að mínum dómi er hér einmitt um eitt slíkt tilfelli að ræða.

Það er ætlunin að koma fyrir í þessum húsum fæðingarheimili, þar sem um 1000 fæðingar geti farið fram á hverju ári. Eftir sem áður verður nóg við fæðingardeild landsspítalans að gera. Þar er ætlazt til að fram fari aðallega sjúklegar fæðingar eða þær fæðingar, sem taldar eru ekki með öllu hættulausar, en á fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar fara aftur á móti fram sem mest þær fæðingar, sem ætla verður að verði eðlilegar.

Ég veit ekki, hvort um það má deila, að konur eigi almennt að fæða í fæðingarheimili eða fæðingarstofnun. Máske má um það deila. Þó hef ég heyrt yfirlækni fæðingardeildar landsspítalans halda því fram, að sem flestar fæðingar ættu að fara fram á fæðingarstofnun. Það væri aukið öryggi bæði fyrir konuna og fyrir barnið. En það koma einnig önnur atriði til greina í þessu efni. Það er mjög erfitt að fá heimilisaðstoð hér í Reykjavík, eins og raunar víðar, og víða eru húsakynni lítil og þröng, og stuðlar húsnæðisskorturinn mjög að því. Þetta hlýtur að mæla með því, að séð sé fyrir þörfum sængurkvenna sem bezt.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta efni. Hv. heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. og orðið á einu máli um að mæla með samþykkt þess. Einn nm., hv. 11. landsk. þm. (FÞ), var að vísu ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefndinni, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að einnig hann sé málinu fylgjandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 48. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 273).

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frv. þetta, sem fram kom í Ed. og hefur þegar verið afgr. þar, er efnislega á þá lund, að bæjarstjórn Reykjavíkur skuli heimilt að taka íbúðarhúsnæði, sem er í eigu bæjarins, til afnota fyrir fæðingarheimili.

Það er kunnugt, að hér í höfuðborginni er mjög mikill skortur á rúmum á fæðingarsjúkrahúsi, svo og að úr því verður ekki bætt í skyndi. Það eru að vísu mikil og mörg sjúkrahús í byggingu, en þess mun nokkuð að bíða, að þau verði nothæf. Þess vegna hefur verið athuguð sú leið — og að skoðun bæjarins er hún raunhæfust til aðgerða um stuttan tíma, eða þangað til hin nýju sjúkrahús koma — að taka íbúðarhús, Eiríksgötu 37 og Þorfinnsgötu 16, sem áður hafa verið notuð fyrir sjúkrahús, undir fæðingarheimili fyrst um sinn.

Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um þetta mál og mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 298).

---

36. Skólakostnaður (frv. menntmn. Nd.).

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum [86. mál] (þmfrv., A. 144).

Á 39., 40., 42. og 45. fundi í Nd., 14., 16., 17. og 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. flytur þetta frv. eftir beiðni menntmrn.

Þegar héraðsskólarnir voru stofnaðir og húsmæðraskólar í sveitum, þá voru þeir skv. lögum sjálfseignarstofnanir. Ríkissjóður styrkti rekstur þeirra á þann hátt, að greiddur var ákveðinn styrkur á hvern nemanda skólans. Samkv. héraðsskólalögunum, sem sett voru 1940, var þessum greiðslum hagað þannig, að ríkið greiddi 6000 kr. fyrir fyrstu 15 nemendurna í slíkum skóla, síðan 250 kr. vegna hvers nemanda upp að 40 nemendum og loks 200 kr. á hvern nemanda úr því eða á þann nemendafjölda, sem var fram

yfir 40. Allar þessar tölur voru að sjálfsögðu miðaðar við verðlag fyrir stríð. En með þessum stuðningi af hálfu ríkisins var reynslan sú, að allvel var séð fyrir fjárhagshlið þessara skóla. En með lögum um skólakerfi og fræðsluskyldu, sem sett voru 1946, var aðstöðu þessara skóla breytt verulega frá því, sem áður var. Nú eru þessir skólar ekki lengur taldir sjálfseignarstofnanir, heldur sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Og rekstrarkostnaður þessara skóla er þannig greiddur, að leigutekjur af húsnæði skólanna, þ. e. a. s. tekjur af húsaleigu kennarabústaða og vegna sérstakrar starfsemi, sem skólarnir eru einstöku sinnum leigðir til, skiptast milli ríkisins og hlutaðeigandi sýslu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Aðrar tekjur skólans skiptast að hálfu milli ríkisins og hlutaðeigandi sýslu. En það, sem á vantar, að þær tekjur, sem aflast heima í skólunum, nægi til þess að standa straum af rekstrarkostnaði, ber ríkinu að greiða að hálfu, en hlutaðeigandi sýslum að hálfu.

Nú hefur reynslan sýnt, að fjárhagur þessara skóla er erfiður, svo að nauðsyn þykir til að hlaupa undir bagga, og í því skyni er frv. þetta flutt. Ákvæði frv. miða að því, að leigutekjur og aðrar tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigsins, þ. e. a. s. héraðsskólanna í sveitunum, og húsmæðraskóla renni í hlutaðeigandi skólasjóð sem framlag sýslunnar eða héraðsins vegna kostnaðar af viðhaldi og rekstri skólans.

Með þessu verður að sönnu nokkur tilfærsla frá ríkinu og til hlutaðeigandi héraða, en tilfærsla, sem miðar í þá átt að auka að nokkru framlög ríkisins til rekstrarkostnaðar þessara skóla, en bæta aðstöðu héraðanna. En það er álit þeirra, sem að þessu máli standa, að hag þeirra skóla, sem hér um ræðir, sé þannig komið, að ekki verði hjá því komizt að breyta löggjöfinni í þá átt, sem hér er farið fram á, og það er enn fremur álit þeirra, að það muni ekki hagkvæmara fyrir ríkissjóð að fara aðra leið en þá, sem hér er lagt til.

Með því, sem hér er lagt til, er í raun og veru farið nærri þeirri stefnu, sem mörkuð var í öndverðu, að þær tekjur, sem safnast heima fyrir, bæði heimavistargjöld nemenda og leigutekjur af húsnæði skólanna, skoðist sem framlag úr héruðunum, og miðar að því að gera fjárhag þessara skóla sjálfstæðari en verið hefur nú um skeið.

Eins og ég tók fram, er frv. þetta flutt af hálfu menntmn., og sé ég ekki þörf á að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég hef lagt fram brtt. við þetta frv., sem fór í prentun í dag og óvíst er að nái á þennan fund í tæka tíð. Ég vildi þess vegna hreyfa því við hæstv. forseta, hvort hann sæi sér fært að fresta afgreiðslu málsins að þessu sinni. Hins vegar hef ég áhuga á því, að mál þetta geti náð fram að ganga, og óska, að hann taki þá fyrsta tækifæri til þess að koma því áleiðis hér í hv. deild.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 144, 288).

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég flutti á síðasta þingi frv. um breyt. á lögum um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Efni þessa frv. var það að rýmka nokkuð um fyrir sveitarfélögunum um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við þessa skóla, sem eru héraðsskólar og húsmæðraskólar, bæði að því er tekur til stofnkostnaðar skólanna og einnig rekstrarkostnaðar við þessa skóla. Sömuleiðis fólust í þessu frv. mínu nokkrar breytingar eða hliðstæð rýmkun á kostnaði við upphitun í þeim skólum, þar sem ekki er fyrir hendi jarðhiti.

Þessu frv. var þá vísað til menntmn., og meiri hl. hennar lagði til að víkja málinu til hliðar þá með rökstuddri dagskrá, sem fól í sér tilmæli til ríkisstj. um að taka málið að nýju til athugunar.

Þegar nokkuð leið á þetta þing og engar till. komu fram í þessa átt, þá flutti ég þetta frv. aftur, og var því einnig þá vísað til hv. menntmn.

Síðar bar svo menntmn. fram frv. á þskj. 144 um þetta efni, sem aðeins tók þó til eins liðar í mínu frv., þ. e. kostnaðar við rekstur þessara skóla. Það er efni þessa frv., sem menntmn. flytur f. h. ríkisstj. um þetta efni. Nú hef ég ekki til hlítar getað gert mér grein fyrir, hvort þeim tilgangi, sem felst í brtt. minni um þetta efni, verður náð með ákvæðum þessa frv. Þar verður reynslan að skera úr, og það er líka nokkuð háð því, hvort viðhald kemur undir ákvæði frv. um rekstrarkostnað eða í hvað víðtækum mæli viðhald skólanna gæti komið undir þessi ákvæði. En hins vegar eru þessi ákvæði þannig, að ég tel, að við það megi hlíta, og hef því ekki flutt neinar brtt. við það atriði og tel verulegan vinning í því fyrir skólana að fá slík ákvæði samþykkt að því er snertir rekstur þeirra sem í frv. menntmn. felst.

En þá er eftir hin hliðin á málinu, þ. e. þátttaka ríkisins í stofnkostnaði þessara skóla, og er þar að sjálfsögðu um mjög mikið fjárhagsatriði að ræða, bæði fyrir ríkissjóð og líka fyrir þá einstaklinga eða þau sýslufélög, sem standa undir þessum kostnaði. Og það er alveg gefinn hlutur, að þó að brtt. mínar um að færa þátttöku ríkissjóðs úr 3/4 upp í 9/10 af þessum kostnaði auki náttúrlega það fjárframlag, sem lagt er á herðar ríkisins, þá er hitt vitað, að sá hluti þessa kostnaðar að óbreyttu nú verður miklu þungbærari fyrir þau sýslufélög, sem

undir þessu eiga að standa, því að sakir standa þannig nú fyrir þessum skólum, eins og ég skal upplýsa síðar í minni ræðu, að það þarf að gera mjög stórtækar endurbætur á þeim, auka og bæta þær byggingar, sem þar eru fyrir, svo framarlega sem þessar stofnanir eiga að geta þjónað því hlutverki, sem þeim er falið að inna af höndum. Við þetta bætist svo það, að mjög er gert upp á milli sýslufélaganna um þennan kostnað, þar sem sum sýslufélög eiga að bera 1/4 af þessum kostnaði, en önnur sýslufélög og það heill landsfjórðungur sleppa algerlega við allan hliðstæðan kostnað af þessu skólaviðhaldi og skólabyggingum, þ. e. Austfirðingafjórðungur. Þeirra héraðsskóli, Eiðaskólinn, er að öllu leyti borinn uppi, bæði hvað stofnkostnað og rekstrarkostnað snertir, af ríkinu, án þess að þau sýslufélög, sem að honum standa, þurfi þar nokkurt fé fram að leggja. Þetta er að sjálfsögðu einnig þungt á metunum í sambandi við breytingar á þessu máli.

Haustið 1956 héldu forráðamenn þeirra sýslufélaga, sem standa að héraðsskólum og ber að *standa undir kostnaði við þá ásamt ríkinu, fund* með sér hér í Reykjavík. Mér þykir rétt, þó að ég hafi áður gert grein fyrir þessu, að rifja þetta nokkuð upp að nýju, svo að ljósara liggi nú fyrir, hvernig þessi mál standa. Þessir fulltrúar voru: Úr Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, en þær standa að Skógaskólanum, var Björn Björnsson sýslumaður Rangæinga. Frá Árnessýslu var sýslumaður Árnesinga, Páll Hallgrímsson, og Bjarni Bjarnason skólastjóri á Laugarvatni, en Árnessýsla ber kostnað á móti ríkinu bæði af Laugarvatnsskólanum og einnig af húsmæðraskóla, sem þar er rekinn. Fyrir hönd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu mætti á þessum fundi Jón Steingrímsson sýslumaður, en Mýra- og Borgarfjarðarsýsla standa undir kostnaði við bæði Reykholtsskólann og einnig húsmæðraskólann á Laugalandi. Frá N.-Ísafjarðarsýslu var mættur sýslumaður og bæjarfógeti þar, Jóhann Gunnar Ólafsson, og frá V.-Ísafjarðarsýslu voru mættir Jóhannes Davíðsson bóndi í Hjarðardal og Sturla Jónsson á Suðureyri. Og frá V.-Húnavatnssýslu og Strandasýslu, *en þær sýslur standa báðar* að Reykjaskóla, var mættur Sæmundur Guðjónsson skólastjóri Reykjaskóla.

Þessir menn, fulltrúar, sem þarna mættu, höfðu einnig samband við ráðamenn í öðrum sýslufélögum, sem eins stendur á um í þessu efni, og þess vegna er óhætt að álykta, að á bak við þær samþykktir, sem þeir gerðu, standi allir þeir aðilar, sem bera sameiginlega kostnað með ríkinu af rekstri og stofnkostnaði þessara skóla. Þessir aðilar gerðu samþykktir um þetta efni og rökstuddu þær með grg., sem þeir létu fylgja þessum samþykktum. Samþykktin gekk út á það, að þeir beindu þeirri áskorun til ríkisstj. og alþm., að á Alþingi, sem sett var á árinu 1956, yrði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum yrðu kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, en til vara báru þeir fram þá till., að ríkissjóður greiddi öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þessara skóla, og það var einmitt varatill. þessara fulltrúa, sem ég hafði tekið upp í mitt frv.

Þeir rökstuddu þessa áskorun sína m. a. með því að benda á, að með lögum frá 1946 var gengið út frá því, að nokkrum sýslufélögum í landinu yrðu lagðar þær skyldur á herðar að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað héraðsskóla og húsmæðra, ákveðið hlutfall á móti ríkissjóði, en segja jafnframt, að engin samráð hafi verið höfð við forráðamenn þessara sýslufélaga um þessar álögur og að þeim hafi ekki jafnframt verið heldur séð fyrir neinum tekjum til þess að standa undir þessum kostnaði. En eftir ákvæðum eldri laga um skóla þessa var styrkur úr ríkissjóði það ríflegur, að hann ásamt skólagjöldum stóð undir rekstri og að nokkru leyti undir stofnkostnaðarframlagi skólanna. Sýslufélög og jafnvel einstök hreppsfélög veittu smávegis styrki til þessara skóla, segja þeir, og var það frjálst framlag og fór þá að sjálfsögðu eftir efnum og ástæðum hverju sinni.

Enn fremur taka þeir það fram, að við setningu skólalöggjafarinnar 1946, þeirrar sem við nú búum við, var ekki gengið formlega frá því, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Var það ekki raunar fyrr en frá leið, að *sýslunefndum var ljóst, hvað hér var í efni.* Í hlut sumra sýslufélaganna komu tveir skólar, í annarra hlut einn skóli. Við framkvæmd hinnar nýju skólalöggjafar voru stofnaðir nýir framhaldsskólar í flestum hinna þéttbýlli staða.

Í Árnessýslu, segja þeir, sem stendur undir héraðsskóla og húsmæðraskóla ásamt ríkinu, eru t. d. 4—5 framhaldsskólar, sem kostaðir eru af sjóðum viðkomandi hreppa á móti ríkinu. Það er hvorki til þess ætlazt né heldur mögulegt, að sýslusjóðir veiti styrki til þessara skóla einstakra hreppsfélaga. Aftur á móti verða þessi sömu hreppsfélög að bera hlutfallslega kostnað af héraðsskólanum á Laugarvatni. Sama ástand og hér hefur verið lýst er einnig innan sýslufélaga, er að hinum héraðs- og húsmæðraskólanum standa, og verður af þessu misræmi og réttmæt óánægja, segja þessir fulltrúar.

Þá benda þeir enn fremur á það, sem ég gat hér um í upphafi míns máls, að nokkur sýslufélög sleppa algerlega við allan kostnað af hliðstæðu skólahaldi. Heill landsfjórðungur, segja þeir, Austurland, fær allan kostnað við Eiðaskólann *greiddan úr ríkissjóði, og sama er að* segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dalasýslu.

Þá vilja þeir benda á það, að skólar þessir eru yfirleitt ekki nema að litlu leyti sóttir af nemendum úr þeim sýslum, sem kostnaðinn eiga að bera á móti ríkissjóði. Veldur þar að sjálfsögðu mestu fámenni sveitanna. Skal einnig á það bent, að varla mundu kaupstaðir landsins telja sér skylt að standa undir skólahaldi, sem væri um 50—75% vegna nemenda úr öðrum héruðum, að því er héraðsskólana snertir, og 50—97%, þegar húsmæðraskólarnir eru meðtaldir.

Þegar ég flutti þetta mál á síðasta þingi,

birti ég skýrslur um það, hvernig skólasókn skiptist niður á héruðin í þessum skólum, og það var alls staðar mjög mikill minni hluti nemendanna, sem var úr þeim héruðum, sem standa undir kostnaðinum við þessa skóla með ríkinu. Meiri hlutinn var úr öðrum héruðum.

Að lokum, segja þeir svo, skal það nefnt, sem veigamest er, og það er féleysi sýslusjóðanna, hjá sumum m. a. vegna fámennis, hjá öðrum vegna margvíslegra bundinna útgjalda og hjá öllum vegna takmarkaðra tekjustofna. Afleiðing þess ástands er skuldir og vanskil við skólana annars vegar, en ónógt viðhald mannvirkja og skortur á hæfilegri aðbúð og aðbúnaði hins vegar.

Vér teljum hvorki sanngjarnt, segja þeir svo að lokum, né mögulegt að ætla einstökum sýslufélögum að standa undir kostnaði, sem að mestu leyti er vegna annarra skólahéraða, en láta önnur sýslufélög og heilan landsfjórðung sleppa algerlega við hliðstæð gjöld. Skal á það bent, að hér er um svo greinilega sérstöðu að ræða innan íslenzka skólakerfisins, að engin ástæða er til þess að gera ráð fyrir, að sú breyting, sem hér hefur verið farið fram á að gerð verði, geti orðið fordæmi um aðra skóla.

Þá hef ég í stuttu máli rakið aðalrök þessara fulltrúa fyrir þeim till., sem þeir báru fram um breytingar á kostnaði við þessa héraðs- og húsmæðraskóla.

Eins og ég minntist á áður, þá kom, eftir að ég hafði flutt frv. mitt að nýju á þessu þingi, nokkru síðar fram frv. frá menntmn., sem tekur annan aðalþáttinn úr mínu frv., breytingar á rekstrarkostnaði þessara skóla, og það er, eins og ég hef lýst, út af fyrir sig mjög góðra gjalda vert, þó að ég hins vegar geti ekki nú gert mér fulla grein fyrir því, hvort þær breytingar ná jafnlangt til leiðréttingar á þessu og í brtt. fólst. En hitt er, held ég, alveg gefið mál, að þetta frv. er að þessu leyti til mjög mikilla bóta.

Ég hef þess vegna leyft mér að bera hér fram brtt. við þetta frv. menntmn., að taka upp í það það, sem niður var fellt úr mínu frv., sem er breyting á hlutfallinu í stofnkostnaði milli ríkissjóðs og þeirra, sem að héraðsskólunum og húsmæðraskólunum standa, á þann veg, að í staðinn fyrir, að héruðin eða viðkomandi sýslur eigi að greiða 1/4 af þessum kostnaði, þá greiði þær 1/10 hluta þessa kostnaðar. Sömuleiðis hef ég tekið upp þá brtt., að í stað þess að nú greiðir ríkissjóður 3/4 hluta af hitakostnaði þeirra skóla, þar sem ekki er jarðhiti, þá verði sama hlutfalli fylgt, að hann greiði 9/10 af þessum kostnaði. Þessar breytingar mínar hafa nú þegar verið rökstuddar, fyrst og fremst með áliti þeirrar n., sem um þetta fjallaði á haustinu 1957, og svo því, sem ég hef aukið við það.

Ég ætla þess vegna þessu næst að gera nokkra grein fyrir því eftir upplýsingum, sem ég hef fengið hjá eftirlitsmanni skólamála hér, hvaða kostnaður er fyrir dyrum við endurbætur og viðauka þessara skóla, héraðsskólanna. Eftir þeim upplýsingum, sem Aðalsteinn Eiríksson hefur gefið mér um þetta, er gert ráð fyrir, að kostnaður við endurbætur á skólahúsinu í Reykholti muni verða um 2 millj. kr. Þar er auk þess mjög ófullnægjandi leikfimishús og vantar algerlega smíðahús fyrir nemendurna, og það er gert ráð fyrir því, að með því að byggja þar sæmilegt og viðhlítandi leikfimishús og smíðahús muni það kosta jafnháa upphæð og endurbótin á skólahúsinu sjálfu, eða um 2 millj. kr., svo að sá kostnaður, sem fyrir liggur nú að leggja í í Reykholti, er 4 millj. kr., og af þessu á — samkvæmt gildandi lögum um þetta efni — Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að bera 1/4 hluta eða 1 millj. kr.

Næst eru svo Reykir í Hrútafirði. Þar segir hann mér, að kosta muni um 3 millj. kr. endurbætur og viðbætur við skólahúsið þar. Mundi það þá verða 750 þús., sem kæmu í hlut Vestur-Húnavatnssýslu og Strandasýslu, en þær sýslur standa undir kostnaði við þennan skóla á móti ríkinu.

Næst kemur svo skólinn á Núpi í Dýrafirði. Það er einnig gert ráð fyrir því, að það muni kosta um 3 millj. kr. að endurbyggja skólahúsið þar og gera nauðsynlegar viðbætur í sambandi við rekstur þess skóla, og yrði þá hlutur Vestur-Ísafjarðarsýslu af þessu 750 þús. En það er eingöngu Vestur-Ísafjarðarsýsla ein, sem stendur undir kostnaði við Núpsskólann á móti ríkinu.

Næst kemur svo Reykjanesskólinn við Ísafjarðardjúp. Það er gert ráð fyrir, að kostnaður við endurbyggingar þar muni nema um 2 millj. kr., og hluti Norður-Ísafjarðarsýslu, því að hún stendur einnig ein að þeim skóla, yrði þá 1/2 millj. kr.

Þá er Laugaskólinn í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er langminnst, sem þar þarf að gera. Það er þó talið að vera um 800 þús., sem þurfi að verja þar til umbóta, og yrði þá hlutur Suður-Þingeyjarsýslu 200 þús. af þeirri upphæð.

Sjötti liðurinn er svo Laugarvatn. Það er gert ráð fyrir því, að endurbætur þar muni kosta um 3 millj. kr., og hlutur Árnesinga yrði þá í þeim kostnaði samkvæmt reglunni 750 þús. kr.

Loks er svo Skógaskólinn undir Eyjafjöllum. Það er gert ráð fyrir, að kostnaður við hann sé um 3 millj. og 200 þús. og það yrðu því um 800 þús., sem Vestur-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla yrðu sameiginlega að standa undir af þeim kostnaði.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef fengið um endurbætur á þessum skólahúsum, sem allar eru taldar nauðsynlegar og sumar alveg bráðnauðsynlegar og óhjákvæmilegar, svo fremi sem ekki á að slitna þráðurinn og niður verði að fella skólahald á þessum stöðum, meðan úr því verður bætt.

Ég held, að allir hljóti að viðurkenna, að viðkomandi sýslufélögum verði erfitt að inna af hendi eins mikið framlag og sýnilega óhjákvæmilegt er að í þeirra hlut falli af þessum upphæðum nú á allra næstu árum. Þetta þyngir að sjálfsögðu einnig á ríkissjóði, en þar eru margir að verki til þess að standa undir hans þörfum, bæði hvað þetta snertir og annað, og það verða menn í þessum héruðum, þó að þessu yrði breytt, einnig að gera að því er til þeirra

tekur. En hins vegar eru líkur til, að þeir mundu kljúfa þennan kostnað á móti ríkinu, ef það hlutfall yrði tekið upp, sem fulltrúar þessara skólahéraða gerðu í sínum till. eða í varatill. sinni. Það efast ég ekkert um, að við þær skuldbindingar mundu héruðin geta staðið.

Ég vil þess vegna vænta þess og þá alveg sérstaklega þar sem svo stendur á, að hér er ákaflega gert upp á milli héraða um kostnað við þetta skólahald, þar sem heill landsfjórðungur sleppur algerlega við þann mikla kostnað, sem hér hvílir á herðum annarra, og í skóla þeirra, sem standa undir þessum kostnaði, sækir mikill meiri hluti nemendanna úr allt öðrum héruðum og þ. á m. þeim, sem algerlega eru laus við þennan kostnað, — allt þetta fellur í einn og sama farveg, sem sé þann, að eðlilegt sé, að sú breyting verði gerð á um þetta hlutfall, sem fulltrúar þessara héraða fóru fram á og ég hef nú tekið upp í mitt frv. og nú að nýju upp í mínar brtt. við frv. menntmn.

Það er nú yfirleitt svo um kostnað við skólamál í þessu landi, að þau hvíla orðið langsamlega mest á ríkissjóði, á því breiða baki. Þess vegna virðist það vera mjög í andstöðu og mótsögn við þá almennu reglu, sem nú er í þessu landi um kostnað við að standa undir hinni almennu menntun borgaranna, að gera svo upp á milli sem gert er samkvæmt núgildandi lögum um þetta efni. Ég vildi þess vegna mjög mælast til þess, að hv. d. gæti séð sér fært að gera þær breytingar á þessu frv. að taka upp í það mínar till.

Merkur skólamaður, skólastjórinn í Reykholti, Þórir Steinþórsson, skrifaði mér mjög rækilegt bréf um þetta mál á síðasta ári, sem mjög fellur á sömu lund og þau rök, sem ég hef nú gefið hér dálítið yfirlit yfir að fólust í grg. fulltrúa sýslufélaganna, sem hér áttu fund með sér um málið haustið 1956. Þórir Steinþórsson segir, eftir að hann hefur rætt um þetta mál á víð og dreif og mjög hvatt mig til þess að gera tilraun til að rétta hér hlut þessara héraða, — þá segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Og að síðustu vil ég segja þetta: Úr því að ríkið léttir alveg kostnaði af einum landshluta um slíkt skólahald sem þetta, getur ekki orðið stætt á því að hlaupa ekki betur undir bagga með öðrum landshlutum, sem standa undir sams konar skólum. Eiðaskóli hefur enga sérstöðu í þessu efni, og það er ranglæti, sem ekki verður þolað til lengdar, að láta Austfirði hafa sérréttindi umfram aðra landshluta hvað skólamál snertir."

Þetta segir nú sá mjög hógværi og grandvari skólamaður um þetta atriði, og verður að viðurkenna, að það sé sízt of djúpt tekið í árinni hjá honum að benda fyrst og fremst á þetta misræmi og einnig gera kröfu til, að úr þessu misræmi verði bætt.

Ég skal svo ekki lengja mitt mál meira um þetta. En mér þótti rétt að láta hér koma fram, hvað fyrir liggur um endurbætur á þessum skólum, svo að það lægi alveg ljóst og skýrt fyrir, hvað hér er um miklar framkvæmdir að ræða og hve kostnaðarsamar þessar framkvæmdir eru. Þessar tölur sýna, að það eru ekki neinar líkur til annars en það verði viðkomandi héruðum alveg um megn að standa undir svo miklum kostnaði sem af þessum framkvæmdum leiðir á næstu árum, og enn fremur, að þeim er rangt til gert með því að láta þennan kostnað lenda á þeim, þar sem önnur sýslufélög og landsfjórðungur, sem alveg eins stendur á um, sleppa gersamlega við að standa undir þessum kostnaði.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. (PO) vék að, að snemma á þessu þingi flutti hann frv. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Því frv. var vísað til menntmn. þessarar d., en menntmn. hefur ekki afgreitt þetta frv. af þeirri ástæðu, að n. var kunnugt um það, að verið var að athuga þessi mál á vegum menntmrn. og fjármálaeftirlits skólanna, og árangurinn af þeirri athugun varð frv., sem hér liggur fyrir og menntmn. flutti að beiðni ráðuneytisins. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er miðað að því að létta byrði héraðanna, sem standa að þeim skólum, sem hér um ræðir, að því er snertir rekstrarkostnaðinn. En í þessu frv. menntmn. er að sönnu farin önnur leið að því marki en hv. þm. Borgf. hafði lagt til.

Nú er það rétt, sem hv. þm. Borgf. tók fram, að reynslan sýnir bezt, hver árangur verður af þeim ákvæðum, sem frv. menntmn. felur í sér. En ég hef ástæðu til að ætla eftir nokkra athugun á málinu, að leið sú, sem hér er lagt til að fara, muni jafngilda þeim till., sem hv. þm. Borgf. bar fram í haust, að því er rekstrarkostnað skólanna snertir, enda kemur það fram bæði af ræðu hv. þm. og af till. hans á þskj. 288, að hann fellst að mestu leyti á þá lausn málsins, sem menntmn. leggur til, að því er rekstrarkostnaðinn snertir. Aðalatriði brtt. hv. þm. fjallar um aukinn stuðning ríkisins við stofnkostnað þeirra skóla, sem hér ræðir um. Ég vil taka það fram, að menntmn. hefur enga samþykkt gert um þá brtt., sem hér liggur fyrir. Það, sem ég segi um hana, er því ekki sagt fyrir hönd nefndarinnar, heldur vil ég leyfa mér sem þm. að fara um hana örfáum orðum án tillits til afstöðu nefndarinnar.

Þær upplýsingar, sem hv. þm. Borgf. lagði hér fram í ræðu sinni um þann kostnað, sem endurbætur á núverandi skólum í ýmsum héruðum hefðu í för með sér, eru vafalaust réttar. En hann vitnaði til þess, að það væru rök í þessu máli, að einn landsfjórðungur hefði minni skyldur í þessu sambandi en hinir landsfjórðungarnir. Ég skal nú ekki fara að ræða það atriði mikið. En mér virðast það út af fyrir sig ekki veigamikil rök, vegna þess að sú sérstaða er byggð á vissum, í raun og veru gömlum samningi, sem gerður var af hálfu sýslufélaganna í þeim landsfjórðungi við ríkisvaldið, og sá samningur tekur einungis til eins skóla. Nú hefur það komið fram í þessum umr. um sum önnur héruð, t. d. Árnessýslu, að hún léti sér ekki nægja hinn veglega skóla á Laugarvatni, heldur væru þar þegar starfandi nokkrir skólar á gagnfræðastiginu. Augljóst er, að ef Austfirðingar létu sér ekki nægja hinn gamla skóla á Eiðum og færu að reisa fleiri skóla í sínu byggðarlagi, sínum landsfjórðungi, þá féllu

þeir undir ákvæði laganna, en hefðu enga sérstöðu.

Það er nú augljóst, og við hv. þm. Borgf. erum að mér skilst sammála um það, að þær till., sem hér liggja fyrir, miða óumdeilanlega að því að létta nokkuð byrði héraðanna gagnvart rekstri þessara skóla. Um leið og það er gert, standa héruðin betur að vígi en áður gagnvart því að greiða sinn hluta af stofnkostnaði.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þd. á því, að þótt ég dragi ekki í efa, að þær upplýsingar um kostnað við endurbætur á þeim skólum, sem fyrir eru, sem þm. Borgf. gaf hér, séu réttar, þá mundu ákvæði brtt. á þskj. 288, ef lögfest yrðu, ekki takmarkast við stuðning við þá skóla, heldur gilda um stofnframlag ríkisins, ef nýir skólar yrðu reistir, og þá verður að líta á þá hliðina, sem að fjárveitingavaldinu snýr, hvort fjárveitingavaldið sér sér fært að lögfesta slík ákvæði til frambúðar, sem eigi að gilda um stofnkostnað þeirra skóla, sem hér eftir kann að verða stofnað til. Nú veit hv. þm. Borgf. það sjálfsagt betur en ég, þar sem hann á sæti í fjvn. og hefur átt þar sæti um fjöldamörg ár, að við afgreiðslu fjárl. hverju sinni mun reynast erfitt og vera ærið vandamál að ráða fram úr því og greiða úr því, svo sem þörf er á, að leggja fram stofnkostnaðarframlög ríkisins til skólakerfisins, bæði skóla gagnfræðastigsins og barnaskólastigsins. Og okkur er það líka kunnugt, að þess munu dæmi hér á landi í sambandi við byggingu skóla og skólastarfsemina, að boginn sé jafnvel spenntur svo, að ekki sé fullrar hagsýni gætt. Allt hlýtur þetta að koma til álita í sambandi við lagaákvæði eins og þau, sem hér er fjallað um, og mun ég því ekki sjá mér fært að greiða atkv. með brtt. á þskj. 288.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. því til laga á þskj. 144, sem hér er til umr., þá er hér ekki um nýtt mál að ræða. Með breytingum þeim, sem gerðar voru á fræðslulögunum 1946, skapaðist það vandamál, sem hér er verið að fjalla um nú. Það er bent á það í grg. og í öðrum grg., sem hér hefur verið vitnað til, að þá var gengið frá þessum málum þannig, að á sýslufélögin voru lagðar skyldur, án þess að væru höfð nokkur samráð við þau, og þetta hefur skapað margs konar vandamál. Sýslufélögin hafa ekki talið sér skylt að sinna þessu máli nema eftir samningaleiðum og alls ekki viðurkennt lagaskyldurnar. Þetta hefur orðið til þess að skapa vandræði í fjármálum skólanna og það, að viðhald þeirra hefur verið mun minna en eðlilegt hefur verið, og það hefur síðar orðið mjög kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð og héruðin að endurbæta þessa skóla.

Árið 1955 var gerð nokkur breyting á í þessu, þar sem aukin var þátttaka í viðhaldskostnaði og upphitunarkostnaði þeirra skóla, sem ekki nutu jarðhita. Það var þá ekki talið fært að ganga lengra í þessu efni. Ég vil því vekja athygli á þessu, að það var ekki neitt minni þörf þá að stíga sporið til fulls heldur en nú, og hefði það þess vegna átt að vera kappsmál þeirra manna, er þá gátu um þessi mál fjallað, að komast þá lengra en gert var. Fjármál þessara skóla voru þá orðin með miklum vandkvæðum, og það var sýnt, hvert stefndi með áhrifum frá lögunum frá 1946. Ég hef fyrir mér skýrslu um, hvað var búið að greiða á árinu 1955 í rekstur og stofnkostnað fyrir þessa skóla í heild, og voru það um 7 millj. Ef Alþingi hefði sýnzt þá, að rétt væri að færa þetta allt til ríkisins, þá hefði það vafalaust gert það. Það sjónarmið hefur þá ekki verið ríkjandi hjá þeim aðilum, sem höfðu þá meirihlutavald hér á Alþingi til þess að ráða þessum málum, heldur var þá stigið stutt spor í þessa átt.

Eins og fram kemur í grg. fulltrúa sýslnanna, sem um þetta mál fjölluðu, er ein ástæðan fyrir því, að þeir fara fram á meiri þátttöku ríkisins, sú, að nemendur sækja skólana víðs vegar að af landinu. En með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði, þá er einmitt tekið tillit til þessa sjónarmiðs, þar sem stofnanirnar eru látnar njóta að öllu leyti þess, sem þessir nemendur greiða. Það er því hagur fyrir skólana að fá nemendur, svo að þeir séu fullsetnir, og þeir njóta greiðslunnar, hvort sem nemendur eru úr heimahéraði eða annars staðar frá, og þetta er því mikið spor í rétta átt.

Eins og fram hefur verið tekið, mættu sýslufulltrúar hér haustið 1956 og lögðu þá þetta mál fyrir hæstv. menntmrh. Hann hefur svo fjallað um málið síðan og leitað eftir því að finna þær leiðir, sem heppilegastar væru til þess að létta undir með sýslufélögunum án þess þó að íþyngja ríkissjóði meira um greiðsluskyldur en sanngjarnt gæti talizt og hugsanlegt væri að ná samstöðu um.

Menntmrh. eða menntmrn. hefur tekið þá stefnu, sem kemur fram í þessu frv., að láta héruðin njóta þeirra tekna, sem til falla. Hér er í raun og veru gengið aftur til þeirrar stefnu, sem mörkuð þar, þegar skólarnir voru stofnaðir. Þá var keppt að því að gera þetta sjálfstæðar stofnanir, sem færu mikið með sín mál sjálfar, og það er einmitt sú stefna, sem hæstv. menntmrh. hefur tekið, og kann ég honum beztu þakkir fyrir það. Það er mín skoðun, að það sé mjög áríðandi fyrir þessar stofnanir að vera sjálfstæðar og stefna að því marki, sem hugsað var, þegar þær voru upphaflega myndaðar.

Það er alveg sýnt, að með þeirri breytingu, sem gerð er hér, verður fjárhag þessara stofnana mun betur borgið en áður var. Og skv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta efni og miðast við árslok 1955, þá gengur þetta atriði lengra varðandi reksturinn heldur en frv. hv. þm. Borgf., sem hér hefur verið rætt um líka. Með því að láta heimavistargjöldin, tekjur af húsaleigu og aðrar þær tekjur, sem til falla, falla til skólanna einvörðungu, fá þeir meiri tekjur en 9/10 hluta af rekstrarkostnaði, eins og hv. þm. Borgf. fer fram á. Ég held því, að fyrir viðhaldi þessara stofnana verði mun betur séð en áður var gert og þess vegna þurfi endurbyggingarskyldan ekki að hvíla eins þungt á stofnununum, ef vel er fyrir viðhaldinu séð.

Á því tímabili, sem ég hef hér skýrslu um, hefur t. d. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla greitt samtals til héraðsskólans í Reykholti og húsmæðraskólans á Varmalandi 350 þús. tæp, en

meira en helmingur af þessari greiðslu er rekstrarkostnaður. Mér sýnist því, að með þessu frv., ef að lögum yrði, mundi sá hluti þessarar greiðslu falla út, og kæmi þar nokkuð upp í það, sem þyrfti til stofnkostnaðarins.

Ég vil undirstrika það, að hér er áfanga náð í þessum málum, og þó að mönnum sýndist síðar, að lengra þyrfti að ganga, þá er sú leið alltaf opin, þó að þessi sé farin. Hér er engri leið lokað, heldur er tekinn hér annar þáttur í starfseminni, og hann er fullkomlega afgreiddur. Ég vil líka endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að Alþ. hefur áður fjallað um þetta mál og hefur þá líka sýnt, að það ætti ekki að stiga sporið til fulls.

En í sambandi við það, sem hefur komið hér fram í ræðu hv. þm. Borgf. um, að einn landshluti og ein sýsla þyrfti ekki að standa straum af þeim skólum, sem þar væru staðsettir, þá vil ég geta þess, vegna þess að ég hef nokkuð farið með það mál fyrir Dalasýslu, að sá skóli, sem þar er staðsettur, var aldrei stofnaður af Dalasýslu. Hann var stofnaður með gjöf til ríkissjóðs, og það var skilyrði fyrir gjöfinni, ef við henni yrði tekið, að þarna yrði staðsettur húsmæðraskóli. Þegar síðar reyndi á þetta, þá var látin fara fram sérstök athugun hér í menntmrn. af lögfræðingi, og það var álitið, að það væri lagaleg skylda, sem ekki yrði fram hjá komizt. Þess vegna var það upp tekið, að ríkið greiddi allan kostnað við þennan skóla, en ekki, að það væri frávik frá lögunum. Ég vil líka geta þess, að þetta atriði gerði annað að verkum, og það er það, að Dalasýsla tapaði rétti sínum til þess að kjósa í skólanefnd, sem önnur héruð, sem slíkar stofnanir eiga, hafa, og ríkisstj. skipar meiri hluta skólanefndar Staðarfellsskólans. Það voru þau réttindi, sem héraðið missti við, að ríkið sér alveg um kostnaðinn, og skyldan var vegna þess, að það var talin lagaleg skylda, sem ekki væri hægt að komast fram hjá.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég tel, að hér sé rétt stefnt og veigamikið atriði sé hér leyst, þar sem séð er fyrir rekstri þessara skóla, og að það sé engri leið lokað, ef talið er, að frekari aðgerða þurfi við. En ég er líka sannfærður um það, að vegna þess að betur er séð fyrir fjármálum skólanna, verður rekstur þeirra og viðhald betur tryggt en áður, og umfram allt, að þeir verða sjálfstæðari stofnanir, meira í þeim anda, sem þær voru upphaflega hugsaðar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir vænt um, að þetta frv. skuli hafa hlotið jafngóðar undirtektir og raun ber vitni um. Allir þeir ræðumenn, sem talað hafa, hafa lýst fylgi sínu við þá stefnu, sem frv. markar, eða kannske öllu heldur lýst fylgi sínu við frv., svo langt sem það nær. Einn ræðumanna, hv. þm. Borgf. (PO), hefur að vísu talið æskilegt að ganga lengra í stuðningi við þá skóla, sem hér er um að ræða, en gert er ráð fyrir í frv. og flytur um það efni brtt. á þskj. 288. Í tilefni af þeim vildi ég aðeins taka þetta fram:

Að því er snertir fyrri brtt. er gerð grundvallarbreyting á þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði heimavistarskóla og gert ráð fyrir mjög aukinni hlutdeild, þannig að ríkissjóði ætti að verða gert að greiða 9/10 hluta stofnkostnaðarins. Hér er um svo mikla breytingu að ræða, breytingu, sem hefur svo mikla fjárhagsþýðingu, að ég tel ekki unnt að mæla með því, að slík brtt. verði samþ.

Það er margrætt mál hér á hinu háa Alþ., hver vera skuli þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði skóla almennt. Um þetta eru til nýsett lög frá árinu 1955, þ. e. ekki 3 ára gömul. Þau lög voru mjög rækilega undirbúin, þau voru þrautræddd hér á hinu háa Alþ., og ég tel ekki rétt að svo komnu máli að gera breytingu á þeim meginreglum, sem þar voru mótaðar, enda minnir mig, að það frv. hafi verið afgreitt shlj. hér á hinu háa Alþ., þær reglur, sem þar er slegið föstum um hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði skóla, hafi þá haft stuðning allra hv. þm. Ég minnist þess ekki, að hv. þm. Borgf. hafi þá borið fram brtt. í þessa átt. Þó kann mig að misminna um það efni. A. m. k. held ég, að það sé rétt, að það hafi verið einróma þingvilji á bak við frv. og þær reglur, sem nú gilda, um það er lauk.

Hér er um svo mikilvægt fjárhagsatriði að ræða, að ég tel ekki unnt að mæla með því, að þessi brtt. verði samþ. Sama gildir um seinni brtt., sem er hliðstæð. Þó að hún hafi að vísu miklu minni fjárhagsþýðingu, þá gildir það einnig um hana, að hún breytir þeim reglum, sem nú þegar gilda og ég tel ekki rétt að breytt verði nema þá að undangenginni rækilegri athugun. En tíma tel ég ekki kominn til þess enn að taka þær reglur, sem nú gilda og eru ekki 3 ára gamlar, til endurskoðunar.

Varðandi það, sem hv. þm. benti á, að tvö héruð nytu nokkurra forréttinda, þ. e. Austfirðingar að því er snertir Eiðaskóla og Dalasýsla að því er snertir húsmæðraskólann á Staðarfelli, umfram önnur héruð, vil ég aðeins segja þetta:

Hv. þm. Mýr. (HS) hefur flutt þá skýringu á aðstæðum í Dalasýslu, sem ég get látið mér nægja að vísa til. Það voru alveg réttar upplýsingar, sem hann flutti, og nægja alveg til skýringar á því, sem þar er um að ræða.

Að því er Eiðaskóla snertir er þess að geta, að hann er elztur þeirra skóla, sem hér er um að ræða, og var stofnaður sem ríkisskóli, áður en núgildandi reglur um samaðild ríkis og sveitarfélaga að byggingu og rekstri skóla voru myndaðar. Við enga endurskoðun á reglum um þátttöku ríkissjóðs í byggingu skóla hefur þótt fært eða rétt eða eðlilegt að raska þeim gömlu reglum, sem um rekstur Eiðaskóla hafa gilt. Hinar gömlu reglur hafa ávallt verið látnar standa óbreyttar, þó að það sé rétt, að þær valdi því, að nokkurt misræmi sé á um aðild héraðanna að rekstri skólanna. En ég sé ekki, að hinum héruðunum væri nokkur akkur í því, að reglunum um rekstur Eiðaskóla væri breytt til samræmis við þær reglur, sem að öðru leyti gilda um aðild ríkisins að rekstrarkostnaði skólanna. Sú eina breyting, sem væri í raun og veru eðlileg, væri ekki að breyta reglunum um alla hina skólana til samræmis við það, sem gildir um Eiðaskóla, heldur að breyta reglunum um Eiðaskóla til samræmis við það, sem gildir um alla hina skólana. Ég mæli ekki með því, vil halda áfram að meta

þá sögulegu hefð, sem sérreglurnar um Eiðaskóla grundvallast á, og tel með tilliti til þeirra ekki vera hægt að vitna til þess sem röksemda fyrir því að breyta þeim reglum, sem nú gilda um sameiginlegan rekstur sveitarfélaga og ríkis á öðrum skólum, til samræmis við það, sem gildir um Eiðaskóla.

Af þessum ástæðum get ég ekki mælt með því, að brtt. á þskj. 288 verði samþykktar.

Pétur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í þessu sambandi. Ég þykist sjá, hver forlög mínum tillögum eru ráðin um að rétta hlut þeirra sýslufélaga, sem bera hann mjög skarðan, samanborið við önnur, og auk þess er með þessu á þau lögð þyngri byrði en sýnt er, að þau geti staðið undir. Fáist ekki leiðrétting á þessu hér, þá er ekkert við því að segja, það verður að hlíta því, og hér hafa þrír hv. alþm., þ. á m. einn hæstv. ráðh., úr flokki þeirra manna, sem ráða lögum og lofum hér á Alþ., andmælt þessum tillögum. Á þessu stigi er þess vegna ekki að vænta réttingar á þessum hlut. En mér skyldi ekki koma það á óvart, þó að Alþ. og þ. á m. þessir hv. ræðumenn kæmu til með að horfa framan í þá alvöru í þessum efnum, að annaðhvort yrði að gera, að slaka á um skólahald á þessum stöðum ellegar þá að víkjast betur en nú er gert undir þann vanda, sem stafar af fjárhagsgetuleysi þessara héraða til þess að inna af hendi þær þungu skyldur, sem í þessum efnum eru á þau lagðar.

Því hefur verið haldið hér fram af hæstv. menntmrh. og einnig af hv. þm. A-Sk. (PÞ), að það gildi einhverjir gamlir samningar um Eiðaskóla. Það er vitað, að Eiðaskóli er upphaflega stofnaður sem búnaðarskóli. Honum er svo síðar breytt í það horf, sem hann nú er í og hefur starfað lengi í, og hann innir af hendi alveg nákvæmlega sama hlutverk í þessu þjóðfélagi og þeir héraðsskólar gera, sem hér er verið að ræða um. Hann gegnir sömu skyldum í þjóðfélaginu og innir af hendi alveg hliðstæð verk. Það er svo harla einkennilegt, ef einhverjir gamlir samningar, sem vitanlega eru roknir út í veður og vind fyrir tímanna rás, eiga út af fyrir sig að geta skapað þessum landsfjórðungi sérstöðu í þessu efni, sérstöðu, sem hefur ekki neina fótfestu í núverandi fræðslufyrirkomulagi. Það er svo megn orðhengilsháttur að vera að halda slíku fram, að það fær vitanlega ekki staðizt. Ég geri ráð fyrir því, að hér verði eigi rönd við reist eða opnuð augu þessara manna, sem af móði miklum hamla á móti og koma í veg fyrir þá réttingu í þessum málum, sem ég stend hér að með mínum tillögum og fulltrúar allra þessara héraða hafa gert kröfu um. Auk þess kom nýtt fram í þessu atriði hjá hæstv. menntmrh., að fjárhagsins vegna væri ekki hægt að gera slíkar ráðstafanir nú. Ég skal ekkert segja um þetta. En ýmsar ráðstafanir eru gerðar nú á þessum tíma um miklar greiðslur úr ríkissjóði, sem ekki bera vott um fjárskort, og það væri þá einkennilegt, ef sú rétting ein út af fyrir sig, sem í till. mínum felst, ætti að ríða slig á allt þjóðfélagið. Ég held nú, þó að máske sé illa komið fyrir Íslendingum fjárhagslega í dag, að þá standi þó ekki þannig fyrir okkur, að sú sanngjarna rétting, sem hér er lögð til, mundi ríða slig á þetta þjóðfélag.

Hv. þm. Mýr. (HS) vildi halda því hér fram, að með þessum tillögum væri lengra gengið til léttingar á þessum skólum við reksturinn heldur en í mínum tillögum. Ég skal ekki deila um þetta. En ég hef orð kunnugra manna, sem eru a. m. k. jafnkunnugir þessum málum og hann og hafa ekki síðri aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta muni verka, að ekki sé fullkomlega hægt að sjá fyrir um það, en hins vegar er víst, að sá munur er ekki á, er nægi til þess að þvo samvizku sína eða sannfæringu hreina af andstöðu við brtt. mínar um hækkun á framlagi til stofnkostnaðar. Það eitt er alveg áreiðanlegt.

Hv. þm. A-Sk. (PÞ) var hér með varnaðarorð í sambandi við það, að ákvæði þessi, sem ég lagði til, yrðu að sjálfsögðu að gilda um hliðstæða skóla, sem nýir mundu rísa upp. Það er náttúrlega alveg rétt, því að mínar tillögur ganga út á að afnema misrétti, sem nú ríkir í þessum efnum, en ekki að skapa nýtt eða leggja til, að nýju misrétti verði hér hleypt af stokkunum. En ég hygg, eins og nú er komið um héraðsskólana og gagnfræðaskóla yfirleitt, að þá þurfi ekki að gera því skóna, að slíkir skólar muni margir rísa upp núna alveg á næstunni, því að ýmsir af þeim mönnum, sem standa fyrir þessum skólum, telja, að fullnægt sé aðsókninni, eins og nú standa sakir, og sums staðar hefur nokkuð skort á um það, að skólarnir hafi verið fullskipaðir, þó að það sé ekki víða. Ég held þess vegna, að það þurfi ekki að sjá neina áhættu í því. En hitt leiðir alveg af sjálfu sér, og það er rétt fram tekið hjá honum og alveg í samræmi við mína skoðun, að ef slíkir skólar yrðu á stofn settir, þá náttúrlega hlytu þeir að njóta sömu kjara hvað þetta snertir.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, léttir verulega fyrir skólunum um reksturinn. En þó hef ég ekki mikla trú á því, að það létti þannig fyrir þeim, að þar verði neitt aflögu til þess fyrir héruðin að leggja í þær miklu breytingar og umbætur, sem fyrir hendi eru. Og ég verð að segja það, að mér finnst það vera nokkuð mikil hlédrægni og kattarþvottur hjá hv. þm. Mýr, þegar hann er að tala um, að það standi nú að vísu allar leiðir opnar; þó að þessar sanngirnistill. mínar verði kveðnar niður hér í dag eða á morgun eða hvenær sem það verður gert, þá sé ekki lokað þar neinu fyrir framtíðinni. Það er alveg rétt. En hann sagði, að þær stæðu opnar, ef þá teldist vera frekari aðgerða þörf. Það er bezt fyrir hann að spyrja Borgfirðinga að því, hve miklar líkur séu til þess, að þeir geti reitt af hendi 1 millj. kr. núna á næstu árum til þess að leggja í þennan skólakostnað án þess þó að hefta þær framfarir, sem menn brjótast í og keppa vitanlega að á öllum sviðum atvinnulífsins. Og því ósanngjarnara er að taka undir slíkt, þar sem ósamræmi í þessum efnum er jafnóbærilegt, eins og ég hef bent hér á, þar sem einn landsfjórðungur sleppur alveg við hliðstæðan kostnað, eins og lögð er réttmæt áherzla á í ummælum þess merka skólamanns, sem ég las hér upp úr áðan. Hann er enginn öfgamaður. Hann lítur á hlutina frá sanngjörnu sjónarmiði, og má þess vegna fullkomlega tillit til þess taka.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Ég verð að sjálfsögðu að sætta mig við þá niðurstöðu, sem þessar till. alveg sýnilega fá hér í hv. d. En ég býst við því, að Alþ. megi eiga von á því og ekki að ófyrirsynju eða ástæðulausu, að þeim verði hreyft hér síðar.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við ummæli hv. þm. Borgf. (PO) um upplýsingar þær, sem ég gaf um, hvor leiðin væri hagkvæmari fyrir rekstur héraðsskóla og húsmæðraskóla, hans leið eða sú, sem hér er lagt til að fara, skal ég taka það fram, að þær upplýsingar hafði ég frá fjármálaeftirliti skólanna. Þar er byggt á þeim tölum, sem þeir hafa miðað við niðurstöðu ársins 1955. Ég hygg, að þeir byggi þær tölur á það traustum grunni, að það sé óhætt að treysta þeim.

Út af því, sem hv. þm. talaði um, að menn væru að friða samvizku sína, þá vil ég spyrja: Hvað er þá með þá hv. þm., sem afgr. skólalögin 1955? Af hverju var þetta mál ekki afgert þá, sem nú er sótt af kappi? Hafa þeir ekki þörf fyrir að friða sína samvizku, fyrst þeir létu undir höfuð leggjast að koma þessu máli fram 1955, því að þá hafði hv. þm. Borgf. betri aðstöðu til þess en nú?

Ég tók fram áðan, að það er engin leið lokuð með þeirri aðgerð, sem hér er lagt til. Hér er stefnt í rétta átt og annar þáttur málsins að fullu afgr. Hitt ætla ég ekki að fara að taka af núna, hvort ég kann síðar að álykta eins og hv. þm. Borgf., að meira þurfi við eins og hann álítur nú, að meira þurfi að aðhafast heldur en gert var 1955 og hann samþykkti þá. Ég sé ekki að það sé nein hneisa, þó að ég læri af reynslunni, frekar en sá hv. mæti þm.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm. Borgf. (PO), sem ég vildi minnast á. Hann sagði, að verið gæti, að fjárhag landsins eða ríkissjóðs væri nú svo komið, að hann þyldi ekki þá breytingu, sem hann legði til að gerð yrði á skólakostnaðarlögunum. Það, að ég vil fyrir mitt leyti ekki mæla með samþykkt till. hans, stendur í engu sambandi við það, hvernig fjárhag ríkissjóðs eða landsins sé komið. Ef hann lítur þannig á, að það, að ég vilji ekki styðja þessa till. hans, hljóti að stafa af því, að fjárhag ríkissjóðs sé sérlega illa komið, þá hefði væntanlega nákvæmlega sama gilt 1955, þegar fyrirrennari minn í starfi, flokksbróðir hv. þm. Borgf., Bjarni Benediktsson, vildi ekki heldur styðja að slíkri breytingu á reglunum um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði skóla sem hann núna stingur upp á. Væri einhver fótur fyrir þeirri ályktun, sem hann var að gera ráð fyrir nú, hefði nákvæmlega sami fótur verið fyrir henni þá. (Gripið fram í.) Ég sagði, að þetta væri svo mikið fjárhagsatriði, að ekki væri rétt að hlaupa í slíka breytingu nú á þessu stigi, þegar ekki væri þó komin einu sinni þriggja ára reynsla á þá reglu, sem flokkur hv. þm. beitti sér fyrir að sett yrði. Sé sú regla röng eða óeðlileg, sem nú gildir um þátttöku ríkisins í greiðslu skólakostnaðar, getur hv. þm. fyrst af öllu sakað þingflokksformann sinn um þau rangindi og ekki aðra, því að hann hafði forustu um, að sú regla yrði mótuð, sem nú gildir og ég vil ekki breyta, a. m. k. ekki fyrr en fengin er meiri reynsla á þær reglur, sem nú gilda.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, til þess að þessum umr. lyki ekki þannig, að þessum orðum hv. þm. væri ómótmælt. Þó að hér sé um nokkurt fjárhagsatriði að ræða, er það að sjálfsögðu ekki svo mikið, að það gæti haft nein veruleg áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Það er ekki það sjónarmið, sem fyrst og fremst er um að ræða, heldur hitt, að sjálfsagt virðist að láta þá reglu, sem sett var með samhljóða atkv. fyrir tæplega þremur árum, gilda í nokkur ár og fá um hana verulega reynslu, en ekki hlaupa til að breyta henni að lítt eða ekki athuguðu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 14. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 288,a felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, RH, BBen, ÁS, IngJ, JóhH, JPálm, JS, MJ, ÓB.

nei: PÞ, PP, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GÍG, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, EOl.

8 þm. (SÁ, StgrSt, ÁkJ, GíslG, GJóh, KJJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 288,b felld með 15:10 atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 344).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í hv. Nd. af menntmn. þeirrar deildar samkv. beiðni menntmrn. Tilgangurinn með frv. er sá að gera sýslufélögum léttara að bera sinn hluta af rekstrarkostnaði héraðsskóla og húsmæðraskóla. Þetta er gert í frv. með þeim hætti að ákveða, að tekjum skólanna skuli skipt á annan veg en áður, svo að hlutur sýslufélaganna, sem standa að þessum skólum, batni veru-

lega frá því, sem nú er, en að sjálfsögðu þyngir það að sama skapi á útgjöldum ríkisins til þessara skóla.

Ástæðurnar fyrir því, að þetta þykir réttmætt, eru fyrst og fremst þær, að gjöld sumra sýslufélaga vegna rekstrar þessara skóla eru orðin þeim mjög tilfinnanleg. Samkv. l., sem giltu fyrir 1946, voru þessar skólastofnanir taldar sjálfseignarstofnanir og reknar með ríkisstyrk. Sá styrkur fór eftir nemendafjölda, og þótti viðunanlegt það fyrirkomulag. En 1946 eru sett ný lög um skólamál landsins. Þá verða þessir skólar að sameign ríkis og sýslufélaga þeirra, sem standa undir kostnaði af rekstri þeirra, og þá eru settar reglur um það, hvernig rekstrarkostnaður skólanna skuli skiptast á milli þessara eigenda, ríkis og sýslufélaganna.

Í höfuðatriðum eru þær reglur þannig, hvað snertir héraðsskólana og húsmæðraskólana, að rekstrarkostnaðurinn skiptist í sömu hlutföllum og stofnkostnaðurinn eða að ríkið greiðir ¾ hluta af rekstrarkostnaðinum, en viðkomandi sýslufélög ¼. Nú er það svo, að sum sýslufélög í landinu bera ekki neinn kostnað af slíkum skólum, þegar önnur sýslufélög bera kostnað jafnvel af tveimur skólum og það auk unglingaskóla, sem þau líka kosta að hluta í þessum sömu héruðum. Er því misræmi mjög í þessum málum milli hinna einstöku sýslufélaga í landinu. Aftur á móti er það svo um nemendur þessara skóla, að þeir eru jafnvel ekkert frekar úr þeim sýslufélögum, sem bera kostnaðinn af rekstri skólanna, heldur en öðrum, sem bera ekki uppi slíkan kostnað. Út af þessu hafa ýmis sýslufélög átt mjög erfitt með að greiða sinn hluta af þessum kostnaði og afleiðingin oft orðið sú, að viðhald eignanna, þ. e. skólahúsanna fyrst og fremst, hefur verið vanrækt af þessum ástæðum, og það bitnar svo síðar á stofnkostnaði skólanna, sem verður að sjálfsögðu meiri og kemur fyrr til, ef viðhaldið er vanrækt.

1955 var þessum l. nokkuð breytt hvað snertir viðhaldskostnaðinn og þá sýslufélögunum í hag. En sú breyting er fjarri því að leysa þann vanda, sem sýslufélög eru í um greiðslu rekstrarkostnaðarins yfirleitt.

Með þessu frv. er ekki verið að breyta neinu um hlutföll og greiðslu rekstrarkostnaðar. Sú eina breyting er í þessu frv., að tekjum af skólahaldinu er skipt öðruvísi en nú er. Höfuðreglan um skiptingu teknanna, eins og nú er, er sú, að leigutekjur af húsnæði og eignum falla að ¾ til ríkis og ¼ hluta til sýslufélaganna, sem reka skólann, en aðrar tekjur, og það eru fyrst og fremst heimavistargjöld nemenda, falla að helmingi til ríkis og helmingi til sýslufélaga. En skv. þessu frv. er lagt til, að þessar tekjur, leigutekjurnar og aðrar tekjur, sem eru aðallega heimavistargjöld, teljist allar sem framlag viðkomandi sýslufélaga. Til þess að skýra þetta nánar skal ég setja upp einfalt dæmi, án þess að það sé tekið úr veruleikanum. Ef einhver skóli hefur 76 þús. kr. tekjur, þ. e. 16 þús. af leigutekjum og 60 þús. af öðrum tekjum, þá fær ríkið 42 þús. af þessum tekjum, en sýslufélögin 34. En verði þetta frv. samþ., þá falla þessar 76 þús. kr. óskertar til sýslufélaganna sem framlag þeirra við rekstur skólans, m. ö. o., þær 42 þús. kr., sem áður féllu í hlut ríkis, færast yfir til sýslufélaga. Ef einhver skóli væri rekinn skv. þessu dæmi, sem ég nefndi, þá er hagnaður sýslufélaganna þar 42 þús. kr., og tekjur ríkissjóðs minnka að sama skapi. Með þessu móti er talið að mjög verulega sé leystur vandinn fyrir þau sýslufélög í landinu, sem undan þessu ástandi hafa kvartað, en að sjálfsögðu þyngir þetta á ríkissjóði, og mun vera áætlað, að það nemi milli 400 og 500 þús. á ári, sem þetta auki gjöld ríkissjóðs, vegna þess að hann missir af þessum tekjum, sem til skólahaldsins féllu.

Menntmn. er sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. Tveir nm., hv. 2. þm. Árn. og hv. 6. þm. Reykv., áskilja sér þó rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja þeim, ef fram koma, en eru þó sammála okkur hinum um að samþ. frv.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Frsm. menntmn. í þessu máli, hv. þm. Barð. (SE), hefur nú gert grein fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, og skýrt frá, hvaða afgreiðslu það fékk í menntmn.

Eins og hann gat um, áskildum við hv. 6. þm. Reykv. okkur rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og vegna þessa og vegna málsins í heild ætla ég að fara um það nokkrum orðum.

Með hinum almennu fræðslulögum, sem sett voru 1946, var l. um héraðsskóla eins og yfirleitt alla skóla í landinu breytt, og um héraðsskólana var það á þann veg, að þeir voru gerðir að sameign ríkis og þeirra héraða, þar sem þeir voru staðsettir, eða sú varð framkvæmd málsins, þó að ekki væri gengið frá því, um leið og l. voru sett. Áður höfðu þessir héraðsskólar verið sjálfseignarstofnanir og reknir með heimafengnum tekjum, þ. e. nemendagjöldum, leigjutekjum og styrk frá ríki, sem miðaður var við nemendafjölda. Þetta gekk yfirleitt svo, að skólarnir stóðu að mestu leyti undir rekstri sínum eða alveg. Í héraðinu, þar sem mér var kunnugast um þetta, gekk það svo, ef ekki stóðust á tekjur og gjöld, að þá voru oftast til staðar frjáls framlög frá viðkomandi hreppum og sýslufélagi, sem hlupu þá undir bagga. En fljótlega eftir að þessi breyting átti sér stað kom í ljós, að fjárhagur héraðs- og húsmæðraskólanna, sem voru undir sömu l., var mjög bágborinn. Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður þeirra, þ. e. a. s. sá hluti, sem kom í hlut héraðanna, varð svo mikill, að þau fengu ekki undir honum risið. Þá kom það enn í ljós, þegar erfiðleikarnir birtust, að sum héruð, sem þarna áttu hlut að máli, neituðu greiðsluskyldu sinni til skólanna. Allt þetta hafði það í för með sér, að fjárhagur skólanna varð bágborinn. Þeir menn, sem höfðu stjórn skólanna á hendi, þ. e. viðkomandi skólanefndir og skólastjórar, voru yfirleitt í vandræðum með reksturinn. Þetta var orðið óviðunandi ástand, og forráðamenn þeirra héraða, sem hér áttu hlut að máli, gerðu ítrekaðar tilraunir til þess að kippa þessu í lag.

Síðari hluta ársins 1956 komu saman á fund til að ræða þessi mál fulltrúar frá Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum, og mættu þeir vegna Skógaskóla, frá Árnessýslu vegna héraðsskólans og húsmæðraskólans á Laugarvatni, frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu vegna Reykholtsskólans og húsmæðraskólans á Varmalandi, frá Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir hönd skólanna þar og frá Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu vegna Reykjaskóla. Þessir fulltrúar ræddu á þessum fundi sínum þessi vandamál, og þeim kom öllum saman um það, að mikil nauðsyn væri á fyrir þessi héruð og sem sagt óhjákvæmilegt, að þessu yrði breytt frá því ástandi, sem nú var. Þeir gerðu því ályktun, þar sem þeir fóru fram á, að ríkið kostaði þessa skóla að öllu leyti. Til vara gerðu þeir þá ályktun eða till., að ríkissjóður greiddi 9/10 hluta af þeim kostnaði, sem sameiginlegur hefði verið ríki og héruðum, en héruðin 1/10. Í grg., sem þeir létu fylgja þessum till. sínum, færa þeir fram sterk rök fyrir máli sínu, þau sem ég hef nú lítillega bent á, og þeir benda t. d. á, að með l. frá 1946 hafi þeim sýslufélögum, þar sem þessir skólar voru staðsettir, verið gert að skyldu að greiða stofnkosnað þeirra í ákveðnu hlutfalli á móti ríkissjóði, án þess að leitað hafi verið álits þeirra um málið. Hver þessi hlutföll voru, þarf ég ekki að taka fram, hv. frsm. gerði það hér áðan. Þá segja þeir enn fremur, að fyrir fram hafi verið vitað, að hér yrði um mikil útgjöld að ræða, en sýslusjóðum ekki séð fyrir neinum auknum tekjum til þess að standast þennan aukna kostnað. Þá hafi þetta komið mjög misjafnt niður á héruðin, í hlut sumra komu 2 skólar, annarra 1 skóli, og sum héruð losnuðu alveg við þennan kostnað. Í þessu sambandi bentu þeir einnig á Austurland, þar sem er einn skóli, Eiðaskóli, og hann er að öllu leyti kostaður af ríkinu, og sama er að segja um húsmæðraskólann að Staðarfelli í Dalasýslu. Þá benda þeir á, að nemendur í þessum skólum eru að miklum meiri hluta úr öðrum héruðum en þeim, þar sem skólarnir eru staðsettir, svo að það kemur í hlut þessara héraða að greiða kostnað fyrir nemendur, sem eru að miklu leyti úr þeim héruðum, sem engan slíkan skólakostnað hafa.

Ég vil benda á í þessu sambandi Árnessýslu. Eins og kunnugt er, stendur sýslusjóður undir stofnkostnaðarhluta og rekstrarhluta héraðsskólans að Laugarvatni og húsmæðraskólans þar. Í sýslunni eru nú 2 gagnfræðaskólar, þar sem sömu námsgreinar eru kenndar og í héraðsskólanum á Laugarvatni, þ. e. a. s. á Selfossi og í Hveragerði. Vitanlega standa viðkomandi hreppar að öllu leyti undir kostnaði þessara skóla, eins og l. mæla fyrir um. Sýslusjóður leggur vitanlega ekkert til þeirra mála. Í skólanum á Selfossi munu nú vera um 50—60 nemendur, að langmestu leyti þaðan af staðnum, en þó nokkrir úr nálægum hreppum. Auk þess að hreppurinn verður að standa undir þessum skóla, sem sjálfsagt er og ekkert er kvartað yfir, þá kemur í hlut hreppsins að greiða nálægt 1/6 hluta af þeim kostnaði, sem fellur til sýslusjóðs vegna skólanna á Laugarvatni. Þetta eru aukin útgjöld, sem viðkomandi hreppar álíta að þeim beri ekki að greiða eða það sé ekki rétt að hafa þessa tilhögun á, þeir hreppar, sem kosta sína skóla sjálfir, eigi að vera lausir við þessar greiðslur til héraðsskólans á Laugarvatni. En að óbreyttu ástandi verða þeir að gera það, vegna þess að þeir borga sinn hlut í sýslusjóð sýslunnar, og Selfosshreppur t. d. er það stór orðinn, að hann ber 1/6 af sýslusjóðsgjöldunum.

Ég tek þessi dæmi frá Árnessýslu, vegna þess að ég er þeim persónulega kunnugur og hef haft afskipti af þeim á undanförnum árum, en sömu dæmi og þetta mætti áreiðanlega nefna frá þeim stöðum öðrum, sem líkt stendur á fyrir.

Á s. l. þingi og því, sem nú situr að störfum, flutti hv. þm. Borgf. frv. um breyt. á l. um skólakostnaðinn. Í þessu frv. var lagt til að skipta kostnaði héraðsskólanna á þann veg milli ríkis og héraða, að héruðin greiddu 1/10 af kostnaðinum, ríkið 9/10. Var þá bæði um stofnkostnað og rekstrarkostnað að ræða. Með þessu var tekið undir varatill. forráðamanna þeirra héraða, sem ég gat um áðan, sem komu saman vegna þessara mála. Þessu frv. frá s. l. þingi var vísað til ríkisstj., en því frv., sem hv. þm. Borgf. flutti núna samhljóða á þessu þingi, var vísað til menntmn. Nd. og hefur ekki verið afgr. þaðan. Sú n. flutti nokkru seinna að beiðni menntmrn. frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 144, og það frv. hefur náð samþykki í Nd. og er nú hér til meðferðar.

Frv. þetta kemur til móts við héruðin, eins og lýst hefur verið, hvað það snertir að létta rekstrarkostnaði skólanna af héruðunum, enda gert ráð fyrir, eins og segir í 1. gr., að leigutekjur og aðrar tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigsins, þ. e. héraðsskólanna, og húsmæðraskóla renni í hlutaðeigandi skólasjóði til greiðslu á hluta viðkomandi sveitarfélags eða sýslu vegna kostnaðar af viðhaldi og rekstri skólans, að svo miklu leyti sem tekjur þessar hrökkva til. Þessar tekjur, sem eru aðallega leigutekjur og heimavistargjöld nemenda, hafa áður skipzt að jöfnu milli ríkis og viðkomandi héraða, en eiga nú að ganga óskiptar til greiðslu á kostnaðarhluta viðkomandi héraða.

Frv. þetta er því að þessu leyti til mikilla bóta og léttir verulegum bagga af héruðunum, bagga, sem hefur hvílt þungt á þeim, eins og lýst hefur verið. En ég verð að telja það miður farið, að hæstv. menntmrh., sem staðið hefur að flutningi þessa frv., skyldi ekki taka skrefið að fullu með því að létta stofnkostnaði skólanna einnig af héruðunum, eins og lagt var til í frv. hv. þm. Borgf. og forráðamenn skólanna höfðu farið fram á, eins og ég hef getið um, en þessi kostnaður, stofnkostnaðurinn, er ekki svo lítill.

Það hafa orð fallið um það, að þarna væri ekki um mjög mikinn kostnað að ræða, þetta væru skólahús, sem búið væri að reisa, og skólarnir væru í fullum gangi og þess vegna mundi ekki vera um mikinn stofnkostnað að ræða á næstu árum. En þetta er nokkuð annað, þegar farið er að athuga þessi mál, því að eftir upplýsingum frá eftirlitsmanni skólanna er það svo, þar sem gerð er grein fyrir endurbótum og nauðsynlegum viðbyggingum skólanna segir, að til skólans í Reykholti muni þurfa 4 millj. kr.

Af þeirri upphæð mundi hlutur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu verða 1 millj. kr. Að Reykjum í Hrútafirði þarf að þessu leyti 3 millj. kr. Hlutur viðkomandi héraða, sem eru Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla, yrði þá 750 þús. kr. Núpsskóli í Dýrafirði þarf 3 millj. kr. Hlutur Vestur-Ísafjarðarsýslu yrði þá 750 þús. kr. Reykjanesskóli við Ísafjarðardjúp þarf 2 millj. og hlutur Norður-Ísafjarðarsýslu yrði þá 500 þús. kr. Laugaskóli í Þingeyjarsýslu er þarna langlægstur með 800 þús. kr., en hluti sýslunnar yrði þá 200 þús. Til héraðsskólans á Laugarvatni er áætlað að þurfi 3 millj. kr., og í hlut sýslunnar kæmu þá 750 þús. Skógaskóli í Rangárvallasýslu, sem Rangárvallasýsla og V.-Skaftafellssýsla standa báðar að, þarf 3 millj. og 200 þús. kr., og í hlut sýslnanna koma því um 800 þús. kr.

Svo sem sjá má af þessari upptalningu, er hér um stórkostlegar fjárfúlgur að ræða. Og þetta er ekki út í bláinn sagt, því að þessu fylgir sú umsögn, að þetta séu nauðsynlegar framkvæmdir á næstu árum, ef skólarnir eiga að geta gegnt því hlutverki, sem þeim er ætlað samkvæmt lögum. Þessar tölur, sem ég las núna upp, eru samtals 19 millj. kr., og samkvæmt núgildandi skiptingu milli þessara héraða og ríkisins eru það 4 millj. 750 þús. kr., sem koma í hlut héraðanna, en ríkið mundi borga 14 millj. 250 þús. Ef farið væri eftir varatill. þeirri, sem forráðamenn þessara héraða fóru fram á eða stungu upp á, þá mundi í hlut ríkisins koma 17 millj. og 100 þús. kr., en héraðanna 1 millj. og 900 þús. Mismunurinn yrði tæpar 3 millj. kr., sem létt væri af héruðunum og kæmu yfir á ríkið.

Af því, sem ég nú hef sagt, vænti ég, að hv. dm. sé ljóst, að hér er um svo miklar upphæðir að ræða, að full ástæða sé til að létta þeim af viðkomandi héruðum og koma til móts við þau að þessu leyti, eftir því sem þau hafa óskað eftir og farið fram á.

Ég hafði látið mér detta í hug að bera fram við frv. við þessa umr. brtt., sem færi í sömu átt og brtt. sú, sem hv. þm. Borgf. bar fram við frv. í Nd. og náði þar ekki fram að ganga. En vegna þess, sem fram kom í menntmn., þegar þetta mál var tekið fyrir þar, þá þykist ég mega draga þá ályktun af því, að slík till., þótt fram yrði borin, mundi ekki ná fram að ganga nú í þessari hv. d. Og ég vil ekki verða til þess að tefja það, að frv., eins og það liggur fyrir, nái fram að ganga, því að svo langt sem það nær, kemur það mikið á móti þeim héruðum, sem hér er um að ræða. Með það sjónarmið fyrir augum mun ég ekki bera fram þessa brtt. En mér þótti samt rétt að taka það fram, sem ég nú hef látið í ljós um þetta, svo að það væri deildarmönnum nokkuð ljóst, hvernig málið liggur fyrir í heild og hvaða óskir viðkomandi héruð hafa látið í ljós og fyrir hverju þau hafa barizt á undanförnum árum. Eins og fram hefur komið, er þetta frv., sem nú er hér til meðferðar, til nokkurra bóta, og það er þó alltaf nokkuð í áttina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 368).

---

37. Húsnæði fyrir félagsstarfsemi (frv. JK o. fl.).

Á 52. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um húsnæði fyrir félagsstarfsemi [121. mál] (þmfrv., A. 239).

Á 53. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Með frv. því á þskj. 239, sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. S-Þ., er þess farið á leit, að Alþingi heimili Vinnuveitendasambandi Íslands að taka húseign þá, sem sambandið á á Fríkirkjuvegi 3 hér í bænum, til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

Húseign þá, sem hér um ræðir, keypti Vinnuveitendasambandið sumarið 1956 eða nokkru áður en í gildi gengu lögin, sem banna að breyta íbúðarhúsnæði í skrifstofur eða annað þess háttar. Þetta hús er yfir 50 ára gamalt timburhús, mjög úr sér gengið og óhæft til íbúðar nema með miklum lagfæringum og tilkostnaði.

Þegar Vinnuveitendasambandið réðst í kaup á þessu húsi, var ætlun þess að rífa húsið og byggja hentugt hús fyrir starfsemi félagsins á lóðinni. En vegna erfiðleika á að fá fjárfestingarleyfi fer sambandið þess á leit að fá leyfi til þess að lagfæra húsið, þannig að það geti flutt starfsemi sína þangað til bráðabirgða.

Vinnuveitendasamband Íslands býr nú við gersamlega ófullnægjandi húsnæði. Það hefur aðsetur í smákytru í Þórshamri, og er augljóst mál, að þetta torveldar mjög alla starfsemi sambandsins. Er svo komið, að þegar samningar standa yfir um kaup og kjör, hafa samninganefndir tíðum þurft að afla sér húsnæðis hér og þar úti um bæ. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi ástand. En eins og hv. þdm. er kunnugt, er starfsemi Vinnuveitendasambandsins orðin svo yfirgripsmikil, að segja má, að það komi meira eða minna til þess kasta um alla meiri háttar kaup- og kjarasamninga, sem gerðir eru í landinu.

Af því, sem ég hef hér sagt, vænti ég, að hv. þdm. sjái, að hér er um sanngirnismál að ræða. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. þeirrar, sem fylgir þessu frv., og legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langaði eiginlega mest til að fá upplýsingar. Ég veit ekki, hver er hér inni, sem getur gefið þær, væntanlega forsrh. Annars hefði það nú staðið félmrh. næst, hefði hann verið hér.

Þetta hús, sem hér er um að ræða að kaupa, mun hafa verið keypt og úr því flutt s. l. sumar allsnemma, og síðan hefur það staðið mannlaust og autt.

Nú er talin hér húsnæðisekla í bænum, og þá langar mig til að spyrja: Geta þeir menn, sem dettur það nú í hug, hafa nóga peninga og geta keypt fermetrann í lóðunum, sem húsin standa á, á nokkrar þúsundir, eins og hér var gert, — geta þeir bara keypt upp svona íbúðarhúsin og lagt þau í eyði?

Ég er ekki að mæla á móti frv. sjálfu, en þetta frv. gefur mér tilefni til að spyrja. Þarna er um ríkt félag að ræða, sem kaupir þetta hús á nokkrar milljónir og lætur það síðan vera í eyði. Er hægt að fara svona að, hvar sem er í bænum, kaupa bara húsin og láta fólkið fara úr þeim og láta þau svo standa auð? Það er það, sem mig langar til að vita, og ef það er hægt, þá þarf að fyrirbyggja, að það sé hægt.

Þarna mun metrinn hafa verið keyptur á nokkur þúsund, líklega nær þremur. Ef peningamenn geta á þennan hátt lagt húsin í bænum í eyði að gamni sínu, þá langar mig til að vita, á hverju það byggist og hvernig á að fyrirbyggja það.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Mér skilst, að hv. 1. þm. N-M. hafi beint hér fyrirspurn til hæstv. ráðherra, sem því miður er ekki viðstaddur, enda er ekki mitt að svara því, sem hann spurði um. En hann veit það, að húseign sú, sem hér er um að ræða að Fríkirkjuvegi 3, er sáralítils virði og eins og ég gat um yfir 50 ára gamalt timburhús. Það er lóðin, sem er mikils virði, það veit hv. þm. Og það er lóðin, sem Vinnuveitendasambandið ætlaði sér að nota til þess að byggja á hús til sinnar félagsstarfsemi. Það er þetta, sem hv. þm. veit og þarf því ekki að spyrja. En þar sem sambandið getur ekki byggt í bili, vegna þess að það fær ekki fjárfestingarleyfi, óskar það að fá að koma starfseminni fyrir til bráðabirgða í þessu gamla húsnæði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, n. 309).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að Vinnuveitendasambandi Íslands heimilist að taka húseign sína við Fríkirkjuveg 3 til nota fyrir félagsstarfsemi sína.

Vinnuveitendasamband Íslands hefur aðsetur og hefur haft í leiguhúsnæði, sem mjög er þröngt og ófullnægjandi, þar sem starfsemi þess er orðin mjög umfangsmikil. Félagsmenn þess eru nú milli sjö og átta hundruð, og störfin aukast ár frá ári. Vegna þessa ástands fór sambandið fyrir nokkrum árum að leita fyrir sér um kaup á hentugu húsnæði á þægilegum stað. Þetta leiddi til þess, að 1956 festi sambandið kaup á húseigninni við Fríkirkjuveg 3 hér í borg ásamt lóð. Húsið á þessari lóð er gamalt timburhús, en stendur á góðum stað. Tilgangurinn með kaupum þessum var sá, að húsið yrði fjarlægt af lóðinni og þar yrði reist aftur nýtt hús, sem gæti orðið fullnægjandi fyrir starfsemi Vinnuveitendasambandsins í framtíðinni. Úr þessum framkvæmdum hefur ekki enn orðið og óvíst nú, hvenær fjárfestingarleyfi fæst fyrir slíkri byggingu. Vinnuveitendasambandið hefur því ákveðið að endurbæta þetta gamla íbúðarhús, sem undanfarið hefur staðið autt, og flytja þangað starfsemi sína. En skv. lögum nr. 10 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, sem gengu í gildi nokkru eftir að umtöluð kaup voru gerð, er óleyfilegt að taka íbúðarhúsnæði til annarra afnota en íbúðar. Vegna þessa er frv. þetta flutt og fer, eins og áður er um getið, fram á það, að Vinnuveitendasambandi Íslands verði veitt heimild til að breyta húsinu svo, að það verði hæft til þess, að sambandið geti haft þar starfrækslu sína.

Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. þetta til meðferðar og sendi það félmrn. til umsagnar. Svar barst frá rn., og mælir það með því, að frv. verði samþ., þar sem hér sé um að ræða fjölmennt landssamband, sem sé brýn nauðsyn á að fá þessa eign sína til afnota fyrir starfsemi sína, eins og segir í svari rn., sem prentað er hér með nál. 309 sem fylgiskjal I. Þá barst n. einnig umsögn húsnæðismálastjórnar um frv., þar sem skýrt er frá því, að framkvæmdastjóri stofnunarinnar hafi athugað húsið með tilliti til þess, hvað kosta mundi mikið fé að gera það íbúðarhæft. Að þeirri athugun lokinni var samþykkt ályktun þess efnis, að húsnæðismálastjórn mælti með því, að Vinnuveitendasambandi Íslands yrðu veitt umbeðin afnot af húsinu. Þessi umsögn húsnæðismálastjórnar er einnig prentuð með nál. á þskj. 309 sem fskj. II.

Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar, eins og áður segir, og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu málsins, og sömuleiðis þakka ég hæstv. félmrh. fyrir góðan skilning á málinu og góða fyrirgreiðslu. Og ég hef ekki þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að hv. d. samþ. frv. nú greiðlega og það fari óhindrað gegnum Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 70. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, n. 347).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed., var samþ. þar samhljóða því, sem það er nú. Það var, meðan það var þar, sent til umsagnar húsaleigunefndar í Reykjavík, og komu meðmæli n. með því, að það væri samþ. Enn fremur var það sent hæstv. heilbr.- og félmrh. til umsagnar, og tjáði hann sig líka samþykkan, að frv. næði fram að ganga.
N. hefur rætt þetta frv., og var samþ. samhljóða að mæla með því. Einn nefndarmanna, Ragnhildur Helgadóttir, var fjarstaddur afgreiðslu frv. vegna veikinda.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 74. og 75. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 374).

---

38. Löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Dalasýslu.

Á 50. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. [144. mál] (þmfrv., A. 285).

Á 60. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Þetta er nýr verzlunarstaður, sem Kaupfélag Saurbæinga er nú að taka í notkun, og hef ég verið beðinn að annast um löggildingu hans.
Það munu vera gildandi lög á Íslandi nú um a. m. k. 160 verzlunarstaði víðs vegar um landið, og mun sú venja hafa verið viðhöfð, þegar nýir verzlunarstaðir hafa verið teknir í notkun, að þeir hafa verið löggiltir á þennan hátt.
Um þetta frv. er annars ekki margt að segja umfram það, sem getið er í grg., og vil ég láta það nægja. En ég vonast til þess, að frv. fái greiðan framgang hér í hv. d. Er sennilega rétt að leggja til, að því verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 290).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það vill til, að það kostar ekki mikinn undirbúning að flytja framsögu í þessu máli, þar sem fundur er boðaður með svo skömmum fyrirvara, en ég er í sjálfu sér þakklátur hæstv. forseta fyrir það, að hann vill greiða fyrir sem skjótustum framgangi þessa máls hér í deildinni.
Það er skemmst af að segja, að allshn. hefur fjallað um þetta frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. Einn nm., hv. 1. þm. N-M., var þó fjarverandi, þegar málið var afgreitt, en frá honum hefur ekkert heyrzt um, að hann hafi nokkuð við frv. að athuga, og reikna ég með því, að hann sé því samþykkur að öllu leyti.
Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en vonast til þess, að frv. þetta nái samþykki Alþingis sem fyrst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 340).

Frsm. (Ásgeir Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. á þskj. 285 og leggur til, að það verði samþ. Það er um löggilding verzlunarstaðar á Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Telur n., að þetta sé þarft mál og geti orðið til þess að greiða fyrir viðskiptum Saurbæinga, og telur því rétt að mæla með því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 384).

---

39. Ríkisborgararéttur.

Á 32. fundi í Sþ., 5. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar** [146. mál] (þmfrv., A. 287).

Á 63. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Svo var ráð fyrir gert af hálfu allshn., að annar nm., hv. 2. þm. Reykv., mælti fyrir þessu frv. af hálfu n., en sá nm. er ekki hér staddur, er erlendis, og því hefur talazt svo til, að ég segði nokkur orð, um leið og frv. kemur til umr.

Upphaf þessa máls er það, að allshn. þessarar d. barst fyrir nokkru frá dómsmrn. frv. um veitingu ríkisborgararéttar. Í þessu frv. var lagt til, að 49 mönnum, erlendum ríkisborgurum, yrði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. En um leið sendi ráðuneytið n., ásamt umsóknum þessara manna, umsóknir allmargra manna annarra um ríkisborgararétt hér á landi, og munu sumar þeirra umsókna hafa borizt ráðuneytinu, eftir að frv. var þar samið.

Sú aðferð var nú höfð í allshn., að hún kaus úr sínum hópi tvo menn, sem ásamt tveim mönnum úr allshn. Ed. og skrifstofustjóra Alþ. fóru yfir umsóknirnar, bæði umsóknir þeirra manna, sem teknar höfðu verið upp í frv. dómsmrn., og annarra, og niðurstaða þeirrar athugunar er það frv., sem hér liggur fyrir frá allshn. og flutt af henni. Í frv. er gert ráð fyrir, að 57 mönnum verði veittur ríkisborgararéttur. Þetta er nokkuð há tala. En í því sambandi er rétt að vekja athygli á því, að á síðasta Alþ. voru engin lög sett um þetta efni, og því eru umsækjendur að þessu sinni fleiri.

Allsherjarnefndir þingsins hafa sett sér reglur, sem á eru byggðar tillögurnar um það, hverjir skuli fá ríkisborgararéttinn. Þessar reglur eru prentaðar með frv. í grg. á þskj. 287, og leyfi ég mér að vísa til þeirra. En aðalreglan er sú, að auk þess sem áskilið er, að umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt, þá skuli hann hafa átt lögheimili hér á landi a. m. k. fimm ár, ef hann er ríkisborgari á Norðurlöndum, en a. m. k. 10 ár, ef hann er ríkisborgari utan Norðurlanda. Frá þessari aðalreglu um 5 eða 10 ára lögheimili eru svo undantekningar, sem greindar eru í 3.—6. tölulið í grg., um það, þegar maður eða kona erlend giftist íslenzkum ríkisborgara, erlendur ríkisborgari á íslenzkan föður eða móður, Íslendingur hefur gerzt erlendur ríkisborgari eða íslenzk kona hefur misst ríkisfang sitt við giftingu.

Ég skal taka það fram, að þrír umsækjenda, að ég ætla, sem teknir hafa verið upp í þetta frv., nr. 10, nr. 40 og nr. 56, uppfylla ekki á þessari stundu það skilyrði, sem greint er í reglunum um lögheimilistíma, og þess vegna er tekið fram í frv., að þeir öðlist ríkisborgararétt síðar á árinu, tiltekinn dag, og mun það hafa verið gert áður, þegar eins hefur staðið á.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð, en eins og ég gat um, hefur verið haft um það samstarf við allshn. Ed. Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18:1 atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 287, 370).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Til Alþ. hafa borizt umsóknir um ríkisborgararétt frá allmörgum mönnum, síðan frv. var lagt fram. Nú milli umr. hefur allshn. athugað þessar umsóknir, og hefur þar verið hafður sami háttur á og áður hafði verið hafður, að höfð hefur verið

samvinna um þessa athugun við allshn. Ed. Eftir að þessi athugun hefur farið fram, hefur það orðið niðurstaðan að leggja fram brtt. á þskj. 370 um, að inn í frv. verði bætt nöfnum 10 manna, og liggur sú brtt. nú einnig fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 370 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 372).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 372, n. 394).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, sem komið er frá Nd.

Það, sem valdið hefur dálitlum erfiðleikum í sambandi við meðferð þessa máls, er það, að stöðugt hafa verið að berast umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar, eftir að frv. var upphaflega lagt fram. Seinasta umsóknin barst fyrir nokkrum dögum. Í meðförum Nd. fjölgaði þannig umsækjendum um ríkisborgararétt skv. frv. úr 57 upp í 67.

Það gefur að skilja, að það er dálítil áhætta að taka inn marga nýja umsækjendur nú, þegar svo langt er liðið á þing, að því er ætla má, því að nokkur hætta getur verið á því, að frv. kunni þá að daga uppi, en slíkt má ekki henda, þar sem þetta er réttlætismál margra umsækjenda, sem fullnægja öllum skilyrðum. Á hitt er enn fremur að líta, að það er ekki gott að þurfa að neita mönnum, sem senda umsóknir í fullkomnu lagi og uppfylla öll skilyrði til þess að öðlast þennan rétt.

Að athuguðu máli hefur allshn. Ed. orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. með tveim breytingum. Hún leggur til, að teknir verði upp í frv. þrír menn, er bætist inn í gr. í stafrófsröð. Þar er fyrst Jónmundur Jensen, annar Agnar Jensen og þriðji Knud Larsen. Einnig er gert ráð fyrir því, að orðin „fær réttinn 7. apríl 1958“ í 66. tölulið frv., eins og það kom frá Nd., verði felld niður, þar sem 7. apríl er nú liðinn. Með þessum breytingum leggur n. einróma til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 394,a samþ. með 14 shlj. atkv.
— 394,b samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 406).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 80. fundi í Nd., 18. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 81. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Breytingin, sem Ed. hefur gert á frv., er sú, að bætt hefur verið þremur umsækjendum í frv. Ég og hv. þm. N-Þ. höfum haft samvinnu við nefnd Ed. um þetta atriði og gengið úr skugga um, að þessir þrír umsækjendur, sem bætt hefur verið inn á frv., fullnægja þeim reglum, sem þingið hefur sett sér fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Við viljum því mæla með, að frv., eins og það nú liggur fyrir, verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 427).

---

40. Umferðarlög.

Á 6. fundi í Ed., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til umferðarlaga [18. mál] (þmfrv., A. 22).

Á 9. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Umferðarlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, var flutt á síðasta Alþingi sem stjórnarfrv. Það var afgreitt hér í hv. deild með nokkrum breytingum eftir allrækilega athugun, að því er ég tel. Frv. er nú flutt á ný af allshn. d. eftir beiðni ráðh. og í því formi, sem það hafði, er það var afgreitt héðan úr hv. deild á síðasta Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til að gera nú grein fyrir efni frv. eða þeim nýmælum, sem það gerir ráð fyrir, enda ætla ég, að það muni vera hv. dm. í fersku minni.

Allsherjarnefnd sem heild hefur áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. og sömuleiðis einstakir nm. Vera má, að nú verði uppi nýjar hugmyndir eða ný viðhorf, sem voru ekki uppi höfð í fyrra, þegar málið var hér í deildinni, og allshn. vill gjarnan athuga þetta mál milli umræðna.

Ég legg til að svo mæltu, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umræðu.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hér hljóðs til að ræða almennt þann mikla lagabálk um umferðarmál, sem hér liggur fyrir, heldur aðeins til þess að biðja hv. allshn., sem nú fær málið á ný til íhugunar, að athuga þar eitt ákvæði nánar, en það er ákvæði í 27. gr. um það, að ekki megi veita heyrnardaufum eða heyrnarlausum mönnum ökuskírteini, og skilyrði um heyrn, að því er virðist, lagt að jöfnu við að hafa góða sjón.

Tilefni þess, að ég vek máls á þessu, er það, að á s. l. sumri komu að máli við mig 4 ungir menn, sem hafa misst heyrn, en eru að öllu leyti heilsuhraustir að öðru leyti og færir í flestan sjó. Þessir ungu menn töldu, að með lagaákvæðum, sem um þá giltu, væri mjög gengið á rétt þeirra. Kváðust þeir hafa unnið hin margvíslegustu störf á sjó og landi og hefði vöntun þeirra ekki orðið þeim að teljandi baga, jafnvel við störf, sem krefjast mikillar athyglisgáfu. Einn þessara manna hafði t. d. verið togarasjómaður, og munu flestir á einu máli um það, að sá starfi krefjist ýtrustu athyglisgáfu. Á þessu stigi málsins vil ég þó engan veginn leggja neinn dóm á það, hvort unnt er almenns öryggis vegna að veita heyrnardaufum mönnum rétt til að stjórna ökutækjum, en ég tel jafnsjálfsagt, að það sé athugað.

Á það má benda í þessu sambandi, að það mun vera viðurkennt, að slík vöntun skerpi yfirleitt skyn manna á öðrum sviðum og bæti mönnum hana þannig verulega. Einnig má benda á það, að aðalörðugleikinn í sambandi við akstur heyrnardaufra manna er sá, að ekki er öruggt, að þeir heyri hljóðmerki. En það mun nú vera svo, að þróunin um það atriði hefur verið á þá lund, að æ minna er lagt upp úr því og hljóðmerki jafnvel bönnuð í stórborgum, sem hafa ákaflega mikla og hættulega umferð.

Það má líka benda á, að fjöldi manna, sem eru fatlaðir á hinn margvíslegasta hátt, jafnvel á öllum útlimum, hefur fengið rétt til að aka bifreiðum og mun geta öðlazt slíkan rétt áfram og haldið þeim rétti, þeir sem þegar hafa fengið hann, þrátt fyrir þau lög, sem nú er fyrirhugað að setja um þetta efni.

Þá sýnist mér líka eðlilegt, að hv. allshn. kynni sér, hvern hátt aðrar þjóðir hafa á í þessu efni. Ég hef ekki haft tök á að kynna mér það, en hef þó flett upp í norsku umferðarlögunum. En þar er hvergi tekið fram sérstaklega um þetta atriði, heldur aðeins talað um sjón og almenna heilbrigði, en mér er ekki kunnugt um, hvernig það er túlkað varðandi þetta atriði.

Ég taldi mér skylt að koma þessum sjónarmiðum heyrnardaufra manna á framfæri, ekki sízt með tilliti til þess, að þeir hafa engan sérstakan félagsskap fyrir sig, eins og ýmsir aðrir hópar manna, þótt þeir skipti nokkrum tugum eða jafnvel hundruðum í landinu. Og ég vona aðeins að lokum, að þegar nefndin hefur athugað þetta, þá leggi hún þau gögn um þetta efni fram, sem geri okkur ósérfróðum þingmönnum fært að dæma um þetta atriði.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vildi beina örfáum orðum til hv. nefndar, áður en málið fer lengra, í tilefni af þeim umræðum, sem fóru fram á síðasta þingi um þetta mál.

Þar á ég fyrst og fremst við skilgreiningu á bifreið og dráttarvél. Það kom fram þá, að ef lögfest væru ákvæði eins og þau, sem eru í frv. nú, þá gæti það haft þær afleiðingar, að vissar tegundir af dráttarvélum yrðu ekki lengur fluttar inn, sem þó hafa verið fluttar inn áður og reynzt mjög vel. Ástæðan til þess, að þetta getur farið svona, er sú, að skilgreining í frv. á bifreið og dráttarvél er hraðinn, sem tækið á að geta farið á klukkustund, og er þar miðað við 30 km hraða á klst. Það var upplýst þá, að til eru tegundir dráttarvéla hér í landinu, sem geta farið hraðar. Mér þykir sennilegt, að það yrði skilið svo, ef einhver flytur inn slíka dráttarvél hér eftir, að hún verði úrskurðuð bifreið þegar við innflutning. En það hefur þær afleiðingar samkvæmt okkar tollalöggjöf, að tollarnir yrðu svo háir á slíkum dráttarvélum, að það væri sama og að banna innflutning á þeim. Mér er kunnugt um eina tegund, sem þetta mundi hafa þau áhrif á, að verð hennar mundi hækka um 50—60 þús. kr., vegna þess að hún yrði flokkuð undir bifreið í staðinn fyrir dráttarvél, og ég fæ ekki betur séð en að þannig yrði hún flokkuð, ef þetta ákvæði á að standa, að 30 km. ökuhraði ráði þarna mestu eða öllu.

Ég vil enn fremur beina til hv. nefndar að athuga um ákvæði í 25. gr., þar sem rætt er um, að ekki megi aka bifreið, ef áfengismagn í blóði manns er eins og þar segir. Þarna er tvískipting á þessu, annars vegar, að hann telst eigi geta stjórnað tækinu örugglega, ef vínandamagn í blóði hans er 0.60‰ til 1.30‰, og svo kemur, að hann telst óhæfur, ef það er 1.30‰ eða meir.

Ég vil beina því til hv. nefndar, hvort það er nokkur ástæða til að vera að hafa þessa tvískiptingu, heldur verði refsiákvæði fyrir brot á þessum lögum hvað þetta snertir eitt og hið sama, ef áfengismagn er í blóði á annað borð. Það skiptir víst litlu máli, þegar slys hefur orðið, hvort áfengismagnið er fyrir neðan 1.30‰ eða rétt fyrir ofan það, þegar það er sagt í sjálfum lögunum, að það sé óleyfilegt að stjórna bifreið, ef nokkurt áfengismagn er í blóðinu. Ég vil beina þessu til nefndarinnar, hvort það er nokkur ástæða til að hafa þessa tvískiptingu á þessu.

Að lokum vil ég svo minna á það, sem mjög kom fram hér í hv. d. í fyrra undir umr. um þetta mál, að það eru sannarlega skiptar skoðanir um það, hvort sá akstursshraði, sem tekinn er upp í frv. og var í því í fyrra, er réttmætur. Vænti ég þess, að hv. nefnd geti nú komizt að þeirri niðurstöðu að taka stökkið ofur lítið minna en hún vildi þó láta gera þá, þ. e. að auka akstursshraðann í þéttbýli úr 30 km á klst. upp í 45, eða um 50%. Mér sýnist, að atburðirnir þessa dagana ættu að minna menn á að fara gætilega í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þegar frv. þetta var til meðferðar hér í hv. d. við 1. umr., lét ég þess getið, að n., sem frv. flytur, hefði hug á því að athuga það milli umræðna með það fyrir augum að bera fram brtt., ef henni sýndist svo. Síðan hefur nefndin haft málið til athugunar og hefur þegar haldið um það 4 fundi. Athugunum hennar er það langt komið, að hún hefur þegar ákveðið að bera fram brtt., þó að ekki séu þær stórvægilegar, og sennilegt er, að auk þess muni einstakir nm. bera fram brtt. Boðaður hefur verið fundur í n. á morgun, og þá er gert ráð fyrir að n. muni forma þessar tillögur. Það eru því tilmæli n. til hæstv. forseta, að umræðu þessari verði nú frestað og málið tekið af dagskrá, þannig að væntanlegar brtt. geti legið fyrir við framhald umræðunnar.

Forseti (BSt): Ég verð að sjálfsögðu við þessum tilmælum frá hv. frsm. allshn., að málið sé tekið út af dagskrá og umr. frestað. Er þá dagskrá lokið. Næsti fundur deildarinnar verður boðaður með dagskrá. Það er hugsanlegt, að hann verði ekki fyrr en eftir helgi, líka hugsanlegt á morgun, ég veit það ekki, en hann verður boðaður með dagskrá.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Ed., 18. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 22, 64, 66, 74, 75).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. hv. d. flytur aðeins tvær brtt. við frv. til umferðarlaga. Á síðasta Alþ. athugaði n. frv. vandlega og flutti þá allmargar brtt., sem allar voru samþykktar. Af þeim sökum eru brtt. *n. ekki fleiri nú.*

Fyrri brtt. er við 23. gr., um að fella niður setningarhluta, sem þar greinir, eins og segir á þskj. 74. Í setningarhluta þessum er aðeins endurtekning á því, sem áður er sagt, svo sem sjá má, ef gr. er lesin, og þarf ekki að fara fleiri orðum þar um.

Síðari brtt. er við 50. gr., og hún gengur út á það að breyta síðustu mgr. greinarinnar. Í frv. hljóðar mgr. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þ. á m. ákveðið lægri hámarkshraða en að framan greinir. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum."

En samkv. till. nefndarinnar yrði greinin á þessa leið:

„Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þ. á m. ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum."

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, því að enda þótt greinin yrði samþ. óbreytt, mundi ráðherra geta ákveðið lægri hámarkshraða almennt en 70 km og einnig á einstökum vegum. Sömuleiðis mundi eftir sem áður heimilt að setja í lögreglusamþykktum sams konar ákvæði um lægri ökuhraða en 45 km almennt eða á einstökum götum í þéttbýli. Hins vegar hefur n. talið rétt að taka þetta fram með ljósara og nákvæmara orðalagi en í frv. er gert til þess að fyrirbyggja, að menn geti verið í nokkrum vafa hér um.

Þá hef ég leyft mér að bera fram einn saman brtt. á þskj. 75 um, að niður verði felld síðasta mgr. 20. gr. frv. um afskráningu bifreiða. Ég tel rétt að geta þess, að brtt. þessa hef ég flutt eftir ábendingu tollstjórans í Reykjavík og fulltrúa hans.

Hér á landi eru nú um 16 þúsund bifreiðar. Af þeim fjölda verða árlega ónýtar nokkur hundruð bifreiðar, svo sem vænta má. Erfiðlega gengur að fá bifreiðar þessar afskráðar sumar hverjar, sökum þess að enginn veit hvar þær eru niður komnar, og ekki næst til eigenda og jafnvel ekki vitað oft og tíðum, hver eigandi er. Afleiðing af þessu er m. a. sú, að bifreiðaskrárnar eru rangar og ekki til nothæfar bifreiðar jafnmargar og opinberar skýrslur segja. Af skráðum bifreiðum ber að greiða bifreiðaskatt, skoðunargjald og ökumannstryggingu, eins og kunnugt er, meðan þær eru notaðar og skráningarmerktar. Séu skráningarmerki af þeim tekin og lögð inn til geymslu hjá lögreglustjóra eða bílaeftirliti, svo sem algengt er, ber þó einungis að greiða skoðunargjaldið, sem er 80 kr. á ári. Því miður er stundum misbrestur á því, að menn greiði gjöld þessi, enda er í fjölmörgum tilfellum um að ræða gerónýtar bifreiðar. Hins vegar eiga innheimtumenn ríkissjóðs að innheimta gjöldin og greiða í ríkissjóð. Hjá tollstjóranum í Reykjavík þarf tvo menn í tvo mánuði á hverju ári til þess að leita uppi nokkur hundruð bifreiðaræfla og eigendur þeirra og innheimta skoðunargjald og önnur gjöld af þeim. Algengt er þó, að gjöldin innheimtist ekki.

Ákvæði þetta, sem lagt er til að fellt verði niður úr frv., er nýmæli. Samsvarandi ákvæði er ekki í núgildandi bifreiðalögum. Verði það lögtekið, er ætlazt til þess, að við fyrirhöfn þá, sem *ég lýsti áðan, bætist* það að útvega á ári hverju nokkur hundruð vottorð bifreiðaeftirlitsmanna um, að bifreiðar séu ónýtar. Til þess að láta slík vottorð í té verða bifreiðaeftirlitsmenn óhjákvæmilega að skoða hverja og eina bifreið, sem þeir gefa vottorð um. En hætt er við, að í framkvæmdinni verði þetta þann veg, að slík vottorð verði látin í té án skoðunar að meira eða minna leyti eða eftir umsögn annarra, og er þá þýðing vottorðanna engin. Yrði hins vegar að framkvæma þetta eftir orðanna hljóðan, hljóta mjög að aukast ferðalög bifreiðaeftirlitsmanna, ef þeir þurfa að skoða hvern bifreiðarræfil, til þess að leyfilegt sé að afskrá hann, hvar sem hann kann nú að vera niður kominn á landinu. Mundi ég álíta réttara að fela þessum mönnum einhver gagnlegri störf en þetta. Annars sýnist mér, að í þessu efni eigi að gilda hin almennu, óskráðu lög, að hver maður ráði því sjálfur, hvenær hann telur hlut ónýtan, sem hann er eigandi að. Hann á að fá að ráða því, hvort hann kostar til viðgerðar á hlutnum eða ekur honum á sorphaug.

Skv. frv. er ljóst, að árekstrar geta orðið út af þessu milli eftirlitsmanna og eigenda bifreiða. Ef svo færi, sem ég hef raunar ekki mikla trú á, að reynslan leiddi í ljós, að óheppilegt væri einhverra hluta vegna að afskrá bifreiðar án vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns, er hægt að bæta úr því án lagabreytinga með reglugerðarákvæði, því að í 21. gr. frv. segir, að dómsmrh. setji nánari reglur um ökutækjaskrá, skráningu og afskráningu ökutækja. Þessu væri því hægt að koma í kring alveg án þess, að lögunum yrði breytt, ef ástæða þætti til.

Ég vil að lokum geta þess í sambandi við ræðu hv. 8. landsk. við 1. umr. frv. um hugsanlegt ökuleyfi til handa heyrnarlausum eða heyrnarsljóum mönnum, að í 29. gr. frv. segir, að dómsmrh. geti leyft, að sérstök ökuskírteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá hvert sinn nánari reglur um efni skírteinisins.

Allshn. treysti sér ekki til að ganga lengra í þessu efni en gert er í þessari grein, enda eru tilfellin um fötlun eða vöntun á líkamshreysti svo margvísleg, að ómögulegt er að setja sérstakar reglur um þau öll. Hitt sýnist n. verða að nægja, að ráðh. meti það hverju sinni, að sjálfsögðu í samráði við kunnáttumenn, hverjum fötluðum mönnum sé unnt að láta í té ökuskírteini og með hvaða skilyrðum.

Ýmis önnur atriði voru rædd á fundum n., svo sem hvort taka skyldi upp hægri handar akstur. Það er umdeilanlegt mál, en n. taldi eftir atvikum ekki rétt að gera till. um það efni né mörg önnur, sem til álita geta komið.

Um 17 ár eru nú liðin, síðan núgildandi umferðar- og bifreiðalög voru sett. Á þessum árum hefur orðið mikil breyting á þeim vandamálum, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um. Þéttbýli hefur stóraukizt, bifreiðaeign landsmanna hefur líklega þrefaldazt og fjöldi annarra ökutækja aukizt enn meir hlutfallslega. Hér á landi eru nú 16 þús. skráð ökutæki, en árið 1929 voru þau aðeins 1100. Vegna hinna nýju vandamála og miklu tækniþróunar, sem átt hefur sér stað undanfarið, var fullkomlega tímabært að endurskoða núgildandi löggjöf um umferðar- og bifreiðamál. Það er skoðun allshn., að þessi endurskoðun hafi tekizt vel, og hún væntir þess, að frv. fái fullnaðarafgreiðslu og verði afgreitt sem lög á þessu Alþingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það var eitt atriði í þessu frv., sem ég vildi gera nokkuð að umtalsefni, en það er brtt. hv. frsm. við 20. gr., þess efnis, að 3. mgr. eigi að falla niður. Um þetta voru allskiptar skoðanir í n., og varð það ofan á, að þessi liður var látinn óbreyttur standa, en hins vegar flytur formaður n. sérstaka brtt. um þetta efni.

Hv. frsm. færði þau aðalrök fyrir brtt. sinni, að ef 20. gr. yrði samþ. eins og hún er í frv., þá þyrfti árlega að afla nokkurra hundraða vottorða frá bifreiðaeftirlitsmönnum, til þess að takast mætti að afskrá bifreiðar.

Eins og ég sagði, var þetta atriði dálítið umdeilt í nefndinni, enda lít ég svo á og við fleiri, að það megi ekki vera algerlega í sjálfsvald sett hverjum eiganda ökutækis, hvenær hann láti afskrá ökutæki sitt, heldur sé rétt að hafa þá heimild nokkuð takmarkaða. Ég tel, að sérhvert ökutæki, sem er skráningarskylt á annað borð, eigi að vera á ökutækjaskrá, frá því að það er tekið í notkun sem nýtt og þangað til það er afskráð sem ónýtt. Hins vegar er að sjálfsögðu heimilt að skipta um eiganda svo oft sem verða vill og einnig skrásetningarmerki á ökutæki. Ég hef því leyft mér, þótt seint sé, að bera fram brtt. við 20. gr., og legg til, að 3. töluliður orðist svo, — og vil ég leyfa mér að vænta þess, að það megi þá verða nokkurs konar málamiðlunartillaga:

„Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.“ — Þ. e. a. s., ef eigandi kemur og óskar afskráningar, þá verður það yfirleitt heimilað af skráningarstjóra, þ. e. lögreglustjóra, en ef einhver ástæða er til að ætla, að ökutækið sé ekki ónýtt og eitthvað annað vaki fyrir manninum heldur en að hætta að nota bifreiðina fyrir fullt og allt, þá verður lögreglustjóri auðvitað að meta það og væntanlega leitar hann þá til sérfræðinga sinna um þetta efni, sem eru bifreiðaeftirlitsmenn.

Ef þessi till. verður samþ., má væntanlega alveg komast hjá því, sem hv. frsm. gat um, að afla fjölda vottorða frá bifreiðaeftirlitsmönnum í sambandi við afskráningu bifreiða. — Ég held það sé óþarft að fara fleiri orðum um þessa brtt.

En það var aðeins eitt annað atriði þessu óskylt, sem ég ætlaði að leyfa mér að minnast á, og það er sú spurning, sem við stöndum nú frammi fyrir, hvort upp skuli tekinn hægri handar akstur á Íslandi eða hvort við eigum að lúta að þeirri reglu, sem hingað til hefur verið fylgt, að aka á vinstri vegarhelmingi. Eins og kunnugt er, má telja það viðtekna reglu um allan heim, að ekið er á hægri vegarhelmingi. Hins vegar eru nokkur lönd, sem enn þá fylgja hinni reglunni, en það eru Svíþjóð, England og Írland.

Ég tel, að eftir því sem samskipti þjóða aukast, — og þau aukast ár frá ári, — þá verði meiri og meiri nauðsyn til þess að samræma umferðarreglur um allan heim. Ég skal geta þess, að Íslendingar voru það framsýnir, að þeir höfðu lögleitt hægri handar umferð þegar árið 1940, er brezki herinn kom hingað til lands. En þá var sú regla aftur numin úr lögum, vegna þess að menn óttuðust árekstra við brezka setuliðið.

Mér fannst ákaflega lítill hljómgrunnur fyrir þessu í hv. allshn., og n. sú, sem undirbjó frv., lét þetta atriði algerlega standa opið, ef svo má segja. Hún skýrði í grg. aðeins frá þeim rökum, sem mæla með og móti vinstri og hægri handar akstri. Ég vil þó ekki láta hjá líða að nota þetta tækifæri til þess að bíðja ykkur, hv. alþm., að íhuga þetta mál, vegna þess að ef við eigum að breyta yfir í hægri handar akstur, þá þurfum við helzt að gera það nú þegar eða mjög bráðlega. Það er talið, að eins og nú standa sakir mundi það kosta rúmar 5 millj. að breyta frá vinstri handar akstri yfir í

hægri handar akstur, en sú breyting verður æ kostnaðarsamari ár frá ári. Það er því annaðhvort nú eða aldrei að breyta um að mínum dómi. Ég hef ekki flutt um þetta sérstaka brtt., en vil einungis biðja ykkur að hugleiða þetta mál, áður en við látum frv. fara frá okkur sem lög frá Alþingi.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hv. forseta áðurnefnda brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 91) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég beindi nokkrum atriðum til hv. allshn. við 1. umr. þessa máls og bað að íhuga þar sérstakar greinar, en ég sé, að engar brtt. hefur n. flutt við þær. Ég hef aftur á móti flutt tvær brtt. á þskj. 66. Önnur, fyrri breytingin, er um skilgreiningu á hugtakinu dráttarvél, en seinni breytingin er um það að fella burt þá heimild, sem felst í frv. fyrir dómara til að láta sakborning halda ökuréttindum, þótt hann hafi orðið sekur um að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Ég skal þá fara nokkrum orðum um þessar tvær brtt.

Eins og segir í 2. gr. frv. um dráttarvélar, þá er þar nákvæm skilgreining á því, hvað skuli kallast dráttarvél. Nú er það öllum ljóst, að það er ekki tilgangurinn með þessu frv. að breyta á nokkurn hátt ákvæðum tollskrár eða breyta innflutningsgjöldum á vörum með neinu því, sem felst í þessu frv. En ég er þeirrar skoðunar, að gangi þetta frv. fram óbreytt hvað þetta snertir, þá hafi það í för með sér þær breytingar á innflutningsgjöldum á þessum tækjum, dráttarvélum, eða réttara sagt geti haft þau áhrif, sem jafngildi því, að verið sé að breyta stórkostlega tollskránni. Og sú breyting á tollskránni mundi þýða að mínum dómi útilokun á vissum tegundum dráttarvéla.

Þessi skilgreining á dráttarvél í 2. gr. frv. er þannig: „Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund án verulegra breytinga á því."

Þarna er um tvö skilyrði að ræða, sem tækið verður að uppfylla til þess að geta talizt dráttarvél. Það verður annars vegar að vera gert til þess að draga annað ökutæki, og hins vegar má það ekki hafa meiri akstursshraða en 30 km á klukkustund.

Ég er þeirrar skoðunar, að nafn eða merki viðkomandi verksmiðju, sem framleiðir slíkt tæki, eigi að vera alveg nægileg trygging fyrir því, að þetta sé dráttarvél, en ekki eitthvað annað, sem þeir eru að selja. Nafnið eitt gefur til kynna byggingu þessa tækis og tilgang eða verksvið tækisins. Og bygging dráttarvélar gefur um leið til kynna, að það er tæki, sem aldrei fer mjög hratt. Þannig eru allar dráttarvélar byggðar, að hraði þeirra er mjög takmarkaður, oftast ekki nema 1/3 eða jafnvel 1/4 á móts við venjulegar bifreiðar. Ég verð því að líta svo á, að þetta sé nóg skilgreining á því, hvað sé dráttarvél. Hitt skiptir að mínum dómi litlu máli, hvort dráttarvél getur farið 29 km á klukkustund eða hún getur farið 31. Eða skiptir það miklu máli, hvort bifreið getur farið 100 km á klukkustund eða 150? Hún verður auðvitað bifreið eftir sem áður, hvort heldur er, og dráttarvélin er dráttarvél eftir sem áður, hvort sem hún fer undir eða yfir 30 km hraða á klukkustund.

Þetta ákvæði, að setja þennan akstursshraða sem skilgreiningu á vélknúið ökutæki, er að mínum dómi fjarri lagi. Aðalatriðið er hitt, hvað þessum ökutækjum er ekið hratt, ef það er hraðinn, sem menn óttast eitthvað í þessu sambandi. Ef það er slysahættan, þá er það ekki það, hvað tækið getur farið hratt, heldur hvað því er ekið hratt. Bifreið er skaðlaus, meðan hún hefur þann hraða, að hún gerir ekki skaða af sér þess vegna. En ef farið er langt fram úr því, þá fer hún að verða skaðleg eða réttara sagt aksturinn hættulegur. Alveg eins er um dráttarvél. Ég get ekki séð, að það sé neitt við það að athuga, þó að dráttarvél geti farið eitthvað yfir 30 km hraða, og fjarri öllu lagi, að hún sé ekki dráttarvél lengur.

Nú eru ýtarleg ákvæði í þessu frv. um akstursshraða bæði dráttarvéla og bifreiða, svo að skilgreining í þessari grein hefur ekkert að segja hvað það snertir. En ástæðan til þess, hvað ég hef mjög á móti þessu ákvæði, er sú, að eins og menn vita, þá eru miklar framfarir í allri véltækni í heiminum, líka í smíði dráttarvélanna, og nú er farið að flytja inn til landsins tegundir dráttarvéla, sem fara hraðar en þetta, ég veit ekki hversu margar, en einhverjar eru þær. Þessar vélar hafa gefizt mjög vel, svo vel, að þeir, sem hafa reynt þær, telja engar aðrar jafnast á við þær. En ef þetta yrði nú samþykkt, eins og það liggur hér fyrir, þá er að mínum dómi ótvírætt, að þær verða ekki fluttar inn lengur, vegna þess að þá mundu þær sennilega verða flokkaðar undir bifreiðar. Það er líklega næsta tækið, sem kæmi þá til greina. Og ef það yrði gert, þá yrðu tollar af þessum tækjum það háir, að flestir mundu láta vera að kaupa þau með því verði. M. a. er mér kunnugt um, að ein slík vél mundi hækka um milli 50 og 60 þús. kr. í verði við að falla undir innflutningsgjöld bifreiða. Ef svo kynni nú að fara, að vegna ágreinings yrði raunverulega dráttarvél flokkuð sem bifreið, þá mundi það hafa þessar afleiðingar. Það er því óbeint verið að hindra framfarir í tækni með því að setja slík skilyrði í þessu frv. Og ég hygg, að landbúnaðinum komi það ekkert vel að fá slíkar hindranir, því að í landbúnaði er m. a. notuð sú tegund dráttarvéla, sem ég á sérstaklega við og hefur gefizt svo vel.

Það getur ekki haft neina úrslitaþýðingu, hvort þessi tæki geta farið eitthvað hraðar en þetta eða ekki. Það má alveg eins segja um bifreiðar, það hefur ekki neina úrslitaþýðingu, hvort bifreið getur farið 10 eða 20 km hraðar eða ekki. En ég vil ekki, að slík ákvæði sem þessi geti haft mjög mikil áhrif á það, hvort hægt er að fá beztu og fullkomnustu tækin, hvort sem það er til landbúnaðar eða annarra framkvæmda í landinu, heldur sé látin nægja sú skilgreining, sem er í fyrri hluta þessarar máls-

greinar: Dráttarvél er vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki, — og þar með sé það nóg, en sleppa hinu aftan af.

Ég held, að þetta sé ekki fyllilega athugað hjá hv. n., að taka ekki þetta inn sem brtt. sína, og vænti þess, að hv. alþm. geti fallizt á að samþykkja þessa breytingu, því að það yrði til bóta og hægðarauka fyrir innflytjendur og kaupendur þessara tækja, en þau eru fyrst og fremst notuð við framleiðslustörf, bæði við landbúnað og önnur störf, því að þetta hlýtur, ef hvor tveggja skilyrðin ættu að standa óbreytt þarna í greininni, að geta rekizt á. Tækið getur fullnægt öðru skilyrðinu, en ekki hinu, það getur verið dráttarvél, vegna þess að tækið er gert til þess að draga annað tæki, en *fullnægir ekki hinu, að hafa svo lágan hraða* sem þarna er tilgreint. En *ég* vildi gjarnan spyrja hv. nefnd, sem ég vona að hafi athugað þetta: Ef ég flyt inn dráttarvél, sem getur farið 31 km, hvað heitir hún þá á eftir? Það stendur ekkert um það. Ja, manni dettur sjálfsagt í hug, að þá heiti þetta bifreið. En það getur farið svo, að svo geti ekki orðið, því að hún fullnægir ekki heldur nema öðru skilyrðinu um skilgreiningu bifreiðar. Um bifreiðar segir: „Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.“ Því fullnægir þessi dráttarvél alls ekki. Hún er þá hvorki dráttarvél né bifreið. Hvað er hún þá? Það er að vísu í 3. gr. frv. tekið fram, að komi fram ágreiningur um flokkun þessara tækja, hverrar tegundar tækin eru, þá skuli dómsmrh. skera úr, en ef ágreiningsefnið er um gjaldskyldu, skal leita álits fjmrh. Og samkv. 16. gr. ætla ég, að það sé raunverulega bifreiðaeftirlitið, sem hefur þar öll völdin, því að þar segir: „Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu *og myndir af nýjum gerðum vélknúinna* ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins.“ — Þeir eiga að gera það áður en þeir fara að panta þær. — „Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúið ökutæki, nema sú gerð ökutækja hafi hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins.“ Mér virðist því, að fyrst verði bifreiðaeftirlitið að viðurkenna þetta tæki sem dráttarvél, ef um slíkt tæki væri að ræða, síðan þarf úrskurð bæði dómsmrh. og fjmrh., því að vafalaust kemur gjaldskyldan þar til líka. En þó að allir þessir aðilar eigi að úrskurða ágreiningsatriði, þá geta þeir auðvitað ekki úrskurðað nema í samræmi við lögin. Og lögin segja þetta: Geti tæki farið hraðar en 30 km á klst., þá er það ekki dráttarvél. — En hvort þeim tekst að koma því þá í bifreiðaflokkinn, það vil ég ekkert fullyrða um. Ég býst við því, að það þyki standa næst, en ég bendi á, að það rekst á annað skilyrði þar líka.

Ég held, að það sé fráleitt að hafa þessi tvö óskyldu atriði sem skilgreiningu á því, hvað er dráttarvél, því að þetta á ekki saman, enda bygging þessara tækja svo gerólík, að það er óhugsandi að mínum dómi að hringla til með þau milli slíkra flokka. Það væri líkt og við segðum, að kýr væri kýr, ef hún færi 5 km, en ekki hraðar, en færi hún að ganga 6 eða 7, þá væri hún orðin hestur.

Mér er ekki ljóst, hver tilgangurinn er með því að setja þetta atriði þarna inn, um hraða dráttarvéla. Ég hygg helzt, að það sé slysahættan, og þó veit ég það ekki, því að ef það er vegna slysahættu, sem þetta er sett inn, þá sé ég ekki, að meiri hætta stafi af dráttarvélum með 30 eða 35 km ökuhraða heldur en af bifreiðum, sem geta farið 100—150, því að það eru mjög merk og glögg ákvæði í þessu frv. um aksturshraða, sem taka af öll tvímæli hvað það snertir. En tilgangur minn með flutningi þessarar till. er fyrst og fremst sá að hindra ekki innflutning nýtízkutækja við framleiðslustörf og önnur nauðsynleg störf hjá þjóðinni, en það tel ég að geti orðið afleiðingin af því að samþykkja þetta svona, enda hefur þegar komið til ágreinings út af innflutningi slíks tækis og úrskurður um það fallið í ráðuneyti, svo að það má sannarlega búast við þessum ágreiningi. En ég endurtek það, að þeir aðilar, sem eiga að úrskurða slíkan ágreining, geta ekki gert annað en farið eftir lögunum, og verði lögin svona, þá getur varla farið hjá því, að vélknúið ökutæki, sem óneitanlega er dráttarvél, verður úrskurðað: „er ekki dráttarvél“ — á eftir.

Seinni brtt., sem ég flyt við þetta frv., þ. e. sem ég flyt einn á þessu þskj., er við 81. gr. Það er um refsiákvæðin gegn þeim, er aka bifreiðum undir áhrifum áfengis. Í 2. mgr. 81. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það.“ En 25. gr. fjallar um það, að bannað er að neyta áfengis við akstur eða vera undir áhrifum áfengis, og er þar greint í tvennt áfengismagn í blóði við rannsókn, annars vegar *frá 0.60‰ til 1.30*, það er í 3. mgr. 25. gr., en síðan það, sem er yfir 1.30‰ í 4. mgr. M. ö. o.: þetta refsiákvæði í 81. gr. segir því, að hafi maður gerzt brotlegur við þessi ákvæði 25. gr., þá skuli hann sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það, en „ef sérstakar málsbætur eru, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2., sbr. 3. mgr. 25. gr.“ Það er það: Nú hefur maður ekið bifreið undir áhrifum áfengis, en áfengismagnið er fyrir neðan 1.30‰, og þá er dómara heimilt að sleppa sviptingu ökuréttinda skv. 81. gr.

Ég tel þetta mjög vafasama miskunn við þessa menn, sem leyfa sér að aka bifreið undir áhrifum áfengis, að þeir þurfi ekki einu sinni að missa ökuleyfi sitt um skamman tíma. Það kann að vera, að til séu einhverjar sérstakar málsbætur fyrir þessa menn, ég þekki ekkert út í það, en ekki held ég, að það geti orðið almennt. Hitt held ég að menn séu sammála um, menn, sem hafa ekið bifreið og aka bifreið, að þeim þyki sýnu verra að vera dæmdir til að missa ökuréttindin heldur en hitt, þó að þeir séu dæmdir til að borga einhverja sekt. Ef refsiákvæði verka, þá hygg ég, að þau muni verka frekar, sem ákveða, að maður missi ökuréttindi, heldur en hin, sem ákveða aðeins, að hann

skuli greiða sekt. Ef við með refsiákvæðum viljum því hafa einhver áhrif á það, að menn leyfi sér ekki að aka bifreið undir áhrifum áfengis, þá á ekki að mínum dómi að vera heimilt að sleppa ökuleyfissviptingunni. Hitt er annað mál, hve lengi hann skuli sviptur réttindunum.

Ef maður aftur á móti fer yfir þetta áfengismagn í blóði, 1.30‰, þá skal hann tvímælalaust samkvæmt þessum ákvæðum sviptur ökuréttindum og ekki skemur en í eitt ár. Ég hef síður en svo neitt á móti þessu. En ef þetta er réttmætt, er þá réttmætt að hafa möguleikann fyrir hendi, að hinn, sem hefur minna áfengismagnið, skuli alveg sleppa við réttindamissinn? Ég get ekki skilið nauðsynina á þessari miskunnsemi við þessa menn, og ég tel þá sannarlega ekki neitt hart leikna, þó að þeir verði að missa ökuréttindi einhvern tíma, — jafnvel þarf það ekki að vera nema um eins mánaðar skeið samkvæmt frv., því að í 3. mgr. 81. gr. segir: „Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð.“ Og ég sé ekki, að neitt banni það að fara niður í það tímamark, þó að mín brtt. verði samþykkt og sleppt yrði aftan af 2. mgr., eins og greinir í till. minni á þskj. 66, því að þá stæði eftir: hann skal sviptur ökuréttindum, og það er heimilt eftir málsatvikum fyrir dómara að dæma hann í sviptingu, sem næmi ekki lengri tíma en þetta.

Við erum vafalaust allir sammála um það að vinna gegn slysahættu, í hvaða mynd sem hún er og ekki sízt í umferðarmálunum. Ég býst við því, að menn séu nokkuð sammála um það líka, að eitt af því allra hættulegasta í umferðarmálum er það, ef menn aka bifreið undir áhrifum áfengis. Því vil ég ekki eiga þátt í því að samþykkja ákvæði um, að menn skuli geta sloppið við sviptingu ökuleyfis, þá refsingu, sem ég hygg að mundi þó helzt hafa áhrif, ef þeir hafa orðið sannir að sök um brot á þessu ákvæði. Ég geri það þá fyrst og fremst í því skyni að flytja þessa seinni brtt., að hún hafi áhrif í þá átt, að meiri varúðar sé gætt í því að setjast undir stýri á bifreið undir áhrifum áfengis en ella.

Þá vil ég beina örfáum orðum til hv. allshn. út af 47. gr. frv., þó að ég flytji ekki neina brtt. við þá grein. Það eru ekki nein efnisatriði, það er aðeins íslenzkan á þessari grein. Það eru orðatiltækin að „aka fram fyrir“, „aka fram úr“ og „aka fram hjá“. Þetta kemur 11 sinnum fyrir í greininni, og ég get ekki betur séð en þetta eigi að þýða alls staðar það sama. Ég hefði viljað mælast til við hv. n., að hún athugaði þessa 47. gr. málsins vegna fyrir 3. umr. Ég kann ekki við þennan hrærigraut, sem þarna er. Þar stendur: „Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á hægri hönd“ o. s. frv. Í öðru lagi: „má aka vinstra megin fram úr ökutæki.“ Í þriðja lagi: „ef ástæða er til, skal sá, sem fram hjá ætlar.“ Ekki er það nú eiginlega fallegt að „aka fram úr“ annarri bifreið. Ef þetta væri góð íslenzka, má víst vafalaust alveg eins segja: ganga fram úr öðrum manni. — Það vildi ég samt ekki eiga að gera. — Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga. Mér sýnist, að það bezta af þessu væri að aka „fram fyrir.“ Þetta „fram úr“ kemur ekki til mála að mínum dómi. „Fram hjá“ er dálítið annað en að aka „fram fyrir“. Í þessari grein er verið að tala um bifreiðar, sem aka í sömu átt og sömu braut. Fari bifreið fram hjá fer hún í sömu átt, en aðra braut.

Að lokum skal ég geta þess, að ég flyt ásamt hv. þm. Vestm. brtt. á þskj. 64 um akstursbraðann, sem við fluttum einnig báðir á síðasta þingi. En ég er ekki viðbúinn að taka þá till. til meðferðar í dag, vegna þess að ég hef verið fjarverandi, auk þess er meðflm. minn, hv. þm. Vestm., fjarverandi í dag, og leyfi ég mér því að taka þessa till. aftur til 3. umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Hv. frsm. n. hefur gert grein fyrir till. n. Hann hefur einnig lýst afstöðu n. til fram kominna brtt., svo að ég mun ekki ræða þær hér. Ég kvaddi mér hljóðs vegna till. hv. þm. Ak. Að vísu get ég verið mjög stuttorður, vegna þess að hv. 11. landsk. þm. hefur rætt þetta nokkuð og skýrt afstöðu okkar, sem erum á móti þessari brtt. Ég tel þessa brtt. mjög varhugaverða.

Hv. þm. Ak. segir, að hver maður eigi að ráða því, hvenær hann tekur sína bifreið út af bifreiðaskrá, og hann bætti reyndar við: og kastar henni út á haug. Já, það er ekkert við það að athuga, ef þeir gerðu það. En það er nú gallinn á, að þeir gera það ekki. Bifreiðin er í óreiðu hér og þar, og ég er algerlega sammála því, sem hv. 11. landsk. sagði. Ég lít svo á, að bifreið eigi að vera á bifreiðaskrá frá þeirri stundu, að hún kemur til landsins ný og er tekin í notkun, og þar til hún er ónýt. Annað mundi skapa mikinn glundroða og öryggisleysi.

Vegna þess að hv. 11. landsk. hefur flutt hér aðra brtt. við þessa sömu grein, — þá vildi ég mælast til þess, að báðir þessir hv. þm., þm. Ak. og hv. 11. landsk., tækju sínar till. aftur til 3. umr., svo að nefndin gæti rætt þær og reynt að komast að niðurstöðu og samsamkomulagi um, hvernig eigi að haga þessu. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. var kunnugt um áhuga hv. þm. Barð. um að breyta skýrgreiningu á dráttarvél í 2. gr. frv., eins og hann leggur til á þskj. 66 og hefur nú reifað. Nefndin athugaði mál þetta sérstaklega af þessum sökum og leitaði ráða kunnáttumanna um þetta, en að því loknu treysti hún sér ekki til að mæla með slíkri breytingu. Vél sú eða vélar þær, sem hv. þm. mun hafa í huga, eru að dómi kunnáttumanna þeirra, sem nefndin leitaði til, rétt að telja til bifreiða, jafnvel þó að vélin sé vel til dráttar fallin einnig. *Ég vildi draga í efa það, sem hv. þm. Barð.* sagði um vélar, sem vafi kynni að geta leikið á, til hvaða flokks ættu að teljast, þ. e. a. s. vélar, sem væru aðallega eða eingöngu notaðar til dráttar, en hefðu þó meiri akstursbraða en 30 km. Slíkar vélar skilst mér að mundu falla beint undir skilgreiningu frv. um bifreið, því að í frv. er bifreið skilgreind þannig, að það sé vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til

fólks- eða vöruflutninga, svo og til annarra nota, þannig að þó að slíkt tæki mætti nota til dráttar, þá fellur það einnig undir skilgreininguna á bifreið samkvæmt þessu. Ég sé nú ekki neina ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta atriði.

Þá er það brtt. hv. þm. Barð. við 81. gr. frv. Hann sagði í ræðu sinni, að hann skildi ekki nauðsyn á miskunnsemi við þá menn, sem aka bifreið undir áhrifum áfengis. Ég lái honum þetta ekki, og ég geri ekki ráð fyrir, að neinn skilji heldur ástæðu til slíkrar miskunnsemi, enda ekki gert ráð fyrir henni í frv., því að í frv. er einungis gert ráð fyrir, að heimilt sé að fella niður ökuleyfissviptingu, þegar sérstakar málsbætur eru. Þessi heimild er í núgildandi *bifreiðalögum, en allshn. er ekki kunnugt um*, að heimildin hafi nokkru sinni verið notuð, enda kemur það vafalaust mjög sjaldan fyrir, að sérstakar málsbætur séu fyrir hendi hjá þeim, sem aka bifreið, þegar svo er ástatt sem hér er ráðgert. Hins vegar er hugsanlegt, að slíkar málsbætur geti verið fyrir hendi, t. d. í sambandi við brýnt björgunarstarf, þegar svo bæri við, að ekki væri tiltækur maður til aksturs, sem hefði ekki bragðað áfengi, svo að eitt dæmi sé nefnt. Ég álít, að það væri allt of mikil fórn fyrir slíkan mann að missa atvinnuréttindi sín fyrir vikið, ef um það væri að ræða, að ekki væri annars völ en á slíkum manni til þess að annast einhvern tiltekinn akstur, sem bráð og óumdeilanleg nauðsyn væri að fram færi. Ég tel því, að þetta ákvæði um undanþáguheimildina megi gjarnan vera í umferðarlögunum, og mun því greiða atkvæði gegn brtt.

Ég þarf ekki að svara mörgu til um ræðu hv. þm. V-Sk. um brtt. mína í sambandi við 3. mgr. 20. gr. Hann lagði á það áherzlu í sínu máli, að nauðsyn bæri til, að allar bifreiðar séu á bifreiðaskrá, frá því að þær eru teknar til notkunar nýjar og þar til þær eru dæmdar ónothæfar. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég sé ekki, að nein nauðsyn sé til þess, að allar bifreiðar séu skrásettar, séu þær ekki notaðar. Það er höfuðatriðið og fyrst og fremst sjálfsagður hlutur, að allar bifreiðar, sem í notkun eru, séu skrásettar. En ég fæ ekki séð, að af því geti skapazt neinn glundroði með neinum hætti, þó að bifreið sé tekin af bifreiðaskrá, enda þótt hún enn sé í nothæfu ástandi, og ég fæ heldur ekki séð, hvernig það getur valdið erfiðleikum, að slík bifreið sé geymd tímum og árum saman og tekin síðan í notkun aftur og vitanlega þá skrásett. Ég álít, að hver maður eigi að ráða því sjálfur, hvort hann hefur sína bifreið á skrá, sem hann notar ekki, eða ekki, og þó að hún komi á skrá aftur, mundi það engum erfiðleikum valda, því að ævinlega er hægt að gera grein fyrir bifreiðinni, hvernig á því stendur, að hún kemur nú á skrá, enda þótt notuð sé. Hins vegar fellst ég alveg á tilmæli hv. þm. um að taka till. mína aftur til 3. umr., ef vera kynni, að við gætum fyrir þá umræðu samræmt okkar sjónarmið í þessum efnum í sambandi við till. hv. 11. landsk.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Út af ummælum tveggja ræðumanna, hv. frsm. og hv. þm. V-Sk., get ég mjög vel fallizt á að taka mína till. aftur til 3. umr. og geri það hér með.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. allshn. hefur gert grein fyrir því, hvers vegna n. féllst ekki á að breyta þessari skýrgreiningu um dráttarvélar. Mér skilst, að rökin séu þau, að þeir líti svo á, að þær dráttarvélar, sem kallaðar eru og fara yfir þennan akstурshraða, 30 km á klst., eigi að fara í flokk með bifreiðum, og þær geti farið í þann flokk vegna þess, að þar segir: Bifreið er vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og til annarra nota, — af því að þessi orð *standa þar í skilgreiningunni*, „*svo og til* annarra nota“, þá geti dráttarvélar fallið þarna undir. Ekki vil ég deila við dómarann um það, að hægt sé að koma þeim þangað, þó að þær falli alls ekki undir aðalákvæði greinarinnar, að vera ætlaðar til mannflutninga og fólksflutninga, því að til þess eru þær ekki ætlaðar. Það virðist þess vegna liggja alveg ljóst fyrir núna, að komi til ágreinings út af þessu síðar, þá muni þessar vélar, ef það sannast, að þær hafi meiri akstурshraða en þetta, verða kallaðar bifreiðar, tollafgreiddar eftir því og árleg gjöld af þeim greidd eftir því. Þessarar skoðunar mun n. vera, — ég dreg það af þessum svörum frsm., — og eftir þessum skilningi mundi þá að sjálfsögðu verða farið hjá bifreiðaeftirliti og ráðuneyti, þar sem ætti að úrskurða þennan ágreining, enda er fyrri úrskurður í svona ágreiningi á þessa leið. Það er alveg rétt, að það er í samræmi við þessa skoðun hv. frsm., þó að þetta frv. sé nú ekki orðið að lögum enn þá. M. ö. o.: það liggur því alveg ljóst fyrir, að ef við samþykkjum þetta ákvæði í frv. eins og það er nú og einhvern bónda langar til að fá inn í landið nýtízku dráttarvél, af því að hún er betri en þær, sem hingað til hafa verið fluttar inn, eða hún er fjölhæfari eða hún er ódýrari í rekstri eða eitthvað þess háttar, þá verður hún tolluð undir bifreið, svo framarlega sem hún getur ekið hraðar en 30 km á klukkustund. Og þar með er um annaðhvort að gera, kaupa vélina nokkrum tugum þúsunda króna hærra verði eða láta vera að kaupa hana. Það kostar ekki minna en þetta.

En nú vil ég spyrja hv. frsm.: Hvað vinnst með þessu ákvæði? Ég spurði um það áðan, en hef ekki fengið svör við því. Er verið að afstýra einhverri hættu með því að setja þetta 30 km takmark þarna inn, eða til hvers er það? Mér er það ekki ljóst.

Þá ræddi hann um brtt. mína um miskunnsemina við ökumennina, sem aka undir áhrifum áfengis. Hann taldi þetta ekki vera aldeilis miskunnsemi, því að þetta kæmi aldrei til greina, nema þegar málsbætur væru mjög miklar, enda þannig orðað í frv., sem rétt er, að það þurfi að vera miklar málsbætur til þess, að maðurinn geti sloppið við réttindamissi, þó að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis. Hann segist ekki vita til eða nefndin hafi ekki vissu um, að þetta hafi eiginlega nokkru sinni komið fyrir,

að slíkar málsbætur væru fyrir hendi. Hann er kunnugri þessum málum en ég. En ef það skyldi nú aldrei hafa komið fyrir, til hvers er þá verið að hafa þetta í frv.? Hverjum er verið að þjóna með því?

Það er alveg rétt hjá frsm., að þetta ákvæði er í gildandi lögum svona, þessi heimild dómara er til að fella niður réttindasviptingu, ef miklar málsbætur eru fyrir hendi. En hann segist ekki vita til, að þetta hafi komið fyrir, og það muni vera sárafá dæmi til þess. En samt þarf endilega að hafa þetta. Hann nefndi dæmi, það gæti komið fyrir, að svona málsbætur lægju fyrir, ef maður væri að bjarga mannslífi, hefði gripið til bifreiðar og ekið henni, en verið undir áhrifum áfengis. En ef þessi maður hefði nú verið með meira en 1.30‰ af áfengi í blóðinu, þá var það ekki eins mánaðar svipting, sem hann hlaut að fá, heldur heils árs. Skv. minni till. gæti það komið fyrir, að maður yrði dæmdur til þess að missa ökuréttindi í einn mánuð, við skulum segja við að bjarga mannslífi, en ef hann hefði verið með þetta hærra áfengismagn í blóðinu, þá hefði hann orðið dæmdur til eins árs réttindamissis. Ég get ómögulega skilið, að það sé ósanngjarnt hjá mér að álíta, að hann eigi undir öllum kringumstæðum að missa ökuleyfið eitthvað, ef hann ekur undir áhrifum áfengis, ekki sízt þegar slík dæmi koma hér um bil aldrei fyrir, að slíkar málsbætur séu fyrir hendi, þegar hinn aðilinn verður að þola ársmissi þessara réttinda. Og ef þetta er ekki miskunnsemi eða eitthvað annað, þá skil ég ekki, hvað það er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka undir það, að eins og hefur fram komið hér hjá þm. Barð., þá hefur þessi tegund bíla eða dráttarvéla, þessi tegund af vélum, sem byggð er bæði sem bíll og dráttarvél og getur verið hvort heldur sem vera skal, þegar verið úrskurðuð af ríkisstj. heyrandi undir bíl. Hvaða þýðingu hefur það að hafa hana þar, sem hún á heima eftir byggingu sinni og gerð sinni, ekki bara hvernig hún keyrir, heldur hvernig gírar eru og hvernig aðrir hlutir í henni eru, samanborið við bíla og dráttarvélar almennt? Það hefur óskaplega litla þýðingu fyrir okkur, hvorum megin hún er sett. S. l. ár eru fluttar inn á þriðja hundrað dráttarvélar. Af þessari koma þrjár. Og þær koma af því, að það fæst ekki nógur innflutningur fyrir aðrar vélar, sem þessir menn annars hefðu keypt allflestir, hefðu þeir átt þess kost. Sannleikurinn er sá, að þessi vél er það dýrari, að bóndi getur keypt sér venjulega dráttarvél og jeppa fyrir verð hennar og þó haft svolítinn afgang. En þegar er verið að skipta gjaldeyri á milli óteljandi innflytjenda, þá hefur það gjarnan viljað verða svo, að það er verið að pína sinni ögninni í hvern og skera alls staðar af, og þess vegna var það svo, að s. l. ár var sá, sem flutti þessar vélar inn, látinn hafa ofur litla vellu, og þess vegna gátu menn, sem ekki komust að annars staðar, fengið þessar vélar. Annars eru þær sterkar og góðar, en dýrar, og hægt að nota þær bæði sem bíl og dráttarvél. Ég held, að það sé þess vegna ekkert áhorfsmál, að við eigum að standa með þeim kunnáttumönnum, sem hafa verið til aðstoðar ríkisstj., þegar þeir eftir að hafa skoðað gerð þeirra og byggingu dæmdu þær sem bíla, en ekki sem dráttarvélar. Og þýðingin, sem það hefur fyrir heildina, er óskaplega lítil, því að við skulum vona, að það greiðist eitthvað til um gjaldeyri, svo að hann verði frjálsari, og þá hverfa þessar vélar svo til alveg af markaðnum. Það eru kannske til í landinu núna 10—14 alls, sem hafa komið inn öll þau ár, sem bær hafa verið á ferðinni, og eru notaðar núna í sérstökum aðstæðum, þær af þeim, sem eru mikið notaðar. Þar að auki eru þær eyðslufrekar, sérstaklega ef þær eru notaðar sem bíll, aðallega vegna þess, hvernig þær eru byggðar, þannig að þær eru síður en svo hentugar í notkun nema í sérstökum tilfellum. Þannig er það líka sums staðar, t. d. þar, sem þm. Barð. er kunnugastur, þar sem vélin er sérstaklega heppileg til að fara í miklum snjó, þegar flytja þarf mjólk yfir að Skeri frá Rauðasandi. Svoleiðis tilfelli eru til. En það eru aðrar dráttarvélar eins heppilegar til þess að gera það og miklu ódýrari dráttarvélar, sem eru heppilegar til að gera það og gera það eins vel og þessi, t. d. Dísil-Ferguson á beltum o. fl., o. fl., svo að það er ekki þess vegna nauðsynlegt að hafa þær í dráttarvélaflokki.

Ég held, að það sé á misskilningi byggt hjá þm. Barð., að það geti ekki verið til undantekningar, sem rétt sé að taka milt á. Við skulum hugsa okkur í einhverjum afskekktum hreppi í Barðastrandarsýslunni, t. d. einhvers staðar úti á Múlanesi, að það hagaði nú allt í einu svo til, að kona væri í barnsnauð og lægi lífið á að sækja lækni. Ef maðurinn, sem hefði bíl, sem hægt væri að ná í, hefði nú verið með kunningja sínum og væri búinn að drekka t. d. tvö staup af víni, þá væri hann sem kallað væri algáður og fullfær til allra hluta, en vafasamt, hvort hann væri kominn upp á það mark, sem væri nú undir blóðrannsókn eða ekki. Á hann að fara og sækja yfirsetukonuna? Eða á hann að láta segja: „Ja, ég get ekki komið, ég er undir áhrifum víns. Ég hef smakkað vín. Og þó að ég treysti mér til að keyra, þá hlýtur maður að missa ökuleyfið fyrir það að fara og sækja yfirsetukonuna.“ — Svona dæmi hefur aldrei komið fyrir. En ég geri ráð fyrir, ef ég væri dómari og ætti að dæma þennan mann á eftir, að ég mundi taka vægt á því og ekki taka af honum ökuleyfið fyrir það, ef þá nokkur yrði til að kæra hann fyrir að sækja lækninn. Ég er ekki viss um, að það væri nokkur, sem kærði í því tilfelli. Ég er ekki viss um það. Svoleiðis geta verið til mildandi ástæður, sem rétt er að taka tillit til og lofa að standa áfram í lögunum, eins og hefur verið gert, þegar þar að auki er upplýst, að þær hafa enn þá ekki komið fyrir og ekki verið notaðar öll þau ár, sem lögin hafa staðið. Ég held þess vegna, að þetta, sem við erum með, nefndin, hvað þetta snertir, eigi að samþykkjast, en ekki till. frá þm. Barð.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. — Hv. 1. þm. N-M. sagði, að sú drátt-

arvél, sem ég mundi miða við, gæti verið hvort sem væri bifreið eða dráttarvél. Það er alveg misskilningur. Hún hefur mjög litla af þeim hæfileikum, sem venjuleg bifreið hefur, mjög litla flutningsmöguleika og mjög litinn hraða á móts við bifreið og er því aðallega sem dráttarvél, en ekki bifreið, svo að það er alls ekkert um það að ræða. Hann talaði um, að það mundi hafa verið vegna gjaldeyrisskorts, að mér skilst, að svo fáar hafi verið leyfðar af þessum dýru og fullkomnu vélum. Eftir því að dæma ætti líklega aðeins að leyfa innflutning á Farmal cub, þessum ódýru, litlu dráttarvélum, af því að það væri hægt að hafa þær fleiri. Nei, ég held, að þetta lögmál eigi ekkert að gilda í okkar löggjöf. Við eigum ekki að hindra á neinn hátt fullkomnar vélar, sem geta orðið að sem mestum notum við framleiðslustörfin, og kemur ekkert gjaldeyrismálunum við.

Þá sagði hann, að þessar vélar væru alveg sérstaklega eyðslufrekar. Ég vil geta þess honum til fróðleiks, — það getur verið, að aðrir viti það, — að á vegalengd, sem þessi vél notar 5 kr. í brennsluefni, þá notar jeppi 25 kr. Þetta er nú munurinn. Af því að hún notar hráolíu, sem er miklu ódýrari, þá munar það þessu. Rekstrarkostnaðurinn er því margfaldlega minni á þessari dýru vél, og hún endurgreiðist svo á nokkrum árum í lægri rekstrarkostnaði heldur en hinar. Og þess vegna vilja margir kaupa þær. Það borgar sig á allan hátt, bæði hvað vinnubrögð snertir og rekstrarkostnaðinn.

Að lokum gat hann um ákvæðið í 81. gr., sem ég vil fella niður: heimild dómara til að svipta menn ekki ökuréttindum vegna áfengisneyzlu við akstur. — Kom hann þarna með dæmi um konu í barnsnauð vestur á Múlanesi og vildi sýna miskunn þessum manni, sem hefði farið að ná í ljósmóðurina, en hefði verið undir áhrifum áfengis. En hvernig hefði nú farið, ef þessi maður hefði haft eitthvað ofur lítið meira alkohól en 1.30‰ í blóðinu? Þá hefði hann orðið að þola ekki mánaðarsviptingu ökuréttinda, heldur heils árs, hvað sem hver hefði sagt. (**PZ:** Þá hefði hann aldrei farið.) Nú, þurfti ekki að bjarga konunni fyrir það? Ég efast um, að hann hefði verið svo hárnákvæmur um áfengismagnið, hefði þarna verið um sanngjarnan og góðan dreng að ræða, sem hefði ekki sett það fyrir sig, hvað sem það hefði kostað, hann hefði náð í ljósmóðurina, hvort sem var. Ef svona dæmi eiga að ráða ákvörðun þarna, þá er ég ekki sammála hv. þm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 66,1 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, SE, BjörgJ, GTh, BSt.

nei: JK, PZ, SÓÓ, AG, JE, FS, FÞ.

BjörnJ greiddi ekki atkv.

4 þm. (HermJ, JJós, SB, FRV) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

4.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

11.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 75 og 91 teknar aftur til 3. umr.

20.—22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 74,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

24.—35. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

36.—49. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 64 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 74,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

50. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

51.—58. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

59. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

60. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

61.—62. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

63. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

64. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

65.—66. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

67.—79. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

80. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 66,2 felld með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, AG.

nei: BjörnJ, JE, FS, FÞ, GTh, JK, KK, PZ, SÓÓ, BjörgJ, BSt.

4 þm. (FRV, HermJ, JJós, SB) fjarstaddir.

81. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

82.—84. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

85.—90. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 92, 64, 75, 91, 96).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. leggur til á þskj. 96, að gildistökuákvæðum frv. verði breytt þannig, að lögin skuli öðlast gildi hinn 1. maí 1958. Í frv. er gert ráð fyrir, að 6 mánuðir líði, frá því að frv. er staðfest sem lög þar til það öðlast gildi. Það ákvæði var sett til þess, að nokkurt ráðrúm gæfist til þess að kynna almenningi í landinu breytingar frá fyrri lagaákvæðum. En þar sem frv. hefur nú verið til meðferðar á tveim þingum og alþjóð veit um tilvist þess og væntanlega um hinar veigamestu breytingar, sem í því felast, þótti allshn. ekki ástæða til, að haldið yrði ákvæðinu um sex mánaða frestinn. Hin sérstöku gildistökuákvæði í 1. og 2. mgr. 70 gr., sem fjalla um breytingar frá fyrri reglum um vátryggingar bifreiða, áttu samkvæmt frv. að öðlast gildi hinn 1. maí 1958, og var það ákvæði sett inn í frv. að tilhlutan allshn. á síðasta þingi, en það var sökum þess, að vátryggingarárið telst byrja 1. maí og vátryggingarfélög tjáðu sér naumast unnt að breyta vátryggingarárinu án stórkostlegrar fyrirhafnar.

Að tilmælum meðnm. minna í allshn. hef ég ákveðið að taka aftur brtt. mína á þskj. 75 um, að 3. mgr. 20 gr. skuli falla niður. Mun ég því styðja till. hv. 11. landsk. á þskj. 91, en í henni felst aðalatriði það, sem ég hugðist ná með brtt. minni á þskj. 75, það atriði, að niður falli skylda til að afla vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns til þess að fá bifreið afskráða.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Vestm. brtt. á þskj. 64 við frv.

Ég tók þær aftur við 2. umr., en þær liggja nú fyrir hér við 3. umr. Við höfum beðið eftir nokkrum upplýsingum varðandi það atriði frv., sem við flytjum brtt. við. Við höfum að vísu fengið þær að nokkru, en þó vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti frekari umræðu núna, svo að okkur gefist tóm til þess að athuga þessar upplýsingar nánar, enda sýnist ekki málinu vera stefnt í neina hættu, það er nægur tími fyrir það að komast í gegnum þingið, og þetta virðist heldur ekki hindra nein önnur mál í þessari hv. deild, svo að ég vænti þess, að hæstv. forseti verði við þessum tilmælum.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Mér þætti mjög miður, ef svo skyldi fara, að málinu yrði enn frestað, og er það vegna þess, að ég óttast, að svo kunni að fara, að ekki vinnist tími til að fullafgreiða málið á þessu þingi. Það má hverjum manni ljóst vera, að í Nd. hlýtur það að taka langan tíma að afgreiða þetta mál vegna þess, hve vandasamt það er og yfirgripsmikið, og gæti svo farið, ef verulegur dráttur yrði á, að við gætum afgr. þetta mál hér úr hv. d., að það dagaði enn uppi, og það teldi ég mjög miður farið. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu sérstaklega, að það er sjáanlegt, að Nd. hlýtur að þurfa mjög langan tíma til að fara yfir þetta frv. og rannsaka það og athuga, og þess vegna tel ég, að þessari hv. d. beri að flýta því, svo sem unnt er.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Við 2. umr. flutti ég brtt. á þskj. 91, en tók hana síðan aftur til 3. umr. Allshn. athugaði þessa till. milli umræðna og varð sammála um að fylgja henni. Vona ég því, að till. nái fram að ganga. Ég rökstuddi hana nokkuð við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að endurtaka það nú. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég aðeins taka undir orð hv. þm. Ak., að við reynum nú að flýta þessu máli, svo sem unnt er, því að Nd. á áreiðanlega eftir að velta því lengi fyrir sér, og satt að segja er tíminn orðinn ærið skammur, þar sem við höfum slegið því föstu í till. okkar, að frv. taki gildi 1. maí 1958.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi styðja og taka undir tilmæli hv. þm. Barð., — en með honum flyt ég brtt. við þetta mál, — tilmæli hans um það, að málinu sé frestað í þetta sinn, vegna þess að það eru komnar fram í okkar hendur mjög mikilvægar og rökstuddar upplýsingar okkar tillögum til stuðnings, en þær eru samt sem áður ekki svo af hendi leystar, þessar upplýsingar, að við getum á þessu stigi málsins lagt þær fram sem opinbert gagn í þinginu, en það mundi vera hægt að fá þann galla lagfærðan með dags fyrirvara eða svo. Þeir hv. þm., sem mótmæla þessari frestun, hafa mjög til þess vitnað, að málið kunni að vera sett í hættu, ef þessi frestur er veittur, þ. e. a. s. sett í hættu á þann veg, að það fái ekki framgang á þessu þingi. Ég kann ekki að skilja þann ótta á þessu stigi málsins. Það er nú að vísu komið langt fram í nóvember, en þingið á eftir mjög langa setu enn þá. Hvað sem því líður, þá tel ég, að leggja verði alla alúð við það að vanda svo frágang þessa frv. sem unnt er og ganga ekki viljandi fram hjá upplýsingum hæfra manna, sem hér liggja núna fyrir, ganga ekki viljandi fram hjá þeim, bara af ótta við það, að það kunni að taka of langan tíma að fá þær fram.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að málinu sé frestað, þannig að þessar upplýsingar geti legið fyrir hv. þm., allt í því skyni, að frágangur þessa frv. verði sem öruggastur fyrir þá, sem eiga að njóta löggjafarinnar á sínum tíma.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil taka undir með þingmanni Ak. og hv. 11. landsk., að ég tel óráð að fresta þessari umr. Málið liggur þannig fyrir, að það er hér til umræðu á síðasta stigi. Það kemst þá til Nd., og Nd. liggur á því eins og á fyrra, vinnur ef til vill eitthvað í því, en kemur því aldrei frá sér. Í fyrra lá þessi sama breyting fyrir, sem nú liggur fyrir hér um ökuhraða. Flm. höfðu allan veturinn í fyrra til að ná í þessar upplýsingar. Það var lagt fram núna snemma á þinginu, nærri í þingbyrjun, og þeir eru ekki enn búnir að ná í þessar upplýsingar. Það er þess vegna alveg augljóst mál, að mennirnir, sem báðir eru sæmilega duglegir, hefðu verið búnir að geta það hundrað sinnum, ef þá hefði langað nokkuð til þess, ef þeir hefðu haft nokkurn áhuga á málinu. Það er þess vegna ekki neitt annað en til þess að reyna að tefja framgang málsins, sem þeir eru með þetta núna. Og ég skora á forseta að láta atkvgr. fara fram.

Forseti (BSt): Það hefur komið fram ósk frá hv. flm. brtt. á þskj. 64 um það, að umræðunni verði frestað og málið tekið út af dagskrá, vegna þess að upplýsingar vanti í málinu, sem þeir eiga von á og annar flm. gat um að mundi vera hægt að útvega með dags fyrirvara. Hins vegar hefur því verið mótmælt frá hendi n., sem fjallaði um málið, að málinu yrði frestað, sökum þess að óhyggilegt væri að tefja málið, vegna þess að Nd. á með öllu eftir að athuga það. Nú held ég, að hægt sé að verða við þessum óskum um að fresta málinu nú án þess að tefja það nokkuð, því þó að málið yrði afgreitt til Nd. í dag, þá tel ég óliklegt, að sú hv. d. taki það fyrir til 1. umr. á morgun, sennilega ekki fyrr en á mánudag, og þó að málið verði afgreitt hér á morgun, þá er mjög líklegt, að það verði tekið fyrir til 1. umr. í Nd. nákvæmlega á sama tíma eins og þó að það verði afgr. í dag. Ég tel af þessum ástæðum, að það tefji ekki málið neitt, þó að umr. sé frestað í dag, en að hún verði á morgun, og mun því verða við óskum þessara tveggja hv. þm., en tek frv. á dagskrá á fundi á morgun og gef þá ekki lengri frest. Vona ég, að allir aðilar geti sætt sig við þessa niðurstöðu.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Vestm. brtt. á þskj. 64 við 50. gr. frv., þ. e. um hámarksaksturshraða. Við óskuðum þess í gær, að málinu yrði frestað, vegna þess að við höfðum ekki gögn í höndunum, sem voru tiltæk þá, er við þurftum á að halda og við höfðum óskað eftir. Það féllu hér nokkur orð út af þessu við umræðurnar í gær hér í hv. d., og vorum við sakaðir um að vera að tefja málið. Ég hygg þó, ef þetta er athugað nánar, að þá sé það ekki réttmætt. Við hlutum að búast við því, sem eðlilegt er, að hv. allshn. athugaði þær brtt., sem lágu fyrir, og ekki sízt þegar um ágreiningsmál eða ágreiningsatriði var að ræða, sem líka lágu fyrir á síðasta þingi, sem sé um aksturshraðann. Við gátum því ekki vitað, að hve miklu leyti hv. n. tæki til greina sjónarmið okkar í þessu, fyrr en nál. var útbýtt. En svo vildi til, rétt eftir að nál. kom út, að ég fór af landi burt um sinn, og litlu seinna veiktist hv. þm. Vestm., svo að af þessum ástæðum hindraðist það, að það álit, sem við höfðum óskað eftir, væri til taks í gær, en það var þá fyrst eftir fjarveru hv. þm. Vestm., sem hann gat mætt hér í þinginu. Ég verð því að telja það mjög ómaklegar ásakanir í okkar garð, að við höfum á nokkurn hátt viljað tefja fyrir málinu, þó að við höfum beðið um þennan frest, sem ekki tók nú nema einn dag, auk þess sem hæstv. forseti sýndi fram á, að málið hindraðist ekki neitt í þinginu þrátt fyrir þetta.

Efni þessara till. okkar er það, að hámarksaksturshraði verði 35 km í þéttbýli í staðinn fyrir 45 km, eins og er í frv., og 60 km utan þéttbýlis í staðinn fyrir 70 km, sem er í frv.

Fyrir okkur er ástæðan fyrir þessari till. aðeins ein. Hún er sú, að við teljum hættu á auknum umferðarslysum, ef aksturshraðinn er aukinn svo mjög frá því, sem nú er, eins og ætlazt er til að verði skv. frv. Hámarksaksturshraði er nú, svo sem kunnugt er, 30 km á klst., en á að verða 45, eða aukningin um 50%. Hámarksaksturshraði í Reykjavík er nú 25 km, og ef tekinn yrði upp 45 km hraði í lögreglusamþykkt Reykjavíkur, eins og heimilt er, ef þessi lög verða þannig afgreidd, þá yrði það 80% aukning. Aukning hraðans utan þéttbýlis er úr 60 km upp í 70 skv. frv., eða tæplega 17% aukning.

Þær mótbárur gegn okkar sjónarmiði, sem fram hafa komið, bæði hér á hv. Alþ. í fyrra og víðar, eru m. a. þessar:

Í fyrsta lagi, að ákvæðum um núverandi aksturshraða sé alls ekki fylgt, yfirleitt sé ekið hraðar en hámarkshraðinn, sem leyfður er. Ég dreg ekki í efa, að þetta eigi sér stað, en ég viðurkenni ekki það sem nein rök fyrir því, að það eigi að breyta aksturshraðanum, að lögin séu brotin. Ég get ekki séð, að það séu frambærileg rök til að breyta lögum, að lögbrot eigi sér stað. Og ef ætti að gera það, ef sú regla ætti að gilda um þessi lög, þá býst ég við, að fleiri lög kæmu til greina, sem þyrfti að breyta, ef ætti að hafa þann háttinn á.

Annað atriði vil ég nefna, sem fært er gegn okkar till., sem er það, að tækniþróun hafi orðið mikil í gerð bifreiða, sem valdi því, að leyfa megi meiri aksturshraða en áður. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að framfarir í vinnslu og hraða bifreiðar geri hana þvert á móti einmitt hættulegri heldur en hún áður var, og mun það koma fram í áliti þess kunnáttumanns, er við höfum leitað til í þessu máli.

Þriðja atriðið, sem ég hef heyrt nefnt í þessu efni, er það, að nú séu orðnir betri vegir á landi hér og því sé óhætt að leyfa hraðari akstur. Víst er það, að vegirnir eru orðnir nokkru betri en þeir voru, þegar núverandi bifreiðalög voru sett. En ég held einnig, að reynslan hafi sýnt, að bifreiðaslysin verða mest á beztu vegunum, og það er ekkert óskiljanlegt, því að þar er freistingin mest að fara hratt, og það er líka gert.

Vafalaust er ýmislegt fleira, sem fram hefur komið gegn þessu sjónarmiði okkar. Ég vil þó nefna í þessu sambandi, að nýbúið er að samþykkja hér í hv. d. brtt. við þessa gr. frv. frá hv. allshn., þar sem inn var sett heimild dómsmrh. til að ákveða lægri hámarkshraða almennt eða á einstökum vegum heldur en greinin hljóðar upp á. Ég fæ ekki betur séð en að einmitt þessi samþykkt eða þessi till. hv. n. beri vott um það, að einhver þankabrot hafi n. haft um, að þetta kynni að vera of mikill aksturshraði, sem þeir voru þarna að mæla með, því að annars hefðu þeir ekki farið að gera þessa till. Ég er ekki að finna að till. út af fyrir sig, en mér sýnist hún sanna okkar málstað, að þarna muni hafa burft meiri varfærni. Ég er þakklátur n. fyrir að hafa komið með till. Hins vegar lít ég svo á, að það sé Alþingi sjálft, sem eigi að taka ákvörðunina um þetta og gerir það líka í fullu samræmi við það, hvað hv. þm. telja óhætt, svo að ekki aukist slysahættan í landinu.

En ég vil svo spyrja: Hver er ávinningurinn við það að auka hraðann, auka þennan hámarkshraða, t. d. hér í höfuðstaðnum? Hver er ávinningurinn við það að hafa hann 45 km í staðinn fyrir 35, eins og við leggjum til? Ég veit engan ávinning við það annan en þann, að vegfarandinn kemst ofur lítið fyrr á áfangastað. Mér er gersamlega óljóst, að það geti verið annar ávinningur við þetta.

Nú er öllum kunnugt, að hér í Reykjavík er ekki unnt að notfæra sér þennan hámarkshraða nema á sárafáum götum og því aðeins, að um beztu aksturskilyrði sé að ræða, bæði hvað snertir umferð og ástand götunnar. En við skulum hugsa okkur, að á einhverri götu tækist að aka 2 km langan veg viðstöðulaust á þessum hraða, og ég efast fyllilega um, að það sé hægt að fara lengri vegalengd hér innanbæjar á fullum hraða og gæta til hins ýtrasta ákvæða þessa frv. um alla aðgæzlu í akstri. Hvað er nú bifreiðin lengi að fara þessa 2 km með 45 km hraða? Hún er 2 2/3 úr mínútu á leiðinni. En ef hún færi á þeim hraða, sem við flm. brtt. leggjum til, þá yrði hún 3 3/7 úr mínútu á leiðinni. Tímasparnaðurinn, sem yrði þá við það að auka hraðann úr 35 km upp í 45, mundi nema 46 sekúndum á hverjum 2 km, sem hægt væri að aka á fullum hraða. Þetta er ávinningur-

inn, svo að ég nefni dæmi. En á móti þessum tímasparnaði kemur svo aukin slysahætta að okkar dómi, sem stafar af því, að menn freistast til þess að aka með hámarkshraða, þar sem ekki er óhætt að aka svo hratt.

Við flm. till. vildum leita um hámarkshraða umsagnar þess manns, er við teljum að mesta reynslu og bezta þekkingu hafi í umferðarmálum allra Íslendinga, en það er Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn í Reykjavík. Hann hefur unnið að þessum málum frá því í nóvember 1920 eða í 37 ár. Hann er fyrsti íslenzki lögreglumaðurinn, sem stundar nám á erlendum lögregluskóla. Hann hefur þráfaldlega sótt til útlanda til þess að kynna sér umferðarmál á Norðurlöndum. Englandi og Þýzkalandi. Hann hefur að staðaldri fylgzt með hvers konar nýjungum og umbótum erlendis í umferðarmálum og síðast 1956. Það hefur verið hans verk að verulegu leyti, hvers konar breytingar og endurbætur á umferðarmálum Reykjavíkur. Álit hans í þessum málum er að mínum dómi þyngra á metunum en margra annarra samanlagt. Með því að leita álits hans höfum við flm. till. leitazt við að afla þeirra ráðlegginga, er beztar og öruggastar ættu að vera í þessu máli. Þessi umsögn hans barst okkur í gær, eftir að fundur var settur, og höfðum við ekki athugað hana nægilega til þess að geta tekið hana til umræðu, og af þeim ástæðum var það, sem við báðum um frest á umræðu. Því miður barst hún ekki svo snemma, að við gætum látið prenta hana, til þess að allir hv. þm. gætu séð, hvað þessi maður segir um þessi mál, svo að ég gat ekki gert annað en sent hv. formanni allshn. hana, ef hann hefði eitthvert gagn af því að sjá hana, í gærkvöld, áður en þessum umræðum yrði lokið. En ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þessa umsögn Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns, og er hún þannig:

„Með tilkomu bifreiðarinnar, þessa dásamlega og þægilega farartækis, bætist nýr þáttur í þjáninga- og sorgarsögu mannkynsins. Hinum árlegu slysum af völdum bifreiðarinnar í töpuðum mannslífum og örkumluðu fólki má líkja að verulegu leyti við afleiðingar síðustu heimsstyrjaldar. Það er t. d. sagt, að Bandaríkjamenn hafi misst um eina millj. manns í síðustu heimsstyrjöld fallinna og særðra, frá því að fyrsta skotinu var skotið í Pearl Harbor og þar til síðasta skotinu var hleypt af inni í miðri Berlín, en á sama tíma dóu eða stórslösuðust af bifreiðaslysum í sjálfum Bandaríkjunum 3½ millj. manna. Heimildin fyrir þessu er sænska tímaritið Ve, skráð af umferðarstjóra Stokkhólmsborgar eftir kynnisferð til Bandaríkjanna í umferðarmálum. Þessi staðreynd þótti svo geigvænleg, að þáverandi Bandaríkjaforseti, Truman, kvaddi sér hljóðs í útvarpinu til að vara þjóðina við hinni hræðilegu umferðarhættu og skora á alla þegna þjóðfélagsins að vinna á móti henni. Bandaríkin munu síður en svo hafa nokkra sérstöðu á þessu sviði meðal annarra þjóða, heldur munu slysatölur vera nokkuð áþekkar, þegar tekið er tillit til hlutfallstölu bifreiðafjölda og mannfjölda víða um lönd. Þrátt fyrir margs konar tæknilegar öryggisráðstafanir, sem stefnt er gegn umferðarslysunum, virðast þau víðast hvar hafa stöðuga tilhneigingu til að aukast í hlutfalli við fjölgun bifreiðanna.

Mér virðist tvímælalaust, að meiri hluti umferðarslysa eigi beint eða óbeint rót sína að rekja til ógætilegs og of hraðs aksturs. Vil ég nú leitast við að rökstyðja þá hættu, sem hraði akturinn hefur í för með sér, með því að benda á nokkrar staðreyndir máli mínu til sönnunar.

Hreyfiþungi bifreiðarinnar eða höggþungi hennar reiknaður í tonnum eða kílóum vex meira en í réttu hlutfalli við aukinn hraða. Til dæmis bifreið, sem ekið er á 30 km hraða á malbiki, lætur eftir sig 5 m hemlahjólför á auðum vegi. Bifreið, sem aftur á móti er ekið á 60 km hraða við sömu aðstæður, lætur ekki eftir sig helmingi lengri hemlahjólför, miðað við hlutfall aukins hraða, heldur verða hemlahjólförin fjórum sinnum lengri eða um 20 m. Þá kemur mjög margt fleira til greina um það en bifreiðahemlarnir, hvað fljótt tekst að stöðva bílinn. Má þar til nefna, hvort vegurinn er malbikaður, grúsvegur, sumarvegur eða vetrarvegur á hálum ís eða snjó. Þá er það áætlað, að það taki að jafnaði allt að eina sekúndu, frá því að ökumaðurinn skynjar hættuna og þar til hann hefur hemlað farartækið. Það gefur að skilja, að eftir því sem farartækið fer hraðara, rennur það lengra að hættustaðnum á viðbragðstíma ökumannsins til gagnráðstafana, eins og sést á meðfylgjandi töflu.“ — Í þessari töflu er greint frá því, hvað bifreiðin rennur langt miðað við ökuhraðann og undir misjöfnum kringumstæðum hvað veginn snertir. Á 30 km hraða til dæmis rennur hún 5 m, á 40 km hraða rennur hún 9, á 50 km rennur hún 14 o. s. frv. allt upp í 100 km hraða, þá rennur hún 56 m, frá því að bifreiðarstjóri hemlar, þar til bifreiðin er stöðvuð. En við þessar vegalengdir, sem bifreiðin þannig rennur áfram, eftir að byrjað er að hemla, bætist við sá tími, sem líður frá því að ökumaður skynjar hættuna og þar til hann getur hemlað, og sú vegalengd er allmikil, eða frá 8.3 m miðað við 30 km hraða upp í 27.8 miðað við 100 km hraða. Með þessari töflu er mjög glöggt sýnt fram á, hversu hættan vex stórkostlega við aukinn hraða og vex meir en í réttu hlutfalli við aukningu hraðans.

Þá segir í umsögn þessari enn fremur: „Þess ber að gæta, að hemlahjólförin fara ekki eftir þunga bílsins, ef öll hjól eru vel hemluð. Séu hins vegar á bíl með fjórum hjólum aðeins tvö hjól hemluð og þau tvö beri t. d. uppi helminginn af heildarþunga bílsins, verða hemlahjólförin helmingi lengri en sýnt er á þessari töflu. Eftir því sem þungi bílsins hvílir meira á hemluðu hjólunum, nálgast hemlahjólförin meira það, sem sýnt er í töflunni. Samkv. framansögðu verður auðskilið, hvað aukinn ökuhraði torveldar að stöðva bifreið nægilega fljótt til að afstýra slysi.

Þá skal drepið hér á aðrar verkanir aksturshraðans. Bifreið, sem ekið er á 35 km hraða, fer

25 m á ca. 2.6 sekúndum. Ef ekið er á 45 km hraða, fer bíllinn 25 m á 2 sekúndum. Götur Reykjavíkur eru þröngar og ofhlaðnar bílum og víðast hvar örskammt á milli gatnamóta, en gatnamót eru sérstök hættusvæði í umferðinni. Þær eru því ekki gerðar fyrir háan aksturshraða. Þegar bifreiðina ber 25 m á 2 sekúndum, er oft erfitt fyrir bílstjóra að átta sig á því, hvort gangandi vegfarandi, sem er fram undan á aðalbrautinni, er að skáganga akbrautina til að komast yfir götuna eða hann heldur í sömu átt og bíllinn, en slíkt getur skipt mjög miklu máli. Enn þá meiri vandi er það fyrir bifreiðarstjóra á fyrrnefndum hraða að afstýra slysi, ef gangandi vegfarandi gengur á milli bíla út á akbrautina, eins og þráfaldlega kemur fyrir. Verður þá erfitt fyrir hann að stöðva bifreiðina tafarlaust, eins og honum ber skýlaust að gera samkv. ákvæðum bifreiðalaganna um akstur í þéttbýli, sbr. 27. gr. 5. kafla.

Það er líka staðreynd, að þar sem götur eru greiðfærari, t. d. í úthverfum bæjarins, á Suðurlandsbraut, Reykjanesbraut og Miklubraut, svo að eitthvað sé nefnt, hefur reynzt stórslysagjarnara en í þéttbýlinu vegna aukins aksturshraða. Þar hafa oft einnig orðið stórárekstrar á gatnamótum á alóbyggðum svæðum. Þegar ekið er á 80 km hraða á útvegum, fer bifreiðin 25 m á 1.1 sek., og þegar ekið er á 100 km hraða, fer bíllinn hverja 25 m á 0.9 sek. Ef bifreið er ekki ekið ca. 1 m frá vinstri vegarbrún og vinstra framhjól springur á framannefndum hraða eða lendir t. d. á steini eða í holu eða í einhverri annarri torfæru á veginum, svo að hjólin sveigjast til vinstri í ca. 12—15 gráðu horn af réttri línu, er bifreiðin komin út af veginum á ca. 0.3—0.4 sekúndum. Auk þess sem slíkur hraði er hin mesta fásinna sökum slysahættu, er hann gífurlegt slit á bílum og til mikils kostnaðarauka á olíu og benzíni. Það er álitið, að vel æfður og góður bifreiðarstjóri þurfi í akstri minnst eina sekúndu til að átta sig á því, sem er að gerast, og gera þær gagnráðstafanir, er með þarf. Á 100 km akursthraða er þetta ekki hægt á fyrstu 25 m á hættustaðnum. Því verður oft slys og dauði hlutskipti slíkra ofkeyrslumanna. Slysið skeður þannig, að ökumaðurinn veit ekki fyrr en hann er kominn út af veginum.

Eftirlit lögreglunnar með akursthraðanum og kærur fyrir þá tegund umferðarbrota er ýmsum erfiðleikum háð. Hinn gangandi lögreglumaður, sem einn síns liðs kærir bifreiðarstjóra fyrir of hraðan akstur, mun allajafna veigra sér við að kæra hinn brotlega, nema hann hafi að hans áliti ekið 5—10 km hraðara en hámarksakstur. Þótt ökuníðingar séu eltir á lögreglubifreiðum með hraðamælum, er sjaldan treyst svo bókstaflega á mælana, ef til ákæru kemur, að minna forskot sé haft en 5—10 km. Sama máli gegnir, þótt hraðinn sé mældur á ákveðinni vegalengd á milli tveggja lögregluþjóna með talstöðvum, að lögreglumennirnir hafa sjaldnast aðstöðu til að taka tímann alveg við hina afmörkuðu tíma til að vekja ekki of mikla athygli á sér við löggæzluna, svo að ég tel, að einnig þar verði í a. m. k. mörgum tilfellum að eiga sér stað álíka mikill umframakstur yfir hámarkshraða eins og að framan getur. Það má því gera ráð fyrir því, að ökuhraðinn sé að jafnaði nokkru meiri en lögleyfður hámarkshraði, áður en viðurlögum verður við komið, nema aðrar ytri orsakir grípi þar inn í, svo sem hálka, slæmt skyggni o. s. frv.

Þó að bifreiðar hafi fullkomnazt mikið, frá því að núgildandi bifreiðalög voru sett, má ekki gleyma því, að fullkomnun bílsins í aukinni vinnslu og hraða gerir hann stöðugt að hættulegra drápstæki, sem annar bættur útbúnaður á bílnum, svo sem hemlarnir, hafa ekki reynzt færir um að bæta úr. Það er því leikni og manndómur bifreiðarstjórans, sem fyrst og fremst verður að treysta á til að tryggja örugga umferð, og enn þá eru þjóðvegir vorir víða svo ófullkomnir, t. d. gljúpir, holóttir, bugðóttir og hátt lagðir utan í bratta, að mikill ökuhraði er þar stórhættulegur, ef nokkuð ber út af.

Það vandamál, sem fyrst og fremst þarf úrlausnar við í Reykjavík og í bæjum hér á landi, er að breikka nokkrar aðalumferðargötur, sem liggja í gegnum bæina, og leggja nýjar og fullkomnar akbrautir að og frá bæjunum til að greiða fyrir umferðinni, svo að hún geti farið í þéttbýlinu a. m. k. allajafna á núverandi lögleyfðum hámarkshraða, en ekki að auka akursthraðann, a. m. k. til neinna muna við núverandi skilyrði.

Fjöldi slysa úti á þjóðvegunum á rót sína að rekja til of mikils ökuhraða, allt upp í ofsahraða, og í þéttbýlinu, þar sem tíðast verða slys á gangandi vegfarendum, atvikast þau þannig, að bifreiðina bar hraðar að en svo, að bifreiðarstjórinn gæti stöðvað hana þegar í stað, er hann sá hættuna fyrir sér, fyrr en hún hafði farið yfir vegfarandann og stórslasað hann eða svipt hann lífi.

Reykjavík, 21. nóv. 1957,

Erlingur Pálsson".

Hv. þm. hafa þá heyrt álit hins þaulreynda og fróða yfirlögregluþjóns Erlings Pálssonar á því, hvort réttara muni að samþykkja brtt. okkar á þskj. 64 um hámarksakursthraða eða frv. óbreytt. Svo rækilega er þetta álit hans rökstutt, að ég mun ekki fjölyrða frekar um það.

Þessarar aðvörunar Erlings Pálssonar, sem er í fullu samræmi við brtt. okkar, mun verða minnzt, hvað sem hv. d. kann að samþykkja hér í dag.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Það má lengi um það deila, hver lagaákvæði séu æskileg um hámarkshraða bifreiða. Í umferðarlagafrv. er hann ákveðinn 45 km á klst. í þéttbýli, en 70 km utan þess. Tveir hv. þm., þeir hv. þm. Barð. og Vestm., flytja á þskj. 64 brtt. um þetta og vilja lækka hámarkshraðann nokkuð frá því, sem frv. ráðgerir. Ég leyfi mér að draga mjög í efa að slíkt yrði til bóta. Hver maður að heita má, sem ekur t. d. um Hringbraut eða Snorrabraut hér í bænum eða aðrar álíka breiðar og greiðfærar götur, ekur með 40 km hraða og margir miklu hraðar, þegar gott svigrúm er á þessum götum, og hver maður, sem ekið hefur nokkuð að ráði um þjóðvegi þessa lands, hefur

þráfaldlega orðið fyrir því á breiðum og greiðfærum vegum, að ekið er fram úr honum, enda þótt hann hafi ekið á allt að 60 km hraða, sem nú er lögleyfður hámarkshraði á þjóðvegum. Segja má því með nokkrum sanni, að með hinum nýju hámarkshraðaákvæðum umferðarlagafrv. sé ætlazt til, að lögfest verði það ástand, sem nú er algengast í þessum efnum og hefur verið svo árum saman.

Í þessu sambandi má ekki gleyma því, að mikilvægustu ákvæðin um ökuhraða eru í 49. gr. frv. En þar segir m. a., að ökuhraða skuli ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð, og aldrei má ökuhraði vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutæki og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem er auð og hindrunarlaus fram undan og ökumaður hefur útsýn yfir. Það er vitanlega gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut, að hámarksökuhraði í bæjum verði takmarkaður við breiðustu og greiðfærustu götur, enda verði sett um það lögreglusamþykktarákvæði á hverjum stað. Fjöldinn allur af götum í bæjum er þannig, að óheimilt væri með öllu að aka þar með 45 km hraða eftir hinum almennu hraðaákvæðum 49. gr. umferðarlagafrv. Hins vegar eru ýmsar götur það greiðfærar, að hættulaust er, að þar sé ekið með um eða yfir 40 km hraða. Þetta á fyrst og fremst við breiðar götur með tvískiptri akbraut, sem eru aðalbrautir og þar sem vel sést til beggja hliða. Ég dreg ekki í efa, að menn mundu halda áfram að aka þessar götur jafnhratt og nú er gert, hversu lágt sem hámarkshraðaákvæði umferðarlaganna yrðu sett. Og lög, sem almenningur virðir ekki, eru verri en engin lög.

En áherzlu vil ég þó enn leggja á það, að þótt lögtekin verði hámarkshraðaákvæði þau, sem í frv. eru nú, þá takmarkast þau af ákvæðum 49. gr., þannig að slíkur hraði er aðeins heimill þar, sem hættulaust er að aka með þeim hraða, og til þess ætlazt, að í lögreglusamþykkt bæjanna verði nánari ákvæði um þessar takmarkanir og umferðarmerki verði til leiðbeiningar vegfarendum um lögleyfðan hraða.

Þróun þessara mála er víða erlendis þar komið, eins og kunnugt er, að þar eru engin hámarkshraðaákvæði í lögum. Þess ber þó að gæta í því sambandi, að vegir eru þar yfirleitt stórum betri en hér tíðkast, og af þeim sökum er því eðlilegur og sjálfsagður hlutur, að hér séu í lögum ákvæði um hámarkshraða.

Hv. þm. Barð., fyrri flm. brtt. á þskj. 64, sýndi mér þá hugulsemi og kurteisi að senda mér í gærkvöld til lesturs grg. yfirlögregluþjónsins í Reykjavík, sem hann hefur nú lesið upp í ræðustólnum. Ég er honum þakklátur fyrir það og met það svo sem vert er. Hins vegar hlýt ég að játa það, að í grg. þessari finn ég ekki fullnægjandi rök fyrir brtt. háttvirtra þm. á þskj. 64. Grg. hefur ekki inni að halda neina hluti, sem ekki voru áður flestum kunnir. Meginefni hennar er: Í fyrsta lagi, að samfara notkun bifreiða er ávallt nokkur hætta. Þetta er öllum vitanlegt. Í öðru lagi, að því fleiri bifreiðar, því fleiri slys. Þetta er það, sem kallað hefur verið „selvfölgelighed“ og allir vita um og leiðir af hættueiginleikum bifreiða. Í þriðja lagi, að meiri hluti ökuslysa eigi beint eða óbeint rót sína að rekja til ógætilegs og of hraðs aksturs. Einnig þetta er alkunnugt, og ég á ekki von á því, að neinn komi til að mótmæla því. En umfram þetta er í grg. yfirlögregluþjónsins fróðleg tafla um lengd hemlafara og ýmsar tölur til staðfestingar þessum hlutum og hugleiðingar í því sambandi.

Nú kann svo að vera, að einhverjir haldi, að slys vegna of hraðs aksturs orsakist ævinlega vegna þess, að ökumaður hafi farið yfir löglegan hámarkshraða, 25—30 km í þéttbýli, en 60 km utan þess. Vissulega efast ég ekki um og veit reyndar með vissu, að mörg umferðarslys orsakast vegna hraða, sem er umfram löglegan hraða, en hitt veit ég einnig, að mörg slys hafa orðið fyrir þá sök, að ökumaður hefur ekið of hratt miðað við aðstæður, enda þótt ökuhraðinn væri lægri en lögleyfður hámarkshraði bifreiðalaganna. Það er vitanlega fyrsta boðorð hvers skynsams ökumanns að haga akstri sínum eftir aðstæðum hverju sinni. Umferðarlagafrv. leggur þá skyldu á herðar hverjum manni, sem ekur farartæki, að gæta þess boðorðs. Dyggð góðs ökumanns er ekki í því fólgin að aka alltaf löturhægt, heldur í því að aka löturhægt, þegar aðstæður eru þannig, að háski gæti verið að, ef svo væri ekki gert, hins vegar aka greitt, þegar engin hætta er á ferðum og augljóst er, að svo getur ekki orðið. Það er þetta sjónarmið, sem ökuhraðaákvæði umferðarlaganna brýna fyrir ökumönnum, og í mínum augum er það sjónarmið rétt.

Ég er ekki sammála hv. flm. brtt. á þskj. 64 um lækkun hámarkshraðans og tel, að sú breyting, sem þar er ráðgerð, muni í engu draga úr slysahættu, sökum þess að jafnvel þótt samþykkt yrði, mundi ökuhraði almennt ekki lækka frá því, sem nú tíðkast. Menn munu einfaldlega ekki virða þau ákvæði og þau yrðu gagnslaus eins og núgildandi hámarkshraðaákvæði. Engin löggæzla gæti ráðið bót á því. Og fyrst og fremst hlýtur löggæzlan að beinast að hinum stærri og alvarlegri brotum, en sneitt yrði hjá að gera tilraun til þess að hafa hemil á akstурshraða, sem fyrir fram er vonlaust að unnt sé að framkvæma.

Ég vil að lokum benda á, að það var rangt hjá hv. þm. Barð., að allshn. hafi gert till. um að setja inn í 50. gr. frv. heimild til handa dómsmrh. til þess að ákveða lægri hámarkshraða en í greininni segir. Þetta ákvæði var í frv. frá upphafi, og brtt. allshn um þessa gr. var einungis orðalagsbreyting, sem n. þótti skýrara orðalag en eins og í frv. var. Hugleiðingar hv. þm. um eftirþanka n. í þessu sambandi voru því út í bláinn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. þm. Ak. hefur nú raunar talið öll þau rök gegn þessari brtt., sem mestu máli varða, svo að ég þarf þar ekki miklu við að bæta. Ég get þó ekki stillt mig um að fara um þetta atriði örfáum orðum.

Ég efast ekki um, að það vaki gott eitt fyrir hv. flutningsmönnum þessarar brtt., og það er kannske að sumu leyti erfitt að tala á móti henni.

Ég álít þó, að gera verði þá kröfu til hv. alþm., að þeir séu a. m. k. dálítið raunsæir í till. sínum og skirskoti ekki einungis til tilfinninga. Ég verð að telja, að þetta álit hv. þm. Barð. skjóti a. m. k. dálítið skökku við það, sem hann sagði okkur hér við 2. umr. málsins, en þá var honum mjög illa við það ákvæði frv., að ekki mætti gera dráttarvél fyrir hraðari akstur en 30 km á klukkustund. Mætti ef til vill af þessu leiða, að hann teldi allt í lagi með það, að dráttarvélum væri ekið á miklum hraða úti á þjóðvegum landsins, enda þótt þar sé sá mikli munur á, að til stjórnenda þeirra farartækja eru gerðar mun minni kröfur en til bifreiðastjóra.

Ég vildi beina því til hv. flutningsmanna að lesa vel bæði 49. og 50. gr. frv. og einnig það, sem segir í grg. frv. um það efni. Vitanlega er meginreglan sú, eins og kemur skýrt fram í 49. gr., að hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutæki o. s. frv., og í 49. gr. eru talin upp atriði í stafliðum a—o, sem öll miða að því að draga úr ökuhraða, þegar ytri aðstæður segja til um það, enda er sú reynslan hjá flestum þjóðum nú orðið, að þær ganga jafnvel svo langt að afnema öll ákvæði um hámarkshraða. Ef lesin er grg. frv., þá sést, hvaða regla gildir í þessum efnum á Norðurlöndum. Það má draga þá meginreglu út úr þeirri umsögn, að hámarkshraði sé enginn á Norðurlöndum nema í Noregi, að vísu með ýmsum undantekningum. Og svo er nú ekki alveg hundrað í hættunni við að samþykkja þessi ákvæði um hámarkshraða, þar sem í 50. gr. stendur, að dómsmrh. geti sett nánari reglur um ökuhraða og takmarkað hann að vild. Slíkar reglur má og setja í lögreglusamþykktum úti um allt land, svo sem gert hefur verið.

Hv. þm. Barð. las upp mikla grg. eftir Erling Pálsson yfirlögregluþjón. En sú grg. fannst mér ekki styðja hans mál eindregið. Ég hef oft rætt við vin minn, Erling Pálsson, um þessi mál og fer nærri um það, að skoðanir okkar eru ekki langt frá því að fara algerlega saman í þessum efnum.

Ég verð að segja það, að ég teldi mjög miður farið, ef þessi brtt. hv. þingmanna næði samþykki, og ég legg eindregið til, að ákvæði frv. í 49. og 50. gr. verði samþykkt óbreytt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja mjög mikið um þetta frekar. Þær voru hliðstæðar þessu, umr., sem fóru hér fram í hv. d. í fyrra um þetta sama mál, og sömu atriðin bar á góma þá, og skal ég víkja aðeins að sárafáu.

Hv. frsm. allshn. orðaði það eitthvað á þá leið, að með ákvæðum frv. væri verið að lögfesta núverandi ástand í akstursbraða manna almennt eða hið algengasta, m. ö. o.: að það sé viðhafður það mikill hraði, að það nálgist þetta almennt eða hið algengasta. Það er rétt hjá honum, að það er ekið þó nokkru hraðar almennt en nú er leyft, það er alveg rétt. Við flm. þessarar till. viljum líka leyfa meiri hraða en nú er í lögunum. En við viljum ekki fara svona gífurlega langt í einu stökki, vegna þess að við óttumst aukna slysahættu. En má ég spyrja hv. frsm. n., hvernig á að tryggja það, að lögunum verði hlýtt um þennan 45 km hraða? Verður þá ekki ekið á 50—60 km hraða á eftir? Hvaða ástæða er til að ætla, að menn fari allt í einu að fylgja nákvæmlega 45 km hraða, ef þeir hafa engu skeytt hámarkshraðanum, sem hingað til hefur gilt? Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn bendir mjög ýtarlega á það, þegar kærðir eru menn fyrir of hraðan akstur, að þeir séu ekki kærðir, nema lögreglumenn telji þá a. m. k. vera 5—10 km hraðar á ferðinni en hámarkshraðinn, sem þeir miða við, því að þeir vilja vera vissir í sinni sök, þegar þeir fara að kæra mann, sem eðlilegt er. Það má því alveg bóka það, að hraðinn verður meiri en 45 km, þegar búið er að samþykkja þetta frv.

Þá drap hv. þm. á 49. gr. og gat þess alveg réttilega, að þar væru margs konar ákvæði, sem takmarka hraða Þetta er alveg rétt hjá honum. Ég nenni nú ekki að fara að svara hv. 1. þm. N-M., sem kallaði hér fram í og sagði, að við hefðum ekki lesið þessa lagagrein. Ég sagði í ræðu minni áðan, að ég efaðist um, að hér í bænum væri hægt að aka lengri vegalengd í einu en 2 km með fullum hámarkshraða, ef ekki ætti að brjóta þessi lög, og það benti á, hvort við mundum ekki hafa lesið 49. gr. Nei, okkur eru alveg ljós hin nauðsynlegu og ýtarlegu ákvæði 49. gr. En einmitt það sannar líka, hversu ósköp lítil þörf er á þessum hraða, því að sé þeirri grein fylgt út í æsar, þá fyrirfinnst varla sú gata í Rvík, að hægt sé að notfæra sér þennan hámarkshraða nema brjóta lögin.

Hv. þm. gat þess, að sjálfsagt væri að ákveða minni akstursbraða á sérstökum götum bæjarins. Það er þá alveg nýtt, mér er ekki kunnugt um, að hér t. d. í höfuðstaðnum sé einhver sérstakur hraði fyrir ákveðnar götur. Hraðinn er mjög lágur hér, ekki nema 25 km hraði, en ég veit ekki betur en hann sé sá sami fyrir allar götur bæjarins. Og ekkert stendur um það í þessu frv., að slíkt skuli ákveðið. Það hefur verið heimild til þess fyrir bæjarstjórnir að gera það og verður eins hér eftir. Það hefur bara ekki verið gert hér enn þá, hvað sem kann að verða hér eftir, og það getur vel verið, að nú opnist alvarlega þörfin fyrir að fara að gera það m. a.

Þá sagði hann, að ég hefði farið rangt með um það, að nefndin hefði flutt till., sem búið er að samþykkja, um það, að dómsmrh. skuli heimilt að takmarka ökuhraðann. Það er að vísu ekki nema eitt orð, sem er nýtt og kom frá nefndinni núna, en ekki í fyrra. Það stendur í frumvarpsgreininni, eins og hún er óbreytt: „Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þ. á m. ákveðið lægri hámarkshraða en að framan greinir“ o. s. frv. En í till. n. stendur: „Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þ. á m. ákvæði um lægri hámarkshraða almennt“. Það var þetta „almennt“, sem nefndin kom með. M. ö. o.: nú er það sett inn í lögin, að ráðherra getur þurrkað út ákvæðið, eins og það leggur sig í 50. gr., þ. e. a. s. þennan 45 km hraða og 70 km hraða. Það er þetta, sem ég átti við. Ég var því ekki að fara með neitt rangt.

Ég vil þá svara hv. 11. landsk. Hann fer að tala hér um dráttarvélar. Ég veit ekki til, að það hafi enn verið rætt hér í þessari hv. deild um aksturshraða dráttarvéla, svo að þetta er alveg út í hött. Það, að minnzt var á dráttarvélar um daginn, var það, að ég mótmælti því, að dráttarvél yrði kölluð bifreið og lenti undir öðrum tollaflokki, af því að hún gæti farið hraðar en þetta. Ég held, að hann hafi alveg misskilið þetta, það kom ekkert þessu máli við.

Hann segir, að regluna á Norðurlöndum megi telja þá, að það sé enginn hámarksakstursshraði. Er það rangt hjá mér, að í Noregi sé 40 km akstursshraði, minni en nú á að fara að lögfæra hér? Ég man ekki betur en það standi í grg. frv. Það er rétt, að það er sums staðar enginn hámarkshraði, þetta er nokkuð sitt á hvað. En þau ummæli hv. 11. landsk. þm. get ég ekki tekið undir, að það sé ekki hundrað í hættunni, þar sem dómsmrh. getur lagfært þetta, lækkað allan akstursshraðann í landinu. Ég verð nú að segja, að Alþingi ber að taka sínar ákvarðanir, en ekki treysta á það, að hæstv. dómsmrh. fari að lagfæra allt á eftir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það eru aðeins þrjú atriði, sem mig langar til að leggja áherzlu á í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi það, að ég hef litið svo á og lít svo á og mun alltaf líta svo á, að Alþingi eigi að setja lög, sem eru í sem mestu samræmi við þjóðarviljann á hverjum tíma, og það sé eiginlega fyrsta skilyrðið til þess, að lög séu haldin og almenningur fái virðingu fyrir þeim lögum, sem Alþingi setur. Þetta er fyrsta og helzta og aðalástæðan til þess, að ég vil hækka hámarksökuhraða upp í það, sem yfirleitt er notað í landinu, svo að menn þurfi ekki stöðugt og alltaf að egna upp lögbrjóta. Þetta er það fyrsta. Það er til skammar að vera að setja lög, sem er vitað að alltaf eru brotin. Það þýðir ekki neitt. Ég tala nú ekki um, ef taka má trúanlegt það, sem þm. Barð. segir um það, að lögregluþjónarnir skipti sér ekkert af því, þó að þau séu dálítið brotin, þó að það sá farið svona 10 km yfir markið, — nei, nei, það skipti sér enginn af því. M. ö. o.: þeir, sem eiga að sjá um, að lögin séu haldin, eru hættir að „respektera“ þau. Þetta er þungur dómur á þá, sem eiga að sjá um, að lögin séu haldin, ef hann er réttur. Ég efast um, að hann sé réttur. Hann kemur ekki fram í grg. fyrir frv., þar sem sjálfur lögreglustjóri situr og leggur til, að þessi hraði sé upp tekinn, sem í frv. stendur. Hann kemur ekki fram þar. Þetta var það fyrsta, sem ég vildi taka fram.

Það annað, sem ég vildi taka fram eða leiðrétta, er það, að í Noregi er það þannig lagað, að það er 70 km hraði fyrir bifreiðar úti um landið, en hámarkshraðinn í bæjunum er 40 km. Það er rétt, hann er 40 km í bæjunum. En í Finnlandi er hann enginn, í Svíþjóð enginn og í Danmörku enginn. Við sjáum, hvert það stefnir, og í sumum þessum löndum eru vegirnir víða ekkert betri en hér, þó að þeir séu sums staðar miklu betri.

Í þriðja lagi vil ég benda á, að þó að það hafi ekki áður verið nema einn hámarkshraði í Reykjavík, þá er það eðlileg afleiðing af því, að Reykjavík er að vaxa hvað framkvæmdir snertir og er að gera nýjar og öðruvísi götur en áður var, að það er sjálfsagt að gera ráð fyrir ákvæðum í lögreglusamþykkt fyrir Reykjavikurbæ og hina bæina kannske seinna meir, þó að það sé nú ekki komið neitt enn þá á það stig, að ég álíti, að það sé þörf á því að hafa nema einn hámarkshraða, hvorki á Akureyri, Siglufirði, Sauðárkróki o. s. frv., — en Reykjavík er komin með götur, þar sem ekki er ástæða til að fara langt niður fyrir hámarkshraðann og kannske ekki neitt, meðan á öðrum stöðum kemur ekki til greina annað en að fara langt niður fyrir hann. Þar sem eru komnar tvöfaldar akbrautir, eins og eru núna á leiðinni hér og eru að koma áfram fleiri og fleiri með vaxandi framkvæmdum í bænum, þá er vitanlega sjálfsagt að leyfa annan hraða á góðu, breiðu, tvöföldu akbrautunum, sem reynt verður að leggja beint að og frá aðalumferðarstöð bæjarins, þegar hún kemur, þó að engum detti í hug að leyfa þann hámarkshraða t. d. niðri í miðbænum og á þröngum götum. Það er þess vegna bara tímans tákn, að við bætum því inn í, að hraði geti verið misjafn í bænum. Það er bara eðlileg afleiðing af þeirri þróun, sem er að verða og er komin nokkuð áleiðis hér í bænum og verður seinna meir yfirleitt. Ég er ekki í neinum vafa um það, að annaðhvort verður t. d. aðalumferðargatan í gegnum Akureyri lögð ofan við bæinn, þar sem minna þéttbýli er, ellegar hún verður gerð tvöföld, og þá kemur náttúrlega allt annar hraði á hana en er núna, meðan hún er einföld mestalla leiðina, þó að hún sé það reyndar ekki alveg alla leiðina, o. s. frv. Þess vegna er þetta bara eðlileg þróun málanna, sem þarna kemur til greina og við komum þarna á móti með því að heimila, að í bæjunum geti verið fleiri en einn hámarkshraði eftir því, hvað nánar verður tiltekið í lögreglusamþykktinni.

ATKVGR.
Brtt. 75 tekin aftur.
— 91 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 64,a felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JE, JJós, SE, BjörnJ, BSt.
nei: FS, FÞ, JK, KK, PZ, SÓÓ, AG, BjörgJ.
4 þm. (GTh, HermJ, SB, FRV) fjarstaddir.
Brtt. 64,b felld með 10:3 atkv.
— 96 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 101).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 253, 216, 254, 255).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Frv. það til umferðarlaga, sem hér er til umræðu, var flutt hér á hv. Alþingi í fyrra, en fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Nú er frv. komið frá hv. Ed., og hafa þar verið gerðar á því nokkrar breytingar, sem ég mun koma að síðar. Upphaflega var frv. samið af nefnd, sem skipuð var af dómsmrh. snemma á árinu 1955. Allshn. þessarar hv. d. hefur átt mörg viðtöl og haft samráð við einstaka nefndarmenn, einkum lögreglustjórann í Reykjavík, og hafa þessir aðilar gefið ýmsar mikilsverðar upplýsingar.

Núgildandi umferðar- og bifreiðalög voru sett í byrjun síðustu heimsstyrjaldar og eru því nær 20 ára. Á þessu tímabili hefur tæknileg þróun verið mjög ör og þéttbýli aukizt verulega. Stórlega aukinn fjöldi ökutækja af ýmsum gerðum hefur skapað margs konar vanda í umferðarmálum, og er því áreiðanlega mjög tímabært að taka umferðarlöggjöfina til endurskoðunar í heild.

Í grg. segir, að við samningu frv. hafi einkum verið stuðzt við norræna löggjöf um þessi efni. Þá er einnig tekið tillit til alþjóðasamþykkta, sem gerðar hafa verið um þessi málefni síðustu árin.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um nokkrar greinar frv. og jafnframt geta þeirra helztu atriða, sem komið hafa til athugunar í nefndinni.

Í 2. gr. frv. er sérstaklega eitt atriði, sem hefur verið bent á að gæti orkað tvímælis, en það er málsgreinin um dráttarvél. Þar segir: „Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.“ Í hv. Ed. kom fram brtt. um, að mgr. orðaðist svo: „Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki.“ Hér er því lagt til að fella niður síðari hluta málsgr., er varðar ökuhraða dráttarvéla. Umferðarmálanefndin leggur til, að þetta atriði sé ekki fellt niður úr frv. Einustu tækin, sem þetta er talið við eiga, eru svokallaðar Unimag-dráttarvélar, og þær munu vera mjög fáar hér á landi. Að vísu er talið, að hægt sé að aka vissum tegundum dráttarvéla hraðar en 30 km á klst., en þær munu yfirleitt ekki vera gerðar fyrir hraðari akstur. Hér við bætist, að þetta ákvæði er sett í frv., eftir að haft hafði verið samráð við Búnaðarfélag Íslands og það samþykkt þetta orðalag. Allshn. hefur því ekki séð ástæðu til að breyta þessari málsgrein.

Á þskj. 216 hefur hv. þm. V-Húnv. lagt til, að breyting verði gerð á 5. gr. frv., staflið j, þ. e. að fella niður orðin „og reyk“. Nefndin vill mæla með þessari breytingu eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, að erfitt sé að afla og koma fyrir tækjum á bifreiðum til að draga úr útblásturs reyknum.

Nefndin hefur leyft sér að bera fram brtt. við 16. gr. frv. Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, til þess ætluð að koma í veg fyrir innflutning ökutækis, sem ekki fullnægir kröfum íslenzkra laga. Nefndin leggur til, að í stað orðanna: „Nema sú gerð ökutækja hafi hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins“ komi: Nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingu um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenzkra laga. — Aðalatriðið er vitaskuld, að ökutækið fullnægi ákvæðum íslenzkra laga, og okkur finnst fara betur á því, að mgr. sé þannig orðuð.

Í hv. Ed. var gerð breyting á síðustu mgr. 20. gr. Fellt var niður, að vottorð eftirlitsmanns skyldi fylgja, ef eigandi ökutækis vill fá það afskráð sem ónýtt. Nefndin telur, að það sé rétt að gera þá breytingu, sem hér um ræðir. Miklir örðugleikar eru á því að þurfa í öllum tilfellum að fá eftirlitsmann, stundum langt út á landsbyggðina, til þess að gefa vottorð um, hvort ökutækið sé gersamlega ónýtt, og verður að teljast eðlilegt, að lögreglustjóri hafi það í sínu valdi, á hvern hátt hann gengur úr skugga um, að tækið sé ónýtt.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 25. gr. frv., sem sjálfsagt verður rædd hér af mörgum hv. þdm., en hún fjallar um áfengisneyzlu við akstur.

Fyrst er þar til að taka, að almenna reglan mun vera sú samkvæmt gildandi lögum, að menn eru ekki kærðir fyrir ölvun við akstur, nema vínandamagn í blóði þeirra sé yfir 0.8‰ og allt upp í 1.8‰. Það er því ljóst, að verulega er hert á þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi, þar sem gert er ráð fyrir, að vínandamagnið megi ekki vera yfir 0.6‰, til þess að maður geti talizt geta stjórnað ökutæki örugglega.

Mér skilst á till. hv. þm. V-Húnv. á þskj. 216, að hann leggi til, að ekki sé neitt fast mark sett, heldur verði mat dómstóla að ráða, hvenær maður telst vera undir áhrifum áfengis. Um þetta atriði segir í grg. umferðarmálanefndar:

„Að því er hitt hugtakið snertir, að aka bifreið undir áhrifum áfengis, hefur nefndin á hinn bóginn farið inn á nýjar leiðir að nokkru leyti. Þegar skýra á þetta hugtak, ber að sama brunni og áður var vikið að. Orðin verða ekki skýrð alveg bókstaflega. Það er talið vísindalega sannað, að neyzla örlítils af áfengi, t. d. eins eða tveggja svonefndra áfengra bjóra, valdi ekki þeirri breytingu á mönnum, að þeir verði taldir undir áhrifum áfengis í venjulegri og eðlilegri merkingu þess orðs. Jafnvíst er þó, að tiltölulega lítil neyzla áfengis skerðir akurshæfni manna, a. m. k. flestra. En mjög er þetta þó mismunandi. Allt þetta mál hefur verið ýtarlega rannsakað á vísindalegan hátt og mikið um það ritað og rætt, bæði hér á landi og erlendis.“

Þá segir enn fremur:

„Samkvæmt því, sem nefndin hefur komizt næst, er það nokkuð almennt álit hér á landi, að eigi sé tekið nógu hart á áfengisneyzlu við bifreiðaakstur, og tillögur hafa komið fram um, að mjög verði hert á viðurlögum, jafnvel svo, að beitt sé ökuleyfissviptingu ævilangt og varðhaldi við fyrsta brot. Nefndin gerir sér ljóst, að svipting réttinda til aksturs er ein þeirra leiða, sem að haldi geta komið til fækkunar umferðarslysum. En þess ber jafnframt að gæta, að réttindasvipting er mjög þungbær þeim, sem

fyrir henni verða. Hún kemur og misjafnlega hart niður. Miklu skiptir t. d., hvort um er að ræða mann, sem hefur bifreiðaakstur að atvinnu, eða mann, sem ekur sér til skemmtunar. Undantekningarlaus réttindasvipting vegna neyzlu áfengis, ef ekkert annað er athugavert við akstur, mundi og almennt talin misrétti, er aðrir, sem alvarlegum tjónum valda, mundu oft halda réttindum sínum. Hér verður því að gæta nokkurs hófs, enda mun eins víðtæk réttindasvipting og tillögur hafa komið um hvergi tíðkast. Sú hefur orðið reynslan, að þar sem viðurlög eru hörðust, hefur framkvæmdin slakað á kröfum um, hvað telja beri áhrif áfengis. Í ýmsum löndum kemur réttindasvipting alls ekki til greina, nema ökumaður sé talinn ölvaður, og refsing ekki heldur, t. d. í Belgíu. Annars staðar er réttindasviptingu og refsingu því aðeins beitt, að um allveruleg áfengisáhrif sé að ræða og málsbætur litlar eða engar. Enn annars staðar er refsingu — sektum — að vísu beitt, þegar áfengisáhrif eru lítil, en réttindasviptingu eigi, nema sérstök ástæða sé til. Hér kemur alltaf vandasamt mat til greina, fyrst og fremst á því, hvað telja beri áfengisáhrif, þ. e. mörkin að neðan. Það mark er sjálfsagt að setja lágt. En af því leiðir, að viðurlög hljóta að verða tvenns konar, vægari, þegar áfengisáhrif eru lítil eða jafnvel engin teljandi, en þyngri, þegar þau eru svo nokkru nemi.“

Og nefndin segir enn fremur:

„Að því var áður vikið, að það að vera með áhrifum áfengis sé mjög teygjanlegt hugtak. Samkvæmt vísindalegum rannsóknum og raunhæfum prófum hefur reynslan orðið sú, að 0.5‰ vínandamagn í blóði manns skerði hæfni allflestra manna svo, að varhugavert megi telja, að þeir aki bifreið eða vélknúnum ökutækjum yfirleitt. Þetta mark er hið lægsta, sem nefndinni er kunnugt um að nokkurt land noti í þessu sambandi (Noregur). Í Svíþjóð er lágmarkið 0.8‰. Hér kemur jafnframt til álita ónákvæmni sú, sem ekki verður komizt hjá, og virðist markið því ekki setjandi lægra en 0.6‰. En þeirri reglu ætti þá að beita stranglega. Nefndinni er ekki kunnugt um, að í nokkru landi sé ákært, ef ‰ talan er lægri. Víðast er hún hærri, sbr. að framan. Hér á landi mun ekki hafa verið ákært, ef talan er lægri en 0.8‰. Áður var vikið að því, að þótt vínandamagn hafi náð þessari ‰ tölu, þá er nær alltaf um mjög lítil áfengisáhrif að ræða og oft svo lítil, að eigi verður talin meiri hætta af akstri manns með þeim áhrifum en margra þeirra, sem aka án slíkra áhrifa. Það er því í algeru ósamræmi við almenna réttarvitund og grundvallarsjónarmið refsiréttar, ef viðurlög við slíkum brotum eru gerð söm og fyrir önnur miklu stórfelldari brot sömu tegundar. Enginn samjöfnuður er t. d. á því, ef maður ekur með 0.5‰ áfengismagn í blóði eða ofurölvi. Hér verður því að gera mun á. Vandinn er að finna mörkin. Sömu sjónarmið eiga við hér og um lágmarkið. Hér ber því einnig að miða við vínandamagnið í blóðinu. Í þeim löndum, sem á annað borð hafa farið þessa leið, hafa mörkin verið dregin við 1.2—1.5‰. Er þá gert ráð fyrir hugsanlegri ónákvæmni, þannig að almennt verði ekki ákært, nema ‰ talan sé nokkru hærri. Í samræmi við þá stefnu n., að ákvæði í þessum efnum séu sem skýrust og fullrar varúðar gætt, telur nefndin rétt að miða við 0.30‰, enda sé sú tala þá tekin bókstaflega eins og talan 0.6‰, sem fyrr getur.

Samkvæmt þessum almennu sjónarmiðum er 1. mgr. 25. gr. frv. orðuð. Áfengisneyzla í sambandi við bifreiðaakstur er bönnuð. Sú sönnunarregla lögfest, að maður er talinn undir áhrifum áfengis, ef vínandamagn í blóði hans er 0.6‰. Sönnun áfengisáhrifa er þó að sjálfsögðu heimil með öðru móti, en andsönnun ekki önnur en sú, að prófun og rannsókn blóðsýnishorns sé athugaverð. Sérstök viðurlög gilda um áfengisáhrif á þessu stigi og allt að 0.3‰. Hér er um að ræða varhugaverðan akstur, sem ekkert óhapp hlýzt þó af. Það eitt að tefla öryggi í hættu er refsivert. Nemi vínandamagnið meiru en 1.3‰, er hættan orðin slík, að telja má flesta menn óhæfa til aksturs, og eru þá viðurlög samkvæmt því.“

Þessi grein umferðarmálanefndar skýrir svo vel sem verða má þau höfuðrök, sem hníga að því, að ákveðið magn sé sett, sem dómstólar geti tvímælalaust farið eftir, þegar ákveða skal hugtakið „undir áhrifum áfengis“.

Þegar nefndin leggur til, að markið sé 0.6‰, hefur hún í huga þá ónákvæmni, sem gera verður ráð fyrir, og telur, að magnið geti tæpast verið lægra, enda sé hugtakið teygjanlegt.

Ég sé, að tveir hv. meðnm. mínir hafa lagt fram till. á þskj. 255, þar sem gert er ráð fyrir, að markið sé sett nokkru lægra. Um það má auðvitað alltaf deila, hvað sé hið eina rétta magn. En ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til að gera breytingu frá því, sem umferðarmálanefndin hefur lagt til, en hún hefur athugað málið allt mjög gaumgæfilega og komizt að þeirri niðurstöðu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Varðandi brtt. hv. þm. V-Húnv. um tölulið 2, staflið *j*, um það atriði, þegar ökumaður hverfur af vettvangi eftir að hafa átt hlut að slysi, en náist síðar undir áfengisáhrifum, þá skuli hann teljast hafa verið undir áhrifum við aksturinn, vil ég aðeins taka það fram, að þeir, sem við töluðum við úr umferðarmálanefndinni, töldu sig ekki geta mælt með þessari till. af réttarfarslegum ástæðum.

27. og 28 gr. fjalla um ökuskírteini og hverjir hafi heimild til að öðlast þau. Í 2. málsgr. 27. gr. er ákvæði um aldurshámark, ákveðið 17 ár. Sumir kynnu að telja eðlilegra að miða við 18 ár eða jafnvel 20 ár. Á það má þó benda, að 17 ára unglingar geta verið fullt eins öruggir bifreiðastjórar eins og þeir, sem eldri eru. Aldurstakmarkið var fyrir nokkru lækkað úr 18 árum í 17. Ekki þykir nauðsynlegt að fara að breyta til með þetta á fárra ára fresti.

Í 28. gr. er tekið fram, að eigi þurfi ökuskírteini til að aka dráttarvél, þegar hún er notuð við jarðyrkju eða heyskaparstörf, enda er það mikil aðstoð við bændur að geta látið unglinga aka dráttarvél við slík störf.

Um 1. málsgr. 45. gr. mun ég ræða nokkuð

síðar, en þar eru ákvæði um, að hér á landi skuli áfram vera vinstri handar akstur.

Í 49. gr. frv. eru ýmsir fyrirvarar um aksturshraða, þegar aðstæður eru sérstæðar. Sú meginregla kemur þar fram, að ávallt skuli miða ökuhraða við staðhætti, ástand ökutækis, veðurfarið og umferð. Er ástæða til að benda sérstaklega á þessa grein í sambandi við næstu grein, sem kveður á um hámarksökuhraða. Þarna hvílir sú skylda á ökumanni að aka hægt og sýna varkárni, ef tilteknar aðstæður undir stafliðum a—o eru svo sem þar segir. Ekki er þessi upptalning tæmandi, en allir sjá, hversu veigamiklir þessir fyrirvarar eru, þegar í 50. gr. er ákveðinn hámarkshraði 45 km í þéttbýli og 70 km utan þéttbýlis.

Í hv. Ed. hefur sú breyting verið gerð, að inn í síðustu málsgr. var bætt orðunum „á einstökum vegum“ í sambandi við heimild dómsmrh. til að ákveða lægri ökuhraða almennt eða á einstökum vegum, ef þurfa þykir.

Um hámarkshraðann segir annars í áliti umferðarmálanefndar:

„Á þeim 16—17 árum, sem liðin eru frá setningu gildandi bifreiðalaga, hefur tækniþróun í bifreiðaiðnaði verið mjög stórstig, og jafnframt hafa orðið miklar framfarir í vegagerð hér á landi. Þrátt fyrir þetta og hinar ýtarlegu og almennu hraðatakmarkanir í 49. gr. þykir þó ekki fært að leggja til, svo sem gert hefur verið víða erlendis, að ákvæði um hámarksökuhraða verði fellt niður. Hér er sú leið farin að hækka nokkuð hámark leyfðs ökuhraða. Jafnframt eru teknar upp sérstakar hraðareglur fyrir ákveðnar tegundir ökutækja, sem hættulegt þykir að aka með sama hraða og venjulegum bifreiðum. Eftir öllum aðstæðum nú þótti hæfilegt að ákveða markið 70 km á klst. utan þéttbýlis.

Með gerð nýtízku gatna í kaupstöðum er augljóst, að hækka verði hámarkshraðann þar, til þess að þær nýtist, enda eru gildandi ákvæði um hámarkshraða úrelt. Er því lagt til, að heimild til hámarkshraða verði færð upp í 45 km á klst. Ljóst er, að sá hraði hæfir ekki öllum götum í þéttbýli. Hámarkshraði þessi er því takmarkaður af hinum almennu hraðaákvæðum 49. gr. og heimild samkv. 4. málsgr. 50. gr. um að ákveða lægri hámarkshraða, eftir því sem við á. Samkv. því má ákveða lægri hámarkshraða almennt með undantekningum um ákveðna vegi eða ákveða lægri hámarkshraða á tilteknum vegum.“

Mér finnst rök umferðarmálan. svo sterk, að ég treysti mér ekki til að standa að breytingu þar um. Spurningin er auðvitað fyrst og fremst sú, hvort ökumenn taka tillit til þeirra fyrirvara, sem settir eru í 49. gr. Margir fyrirvararnir eru þó þannig, að sjálfsagt virðist að taka tillit til þeirra, hvort sem um 70 km eða 60 km hámarkshraða yrði að ræða.

Í 51. gr. eru ákvæði um það, hvar megi stöðva eða leggja ökutækjum. Eru þau allýtarleg, og þykir ástæða til að lögfesta þau, en um þessi atriði eru ekki ákvæði í gildandi lögum.

Þá er í 52. gr. nýmæli um skyldu til þess að gefa merki um breytta aksturssstefnu. Mjög hefur farið í vöxt á síðari árum, að bifreiðastjórar noti stefnuljós meira en áður tíðkaðist. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að menn séu skyldaðir til að hafa stefnumerki á bifreiðum sínum og nota þau.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 6. kaflann, sem fjallar um fébótaábyrgð og vátryggingu. Hér er um nokkur nýmæli að ræða, sem umferðarmálanefndin hefur lagt til eftir gagngerða athugun hennar á öllum tryggingamálum ökutækja í heild.

Allshn. þessarar hv. d. hefur ekki lagt til, að gerðar verði neinar breytingar á kaflanum. Hins vegar hefur n. rætt þann möguleika að láta þann, sem veldur tjóni, greiða vissan hluta tjónsins, líkt og hv. þm. V-Húnv. gerir ráð fyrir á þskj. 216. Umferðarmálan. leggur á móti þessari breyt., sérstaklega vegna erfiðleika og kostnaðar við innheimtu þess hluta tjónsins, sem tjónvaldurinn ætti þá að bera. Í athugasemdum sínum segir nefndin m. a.:

„Algengt er, að menn húftryggi (kasko-tryggi) ökutæki sín að fullu. Fjártjón eiganda tækisins lendir þá á vátryggingarsala, þegar skemmdir verða á tækinu, og aðhald það, sem tjónið er annars fallið til að skapa, er að litlu eða að engu gert. Ákvæðinu er ætlað að bæta hér um og hvetja ökumenn til varúðar. Nefndin hefur og mjög rætt um að setja í frv. sams konar ákvæði um skyldutryggingu. Eigi verður þó talið fært að fara þá leið. Það mundi raska mjög þeim aðaltilgangi ábyrgðartryggingarinnar, að þeir, sem bíða tjón, eigi greiðan og öruggan veg til þess að fá tjón sitt bætt. Samkv. þeim reglum, sem gilt hafa og lagt er til að haldist óbreyttar að mestu, eru það í rauninni tjónþolar, sem eru tryggðir og eiga sjálfstæðan rétt gegn vátryggingarsala án tillits til viðskipta hans og vátryggingartaka. Ef hluti áhættunnar er lagður á bifreiðareiganda, raskast þessi réttarstaða mjög. Auk þess mundi af því hljótast mjög aukið starf og kostnaður opinberra aðila, og skipti vátryggingarfélaga og þeirra, sem rétt eiga eða skyldur bera í sambandi við tjón, yrðu torveld og umfangsmikil.“

Í 76. gr. er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir, að sett sé 3 manna nefnd: einn skipaður af dómsmrh., annar tilnefndur af vátryggingarfélögunum og sá þriðji af bifreiðaeigendum. Hlutverk nefndarinnar á að vera að kveða á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök á tjóni. Talið er, að á þennan hátt sé hægt að samræma þessar kröfur tryggingarfélaganna betur en nú er hægt.

Í 80. og 81. gr. eru atriði varðandi refsingu o. fl. Rétt er að veita því athygli, að 81. gr. hefst á orðunum: „Svipta skal“, í staðinn fyrir, að áður stóð: „Svipta má mann rétti“ o. s. frv. Það er vitanlega alltaf mikið matsatriði, hversu þungar refsingar skuli vera, t. d. í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða akstur bifreiða, en ökumaður er undir áhrifum áfengis. Það fer ekki á milli mála, að fyrir slíka sök eru ákvæðin verulega hert, þótt ekki sé gengið eins langt og sumir vilja, þ. e. að svipta þá menn ökuleyfi að fullu og öllu.

Um 2. og 3. mgr. gr. segir umferðarmálanefndin:

„2. mgr.: Akstur með áfengisáhrifum, sem nokkru nema, er að sjálfsögðu vítaverður og fellur því undir 1. mgr. Rétt þykir þó í samræmi við gildandi lög og það, sem víða tíðkast annars staðar, m. a. á Norðurlöndum, að hafa sérákvæði um áfengisneyzlu við akstur. Heimildin til ökuleyfissviptingar er rýmkuð frá því, sem nú er, þegar um brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. er að ræða. Samkv. frv. skal ökuleyfissviptingu þá beitt undantekningarlaust. Gildandi reglur eru á hinn bóginn látnar haldast, ef um er að ræða brot á 1. og 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., þ. e. að sleppa má ökuleyfissviptingu, ef um málsbætur er að ræða.

3. mgr.: Þar sem sú leið er valin, að ökuleyfissviptingu skuli beitt að mun meira en verið hefur, verður ekki hjá því komizt, að sviptingartíminn verði styttur að lágmarki til. Ber tvennt til. Ökuleyfissvipting kemur mjög hart og þó misjafnlega niður, og dómstólar mundu því stundum hika við að beita henni um langan tíma, þótt þeir teldu rétt að beita henni um skamman. Réttindasvipting er og mjög til þess fallin að hamla gegn brotum, þótt hún sé fyrst og fremst öryggisráðstöfun, en sviptingartími, sem verulegu nemur, er mjög til þess fallinn að draga úr hæfni ökumanns, er hann byrjar akstur að nýju.

Í samræmi við þá stefnu, að tekið er mjög hart á ölvun við akstur, er þó sviptingartími fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. ákveðinn eigi skemmri en 1 ár."

Við 82. gr. hefur n. gert brtt. á þskj. 253, að einn liðurinn í umferðarfræðslu skuli vera að gefa út og úthýta ókeypis prentuðum leiðarvísi, er skýri helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegamerkjum og handamerkjum bílstjóra í umferð. Teljum við slíka útgáfu nauðsynlega, til þess að almenningi sé gefinn sem allra beztur kostur á fræðslu í umferðarmálum.

Þá er loks 89. gr. um gildistöku laganna. Nauðsynlegt er, að nokkur tími sé til stefnu, og hefur umferðarmálan. stungið upp á, að lögin taki gildi 1. júlí, nema 1. og 2. mgr. 70. gr., sem þurfi að taka gildi 1. maí, vegna þess að nýtt tryggingartímabil byrjar þá. Brtt. frá n. verður væntanlega lögð fram við 3. umr. um þetta.

Að lokum vil ég nefna eitt atriði í sambandi við umferðarmálin. Það er, hvort heppilegt væri að breyta nú úr vinstri og í hægri handar akstur, um leið og þessi nýju umferðarlög eru sett.

Það fer ekki milli mála, að hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða, sem sannarlega er þess virði, að það sé tekið til gaumgæfilegrar athugunar. Þegar umferðarlögin voru sett hér á hv. Alþingi í stríðsbyrjun, var ákveðið að taka upp hægri handar akstur, þótt framkvæmd væri frestað og síðan felld niður, að því er mér virðist fyrst og fremst vegna utanaðkomandi áhrifa, þ. e. vegna hingaðkomu fjölmenns herliðs frá landi, sem hafði vinstri handar akstur. Fyrir 18 árum var gert ráð fyrir, að beinn kostnaður við breytinguna færi ekki fram úr 30—50 þús. kr. Nú gerir umferðarmálanefndin ráð fyrir, að breytingin muni kosta milli 5 og 6 millj. kr. Þessi kostnaður hækkar auðvitað frá ári til árs, og það er mikil spurning, hvort heppilegt sé að fresta þessari breytingu vegna hlutfallslega vaxandi kostnaðar, ef hv. alþm. annars hugsa sér að gera þá breytingu að færa frá vinstri til hægri handar aksturs. Um hitt má svo deila, hvort nokkur ástæða sé til þess fyrir okkur yfirleitt að gera þessa breytingu. En þyngst á metunum sýnist mér þar vera sú staðreynd, að alls staðar eða víðast hvar í nágrannalöndum okkar, nema Englandi og Sviþjóð, er hægri handar akstur. Það má því segja, að hin alþjóðlega regla sé hægri handar akstur.

Annað athugunarvert atriði er ljósakerfi þeirra bifreiða, sem fluttar hafa verið til landsins. Allshn. hefur átt tal við Gísla Jónsson verkfræðing, sem hefur sérstaklega kynnt sér þetta atriði. Hann segir, að ljósaútbúnaður bifreiða sé útbúinn frá verksmiðjum ýmist fyrir vinstri eða hægri handar akstur og að mikill misbrestur hafi orðið á því, að þess hafi verið gætt með bifreiðar, sem hingað hafa komið, að þær væru með réttan ljósaútbúnað. Í samráði við lögreglustjórann í Reykjavík hefur Gísli verið að athuga þessi mál að undanförnu. Hann hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé allmikið verk að breyta ljósaútbúnaði allra bifreiða í landinu þannig, að öruggt sé, að þær séu allar stilltar fyrir vinstri handar akstur.

Ég geri ekki lítið úr þeim rökum, sem sumir hafa haldið fram, að slysahætta mundi aukast, ef tekinn væri upp hægri handar akstur. Þó held ég, að ökumenn venjist því mjög fljótt að aka á hægri kanti, og hef ég raunar talað við menn, sem hafa um stundarsakir ekið í hægri handar umferð og ekki fundizt það vera neitt lakara nema þá aðeins allra fyrst.

Mér virðist því, að það sé nánast um það að ræða að meta, hvort sá kostnaður, sem óhjákvæmilega hlýzt af breytingunni, vegi á móti því að fylgja þeirri alþjóðlegu reglu, sem er í þessu.

Ég legg ekki fram neina till. í þessu máli, en teldi ekki óeðlilegt, að málið væri athugað nánar, að það yrði t. d. tekið til endanlegrar athugunar og ákvörðunar eftir 2—3 ár eða svo.

Þá vildi ég, herra forseti, gera hér örstutta grein fyrir till., sem við þrír úr allshn. höfum borið fram á þskj. 254. Till. er flutt vegna erindis frá bifreiðastjórafélaginu Hreyfli um þetta efni. Nefndin var ekki alls kostar sammála um málið, og umferðarlaganefndin hefur ekki heldur treyst sér til að mæla með því, að till. væri flutt í því formi, sem við höfum leyft okkur að gera.

Bifreiðastjórafélagið Hreyfill segir í bréfi sínu til rökstuðnings þessu máli, með leyfi hæstv. forseta:

„Takmörkun leigubifreiða til fólksflutninga, sem taka allt að 8 farþega, er nú komin til framkvæmda í nokkrum kaupstöðum í landinu samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og mun að sjálfsögðu verða framkvæmd í flestum kaupstöðum landsins á næstunni, þar sem slík starfræksla bifreiða er rekin, og með tilliti til þess teljum við eðlilegt, að borgararnir geri frekari kröfur til bifreiðastjórastétt-

arinnar, þegar hún hefur fengið þessi réttindi, og bifreiðastjórafélögin vilja einnig gera allt, sem hægt er, til að veita borgurunum eins fullkomna og örugga þjónustu og frekast er kostur. Eins og oft vill verða, þá er misjafn sauður í mörgu fé, og teljum við því nauðsynlegt, að eitthvað verði gert til þess að veita bifreiðastjórum nauðsynlegt aðhald, bæði þeim, sem nú eru í starfi, svo og til þess að koma í veg fyrir, að menn verði teknir til þessarar þjónustu, sem vafasamt mætti teljast, að taka bæri til þessara starfa, því að það er oft, að fólk, ungt og gamalt, menn og konur, tekur leigubifreiðar á leigu einvörðungu í trúnaðar- og öryggisskyni, og fólki því brýn nauðsyn á, að hægt sé að treysta bifreiðastjórunum. Leyfum við okkur því að fara þess á leit við hv. allshn., að hún komi þessu máli á framfæri fyrir félag vort og reyni að stuðla að því, að það næði fram að ganga á þessu þingi, og hefur okkur dottið í hug, að hægt væri að koma þessu heimildarákvæði inn í umferðarlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu."

Okkur flm. þessarar till. þykir rétt að verða við þessum tilmælum, sem komin eru frá bifreiðastjórunum sjálfum.

Ég mun nú ekki hafa miklu fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni. Ég treysti því, að hv. þdm. sjái nauðsyn þess að hraða setningu nýrra umferðarlaga, sem óneitanlega eru orðin mjög nauðsynleg og ná á einn eða annan hátt til fjölda landsmanna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram nokkrar brtt. við þetta frv. á þskj. 216.

1. brtt. mín er við 5. gr. frv. Þar segir í staflið j.: „Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða og reyk." Kunnáttumenn í þessum efnum segja mér, að þeir viti ekki um nein tæki, sem dragi úr reyk frá útblásturspípum véla, og hafa því minnzt á það, að rétt væri að fella þetta niður. Nú skýrði hv. frsm. allshn. frá því, að n. mælti með þessari till., og þarf ég ekki að hafa um hana fleiri orð.

2., 5. og 6. brtt. mín eru allar viðkomandi þeim ákvæðum frv., sem banna mönnum áfengisneyzlu við stjórn vélknúins ökutækis og að aka slíkum tækjum, ef þeir eru undir áhrifum áfengis. Brtt. mínar ganga í þá átt að þyngja refsingar fyrir brot á þessum lagafyrirmælum. Till. um þetta hef ég borið fram á tveim síðustu þingum í sérstökum frv., en þær ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu.

Í bifreiðalögunum, sem nú gilda, er bannað að neyta áfengis við bifreiðaakstur og aka bifreiðum undir áhrifum áfengis. Liggja við ýmiss konar refsingar, ef út af er brugðið. Skv. frv. eru refsingar fyrir brot á þessum ákvæðum sektir, varðhald eða fangelsi og ökuleyfissvipting. Er þetta einnig svo í gildandi lögum. En það nýmæli er í frv., sem hér liggur fyrir, að lagt er til, að ölvuðum ökumönnum verði skipt í tvo hópa eftir því, hvort vínandamagn í blóði þeirra er innan við 1.3‰ eða þar yfir. Ef vínandamagn í blóði ökumanns er 1.3‰ eða meira, á að dæma hann í varðhald eða fangelsi skv. 80. gr. frv. Sé magnið hins vegar aðeins innan við 1.3‰, verður ökumaður ekki dæmdur í varðhald eða fangelsi í fyrsta skipti, sem hann verður uppvís að slíku lagabroti. Og nái vínandamagn í blóði ökumanns 1.3‰, á að svipta hann akstursréttindum eigi skemur en eitt ár skv. 81. gr. frv. En sé vínandamagnið innan við 1.3‰, má sleppa ökuleyfissviptingu, ef sérstakar málsbætur eru, en að öðrum kosti skal ökumaðurinn sviptur leyfinu í eigi skemmri tíma en einn mánuð. Ég vil vekja athygli á því, að í gildandi lögum á ökuleyfissviptingin ekki að vera skemmri tíma en 3 mán., svo að þarna er um minni refsingu að ræða en er í lögunum.

Ég tel þá flokkaskiptingu á ölvuðum ökumönnum, sem hér er stefnt að, ákaflega varhugaverða. Mér sýnist, að með þessu sé verið að gefa mönnum undir fótinn með það, að ekki sé svo mjög hættulegt fyrir þá að stýra ökutæki, þó að þeir hafi neytt víns, ef vindrykkjan hafi verið í hófi og ekki teknir of stórir skammtar. Gæti þetta hæglega leitt til þess, að menn ályktuðu sem svo, að smár skammtur af áfengi mundi ekki saka, þó að þeir stýrðu síðan bifreið sinni, t. d. heim úr samkvæmi. Ef þeir aðeins gættu þess að fara ekki yfir það mark, sem greint er í lögunum, væru þeir ekki í stórri hættu. Þó að svo vildi til, að lögregla yrði á vegi þeirra og skipti sér eitthvað af ferðalaginu, mætti e. t. v. vænta þess, að það yrðu taldar sérstakar málsbætur, eins og í frv. segir, ef þeir hefðu komizt hjá að valda tjóni í það skiptið. Það er alkunna, að svo er um marga, sem neyta áfengis, að dómgreind þeirra sljóvgast nokkuð fljótlega, þó að drykkjan sé ekki mikil, og telja þeir sig þá stundum færari til aksturs en þeir eru í raun og veru. Það er ekki heldur auðvelt fyrir menn að gera sér grein fyrir því, hvenær þeir eru komnir að landamerkjalínunni, sem dregin er í frv.

Er ekki með þessu ákvæði í frv. verið að búa til fallgryfju, sem gæti orðið hættuleg ýmsum bifreiðastjórum, sem stundum hafa áfengi um hönd? Ég tel nokkra ástæðu til að óttast það.

Það er till. mín, að umrædd flokkun ölvaðra ökumanna verði felld úr frv. Jafnframt legg ég til í brtt. minum, eins og ég hef gert á síðustu tveim þingum, að maður, sem ekur vélknúnu tæki undir áhrifum áfengis, skuli að fullu sviptur ökuleyfi. Með því eru dregnar hreinar línur, og það mun reynast affarasælast. Engum er óréttur gerður með því. Sé þetta lögfest, má öllum vera ljóst, að neyti þeir áfengis og séu ölvaðir við akstur, hafa þeir fyrirgert rétti sínum til þess að hafa ökuleyfi. Telji þeir sér mikils virði að halda ökumannsréttindum, munu þeir forðast að brjóta lagafyrirmælin um þetta efni.

Áfengisdrykkja og ökumennska fara ákaflega illa saman. Mörg dauðaslys hafa orðið hér á landi og limlestingar á fólki vegna ölvunar ökumanna. Þar að auki er svo allt fjármunatjónið, sem af ölvun ökumanna hefur hlotizt. Hiklaus svipting ökuleyfa fyrir akstur undir áhrifum áfengis er vafalaust áhrifamesta aðferðin til að fækka þeim afbrotum til mikilla muna. Það er

réttmæt öryggisráðstöfun. Um þetta er fjallað í 2., 5. og 6. brtt. minni.

Eins og ég sagði áður, er bannað í núgildandi lögum að stjórna bifreið, ef maður er undir áhrifum áfengis. Hv. frsm. allshn. gaf þær upplýsingar, að menn séu nú ekki dæmdir fyrir brot á þessu banni, ef áfengismagn í blóði þeirra er minna en 0.8‰. M. ö. o.: þeir embættismenn, sem eiga að halda uppi lögunum, virðast líta svo á, að maður sé ekki undir áhrifum áfengis, ef vínandamagnið í blóðinu er fyrir neðan þetta. En í frv., sem hér liggur fyrir, er því slegið föstu, að maður, sem hefur 0.6‰ vínandamagn í blóðinu, skuli teljast undir áfengisáhrifum. Hér kemur fram ósamræmi. Þetta hvort tveggja fær ekki staðizt. Og þetta er undarlegra fyrir það, að meðal höfunda frv. eru lögreglustjórar, sem hafa farið með framkvæmd bifreiðalaganna að undanförnu, og ætti þeim að vera manna bezt kunnugt um það, hvernig þau hafa verið túlkuð. Sé það rétt, sem í frv. segir, og í samræmi við niðurstöður rannsókna, að maður með 0.6‰ vínandamagn í blóði sé undir áfengisáhrifum, en ökumenn með 0.8‰ vínandamagn í blóði séu nú ekki sakfelldir, þá er framkvæmd laganna ekki eins og hún á að vera, og þyrfti þar um að bæta. Ég skal taka það fram, að ef rétt þætti að setja ákvæði um vínandamagnið í lög, þá hefði ég sízt á móti því, og mætti þá koma því inn í frv., ef fallizt verður á mína till.

Það mun oft koma fyrir, að ökumenn, sem hafa átt hlut að umferðarslysi, hverfa af slysstað, áður en löggæzlumenn koma á staðinn til þess að rannsaka málið, en finnast nokkru síðar undir áfengisáhrifum. Þegar slíkt kemur fyrir, halda ökumenn því fram, að þeir hafi ekki neytt áfengis fyrr en eftir að akstri lauk, og er þá oft ógerlegt að sanna, að ökumaður hafi verið ölvaður, þegar hann átti þátt í slysinu, þó að svo hafi verið. Ekki er ástæða til að ætla, að menn hlaupi í felur á þennan hátt, nema þeir viti sig seka um að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að menn geti sloppið frá sök á þennan hátt og látið aðra bera tjón, sem ætti að lenda á þeim sjálfum. Í því skyni er till. mín í staflið f. í 2. brtt. borin fram. Þar er lagt til, að ef ökumaður hverfur af vettvangi, eftir að hann hefur átt hlut að umferðarslysi, og náist skömmu síðar með áfengisáhrifum, skuli talið, að hann hafi verið undir áhrifum við aksturinn.

Ég skal benda á það, að till. alveg samhljóða þessari var flutt á þinginu í fyrra af hv. allshn. í Ed., en var þá ekki samþ. þar í þeirri deild.

6. kafli frv. er um fébótaábyrgð og vátryggingu. Þar segir í 70. gr., að eiganda ökutækis sé skylt að kaupa vátryggingu fyrir ökutæki sitt hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi og halda tryggingunni við. Slíkt ákvæði er nú í lögum. Og í 73. gr. segir, að hafi vátryggingarfélag greitt bætur, eigi það endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Þetta er nú einnig í lögum. Samkvæmt 76. gr. frv. á sérstök n. að fjalla um slík mál og ákveða, hvort endurkröfurétti skuli beitt eða ekki. Í 3. brtt. minni á þskj. 216 er lagt til, að 73. gr. frv. verði orðuð um og í hana verði sett nýtt ákvæði um, að vátryggingarfélag skuli ávallt, þegar það þarf að greiða tjónbætur, endurkrefja þann, er tjóninu hefur valdið, um dálitla fjárupphæð. Er lagt til, að endurkrafan skuli vera 500 kr., ef bótaupphæðin er 500—1000 kr., en 1000 kr. af hverri bótagreiðslu, sem nemur hærri fjárhæð.

Hér á landi er mikill fjöldi bifreiða, en umferðarmenningin er ekki komin á svo hátt stig sem æskilegt væri, og er langt frá því. Slys eru því tíð, og fjármunatjón vegna bifreiðaárekstra er mjög mikið. Árið 1956 þurftu tryggingarfélögin að borga 20½ millj. kr. í bætur vegna tjóna, sem bifreiðar höfðu valdið. Miklar skaðabætur fyrir bifreiðatjón koma fram í háum tryggingariðgjöldum, sem bifreiðaeigendur þurfa að borga. Og í raun og veru leggjast þessi tjón á almenning í landinu, því að há tryggingargjöld gera dýrari þá þjónustu, sem flutninga- og farartækin veita.

Því miður eru þeir ökumenn allt of margir, sem fara ógætilega. Þeir ryðjast um fast og þjösnast áfram án þess að taka nægilegt tillit til annarra vegfarenda. Af þessu stafa mörg slysin og tjónin. Þegar menn valda bifreiðaárekstrum, sleppa þeir oft með það eitt að tilkynna vátryggingarfélaginu, sem þeir skipta við, að þeir hafi valdið tjóni. Félagið verður þá að borga brúsann, en þeir sjálfir sleppa við öll bein fjárútlát í því sambandi. Ef menn væru hins vegar látnir borga eitthvað sjálfir, þegar þeir valda tjóni, eins og till. mín fjallar um, þá mundi það alveg vafalaust verða til þess, að þeir færu gætilegar. Árekstrunum mundi fækka og tjónin minnka.

Eins og áður segir, er till. mín um það, að sá, er tjóni veldur, sé hverju sinni krafinn um 500 eða 1000 kr. af bótagreiðslunni eftir því, hvað hún er mikil. Þó að þetta séu ekki stórar fjárhæðir, vilja menn gjarnan vera lausir við að borga þær, og árekstrunum mundi fækka. En það er skylt að reyna með öllum nothæfum ráðum að fækka umferðarslysunum og draga úr því gífurlega tjóni, sem þau valda.

Hv. frsm. allshn. vitnaði hér til ummæla umferðarlaganefndarinnar viðkomandi þessu atriði. En ég fæ ekki séð, að sú umsögn n., sem hann hér vitnaði til, eigi á neinn hátt við brtt. mína um þetta efni. Mér skilst, að umsögn n. hafi verið um einhverja till., sem hefur komið fram um það, að þeir, sem fyrir tjóni verða, ættu sjálfir að krefja einhvern hluta af því inn hjá þeim, sem tjóninu olli. Þetta er ekki till. mín. Vátryggingarfélögin borga þeim, sem fyrir tjóni verður, eins og áður allt hans tjón, en það, sem ég legg til, er, að vátryggingarfélögunum sé skylt að endurkrefja þann, sem tjóninu hefur valdið, um þessar tilteknu fjárhæðir. Erfiðleikar við innheimtu, ef einhverjir eru, lenda því á vátryggingarfélögunum, en ekki öðrum, og ætti þeim raunar að vera í lófa lagið að ná inn þessum upphæðum, um leið og þau fá aðrar greiðslur, sem vátryggjendur þurfa þangað að greiða. Menn eiga eftir sem áður aðgang að vátryggingarfélögunum með greiðslu á þeim tjónum,

sem þeir verða fyrir, og engin áhætta þannig lögð á bifreiðaeigendur í þessu sambandi, þá sem fyrir tjóni verða. Það eru aðeins þeir, sem tjóni valda, sem eiga að endurgreiða vátryggingarfélögunum þessar tiltölulega litlu fjárhæðir. Og ég er ekki í neinum vafa um það, eins og ég hef áður sagt, að þó að ekki sé lengra farið á þessari braut en ég legg til, þá mundi það verða til þess, að menn færu gætilegar. Og ég hefði nú viljað beina því til hv. frsm. n., hvort hann vildi ekki eða n. taka þetta atriði til nánari athugunar.

Ég hef hér rætt um 3. brtt. mína, en sú 4. er afleiðing af henni.

Í 81. gr. frv. er heimild fyrir dómsmrh. til þess að veita manni, sem hefur verið sviptur ökuleyfi um lengri tíma en 3 ár, leyfið á ný með vissum skilyrðum. Síðasta brtt. mín á þskj. 216 er um það, að slíka endurreisn megi aðeins veita manni í eitt skipti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í áliti allshn. á þskj. 253 er þess getið, að í nefndinni hafi komið fram brtt. frá einstökum nefndarmönnum, sem ekki hafi hlotið afgreiðslu sem till. nefndarinnar. Þó að þetta væri svo, þá var það ekki talin ástæða til þess að kljúfa nefndina, heldur skrifar hún öll undir nál., eins og hv. frsm. tók fram. En nú hafa komið fram hér í hv. d. að minnsta kosti sumar þessara till., sem fram komu í n., en ekki hlutu afgreiðslu sem tillögur hennar. Einni þessara till. gerði hv. frsm. grein fyrir, en það er till. á þskj. 254, sem flutt er af 3 nm., hv. frsm., hv. 6. landsk. þm. og mér. En auk þess höfum við hv. 6. landsk. leyft okkur að flytja þrjár brtt. á þskj. 255.

Ég vil fyrst geta þess, áður en ég mæli fyrir þessum till. á þskj. 255, að við flm. þeirra till. viljum mæla með og erum fylgjandi 2. brtt., flið, í till. hv. þm. V-Húnv. á þskj. 216, þar sem kveðið er á um það, hversu með skuli fara, ef ökumaður hverfur af vettvangi eftir að hafa átt hlut að umferðarslysi og næst skömmu síðar með áfengisáhrifum. Við erum þessari till. fylgjandi og mælum með henni, en hún var komin fram í till. hv. þm. V-Húnv., áður en við fluttum okkar till. á þskj. 255.

1. till., sem við hv. 6. landsk. þm. flytjum á þskj. 255, er við 25. gr. frv. og fjallar um breytingar á 3. og 4. málsgr. þeirrar greinar. Eins og tekið hefur verið fram áður hér í umr., þá hefur í þessu frv. verið tekin upp sú regla að kveða á um, að tiltekið vínandamagn í blóði ökumanns, sem fram kemur við rannsókn, skuli teljast sönnun fyrir því, að hann, eins og segir í 3. málsgr., „geti ekki stjórnað tækinu örugglega“, eða eins og segir í 4. málsgr., „teljist óhæfur til að stjórna ökutæki“. En hins vegar miðast refsingar samkvæmt 81. gr. við það, hvort ökumaðurinn telst óhæfur til þess.

Þetta er nýtt, að taka þannig upp í lögin ákvæði varðandi þessar blóðrannsóknir um það, hvaða vínandamagn í blóði skuli teljast sönnun fyrir vissri óhæfni til þess að stjórna ökutæki.

Við höfum ekki viljað hreyfa við þessari nýju reglu. En við höfum talið, að jafnframt eigi að vera í gildi önnur regla, sams konar eða svipuð og er í gildandi lögum, almenn regla um það, að sá maður teljist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, sem sé undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna.

Þetta felst m. a. í a-lið 1. brtt. okkar við 25. gr. Reglurnar eru þá báðar í gildi jafnhliða. Við teljum ekki ástæðu til annars, og frá sjónarmiði lögfræðinga eða dómara mun ekki vera neitt athugavert við það. Við höfum borið það undir lögfróða menn, og þeir telja þetta fullkomlega geta staðizt.

Í öðru lagi leggjum við til í þessari brtt., að ákvæðum um vínandamagnið verði nokkuð breytt, og er þetta í samræmi við till., sem kom fram í hv. Ed., en náði þar ekki samþykki að sinni.

Í frv., eins og það er nú, stendur, að ef vínandamagn í blóði manns er 0.6‰ til 1.3‰, teljist hann ekki geta stjórnað tækinu örugglega.

Nú segir svo í áliti umferðarlaganefndarinnar, sem undirbjó þetta frv., á bls. 30, með leyfi hæstv. forseta: „Samkvæmt vísindalegum rannsóknum og raunhæfum prófum hefur reynslan orðið sú, að 0.5‰ vínandamagn í blóði skerði hæfni allflestra manna svo, að varhugavert megi telja, að þeir aki bifreið eða vélknúnum ökutækjum yfirleitt.“

Með tilliti til þessara ummæla frá umferðarlaganefndinni sjálfri sýnist okkur einsætt að setja lægra markið við 0.5‰ í stað 0.6‰, en talan í frv., sem er samkvæmt till. umferðarlaganefndarinnar, mun vera þannig til komin, að umferðarlaganefndin hefur tekið eins konar meðaltal af reglum, sem um þetta gilda annars staðar og einkum á Norðurlöndum.

Við sjáum ekki ástæðu til þess að miða ákvæðin við þetta meðaltal, heldur við vísindalegar niðurstöður. Brtt. við b-lið, 1.2‰ í staðinn fyrir 1.3‰, má teljast vera í samræmi við það, sem í a-liðnum stendur.

Næsta brtt. okkar hv. 6. landsk er við 47. gr. frv. og er í tveim stafliðum, a og b, en báðir stafliðirnir eiga við 4. mgr. 47. gr. Í þessari mgr. er um það rætt, þegar ökumaður bifreiðar eða ökutækis vill fara fram fyrir annað ökutæki, sem er á ferð, sem er nú mjög algengt fyrirbrigði. Eins og gr. er nú orðuð, er kveðið svo á, að sá, sem ætlar að fara fram hjá bifreið á ferð, skuli gefa merki, „ef ástæða er til“.

Það eru þessi orð: „ef ástæða er til“ — sem við viljum fella niður og gera það að almennri reglu, að sá, sem ætlar að fara fram úr bifreið, verði að gefa merki. Hitt er svo það, að í mgr. er nú kveðið á um, að bifreiðin, sem á undan er, eigi að draga úr hraða, „ef nauðsynlegt er“. En það eru þessi orð: „ef nauðsynlegt er“, sem við einnig viljum fella niður úr mgr., þannig að það verði almenn regla, að bifreiðin, sem á undan er, dragi úr hraða, þegar gefið er merki um, að önnur bifreið ætli að fara fram hjá henni.

Ég þarf ekki að skýra þetta nánar. Þetta er svo algengt fyrirbrigði í umferðinni. En í þeim umsögnum, sem allshn. fékk um frv., voru a. m. k. í einhverjum þeirra till. í þessa átt.

Þá er loks brtt. við 50. gr., en sú grein fjallar m. a. um hámarkshraða bifreiða. Í gildandi lögum eru ákvæðin, eins og kunnugt er, þau um hámarkshraða, að í þéttbýli má eigi aka hraðar en 30 km á klst., en utan þéttbýlis eigi hraðar en 60 km á klst. Nú er um það að ræða að breyta þessum ákvæðum og auka hámarkshraðann. Í frv., eins og það er nú, er lagt til, að hámarkshraðinn utan þéttbýlis verði 70 km, en innan þéttbýlis 45 km. Við höfum ekki gert brtt. um hámarkshraðann utan þéttbýlis, en við leggjum til, að hámarkshraðinn í þéttbýli verði lækkaður þannig, að samræmi verði í breytingunni. Hámarkshraði í þéttbýli er í gildandi lögum helmingur af hámarkshraða utan þéttbýlis. Við leggjum til, að þau hlutföll verði látin haldast og talan 45 lækkuð niður í 35.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Varðandi það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði í sambandi við sína till. um áfengismagn við blóðprufu, þá virðist mér þar vera aðalatriðið að reyna að finna stað fyrir hugtakinu „að vera undir áhrifum áfengis“. Það var upplýst á fundi, sem allshn. átti með nokkrum úr umferðarmálanefndinni, eins og ég sagði áður, að reynslan hefur orðið sú á undanförnum árum, að dómstólar hafa ekki dæmt, ef áfengismagn hefur verið minna en 0.8‰, nema þá sérstakar aðstæður hafi verið þar um.

Sakadómarinn í Reykjavík sendi umsögn um þetta atriði, og vildi ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkuð úr því, sem hann segir:

„Um þetta skal tekið fram, að ég er í öllum meginatriðum samþykkur þeim ákvæðum frv., sem um er spurt. Ef tryggilegar verður um hnútana búið við töku og rannsókn blóðsýnishorna úr þeim mönnum, sem grunaðir verða um að aka bifreið undir áfengisáhrifum, ættu nýmælin um það að verða til bóta. Hitt getur verið álitamál, hvar setja skuli mörkin um áfengismagn í blóðinu, hvort lágmarkið skuli vera 0.60‰ eða eitthvað hærra, svo sem 0.70 eða 0.80, eins og er í Svíþjóð. Það hefur vissulega nokkuð til síns máls að vera strangur í þessum efnum. En ef jafngóður árangur næst með mildari aðferð, ber að sjálfsögðu að velja hana. Ég hef trú á því, að beiting allhárra sekta auk réttindasviptingar fyrir þessi brot, framin í fyrsta sinn án sérstaklega þyngjandi atvika, beri engu minni árangur en varðhald.“

Mér virðist sakadómarinn slá því föstu þarna, að það sé hæfilegt mark, sem sett er, með því að setja 0.6‰. Mér virðist ekki, að það hafi verið farið þarna sérstaklega út í það að finna meðalveg, heldur hafa þeir aðilar, sem um þetta fjölluðu, talið eðlilegt, að þessi tala væri tekin, og hefur sérstaklega verið bent á þá ónákvæmni, sem sé hugsanleg í sambandi við blóðrannsókn.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. V-Húnv. talaði um í sambandi við endurkröfurétt frá þeim, sem valda tjóni, þá finnst mér sjálfsagt, að við tölum nánar um þetta í n., og hef náttúrlega ekkert á móti því. Hins vegar ræddum við þetta nokkuð við þá úr umferðarmálanefndinni, sem komu til viðtals, og mér fannst þeir tvímælalaust leggjast á móti því, að þetta væri tekið svona upp, sérstaklega vegna þess, að þeir töldu talsverða erfiðleika á því að framkvæma þetta. Endurkröfuréttur inn er fyrir hendi, og með því að vátryggingarfélögin væru skylduð til að krefja í hverju tilfelli, þá veit ég ekki nema þetta yrði dálítið erfitt í framkvæmdinni. Mér sýnist augljóst, að félögin reyni að gera þjónustu sína sem bezta. Þau tryggja gegn þessum tjónum, eiga náttúrlega endurkröfuréttinn, en meta það svo, hvort málið er lagt fyrir dómstóla eða ekki. Það kann vel að vera, að þetta sé atriði, sem hægt væri að taka til athugunar aftur. Við sáum okkur ekki fært í allshn. að leggja þetta til eða mæla með þessari till. á því stigi, sem málið var þá, en mér finnst sjálfsagt að taka það til athugunar aftur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. skýrði frá því nú, eins og hann raunar gerði *einnig í fyrri ræðu sinni*, að *dómstólar* hér muni ekki hafa dæmt menn seka um brot á ákvæðum laga viðkomandi akstri undir áhrifum áfengis, nema vínandamagn í blóði þeirra væri 0.8‰ eða þar yfir. En jafnframt er frá því skýrt, að t. d. sakadómari hér og aðrir, sem um þetta mál hafa fjallað, telja, að hæfilegt væri nú að setja markið 0.6‰.

Skyldi þetta vera fyrir það, að niðurstöður vísindarannsókna hafi tekið einhverjum breytingum nú nýlega, eða af einhverjum öðrum ástæðum? Ég veit það ekki. En hitt get ég vel fallizt á með hv. frsm., að það sé rétt að setja glögg ákvæði um það í lög, við hvað skuli miða. Og eins og ég gat um áður, þá tel ég, að það sé hægt að gera það, þó að fallizt verði á mína till. um að hverfa frá þessum dilkadrætti á ölvuðum ökumönnum, sem frv. nú gerir ráð fyrir.

Þá er það viðkomandi till. minni um endurkröfuna frá vátryggingarfélögum á hendur þeim, sem valda tjóni.

Hv. frsm. segir, að menn úr umferðarmálanefnd, sem rætt hafi verið við, hafi heldur lagzt gegn þessu. En ég hef ástæðu til að ætla, að þeir hafi þá ekki verið búnir að gera sér ljóst, hvað felst í minni till., því að ég fæ ekki séð, að það sé hægt að tala um sérstök óþægindi við innheimtu á þessu, eins og mín till. er. Það a. m. k. snertir þá eingöngu vátryggingarfélögin, en ekki aðra.

Hv. frsm. segir, að vátryggingarfélögin hafi þegar endurkröfurétt skv. frv. En ég vil benda á það, að hann er mjög takmarkaður. Í 73. gr. segir, að félag, sem hefur orðið að greiða bætur, eigi endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og síðan á sérstök nefnd skv. 76. gr. að meta, hvort þessar ástæður séu fyrir hendi, þannig að það eigi að nota endurkröfuréttinn. En við vitum, að hér verða ákaflega mörg tjón vegna bifreiðaárekstra, þó að ekki sé hægt að halda því fram, að það sé af stórkostlegu gáleysi og því síður af ásetningi. En þeim árekstrum mundi vafalaust fækka, ef menn vissu, að þeir mundu verða krafðir um

einhverjar fjárupphæðir, þegar þeir valda tjóni, jafnvel þótt ekki sé hægt að kalla, að það sé fyrir stórkostlegt gáleysi.

Ég fagna því, ef hv. n. vill taka þessa till. mína til nánari athugunar, og gefist ekki tími til þess fyrir n. að athuga þessa 3. brtt. mína, áður en atkvgr. fer fram nú við 2. umr., þá mun ég taka þá till. aftur til 3. umr. í von um, að hv. n. athugaði það mál sérstaklega milli umræðna.

Umr. frestað.

Á 61. og 62. fundi í Nd., 6. og 7. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 101, n. 253, 216, 254, 255, 269, 283).

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 283 við frv. til umferðarlaga. Brtt. er við 28. gr., að síðasti málsl. 1. málsgr. orðist þannig:

„Þeir unglingar, sem náð hafa 14 ára aldri, mega þó án ökuskírteinis aka dráttarvél, þegar hún er notuð við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar."

Þegar frv. til umferðarlaga var lagt fram í hv. Ed. á síðasta þingi, var í 28. gr. ákvæði, sem kvað á um, að stjórnendur dráttarvéla mættu ekki vera yngri en 15 ára. Þó náði það aðeins til vinnslu við jarðyrkju- og heyskaparstörf utan alfaravegar.

Ed. sá sér ekki fært að samþykkja þetta lágmarkstakmark unglinga um keyrslu dráttarvélanna við áðurnefnd störf, og er það út af fyrir sig mál, sem ekki skal hér gert að umræðuefni.

Í grg. fyrir frv., eins og það var, þegar það var fyrst lagt fram, er sagt um þetta ákvæði 28. gr. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi þykir ástæða til að krefjast sérstaks prófs eða ökuskírteinis fyrir þá, sem einungis stjórna dráttarvélum utan alfaraleiða við jarðyrkjustörf eða heyskaparstörf. Aldurstakmark er sett 15 ár, og er það í lægsta lagi. Þar sem ökutækin eru tiltölulega auðveld í notkun og eiga ekki að vera á alfaraleiðum, þykir fært að taka tillit til hagsýnisástæðna."

Sérfræðinganefnd sú, sem samdi lagafrv., virðist eftir þessu hafa haft þá mjög ákveðnar skoðanir á þessu ákvæði og beinlínis talið það hina mestu nauðsyn. Í áðurnefndri grg. taka þeir, eins og áður hefur verið bent á, mjög skýrt fram, að 15 ára mark sé í lægsta lagi. Manni gæti skilizt jafnvel á orðalaginu, að þeir hefðu rætt um að hafa lágmarkið hærra. En hv. Ed. virðist hafa verið alveg á gagnstæðri skoðun. Það hvarflar ekki að hv. alþm. d. að færa aldurstakmarkið alveg burt úr frv. Hv. alþm. Ed. virðast ekki hafa óttazt slysahættu í sambandi við meðferð barna og unglinga við vinnslu þessara tækja. Hv. alþm. hafa þó hlotið að vera fullljós og í fersku minni hin alvarlegu slys, sem orðið hafa við meðferð vélanna. Annars skal ekki rætt frekar um skoðanir hv. Ed.-þingmanna á þessu máli.

Eins og frv. liggur því nú fyrir, eru í því engin ákvæði um lágmarksaldur unglinga, sem stjórna dráttarvél við jarðyrkjustörf. Í 28. gr. er beinlínis gert ráð fyrir, eins og ég hef áður bent á, að ekki þurfi ökuskírteini við akstur slíkra véla utan alfaravegar.

Ég get út af fyrir sig fallizt á það, að ökuskírteinis sé máske ekki þörf við notkun dráttarvéla við heimastörf. En hitt finnst mér ófært, að ákveða ekki lágmarksaldur þeirra unglinga, sem settir kunna að verða til keyrslu slíkra véla. Það ætti öllum að vera ljóst, að það er alls ekki vandalaust verk að stjórna dráttarvélum, t. d. í halla eða í mikilli brekku, og að meðhöndlun og stjórn vélanna er í mörgum tilfellum hættulegt starf og þarf mikla nákvæmni og stöðuga aðgæzlu, enda hafa slys átt sér stað og sum þeirra mjög alvarleg, m. a. dauðsföll.

Það má að sjálfsögðu benda á, að þótt settur verði lágmarksaldur unglinga við keyrslu dráttarvélanna, útiloki það ekki slysahættuna að öllu leyti. Því er til að svara, að 14 ára unglingar og eldri hljóta að vera færari til að stjórna vélunum en 10 eða 12 ára unglingar, en það mun ekki vera óalgengt, að börn á þeim aldri eða jafnvel yngri séu látin stjórna dráttarvélunum.

Það er alkunna, að börn og unglingar á þessum aldri eru mjög áköf í það að keyra slíkar vélar, og á meðan löggjafinn sér ekki ástæðu til þess að lögfesta lágmarksaldur unglinga til keyrslu slíkra véla, er beinlínis hætta á, að um misnotkun verði að ræða í meðferð vélanna. Með þessu er ég ekki að halda því fram, að bændur landsins ofþyngi unglingum með of mikilli vinnu. En það er staðreynd, að keyrsla vélanna getur haft mjög alvarleg áhrif á taugakerfi barna og unglinga, ef ekki er gætt alveg sérstakrar varasemi og hófsemi í þessum málum.

Það munu vera fá eða jafnvel kannske engin lönd í Evrópu, þar sem unglinga- og barnavinna er jafnalmenn og hér. Þess eru allmörg dæmi, að 10—12 ára börn vinna óheyrilega langan vinnutíma, t. d. við síldar- og fiskvinnslustörf. Þetta er mikið vandamál, sem ekki verður komizt hjá öllu lengur að taka til sérstakrar athugunar.

Að sjálfsögðu getur hófleg vinna undir stjórn góðra verkstjóra og kennara verið unglingum hollur og góður skóli. Það er mesta nauðsyn, að börn og unglingar kynnist vinnunni og atvinnuháttum þjóðarinnar. En allt slíkt verður að gerast á þann hátt, að það glæði áhuga barnanna fyrir gagnsemi vinnunnar og að börnin líti ekki á vinnuna sem eitthvert böl, þegar fram í sækir, sem beri að forðast, heldur hið gagnstæða. 10 eða 12 ára barn, sem vinnur fullan vinnudag og í mörgum tilfellum eftirvinnu, hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu fyrr eða síðar, að erfiðisvinna, hvort sem hún er unnin í sveit eða við sjó, sé ekkert glæsilegt takmark út af fyrir sig til að keppa að, enda er svo komið í okkar þjóðfélagi, að stór hluti af æskulýð okkar stefnir frá aðalatvinnuvegunum til

miður þarfari starfa. Hér er um mjög mikið vandamál og alvarlegt vandamál að ræða, sem barna- og unglingaskólarnir ættu að gefa meiri gaum en nú er gert.

Mitt álit er, að það sé hin mesta nauðsyn, að komið sé á fót verklegum námskeiðum fyrir elztu nemendur barnaskólanna og framhaldsskólanna í hagnýtum vinnubrögðum, m. a. þar sem væri kennd stjórn og meðferð algengustu vinnuvéla. Slík námskeið ættu að sjálfsögðu að vera undir stjórn sérfróðra manna á því sviði og vinnutímanum mjög stillt í hóf.

Ekkert er þjóðfélaginu eins nauðsnlegt og að búa vel að æskulýðnum. Hvað ungur nemur, gamall temur, er gamalt máltæki, sem er í fullu gildi í dag. Og jafnfámennt þjóðfélag og okkar hefur á engan hátt efni á öðru en að sú æska, sem nú er að alast upp, sé sem bezt undir það búin að taka við þeim verkefnum, sem óhjákvæmilega bíða hennar, en það verður hún því aðeins, að það opinbera geri sitt til þess að beina huga æskufólksins inn á réttar brautir og því sé kennt að meta og skilja gagnsemi vinnunnar og að hin almenna vinna sé ekki böl, heldur sé snar þáttur í lífi þjóðarinnar, sem öll velmegun hennar veltur á.

Ég veit, að þetta mál í heild er á ýmsan hátt erfitt og það þarf nákvæmrar athugunar við. Ég er þó þeirrar skoðunar, að sú brtt., sem ég hef hér leyft mér að flytja, sé spor í rétta átt og Alþ. geti ekki afgreitt þetta frv. án þess, að sett verði lágmarksákvæði í frv. um aldur þeirra unglinga, sem keyra slíkar vélar sem hér um ræðir.

Það má að sjálfsögðu halda því fram, að þetta ákvæði, þótt að lögum yrði, sé út af fyrir sig lítil takmörkun á barna- og unglingavinnu og það sé takmörkuð trygging fyrir því, að þetta ákvæði verði haldið. Því er til að svara, að svo mikið traust ber ég til íslenzkra bænda, að ég er ekki í neinum minnsta vafa um, að þeir mundu halda þessi lög ekki síður en önnur, og það mundi gera þeim léttara fyrir að banna börnunum beinlínis að keyra vélarnar, ef lágmarksaldur þeirra væri settur inn í lögin. Það er nú svo í okkar ágæta þjóðfélagi, að það er meira og minna, sem lög eru brotin, og við getum aldrei verið þess fullvissir, þegar við samþykkjum lög, að þau verði ekki brotin eða farið í kringum þau að meira eða minna leyti.

Í sambandi við þetta mál hef ég leyft mér að leita til tveggja aðila, til Slysavarnafélags Íslands og öryggismálastjóra ríkisins. Báðir þessir aðilar hafa góðfúslega sent mér bréf, þar sem þeirra álit kemur mjög skýrt fram, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa þessi bréf upp.

Bréf Slysavarnafélagsins hljóðar svo:

„Í sambandi við fram komna brtt. við frv. til laga um bifreiðalög, sem fyrir Alþ. liggur, þar sem lögð er áherzla á, að í lögum verði lagt bann við því, að yngri unglingar en 14 ára séu látnir fara með stjórn á vélknúnum búnaðarvélum, þá leyfir Slysavarnafélag Íslands sér að vekja eftirtekt hins háa Alþingis á því, hvað það hefur verið áberandi síðustu árin, að mörg börn hafa slasazt við meðferð vélknúinna búnaðartækja, bæði vegna þess, að allt of ungum börnum hefur verið trúað fyrir stjórn tækjanna og börnum leyft að sitja á tækjum, þegar þau hafa verið í notkun, og teljum vér því nauðsynlegt, að í lögum verði ákvæði, sem leggi á þetta sterkar hömlur, að börn verði látin stjórna eða sitja uppi á opnum og óvörðum landbúnaðartækjum, jafnvel þótt heima á sléttum túnum sé.

Virðingarfyllst,
Slysavarnafélag Íslands,
Henry Hálfdánarson."

Hitt bréfið, sem ég fékk í dag, er svo hljóðandi:

„Herra alþm. Gunnar Jóhannsson, Reykjavík.

Í viðtali hafið þér beðið mig að láta í ljós álit mitt á akstri barna á dráttarvélum. Í útvarpserindum, sem ég hef flutt og fjalla um akstur dráttarvéla, minntist ég nokkuð á börn við þessi störf. Öllum þeim, sem láta sig slysavarnir nokkru skipta, ber saman um, að vélar og börn eigi ekki saman, og eru dráttarvélarnar þar engin undantekning, nema síður sé. Það mun þó því miður vera allalgengt hér á landi, að drengir allt niður í 9—10 ára aldur séu látnir aka dráttarvélum.

Eigi akstur dráttarvéla að vera hættulítill, bæði fyrir þann, sem ekur, og umhverfið, þarf ökumaðurinn að hafa skýra hugsun og fullkomna leikni í meðferð vélarinnar.

Skrifstofustjóri tæknideildar aðalstöðva sænska öryggiseftirlitsins og formaður samnorrænu vélanefndarinnar, aðalsérfræðingur sænska eftirlitsins í notkun landbúnaðarvéla, hefur allmikið rætt um akstur barna á dráttarvélunum. Skoðun hans er sú, að ekki ætti að leyfa yngri börnum en 15 ára að aka dráttarvélum. Færir hann mjög sterk rök máli sínu til stuðnings, og eru þessi helzt:

Yngri börn en 15 ára taka yfirleitt starf sitt á dráttarvélinni sem leik og meta þess vegna ekki hætturnar með þeirri alvöru, sem eldri ökumenn viðhafa og nauðsynleg er til þess að bægja hættunum frá eða forðast þær. Dómgreind barna er ekki svo þroskuð, að þau geri sér jafnskýra grein fyrir hættunni og fullorðnir eða meti hana rétt, t. d. fjarlægð frá hættulegum, ótraustum bakka, hliðarhalla o. s. frv.

Viðbragðsflýtir barna er minni en fullorðinna, og börn verða því ekki jafnfljót til að gera hið rétta, þegar hættu ber að, og verða því seinni til að afstýra eða draga úr hættunni.

Börn hafa minni hæfileika en fullorðnir til þess að dæma fjarlægðir. Þeim hættir því til að gera of seint ráðstafanir til þess að forðast eða afstýra hættu, sem fram undan kann að vera.

Slysin vegna aksturs barna á dráttarvélum eru þegar orðin svo mörg, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum, að þau ættu að vera nægileg aðvörun og vekja til umhugsunar um úrræði til bóta.

Því mun oftast borið við, að fólksfæðin knýi menn til þess að láta börn aka dráttarvélum, en verður það vinnuafl ekki of dýru verði keypt?

Ég er þeirrar skoðunar, að lögfesta beri, að stofnað skuli til námskeiða, þar sem mönnum gefist kostur á að kynnast meðferð og akstri dráttarvéla til hlítar, og að engum leyfist að aka dráttarvél, nema hann hafi sótt slíkt námskeið og lokið þaðan prófi, eftir að hann varð 15 ára.

Þórður Runólfsson."

Eins og sést á þessu bréfi, gengur öryggismálastjórinn lengra en mín tillaga fer fram á. Hann telur, að enginn ætti að keyra dráttarvél yngri en 15 ára og helzt hafa lokið lágmarksprófi í meðferð slíkra véla. Að mörgu leyti gæti ég fallizt á þetta, en mun þó ekki breyta minni tillögu frá því, sem hún hér liggur fyrir.

Eins og sést á bréfi Slysavarnafélagsins, er bent á þá staðreynd, að það hafi verið áberandi undanfarin ár, að mörg börn hafi slasazt við meðferð vélknúinna búnaðartækja, m. a. vegna þess, að allt of ungum börnum hafi verið trúað fyrir stjórn tækjanna og börnum leyft að sitja á tækjum, þegar þau hafa verið í notkun. Fyrir því vilja forráðamenn þessara merku samtaka, að í umferðarlögunum séu sett ákvæði, sem leggja á það sterkar hömlur, að börn verði látin stjórna eða sitja uppi á óvörðum landbúnaðartækjum, þegar þau eru í notkun, jafnvel þótt heima á sléttum túnum sé.

Öryggismálastjóri tekur mjög í sama streng, gengur jafnvel lengra, bendir á fjölmargar sannanir máli sínu til stuðnings, m. a. álit aðalsérfræðings sænska öryggiseftirlitsins í notkun landbúnaðarvéla. Skoðun þessa sænska sérfræðings er sú, að börn yngri en 15 ára ættu ekki að fá leyfi til aksturs dráttarvéla.

Þá er öryggismálastjóri þeirrar skoðunar, að stofna ætti til námskeiða í meðferð og akstri dráttarvéla og enginn skuli fá leyfi til að aka dráttarvél, nema hann hafi áður sótt slíkt námskeið og lokið þaðan prófi eftir 15 ára aldur.

Ég tel að svo komnu máli ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Það er mjög einfalt. Okkur ber að gera allt, sem hægt er, til að forðast slys og óhöpp. Um það eru að sjálfsögðu allir hv. alþm. sammála. Fyrir því ber að samþykkja till. mína á þskj. 283.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt um þær till., sem hafa komið fram, bæði síðan nál. var skilað og áður höfðu komið fram. Hún hefur ekki orðið sammála um að mæla með neinni af þeim brtt. sérstaklega.

Ég vil fara aðeins örfáum orðum um till. hv. 6. landsk. þm. á þskj. 283 varðandi það atriði að binda aldur unglinga, sem aka dráttarvélum, við 14 ár. Það er auðvitað augljóst, að hér rekst á öryggi þessara unglinga og hagsmunir atvinnuvegarins, sem vinnan er unnin við. Það er sjálfsagt að viðurkenna þá þörf, sem er á því að setja eitthvert hámark. En mér sýnist bara raunin vera sú, að það sé býsna örðugt atriði að setja hámarksaldur á þetta. Staðreyndin er sú, að unglingar yngri en 14 ára aka dráttarvélum í sveitum, og ég er hálfhræddur um, að þó að þetta væri bundið í lögum, þá mundi reynslan verða sú, að unglingar haldi áfram að aka dráttarvélum af þeirri einföldu ástæðu, að þetta er víða mjög mikið atriði fyrir bændur, og ég veit, að hv. 6. landsk. viðurkennir það atriði út af fyrir sig. Hins vegar kemur svo öryggisatriðið sjálft, sem hann setti hér mjög greinilega fram og er auðvitað alveg hárrétt. Ég býst við, að örðugt kunni að vera að láta þessi tvö veigamiklu atriði falla saman, þannig að tekið sé tillit til hvors tveggja. Ég hef aðeins látið mér detta í hug, hvort hægt væri að setja t. d. 12 ára mark í staðinn fyrir 14 ára. Það getur vel verið, að bændur mundu sætta sig við það, eða a. m. k. miklu fremur en 14 ára markið. Það fer ekki milli mála, og það er auðvitað mál, að 12—13 ára unglingar geta verið jafngóðir ökumenn á dráttarvélum eins og fullorðnir menn út af fyrir sig. Slys geta alltaf komið fyrir, hvort sem unglingur eða fullorðinn á í hlut. Mér finnst hins vegar allmikið atriði í þessu, hvort á að fara að setja þetta þannig í lögin, að það sé í raun og veru fyrir fram vitað, að þetta verður brotið meira og minna vegna þeirrar nauðsynjar, sem að kallar í sveitunum. Mér finnst eðlilegt, að það væri reynt að athuga þetta mál ofur lítið betur. Ég veit, að umferðarmálanefndin ræddi þetta mikið, enda í sínu upphaflega frv., eins og getið var um í framsöguræðu fyrir till., setti hún inn 15 ára markið. En hins vegar veit ég, að umferðarmálanefndin hefur gert sér ljósa þá erfiðleika, sem eru á því að setja svona mark fast.

Þá er hér önnur till., sem hefur komið fram, eftir að n. skilaði áliti, á þskj. 269, um lágmarkshraða. Ég vildi aðeins — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp það, sem umferðarmálanefndin segir um þetta atriði:

„Nefndin fellst á þau sjónarmið, að of hægur akstur geti verið vítaverður, enda refsivert samkvæmt 1. málsgr. 49. gr., en þar segir: „Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og hagað þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfatálmanir." Þá telur nefndin það rétt, að oft sé erfitt að meta, hvenær akstur geti valdið hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur eða gert þeim óþarfatálmanir. Nefndin telur, að þetta mat sé bezt komið í höndum einstaklinga og dómstóla, ef þörf krefur, eins og ákveðið er í 49. gr. Ef þróun umferðarmála leiðir til þess, að þörf verði á ákveðnari reglum á þessu sviði, telur n., að setja megi slíkar reglur samkvæmt síðustu málsgr. 50 gr."

Umferðarmálanefndin hefur sem sé fjallað um þetta atriði líka og telur ekki eðlilegt, að það sé sett í frv. Að öðru leyti held ég, að ég hafi ekki fleiri orð um frv. á þessu stigi.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, frv. til umferðarlaga, hefur verið í Ed. og hlotið afgreiðslu þaðan. Ég hef nokkuð fylgzt með meðferð þessa máls í Ed. og veit, að það mál hefur verið rætt þar mjög ýtarlega, og sú n., sem fjallaði um

málið, hefur haft samráð og rætt við ýmsa aðila, sem hafa látið til sín taka um afgreiðslu þessa máls. Ég held, að þetta frv. sé þannig úr garði gert af hálfu Ed., eins og það liggur hér fyrir nú, að það sé allvel við hlítandi. Ég vil þó taka það fram, að ég tel a. m. k. sumar af brtt. hv. þm. V-Húnv. til bóta á frv., einkum og sér í lagi þær, sem að því lúta að gæta nokkru betur öryggis að því er snertir bílstjóra, sem neytt hafa áfengis. Ég mun þess vegna við atkvgr. styðja þær till. hans, sem að því lúta að færa þetta mál hvað þetta snertir inn á betri öryggisgrundvöll.

Það er ein brtt., sem hér hefur verið lögð fram alveg nýlega, sem einnig á að stefna að því að bæta nokkuð úr í þessu efni, þ. e. brtt. á þskj. 283 frá hv. 6. landsk. Þar vill hann láta setja aldurstakmark hjá þeim unglingum, sem stýra dráttarvélum utan þjóðvega, hvort heldur er við heyskap á túnum ellegar þá að því leyti sem þessar vélar eru notaðar til jarðvinnslu. Í frv., eins og það liggur hér fyrir, er veitt skv. 28. gr. sú undanþága, að þeir, sem stýra dráttarvélum við heyskaparstörf og jarðyrkju, þurfi ekki á ökuskírteini að halda, án þess að þar séu sett nokkur ákvæði um aldurstakmark.

Ég vil að því er snertir þetta ákvæði um öryggið benda á, að af hálfu foreldra, sem börn eiga, sem falið er að stýra slíkum dráttarvélum, er að sjálfsögðu leitazt við að stuðla að því, að fullt öryggi sé í þessu efni. Og ég verð að segja, að það er harla einkennilega litið á umhyggju foreldra fyrir börnum, ef því er haldið beinlínis fram, að ekki megi treysta, að þar sé ýtrasta öryggis gætt um að stofna ekki börnunum í hættu.

Ég held þess vegna út frá þessu sjónarmiði séð, að ekki sé þörf á að vera að setja slíkt hámark eins og lagt er til í þessari brtt. Að sjálfsögðu er allt öðru máli að gegna um akstur slíkra tækja á almannafæri, þ. e. a. s. á vegum úti, að það er ekki nema í samræmi við aðrar ráðstafanir, sem gerðar eru um umferðina á vegum úti, þó að slíkt takmark væri sett þar. Gildir að sjálfsögðu allt öðru máli um akstur slíkra véla á sléttu túni eða þá við jarðvinnslu í flögum, sem nokkuð er búið að vinna áður, því að yfirleitt er það svo, að dráttarvélar eru ekki notaðar við jarðvinnsluna nema til þess að ljúka þeirri vinnslu, eftir að stærri vélar hafa brotið landið. Ég held þess vegna, að það sé ekki hyggilegt að fara að setja slík ákvæði sem þessi og heldur engin þörf á að gera það.

Það á að vera nóg öryggi fólgið í eftirliti fullorðinna manna á heimilunum og þá sérstaklega foreldra þessara barna, því að í flestum tilfellum er það svo, að það eru börn foreldranna, sem falið er slíkt verkefni eins og hér um ræðir, og skiptir ekki heldur máli, því að heimilisfeður líta að sjálfsögðu alveg jafnt á um það, að gætt sé fyllsta öryggis í þessu efni, hvort heldur það eru þeirra börn eða annarra, sem þeir fela þetta starf.

Hitt er svo vitað, eins og hér hefur komið fram, að það er mikill hópur ungmenna á aldrinum allt frá 11—14 ára, sem vinna mikið og gott verk með dráttarvélum á heimilunum, og það er ekki vitað, að við slíka vinnu hafi orðið tjón eða valdið neinu tjóni umfram það, sem alltaf getur átt sér stað við slíkan akstur. Ég held, að það séu undantekningaratriði, ef slíkt hefur orðið að tjóni, og það þekkjum við ákaflega vel, sem mikið látum vinna á heimilum með þessum dráttarvélum, að aldurstakmarkið eitt út af fyrir sig felur ekki í sér sérstakt öryggi, því að það er ákaflega mismunandi, hvað þeim unglingum, sem falið er að stýra slíkum vélum, fer þetta vel úr hendi, en aldurtakmarkið eitt út af fyrir sig er ekki afgerandi um það efni. Hins vegar má löggjafinn fullkomlega ganga út frá því, að heimilisfeður feli ekki öðrum að fara með þessar dráttarvélar en þeim, sem treysta má til þess að vinna með þeim verk, án þess að börnunum sjálfum eða vélunum, sem þau fara með, sé í nokkra hættu stefnt.

Ég held þess vegna, að það sé langhyggilegast fyrir löggjafann að hafa þetta innan þeirra takmarka, sem sett eru nú í 28. gr. þessa frv., eins og Ed. hefur frá þessu gengið. Það er líka áreiðanlega rétt, sem frsm. n. sagði, að það mundi verða nokkuð erfitt um eftirlit með framkvæmd á þessum lögum, því að með þessu ákvæði, sem hv. 6. landsk. vill setja inn í frv., eru skertir svo verulega starfskraftar á heimilum í sveitunum, að ég tel, að það væri dálítið erfitt að fylla það skarð, bæði að því er til þess tekur að fá aðra til þess að vinna þetta, auk þess kostnaðar, sem af því mundi leiða.

Ég vildi þess vegna fyrir mitt leyti mæla með því, að þessi ákvæði frv., eins og þau nú eru, væru ekki skert hvað þetta snertir, og ég held, að löggjafanum sé alveg óhætt að byggja á því, að þess öryggis sé gætt í þessu efni á hverju einasta sveitaheimili, að 14 ára aldurstakmarkið mundi ekki bæta þar úr.

Hitt er svo allt annað mál og ekkert við því að segja, þó að slík ákvæði sem í frv. felast um notkun þessara véla séu sett, þegar vélunum er ekið á fjölförnum vegum eða á almannafæri, því að þar kemur náttúrlega allt annað og miklu meira til greina í þessu efni heldur en þar, sem umferðinni er ekki til að dreifa, eins og er á sléttum túnum eða við þá jarðvinnslu, sem unnið er að með dráttarvélum.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta og ekki heldur um aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, aðrar en þær, sem ég hef drepið á að því er snertir brtt. hv. þm. V-Húnv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu þessa máls koma upp ýmis vandamál, sem erfitt er að gera sér til hlítar grein fyrir, og þótt mjög sé eðlilegt, að alþm. láti þar uppi sínar till. og lýsi sínum skoðunum, þá kann oft að vera varhugavert í slíku máli, sem er vandlega undirbúið af sérfræðingum og þar sem — ef svo má segja — hvert orð hefur verið skoðað í ljósi þess, hvað sé framkvæmanlegt og ráðlegast, höfð hliðsjón af löggjöf annarra þjóða og málin margrædd, þá kann að vera varhugavert að gera á því breytingar, nema rík rök séu færð til.

Það atriði, sem hv. þm. Borgf. (PO) talaði um, er t. d. mjög mikið vandamál. Við vitum, að

því var breytt í Ed. Nú er lagt til, að því sé breytt aftur. Ég get ekki fallizt á það sjónarmið hv. þm., að það mundi ekki horfa til aukins öryggis, ef aldurstakmark, 14 ár, væri sett. Mér virðist ljóst, að það hljóti að leiða til aukins öryggis. Hitt er svo annað mál, að það kann að vera nokkuð til í því, sem hann segir, að ákvæðið yrði óframkvæmanlegt, eftir því yrði ekki farið, og þá er verr farið en heima setið, bæði í þessu tilfelli og öðru.

En það var þó sérstaklega annað atriði, sem hv. þm. Borgf. sagði, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, og það var út af því, að hann sagðist vera með brtt. hv. þm. V-Húnv., vegna þess, að þær gerðu strangari kröfur en í frv. væru varðandi ölvun bifreiðastjóra. (**PO**: Ég sagði: að því leyti sem.) Já, að því leyti sem. En ég vil vekja athygli á því, að till. hv. þm. V-Húnv., megintillögurnar, ganga í þveröfuga átt. (**PO**: Það voru ekki þær, sem ég var að hugsa um.) Nei, það er þá gott, að það liggi fyrir, hvort hv. þm. Borgf. hefur áttað sig á því, að till. þm. V-Húnv., sem fara í þá átt að taka burt hið ákveðna hlutfall af vínanda, sem á að finnast í blóði manns, til þess að maður verði dæmdur, og setja í þess stað: „enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis“, að þessi till. hv. þm. V-Húnv. gengur í þá átt að gera minni kröfur en sjálft frv. Það er mjög mikilsvert að hafa það í huga, vegna þess að hv. þm. V-Húnv. leggur hér til, að viðhaldið verði sams konar ákvæðum og verið hafa í lögum, og eftir þeim er viðurkennt, að þó að jafnvel töluvert meira vínandamagn fyndist í blóði manna heldur en er í frv., þá yrðu menn sýknaðir af því að vera undir áhrifum áfengis. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst.

Nú játa ég, að það er ákaflega mikið vafamál, hvor reglan í þessu er betri. Sú regla, sem hér hefur verið í lögum, lætur dómstólunum eftir mun meira frelsi um mat á sönnun heldur en sú regla, sem till. er gerð um.

Á hinum Norðurlöndunum hefur til skamms tíma sótt í það far að setja svipaðar reglur og gerðar eru till. um í þessu frv.

Á lögfræðingafundi, sem haldinn var hér í sumar, kom aftur á móti fram, að fulltrúar Svía, sem hingað til hafa verið manna ákveðnastir í að hafa sams konar skipun og frv. leggur til, telja nú á því nokkra annmarka, vegna þess að þau vísindi, sem þar áttu að liggja til grundvallar, séu ekki alveg eins örugg og menn hafa ætlað. Ég tel líklegt, að hv. þm. V-Húnv. hafi orðið þessara kenninga var og vilji þess vegna ekki ganga eins stranglega í skrokk á þessum drukknu bílstjórum og frv. leggur til, og kann það að lýsa vissri varúð og vera í nokkru samræmi við allra nýjustu kenningar í þessum efnum. Engu að síður má segja, að á Norðurlöndum sé enn almenna kenningin sú, að betra sé að hafa þann strangleika, sem frv. leggur til, og engum sé þar með í raun og veru, hvað sem ströngustu kenningum líður, ranggert til í framkvæmd, svo að hættan sé ekki svo mikil sem ætla mætti.

Ég játa það, að hér er um að ræða sérfræðileg efni og læknisfræðileg, sem ég treysti mér engan veginn til að dæma um. En það var einungis þetta atriði, sem ég vildi benda hér á af tilefni orða hv. þm. Borgf., að till. hv. þm. V-Húnv., megintill., fer í þá átt að gera minni kröfur varðandi þetta efni en frv. Frv. ætlar að gera mun strangari kröfur en gerðar hafa verið til þessa, en hv. þm. V-Húnv. vill auðsjáanlega ekki fallast á, að ástæða sé til þess, að þannig sé farið að.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að gera nokkra athugasemd við það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um brtt. mínar á þskj. 216. Hann heldur því fram, að ákvæði frv. viðkomandi ölvun ökumanna séu strangari en það, sem lagt er til í mínum brtt.

Þetta er byggt á misskilningi hjá hv. þm. Í 25. gr. frv., eins og það nú er, segir m. a., að ef vínandamagn í blóði manns sé 0.60‰, þá teljist hann eigi geta stjórnað tækinu örugglega. Þetta mun vera byggt á einhverjum athugunum sérfræðinga og þeirra dómum um þetta efni, og þetta felur það í sér, að maður, sem hafi þetta vínandamagn í blóðinu, sé undir áhrifum áfengis, og till. mín er um það, að enginn megi aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis. Verði það lögfest, þá hlyti það að verða svo, að maður, sem hefði þetta vínandamagn, sem ég nefndi og þarna er nefnt í 25. gr., mundi verða dæmdur fyrir brot á lagaákvæðinu samkv. minni till., ef samþykkt verður.

Það hafa meira að segja komið fram raddir um það, og ég held, að það liggi fyrir till. um að færa þetta mark niður í 0.5‰, því að ýmsir fróðir menn í þessum efnum telja, að maður, sem hefur það vínandamagn í blóðinu, sé undir áhrifum áfengis og geti því eigi stjórnað ökutæki örugglega.

Þetta er því allt byggt á misskilningi, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um mína till. Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða um þetta meira. Ég gerði grein fyrir því, þegar ég ræddi um mínar brtt. upphaflega, að ég tel þessa flokkun á ölvuðum ökumönnum, sem að er stefnt með ákvæðum 25. gr., ákaflega varhugaverða. Ég óttast, að þarna sé verið að búa til fallgryfju, sem gæti orðið vínhneigðum mönnum, sem hafa ökuréttindi, mjög hættuleg.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er komið í ljós, að það var sízt að ástæðulausu, að ég kvaddi mér hljóðs. Það upplýstist að vísu, sem var mér gleðiefni og ekki annað en við mátti búast, að hv. þm. Borgf. hafði gert sér grein fyrir efni málsins. En þá kemur það stórfurðulega fram, að sjálfur flytjandi till. hefur gersamlega misskilið það, sem hann er að gera till. um, að hann sýnist halda, að hann sé að gera till. um að hafa ákvæðin strangari en þau eru í frv. En það er einmitt það mikilsverða, að menn átti sig á, að hans till. fer í þveröfuga átt. Hún fer í þá átt að halda við sams konar reglum og hér hafa verið í gildi, og það liggur fyrir alveg örugg dómstólavenja, áratugagömul, um það, að þar er mun linlegar farið í sakirn-

ar heldur en verða mundi, ef frv. yrði samþykkt.

Ef hv. þm. V-Húnv. vildi láta svo litið að kynna sér, hver framkvæmdin á þessu hefur verið, þá getur hann, svo glöggur maður, ekki verið í neinum vafa um það, að ef hann heldur sjálfur, að hann sé að gera hér till. um strangari meðferð en verið hefur, þá þarf hann vissulega að athuga sinn gang og ætti að taka till. aftur til 3. umr. til þess að læra betur, ef svo má segja.

Skúli Guðmundsson: Ég held, að það sé einmitt hv. 1. þm. Reykv., sem ætti að athuga betur sinn gang í þessu máli. Ég býst ekki við, að hann finni neitt um það í minni till., sem fyrir liggur, að það eigi að miða þarna við meira vínandamagn í blóði manna heldur en ákveðið er í 25. gr. frv., þ. e. a. s. að þeir, sem hafa drukkið meira en svo, að vínandamagnið verði 0.6‰ eigi að sleppa við refsingu.

Hitt er annað mál, hvernig þetta kann að hafa verið framkvæmt á liðnum árum. Ef dómarar, sem um mál hafa fjallað þessu viðkomandi, hafa ekki farið eftir lögunum og ekki dæmt menn seka, þótt þeir væru undir áhrifum áfengis við akstur, þá er það vitanlega önnur framkvæmd en átti að vera, og þá hefði þessi hv. þm., sem alllengi var dómsmrh., átt að athuga þá hluti.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það kemur nú í ljós, að hv. þm. V-Húnv. misskilur fleira en þessa sína eigin brtt. Hann virðist halda, að dómsmrh. eigi að segja dómurunum til um það, hvernig eigi að dæma. Það er eitt meginatriði okkar réttarfars, að dómsmrh. ræður engu um það, hvernig dómarar dæma. Dómarar eru sjálfráðir í sínum störfum og eiga að fara eftir túlkun laganna, eins og þeir telja hana vera rétta, en ekki eftir neinum fyrirmælum dómsmálastjórnarinnar. Það er vitað mál, að það hefur oft komið fyrir, að dómarar hafa sýknað þann, sem dómsmrh. hefur ákært fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis, þó að áfengismagnið hafi verið meira en það lágmark, sem hér er til tekið, vegna þess að dómararnir telja ekki sannað, að áhrifin hafi verið slík, að þau hefði átt að telja aðila til sakaráfellis, og þar hafa þeir farið eftir því, sem vísindamenn hverju sinni telja sannast og réttast.

Það, sem er verið að gera með löggjöfinni nú eða frv., eins og það liggur fyrir, er að gera kröfurnar strangari, fara niður fyrir það áfengismagn, sem talið er örugglega sýna, að menn séu undir áhrifum áfengis, vegna þess að hér sé svo mikið í húfi, að það sé eðlilegt að gera mun strangari kröfur í þessum efnum en gerðar hafa verið, og ef þetta áfengismagn er í blóðinu, þá sé rétt að telja mann óhæfan til að aka bifreið, þó að eftir ströngum vísindalegum reglum yrði talið, að hann væri ekki undir áfengisáhrifum. Löggjafinn er að setja hér annað mark en talið er að rétt hafi verið að fylgja eftir ströngustu kenningum vísindanna, og það mark er sett vegna þeirrar stórkostlegu almannahættu, sem er því samfara, að áfengisneyzla komi til greina hjá þeim, sem aka bifreið.

Það tekur því ekki fyrir okkur, mig og hv. þm. V-Húnv., að vera að þræta um þetta. Okkar umsögn breytir engu, hvorki um álit vísindamanna í þessu né þá túlkun dómstólanna, sem verið hefur. Ef hann vill hafa það, sem rangt er í þessu máli sem öðru, þá hann um það.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við það, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri skrýtið, að foreldrar barna sinna gættu ekki fyllsta öryggis í sambandi við meðferð dráttarvéla. Staðreyndirnar segja, að í meðferð dráttarvéla hafa orðið mjög alvarleg slys og að margra dómi m. a. af því, að það hefur ekki verið gætt þess öryggis, sem átti að gæta.

Eins og frv. var lagt fram í fyrstunni, þá virtist sem þeir sérfræðingar, sem voru kjörnir til að semja frumvarpið, hafi skilið þetta þá mætavel. En mér er spurn: Hvaða aðilar eru það, sem hafa gripið þarna inn í? Ég hef ekki leitað mér upplýsinga um það. Það getur vel verið, að það sé hægt að fá þær. En mér er nær að halda eftir þá ræðu, sem hv. þm. Borgf. hélt í sambandi við málið, að þá mætti láta sér detta í hug, að Búnaðarfélag Íslands eða einhver slík samtök hafi gripið þarna inn í og ekki viljað fá lágmarksákvæði unglinga við keyrslu á dráttarvélum inn í frv.

Hv. frsm., formaður allshn., var að tala um, að þarna rækist á öryggi og almennir hagsmunir. Það er þannig í flestum málum, að þar rekast hagsmunirnir á. Þessi telur, að þetta séu sínir hagsmunir, og hinn telur það þveröfugt. Það má vel vera, að bændur telji sér það miklar hagsbætur og það sé mikið áhugamál fyrir þá að geta fengið 8, 9 eða 10 ára unglinga til að keyra dráttarvélar. Ég er á þeirri skoðun, að það sé hneyksli, sem hið opinbera geti ekki látið ómótmælt, ef það er rétt, að slík vinnubrögð séu viðhöfð í sveitunum. (**Gripið fram í:** Það lætur enginn bóndi 8 eða 9 ára börn —) Ég hef hér ummæli hv. 1. þm. Árn. fyrir því, að jafnvel yngri börn en sá aldur, sem ég tilnefndi hér áðan, hafi verið látin keyra á dráttarvélum, þó að hann sé hins vegar ekki samþykkur minni till., sem ég flyt. Hann mundi standa við þau ummæli, ef hann væri hér á þinginu, en hann er því miður ekki hér við.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að ræða þetta mál sérstaklega. Það er búið að ræða það af mörgum fróðum mönnum, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur fengið vandlega athugun og brtt. allar ræddar við þá sérfræðinga, sem frv. hafa undirbúið. En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, eru þau orðaskipti, sem fram hafa farið milli hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og hv. þm. V-Húnv. (SkG) um atriði, sem að mínum dómi er mjög veigamikið atriði í sambandi við þessa löggjöf. En það er um það, hversu bezt verði tryggt, að menn aki ekki bifreiðum undir áhrifum áfengis. Í grg. umferðarlagafrv. frá þeirri n., sem undirbjó það,

var gerð grein fyrir því, hvernig þetta hefði verið framkvæmt að undanförnu, og mun yfirleitt ekki hafa verið álitið af dómstólum, að menn væru undir áhrifum áfengis, nema áfengismagn í blóðinu væri a. m. k. um 0.8‰, og með hliðsjón af þeirri niðurstöðu og þeim dómspraksis, sem fyrir liggur og að sjálfsögðu þýðir ekkert að skella skollaeyrum við, því að ef sams konar ákvæði væri látið gilda áfram, þá mundu dómstólar að sjálfsögðu fylgja þeirri dómvenju, sem þegar er orðin, þá virðist augljóst, að ef ætti að láta hliðstætt ákvæði standa áfram í lögunum, þá mundi framkvæmd málsins verða á þennan hátt. Það sýnist því alveg augljóst mál, að með þeirri ákveðnu skilgreiningu, sem hér er fengin, og það er einmitt sú skilgreining, sem dómstólar hafa í rauninni óskað eftir, vegna þess að þetta hefur allt verið mjög á huldu, hvernig ætti að framkvæma lagaákvæðið, þá er að því stuðlað að þrengja þær kröfur, sem gerðar eru til ökumanna í þessu efni. Mér finnst ástæða til þess að leggja áherzlu á þetta atriði hér. Ég þykist þess fullviss, að fyrir hv. þm. V-Húnv., sem er mjög mikill áhugamaður á þessu sviði, hafi það vakað að stuðla hér að auknu aðhaldi. En ég held því miður, að það liggi alveg í augum uppi, að verði hans till. samþykkt, þá muni það verða nákvæmlega í sama farinu og það er í dag og menn telja óviðunandi í þessu efni.

Það er vitanlega alveg ljóst mál, að það er miklu líklegra, að hægt sé að koma fram ákveðinni reglu í þessu efni, ef ekki er látið nægja mjög óljóst orðalag, eins og það er að „vera undir áhrifum áfengis", sem er mjög mismunandi eftir því, um hvaða aðila er um að ræða, því að menn þurfa mismunandi mikils að neyta af áfengi til þess að geta verið taldir vera undir áhrifum áfengis, þannig að úr því fæst aldrei nein fastmótuð regla. Ef menn eru ekki ánægðir með það aðhald, sem er í frv. sjálfu, 0.60—1.30, þá má vissulega hugsa sér að þrengja það mark, en alls ekki með þessum aðferðum, heldur væri þá heppilegra að hafa þá aðferð, sem lagt er til í brtt. á þskj. 255, að þetta ‰ magn verði lækkað, t. d. í 0.50—1.20, og það hafa verið uppi kenningar um það bæði í Bandaríkjunum og reyndar víðar, þar sem þessi mál hafa mikið verið rædd, að það væri ef til vill ástæða til að fara niður í þetta magn.

Ég tel mjög mikilvægt, að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu máli, vegna þess að hér er um mjög veigamikið atriði að ræða og einmitt atriði, sem mér skilst að umferðarmálanefnd hafi tekið til mjög rækilegrar íhugunar og haft um það samráð við þá dómara, sem mesta reysnlu hafa í þessum efnum um framkvæmd löggjafarinnar, sem nú gildir. Og ég teldi mjög varhugavert, ef till. hv. þm. V-Húnv. í þessu efni yrði samþykkt með þeim afleiðingum, sem það óneitanlega hlyti að hafa um að draga úr þeim kröfum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og mundi fyrir mitt leyti telja mun æskilegra, að væri þá hægt að sameinast um það, ef menn vilja þrengja bær kröfur, sem gerðar eru í frv. sjálfu, að samþykkja þá tillögu, sem ég hér gat um áðan og flutt er af hv. þm. N-Þ. (GíslG) og hv. 6. landsk. þm. (GJóh).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að taka undir þá till., sem hv. 6. landsk. þm. (GJóh) hefur flutt á þskj. 283 og hann gerði hér mjög ýtarlega grein fyrir áðan og færði mörg rök, bæði sín eigin og þeirra manna, sem kunnugir eru þessum málum, fyrir að ætti að samþykkja. Það er viðvíkjandi því að tryggja, að ekki séu látnir vinna þeir unglingar, sem eru undir 14 ára, við að aka dráttarvél við jarðyrkju- og heyskaparstörf.

Það hafa tveir hv. þm., sem hér hafa talað, fundið ýmislegt að þessari till., og ég held, að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur að horfast í augu við, hvers kyns þessar mótbárur eru, því að ég álit, að við getum ekki tekið þær til greina. Hv. 10. landsk. (PP), frsm. allshn., sagði hér áðan í sinni ræðu, að það væri ekki vist, að menn vildu sætta sig við þetta, og hann átti sérstaklega við bændur. Spurningin í svona máli er ekki, hvað menn vilja sætta sig við, heldur hvað er rétt að gera og hvað þarf að kenna mönnum. Lög eru sett í landinu með það fyrir augum að reyna að vinna að ákveðnum endurbótum eða réttindum, og það eru oft og tíðum hinir og þessir, sem máske vilja ekki sætta sig við það, en skilja þó seinna meir, að það hefði máske verið þeirra eigin hagur. Það er vitað, að barna- og unglingavinna er meiri á okkar landi en í flestum öðrum löndum, og yfirleitt er unnið meira og erfiðar í okkar landi en í flestum öðrum löndum. En það þýðir ekki, að við verðum ekki að reyna þó að setja þarna viss takmörk. Það er ekki verið um það að ræða í þessum efnum að setja takmörk við t. d., hvað unglingar mundu vinna almennt, hvorki við landbúnað né fiskveiðar, og við vitum, að það er ekkert smáræði. Það, sem þarna er um að ræða, er hins vegar aðeins að setja takmark við eina ákveðna tegund, það er sem sé meðferð þessara sérstöku stóru verkfæra. Það er ekki verið að banna mönnum að vinna með hrífu og öðrum slíkum verkfærum, það er aðeins verið að taka fram um dráttarvélarnar. Og það eru nefnd dæmin um leið, hvernig menn hafa farið sér að voða, hvernig menn hafa grandað lífi sínu með þessu. Og það eru líka til dæmi um, að unglingar, sem hafa byrjað á dráttarvélunum snemma, hafa að meira eða minna leyti eyðilagt sínar taugar á því út af hristingnum, þannig að þarna er um mál að ræða, sem snertir beinlínis þroska unglinganna og að varðveita þeirra heilsu og firra þá tjóni, og það er atriði, sem er ekki síður mikilvægt fyrir sjálfan sveitabúskapinn heldur en þjóðina almennt. Ég held þess vegna, að í svona máli þurfi Alþingi alveg að segja skýrt og skorinort, hvað þarna beri að gera, og eins og líka hv. 1. þm. Reykv. (BBen) undirstrikaði viðvikjandi þeim till., sem umferðarnefndin hafði um þetta flutt, það er rétt að taka mikið tillit til álits slíkra sérfræðinga, þegar um svona mál er að ræða.

Ég held það sé misskilningur, að þetta sé slíkt hagsmunamál fyrir bændur, að þess vegna ætti ekki að vera að þessu. Ég held það sé alveg misskilningur. Ég held, að íslenzkur land-

búnaður komist af án vinnu barna á þessum tækjum. Og ég held þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt, að við gerum okkur fyrst og fremst grein fyrir, hvað rétt er að gera í þessum málum. Það er verkefni okkar með þeirri löggjöf, sem almennt er sett viðvíkjandi börnum og unglingum, að vernda lítilmagnann, þann, sem ekki hefur sjálfur aðstöðu til þess að heyja neina baráttu í þessum efnum eða jafnvel ekki veit fótum sínum forráð. Við vitum ósköp vel, að í sveitinni er það svo, að einmitt unglingunum, strákunum, 9, 10, 11 og 12 ára, þeim þykir ekkert eins gaman og að setjast upp á dráttarvél og fá að atast sem allra mest á henni. Þetta er sport fyrir þá, bæði drengi og stúlkur jafnvel. Og maður skilur freistinguna hjá bóndanum, sem vantar jafnvel vinnuafl, eins fámennt og er víða í sveitunum, þegar unglinginn dauðlangar í þetta og þegar bóndinn hefur þörf fyrir það. Það er einmitt vegna þess, að svona horfir við, að það þarf að grípa þarna inn í með löggjöf til þess að segja við báða aðila: Þetta er ekki hollt, og þetta er beinlínis hættulegt. — Og það er Alþingis að gera það. Það verða ekki aðrir aðilar, sem gera það í þessu efni. Og þeir sérfræðingar, sem um þetta hafa fjallað, eru á þeirri skoðun, að þetta beri að gera. Hins vegar er þetta stöðvað, þegar það hér kemur inn á Alþingi.

Hv. þm. Borgf. segir hér áðan, að það sé ekki þörf á þessu. Það er ekki röksemd, sem er rétt í þessum efnum. Það er þörf á því að banna þetta. Það sannar slysahættan, og það sanna afleiðingarnar af þessu. Það er þess vegna ekki hægt að neita brtt. á þskj. 283 frá því sjónarmiði, að það sé ekki þörf á að gera þetta.

Þá er hin röksemdafærslan, sem hv. 10. landsk. þm. kom með, sterkari, þegar hann sagði, að þarna væru ákveðnir hagsmunir í veði. Og þá er að athuga það, hvort hún er það sterk, að taka eigi tillit til hennar. Ég held hún sé ekki það sterk. Ég tel, að augnablikshagsmunir, sem þarna kynnu að vera, ef til vill meira eða minna misskildir, séu ekki eins sterkir og framtíðarhagsmunirnir, hættan, sem af þessu getur hlotnazt fyrir heilsu og líf manna.

Hv. þm. Borgf. sagði, að við yrðum að treysta á heimilisfeðurna í þessum efnum. Ég minntist áðan á aðstæðurnar í þessum efnum, og það hefur ekki verið regla Alþingis út af löggjöf, sem sett hefur verið viðvíkjandi vinnuöryggi og öllu mögulegu slíku, að treysta eingöngu á þá, sem hafa atvinnureksturinn með höndum, að þeir sjái um þetta. Þvert á móti. Það hefur verið sett mjög sterk og ákveðin löggjöf um mikið eftirlit og annað slíkt í þessu sambandi. Alþingi hefur ekki álitið, að það gæti treyst þeim, sem atvinnureksturinn hefðu með höndum, þegar hagsmunir þeirra væru annars vegar, það yrði þvert á móti að skerast í leikinn með tilliti til hagsmuna almennings og þjóðarinnar og kynstofnsins.

Hv. þm. Borgf. sagði, að með svona ákvæði mundu verða skertir starfskraftar í sveitinni. Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að það sé svo mikið um vinnu barna á þessum dráttarvélum, að það væru skertir starfskraftar í sveitinni, svo að um munaði. Og ég vil minna á í því sambandi, að þegar reiknuð er út vinna í sveitinni samkvæmt því samkomulagi, sem verið hefur á síðustu 15 árum milli verkalýðssamtaka og bændasamtaka, þá er reiknað með vinnunni sem vinnu, sem fullorðinn maður vinnur og reiknað er Dagsbrúnarkaup fyrir, þannig að það er gengið út frá, að þær afurðir, sem þar séu framleiddar, séu framleiddar með vinnu fólks, sem fær fullt kaup. Ég held þess vegna, að hér verðum við alveg fyllilega að taka fyrst og fremst tillit til þess, að okkur ber í þessu sambandi að tryggja, að á þessum tækjum séu ekki látnir vinna unglingar, sem enn þá eru raunverulega börn, unglingar innan 14 ára aldurs, og það sé rétt að setja á löggjöf um það.

Við höfum sett margháttaða löggjöf um barnavernd og gengið þó ekki enn þá nærri því eins langt í þeirri löggjöf og flestar okkar nágrannaþjóðir, og þurfum við vafalaust að athuga það vel að fara að ganga þar lengra. En yfirleitt hefur það þó verið svo, að sú vinna, sem börn hafa unnið hér, hefur verið vinna við ein af þeim gamaldags, frumstæðu tækjum. Það hefur ekki þótt rétt að tengja vinnu barnanna eða unglinganna innan þess aldurs, sem hérna er talað um, við vélarnar. Og við vitum það ósköp vel, að þannig hefur það líka verið alls staðar erlendis, þar sem barátta hefur orðið út af barnavinnunni, að hún hefur fyrst og fremst komið upp í sambandi við verksmiðjurnar, vélarnar og annað slíkt, en barnavinna aftur á móti við allar þær tegundir starfs og atvinnu, sem frumstæðar eru, heldur áfram að viðgangast í einu eða öðru formi, þó að hún sé óvíða eins mikil og hérna í okkar nágrannalöndum.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess við hv. þdm., að þeir samþykki þá till., sem flutt er af hv. 6. landsk. þm. á þskj. 283. Ég álít, að það sé bæði rétt og nauðsynlegt, að það sé gert, og það sé alger misskilningur, að með því móti væru skertir nokkrir réttmætir hagsmunir nokkurra aðila, en hins vegar þvert á móti séð fyrir því að vernda lítilmagnann, hafa vit fyrir þeim, sem í augnabliksþörfinni og nauðsyninni kynni að hætta við að hugsa ekki nóg um framtíðina í þessum efnum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við þær umr., sem orðið hafa um till. á þskj. 283, hefur það komið fram hjá flm. og þeim öðrum, sem hafa haldið till. fram, að ástæðan til, að við ætlum að samþ. þessa till., væri sú, að hún gengi í sömu átt og álit þeirra sérfræðinga, sem undirbjuggu þetta frv.

Nú skal ég játa það, að ég er minna þingvanur en aðrir menn hér á hv. Alþingi. En ég hef samt ekki orðið var við það þann stutta tíma, sem ég hef hér setið, að skoðanir manna færu eftir því, hvað sérfræðingar legðu til um afgreiðslu mála. Það frv., sem hér liggur nú fyrir, var samið af sérfræðingum, og því hefur þó verið breytt. Það er eðlilegt, að þingmenn afgreiði mál samkvæmt sinni skoðun, en ekki að vilja þeirra, er málin undirbúa, þótt sérfræð-

ingar séu. Þetta hefur verið ríkjandi sjónarmið, og þess vegna er málum breytt hér á Alþ. Það atriði út af fyrir sig er því ekki svo veigamikið, að það eigi að samþ. þessa till. vegna þess.

Það er út af fyrir sig rétt, að það getur verið öryggi í því að banna akstur á vélknúnu tæki, vegna þess að slysahætta er þar mikil. En það hafa orðið hér stórkostleg slys á bifreiðum og öðrum tækjum. Samt leyfum við mönnum að aka þessum tækjum áfram. Það hafa orðið slys á dráttarvélum, en það er ekki allt vegna barna og unglinga, sem þar hafa verið að verki, og sjálfur veit ég til þess, að fullorðinn maður hefur hvolft dráttarvél, þó að það yrði ekki að slysi, en hann heldur samt rétti sínum til þess að aka henni þrátt fyrir ákvæði þessarar till.

Við eigum að vinna að því, eins og frekast er hægt, að forðast slysin og að setja reglur þannig, að að þeim megi vera öryggi. En við getum aldrei fyrirbyggt slys með reglum. Það gerum við með því einu móti að hætta þá starfseminni. Samt leggjum við það almennt ekki til vegna atvinnuhátta og hagsmuna þjóðarinnar.

Hitt er mikill misskilningur, ef menn halda, að hér sé ekki um nokkuð veigamikið atriði að ræða, hvort rétt er að leyfa krökkum innan við 14 ára aldur að fara með þessi tæki, eins og nú á sér stað í sveitunum. Það er víða þannig ástatt, að þessi tæki væru kannske ekki notuð, ef unglingar innan við 14 ára aldur fengju ekki að fara með þau. Það gegnir öðru máli, þótt leyfi þurfi við stjórn dráttarvéla úti á þjóðvegum. En heima á túnum og í flögum er því mjög fjarri lagi að banna þetta. Og ég held, að hv. 3. þm. Reykv. hafi gert of mikið úr því, að hér væri um hættulegt tæki að ræða fyrir heilsufar barnanna. Ég held, að það mundi reyna anzi mikið á þau, ef þau mættu ekki nota orku sína til þess að vinna með þessum tækjum, þegar þau væru orðin 12—13 ára, og það er alveg öruggt, að það yrði aldrei það eftirlit með framkvæmd þessa máls, að þetta kæmi að tilætluðum notum.

Hér er um að ræða verulegt hagsmunamál fyrir bændastéttina og mál, sem ég held að sé heldur ekki sanngirnismál, því að aldurinn einn mun ekki skera úr um þetta, eins og hv. þm. Borgf. tók fram.

Ef út í það ætti að fara, sem hv. 3. þm. Reykv. tók hér fram áðan, að unglingavinna muni ekki vera talin fram í sambandi við verðlag á landbúnaðarafurðum, þá hygg ég, að þar mætti þá fleira tína til, svo sem eftir- og næturvinnu bænda, sem ekki er heldur tekin með í þeim verðlagsgrundvelli, svo að þar mun ekki á hallast.

En aðalatriðið er þetta, að aldurinn einn sker ekki úr um slysahættuna, en það er mikil nauðsyn að mega nota unglingana við þau störf, sem hér er um að ræða, og það væri því mjög miður farið, ef löggjafinn byndi hendur bænda í þessu máli, eins og hér er lagt til. Ég mun því snúast gegn till. á þskj. 283 og vonast til, að hv. þm. geri það yfirleitt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt, að það verði talsverðar umr. um svo veigamikið mál sem hér er um að ræða, þegar um það er að ræða að setja umferðarlög.

Eins og nú er háttað í okkar landi, þá er véltæknin og vélknúin tæki, sem notuð eru almennt, bæði á þjóðvegum og svo heima við bústörfin, dráttarvélarnar.

Það hefur verið allmikið rætt um till. þá, sem hv. 6. landsk. þm. (GJóh) hefur flutt á þskj. 283, þar sem lagt er til að banna unglingum innan 14 ára aldurs að aka dráttarvélum heima við heyskap og jarðvinnslu.

Það hefur verið gert lítið úr því, hvaða áhrif það mundi hafa hjá bændum, ef ekki væri unnt að nota unglinga undir þessum aldri við dráttarvélanotkun. En eins og tekið hefur verið hér fram, þá er þetta veigamikið atriði. Þannig háttar nú orðið í sveitinni, að það er tæplega um fullorðið fólk að ræða á heimilunum nema hjónin, og svo eru það börnin, sem hjálpa til, eftir því sem þau eldast og fá orku til.

Nú er það svo, að allir hv. þm. hafa sömu skoðun um, að það beri að forðast slysin, það beri að gæta fyllsta öryggis, og það er vissulega rétt, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði hér í dag, að foreldrarnir munu gera sitt ýtrasta til þess að vernda börnin gegn slysum. Nú mun einhver segja, að það sé ekki alltaf um það að ræða, að börn foreldranna séu að vinna á dráttarvélunum, heldur séu það einnig aðkomubörn. En ég hygg, að segja megi, að þegar börn koma á heimili vandalausra manna, þá líti húsbændurnir þannig á, að þessi aðkomubörn séu í þeirra ábyrgð og þeim sé skylt að annast þau eins og sín eigin börn, svo að ekki sé um það að ræða.

Nú hefur verið talað um það og færð rök fyrir því, að slysahættan geti jafnvel verið eins mikil hjá þeim, sem eldri eru, eins og unglingum, og það væri fróðlegt að athuga það, hvort slysin, sem orðið hafa á dráttarvélum, eru fleiri hjá unglingum innan 14 ára heldur en t. d. á 14 ára aldri eða aðeins þar yfir. Ég efast um, ef þetta væri rannsakað og það er vitanlega mögulegt að gera, að sú rannsókn leiði í ljós, að unglingar innan 14 ára aldurs séu fleiri, sem hafa orðið fyrir slysum á þennan hátt, heldur en unglingar 14 ára og eldri. Og eins og vikið hefur verið að, þá hafa jafnvel fullorðnir menn slasazt á dráttarvélum, og því er ekki að neita, að meðferð dráttarvéla eins og annarra vélknúinna tækja er alltaf nokkuð áhættusöm.

Það var í gamla daga talað um, að það væri hættulegt að láta börn fara með orf og ljá, þau gætu skaðað sig á því, þau gætu skorið sig við að brýna ljáinn, og þetta kom vissulega oft fyrir. Það kom iðulega fyrir, að börn innan við fermingaraldur sköðuðu sig á því að fara með orf og ljá. Eigi að síður munu flestir unglingar í þá daga hafa farið með þetta hættulega tæki, þennan stóra og bitra ljá, þótt það kæmi stundum fyrir, að þau sköðuðu sig á honum. Og þannig hefur það verið í lífsbaráttu þessarar þjóðar, að það hefur alltaf fylgt nokkur áhætta, og sem betur fer hafa börnin og unglingarnir haft áhuga fyrir því að reyna á sig, að hjálpa til, jafnvel þótt það fylgdi því nokkur áhætta. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það hefði holl uppeldisáhrif að neita kröftugum ungling-

um, strákum, sem hafa áhuga fyrir því að hjálpa til á heimilunum, að nota dráttarvél.

Dráttarvélin er að segja má á hverjum einasta bæ, og með því að unglingnum innan við 14 ára aldur væri bannað að nota dráttarvélina, þá mundi vissulega mikið vinnutap verða á heimilinu. (Gripið fram í: Mundi verða samkomulag um 12 ár?) Það er mjög nærri lagi að gera samkomulag um 12 ár, og ég hygg, að það sé mjög sjaldan, sem yngri börn en 12 ára séu á dráttarvélum. En það er dálítið erfitt að draga aldurstakmark, og ég mundi helzt leggja til, að frv. væri samþ. í því formi, sem það nú er, og það væri undir mati húsbændanna hverju sinni, hvort rétt væri að leyfa barninu að nota traktorinn. Ég held, að það væri eðlilegra, vegna þess að það er matsatriði. Við skulum hugsa okkur 10 ára, 11 ára gamla stráka, kröftuga stráka, sem vilja hjálpa til og geta hjálpað til. Er líklegra, að þeir fari sér að voða, heldur en 12—13 ára strákar? Þetta er mjög vafasamt. Eigum við ekki að treysta húsbændunum, að þeir geri það, sem í þeirra valdi stendur til þess að hafa vit fyrir unglingunum? Eigum við ekki að leyfa unglingunum, eftir því sem þeir fá orku, að reyna sig að hjálpa til við vinnuna og uppgötva það, að þeir geta orðið til gagns? Þeir geta hjálpað pabba og mömmu, og kaupstaðarbörnin, sem í sveitina koma, finna það, að þau geta orðið að gagni í sveitinni hjá þessum nýju húsbændum, sem vissulega munu gera það, sem í þeirra valdi stendur, til að forða þeim frá tjóni.

En ég ætlaði að koma að einu atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) minntist hér á áðan. Hann sagði, að bændunum væri reiknað Dagsbrúnarkaup við framleiðslu varanna og þess vegna væri ástæðulaust að vera að tala um vinnutap eða tjón hjá bændunum, þótt þeir gætu ekki notað vinnukraft barnanna. Þeir, sem eru lítið kunnugir högum bænda og ekki hafa gert sér far um að kynna sér vinnutímann í sveitinni og útreikningana, sem verðlag landbúnaðarvara er byggt á, geta komið með svona fullyrðingar, og þeir, sem hafa ekki kynnt sér þessar aðstæður meira en þeir, sem fullyrðingarnar fara með, gætu jafnvel fallizt á, að vegna þess að bændum er á vissan hátt reiknað Dagsbrúnarkaup, þá væri alveg ástæðulaust fyrir þá að reyna að notfæra sér vinnukraft barnanna. En það er þannig í sveitinni, að vinnutíminn er ekki 8 tímar. Hann er oftast 16 tímar a. m. k. við heyskap, og bændunum er ekki reiknað eftirvinnukaup, þegar verið er að reikna út verð búanna. Þeim er ekki reiknað næturvinnukaup, því að ef það væri gert, að bændunum væri reiknað næturvinnu- eða eftirvinnukaup, þá yrði verðlag landbúnaðarvaranna hærra en það er núna, og ég vil, að menn viti þetta. Ég vil, að menn viti það, að þegar talað er um, að bændum sé reiknað Dagsbrúnarkaup, þegar verið er að framleiða mjólk og kjöt, garðávexti og aðrar landbúnaðarvörur, þá er þeim aldrei reiknað nema dagvinnukaup, þótt þeir vinni langt fram á kvöld og langt fram á nótt, og þetta þarf öllum að vera ljóst. Og það er annað einnig, að enda þótt konan vinni fullkomið verk við framleiðslu varanna, þá er henni ekkert kaup reiknað. Henni er ekkert kaup reiknað við að mjólka kýrnar, og henni er ekkert kaup reiknað við að raka heyið af túninu. En varan væri ekki framleidd eins og gert er, nema af því að hjónin vinna bæði saman að þessari framleiðslu. Það er þess vegna ekki grundvöllur til þess að fárast yfir því, þótt unglingarnir leggi eitthvað fram í sambandi við framleiðsluna.

Það er nú ekki ástæða til að fara öllu fleiri orðum um þessa tillögu. Ef hún gæti orðið til þess að skapa öryggi, til þess að forðast slys, þá mundi ég fylgja henni. En af því að ég hef ekki trú á því, að hún leiði til aukins öryggis, að hún útiloki slysin, þá verð ég á móti till., vegna þess að ef hún væri samþ., þá leiðir hún til þess, að vinna unglinganna nýtist ekki, og hún leiðir einnig til þess að spilla unglingunum að því leyti, að þeim er meinað að hjálpa til og vinna og finna til þeirrar ánægju, sem unglingurinn verður aðnjótandi, þegar hann uppgötvar það, að hann getur unnið til gagns og nytsemdar foreldrum sínum og öðrum, sem honum er ætlað að hjálpa. Ég er sannfærður um, að einmitt það, að unglingarnir fái möguleika til þess að vinna og vinna snemma, eftir því sem orka leyfir, það hefur holl uppeldisáhrif og það skapar vaxandi öryggiskennd hjá unglingunum að finna það, að þeim er treyst, en ekki alltaf bannað, og það er það, sem hefur fleytt þessari þjóð áfram á undanförnum árum, að unglingarnir hafa orðið að treysta á sig fyrr heldur en seinna og að þeim hefur ekki alltaf verið bannað að leggja fram krafta sína.

Einar Olgeirsson: Hv. 1. þm. Rang. virtist nú hafa tilhneigingu til þess að fara að taka hér allan rekstur landbúnaðarins til endurskoðunar eða leggja fram rök, sem ættu raunverulega að leiða til þess. Hann sagði, að bæði bóndinn og kona hans ynnu raunverulega kauplaust svona og svona mikið. Og ég vil segja, að það væri vafalaust út af fyrir sig mjög nauðsynlegt að taka rekstur íslenzks landbúnaðar til endurskoðunar, einmitt út frá þeim þrældómi, sem á sér stað hjá fjölmörgum af einyrkjum. En hann sagði þetta vegna þess, að honum þótti ég fara skammt, þegar ég talaði um, að það væri reiknað Dagsbrúnarkaup. Ég held satt að segja þvert á móti. Ég held einmitt, að það sexmannanefndarsamkomulag, sem bændur og verkalýðssamtökin hafa gert sín á milli, hafi verið bændum til stórkostlegra hagsbóta, og ég held, að það verðlag á landbúnaðarafurðum, sem nú er, út frá því kaupgjaldi, eins og það hefur verið reiknað, sé bændum miklu hagstæðara en frjáls verðmyndun mundi hafa verið. Ég held, að þetta samkomulag hafi skapað öryggi fyrir íslenzkan landbúnað, sem fjöldi bænda á ekki við að búa í öðrum löndum. Hins vegar eru þau vandræði í sambandi við þetta, að það hefur ekki gengið eins fljótt og eins vel og þeir, sem stóðu fyrir sexmannanefndarálitinu á sínum tíma, vonuðust eftir að koma rekstri landbúnaðarins á mjög hagrænan grundvöll, og það er stórkostlegt vandamál í íslenzkum þjóðarbúskap.

Það er engum vafa bundið, að einmitt t. d. hér sunnanlands á sér stað víða mjög mikill stórrekstur, þar sem vélarnar og þeirra afköst fá til fulls að njóta sín og þar sem líka eru notaðir fullorðnir menn til vinnunnar, þar sem ræktun er orðin nógu mikil og aðstæðurnar nægilega góðar og markaðurinn nógu nálægur til þess, að hin miklu afköst þessara véla nýtist sem bezt. En það, sem svo skapar erfiðleikana hins vegar, einmitt eins og hv. 1. þm. Rang. kom inn á, er allur þorri smábúanna í þessu sambandi, m. a. kannske vegna þess, að það hefur ekki verið skipulögð rétt verkaskipting í íslenzkum þjóðarbúskap viðvíkjandi mjólkurframleiðslunni annars vegar og kjötframleiðslunni hins vegar og viðvíkjandi stærð búanna, sem miðað væri við, og gerðar ráðstafanir til þess að skapa þá bústærð, sem hentust væri, til þess að geta borið það kaup, sem eðlilegt væri og réttlátt að reikna þeim manni, sem vinnur. Það er vitanlegt, að með sexmannanefndarsamkomulaginu var farið inn á þá leið að reyna að skapa réttlæti í þessum hlutum í stað frjálsrar verðmyndunar, láta lögmál réttlætis ráða í staðinn fyrir framboð og eftirspurn. Það er oft erfitt í þjóðfélagi, þar sem framboð og eftirspurn annars marka hlutina. Það þýðir, að þá þarf af mannanna hálfu að vinna vitandi vits að því að gera reksturinn sem hagrænastan, sem praktískastan, samtímis því sem reynt sé að halda þessum grundvelli réttlætisins. Ég held þess vegna, að út af þeim hugleiðingum, sem hv. 1. þm. Rang. kom með í þessu efni, hafi ekki þarna verið hallað á bændur, út frá þeirri aðstöðu, sem ella hefði verið, ef frjálst framboð og eftirspurn hefði átt að ráða í þessum efnum í staðinn fyrir það fyrirkomulag, sem tekið var upp með sexmannanefndarsamkomulaginu. Ég held, að þeim hafi verið skapað meira öryggi með þessu móti. Hitt er svo aftur á móti annað mál og víðtækara, hvaða áhrif þetta hefur haft fyrir þjóðarbúskapinn og hve praktískt hann hefur verið rekinn sem heild þess vegna. En það mundi leiða of langt að fara að taka þau mál inn öll til umræðu í sambandi við það mál, sem hérna liggur fyrir. Ég held, að það sé rétt fyrir okkur að halda okkur fyrst og fremst við það mál, sem hérna er verið að ræða um, og þá sérstaklega í þessu sambandi þá brtt., sem hv. 6. landsk. flytur á þskj. 283.

Út frá þeirri brtt. og andspyrnu hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Mýr. við hana hafa þeir talað hér nokkur orð um, hve nauðsynlegt börnunum sé að fá að nota orku sína og fá að læra að vinna. Það hefur enginn verið að tala á móti slíku hér, og það hefur verið lögð áherzla á það einmitt, hverja þýðingu það hefur fyrir unglinga að komast í tengsl við framleiðsluna, bæði til lands og sjávar. En það hefur verið og er með þessari till. reynt að setja skorður fyrir því, að slík vinna sé notuð í sambandi við þessar stóru og miklu vélar. Vinnan, sem menn komast í samband við, þegar unglingar vinna að landbúnaði og við sjávarútveg, er fyrst og fremst og á að vera sú frumstæða vinna, þar sem þeir standa sem allra mest svo að segja í sambandi við náttúruna sjálfa og aðferðirnar við að vinna í henni, án vélanna sem milliliðs, og það er það, sem er heilbrigðast. Það er í því, sem uppeldisáhrifin fyrst og fremst eru fólgin. Það er í því, sem sambönd við okkar atvinnuvegi koma til með að hafa mesta þýðingu fyrir börnin, að þau skilji, hvað þarna er um að ræða. Það er ekki verið að setja takmörkin með þessu við þeirri vinnu, sem alltaf er mikið um í sveitinni. Það er ekki komið svo, að öll vinna í sveitinni sé vélræn, — langt, langt frá því, þannig að allt, sem talað er um þá vinnu, sem menn hafi gott af að vinna og krakkarnir hafi gott af að alast upp við, sú vinna heldur áfram. Til allrar hamingju er það ekki orðið svo, liggur mér við að segja, að öll vinna í sveitinni sé orðin tóm vélavinna, enda er ég hræddur um, að ef svo væri komið, að Suðurlandsundirlendið væri orðinn einn sléttur flötur, þá mundu ekki börn vera látin vinna þar. Það er vegna þess að íslenzkur landbúnaður er enn þá að miklu leyti frumstæður, að það er hægt að senda börnin okkar í sveit með mikilli þýðingu fyrir sálarlíf barnanna, fyrir samband þeirra við vinnuna, við náttúruna, við okkar þjóðhætti. Ef búið væri að gera allan landbúnaðinn að einni samfelldri flöt, þar sem uppskorið væri með vélum, sem unnið væri við svo að segja allan sólarhringinn, þá væri sveitarvinnan búin að missa þá þýðingu, sem hún hefur fyrir okkar þjóðlíf núna, þá væri hún orðin eins og hver önnur vélavinna, eins og það, sem við erum að skapa annars staðar. Það eru ekki börn send í sveit til slíks. Og mennirnir, sem sjálfir ynnu þarna, mundu varast að láta börnin sín vera að flækjast þar fyrir, þegar þessi stóru tæki brunuðu fram og aftur um þessa endalausu akra eða engi eða tún, sem þar væru.

Nei, einmitt hollustan, nauðsynin, sem er á því fyrir m. a. kaupstaðabörnin að fá að koma í sveit, fá að vera þar, það er vegna þess, að enn þá er okkar landbúnaður það frumstæður, að þau komast í það eðlilega samband við vinnuna, náttúruna, okkar þjóðlíf, okkar þjóðhætti, eins og það hefur verið næstum því í þúsund ár. Það er það, sem gefur því uppeldisgildi.

Það er það ægilega við þróun vélanna, þar sem þær byrja að setja sitt mark á atvinnuvegina, að þær útrýma öllu þessu frumstæða og um leið uppeldisáhrifunum af því, vegna þess að þær slíta tengsl, sem annars eru svo að segja milli mannsins og náttúrunnar.

Það er nú viðvíkjandi því, sem þessir tveir hv. þm. voru að ræða um uppeldisgildið í þessum efnum. Uppeldisgildið í sambandi við, að börnin fari í sveitina, fái að nota sína orku, og börnin, sem alast upp í sveitinni, fái að finna, að þau séu foreldrum sínum til gagns og annað slíkt, allt saman þetta helzt. En það er aðeins á einu sviði verið að setja takmarkanir, það er þar sem vélarnar eru að brjótast inn í þessa frumstæðu atvinnuhætti og þar sem þessi vinna barnanna á þess vegna ekki heima. Það á að takmarka það þar, og það er engin tilviljun, að þetta er þróun, sem gengur fyrir sig í öllu mannfélaginu.

Maður rær á árabát gjarnan með pabba sínum og fer að fiska, en maður fær ekki að stjórna vélinni í bátnum, þegar vélin er sett í hann. Það eru tengslin við það frumstæða í þessu, við þá frumstæðu atvinnuhætti, sem gera börnunum eðlilegt að starfa. Það eru vélarnar, sem breyta þessu, og þær eiga ekki við börnin, hvorki við þeirra sálarlíf né skapa þau tengsl, sem þarna þurfa að vera, til þess að þau hafi gott af því.

Hv. þm. Mýr. tók svo djúpt í árinni, að hann sagði, að dráttarvélar yrðu ekki notaðar, nema unglingarnir færu með þær. Það er að vísu nokkuð mikið vafalaust um það, að unglingarnir fari með þetta í sveitunum, en ég held, að þetta sé of djúpt tekið í árinni. Síðan bætti hann því við, að það yrði aldrei það eftirlit, að það væri hægt að framkvæma þetta.

Ég held, að hann vantreysti íslenzkum bændum. Ég efast ekki um, að ef hér á Alþingi væri samþykkt ákvörðun um þetta efni og sett í lög, þá mundu íslenzkir bændur virða það. Það vel treysti ég þeirra löghlýðni.

Hv. 1. þm. Rang. spurði, hvort slysin mundu vera nokkru tíðari hjá unglingum en hjá fullorðnum. Út af fyrir sig væri það nú ekki röksemd í þessu, jafnvel þó að þau kynnu að vera jafnalgeng eða minna algeng hjá unglingunum, — fyrir utan náttúrlega, að ég býst ekki við, að neinar endanlegar skýrslur liggi þarna fyrir. Álit Slysavarnafélagsins var hins vegar það, með leyfi hæstv. forseta, það segir í bréfi til hv. 6. landsk. þm.:

„Þá leyfir Slysavarnafélag Íslands sér að vekja eftirtekt hins háa Alþingis á því, hvað það hefur verið áberandi síðustu árin, að mörg börn hafa slasazt við meðferð vélknúinna búnaðartækja, bæði vegna þess, að allt of ungum börnum hefur verið trúað fyrir stjórn tækjanna og börnum leyft að sitja á tækjum, þegar þau hafa verið í notkun, og teljum vér því nauðsynlegt, að í lögum verði ákvæði, sem leggi á þetta sterkar hömlur, að börn verði látin stjórna eða sitja uppi á opnum, óvörðum landbúnaðartækjum, jafnvel þótt heima á sléttum túnum sé.“

Slysavarnafélag Íslands virðist líta svo á, að þetta sé því miður allalgengt. Hv. 1. þm. Rang. undirstrikaði, að meðferð dráttarvéla væri alltaf áhættusöm, og það er rétt hjá honum. Það er einmitt röksemd í þá átt, að það beri að hindra, að unglingar vinni að þessu.

Í bréfi öryggismálastjóra til hv. 6. landsk. er undirstrikuð sú skoðun hans, með leyfi hæstv. forseta: „Það mun þó því miður vera allalgengt hér á landi, að drengir allt niður í 9—10 ára aldur séu látnir aka dráttarvélum.“ Og svo vitnar hann í skrifstofustjóra í tæknideild sænska öryggiseftirlitsins, sem álítur, að það ætti ekki að leyfa yngri börnum en 15 ára að aka dráttarvélum.

Hv. 1. þm. Reykv. skaut því inn í, þegar hv. 1. þm. Rang. var að tala, hvort það gæti ekki náðst samkomulag um 12 ára takmark í þessum lögum. Og hv. 1. þm. Rang. tók þannig undir það, að honum fyndist það a. m. k. mjög til athugunar, en bætti svo við, að hann áliti, að helzt ætti þetta bara að vera undir mati húsbænda. Það hefur nú hingað til ekki verið siður Alþingis að láta allt svona vera undir mati húsbænda. Alþingi hefur sett sín mjög ákveðnu lög í þessum efnum, og álit t. d. Slysavarnafélagsins bendir í þá átt, að það sé ekki einhlítt að hafa þetta undir mati húsbænda.

Nú er að vísu sá galli á, ef samþykkt væri t. d. 12 ára takmark þarna, að þá væri Alþingi raunverulega að löggilda á vissan hátt, að unglingum væri leyft að vinna svona, t. d. milli 12 og 15 ára, beinlínis barnavinnu, sem út af fyrir sig er mjög leiðinlegt fyrirbæri. Engu að síður er það engum efa bundið, að þegar segir í áliti Slysavarnafélagsins og öryggismálastjóra, að það sé allt of algengt, að jafnvel 9 og 10 ára börn vinni á svona tækjum, þá álít ég að eðlilegt væri, að athugað væri og menn fengju tækifæri til þess að hugsa sig vel um, hvort samkomulag væri fáanlegt um að setja þarna 12 ár í staðinn, og ég mundi vilja mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. um þetta mál yrði núna frestað og þm. gefið tækifæri til þess fyrir framhald umr. að athuga, hvort þeir gætu ef til vill komið sér saman um einhverja slíka tillögu.

Forseti (HÁ): Það verður orðið við beiðni hv. 3. þm. Reykv. (EOl) að fresta umr. En áður en það verður, óska ég að heyra frá hv. þm. A-Húnv. (JPálm), sem hafði kvatt sér hljóðs, hvort hann óskar að tala nú eða síðar. (**JPálm:** Helzt núna.)

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., enda þótt margt sé hér um að ræða. En þar sem hæstv. aðalforseti þessarar d. hefur nú leitt umr. út á nýtt svið, þá get ég ekki látið hjá líða að segja hér fáein orð, og það er vegna þess, að þegar það kemur í ljós, að svo greindur maður og áhrifamikill stjórnmálaforingi eins og hv. 3. þm. Reykv. (EOl) trúir því, að aðstaða landbúnaðarins sé slík, eins og fram hefur komið í hans lýsingum, þá tel ég það skyldu fyrir okkur, sem vitum betur, að sýna fram á, að þetta er því miður rangt.

Það er komið svo með okkar atvinnumál, að það er í mörgum sveitum þannig, að eini vinnukraftur, sem bændurnir geta fengið yfir sumartímann, er unglingar frá 10—15 ára aldurs, og einu mennirnir, sem hægt er að fá í sveitirnar að vetrinum til, eru menn, sem fluttir eru frá öðrum löndum. Þetta má sanna með ummælum þess manns, sem hefur með mannaráðningar að gera af hálfu Búnaðarfélags Íslands. Ég spurði hann að því í nóvembermánuði s. l., hvernig honum gengi að útvega bændunum vetrarmenn, og hann hélt, að hann mundi nú geta að miklu leyti fullnægt eftirspurninni, en tók það fram skv. spurningu frá mér, að þar væri eingöngu um útlenda menn að tala. Hitt vita allir, sem kunnugir eru okkar landbúnaði, að víða er það svo á sumrin, að þá er eini aðflutti vinnukrafturinn, sem hægt er að fá, unglingar innan við fermingaraldur.

Nú er það kannske ekkert óeðlilegt, að það sé um það nokkur deila, hvort það sé réttmætt

að leyfa þessum unglingum að fara með dráttarvélar. En ég vil leyfa mér að fullyrða, að drengjum frá 12 til 15 ára aldurs, sem eru með fullkominni heilbrigði, er auðvelt að kenna að fara svo með þessi tæki á sléttu túni og í hálfunnum flögum eða meira, að af því á ekki að þurfa að stafa nein hætta, og þess vegna vil ég segja, að ég get ekki samþykkt að leggja þar bann við. Annars er það svo, að eins og kunnugt er, þá unnum við að því saman, ég og hv. 3. þm. Reykv., á Alþingi 1943 að fá fram lög, sem almennt eru kölluð sexmannanefndarlögin, og í þeim l., sem var okkar á milli og þeirra manna, sem hlut áttu að máli, hið bezta samkomulag um, þá var til þess ætlazt, að í því yrði samræmi, sem bændurnir fengju fyrir sína vinnu og sveitafólkið og aðrir verkamenn og þeir menn, sem vinna hin önnur störf í kauptúnum landsins. Þetta var þannig framkvæmt líka fyrstu árin. En það hefur áreiðanlega alltaf gengið meira og meira í öfuga átt, þannig, eins og hv. 1. þm. Rang. gat um, að ef bændur og þeirra fólk ætti að hafa sama kaup og verkamenn í kaupstöðum hafa, þá yrði verðið á landbúnaðarafurðum að vera miklu hærra en það nú er. En þessu er ekki til að dreifa, því að almennt mun það svo vera, að í gegnum verðlagið hafa bændur miklu lægra en almennt gerist um verkamannavinnu, og þetta má sanna á mjög einfaldan hátt. Og því miður er það svo, að það hefur ekki tekizt að halda því samkomulagi, sem gert var með þessum l. 1943, og það hefur aldrei verið verra, það vil ég leyfa mér að fullyrða, heldur en núna, síðan þeir menn tóku við stjórn í okkar landi, sem nú hafa hana.

Ef hv. þm. vilja hafa fyrir því að fá sannanir fyrir þessu, þá hafa þeir þær allir á borðunum hjá sér, og þeir þurfa ekkert annað heldur en líta í ríkisreikninginn, sem hver hv. þdm. hefur fyrir framan sig, fyrir árið 1956. Og ef þessir menn vilja hafa fyrir því að fletta upp í þessum ríkisreikningi og athuga reikningana yfir 3. gr. fjárl., þá sjá þeir, að þar eru reikningar yfir nokkur ríkisbú, — bú, sem eru rekin af ríkinu á beztu jörðum í landinu og með fullkomnustu tækni, sem völ er hjá okkar þjóð. Og aðstaða þessara búa er þannig, að þau fá jarðirnar, bústofninn, vélarnar, sem sagt allan höfuðstól, kostnaðarlaust og afgjaldslaust, en þó er það þannig samkv. þessum reikningi, að rekstrarhallinn á einu þessu búi er 97 þús. kr. þetta tiltekna ár, á öðru 96 þús. og á því þriðja 28 þús.

Nú er þetta mjög athyglisvert fyrir mann eins og hv. 3. þm. Reykv., sem er ríkisrekstrarmaður eða vill, að atvinnureksturinn sé yfirleitt í höndum opinberra aðila, og mælti fyrir því réttilega hér áðan, að það er náttúrlega mjög önnur aðstaða, ef það væru stór flæmi, sem væru öll orðin ræktuð. En ég vil fullyrða, að einmitt á þessum jörðum, þar sem þessi tilteknu bú eru, er aðstaðan slík, að hún er hvergi fullkomnari í okkar landi, og þetta er svo glögg sönnun fyrir aðstöðu bændastéttarinnar varðandi kostnað og tekjur sem mögulegt er að fá, enda er það alveg fullvíst, að ef vinnandi bændur og þeirra fólk ætti að reikna sér kaupgjald, eins og það er reiknað á hinum almenna vinnumarkaði í kauptúnum landsins, þá er verðið á afurðunum langt fyrir neðan það, sem það mundi vera, ef slík útgjöld væru öll tekin með.

Það er náttúrlega tvennt ólíkt að segja frá þessu, eins og það raunverulega er, eða hitt hvernig á að koma því í lag að breyta þessu. Það er örðugt, eins og komið er, vegna þess, hve mikið öngþveiti hér er búið að setja öll fjármál í. En hvað sem öllu þessu líður, þá vil ég segja það, að menn skulu fara varlega í að takmarka með lögbönnum það, að þeir unglingar og sá eini vinnukraftur, sem bændurnir fá yfir sumarið, megi vinna með þeim tækjum, sem til eru í sveitunum og nauðsynlegt er að nota. Það mega menn vara sig á að gera. Hitt er sjálfsagt, að gera kröfur til þess að geta treyst í því efni á þá, sem hlut eiga að máli, að þessir krakkar læri meðferð vélanna það vel, að það sé óhætt að sleppa þeim við þá.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta frv. Það er töluvert flókið mál og margt, sem þar kemur til greina. En ég treysti á þær n., sem hafa undirbúið málið og að öðru leyti fjallað um það hér á Alþ., og vil yfirleitt helzt sem minnst breyta því frá því, sem það kom frá hv. Ed.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 17. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 101, n. 253, 216, 254, 255, 269, 283, 304).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Allshn. hefur komið saman út af þessu frv., einkanlega vegna þeirra umræðna, sem fóru fram hér fyrir nokkrum dögum, þar sem kom fram allmikill skoðanamunur um nokkur atriði, og ræddum við í n. alveg sérstaklega um það atriði, sem þá kom fram varðandi 28. gr. frv., varðandi aldur unglinga við akstur dráttarvéla.

Það kom greinilega fram þá, að það rákust á þau öryggissjónarmið, sem ýmsir héldu fram og vissulega eiga fullan rétt á sér, og svo hins vegar hagsmunasjónarmið þess atvinnuvegar, sem viðkomandi atriði á við.

Við í n. ræddum þetta mál nokkuð, og niðurstaðan varð sú, að 3 nm., hv. þm. N-Þ. og hv. 2. þm. Reykv. ásamt mér, flytjum brtt. á þskj. 304, þar sem í staðinn fyrir, eins og það er nú í frv., „eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla“ o. s. frv., setjum við: Til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar, þarf hæfnisskírteini. — Þessi till. okkar miðar nokkuð í þá átt að reyna að samræma þau sjónarmið, sem komu fram hér um daginn. Það er með till. viðurkennt, að það þurfi að hafa eitthvert ákvæði í lögunum varðandi þetta tiltekna atriði, og þeir hv. þm., sem lögðu sérstaka áherzlu á öryggissjónarmiðið þá, kynnu kannske að geta sætt sig við þessa málamiðlun, ef sett er inn í lögin, að hæfnisskírteini skuli þurfa, til þess að unglingar megi aka dráttarvélum.

Varðandi hitt atriðið, þ. e. a. s. hagsmuni atvinnuvegarins, þá ættu þeir aðilar, sem sérstaklega töluðu fyrir því, máske að geta sætt sig við þetta fyrirkomulag fremur en hafa tiltekið aldurstakmark.

Það kom greinilega fram í umr. hér áður, að það eru ýmsir örðugleikar á því að setja aldurstakmark, hvort sem það væri 14 ár eða eitthvað annað, og því höfum við lagt fram þessa brtt., ef vera mætti, að samkomulag næðist þar um, enda hvor tveggja sjónarmiðin viðurkennd að nokkru með henni.

Búnaðarþing hefur alveg nýlega gert þál. varðandi þetta frv., og með leyfi hæstv. forseta, þá ætla ég að lesa till. þingsins.

Í fyrsta lagi: „Búnaðarþing ályktar að halda fast við ályktun sína og greinargerð um 28. gr. frv. til umferðarlaga, sem lá fyrir Alþingi 1957.“

Og í öðru lagi, sem væntanlega skoðast sem varatill.: „Ef Alþingi telur sér ekki fært annað en að hafa takmarkanir á aldri unglinga til aksturs heimilisdráttarvéla við heyvinnu og önnur bústörf, telur búnaðarþing, að betra sé fyrir bændur, að hæfnispróf verði lögleitt í þessu efni, heldur en að aldurstakmark verði ákveðið.“

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta atriði. Það var þrautrætt hér fyrir nokkrum dögum og er öllum hv. þm. í fersku minni síðan.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Mér kom það mjög á óvart, hvernig sumir hv. alþm. hafa tekið í þá till., sem ég flutti á þskj. 283 um lágmarksaldur barna við keyrslu dráttarvéla við landbúnaðarstörf utan alfaravegar. Af ummælum sumra hv. alþm. má gjarnan draga þá ályktun, að íslenzkur landbúnaður væri í yfirvofandi hættu, ef sett yrðu ákvæði inn í lögin um lágmarksaldur barna við keyrslu dráttarvéla.

Ég verð að segja það, að mér hefði ekki komið til hugar, að barnavinna við slík störf væri svo almenn eins og þessir hv. alþm. vilja vera láta. Ég þekki t. d. allmörg sveitaheimili, sem ekki láta 10 eða 12 ára börn vinna með slíkum vélum, telja það of mikinn ábyrgðarhluta. Aftur á móti þekki ég önnur sveitaheimili, þar sem börn og unglingar eru látin vinna með þessum vélum úr hófi fram. Þetta er að sjálfsögðu mjög misjafnt, og veltur þar á ýmsu. Hv. þm. Borgf. vildi t. d. halda því fram, að bændur væru færastir til að dæma um það, hvort börn væru fær um að keyra vélarnar, og þeim væri bezt trúandi til þess að kenna þeim rétt handtök o. s. frv. Ég veit, að margir bændur munu færir til þess að kenna börnum meðferð vélanna og gera það að sjálfsögðu. Hitt veit ég líka, að sumir bændur kunna tæplega með vélarnar að fara og eru illa færir til þess að kenna öðrum. Mér hefur t. d. oft sýnzt, að sumir bændur færu þannig með vélakost sinn, að ekki geti talizt til fyrirmyndar.

Hv. þm. Mýr. og hv. 1. þm. Rang. töldu báðir, að allar hömlur af hendi löggjafans í þessu máli mundu verða til mikils tjóns fyrir bændastéttina. Allir þessir hv. alþm. hafa haldið því fram, að landbúnaðurinn sé þannig á vegi staddur, að ef það opinbera setti inn í lögin ákvæði, sem bannaði 14 ára unglingum eða yngri að keyra dráttarvél, væri stórlega gengið á rétt bændastéttarinnar og mundi það hafa í för með sér stórt fjárhagslegt tap.

Enginn þeirra hv. alþm., sem talað hafa á móti till. minni, hefur minnzt einu orði á þá hlið, sem snýr að börnunum. Það hlýtur þó að vera aðalatriði málsins, þegar allt kemur til alls. Að halda því fram, að 10 eða 12 ára börn séu jafnfær til að stjórna vélum sem 14—15 ára unglingar, er hrein fjarstæða. Með hverju ári, sem líður, þroskast barnið líkamlega og andlega og verður þar af leiðandi færara um að stjórna vélinni. Því eldri sem unglingarnir eru, sem stjórna vélunum, verða afköstin meiri og slysahættan minni. Þetta liggur svo ljóst fyrir, að um það ætti ekki að þurfa að deila.

Hv. þm. Mýr. benti á, að hjá fullorðnum manni, sem stjórnar vél, kæmu iðulega fyrir slys, og benti þar t. d. á bílstjóra og að slík slys kæmu ekki síður fyrir hjá fullorðnum mönnum en hjá börnum og unglingum, sem keyra dráttarvélar. Því miður verða oft slys á vegum úti. Flest þeirra slysa er hægt að rekja til ónógrar varasemi, og í sumum tilfellum orsakast slysin af hreinum og beinum trassaskap, m. a. af of hröðum akstri, of litilli tillitssemi við aðra vegfarendur og fleiru þess háttar.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru einmitt mörg ný ákvæði, sem eiga að draga úr slysahættunni á vegum úti, og ég held, að allir séu sammála um, að það sé hin mesta nauðsyn að gera allt, sem hægt er, til þess að draga úr þeirri hættu. Því undrar mig alveg stórlega að heyra hv. alþm. mæla á móti því, að sett verði ákvæði inn í umferðarlögin um lágmarksaldur barna við keyrslu dráttarvéla.

Hér liggja fyrir skrifleg ummæli tveggja aðila um þetta mál, annað frá Slysavarnafélagi Íslands og hitt frá öryggismálastjóra ríkisins. Báðir þessir aðilar mæla eindregið með því, að till. verði samþykkt.

Það vekur alveg sérstaka athygli, að enginn af þeim hv. alþm., sem hér hafa talað á móti till., hefur minnzt á álit þessara aðila. Halda þessir hv. alþm., að t. d. stjórn Slysavarnafélags Íslands og öryggismálastjóri ríkisins, Þórður Runólfsson, viti ekki, hvað þeir eru að segja um þetta mál? Vilja þessir hv. alþm. halda því fram, að ekkert mark sé takandi á áliti og tillögum Slysavarnafélags Íslands? Eða vilja þessir sömu hv. alþm. neita algerlega réttmæti hins mjög svo rökstudda álits, sem fram kemur í bréfi Þórðar Runólfssonar öryggismálastjóra ríkisins, sem rökstutt er með áliti aðalsérfræðings í tæknideild aðalstöðva sænska öryggiseftirlitsins í notkun landbúnaðardráttarvéla? En hver er svo skoðun þessa sænska sérfræðings í þessu máli, svo að eitthvað sé bent á? Hún er í fæstum orðum sú, að ekki ætti að leyfa yngri börnum en 15 ára að aka dráttarvélum. Aðalrök hans eru þessi: Yngri börn en 15 ára taka yfirleitt starf sitt á dráttarvélinni sem leik og meta þess vegna ekki hætturnar með þeirri alvöru, sem eldri ökumenn gera og er nauðsynleg til þess að

forðast yfirvofandi hættur. Dómgreind barna er ekki svo þroskuð, að þau geri sér jafnskýra grein fyrir hættunni og fullorðnir menn. Viðbragðsflýtir barna er minni en fullorðinna, og verða þau því seinni til að afstýra slysi eða draga úr hættunni. Börnin hafa minni hæfileika en fullorðnir til þess að dæma um fjarlægðir. Þeim hættir því við að gera of seint ráðstafanir til þess að forðast eða afstýra hættu, sem fram undan kann að vera.

Ég vil taka undir með öryggismálastjóra, þar sem hann segir: „Því mun oftast borið við, að fólksfæðin knýi menn til að láta börn aka dráttarvélum, en verður það vinnuafl ekki of dýru verði keypt?“

Að sjálfsögðu lætur enginn bóndi barn keyra dráttarvél nema í þeirri góðu trú, að allt sé í lagi og engin hætta geti verið fram undan. En hver er sá maður, sem vill og getur tekið ábyrgð á slíku? Vélar eru engin barnaleikföng, og vél og barn eru tvennt gerólíkt. Vél, sem t. d. skemmist, er í flestum tilfellum hægt að gera við, en barn, sem slasast af vél, bíður þess máske aldrei bætur. Svo er annað mál, að börn, sem ung fara að keyra vélar, verða að meira eða minna leyti biluð á taugum, og yfirleitt ráða læknar eindregið frá því, að börn séu látin keyra eða vinna með vélum.

Ég hef talað við nokkra lækna um þetta mál. Og þeir, sem ég hef átt tal við, eru allir á einu máli um þetta atriði, að það sé ófært, að ung börn, 10, 12, 13 ára, séu látin vinna með slíkum vélum. Í Morgunblaðinu í gær var birt viðtal við nokkra menn um þetta mál. Ég leyfi mér að benda á ummæli Jóns Oddgeirs Jónssonar fulltrúa, sem þar voru, en hann segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það eru dæmi, að börn hafi beðið bana hér á landi í sambandi við dráttarvélaakstur. Stofnum ekki til fleiri slíkra slysa, og látum löggjöfina verja börn vor gegn slíkum slysum, jafnt í sveit sem kaupstað. Ég álít, að börn innan 14 ára ættu a. m. k. ekki að fá leyfi til þess að stjórna dráttarvélum. Í Danmörku er aldurstakmarkið til dæmis 16 ár.“

Í þeim viðtölum, sem birtust í sama blaði um þetta mál, komu fram skiptar skoðanir á þessu máli. Þó eru flestir sammála um hættuna, sem af því getur leitt að láta börn keyra dráttarvélar.

Þrír af meðnefndarmönnum mínum í allshn. flytja brtt. við 28. gr. umferðarlaganna. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við 28. gr. Síðasti málsl. 1. málsgr. orðist svo:

„Til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar, þarf hæfnisskírteini.“

Ég vil taka það fram, að ég tel þessa till. til lítilla bóta. Í henni er t. d. ekkert um það sagt, hver eða hvaða aðili það skuli vera, sem ætti að gefa út slík hæfnisvottorð. Á t. d. viðkomandi bóndi að vera einráður í því, hvort hann gefi út slík vottorð? Hvað á að liggja til grundvallar slíku vottorði? Mér er spurn: Vilja bændur taka á sig þá ábyrgð, sem því fylgir að gefa slík vottorð út? Ég hlýt að draga það mjög í vafa, og ég held, að bændum sé lítill greiði gerður með slíku ákvæði í lögunum. Auk þess dreg ég það mjög í vafa, að allur þorri bænda á Íslandi sé fær um að gefa slík vottorð, m. a. vegna ónógrar þekkingar á vélinni sjálfri, og ekki hvað sízt vegna vöntunar á þekkingu á því sálræna, sem að börnunum snýr. Ég get því ekki fylgt þessari till. og mun greiða henni mótatkvæði. Eftir því sem ég hef kynnt mér þetta mál meira, er ég því sannfærðari um, að setja beri í lögin lágmarksaldur fyrir þau börn, sem keyra dráttarvélar, og að það lágmarksákvæði ætti að vera 14 ár í lægsta lagi.

Ég leyfi mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, þegar til atkvgr. kemur, að viðhaft verði nafnakall um þessa till. mína. Ég vil að lokum benda á það, að ég tel, að þeir hv. alþm., sem greiða mótatkvæði á móti minni till., taki á sig mjög mikla ábyrgð. Það verður ekki hjá því komizt, að þar sem slys kunna að verða og þeir, sem eru að því valdir, verði dregnir til ábyrgðar gagnvart verkum sínum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 18. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 216,1 samþ. með 11:7 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
6.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 253,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
17.—24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 216,2.a—b felld með 12:7 atkv.
— 255,1.a samþ. með 13:7 atkv.
— 255,1.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 216,2.c—e teknar aftur.
— 216,2.f samþ. með 19 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 254 tekin aftur til 3. umr.

26.—27. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 283 felld með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EOl, GJóh.

nei: JPálm, JS, MJ, ÓTh, PÞ, PO, RH, SÁ, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, ÁS, EirÞ, EystJ, GíslG, GÞG, HÁ, HS, IngJ.

ÓB greiddi ekki atkv.

11 þm. (KGuðj, KJJ, LJós, PP, StgrSt, ÁkJ, BBen, EmJ, GÍG, HV, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 304 samþ. með 16:5 atkv.

28. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
29.—35. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
36.—46. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 255,2.a samþ. með 14:4 atkv.
— 255,2.b samþ. með 15:4 atkv.

47. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
48.—49. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 269 felld með 12:8 atkv.
— 255,3 felld með 14:8 atkv.

50. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
51.—64. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
65.—66. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

67.—72. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 216,3 (ný 73. gr.) samþ. með 11:8 atkv.
74.—75. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 216,4 samþ. með 14:4 atkv.
76. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
77.—79. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 216,5 tekin aftur.
80. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 216,6.a felld með 12:8 atkv.
— 216,6.b felld með 12:8 atkv.
81. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 253,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
82. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
83.—84. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
85.—88. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
89.—90. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 326, 254, 339, 341, 349, 352, 358).

Afbrigði um brtt. 352 og 358, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Allshn. hefur komið saman til fundar, eftir að 2. umr. var lokið, og hefur tekið nokkur atriði til endurskoðunar og athugunar.

Nefndin hefur borið fram brtt. á þskj. 339, sem eru í fyrsta lagi viðvíkjandi 40. gr. frv., 1. málsgr., um það, að ökumenn skuli aka til hliðar eða nema staðar, ef lögreglubifreið, sjúkrabifreið eða slökkvibifreiðar gefa hljóð- eða ljósmerki, en fellt er aftan af þessari málsgr.: „ef ástæða er til". Henni er breytt þannig, að stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar, en fellt aftan af: ef ástæða er til. Vitaskuld er alltaf ástæða til að aka til hliðar eða nema staðar, ef svona stendur á.

Önnur brtt. á þessu þskj. er einungis um gildistöku laganna, að lögin taki gildi 1. júlí, nema 1. og 2. málsgr. 70. gr., sem komi til framkvæmda 1. maí 1958, en það er varðandi tryggingarfélögin, þar sem þeirra tryggingarár byrjar þá.

Á þskj. 349 hefur n. leyft sér að flytja tillögu, þar sem breytt er orðinu glampagler, sem allvíða kemur fyrir, í „glitauga". Málsnjall maður hefur bent okkur á, að glampagler sé ekki reglulega skemmtilegt orð, og við höfum fallizt á það og teljum, að orðið glitauga fari miklu betur í þessu sambandi.

Þá er lítil brtt. við 82. gr., sem hefur ekki komið fram, en n. leggur fram hér skriflega. Það er varðandi það nýja atriði, sem kom inn við 2. umr. síðast í 1. málsgr., þar sem talað er um: „er skýri helztu umferðarreglur ásamt myndum af vegamerkjum og handarmerkjum bílstjóra". Það er um það, að orðið „bílstjóra" falli niður, en í staðinn komi: ökumanns. Þetta er samkvæmt ábendingum frá lögreglustjóra, sem bendir á, að vitaskuld eiga einnig aðrir ökumenn en bifreiðastjórar að gefa þau handarmerki, sem hér er gert ráð fyrir.

Þá höfum við lagt fram brtt. á þskj. 341, fjórir af þeim þm., sem eiga sæti í allshn., en við tökum þá till. aftur og leggjum fram skriflega till., sem er um það sama efni. Okkar hugsun í sambandi við þetta var vegna þess ákvæðis, sem hafði komið inn í 73. gr. við 2. umr. og er viðvíkjandi skyldu tryggingarfélaganna til þess að endurkrefja þann, sem hefur valdið tjóni, um tiltekna upphæð. Okkar brtt. verður þannig, að í staðinn fyrir orðið „skylt" í 1. mgr. 73. gr. kemur orðið „heimilt".

Til fundar við n. komu fulltrúar frá bifreiðastjórafélögunum og frá tryggingafélögunum. Fulltrúar bifreiðastjórafélaganna mæltu eindregið gegn því, að þetta ákvæði væri sett inn, svo sem gert er í greininni. Fulltrúar eða samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjórafélaganna hafa sent n. bréf, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. umr. frv. til umferðarlaga í Nd. Alþingis var samþykkt brtt. frá Skúla Guðmundssyni, svo hljóðandi: (Ég hirði ekki um að lesa till.)

„Með ákvæði þessu, ef að lögum yrði, væri allverulega búið að skerða rétt tryggingarkaupanda frá því, sem upphaflega er til ætlazt með lögboðinni tryggingu, og lítum við svo á, að í framkvæmd mundu nefnd ákvæði jafngilda gífurlegri iðgjaldahækkun frá tryggingarkaupanda og þannig verulega gengið til móts við viðkomandi tryggingarfélög með því að draga úr greiðslum þeirra vegna tjóna, sem tryggingin byggist fyrst og fremst á og kemur þeim einum til hagnaðar, þar sem vitað er, að verulegur hluti tjónagreiðslna byggist á þeirri upphæð, sem gert er ráð fyrir að tryggingarkaupandi greiði án tillits til afsláttar í iðgjaldagreiðslu.

Við undirritaðir leyfum okkur því að mótmæla harðlega áðurgreindri breytingu og óskum eftir, að hún verði felld úr frv. við 3. umr., þar sem við teljum, að vátryggingarfélögin hafi fullkominn möguleika án þessa ákvæðis til endurkröfu á hendur tryggingarkaupenda samkv. 73. gr. frv., eins og hún er þar fram sett.

Með tilvísun til framanritaðs, þá leyfum við okkur að mega vænta fullkomins skilnings n. og hv. Alþingis á þessari ósk bifreiðatryggjenda og það sjái sér fært að endurskoða samþykkt þessa og fella hana úr frv."

Undir þetta skrifa fulltrúar fyrir bifreiðastjórafélagið Hreyfil, Landssamband vörubifreiðastjóra, Strætisvagna Reykjavíkur, bifreiðastjórafélagið Neista, bifreiðastjórafélagið Fylki, Félag íslenzkra bifreiðaeigenda, Vörubílstjórafélagið Þrótt og Félag sérleyfishafa.

Fulltrúar frá tryggingarfélögunum komu nokkuð inn á þetta mál líka. En það, sem þeir raunar lögðu mesta og aðaláherzlu á við n., fannst mér, var það að hraða afgreiðslu þessa máls, með því að það veldur tryggingarfélögunum miklum erfiðleikum við undirbúning skírteina fyrir næsta tryggingartímabil, ef þau geta ekki innan skamms fengið vissu sína um það, hvort þetta frv. verður að lögum eða ekki. En fulltrúar þeirra komu einnig inn á þetta atriði sérstaklega, og þeir voru ekki tilbúnir til þess að gefa neinar ákveðn-

ar upplýsingar um það, hvað þetta hefði mikil áhrif á lækkun iðgjalda, ef til kæmi, en mér fannst á þeim, að þeir teldu mjög mikla annmarka á því að ýmsu leyti að framkvæma þessa skyldu til endurkröfu og teldu, að lækkun iðgjalda yrði ekki verulega mikil.

Við höfum því lagt til, að í staðinn fyrir að skylda tryggingarfélögin til þessarar innheimtu komi heimild fyrir þau til þess að hafa þennan hátt á, enda er sú heimild, eins og ég hef áður getið um hér í umræðum, bundin í þessari lagagrein.

Að gefnu tilefni vill n. aðeins taka fram í sambandi við 28. gr. frv., sem er varðandi það mál, sem áður hefur verið rætt hér, um aldur til aksturs dráttarvéla, að það er skilningur okkar, að dómsmrh., eins og stendur í lagagr., setji skilyrði og reglugerð fyrir því hæfnisskírteini, sem gert er ráð fyrir að sé krafizt til heimildar til að aka dráttarvélum, að dómsmrh. gefi einnig reglugerð út um þetta atriði, en sumir hafa bent á, að það væri kannske ekki alveg tvímælalaust, eins og það stendur í gr. En við nánari athugun hefur okkur þó fundizt það vera alveg tvímælalaust.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 326, 254, 339, 341, 349, 352, 358, 363, 364).

Afbrigði um brtt. 364, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég á brtt. við frv. á þskj. 352. Fyrri brtt. á þskj. er við 73. gr. frv., 1. mgr. hennar. Sú mgr. var ákveðin við 2. umr. málsins samkv. brtt., sem ég bar þá fram, og efni hennar er það, að þegar vátryggingarfélag hefur orðið að greiða bætur fyrir tjón, þá skuli því skylt að endurkrefja þann, sem tjóninu hefur valdið, um 500 eða 1000 kr. eftir því, hvort tjónbæturnar hafa numið 500—1000 kr. eða hærri fjárhæð.

Ég hef síðan komizt að raun um, að það er æskilegt að gera það skýrara í þessari mgr., við hvað er átt, þar sem orðalagið, eins og það er nú, gæti leitt til þess, að það yrði ef til vill ágreiningur um, hvernig bæri að framkvæma þetta. Þar er talað um 500 eða 1000 kr. af hverri einstakri bótagreiðslu.

Nú er það svo, að þegar bifreið veldur tjóni eða annað ökutæki, þá kemur það oft fyrir, að þeir eru fleiri en einn, sem eiga kröfu um bætur, og mætti ef til vill skilja orðalag mgr., eins og það er nú í frv., þannig, að það ætti að greiða því meira, ef þeir aðilar væru fleiri en einn, sem krefjast bóta og fá bætur greiddar. En þetta væri í ósamræmi við það, sem til var ætlazt upphaflega með ákvæðinu.

Ég hef því lagt til í 1. brtt. á þskj. 352 að breyta nokkuð orðalaginu, þannig að það sé ótvírætt, að endurkröfurnar verði ekki hærri en þetta, 500 eða 1000 kr. fyrir hvern einstakan vátryggingaratburð, en því er það orð hér notað, að í lögum nr. 20 frá 1954, um vátryggingarsamninga, er það nefnt vátryggingaratburður, það atvik, sem tjóni veldur, þannig að vátryggingarsalar þurfi að greiða bætur. Ætti ekki að verða neinn vafi um skilning á ákvæðinu, ef brtt. mín á þskj. 352 verður samþykkt, og vænti ég þess, að dm. geti á það fallizt að gera orðalagið ótvírætt.

Þá eru einnig á sama þskj. tvær brtt. við 81. gr. frv. Í þeirri gr. frv. eru ákvæði um það, í hvaða tilfellum skuli svipta menn rétti til að stjórna vélknúnum ökutækjum. Segir þar í 2. mgr., að hafi stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við ákvæðin fyrirmæli í 25. gr. frv., skuli svipta hann ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Síðan segir: „Ef sérstakar málsbætur eru, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2., sbr. 3. mgr. 25. gr.“

Ég legg til í brtt. minni, að þarna bætist inn í ákvæði um það, að því aðeins megi sleppa sviptingu réttinda, að kærður hafi eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðastjóri. Þetta er svo í gildandi lögum. Í bifreiðalögunum frá 1941, í 39. gr. þeirra laga, eru ákvæði um sviptingu ökuleyfa, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef alveg sérstakar málsbætur eru fyrir hendi og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðastjóri, þarf þó eigi auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu.“

Þetta ákvæði laganna hefur verið fellt niður við samningu frv., og í brtt. er það tekið upp alveg orðrétt úr gildandi lögum. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi ákvæði vægari en þau eru í núgildandi lögum.

Þá er einnig hitt atriðið, sem er í b-lið 2. brtt. minnar á þskj. 352, og það er einnig breyting á 81. gr., 3. mgr. hennar. Þar segir í þeirri mgr. í frvgr., að réttindasvipting skuli eigi vera skemur en 1 mánuð, en í 39. gr. núgildandi bifreiðalaga eru ákvæði um það, að ökuleyfissvipting skuli eigi vera skemur en 3 mánuði.

Hér er því einnig slakað á viðurlögunum, og ég legg til, að þetta verði fært í sama horf og nú er í lögum, að ökuleyfissviptingin verði eigi skemur en 3 mánuði.

Till. mín er sem sagt um það, eins og í hinu tilfellinu, að færa þetta í samræmi við þau ákvæði, sem nú gilda.

Á þskj. 364 liggur fyrir brtt. frá 4 hv. þdm. við 73. gr. frv., 1. mgr. hennar. Brtt. þeirra er um það, að í staðinn fyrir að vátryggingarfélagi sé skylt að endurkrefja þann, sem tjóni hefur valdið, um 500 eða 1000 kr., þá skuli vátryggingarfélögunum vera heimilt að endurkrefja um þessar upphæðir.

Ég tel ekki til bóta að gera þessa breytingu, heldur þvert á móti. Ég gæti búizt við því, að a. m. k. sum vátryggingarfélögin mundu vilja komast hjá því að endurkrefja vátryggingartaka á þennan hátt. Það mun líka mega telja, að það sé meira hagsmunamál fyrir aðra en vátryggingarfélögin, að þessi skipan komist á.

Eins og ég ræddi um við 2. umr. frv., þá tel ég engan vafa á því, að ef þessi regla væri upp tekin, að láta þá, sem tjóni valda, borga nokkuð, þó að tiltölulega litlar upphæðir séu, af því tjóni, sem verður, þá mundi það verða til þess, að það yrði sýnd meiri varkárni í umferðinni. Árekstrunum og slysunum mundi fækka, og það gæti orðið til þess að minnka tjónið og um leið að lækka iðgjöldin fyrir tryggingar ökutækjanna. Auk þess mundu að sjálfsögðu iðgjöldin, sem eigendur ökutækjanna þurfa að borga, lækka við það, að þessar endurgreiðslur kæmu frá þeim, sem tjóni valda.

Ég tel því heppilegra að hafa þetta óbreytt, eins og það er nú í frvgr., að skylt sé að endurkrefja. En ef meiri hl. hv. þd. vill breyta þessu á þann hátt, sem lagt er til í brtt. þeirra á þskj. 364, þá tel ég þó nauðsynlegt að setja inn ákvæði um það, að þar verði það meiri hlutinn, sem ræður, hvort á að beita endurkröfuheimildinni eða ekki, og því hef ég lagt fram brtt. á þskj. 358 um viðbót við 1. mgr., en því aðeins kemur þessi brtt. mín til greina, að brtt. á þskj. 364 frá 4 hv. þdm. verði samþykkt. Verði hún felld, þá mun ég taka þessa brtt. aftur, því að þá á hún ekki við, og ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að hann bæri fyrst upp, eins og virðist eðlilegt, aðrar brtt. við 73. gr., þ. e. a. s. 1. mgr. hennar, en mín viðbótartill. á þskj. 358 kæmi til atkvæða á eftir og mundi þá, eins og ég sagði, ekki koma til atkvæða, ef brtt. á þskj. 364 verður felld.

Það liggur í augum uppi, að það er ekki hægt fyrir eitt eða tvö vátryggingarfélög t. d. að nota endurkröfuheimildina, ef önnur félög, sem hafa þessar vátryggingar með höndum, neita að gera það. Þarna verða þau öll að fylgjast að, og því gæti það farið svo, ef þessu verður breytt í heimildarákvæði án þess að kveða nokkuð á um það nánar, að t. d. eitt vátryggingarfélag gæti afstýrt því, að heimildin væri notuð, þó að það hefði ekki nema litinn hluta af tryggingunum, við skulum segja 4% eða 5%, þó að hin félögin, sem hafa mikinn meiri hluta af tryggingunum, vildu nota heimildina.

Brtt. mín eða viðaukatill. er því um það, að ef vátryggingarfélag eða félög, sem annast samanlagt meira en helming trygginganna, ákveði að nota endurkröfuheimildina, þá sé öðrum vátryggingarfélögum skylt að krefja um endurgreiðslur einnig samkvæmt heimildinni. Með þessu mundu það verða þeir aðilar, sem hafa í sínum höndum meira en helming trygginganna, sem á hverjum tíma ráða því, hvort endurkröfuheimildin verður notuð eða ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þessar brtt. En nú eru allmargir hv. þdm. fjarverandi og nokkrir þeirra hafa þegar fengið páskaleyfi, þannig að á þessum fundi vantar marga menn í d., og ég hefði viljað beina því til hæstv. forseta í því tilefni, hvort honum þætti ekki rétt eða hann gæti á það fallizt að fresta atkvgr.

Það er þannig með þetta mál, að það hafa verið gerðar töluverðar breytingar á því hér í d., svo að það þarf að fara aftur til hv. Ed., og sýnist mér því útilokað, jafnvel þó að atkvgr. færi fram hér á þessum fundi, að málið fái fullnaðaraf greiðslu frá þingi fyrir páska, og ætti þá ekki, virðist mér, að skipta miklu máli, þó að atkvgr. væri frestað. En ég hefði talið það að ýmsu leyti æskilegt, að þeir, sem nú eru fjarverandi með leyfi forseta, ættu þess kost að greiða atkv. um þessar brtt.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Varðandi þær brtt., sem hv. þm. V-Húnv. hefur lagt fram, langar mig aðeins til að segja örfá orð.

Um seinni liðinn í brtt. á þskj. 352, þ. e. breytinguna við 81. gr., vildi ég fyrir mitt leyti segja það varðandi a-lið, um það, að kærði hafi eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðastjóri, að því atriði er ég alveg samþykkur og tel, að það sé eðlilegt, að slíkt sé sett inn, með því að það er að sjálfsögðu aldrei um of itrekað, að ef menn hafa gerzt sekir um þessi atriði áður, þá skuli það tekið til greina. Mér finnst því ekkert óeðlilegt við það, að þessi breyting komi.

En varðandi b-liðinn í brtt. við 81. gr., þá finnst mér þar skipta nokkuð öðru máli og vildi, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það, sem umferðarmálanefndin hafði um það atriði að segja í fyrra:

„Þar sem sú leið er valin, að ökuleyfissviptingu skuli beitt að mun meira en verið hefur, verður ekki hjá því komizt, að sviptingartíminn verði styttur að lágmarki til. Ber tvennt til. Ökuleyfissvipting kemur mjög hart og þó misjafnlega niður, og dómstólar mundu því stundum hika við að beita henni um langan tíma, þótt þeir teldu rétt að beita henni um skamman. Réttindasvipting er og mjög til þess fallin að hamla gegn brotum, þótt hún sé fyrst og fremst öryggisráðstöfun, en sviptingartími, sem verulegu nemur, er mjög til þess fallinn að draga úr hæfni ökumanns, er hann byrjar akstur að nýju."

Umferðarmálanefndin gat um þetta, ef ég man rétt, þegar hún var eða nokkrir úr henni voru til viðtals við allshn. á sínum tíma, og hafði rætt þetta atriði sérstaklega og mælti mjög með því, að sá háttur væri tekinn upp að hafa ökuleyfissviptingartímann ekki lengri en 1 mánuð, með því að að öðru leyti væri mjög hert á þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi.

Ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til þess að standa að þessum b-lið, og mér finnst, að þau rök, sem umferðarmálanefndin hefur fært fram fyrir sinni afstöðu þar, eins og það er í frv. nú, séu mjög sterk.

Varðandi brtt. á þskj. 358, þá er hún, eins og hv. þm. V-Húnv. gat um, aðeins hugsuð koma til atkvæða, ef till. okkar fjórmenninganna yrði samþykkt.

Mér sýnist það mjög orka tvímælis, hvort þau rök hv. þm. eru sterkari, að eitt félag gæti stöðvað það, að heimildin væri notuð, eins og hann sagði, eða hitt, að eitt félag gæti pressað það í gegn, að heimildin væri notuð. Ef það t. d. hefði 51% af tryggingunum, þá mundi það koma þannig út, að öll hin félögin, sem gætu kannske og vildu hafa annan hátt á þessu og hefðu samkeppni sín á milli, verða að hlíta þessu. Mér virð-

ist reynslan hafa verið sú, að á milli tryggingafélaga hafi verið allmikil samkeppni í þessum málum, og mér finnst ekkert óeðlilegt við það, að hún haldi áfram.

Það er ljóst, að ef þessu ákvæði er bætt þarna inn í gr., þá gæti, eins og ég sagði áðan, eitt eða kannske tvö félög, sem vildu standa saman, með nauman meiri hluta pressað það á öll hin félögin, og það finnst mér ekki sanngjarnt.

Um hitt atriðið, að eitt félag, sem hefði kannske 5%, mundi stöðva það, að heimildin væri notuð, þá held ég, að það hljóti að liggja einhver dýpri rök til þess þá en að það litla félag gæti stöðvað það, enda ef tryggjendur telja sér hagkvæmara að tryggja hjá því félagi, sem notaði slíka heimild, þá er það væntanlega vegna þess, að tryggjendur vilja fá þennan litla stubb bættan, þessar 500 kr. eða 1000 kr., — og hví þá ekki lofa þeim að tryggja þar, sem þeir vilja? Ég sé ekkert því til fyrirstöðu.

Varðandi svo hitt atriðið, sem er aðalatriðið, eins og það liggur fyrir núna, hvort það skuli vera skylt, eins og það er samkv. frv., eða aðeins heimilt, eins og er samkv. till. okkar fjórmenninganna, þá er það vitanlega aðalatriðið, sem mér sýnist að verði að hugsa um, hvort sé tryggjendum fyrir beztu. Ef tryggjendur sjálfir, bifreiðaeigendur, vilja fá tryggingu sína fulla og fullkomna, þá finnst mér, að það eigi að gefa þeim möguleika til þess, og ég hef ekki mikla trú á því, að bifreiðastjórar aki á aðra bíla eða geri bifreiðatjón að yfirlögðu ráði. Ég er ekki að segja, að það kunni ekki að eiga sér stað, ef einstöku prökkurum skyldi detta það í hug, en ég held, að það sé ekki almennt.

Ég held, að það vaki fyrir tryggjendunum fyrst og fremst að fá sína tryggingu þannig, að hún taki yfir þau væntanlegu tjón og þá óheppni, sem ökumenn verða fyrir, ef þeir valda tjóni. Og það er einmitt það, sem þeir eru að tryggja sig fyrir, að fá það tjón bætt, og því vil ég fyrir mitt leyti eindregið mæla með till. okkar fjórmenninganna og leggja til, að í frv. verði aðeins heimild.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skildist á hv. 10. landsk., að hann vildi halda því fram, að ákvæðin um ökuleyfissviptingu væru hert frá því, sem nú er í lögum, en það er ekki. Hann talaði um, að það væri skylt samkv. frv. að beita ökuleyfissviptingu, þegar um ákveðin brot er að ræða, í þessu falli akstur undir áhrifum áfengis, en þannig er það nú einnig í bifreiðalögunum. Þar segir, að bifreiðastjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skuli sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða.

Þetta er alveg eins og nú er í frv., bara með þeirri breytingu, að nú er settur einn mánuður sem lágmarkstími í frv., en eru þrír mánuðir í gildandi lögum.

Um hitt atriðið, hvort rétt sé að hafa skyldu eða heimild til að endurkrefja þann, sem tjóni veldur, býst ég ekki við að þýði að ræða meira. Ég geri ekki ráð fyrir að sannfæra hv. 10. landsk. um, að það sé heppilegra, sem ég held fram um þetta, og ég hef ekki heldur sannfærzt af hans rökum um, að rétt sé að breyta skyldunni í heimild. En hitt finnst mér ljóst, að ef þetta verður gert að heimildarákvæði, þá sé rétt að haga því þannig, að það verði meiri hlutinn, sem ræður, hvort heimildin er notuð eða ekki, þ. e. a. s. þeir aðilar, hvort sem það er eitt félag eða fleiri, sem hafa meiri hluta tryggingganna með höndum. Eins og ég áður gat um, þá liggur það í hlutarins eðli, að það er ekki hægt fyrir nokkurn hluta tryggingarsalanna að taka upp þessa reglu, ef hinir gera það ekki, því að það gæti haft þannig áhrif í þeirra samkeppni um viðskiptin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 11. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 349,1.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 349,1.b samþ. án atkvgr.
— 349,2 samþ. án atkvgr.
— 349,3 samþ. án atkvgr.
— 349,4 samþ. án atkvgr.
— 254 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 339,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 349,5 samþ. án atkvgr.
— 349,6 samþ. án atkvgr.
— 349,7 samþ. án atkvgr.
— 341 tekin aftur.
— 364 samþ. með 17:3 atkv.
— 352,1 samþ. með 14:6 atkv.
— 358 felld með 15:5 atkv.
— 352,2.a samþ. með 12:10 atkv.
— 352,2.b felld með 13:7 atkv.
— 363 samþ. með 21:1 atkv.
— 339,2 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 373).

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. til umferðarlaga er nú komið á ný hingað til hv. d. til einnar umr., sökum þess að hv. Nd. hefur breytt því í ýmsum atriðum, eftir að það var afgreitt hér í hv. deild.

Allshn. hefur á fundi í morgun athugað þessar breytingar, sem hv. Nd. hefur gert á frv., og hún telur, að ýmsar þeirra horfi jafnvel til bóta, og á það einkum við lagfæringar á orðalagi og öðru slíku. Nokkrar tillagnanna skipta ekki verulegu máli. En svo eru fáeinar, sem n. telur að ekki sé unandi við og horfi til spillis og skemmdar á frv. Nefndin hefur því ákveðið að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða frá þingsköpum til þess, að heimilað verði að bera fram brtt. við frv. og þær skriflegar, því að ekki hefur unnizt tími til að prenta þær.

Þessar brtt., sem hér er um að ræða, eru að-

eins fjórar, og ég vil leyfa mér að gera í örfáum orðum grein fyrir höfuðatriðum þeirra.

Í fyrsta lagi er það við 25. gr. frv. Þar leggur allshn. til, að 10. mgr. gr. falli niður, en þessi 10. mgr. er á þá leið, að hverfi ökumaður af vettvangi, eftir að hann hefur átt hlut að umferðarslysi, og náist skömmu síðar undir áfengisáhrifum, skuli talið, að hann hafi verið undir þeim áhrifum við aksturinn.

Allshn. athugaði þetta mál bæði í vetur og í fyrravetur, þegar hún hafði þetta frv. til meðferðar, og mun þá hafa komið fram till. svipaðs efnis og þessi, en n. taldi, að við þetta væri ekki unandi. Greinin, eins og hún er nú, er óákveðin og erfitt að henda reiður á, hvað átt er við. Það er sagt: ef maður náist skömmu síðar, þ. e. a. s. skömmu eftir að hann er horfinn af vettvangi, og það er engin skýring gefin á því, hversu langt tímatakmark þetta er, og það gæti að sjálfsögðu leitt til þess, að það yrði með mismunandi hætti á ýmsum stöðum, og því óheppilegt að halda því. Þess vegna leggur n. til, að það verði niður fellt, enda var ekkert samsvarandi ákvæði áður í frv., eins og það var, þegar hv. Ed. gekk frá því.

Við 28. gr. leggur n. til að gerð verði breyting, á 1. mgr., 3. málslið, og á þann veg, að gr. verði breytt í það horf, sem var samþ. hér í hv. d., þegar málið var afgreitt, að í staðinn fyrir: „Til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar, þarf hæfnisskírteini“ komi: Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar.

Í þessari gr., eins og Nd. hefur gengið frá henni, er ekki ákveðið með neinum hætti, hvernig þessi hæfnisskírteini skuli vera. Það eru ekki heldur ákvæði um það, hver skuli gefa þau út né hvaða skilyrði menn skuli uppfylla til þess að fá slík skírteini eða hver eigi að rannsaka hæfni manna. Engin ákvæði eru um þetta, þetta er allt lagt í vald ráðherra. Allshn. telur, að þetta atriði eigi naumast heima í umferðarlögum. Hér er ekki um að ræða akstur á vegum eða akbrautum, heldur utan þeirra, og ef um þetta yrðu settar reglur, þá ættu þær frekar heima annars staðar en í lögum um umferðarmál. Hitt er annað mál, að n. taldi, að ekki væri rétt að gera þær kröfur til manna, sem aka dráttarvélum utan vega, að þeir þyrftu að hafa ökuskírteini eins og bifreiðastjórar.

Í þriðja lagi leggur allshn. til, að 73. gr. frv., eins og Nd. hefur gengið frá þeirri gr., verði breytt í það horf, sem samþ. var hér í þessari hv. d., þegar málið var afgreitt. En 73. gr., 1. mgr., fjallar um það, að vátryggingarfélögum sé heimilt að endurkrefja þann, sem valdið hefur slysi eða tjóni, um 500 kr. fyrir hvern einstakan vátryggingaratburð, ef bæturnar hafa numið 500—1000 kr., en um 1000 kr., ef þær hafa numið hærri fjárhæð.

Þetta telur allshn. þessarar d. ekki viðhlítandi ákvæði. Að sjálfsögðu getur hver og einn samið við vátryggingarfélag um að haga vátryggingunni eins og gert er ráð fyrir í þessari gr., en gersamlega þýðingarlaust og ástæðulaust er að lögákveða, að þetta sé heimilt, því að það liggur hverjum manni í augum uppi, að þessi heimild er fyrir hendi, enda þótt ekki sé um það ákvæði í lögum. Það er ekki hægt að vita fyrir fram, hvernig þetta ákvæði, eins og það er nú í frv., mundi verka. Það væri eðlilegt að ætla, að iðgjöld mundu eitthvað lækka við þetta, vegna þess að þarna lendir eitthvað af tjóninu á tjónþola, ef vátryggingarfélagið notar þessa heimild. En allshn. sér ekki neina ástæðu til þess að lögákveða þessa heimild eða orða hana í umferðarlögunum, vegna þess að hún er fyrir hendi. Ef einhverjir kynnu að vilja haga sínum vátryggingum með þessum hætti, þá er það opið og heimilt. N. mun því leggja til, að þetta verði fært til sama horfs og var í frv., eins og það var, þegar þessi hv. d. afgreiddi það.

Þá er að lokum ein breyting enn, sem allshn. leggur til að gerð verði, en hana leiðir einungis af þeirri breytingu, sem ég ræddi nú um við 73. gr. Það er breyting við 76. gr., að 4. málsl. 1. mgr. falli niður, en þessi 4. málsl. fjallar beinlínis um þetta atriði, sem n. leggur til að fellt verði niður, sem sagt um heimild vátryggingarfélaga til að endurkrefja um hluta af tjóninu.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar, en óska eftir því fyrir hönd allshn., að hæstv. forseti leiti afbrigða frá þingsköpum, til þess að þessar till. geti komið til afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 387) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hér er um að ræða mikinn lagabálk og þýðingarmikinn, umferðarlögin. Um frv. hafa orðið miklar umræður í Nd. og gerðar margar allverulegar breytingar á frv. Frv. var afgreitt við 3. umr. í gær frá Nd., og dm. hér hafa ekki séð frv., eins og það lítur út nú, fyrr en á þessum fundi. Auk þess ber allshn. fram skriflegar brtt. Ég tel, að það sé alveg ógerningur að ganga til atkv. um svona stórmál, án þess að þm. hafi gefizt kostur á að athuga það nánar og bera saman þær breytingar, sem hv. Nd. hefur gert, og enn fremur þær breytingar, sem allshn. leggur til. Ég hefði talið eðlilegast, að allshn. hefði sjálf óskað eftir því, að málið yrði ekki afgreitt á þessum fundi, þar sem svo skammur tími og enginn möguleiki fyrir þm. til að átta sig á málinu hefur unnizt. En ef allshn. gerir það ekki, þá vil ég eindregið mælast til þess, að afgreiðslu málsins sé frestað nú.

Forseti (BSt): Það má telja vafalaust, að frv. gangi aftur til hv. Nd., og gæti þá ekki munað miklu, hvort það yrði afgreitt í dag eða á næsta fundi d. Ég vil því verða við þessum tilmælum. Er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 373, 387).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 387,1 samþ. með 12:2 atkv.
— 387,2 samþ. með 13:1 atkv.
— 387,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 387,4 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 80. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 407).

Á 81. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Þar sem Ed. hefur gert nokkrar breytingar á frv. til umferðarlaga, vildi ég mælast til, að málið verði nú tekið út af dagskrá og því vísað til allshn. til umsagnar á ný.

Forseti (EOl): Það hefur komið fram ósk um, að umr. um málið sé frestað, svo að tækifæri gefist til að athuga breytingar í nefnd, og verður orðið við þeirri ósk. Málið er tekið af dagskrá og umr. frestað.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Eftir að umr. var frestað, hefur allshn. komið saman og athugað frv., eins og það liggur fyrir nú, og vildi ég með örfáum orðum gera grein fyrir þeim breytingum, sem hafa verið gerðar á frv. í Ed.

Það er í fyrsta lagi við 25. gr., að þar er fellt niður það ákvæði, sem sett var inn í frv., að hverfi ökumaður af vettvangi, eftir að hann hefur átt hlut að umferðarslysi, en náist skömmu síðar með áfengisáhrifum, þá sé talið, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum við aksturinn.

Þá er það enn fremur í 28. gr., 1. málsgr., að eins og frv. fór frá þessari deild, þá var gert ráð fyrir, að það þyrfti hæfnisskírteini til aksturs dráttarvéla við jarðyrkjustörf. Þessu er aftur breytt í Ed., þannig að nú stendur aðeins: „Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar."

Þriðja breytingin er svo við 73. gr. Henni er breytt í það upphaflega horf, sem hún var í frv. sjálfu, felldar niður þær breytingar, sem gerðar voru hér í d. áður, en greinin tekin upp eins og hún var upphaflega í frv.

Allshn. leggur ekki til, að gerðar séu neinar breytingar á frv., eins og það kemur nú frá Ed., en einstakir nm. kunna vitanlega að standa að eða fylgja brtt., sem kynnu að koma fram. Tíminn fer nú mjög að styttast, einkanlega vegna þess, að tryggingafélögin þurfa nauðsynlega vegna sinna starfa í sambandi við tryggingu bifreiða að fá þessi lög samþ. fyrir 1. maí, þegar gert er ráð fyrir að þau taki gildi, og n. varð sammála um að bera ekki fram sem slík eða standa sameiginlega að neinum breytingum, og því höfum við engar till. að gera um breytingar í sambandi við frv., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 440).

---

41. Leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 38. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum** [167. mál] (þmfrv., A. 367).

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., flytur samgmn. að beiðni samgmrn., og ætti að vera óþarft að fara um það mörgum orðum. Það fylgir með mjög greinargott bréf frá Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli sem fskj. á þskj. og skýrir afstöðu leigubifreiðastjóranna til þessa máls, en tildrög þess eru, eins og í grg. segir, þau, að á s. l. ári eða nánar tiltekið með lögum nr. 40 29. maí 1957 er ákveðin hámarkstala leigubifreiða í kaupstöðum, en í þeim eru engin refsiákvæði. Hins vegar þykir rn. eftir ósk Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils rétt og eðlilegt, að í þessi lög verði sett ákveðin refsiákvæði, þar sem gert sé ráð fyrir sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Eins og fram kemur á þskj., mælir n. einróma með samþykkt frv. og vonast til, að d. geti orðið sammála um það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 367, n. 445).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Samkvæmt lögum nr. 40 frá 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, er bæjarstjórnum veitt heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða í tilteknum kaupstöðum, en þegar þau lög voru sett, þá hefur fallið niður að setja í lögin ákvæði um viðurlög fyrir brot á nefndum lögum. Þetta frv. fjallar um það að bæta þeim ákvæðum inn í lögin.

Samgmn. hefur athugað þetta frv. og vill eftir atvikum mæla með því, að það nái fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 463).

---

42. Sala jarða í opinberri eigu.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Eyrarbakkahreppi land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum [95. mál] (þmfrv., A. 184).

Á 47. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi hef ég leyft mér að flytja frv. það á þskj. 184, sem hér er til 1. umr., um heimild handa ríkisstj. að selja Eyrarbakkahreppi land það, sem þorpið Eyrarbakki stendur á, eða nánar tiltekið lönd jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar með hjáleigum og eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum, að undanskildum þeim eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar.

Í grg., sem fylgir frv., eru dregnar fram þær helztu forsendur og þau helztu rök, er hreppsnefndin byggir á óskir sínar um að fá keyptar þær lendur, er um ræðir í frv., en til frekari glöggvunar fyrir þá hv. alþm., sem ókunnir eru aðstæðum á Eyrarbakka og fortíð staðarins, vil ég fara um málið nokkrum orðum.

Eyrarbakki mun vera meðal elztu þorpa í landinu og einn hinn elzti verzlunarstaður, og var allt fram á daga þeirra, sem enn lifa, verzlun sótt þangað af stærra svæði en að nokkrum öðrum verzlunarstað á landi hér, en það var úr Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Vegna verzlunarinnar myndaðist þorpið, og þrátt fyrir þótt þar væri einhver hættulegasta brimlending, sem til er, þá var þar þó alltaf talsvert útræði samfara þeirri atvinnu, sem verzlunin skapaði. Landbúnað höfðu Eyrbekkingar alltaf, og hefur sá þáttur í atvinnulífi þeirra mjög aukizt á síðustu áratugum.

Upp úr aldamótunum síðustu keypti Eyrarbakkahreppur Flóagaflstorfuna í Sandvíkurhreppi, en land hennar lá að löndum Eyrbekkinga, í því skyni að notfæra hana handa þorpsbúum til slægna, en þar eru slægjulönd góð. Er mér minnisstætt frá bernskuárum mínum, þegar hinar löngu heybandslestir Eyrbekkinga voru að koma utan úr engjum, eins og það var kallað, með hina kraftmiklu gulstör í böggum. Flóagaflstorfan var sameinuð Eyrarbakkahreppi með lögum frá Alþingi 7. maí 1946.

Þorpið stendur á landi þriggja fornra jarða, Stóru-Háeyrar, Skúmsstaða og Einarshafnar. Jarðir þessar hefur ríkið átt um alllangt skeið, en áður átti Landsbankinn þessar jarðir. Eins og flest hin eldri þorp hér á landi, þá byggðist Eyrarbakki án skipulags, en nú eru liðnir rúmlega tveir áratugir, síðan staðfestur var skipulagsuppdráttur fyrir þorpið.

Eyrbekkingar hafa öðrum landsmönnum fremur þurft að heyja harða baráttu til að verja byggð sína fyrir eyðingu náttúruafla, og sýndu þeir í því starfi mikla þrautseigju, er þeir hlóðu sjóvarnargarð frá Ölfusárósum austur fyrir Hraunsá. Er þetta langur vegur, og þurfti mikið efni í þennan sjóvarnargarð, en hann er allur hlaðinn úr hraungrjóti, sem sótt var alllangt að, og var það aðallega flutt á sleðum, þegar ísalög voru á vetrum, en þá voru ekki önnur flutningatæki til.

Þetta mikla og merkilega verk hefur bjargað byggðinni undan hafrótinu, sem áður olli næstum árlega stórtjóni á landi og mannvirkjum. Eru þar nú grasgefnar grundir og matjurtagarðar, sem áður en sjóvarnargarðurinn var byggður voru sandar og grjót, sem sjórinn skolaði á land í hinum stórkostlegu hamförum við strönd bakkans.

Árið 1897 var Stokkseyrarhreppi hinum forna skipt, og var þá þorpið á Eyrarbakka gert að sérstöku hreppsfélagi, Eyrarbakkahreppi. Innan hins nýja hreppsfélags voru þessar jarðir: Stóra-Hraun með hjáleigum, Litla-Hraun, Gamla-Hraun, Stóra-Háeyri, Skúmsstaðir og Einarshöfn, allar með hjáleigum, og Óseyrarnes með hjáleigunni Refstokki.

Þremur árum áður en þetta var, hafði verið stofnað búnaðarfélag í hinum forna Stokkseyrarhreppi, en við myndun hins nýja Eyrarbakkahrepps var stofnað þar sérstakt búnaðarfélag, sem enn starfar, og var það eitt fyrsta verk þess að gangast fyrir byggingu sjóvarnargarðsins. Að vísu var þá þegar búið að byggja sjóvarnargarða á vissum svæðum, svo sem fyrir landi Lefolius-verzlunar og fyrir landi Stóru-Háeyrar. En endurbæta þurfti þessa kafla og hækka þá. Þegar búnaðarfélagið hafði lokið byggingu sjóvarnargarðsins, var tekið til við sandgræðslu, og sá Gunnlaugur heitinn Kristmundsson um framkvæmd þess verks. Voru girtir 152 ha., sem nú er allt gróið land og notað fyrir matjurtarækt, slægjur og beit.

En þó að mikið afrek væri unnið með því að bjarga Eyrarbakka frá sjávarflóðum, þá var þó björgunarstarfinu ekki lokið með því. Að Eyrarbakka norðanverðum liggur hinn mikli landfláki, Breiðamýri. Hún er tugir þúsunda ha. að flatarmáli og þekur mjög mikið af því svæði, sem í daglegu máli er nefnt Flói. Hallinn á Breiðumýri liggur allur að Eyrarbakka, og þaðan kom hinn ægilegasti vatnsflaumur á vetrum í leysingum og á öllum árstímum, þegar rigningar voru miklar. Næsta átak var því að ræsa þann mikla vatnsflaum fram og koma honum til sjávar. Á þessu verki var byrjað fyrir nær 30 árum, og þá keyptu Eyrbekkingar þúfnabana og tættu með honum um 50 ha. í mýrum norðan við þorpið, og er það land nú fyrir löngu orðið að túnum. Síðan hefur landþurrkun og ræktun verið haldið áfram. Er nú öðruvísi um að litast á þessum slóðum en áður var, og geta ókunnugir ekki ímyndað sér breytinguna, sem orðið hefur, eða réttara sagt, hvernig þarna var umhorfs áður.

Eyrarbakkahreppi hefur nú verið bjargað um aldur og ævi frá ágangi sjávarins. Hinn mikli sjóvarnargarður er nú að mestu hulinn þykku jarðvegslagi, því að sandur barst að honum beggja vegna og greri síðan, svo að út frá honum eru nú ávalar grundir. Landið hefur hækkað í kring, landbrotið og jarðvegsfokið er fyrir löngu stöðvað, og vegna landþurrkunar eru fen og foræði orðin að hörðum túnum og valllendishögum. Þó er enn mikið verk óunnið við landþurrkun.

Til allra þessara framkvæmda hefur verið lagt fé af hálfu þess opinbera, og eru Eyrbekkingar þakklátir fyrir það. En mest hafa þeir þó sjálfir lagt fram, eins og eðlilegt er. Þeir hafa bjargað byggð sinni og gert landið, þar sem þeir búa, fegurra og margfalt betra en það var áður. Nú óska þeir eftir því að kaupa þetta land, sem segja má að hafi verið með dugnaði og harðsækni sótt í heljargreipar. Þá langar til, að hreppsfélagið eignist landið og hafi sjálft umráð yfir því að öllu leyti. Um þetta eru þeir allir sammála.

Mín persónulega skoðun er sú, að í raun og veru sé eðlilegt og sjálfsagt, að bæjarfélög og þorp eigi sjálf það land, sem þau þurfa íbúunum til nytja og nauðsynja. Eyrbekkingar hafa alltaf verið fúsir til þess að leggja fram krafta sína sjálfum sér og sveitarfélagi sínu til framdráttar. Þeir sækja þar sjóinn við hin erfiðustu skilyrði og hafa komið upp hjá sér hraðfrystihúsi og fiskvinnslustöð til að hagnýta aflann. Þeir hafa byggt dráttarbraut fyrir fiskibáta, og nokkur iðnaður er rekinn í þorpinu. Landbúnaður mun þó í framtíðinni eflast þar meir en orðið er og verða meginbjargræðisvegur íbúanna.

Ég hef rakið nokkuð og þó ekki nema í mjög fáum dráttum framkvæmdasögu þessa litla þorps, þar sem íbúarnir eru milli 500 og 600, til þess að sýna, að þar eru engir aukvisar að verki, heldur menn, sem hafa vilja og eru færir um að standa á eigin fótum. Slíkt byggðarlag, sem skipað er dugandi fólki, á skilið að vera sjálft eigandi þess lands, þar sem það stundar þýðingarmikla bjargræðisvegi.

Dugandi menn kunna því illa að vera um alla framtíð leiguliðar ríkisins. Þess vegna óska þeir nú eftir því að mega kaupa það land, sem líf og starf íbúanna er grundvallað á.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til, að þegar þessari umræðu er lokið, þá verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Nd., 13. og 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 17. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 184, n. 299).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. á þskj. 184 um heimild handa ríkisstj. til þess að selja Eyrarbakkahreppi nokkrar jarðir, og einnig hefur landbn. athugað frv. á þskj. 191, þ. e. frv. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Raufarhafnarhreppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar, og hefur nefndin steypt þessum frv. saman og umorðað þau, eins og stundum mun vera venja við svipuð tækifæri, og leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin hefur gert á því.

N. hafa borizt umsagnir um þessi mál frá nokkrum aðilum, sem hún sendi þau til umsagnar. Með leyfi hæstv. forseta — ætla ég að lesa úr umsögnunum; það er umsögn landnámsstjóra. Hann segir:

„Telja verður þær ástæður, sem fram eru færðar í grg. í frv., réttmætar, og það er tvímælalaust eðlilegast um þéttbyggð hreppsfélög, þar sem ekki er að ræða um sjálfstæðar jarðir, að hreppsfélögin sjálf hafi fullan eignar- og ráðstöfunarrétt til hreppsbúa á nytjalöndum.

Með tilvísun til þessa mæli ég með samþykkt frv. þessa."

Þetta segir hann um Eyrarbakkajarðirnar. Og þá segir hann enn fremur um Raufarhöfn:

„Það er ótvírætt hagsmunamál fyrir hreppinn að eignast þær lendur, sem Raufarhöfn stendur á. Með því getur hreppsnefnd á hverjum tíma ráðstafað nytjum af löndum til lóða og ræktunar með hagsmuni þess fólks fyrir augum, sem heimilisfast er í hreppnum, en hreppurinn nær

yfir þessa jarðeign eina, eins og kunnugt er. Með tilvísun til þessa mæli ég með, að frv. nái fram að ganga.“

Þá var leitað einnig umsagnar Búnaðarfélags Íslands um þessi frv., og var málið lagt fyrir búnaðarþing, bæði frv.:

„Frv. þessi voru bæði lögð fyrir búnaðarþing það, er nú er að störfum. Mælir búnaðarþingið með samþykkt beggja frv.

Þetta tilkynnist hv. nefnd hér með.

Steingrímur Steinþórsson.“

Enn fremur var leitað umsagnar jarðeignadeildar ríkisins um málið, og jarðeignadeildin hefur svarað, en álit hennar eða svar var ekki komið, þegar nefndin afgreiddi málið, en hefur borizt síðan, og þar segir:

„Jarðeignadeildin getur eftir atvikum fallizt á, að land framanritaðra jarða verði selt Eyrarbakkahreppi, en vill jafnframt leggja áherzlu á eftirfarandi atriði: að undanskilja við sölu landsins töku sands, malar og vikurs nema til framkvæmda á vegum hreppsfélagsins og að í lögunum verði ákvæði um það, að söluverð landsins skuli ákveða af dómkvöddum mönnum, en ekki með samkomulagi milli jarðeignadeildarinnar og hreppsnefndar, eins og frv. gerir ráð fyrir.“

Frv. bæði, sem hér eru til meðferðar, eru samin eftir eða með sama sniði og frv. til laga um sölu Kópavogs í fyrra. Var farið eftir því, og þess vegna tel ég, að hér sé ekki um að ræða neitt óvenjulegt form á þessu.

Ég held, að ég þurfi svo ekki meira um þetta mál að segja. Nefndin leggur til, að málið verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún hefur á því gert á þskj. 299.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég er því algerlega sammála, að eðlilegt sé, að þorp eignist það land, sem þau standa á. Ég er því að meginefni til samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir. En það er visst atriði, sem ég teldi þörf á að upplýst væri.

Þannig stendur á, að Reykvíkingar hafa sótt allmikið steypuefni austur til Eyrarbakka, einmitt í land þeirra jarða, sem hér um ræðir, og mun sá háttur hafa verið á, að reykvískir vörubílstjórar hafa flutt þetta efni suður.

Um það mun þó einhver deila hafa komið upp, hvort þeir ættu heldur að flytja efnið eða starfsbræður þeirra þar eystra, en heildarsamtök þessara manna munu hafa fallizt á eða samþykkt, að eðlilegt væri, að Reykvíkingarnir sæktu sjálfir það efni, sem hér á að nota.

Nú hef ég heyrt því fleygt, að einhverjar grunsemdir séu um, að þessu eigi að breyta, ef þetta frv. nær fram að ganga, að þá muni það vera tilætlunin að neita að selja þetta efni hingað suður, nema á flutningi þess yrði hafður annar háttur en verið hefur, og jafnvel segja sumir, að það sé ein af ástæðunum fyrir því, að frv. sé nú flutt.

Ég veit engin sannindi þessa, en ég taldi rétt, að þetta kæmi hér fram, og vildi óska þess, að hv. flytjandi málsins, sem var frsm. n., gerði okkur grein fyrir því, hvort honum er þetta kunnugt, og ef honum er það ekki, að þá athugaði nefndin það, hvort í þessu kynni að vera eitthvað til og hvort hér væri ef til vill þá um það að ræða, að úr þessu yrði alvarlegt deilumál í þessu tiltekna sambandi innan þessarar starfsstéttar, sem hér á hlut að.

Ég tel það langbezt, að slíkt mál sem þetta sé rætt fyrir opnum tjöldum og það liggi alveg ljóst fyrir, hvort nokkrar slíkar ráðagerðir eru uppi. Ef það er ekki, þá er það gott. Ef það er, þá þurfa menn að átta sig á, hvort það eigi að hafa nokkur áhrif á framgang þessa máls.

Ég treysti mér ekki til þess að segja það, eins og sakir standa, en treysti því, að nefndin veiti okkur þá vitneskju um þetta, sem hún hefur, og ef hún hefur hana ekki, þá afli hún hennar, annaðhvort með þeim hætti, að umr. verði frestað nú, eða fyrir 3. umr.

Ég tel ekkert á móti því út af fyrir sig, að málið gangi til 3. umr. Ég er því að meginstefnu til samþykkur, eins og ég segi. Ég tel það vera hollt og rétt, að kauptún eigi það land, sem þau standa á. En menn þurfa þá að vita, ef verið er með því að blanda sér í viðkvæmt deilumál, sem búið er að leysa með einhverjum tilteknum hætti, og lausnina á svo að knýja fram á annan veg eftir þessari leið. Þá þarf að meta það, hvaða áhrif það eigi að hafa á afstöðuna til málsins.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að taka það fram, að ég get vel unað þeirri afgreiðslu, sem hv. nefnd hefur haft á frv. minu á þskj. 191, enda verði sú afgreiðsla ekki til þess að tefja framgang málsins á neinn hátt.

Vil ég svo þakka n. fyrir stuðning við það málefni, sem hér er um að ræða.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þegar ég var beðinn að flytja þetta mál hér í vetur af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, þá voru ekki færðar fram aðrar ástæður fyrir því, að málið væri flutt, heldur en þær, sem koma fram í grg. frv.

Það er rétt, að í landi þessara jarða, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, er sandtaka töluverð og enda vikur, sem rekur á fjörur þarna úr Ölfusárósum, og það er rétt, eins og hann segir, að hingað til Reykjavíkur hefur verið flutt allmikið af sandi frá Eyrarbakka á undanförnum árum.

Það getur vel verið, að einhverjar deilur hafi verið um þessa flutninga. Ég hef nú bara ekki fylgzt með því, en ég hef ekki orðið var við, að það væri neitt sett í samband við þetta mál, að hugmyndin væri að breyta til um flutningana eða hætta að selja öðrum mönnum sandinn heldur en Eyrbekkingum, sem þá flyttu hann hingað.

Mér þykir í raun og veru gott, úr því að eitthvert umtal hefur verið um þetta, að þessa var hér getið, því að mér þykir það rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta verði athugað, og þess vegna get ég vel fallizt á það, að t. d. þetta yrði athugað í landbn. fyrir 3. umr. Fyrir mína

parta get ég fallizt á það. Annað hef ég svo ekki um þetta að segja.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 184, n. 299, 331, 354).

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Á þskj. 331 hef ég flutt brtt. við brtt. á þskj. 299, þess efnis, að heimilað verði að selja Óskari Hjartarsyni bónda á Grjóteyri í Andakílshreppi jörðina Skógarkot í sama hreppi.

Mál þetta hefur komið fram áður á þingi, en ekki fengið afgreiðslu. Til skýringar í sem fæstum orðum get ég — með leyfi hæstv. forseta — lesið nokkur orð úr meðmælabréfi landnámsstjóra. Hann segir svo:

„Skógarkotsland er á þrjá vegu aðliggjandi Grjóteyrarlandi ofan þjóðvegs. Land þetta er ekki hæft til að vera í sjálfstæðri ábúð. Verulegur hluti af landinu er blásið, gróðurlítið, þó að telja megi það vel nothæft beitiland. Þar sem Hvanneyri vart mun nota landið sem beitiland fyrir eigin búfénað, sé ég ekki, að neitt mæli gegn því, að orðið sé við óskum eiganda Grjóteyrar um, að hann fái heimild til að kaupa landið."

Staðhættir eru þannig, að það er ekki líklegt, að aðrir en ábúendur Grjóteyrar geti hagnýtt þetta land. Því mæla augljósar röksemdir með því, að sá bóndi fái að kaupa jörðina. Jarðeignadeild ríkisins hefur einnig mælt með því, að svo verði gert. Hins vegar hefur skólastjóri bændaskólans á Hvanneyri ekki viljað mæla með sölunni, og hygg ég, að það sé honum meira tilfinningamál en nokkuð annað að láta ekki jörð ganga undan Hvanneyri, en röksemdirnar, sem bæði jarðeignadeild ríkisins og landnámsstjóri hafa séð og benda á, eru þær, að Hvanneyri muni ekki geta notað þetta land, sé mjög ólíkleg til þess, en hins vegar mundu bændur á Grjóteyri geta hagnýtt það, enda lega landsins slík.

Þess vegna vil ég vænta þess, að hv. alþm. sjái sér fært að samþ. þessa brtt.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þessu máli um sölu þriggja jarða í Eyrarbakkahreppi var frestað við 2. umr. samkv. ósk frá hv. 1. þm. Reykv., og nefndin hefur nú athugað málið nánar og byrjaði á því að fara sjálf austur á Eyrarbakka og kynna sér allar aðstæður þar með eigin augum. Það var síðasta dag, sem þingið sat fyrir páskana. Síðan hefur ekki verið hægt að koma á nefndarfundi, vegna þess að einn nm. hafði verið fjarverandi og annar mun hafa verið lasinn, svo að nefndin er ekki enn búin að afgr. málið frá sér, og ég hef þess vegna ekki umboð til þess að tala hér fyrir hennar hönd. — Ég vildi aðeins geta þessa, og ég vildi um leið óska þess og tel það á engan hátt saka, þó að málið fengi að fara áfram til 3. umræðu.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 354 flyt ég ásamt hv. 10. landsk. þm. brtt. við brtt. á þskj. 299 um heimild fyrir hæstv. ríkisstj. að selja tvær eyðijarðir í Snæfellsnessýslu.

Önnur þessara eyðijarða er Hrafnkelsstaðir í Eyrarsveit, sem hafa verið í eyði síðan fyrir aldamót. Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur óskað eftir að fá eignarrétt á þessari jörð, aðallega með það fyrir augum að nota land hennar, sem mest er fjalllendi, sem afréttarland fyrir sveitina. Mér virðist öll sanngirni mæla með því, að Eyrarsveit fái jörð þessa til eignar.

Hin jörðin er eyðieyjan Kiðey, sem Þorvarður Einarsson bóndi á Bakka við Stykkishólm hefur haft til ábúðar undanfarin ár. Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps mælir eindregið með því, að Þorvarður fái þessa ábýlisjörð sína keypta, og virðist fátt mæla gegn því, að svo verði.

Gerum við flm. ráð fyrir í till. okkar, að söluverð jarðanna skuli ákveðið af dómkvöddum mönnum. Vænti ég þess, að hv. þingmenn geti verið okkur sammála um það, að þessar jarðir verði seldar, eins og brtt. okkar fjallar um.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi óska eftir því fyrir hönd landbn., að hv. þm. Snæf. og hv. 10. landsk. sætti sig við það nú, þegar atkvgr. fer fram um frv. og brtt. núna við 2. umr., að taka sínar till. aftur til 3. umr., vegna þess að n. hefur ekki gefizt kostur þess að athuga málið og spyrja hlutaðeigandi aðila, þ. e. jarðeignadeild ríkisins og landnámsstjóra, um sjónarmið þeirra á þessum till. Að öðru leyti hefur n. aflað sér upplýsinga í þeim málum, sem hér liggja fyrir, og sé ég ekki ástæðu til, að frestað verði nema þessari einu till., og tel ég, að það þurfi ekki að vera neitt til tjóns fyrir málið.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við beiðni hv. formanns landbn. að fresta afgreiðslu þessa máls til 3. umr., en það eru þá einlæg tilmæli mín til hv. landbn., að hún taki betri tökum þetta mál nú en þegar það var til umr. eða í meðferð hennar á síðasta þingi hvað snertir eyðijörðina Hrafnkelsstaði.

ATKVGR.

Brtt. 354 tekin aftur til 3. umr.

— 331 samþ. með 14:6 atkv.

— 299,1 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

— 299,2 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

— 299,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

Á 79. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 383, 354, 389).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þegar frv. á þskj. 184 um heimild handa ríkisstj.

til að selja Eyrarbakkahreppi land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar var hér til 2. umr., þá hafði landbn. fjallað um málið og gert á því þá breytingu að fella inn í það frv. um sölu Raufarhafnar. Er álit n. á þskj. 299, og voru allir nm. sammála um afgreiðsluna. Lýsti ég þá fyrir hönd n. í fáum orðum afstöðu hennar, sem var að öllu leyti ágreiningslaus og á þá lund, að mælt var með því, að málið næði fram að ganga óbreytt efnislega.

Við umr. gerði hv. 1. þm. Reykv. fsp. um það, hvort n. væri kunnugt um orðróm, sem væri á kreiki um, að áhugi Eyrbekkinga fyrir kaupum á landinu væri e. t. v. til kominn vegna sandsölu frá Eyrarbakka til Reykjavíkur og víðar og deilna, sem orðið hefðu nýlega milli stéttarfélaga vörubílstjóra annars vegar hér í Reykjavík og hins vegar í Árnessýslu um rétt til veruflutninga. Óskaði hann eftir athugun á því, hvort þessi orðrómur hefði við rök að styðjast, og fór þess á leit, að málinu yrði frestað til frekari athugunar á þessu atriði, annaðhvort þá þegar eða fyrir 3. umr.

Málinu var svo frestað, og tók n. þetta atriði til athugunar.

N. kallaði fyrir sig fulltrúa hreppsnefndarinnar á Eyrarbakka, fulltrúa frá Landssambandi vörubílstjóra og fulltrúa frá Vörubílstjórafélaginu Þrótti hér í Reykjavík, einnig fulltrúa frá Vörubílstjórafélagi Árnesinga. Í viðræðum n. við þessa aðila kom þegar í ljós, að fulltrúar vörubílstjóranna hér í Reykjavík töldu, að áhugi Eyrbekkinga fyrir því að kaupa landið væri til kominn m. a. til þess, að þeir gætu þá fremur útilokað þá frá sandflutningum til Reykjavíkur, og vildu þeir láta undanskilja við sölu landsins töku vikursands á Eyrarbakka. Hins vegar upplýsti fulltrúi hreppsnefndarinnar og sannaði með skriflegum heimildum, að 14 ár eru síðan forráðamenn hreppsfélagsins fóru að hugsa um að fá landið keypt handa hreppnum, og var þá ekki um neina sandflutninga þaðan að ræða. Hafði þáv. 2. þm. Árn., Eiríkur sálugi Einarsson, verið með þeim í ráðum um þetta. Ekki varð þó úr því, að til alvöru kæmi í þessu þá, þó að oft væri um þetta rætt þá og síðar, fyrr en nú, að hreppsnefndin í vetur bað okkur þm. kjördæmisins að leggja fyrir Alþ. frv. það, sem hér liggur fyrir, og réðst svo millum okkar hv. samþingismanns míns, að frv. yrði lagt fyrir þessa hv. d. og ég þá að sjálfsögðu yrði flm. þess.

Þegar landbn. hafði rætt við þá aðila, sem hér hafa verið nefndir, þá ákvað hún að fara austur á Eyrarbakka og kynna sér með eigin augum aðstæður allar. Var sú ferð farin 28. marz s. l., og voru með í ferðinni formaður Landssambands vörubílstjóra og forstöðumaður jarðeignadeildar ríkisins. Og að sjálfsögðu fór hv. samþingismaður minn, Sigurður Ó. Ólafsson, einnig með í þessa ferð.

Ég hef áður lýst því lítils háttar, hvernig vikurnáminu á Eyrarbakka er háttað. Það er með þeim hætti, að vikursandurinn berst innan úr öræfum með Hvítá—Ölfusá til sjávar og rekur á fjörur Eyrarbakka. Mest brögð eru að vikurrekinu, þegar vöxtur hleypur í ána. Vikurinn sezt í hrannir í fjörunni á tiltölulega stuttu svæði, og til þess að hann komi að notum, þarf að hirða hann úr fjörunni strax og þá á milli sjávarfalla. Annars skolast hann aftur í sjóinn og dreifist þá með nýju flæði víðar um, og ef sandgárarnir verða eftir í fjörunni við minnkandi háflæði, þá fjúka þeir í burtu, ef vind gerir, eða dreifast innan um þara og rusl, því að þessi sandur er fisléttur. Til þess að vikursandurinn, sem þarna rekur, verði hagnýttur, þarf að vera vel á verði um að hirða hann jafnóðum og koma honum eins og hverjum öðrum reka undan sjó. Þess vegna er það, að bílstjórar á Eyrarbakka, sem flytja sandinn til kaupenda, grípa hverja stund, sem hentar, til þess að ná sandinum úr flæðarmálinu og flytja hann upp fyrir sjóvarnargarðinn, þar sem þeir safna honum í haug, þar til einhver pantar sand. Stundum er kannske hægt að ná einu hlassi eða tveimur, stundum aðeins hálfu hlassi, stundum kannske aðeins einni kerru. Mér er því ómögulegt að sjá, hvernig bílstjórar, sem heima eiga í mikilli fjarlægð, eiga að geta hagnýtt sér þessa sandtöku sem atvinnu.

Af þessu má það einnig vera ljóst hverjum manni, að þarna er ekki um neina vikurnámu að ræða. Ef svo hefði verið, þá væri allt öðru máli að gegna, og hefði afstaða mín þá til málsins að þessu leyti verið öðruvísi.

Landbn. er enn sammála um að mæla með því, að Eyrarbakkahreppur fái umrætt land keypt, en hins vegar hafa tveir nm. nú lagt fram brtt. á þskj. 389, þar sem þeir leggja til, að undanskilin sé við sölu landsins taka vikursands nema til framkvæmda á vegum hreppsfélagsins. Mér er ómögulegt að skilja þessa breyttu afstöðu hv. nm. til málsins, eins og aðstaðan er til vikurnámsins og ég hef lýst. Og ég stend í þeirri meiningu, að ef þessi till. yrði samþ., þá yrði mjög lítið um það, að vikursandurinn frá Eyrarbakka kæmi mönnum utan hreppsins að gagni sem byggingarefni, því að eins og ég hef áður drepið á, hver á að bjarga sandkornunum, jafnharðan og þau berast í flæðarmálið, undan sjó og safna þeim í dyngju, því að oftast er um mjög lítið magn að ræða í einu? Ég legg því eindregið til, að brtt. verði felld og frv. verði samþ. í sinni núverandi mynd, og er það afstaða meiri hl. nefndarinnar.

Þá vil ég geta þess, að landbn. hefur tekið til athugunar brtt. á þskj. 354 frá hv. þm. Snæf. og hv. 10. landsk. um að selja Eyrarsveit jörðina Hrafnkelsstaði og að selja Þorvarði Einarssyni á Bakka í Stykkishólmshreppi jörðina Kiðey í sama hreppi. Mælir n. einróma með því, að þessi brtt. verði samþykkt.

Ég vænti svo þess, að málið nái fram að ganga.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Við hv. 2. þm. Skagf. höfum leyft okkur að flytja brtt. við frv. það, sem hér er til 3. umr. Brtt. okkar er á þskj. 389 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr. Við 1. tölulið bætist:

Undanskilin við sölu landsins sé taka vikur-

sands, nema til framkvæmda á vegum hreppsfélagsins."

Þegar frv. hv. 1. þm. Árn. á þskj. 184 um heimild handa ríkisstj. að selja Eyrarbakkahreppi land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi var til umr. í landbn. deildarinnar, var það sent jarðeignadeild ríkisins til umsagnar. Í bréfi frá jarðeignadeildinni frá 26. febr. s. l. er mælt með sölu áður nefndra jarða, en þar er enn fremur lagt til að undanskilja sölu landsins töku sands, malar og vikurs nema til framkvæmda á vegum hreppsfélagsins.

Það er ekki óalgengt út af fyrir sig, þegar nýjar upplýsingar koma fram í hinum ýmsu málum, sem liggja fyrir fundum í deildum, að þá séu málin tekin fyrir á ný og athuguð og rædd, og það er það, sem hér hefur gerzt. Í sambandi við þetta álit jarðeignadeildarinnar leggjum við sem sagt til, hv. 2. þm. Skagf., að undanskilja við sölu landsins töku vikursands nema til framkvæmda á vegum hreppsfélagsins. Í bréfi jarðeignadeildarinnar er lagt reyndar til að undanskilja bæði sands- og malartöku, en við teljum, að sé hætta á ferðinni með það, að of mikið sé tekið af þessu byggingarefni, þá muni það falla undir vitamálaskrifstofuna og að það sé þá að fara eftir hennar áliti um það, hvort taka byggingarefnis á þessum stað getur orsakað landbrot eða ekki.

Taka vikursands á þessum stað virðist vera allmikið deilumál, eins og kom fram hér í ræðu hjá hv. flm., á milli vissra aðila, og álit okkar er það, sem flytjum þessa till., að sú deila verði frekast leyst með því, að vikursandurinn verði áfram í eigu ríkisins og að það opinbera úthluti leyfum til þeirra, sem óska eftir því að fá þetta efni.

Það er öllum ljóst, að vikursandur er alldýrt og eftirsótt byggingarefni og að vikur sá, sem þarna rekur á fjörur, er mjög eftirsóttur, m. a. til einangrunar.

Þó að samþ. verði að undanskilja vikurtökuna við sölu landsins, ætti það ekki að verða til neins verulegs baga fyrir Eyrbekkinga eða fyrir íbúa Eyrarbakkahrepps. Það hlýtur þó að vera aðalatriðið í málinu, að Eyrarbakkahreppur fái eignarheimild á landinu sjálfu, og hitt hlýtur þó frekar að vera aukaatriði, hvort undanskilin er vikurtakan eða ekki, sérstaklega þegar það er þá haft í huga, að leyfilegt er að nota vikursandinn til allra framkvæmda á vegum hreppsfélagsins. Að öðru leyti mælum við eindregið með því, að frv. verði samþ., þó með þeirri breytingu, sem um getur á þskj. 389, sem ég þegar hef lýst.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, var borin upp fyrirvaralaust brtt., sem hafði verið til meðferðar í landbn. og ekkert samkomulag var um, og var hún samþ. hér með meiri hluta atkv. Þessi till. var um það að heimila sölu á eyðijörð í Andakílshrepp, sem Skógarkot heitir. En þess vegna var ekki samkomulag um þessa till. í landbn., að þessi eyðijörð hefur lengi heyrt undir Hvanneyri, og það lágu fyrir mjög eindregin mótmæli frá skólastjóranum á Hvanneyri gegn því, að þessi jörð yrði seld. Nú verður sjálfsagt ekkert við því gert hér í hv. d. varðandi þessa till. úr þessu, en ég vænti þess, að þetta mál verði tekið til nánari athugunar, þegar þetta frv. kemur til hv. Ed.

Varðandi aðalatriði þessa máls, sem er sala á löndum Eyrbekkinga og Raufarhafnar, þá vil ég í fyrsta lagi taka það fram, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það væri heppilegasta ástandið, þar sem því yrði við komið, að kauptún og þorp og helzt kaupstaðir allir ættu það land, sem þeir standa á, og helzt eitthvert athafnasvæði í kring. Þess vegna er ég eindregið með því að samþykkja þá heimild, sem hér er um að ræða, til handa Eyrarbakka og Raufarhöfn til kaupa á því landi, sem hér er um að ræða. En varðandi þá brtt., sem minni hl. landbn. flytur hér um það að undanskilja vikursand, þá sé ég eftir að hafa farið þarna austur og athugað þetta mál ekki neina ástæðu til að samþykkja hana. Í fyrsta lagi er þarna um lítið að ræða, eftir því sem okkur virtist. Í öðru lagi hef ég hvergi orðið þess var, að það væru á ríkisreikningum færðar neinar tekjur af sandnámi á þessum stað, enda þótt talið sé, að þarna hafi verið tekinn allmikill sandur á undanförnum árum til bygginga. Og ef um er að ræða einhverjar smávægilegar tekjur af þessari sandtöku, þá finnst mér, að þetta fátæka þorp sé bezt að því komið að njóta þess, enda er skv. frv. gert ráð fyrir því, að þetta land sé metið, þegar það er selt, og ef gert er ráð fyrir því, að það verði einhverjar tekjur af þessu vikursandnámi, þá mundi að sjálfsögðu verða tekið eitthvert tillit til þess, um leið og verðið á landinu er ákveðið. Mér finnst þess vegna hreinlegast og réttast að selja þetta land Eyrbekkingum alveg kvaðalaust. Þess utan eru svo till. frá hv. þm. Snæf., sem n. er sammála um að mæla með, um sölu á tveimur jörðum á Snæfellsnesi.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á brtt. okkar hv. 10. landsk. um sölu tveggja jarða á Snæfellsnesi, en brtt. okkar var brtt. við brtt. á þskj. 299, sem var nál. hv. landbn. Eftir ósk hv. landbn. var till. okkar hv. 10 landsk. tekin aftur til 3. umr. En nú er ekki þskj. 299 lengur fyrir hendi, og verð ég því að biðja hæstv. forseta að bera þessa brtt. okkar upp sem brtt. við frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr.

Forseti (EOl): Ég vil leyfa mér að líta svo á, að brtt. á þskj. 354 skoðist sem brtt. við sjálft þskj. á 383 og að það sé aðeins a-liðurinn, sem komi til atkvæða Ég leyfi mér, ef enginn hefur neitt við það að athuga, að líta á þetta sem leiðréttingu, sem ekki þurfi nein afbrigði, því að þetta hefur hlotizt eðlilega af því, að till. var tekin aftur við 2. umr. og frestað til 3.

ATKVGR.
Brtt. 389 felld með 17:7 atkv.
— 354,a samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 354,b samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv., og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 428).

Á 84. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 428, n. 464).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 428, um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda, er flutt í Nd. og komið hingað til hv. Ed.

Þetta frv. var — og fleiri e. t. v. samhljóða — flutt í byrjun í Nd., t. d. frv. um að selja Eyrarbakkahreppi land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum. Þetta frv. var flutt í Nd., eingöngu um þetta atriði, á þskj. 184.

Þetta frv. tók nokkuð miklum breytingum í Nd. á þann hátt, að samþ. var eða steypt í eitt frv., sem nú liggur hér fyrir á þskj. 428, heimildum fyrir ríkisstj. til þess að selja fleiri ríkisjarðir og fleiri aðilum. Eins og það liggur nú fyrir, er þetta heimild fyrir ríkisstj. að selja Eyrarbakkahreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum, að undanskildum eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar. Þetta er nr. 1 í 1. gr. Og í öðru lagi er heimild til að selja Raufarhafnarhreppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar í þriðja lagi að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi. Í fjórða lagi að selja hreppsnefnd Eyrarsveitar jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit. Og í fimmta lagi að selja Þorvarði Einarssyni á Bakka í Stykkishólmi jörðina Kiðey í Stykkishólmshreppi.

Þá eru sérákvæði einnig í 1. gr. hvað snertir 1. og 2. lið, þ. e. sölurnar til Eyrarbakkahrepps og Raufarhafnarhrepps, að náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal meta það með gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefna sinn hvorn aðilanna og sýslumaður Árnessýslu nefnir oddamann fyrir Raufarhafnarhrepp.

Hvað Eyrarbakkahrepp snertir, þá er tiltekið, að andvirði landanna skuli hreppnum heimilt að greiða á 25 árum, en hvað Raufarhafnarhrepp snertir, þá er sagt, að greiðsluskilmálar skuli vera hagkvæmir, sbr. 4. gr. laga nr. 64 27. júní 1941, og einnig tiltekið, að hreppurinn má ekki selja jörðina eða hluta hennar nema með samþykki ríkisstj.

Þá er einnig tekið fram, að þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Eyrarbakkahreppi og Raufarhafnarhreppi var gert að greiða fyrir landið.

Þá er um 3. og 4. og 5. tölulið sagt, að söluverð þeirra jarða skuli ákveðið af dómkvöddum mönnum.

Í 2. gr. er ákvæði um það, að hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps eða Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í *eignarlandi hreppsins, eða hreppanna, ef nauðsyn* krefur vegna skipulags.

Þetta er í stuttu máli innihald þessa frv., eins og það liggur hér fyrir.

Í grg., sem fylgir frv. um söluna til Eyrarbakka, eins og það var flutt í byrjun, eru raktar ástæður fyrir ósk hreppsnefndarinnar, — en frv. var flutt samkvæmt hennar ósk, — að hreppurinn fái land umræddra jarða keypt. Á landi þessara jarða er öll byggð þessa þorps, þ. e. a. s. Eyrarbakka. Og á Eyrarbakka eru nú 500—600 íbúar.

Ég skal ekki fjölyrða um rök hreppsnefndarinnar fyrir þessu eða þau rök, sem hún færir fyrir því, að það sé eðlilegt, að hreppurinn fái þessi umræddu lönd keypt. En ég vil taka undir það, sem þar er sagt, að bæjum og þorpum sé nauðsynlegt að eiga land það, sem byggð þeirra stendur á. Skipulag bygginga, gatnagerðar og annarra mannvirkja í slíkum þorpum verður því aðeins vel framkvæmt eða framkvæmt svo, að í lagi sé, að viðkomandi hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi fullt umráð og helzt eignarrétt yfir landi því, er skipuleggja skal. Allar lóðir og lendur innan hinna skipulögðu svæða bæjanna og í næsta nágrenni þeirra hækka mjög í verði við framkvæmdir, sem bæjarfélögin gera á sínum svæðum, t. d. skipulagningu bygginga, gatnagerðar, lokræsa o. s. frv. Það er eðlilegt, að verðhækkanir, sem verða vegna þessara framkvæmda bæjarfélaganna, komi þeim sjálfum að notum í framtíðinni.

Þetta, sem ég nú hef minnzt á í þessu sambandi, á við söluna á jörðum eða löndum til Eyrarbakkahrepps og Raufarhafnarhrepps. Þarna er um tvö gömul þorp að ræða, sem við nýja skipulagningu hljóta að breytast mjög mikið. Þar eru vitanlega gamlar byggingar, sem verða að hverfa fyrir öðrum nýrri, öðruvísi staðsettum, þar eru lagðar nýjar götur, sem gamlar byggingar verða að víkja fyrir, o. s. frv. Þetta ýtir allt undir það, að nauðsynlegt sé fyrir bæina að eiga þessi lönd, sem þarna er um að ræða.

Við meðferð þessa máls hefur verið leitað umsagna jarðeignadeildar ríkisins, landnámsstjóra og í sumum tilfellum Búnaðarfélags Íslands, t. d. um frv. um söluna til Eyrarbakkahrepps og Raufarhafnarhrepps. Þeim var vísað til stjórnar Búnaðarfélagsins, sem síðan lagði málið fyrir búnaðarþing, nýafstaðið, og segja má, að umsagnir allra þessara aðila væru jákvæðar, þannig að þeir mæltu með því, að þessum aðilum, sem

þarna er um rætt, verði seldar þessar jarðir og þessi lönd, sem þarna um ræðir. Þó skal ég geta þess, að jarðeignadeild ríkisins leggur til, að við sölu Eyrarbakka verði undanskilið vikurnám, sandtaka og malartekja, sem þar á sér stað í fjörunni eða í sjávarmálinu á milli ósa Ölfusár og Eyrarbakka, en á þessu svæði á hreppurinn sjálfur nú þegar nokkurt land, þar sem það fylgir jörð, sem hreppurinn keypti fyrir nokkuð mörgum árum, þ. e. a. s. Óseyrarnesi. En á landi þessara jarða, sem nú er talað um að Eyrarbakkahreppur fái keyptar, þ. e. land jarðarinnar Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar, á því landi stendur, eins og ég sagði áðan, byggð þorpsins, og á því landi er einnig þessi vikur- og sandtaka, sem hér um ræðir.

Jarðeignadeild ríkisins mælti með því, að hreppnum yrðu seldar þessar jarðir, þó með því skilyrði, að vikurnámið yrði tekið undan. Ég vil geta þess, að þarna er um sand og vikur að ræða, sem er notaður í steypu, og hefur verið töluvert af þessu efni flutt hingað til Reykjavíkur og selt hér til bygginga. Þá má geta þess, að þarna er ekki um fast sandnám að ræða, heldur er það þannig, að Ölfusá flytur mikið af vikri til sjávar. Þessi rekavikur flögrar svo um hvert flóð frá árósnum austur með ströndinni, og verður að sæta lagi með lágsjávuðu til þess að ná í hann og flytja hann undan sjó. Vikurinn gerir ýmist að fara eða koma, og verður alltaf að sæta færi til þess að bjarga honum undan sjó. Og menn á Eyrarbakka, bílstjórar, sem hafa haft töluverða atvinnu af því að flytja vikurinn hingað á bílum sínum, — þegar þeir hafa farið hingað til Reykjavíkur til þess að sækja vörur, hafa þeir flutt vikurinn á bílunum, sem annars hefðu verið tómir, — og þeir hafa haft töluverða atvinnu af þessu og hagað því á þann hátt, að þeir hafa notað hvert tækifæri með lágsjávuðu og flutt vikurinn undan sjó og bjargað honum og tekið hann svo þaðan, þegar heppilegt hefur verið og þeir hafa getað flutt hann á ákvörðunarstað.

Á meðan málið var til meðferðar í hv. Nd., fóru nm. landbn. ásamt nokkrum fleiri til Eyrarbakka til þess að kynna sér þessar aðstæður, og eftir að hafa kynnt sér aðstæðurnar og skoðað þetta svæði, þá lagði meiri hl. landbn. Nd. til, að hreppnum yrðu seldar jarðirnar skilyrðislaust, þ. e. a. s., að ekki yrði vikurtakan tekin undan, og þannig liggur frv. nú fyrir.

Þá vil ég aðeins minnast á þriðja liðinn í 1. gr., þ. e. að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðinga Skógarkot í Andakílshreppi.

Það hefur verið leitað, eins og ég sagði áðan, umsagnar sömu aðila og ég nefndi um þessa sölu, og hafa þeir mælt með henni. Þá er kunnugt um, að fjórir af fimm hreppsnefndarmönnum Andakílshrepps hafa einnig skrifað um það, að þeir mæltu með þessari sölu, en skólastjórinn á Hvanneyri hefur skrifað og mótmælt, að þessi jörð yrði seld. Hann færir þar til nokkrar ástæður, og er sú helzt, að hann álítur þetta land, land Skógarkots, sem er eyðijörð, vel fallið til að beita á það nautgripum, væri það girt af, enda hefur komið til orða að leigja það þá Nautgriparæktarsambandi Borgarfjarðar- og Mýrasýslu til þeirra nota.

Málið hefur verið til athugunar hjá landbn. þessarar hv. d., og leggur nefndin til, að þessi liður sé einnig samþykktur eins og hann er í frv. Þó hefur hv. 11. landsk. þm. sérstöðu um þennan lið frv.

Ég vil þá vísa til nál. n. á þskj. 464. Þar segir, að nefndin hafi athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Einn nm., hv. 11. landsk., hefur þó fyrirvara um einn lið þess. M. ö. o.: með þessari undantekningu leggur n. til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég hef undirritað nál. þetta með fyrirvara, að því er varðar 3. tölulið, en er að öðru leyti algerlega sammála því, að frv. nái fram að ganga. Fyrirvarinn varðar sölu á Skógarkoti í Andarkílshreppi til eiganda Grjóteyrar.

Land þetta, sem er nú sennilega ekki mjög verðmætt, liggur upp að Grjóteyrarlandi. Hins vegar er mér tjáð, að þeir Grjóteyrarmenn hafi nægilegt land til umráða, nægilegt olnbogarými.

Þá er og vitað mál, að meðan land Skógarkots er ógirt og ekki nytjað af Hvanneyri, þá geta Grjóteyrarmenn að sjálfsögðu nytjað það, því að búpeningur þeirra spyr ekki um landamerki. En þá er að athuga hvaða hagsmuni Hvanneyri hefur af því að eiga þetta land. Þeir, sem leitað hefur verið umsagnar hjá, telja þá hagsmuni litla. Skólastjóri Hvanneyrarskólans hefur á hinn bóginn lagt á móti því, að frv. þetta næði fram að ganga, bæði í fyrra og aftur núna.

Margir ætla Hvanneyri og Hvanneyrarskólanum enn meira hlutverk í búnaðarfræðslunni hér á landi en verið hefur hingað til. Á ég þar við, að þeir muni vera ærið margir, sem álíta, að þar eigi í framtíðinni að rísa búnaðarháskóli. Ég sé því ekki, ef ég ber saman hagsmuni þessara tveggja jarða, beina ástæðu til að vera að selja þetta land undan Hvanneyri gegn ítrekuðum og ákveðnum mótmælum skólastjóra.

Ég mun því greiða atkvæði á móti þessum tölulið og legg til, að hann verði felldur út úr frv., en að öðru leyti, að það nái fram að ganga

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, erum við nm. sammála, og frsm. hefur tekið fram ástæðurnar fyrir því og þarf ekki um það að tala, en hins vegar vildi ég gjarnan segja nokkur orð út af Skógarkotinu.

Skógarkotið er eyðijörð, sem var byggð þegar Árni Magnússon var á ferðinni, og þá var þar, ef ég man rétt, 1 kýr og 18 eða 19 kindur, sem áttu að fóðrast á útigangi, því að heyskapur var enginn. Mjög stuttu þar á eftir lagðist það í eyði og hefur verið í eyði síðan, en fylgdi Hvanneyrartorfunni, eins og reyndar fleiri jarðir, Kvígsstaðir, Horn o. s. frv. Mikið af þessum jörðum er lagt undir Hvanneyri og eru komnar í eyði, eins og Svíri, Ásgarður, Tungutún, Hamrakot,

Hóllinn o. s. frv., og er því Hvanneyri samsteypa af mörgum jörðum, sem komnar eru í eyði, en enn þá eru byggðar Ausan og Kvígsstaðirnir og Hornið.

Ég kom á Hvanneyri 1909 sem kennari og var þar til 1920. Öll þau ár bjó Halldór Vilhjálmsson á Hvanneyri sem bóndi og skólastjóri, og þá notaði hann Skógarkotið á þá leið, að hann rak þangað stóðið sitt, ótömdu hrossin, að vorinu og hafði þau þar sumarið yfir og stundum fram á vetur. Þau voru náttúrlega ekki í Skógarkotslandinu, því að það er allt of lítið til þess, og þar að auki er töluvert af því uppblásið, heldur voru þau í Hafnarskógi, í Hafnarlandi, en Hafnarskógur er, eins og kunnugir menn vita, nokkurs konar almenningur fyrir stóð þeirra í Leirár- og Melasveit að sumrinu, sem safnast þar saman og heldur sig þar, — og hefur meira að segja komið fyrir, að hross hafa komið úr skóginum, sem menn hafa ekki vitað hvar voru, eftir tveggja ára skeið.

Halldór notaði þetta svona. Svo kom Runólfur. En þá var nú viðhorf til hrossanna dálítið breytt. Það var hætt að hafa mikið af stóði, og það, sem þá var, fyrst eftir að hann kom, var einungis til þess að viðhalda tömdum hrossum. Svo komu dráttarvélar í stað hrossanna, svo að þau hurfu, og ég veit ekki til, að Runólfur hafi notað landið nema tvö fyrstu árin, sem hann var á Hvanneyri. Þá rak hann þangað ótömdu hrossin. Svo fækkaði hann þeim, og hann sá þá ekki ástæðu til þess að nota Skógarkot, og Guðmundur Jónsson hefur aldrei notað það til nokkurs hlutar árin sem hann hefur verið á Hvanneyri. Hann hefur aldrei haft þarna nokkra skepnu eða notað það til nokkurs hlutar og hefur því enga ástæðu til að ætla, að Hvanneyri þurfi á neinn hátt á því að halda. Um það, hvort á Hvanneyri verður landbúnaðarháskóli eða ekki, skal ég láta alveg ósagt, það er mál út af fyrir sig. En þó að það yrði gert að landbúnaðarháskóla, þá verður ekkert gert með Skógarkotið. Að vísu væri hugsanlegt að girða Skógarkotið af og planta þar skóg. Það eru þar dálitlir runnar, svona hnéháir, eins og í Hafnarskógi. Það er hugsanlegt að friða hann og í skjóli þessara runna gróðursetja þar barrtré og reyna að fá þar upp skóg. Þetta væri hugsanlegt að gera við Skógarkotið og kannske setja það að einhverju leyti í samband við skólann, þó að honum sé nú ekki beint ætlað það hlutverk að sjá um skógrækt nema sem garðrækt í kringum bæinn.

Að öðru leyti kemur ekki til greina, að Hvanneyri noti Skógarkotið. Það er ekki heldur það, sem vakir fyrir þeim, sem ekki vilja láta selja þessa jörð, heldur er það hitt, að það er komið á um Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nautgripasamband, sem í eru flestir bændur í héraðinu, sem hafa sameiginlegt nautahald og sæðingarstöð, sem þeir sæða frá.

Það hefur ýmsum dottið í hug, einmitt af því að þetta land er ekkert notað, að setja þar upp girðingu til að geyma í naut, sem eru annaðhvort lítið notuð og þó helzt reyndar ekkert notuð, að sumrinu. Ég tel þetta land algerlega óhæft til þess, og hefði ég verið enn þá nautgriparáðunautur og verið borið undir mig, hvort ætti að nota þetta land, þá hefði ég sagt nei. Það er ósköp lítið. Lengdarhliðin á því liggur meðfram alfaravegi, veginum norður í landið, og girðingin yrði meðfram honum. Og þó að maður geri ráð fyrir, að girðingin fái að vera í friði, þá er það nú svona, að það eru á ýmsum stöðum gerð skemmdarverk og girðingin liggur alveg meðfram vegi, sem fólkið fer um og sér nautin fyrir innan og svo er kannske einhver að yggla sig framan í þau o. s. frv., þá tel ég það ekki heppilegt, — það er nú það fyrsta. Í öðru lagi er mikill meiri hluti af þessu litla landi, sem Skógarkot á, flög og ekkert haglendi, en upp undir kverkinni graslendi, og graslendið sæmilegt kannske fyrir eitt eða tvö naut, sem gætu verið þar að sumrinu til, það er ekki miklu meira, sem þar er um að ræða. En þá liggur þetta á því svæði undir Hafnarfjalli, sem á koma slík ódæmaveður, að hver skepna, sem þar er, nema þá því meira ullað sauðfé, blotnar inn að skinni, og er ákaflega óheppilegt að hafa nautkindur úti vörzlulausar í slíkum veðrum. Ég mundi þess vegna aldrei hafa mælt með því, hefði ég verið ráðunautur, að það land væri tekið undir nautagirðingar, — og það er það eina, sem þeir menn hafa talað um, sem halda fram, að landið mætti ekki seljast, af því að það þyrfti að nota það til þess arna, og telja, að þar sem það væri almannaeign, þá væri rétt að nota það á þennan hátt í almannaþágu. Ég vil þess vegna vona, að þeir verði fáir, sem greiði atkvæði með því, að þessi liður falli út úr frv. Ég tel, að hann eigi alveg hiklaust að vera þar.

ATKVGR.

1. gr., 1.—2. tölul., samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., 3. tölul., samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, PZ, SÓÓ, SE, AG, BjörgJ, EggÞ, BSt.

nei: BjörnJ, FÞ.

7 þm. (KK, SB, FRV, FS, GTh, HermJ, JJós) fjarstaddir.

1. gr., frá 4. tölul. til loka, samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 484).

43. Eignarnámsheimild Hvammstangahrepps á erfðafesturéttindum.

Á 81. fundi í Ed., 18. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans [177. mál] (þmfrv., A. 410).

Á 82. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 410 er um það að veita Hvammstangahreppi heimild til þess að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hans. Frv. er flutt af heilbr.- og félmn., eins og þskj. ber með sér, samkv. ósk hreppsnefndar Hvammstangahrepps til félmrn. Sú ósk hreppsnefndarinnar kemur fram í bréfi og afriti úr gerðabók nefndarinnar, afritið er útdráttur fundargerðar, svo hljóðandi:

„Ár 1958, þann 4. febr., kom hreppsnefnd Hvammstangahrepps saman á fund. Allir nefndarmenn voru mættir. Fyrir var tekið:

3. Samþ. að fara þess á leit við félmrn., að það hlutist til um, að Alþ. það, sem nú situr, afgreiði lög um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp í erfðafesturéttindum í eignarlandi Hvammstangahrepps.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Helgi Benediktsson, Björn Kr. Guðmundsson, Sigurður Tryggvason, Skúli Magnússon, Ásvaldur Bjarnason.

Rétt endurrit staðfestir.

Hvammstanga, 14. febr. 1958.

Helgi Benediktsson, oddviti Hvammstangahrepps."

Grg. frá hreppsnefndinni fylgdi þessari samþykkt, ég hef hana hér í höndum í afriti frá félmrn.:

„Þegar hreppurinn keypti lóðir og lendur í Hvammstangahreppi af ríkissjóði með afsalsbréfi, dags. 18. júlí 1955, kom í ljós, að mestöllu landinu hafði verið ráðstafað af fyrri eigendum þess með erfðafestuleigum til langs tíma og yfirleitt með mjög lágum leigukjörum. Einnig upplýstist, að sumir hverjir þeir, sem land höfðu á erfðafestu, höfðu jafnvel praktíserað að framleigja byggingarlóðir úr leigulóðum sínum og leigur þá margfaldaðar. Slíkt telur hreppsnefndin að nái ekki nokkurri átt og telur því brýna nauðsyn bera til að afla sér sérstakrar lagaheimildar í því efni, enda hefur slíkt torveldað framkvæmdir skipulags í kauptúninu."

Til þess að kynna mér mál þetta ofur lítið nánar en hægt er af þessum skjölum, sem ég hef nú lesið, þá átti ég símtal við oddvitann, Helga Benediktsson, og fékk þær upplýsingar, að erfðafestulönd þau, sem mestum erfiðleikum valda, og einmitt vegna þess, að samningarnir torvelda skipulagsframkvæmdir kauptúnsins, eru í erfðafestuleigu hjá manni, sem er fluttur burt úr hreppnum og til Reykjavíkur og hefur framleigt til annarra réttindi sín um langan tíma. Þetta verður auðvitað að teljast ófært fyrirkomulag, og heilbr.- og félmn. var á einu máli um að verða við tilmælunum um að flytja þetta frv.

Mín skoðun er sú og byggð á allmikilli reynslu, að bæir og kauptún eigi undantekningarlaust að eiga lendur þær, sem byggð þeirra er á, og ráða leigumála þeirra og hafa hvenær sem er rétt til að ráðstafa þeim eftir þörfum skipulagsins. Annað er óeðlilegt og veldur vandræðum — meiri og minni — á marga vegu. Mér er þess vegna ánægja að því að taka þátt í að flytja þetta frv. og mæla með samþykkt þess.

Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. Af því að n. flytur frv., sé ég ekki ástæðu til að flytja till. um að vísa því til n., en heilbr.- og félmn. mun að sjálfsögðu fylgjast með því, meðan það er á ferðinni hér í deildinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala á móti þessu frv., það er síður en svo, því að ég er sammála um það, eins og ég hef látið í ljós áður hér í deildinni og það oftar en einu sinni, að það heppilegasta er, að þorp og kauptún eigi landið, sem þau standa á. En það eru tvö atriði í þessu samt, sem ég held að ég vildi benda n. á til frekari athugunar.

Ef ég man rétt, þó er ég ekki alveg viss um það, því að ég hef ekki gáð að því, — en ef ég man rétt, þá hefur nýbýlanefnd leyft að byggja tvö nýbýli, sem munu liggja nyrzt í Hvammstangalandi. Ég er ekki viss um, að þeirra land, sem er lítið, þurfi neitt að koma í bága við skipulagsuppdrátt. Muni ég rétt, liggja þau eiginlega í jaðrinum eða utan við sjálft þorpið, og ég er ekki viss um, hvort það á að leyfa hreppsnefnd að taka það. Það er búið að láta þarna bæði hagkvæm opinber lán og styrki í þessi nýbýli, og hvort á að leyfa hreppsnefndinni að taka þau, þar sem hún hefur nóg land sjálf til að byggja á, það efa ég. Þetta bið ég þá að athuga í sambandi við nýbýlastjórn og þó sérstaklega Pálma Einarsson, sem er þessum málum náttúrlega langkunnugastur, og til frekari upplýsinga um þetta getur hún náttúrlega snúið sér til skipulagsstjóra, sem hefur skoðað Hvammstangalandið og athugað, hvernig hagkvæmast er að skipuleggja byggðina. Þó að ekki séu komnar neinar till. um það, þá getur hún gengið úr skugga um, hvort það er rétt, sem ég held, að þessi nýbýli geti verið alveg sjálfstæð, þó að þau séu ekki tekin eignarnámi.

Aðeins þetta tvennt vildi ég benda á til frekari athugunar fyrir nefndina.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er aðeins út af fyrri bendingunni, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) flutti hér, að ég vildi gefa þá upplýsingu, að ég átti um málið tal við landnámsstjóra og hann sagðist ekkert hafa við það að athuga, þó að slík lög sem þessi væru sett. Að því er snertir hitt atriðið að leita til skipulagsstjórans upplýsinga um það, hvort hann telur, að þarna þurfi einhverja gangskör frekari að að gera, þá er ég fús til að hafa tal af honum sem frsm. þessa máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að ég mundi milli umræðna kynna mér afstöðu skipulagsstjóra ríkisins til málsins. Þetta hef ég gert. Það kom í ljós, að skipulagsstjórinn er vel kunnugur aðstæðum á Hvammstanga. Hann telur heimildina til eignarnáms á erfðafesturéttindunum mjög nauðsynlega og mælir eindregið með henni.

Annað hef ég ekki fram að taka við þessa umr. og vísa til þess, sem ég sagði við 1. umr. sem frsm. fyrir hönd heilbr.- og félmn. Legg til eins og þá, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 86. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 410, n. 483).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hreppsins er komið frá Ed., og hefur heilbr.- og félmn. verið sammála um afgreiðslu málsins þar og mælti með frv. En frv. er borið fram samkvæmt ósk hreppsnefndar Hvammstangahrepps, og virðist hreppsnefndin hafa verið einhuga um að óska eftir þessari heimild.

Í grg. fyrir frv. á þskj. 410 er skýrt frá, hvers vegna sérstaklega er óskað eftir þessari eignarnámsheimild. Það er að nokkru leyti vegna skipulags í kauptúninu, og þarf að breyta þá og fara inn á lönd, sem einstaklingar hafa nú erfðafesturéttindi á, og svo sömuleiðis til þess að hreppsnefndin geti haft yfirleitt meira vald á þessum málum öllum.

Heilbr.- og félmn. þessarar d. er einhuga um að mæla með samþykkt frv. óbreytts, eins og það hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 498).

---

44. Sýsluvegasjóðir.

Á 42. fundi í Sþ., 30 apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði [183. mál] (þmfrv., A. 454).

Á 86. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Samkvæmt gildandi lögum um sýsluvegasjóði er skattur til sýsluvegasjóðanna innheimtur sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamatsverði landa og húsa í hverri sýslu, þar sem sýsluvegasjóður hefur verið stofnaður, og fer mótframlag ríkissjóðs eftir því, hve hár sá hundraðshluti er. Leyft hefur verið að innheimta þessi framlög með allt að 70% álagi miðað við gamla fasteignamatið, og hafa flestar sýslur, þar sem sýsluvegasjóðir eru starfandi, notfært sér þá heimild.

Í fjárlögum þessa árs eru veittar 2½ millj. kr. til sýsluvegasjóða sem framlag ríkisins móti framlögum héraðanna á þessu ári. En nú hefur tekið gildi nýtt fasteignamat skv. lögum um samræmingu á fasteignamati, sem gengu í gildi hinn 1. maí 1957.

Nú þykir það sýnilegt, að ef á að leggja hið nýja fasteignamat til grundvallar við útreikning sýsluvegasjóðsgjalda á þessu ári, þá muni framlag ríkissjóðs, sem ákveðið er í fjárlögum þessa árs, alls ekki hrökkva til sem mótframlag ríkis-

ins gegn framlögum héraðanna. Þetta mál er því í nokkurri óvissu, eins og sakir standa. En nú eru sýslufundir að hefjast í sumum héruðum, og vegamálastjóri hefur gert samgmn. grein fyrir því, að til hans berist nú víða að fyrirspurnir frá sýslunefndunum um það, hvort nýja fasteignamatið eigi að vera grundvöllur undir þessum framlögum á þessu ári eða hið gamla.

Frv. þetta er flutt af samgmn. eftir beiðni samgmrn. til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. Og skv. frv. er gert ráð fyrir, að vegaskattur til sýsluvegasjóða verði á þessu ári innheimtur samkvæmt gamla fasteignamatinu með heimild til 70% hækkunar, svo sem verið hefur undanfarin ár.

Þessi lagabreyting, ef samþ. verður, er í fullu samræmi við lög, sem sett voru á fyrri hluta þessa þings, eða 18. des. 1957, um breyt. á l. um samræmingu á mati fasteigna. En þá var ákveðið, að sveitarstjórnum yrði almennt gefinn frestur til 1. jan. 1959 til þess að endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamatið.

Samgmn. hefur athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði lögfest, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 90. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 91. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Ed., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 454, n. 488).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 488, hefur samgmn. hv. d. athugað frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Þess er þó að geta, að tveir nm. voru utanbæjar, er nefndin afgreiddi frv., og höfðu því ekki tök á að taka þátt í afgreiðslu n. á því, það voru þeir hv. þm. V-Sk. og hv. þm. N-Ísf.

Efni frv. er það, að aftan við lögin um sýsluvegasjóði komi bráðabirgðaákvæði á þá lund, að til loka yfirstandandi árs skuli innheimta sýsluvegasjóðsgjöld eftir sömu reglum og giltu um þá innheimtu áður en núgildandi fasteignamat gekk í gildi, þannig að miða skuli gjaldið við hundraðshluta af gamla fasteignamatinu, sem í gildi var til 30. apríl 1957; enn fremur, að haldast skuli til 1. jan. 1959 heimild sýslunefnda til þess að innheimta sýsluvegasjóðsgjald með allt að 70% álagi, svo sem verið hefur undanfarin ár, enda hækki ríkisframlagið að sama skapi.

Með gildistöku nýja fasteignamatsins 1. maí 1957 raskaðist grundvöllur þeirra reglna, sem sýsluvegasjóðsgjaldið miðaðist við. Er því sjáanlegt, að óhjákvæmilegt er að endurskoða lögin um sýsluvegasjóði í ljósi þeirrar staðreyndar. Án efa mun vegamálastjóri hafa meiri eða minni veg og vanda af slíkri endurskoðun, en þar til hún hefur farið fram, sem gera má ráð fyrir að verði á þessu ári, sýnist ekki verða hjá því komizt að fylgja þeim álagningarreglum, sem gilt hafa undanfarið. Frv. er fram komið í því skyni, að svo verði gert, og samgmn. hefur að athuguðu máli lagt til, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 524).

---

45. Tollafgreiðslustöðvun (frv. EystJ).

Á 96. fundi í Nd., 16. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu [189. mál] (þmfrv., A. 531).

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er augljóst orðið, að frv. það um útflutningssjóð o. fl., sem verið hefur til 1. umr. undanfarið hér í hv. d., hlýtur ekki lokaafgreiðslu á hv. Alþ. fyrir helgi. Því leyfi ég mér í samráði við ríkisstj. og eftir að hafa haft samband við formann stjórnarandstöðunnar að leggja til, að sett verði nú lög, sem heimili

ríkisstj. að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til fram komið frv. um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþ. Hef ég einnig rætt það við hæstv. forseta þessarar deildar, að greitt yrði fyrir þessu frv. nú í gegnum d., og raunar einnig við hæstv. forseta Ed. um, að það sama yrði gert þar nú í kvöld, og yrði það þá til þess að spara fundarhöld í deildunum á morgun, og gætu menn þá þess í stað einbeitt sér að því að vinna að útflutningssjóðsfrv. og öðrum málum í nefndum.

Ég vil taka fram, að ég sé ekki ástæðu til þess að leggja til, að þessu frv. verði vísað til nefndar, þar sem um það mun vera samkomulag.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Mér finnst eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. þurfi að fá heimildina framlengda um það að stöðva afgreiðslu á tolli, en eins og frv. liggur fyrir, kann ég ekki vel við það, þar sem 1. gr. frv. er orðuð eins og kunnugt er: „Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til fram komið frv. um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþ."

Ég fyrir mitt leyti tel eðlilegt, að ríkisstj. hefði heimild í lögum til þess að stöðva tollafgreiðslu, hver sem í stjórn er, og vildi því leggja til og flytja brtt. þar um, að 1. gr. frv. orðaðist svo: „Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum," en að seinni partur gr. verði tekinn burt, m. a. vegna þess, að það er engan veginn víst, að það frv., sem nú liggur fyrir þinginu um útflutningssjóð o. fl., fái fullnaðarafgreiðslu á þinginu. Það er vitað, að þessu máli verður vísað til hv. fjhn. Það er einnig vitað, að það er minni hl. hv. fjhn., sem fylgir þessu frv., og þótt útflutningssjóð og ríkissjóð vanti tekjur, þá má vel vera, að það verði borið fram nýtt mál til fjáröflunar í því skyni í staðinn fyrir þann óskapnað, sem við höfum verið að ræða um hér í d. í dag og fyrr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þetta frv. var borið undir hv. formann stjórnarandstöðunnar, og sendi hann mér þau boð, að hann væri því samþykkur. Ég hélt satt að segja, að hann væri maður til þess að sjá fyrir sinn flokk, hvað hentaði í þessu efni.

Ég sé enga ástæðu til þess, að þessi brtt. hv. 1. þm. Rang. verði samþ., því að væntanlega dettur engum þm. annað í hug en þetta frv., sem fram er komið, hljóti einhvers konar fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, hvort sem það verður samþ. eða fellt. Það er vitanlega óhugsandi annað, og við þetta er miðað í frv., eins og ég hef gert grein fyrir. Mér finnst það óviðkunnanlegt að hafa hinn háttinn á, að samþ. skilyrðislaust heimild fyrir ríkisstj. um að stöðva tollafgreiðslu, eins og hv. 1. þm. Rang. leggur til. Ég held, að þetta sé byggt á misskilningi hjá hv. þm.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að það hefur verið haft samband við formann Sjálfstfl. um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það skal hins vegar tekið fram, að það vannst ekki tími til þess að halda um það flokksfund. En það var skoðun okkar, að málið lægi þannig fyrir, að það væri ástæðulaust að fetta fingur út í það, að þessi heimild væri veitt, né heldur að hún væri í því formi, sem hún er hér borin fram í. Það er auðvitað ljóst, að fullnaðarafgreiðsla á þessu frv. merkir ekki á neinn hátt, að það feli í sér, að það verði samþ. það getur eins orðið fellt, og útilokar það þá engan veginn, en hins vegar óeðlilegt, ef það mundi dragast allverulega enn, að frv. yrði afgr. frá þinginu, að það þyrfti þá enn á ný ef til vill að fara að sækja um heimild til þess að stöðva tollafgreiðslu.

Ég sé heldur ekki, að það sé ástæða til að fara að veita almenna heimild í sérstöku frv. Ef það ætti að gerast, þá er eðlilegt, að það væri gert með breytingu á þar að lútandi lögum um tollafgreiðslur, en ekki með sérstökum lögum, eins og hér er um að ræða.

Ég vildi staðfesta það hér, að það er rétt, að formaður Sjálfstfl. hefur fyrir sitt leyti fallizt á, að þetta frv. yrði afgr. á þennan hátt og að það þyrfti ekki að fara í nefnd, heldur fengi hér skjóta afgreiðslu, og ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þm. flokksins hér í d., þó að því miður hafi ekki til þeirra náðst til að hafa samráð um þetta mál, þar sem það bar mjög brátt að, muni einnig styðja þá skoðun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lýsti því ekki hér við 1. umr., að hann hefði haft samráð við formann Sjálfstfl. um þetta mál í því formi, sem það er, og úr því að svo var, þá mun ég taka þá brtt., sem ég áðan lýsti, aftur, enda þótt ég telji það eðlilegt, að heimild sem þessi væri í lögum ótakmörkuð og að hver ríkisstj. sem væri hefði aðstöðu til að stöðva tollafgreiðslu, ef það þætti henta. En úr því að hæstv. ráðh. hafði haft samráð við formann Sjálfstfl. um þetta mál og í þessu formi, þá ætla ég ekki að halda mig við þá brtt., sem ég áðan lýsti.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Án þess að ég ætli að fara að halda hér uppi þexi um þetta atriði, þá vil ég benda á, að hér hlýtur að vera um misskilning að ræða hjá hv. þm. Ég tók það einmitt fram, að það hefði verið haft samráð við form. Sjálfstfl. um þetta frv. og það einmitt í fyrstu orðunum, sem ég sagði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er nú augljóst, að frv. til l. um útflutningssjóð o. fl. getur ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu fyrir helgi, þar sem 1. umr. er ekki enn þá lokið í hv. Nd. Þykir því nauðsyn bera til að framlengja þá stöðvun á tollafgreiðslu, sem ákveðin var með sérstökum lögum nú fyrir skemmstu, og hefur ríkisstj. haft samband við forustu stjórnarandstöðunnar og orðið samkomulag um að greiða fyrir því, að frv. það, sem hér liggur fyrir, geti orðið samþ. og gert að lögum nú í kvöld. En frv. er um það, eins og hv. þm. hafa veitt athygli, að heimila ríkisstj. að stöðva tollafgreiðslu á vörum, þangað til frv. um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi.
Það þykir hagkvæmt að afgreiða þetta mál í kvöld, til þess að ekki þurfi þá að gera ráð fyrir fundum í deildum á morgun og menn geti þá snúið sér að því að vinna að útflutningssjóðsfrv. í fjhn. Nd., sem hefur samvinnu við fjhn. þessarar d., eins og kunnugt er.
Af þessum ástæðum vil ég fara fram á það, að hæstv. forseti og hv. dm. vildu taka þetta mál til fullnaðarafgreiðslu nú í kvöld.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

---

46. Óskilgetin börn.

Á 72. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna [160. mál] (þmfrv., A. 338).

Á 73. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Allshn. hefur orðið sammála um að flytja þetta frv., vegna þess að um réttarstöðu óskilgetinna barna gildir önnur meginregla en yfirleitt í íslenzkum lögum, þegar kveða skal á um, hvorum réttarreglum eigi að beita: heimalandsins, þar sem móðir barnsins á heima, eða hvort miða á við ríkisfang hennar.
Í núgildandi lögum er miðað við ríkisfang móðurinnar, en í öllum öðrum sambærilegum tilfellum í íslenzkum lögum er miðað við heimilisfangið. Það er upplýst, að þetta er að nokkru leyti af misskilningi komið inn í íslenzka löggjöf, þó að það sé búið að vera þar lengi og sé algert undantekningaákvæði. Við urðum að vel athuguðu máli sammála um, að það væri ástæðulaust og verra en það að halda því í gildi, og flytjum því þetta litla frv., sem ég vonast til þess að geti fengið greiðan framgang. Það er búið að vera til athugunar í n. og þarf þar ekki frekari athugun, svo að ég vonast til þess, að það geti náð ágreiningslaust fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Skúli Guðmundsson: Ég vil leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hv. frsm. allshn., sem flytur þetta frv. Frv. er um að fella niður 19. gr. l. nr. 87 frá 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Segir í grg., að þau ákvæði, sem þarna er lagt til að fella niður, séu um réttarstöðu óskilgetins barns.
Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort frv. þetta, ef samþykkt verður, hafi nokkur áhrif til breytinga á réttarstöðu óskilgetinna barna, sem fædd eru áður en þetta tekur lagagildi, ef samþykkt verður, og réttarstaða þeirra barna, sem fædd eru á þeim tíma, meðan 19. gr., sem hér er rætt um, hefur verið í gildi, breytist nokkuð við afgreiðslu á eða samþykkt þessa frv.
Mér þykir raunar ósennilegt, að lögin verki þannig aftur fyrir sig, þó hefði ég gjarnan viljað fá um þetta skýrar upplýsingar frá hv. nefnd.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í frv. stendur, að lögin taki þegar gildi, og það er enginn fyrirvari gerður um það, að það taki ekki til barna, sem fyrr eru fædd. Að öðru leyti er það algerlega eftir venjulegum lögskýringarreglum að mati dómstólanna, í hvaða réttarsamböndum þetta frv. verður talið gilda, ef að lögum verður, og í hvaða tilfelli eldri lög yrðu talin gilda. Ég segi eins og er, að ég er ekki reiðubúinn til þess að svara því til hlítar, en fyrir fram sýnist mér, að lögin geti alveg eins tekið til þeirra barna, sem fædd eru áður, eins og þeirra, sem fædd eru héðan í frá, ef þetta verður að lögum.

Skúli Guðmundsson: Ég hefði talið það æskilegt, að áður en frv. verður afgreitt a. m. k. frá þd., þá lægi þetta ljóst fyrir, það atriði, sem ég spurðist fyrir um.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég hygg, að það sé óhætt að segja það án frekari umhugsunar, að ef þetta eigi að liggja ljóst fyrir, þá geti það ekki orðið nema með því að flytja brtt. um það að undanþiggja þau börn, sem áður eru fædd. Það er auðvitað hv. þm. í lófa lagið að flytja brtt. um það, ef hann telur nauðsyn á því. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel ekki nauðsyn á því og mun hvorki flytja slíka brtt. né verða henni fylgjandi.

Að öðru leyti fer þetta algerlega eftir venjulegum lögskýringarreglum, og dómstólar mundu fylgja þeirri venju, sem þeir hafa fylgt í öðrum hliðstæðum tilfellum, svo að ég skil ekki í, að nokkur hætta sé hér á. En ef menn vilja tryggja það, að lögin taki ekki til þeirra barna, sem þegar eru fædd, þá er hægurinn hjá að breyta því og setja um það beint fyrirmæli. En ég sé ekki, að það sé neitt fyrir nefndina í því að gera frekar, hún hefur lagt sitt frv. fram eins og það er. Ef menn vilja breyta því, þá er rétt að koma með brtt. um það eins og við hvert annað mál, svo að ég vildi leggja til, að málið fengi sína afgreiðslu.

Það gefst auðvitað hverjum færi á því að flytja brtt. eftir sinni vild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. allshn. gat þess nú áðan við 2. umr. málsins, sem rétt er, að menn gætu borið fram brtt., ef þeim þætti þurfa.

Hins vegar hefur mér ekki gefizt tími til að athuga það mál vegna þess, hve skammt er liðið síðan 2. umr. lauk, en vildi gjarnan fá tækifæri til að athuga, hvort mér þætti ástæða til að bera fram brtt., og vildi því fara fram á við hæstv. forseta, að meðferð málsins yrði frestað nú, en ekki lokið á þessum fundi.

Forseti (EOl): Ég vil gjarnan gefa hv. þm. tækifæri til að geta borið fram brtt., en álít hins vegar mjög æskilegt, að hægt sé að afgreiða málið á þessum fundi. Umr. verður því frestað um hríð.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 338, n. 504 og 505).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. þetta, en nm. hafa ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Við hv. 1. landsk. þm. (AG) leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Nd.

Frv. er flutt af allshn. Nd. og samþykkt af þeirri d. einróma og athugasemdalaust. Frv. miðar að því að nema úr gildi 19. gr. laga nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Af því ákvæði, eins og það er nú í umræddri lagagrein, leiðir, að réttarstaða óskilgetins barns skuli fara eftir ríkisfangi móður. Þetta ákvæði er í ósamræmi við þá meginreglu íslenzkra laga að miða gildi slíkra réttarreglna við heimilisfang aðila. En það er ekki aðeins í ósamræmi við sifjarétt Íslands, heldur einnig andstætt sifjarétti allra hinna Norðurlandanna. Ákvæðið mun þannig til komið í íslenzkri löggjöf, að hinn mæti maður Lárus H. Bjarnason tók það upp í frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sbr. 41. gr. l. nr. 46 frá 27. júní 1921. Er mér tjáð, að aðdragandi þessa ákvæðis sé sá, að einhver ráðstefna í Haag hafi fjallað um þetta atriði árið 1907, — vitanlega varð sú ráðstefna árangurslaus, — en þar mun því hafa verið haldið fram af fulltrúum Mið-Evrópuríkja, að svipuð regla og nú er í 19. gr. laga þeirra, er ég nefndi, ætti að teljast alþjóðalög, en hins vegar var henni mótmælt þar af fulltrúum Norðurlandanna. Þeim mun einkennilegra er, að hinn mæti

maður, er ég áðan nefndi, skyldi taka þessa reglu upp í frv. til laganna frá 1921, þegar þess er gætt, að þau voru í öllum meginatriðum þýdd eftir norrænni löggjöf um sama efni. Umrætt ákvæði mun komið úr þýzkum lögum. Samkvæmt þeim teljast óskilgetin börn ekki skyldmenni föður síns. Þetta ákvæði mun vera að finna í borgaralögbókinni þýzku, Bürgerliches Gesetzbuch, gr. 1589, og hljóðar svo á þýzku: „Ein uneheliches Kind und dessen Vater gelten nicht als verwandt".

Mjög fer þetta lagaákvæði í bága við íslenzkan hugsunarhátt. Á Íslandi hefur geymzt forn málsháttur: Fár er sem faðir, en enginn sem móðir. Þessi íslenzki hugsunarháttur kemur fram í lögum nr. 95 frá 5. júní 1947, um lögræði, 22. gr., 4. mgr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráða barni sínu eða hún má ekki hafa foreldravald yfir því, og á þá faðir barnsins rétt til að fá umráð þess, ef það hefur erfðarétt eftir hann og hann framfærir það."

Þegar þess er enn fremur gætt, að nú mun um fjórðungur allra íslenzkra barna vera óskilgetinn, eða nánar tiltekið mun það hafa verið svo, að af öllum börnum, sem fæddust hér á landi árið 1956, voru 25.2% óskilgetin, en frá árinu 1954 var þessi prósenttala jafnvel enn hærri, eða 27.4%, getur maður því séð við fljóta yfirvegun, að sú regla, að óskilgetin börn teljist ekki skyldmenni föður síns, er fjarri því að samrýmast íslenzkri réttarvitund.

Við endurskoðun laganna, sem var gerð fyrir 1947, hefur hins vegar láðst að nema þetta gamla og ósanngjarna ákvæði brott, en það verður áreiðanlega gert fyrr eða síðar. Og þar sem ákvæðið er, eins og ég nú hef sýnt fram á, bæði óeðlilegt og andstætt meginreglum íslenzkrar og norrænnar löggjafar, þá teljum við hv. 1. landsk. sjálfsagt að nema það úr gildi nú þegar.

Þá vil ég aðeins víkja að þeim fyrirvara, sem hv. 2. minni hl. þessarar n. hefur gert og getur að líta í nál. þess minni hl. á þskj. 505. Þar leggja þeir hv. alþm. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Ríkisborgararéttur skiptir þó ekki máli í þessu efni um börn, fædd 1. júlí 1958 eða síðar."

Ég vil alveg eindregið mótmæla þessum fyrirvara. Hann er óvenjulegur og yrði til þess, að næsta mannsaldur mundu gilda tvenn lög á Íslandi um þetta efni. Það yrði mjög óheppilegt í alla staði. Tel ég alveg sjálfsagt að eftirláta okkar ágætu dómstólum að dæma um það, hvort þessi lög eiga að verka aftur fyrir sig, enda vitum við það, sem á þingi sitjum, að það er óvenjulegt að gera svona fyrirvara í löggjöf. Flest löggjafarmál taka gildi þegar í stað eða eru miðuð við gildistöku við einhvern ákveðinn tíma síðar. En um þetta atriði álít ég alveg sjálfsagt að láta hina íslenzku dómstóla hafa frjálsar hendur.

Ég vil því eindregið mæla gegn þessari breytingu eða þessum viðauka og legg til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 2. minni hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, um breyting á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, fjallar um það, að 19. gr. þeirra laga skuli falla niður, en sú gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Afstaða óskilgetins barns fer að íslenzkum lögum, hafi móðir þess íslenzkan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi."

Ég hef ekki orðið var við, að ágreiningur sé um það hér á Alþingi, að rétt sé að fella niður ákvæði þetta úr íslenzkum lögum, enda sýnist eðlilegra, að réttarstaða óskilgetins barns fari eftir dvalarlandi móður heldur en ríkisfangi hennar. Hins vegar sýnist jafnsjálfsagt, að sá fyrirvari sé hér um hafður, að ekki sé til þess ætlazt, að röskun verði á réttarstöðu þeirra einstaklinga, sem 19. gr. laganna fjallar um og þegar er orðin staðreynd. Þar sem þessi fyrirvari er ekki berum orðum greindur í frv., hefur okkur hv. 1. þm. N-M. þótt hlýða að flytja brtt. við frv., þótt ekki gæti orðið um það samkomulag í allshn., sem málið hafði til meðferðar.

Líklegt er eða jafnvel víst, að einhverjir, sem hlut eiga að máli, muni halda því fram, að frv. sé afturvirkt og kollvarpi réttarstöðu einstaklinga, sem þegar hefur stofnazt. Slíkt er með öllu óeðlilegt og óheppilegt, og miðar brtt. okkar hv. 1. þm. N-M. að því að koma í veg fyrir ágreining um það. Brtt. er að efni til á þá leið, að brottfall ríkisfangsreglunnar, sem ráðgerð er í 1. gr. frv., skuli miðað við þá einstaklinga, sem fæðast 1. júlí 1958 eða síðar, og skuli heimilisfangsreglan gilda um þá einstaklinga. Þetta ákvæði álítum við nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir óþarfar deilur og að margvísleg vandamál spretti af því, að í frv. í núverandi mynd sinni er ekki nægilega ljóst um þetta efni og mun því líklegt að valda ágreiningi. Að vísu gerum við ráð fyrir því, að frv. verði skilið á þann veg, að það taki einungis til einstaklinga, sem fæðast eftir að frv. fær lagagildi. Væri það ekki skilið með þeim hætti, heldur á þann veg, að það taki til allra einstaklinga, fæddra og ófæddra, sem um ræðir í 19. gr. l. um óskilgetin börn, gæti það haft og hefði án alls efa í för með sér röskun á réttarstöðu fjölda einstaklinga hér á landi, þannig að ófyrirsjáanlegt er með öllu um afleiðingar þess.

Ég tel, að það séu engin rök gegn brtt. okkar hv. 1. þm. N-M., sem hv. 11. landsk. hafði hér uppi í framsögu sinni, að brtt. gerði ráð fyrir því, að tvenn lög mundu gilda á Íslandi næsta mannsaldur í þessum efnum og slíkt væri óeðlilegt og kæmi yfirleitt ekki fyrir í löggjöf. Þetta er alls ekki rétt hjá hv. þm. Þetta er engan veginn óeðlilegt, og sömuleiðis hefur þetta átt sér stað vafalaust oftar en einu sinni í íslenzkri löggjöf, og er þar skemmst að minnast ákvæðisins um erfðarétt óskilgetinna barna, sem hv. þm. mun efalaust muna eftir, en um það voru ákvæði í lögum frá 1949, að mig minnir, sem að vísu eru nú numin úr gildi, og höfðu að geyma fyrirmæli um það, að erfða-

réttur óskilgetinna barna, sem fædd væru eftir að lögin gengu í gildi, skyldi hlíta öðrum reglum en hinna, sem áður voru fædd.

Þótt vitað kunni að vera um einhver tilfelli, þar sem heppilegt eða æskilegt þætti, að heimilisfangsreglan gilti, þá teljum við flm. brtt. með öllu óhæfilegt annað en líta á mál þetta frá almennu sjónarmiði. Hér er um að ræða viðkvæm persónuleg einkamál manna, sem mjög er vandfarið með. Við vörum því við þeim skilningi á frv., að í því skuli felast, að réttarstaða þeirra einstaklinga, sem 19. gr. laganna fjallar um og þegar eru fæddir, breytist við gildistöku frv., enda flytjum við brtt. í því skyni, að hér verði ekki um villzt og komið verði í veg fyrir óþarfa og ófyrirsjáanlega röskun á réttarstöðu manna, sem af gætu risið margvíslegar og óæskilegar deilur.

ATKVGR.
Brtt. 505 felld með 11:2 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Ed., 19. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 538).

---

47. Útflutningur hrossa.

Á 73. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa [162. mál] (þmfrv., A. 348).

Á 74. og 75. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. flytur frv. þetta eftir beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Á undanförnum árum hefur verið um nokkurn útflutning hrossa að ræða, og hefur þá jafnan hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands séð um útflutninginn og annazt sölu hrossanna í samráði við atvmrn., og 1. gr. þessa frv. felur í sér að löggilda þann hátt, sem hefur verið hafður í þessum efnum á undanförnum árum, en yfirleitt miðar frv. þetta að því að rýmka nokkuð til um útflutning hrossa frá því, sem nú gildir í lögum.

Það hefur t. d. ekki verið leyfilegt að flytja út eldri en 10 vetra hross, en í frv. er gert ráð fyrir, að þau megi vera allt að 12 vetra gömul. Enn fremur er samkvæmt þessu frv. óheimilt að flytja út kynbótahross nema með sérstöku leyfi frá atvmrn. og meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands. Sama máli gildir, ef um útflutning yngri hrossa en þriggja vetra er að ræða.

Þá þykir nú ekki ástæða til að binda útflutning hrossa eingöngu við mánuðina júní til október, og er samkvæmt frv. þessu gert ráð fyrir, að það megi flytja þau út á tímabilinu frá 1. júní til 15. des. ár hvert, en sé um útflutning að ræða á öðrum tímum árs, þarf til þess sérstakt leyfi frá atvmrn. og meðmæli frá Búnaðarfélagi Íslands. Að því er kunnugir telja, þá eru skipin, sem flytja hestana út, nú betur útbúin að öllu leyti en áður var og því betri líðan þeirra á sjónum.

Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir, að eingöngu dýralæknar skoði útflutningshrossin, enda þarf heilbrigðisvottorð til, svo að innflutningurinn í hlutaðeigandi löndum sé lögum samkvæmur.

Þá er gerð sú breyting á í frv. þessu, að flytja megi út glaseygð hross, en það hefur verið bannað til þessa.

Þá er loks gert ráð fyrir, að samin verði ný reglugerð varðandi útflutning hrossa, enda munu þær reglur, sem um þetta gilda, vera orðnar nokkuð gamlar, en atvmrn. setur reglugerðina, að fengnum till. frá Búnaðarfélagi Íslands, yfirdýralækni og Dýraverndunarfélagi Íslands.

Sektarákvæði eru nokkuð hækkuð í frv. þessu frá gildandi lögum, enda hefur verðgildi peninga nokkuð breytzt, frá því að lögin um útflutning hrossa öðluðust gildi.

Í sambandi við frv. þetta vil ég geta þess, að mikil eftirspurn er eftir íslenzkum hestum, ekki einungis í Þýzkalandi, heldur einnig í Austurríki, Belgíu, Hollandi, Sviss, Frakklandi og fleiri löndum.

Frá því að þarfasti þjónninn okkar, hesturinn, var aðallega notaður við heimilisstörfin og til að færa björg í bú, hafa orðið stórfelldar breytingar á sviði tækninnar, og nú leysa bílar og dráttarvélar af hendi aðalstarf hestsins, sem áður var. En enn þá er íslenzki hesturinn yndi þeirra, sem eiga hann, og margir Íslendingar nota hann sér til ánægju og aðrir til gagns og gamans.

Áður fyrr var talsvert flutt út af íslenzkum hestum, og þóttu þeir hentugir og góðir í kolanámum og við smábú erlendis. Nú bíða þeirra ekki dimmar kolagryfjur, því að þar er véltæknin komin sem víðar, en aftur á móti bíður fjöldi fólks eftir að eignast skemmtilegan og góðan félaga, þar sem íslenzki hesturinn er, því að hann hefur kynnt sig vel, og allir þeir, sem geta, vilja eignast hann og nota sem sporthest.

Ég vænti því þess, að hv. alþm. ljái þessu máli lið sitt hér á þingi og greiði fyrir því, að rýmkað verði nokkuð til um útflutning hrossa frá því, sem verið hefur.

Svo óska ég eftir, að þetta mál verði látið ganga áfram til 2. umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv. og ber ekki fram neinar breyt. við það á þessu stigi málsins og leggur því til, að það verði samþykkt. En um leið vil ég geta þess, að í grg. um 2. gr. stendur, í næstneðstu línu, að sama máli gegni um hross yngri en þriggja vetra, þ. e., að það þurfi að fá undanþágu til þess að flytja þau út. En það er ekki rétt, vegna þess að 2. gr. frv. gerir ekki ráð fyrir því, að það þurfi neina sérstaka undanþágu, heldur er hámarksaldur hrossa, sem út eru flutt, 12 vetra, þ. e. a. s., að það megi flytja út hesta á aldrinum til allt að 12 vetra. Vil ég hér með leiðrétta þann misskilning, sem í grg. stendur og hef ég svo ekki að svo stöddu meira um þetta mál að segja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 79., 80. og 81. fundi í Nd., 17., 18. og 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 348, 432).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Síðan 2. umr. fór fram um frv. þetta hefur landbn. átt tal við hrossaræktarráðunaut, Gunnar Bjarnason, og sömuleiðis átt tal við Þorstein Einarsson, ritara Dýraverndunarfélags Íslands. Eftir að n. kynnti sér þeirra sjónarmið, varð hún á einu máli um það að flytja þær brtt., sem hér liggja fyrir.

Fyrsta breytingin er um það að hafa hámarksaldur útflutningshesta ekki hærri en 10 vetra, enda er miklu þægilegra að þekkja aldur þeirra, eftir því sem þeir eru yngri.

Þá þykir n. rétt að setja skýrari ákvæði varðandi kynbótahross, og fjallar 2. liður brtt. um það, að sérstakt leyfi þurfi einungis til að flytja út 1. verðlauna hross.

Þá er 3. liður brtt. þess efnis að fella niður það ákvæði, að aðeins megi flytja út tamin eldishross að vetrinum. N. fannst ekki ástæða til að gera það að skilyrði fyrir útflutningi, að þau séu tamin, heldur hitt, að hrossin skuli vera vel með farin.

2. brtt. er nánast leiðrétting, þar sem misritazt hefur ártalið, sem lögin voru gefin út, því að eins og hv. þm. sjá, þá er hér talað um breyt. á l. nr. 50 23. júní 1933, um útflutning hrossa, en lögin eru frá 1932, og mun, úr því sem komið er, þurfa samþykkt þingsins fyrir þessari breytingu.

Ég vænti þess, að hv. þm. samþ. þessar brtt., þó að skammur tími sé, síðan þeim var útbýtt, enda ekki um neinar verulegar efnisbreytingar að ræða frá því, sem frv. sjálft var, þegar það var lagt fyrir þingið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Mér hefur komið í hendur erindi til landbn. Alþingis frá Dýraverndunarfélagi Íslands, sem mér þykir rétt að skýrt sé frá hér í umr., og leyfi mér því, með samþykki hæstv. forseta, að lesa það upp. Það er dags. 18. apríl 1958 og hljóðar svo:

„Stjórn Dýraverndunarfélags Íslands leyfir sér að mótmæla eftirfarandi atriðum í frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 frá 23. júní 1933, um útflutning hrossa:

1) Styttingu þess tíma, sem eigi má flytja út hross (ákvæði í 2. gr.). 2) Hámarksaldri hrossa þeirra, sem má flytja út (ákvæði í 2. gr.).

Stjórnin leyfir sér að mælast til þess við hv. Alþingi, að á tímanum 15. okt. til 1. júní sé útflutningur hrossa undantekningarlaust bannaður.

Rök félagsins fyrir þessum mótmælum eru þessi, að haustveður eru oft hörð og sjólag þá oft hvað verst að dómi margra reyndra sjómanna. Hestar verða sjóveikir, svo að þeir fá hrossasótt, sem oft leiðir til dauða. Hinar þrjár ólöglegu hrossasendingar til Þýzkalands, sem áttu sér stað á þessum vetri, hafa ótvírætt leitt hættu þessa í ljós, þar sem nokkur hrossanna drápust, sbr. upplýsingar Dýraverndunarfélags Hamborgar.

Rétt er að geta þess í þessu sambandi, að aldrei hafa verið lögð fram vottorð frá dýralæknum í Hamborg um ásigkomulag hrossanna, er þangað kom, þó að slík vottorð væru tilskilin af ráðuneytinu og lofað væri að útvega þau.

Varðandi síðara mótmælaatriðið skal bent á, að eftir því sem hross eldast og verða hagvanari, er heimþrá — strok — þeirra meiri, og sama gildir um þá sem manninn, að þeim er þá erfiðara að breyta um störf. Vill því stjórn félagsins mælast til þess, að hámarksaldurinn sé ekki hækkaður frá „11 vetra“, eins og er í gildandi lögum. Helzt er það ósk stjórnar félagsins, að hámarksaldurinn sé lækkaður í „9 vetra“.

Með lögum um dýravernd, sem samþ. voru á Alþ. 5. apríl 1957, var stigið merkilegt spor í þá átt að veita dýrum lagavernd vegna þeirra sjálfra, en horfið frá því stigi að miða alla meðferð dýra við ímyndaða hagsmuni almennings.

Nái breytingar umræddS frv. fram að ganga, þá verður af löggjafans hálfu snúið við og stigið til baka á þeirri þróunarbraut um lagavernd dýranna, sem Alþ. vék svo markvisst inn á 1957. Sú dýraverndunarlöggjöf var sett vegna dýranna sjálfra, til verndar lífi þeirra og líðan.

Umrætt frv. er runnið frá þeim, sem líta fyrst og fremst á þann hagnað, sem kann að verða af útflutningi hrossa. Hesturinn er það dýr, sem hvað lengst hefur staðið í nánustum tengslum við okkur Íslendinga. Samrýmist það því illa fyrrnefndri lagaþróun eða samúðarkennd manna, að skert sé lagavernd að því er líf og líðan hestsins snertir til þess að auðvelda sölu hans erlendis.“

Nú skilst mér, að með brtt. á þskj. 432 sé komið móts við eitt atriði í þessum ábendingum, þ. e. a. s. að útflutningsaldurinn er lækkaður úr 12 vetrum niður í 10 vetur, og virðist mér það því hljóta að vera til bóta frá sjónarmiði þeirra, sem þetta bréf hafa skrifað. Aftur á móti hefur hv. landbn. ekki treyst sér til að breyta um

heimildina til útflutnings, lætur ákvæði frv. vera ósnert um það efni, og vildi ég því mega óska nokkru nánari skýringar hennar á því, af hverju ekki er hægt að verða við tilmælum Dýraverndunarfélagsins, og þar með, hvaða ástæður knýja til þess að gera breytingar frá því, sem verið hefur ákveðið í lögum nú um aldarfjórðungsskeið.

Í þessu sambandi vildi ég leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh., sem ég harma að ekki skuli vera viðstaddur, en vona, að hv. n. komi þá áleiðis og málið verði ekki afgreitt héðan, fyrr en svar hæstv. ráðh. liggur fyrir: Er það rétt, að á s. l. vetri eða þeim vetri, sem nú er að líða, hafi verið veitt leyfi til útflutnings hrossa þvert ofan í gildandi lagabókstaf, að það sé engin undanþáguheimild til, sem leyfi útflutning hestanna á því tímabili, sem hann var leyfður? Og ef slík undanþáguheimild er ekki til í lögum, eftir hvaða heimild hefur hann þá verið leyfður? Ef nauðsyn var til þess að gera þessar ráðstafanir, — og inn í það mál skal ég ekki blanda mér á þessu stigi, — af hverju var þá ekki lagabreytingin fengin áður, en ekki leitað hennar fyrst nú eftir á? Og ef of langan tíma tók að leita samþykkis Alþ., sem væntanlega mundi nú ekki verið hafa, var þá ekki mögulegt að gefa út brbl. í eins og hálfs mánaðar jólafríinu, svo sem stundum hefur verið gert? Þetta er atriði, sem ég tel brýna nauðsyn að fá úr skorið, áður en málið verður afgreitt héðan frá deild. Helzt kysi ég, að hæstv. forsrh. yrði sjálfur viðstaddur, þannig að þetta mál væri hægt að ræða við hann, en væntanlega hefur landbn. nú þegar kynnt sér þetta og getur gefið einhverjar upplýsingar um það. Hafi hún ekki gert það, þá vil ég mjög eindregið fara þess á leit, að umr. verði frestað.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) las hér upp bréf frá Dýraverndunarfélagi Íslands, og eins og þegar hefur komið fram, þá hefur landbn. reynt að koma til móts við Dýraverndunarfélagið með þeim brtt., sem hér liggja fyrir. En ástæðan fyrir því, að landbn. sá sér ekki fært að breyta tímatakmarkinu um útflutning hrossa, er sú, að salan á hestum til útlanda er bezt framan af vetri og framan af vori. Það er lægst verðið á hestunum seinni hluta sumars. Það er dálitið erfitt, úr því að útflutningur hesta er leyfður á annað borð, að neita útflutningnum á þeim tíma, sem salan er bezt, og ég tel, að það sé ekki rík ástæða til þess að vera að breyta tímatakmarkinu frá því, sem það er nú í frv., vegna þess að réttur Dýraverndunarfélags Íslands til þess að fjalla um útflutning hrossa er jafnmikill og annara aðila, þar sem það er meðal þeirra, sem eiga að semja reglugerð samkv. þessum lögum, og þar tel ég, að þeir menn geti tryggt það, sem þeir telja í hættu vera varðandi útflutning hrossa að vetrinum, þegar um er að ræða skipaútbúnað og annað, sem þar til heyrir.

Enn fremur hefur hrossaræktarráðunauturinn upplýst það, að skipaútbúnaður allur nú sé mun betri en áður var og því ekki ástæða til að hafa sömu tímatakmörk í lögum og nú eru.

Um það atriði málsins, sem hv. þm. gat hér um, varðandi þann útflutning, sem fram hefur farið, að hann eigi enga stoð í lögum, það skal ég ekki um segja, en hygg þó, að hann eigi einhverja stoð í lögum, því að a. m. k. er leyfður útflutningur á hestum á þessum tíma árs, en það mun vera álitamál, hversu víðtækt beri að skoða þau ákvæði laganna, sem þar að lúta. En ég skal játa það, að þessi atriði málsins hefur n. ekki kynnt sér sérstaklega, og vænti ég, að það þurfi ekki að tefja framgang þessa máls núna vegna þessa, því að hann hefur tafizt alllengi, og ef frekari skýringa þarf við, þá hygg ég, að hæstv. landbrh. og forsrh. geti gefið þær í Ed.

Umr. frestað.

Á 83., 84. og 85. fundi í Nd., 25., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 86. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þegar þetta mál var rætt hér síðast, gerði hv. 1. þm. Reykv. nokkrar fsp. varðandi þann útflutning hrossa, sem fram hefur farið núna í vetur og á árinu sem leið, og í dag hefur mér borizt bréf eða skýrsla um þennan útflutning frá landbrn., og ætla ég hér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana upp:

„Í lögum um útflutning hrossa, nr. 50 23. júní 1932, segir svo m. a.:

1. gr. Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en þriggja vetra. Atvmrh. getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra og yngri en þriggja vetra, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því.

2. gr. Á tímabilinu 15. okt. til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Frá 1. marz til 1. júní má þó flytja út hross á aldrinum 4—10 vetra, enda séu þau feit og hafi notið innifóðurs ekki skemur en einn mánuð. Þó þarf leyfi atvmrh. til slíks útflutnings í hvert sinn, enda hafi hann áður sett reglur um meðferð hrossanna, frá því að þau eru keypt og þar til þau eru látin í skip.

Bent skal á, að í lögum nr. 18 1935, um breyt. á framangreindum lögum, nr. 50 1932, um útflutning hrossa, var ákveðið, að til ársloka 1935 gæti ráðherra á sama hátt veitt leyfi til þess, að hross væru flutt út á tímabilinu frá 15. okt. til febrúarloka.

Með bréfi, dags. 11. okt. 1957, leyfði ráðuneytið Stefáni Jónssyni bónda, Kirkjubæ á Rangárvöllum, að flytja út með Gullfossi 15. okt. 1957 til Þýzkalands 11 hross á aldrinum 3—12 vetra og eitt folald. Enn fremur var Stefáni leyft að flytja út til Þýzkalands í tilraunaskyni með Reykjafossi 28. okt. 1957 10 hross 3—12 vetra og 15 folöld. Það skilyrði var sett fyrir síðari útflutningnum, að hrossin skyldu hafa haft minnst 10 daga innistöðu, áður en þau yrðu flutt um borð í skip, og að hrossunum skyldi fylgja hrossaræktarsérfræðingur, er sæi um meðferð þeirra á leiðinni. Með skipinu fóru til eftirlits Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur og

Stefán Jónsson bóndi í Kirkjubæ. Með sama skipi var Sambandi íslenzkra samvinnufélaga leyft að flytja eitt hross, 7 vetra, til Þýzkalands.

Með bréfi, dags. 16. nóv. 1957, var Stefáni Jónssyni leyft að flytja út til Þýzkalands 44 folöld með skipinu Reykjafossi með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að folöldin hafi verið vanin undan og höfð í húsi á heyfóðri a. m. k. 10 daga.
2. Að folöldin fái hvíld á útskipunarhöfn í sólarhring a. m. k. að loknum flutningi úr heimkynnum sínum.
3. Að eigi verði höfð fleiri folöld en 10 í stíu.
4. Að sérstakir gæzlumenn fylgist stöðugt með folöldunum á leiðinni.
5. Að útflytjendur útvegi og afhendi að loknum flutningi skýrslu dýralæknis þess, er hrossin skoðar í Hamborg, um útlit þeirra og ástand við komu þangað.

Með bréfi, dags. 26. nóv. 1957, var Stefáni leyft að flytja út til Þýzkalands með Reykjafossi 60 folöld og 25 fullorðin hross með sömu skilyrðum og sett voru um útflutninginn í nóv.

Í desember sótti Stefán Jónsson um leyfi til útflutnings á 60 folöldum og 25 fullorðnum hrossum, en þeirri umsókn var synjað.

Með bréfi, dags. 27. febr. 1958, var Stefáni Jónssyni leyft að flytja út til Þýzkalands með m/s Gullfossi 25 fullorðin hross, og með bréfi 24. marz sama ár var honum leyft að flytja út 50 fullorðin hross með m/s Hvassafelli með eftirfarandi skilyrðum:

1) Hrossin fái að njóta hvíldar í sólarhring a. m. k. á útskipunarhöfn, áður en þau verði flutt um borð í skipið.
2) Hrossin séu á aldrinum 4—10 vetra og hafi öll notið innifóðurs eigi skemur en einn mánuð.
3) Um skoðun hrossanna og umbúnað í skipinu sé fylgt fyrirmælum yfirdýralæknis.
4) Að útflytjandi afli upplýsinga um líðan hrossanna á leiðinni hjá skipstjórnarmönnum og láti yfirdýralækni í té.

Leyfin til þessa hrossaútflutnings hafa verið veitt skv. eindregnum meðmælum hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, Gunnars Bjarnasonar, og með samþykki yfirdýralæknis. Hvað snertir leyfi til Stefáns Jónssonar til útflutnings á folöldum, þá var það veitt í tilraunaskyni og til þess að firra hann vandræðum, er hann hafði stofnað til, að því er virtist, af vöntun á kunnugleika á gildandi ákvæðum um útflutning á hrossum.

Yfirdýralæknirinn hefur skýrt ráðuneytinu frá því, að hann hafi fengið vottorð frá embættisdýralækni í Hamborg, er sýni, að folöldin hafi litið vel út og verið vel frísk, er þau komu til Hamborgar. Enn fremur upplýsti hann, að í flutningnum hafi drepizt eitt folald af ókunnum ástæðum, en varð þó ekki fyrir slysi, og tvö fullorðin hross, að því er talið er úr hrossasótt.

Lögin um útflutning hrossa eru 26 ára gömul, og hafa aðstæður allar til útflutnings hrossa breytzt verulega á þessu tímabili. Flutningaskipin hafa stækkað, útbúnaður þeirra orðið öruggari, og þau eru miklu fljótari í förum en áður. Segja má, að með umræddum útflutningi folalda að vetri til hafi verið um tilraun að ræða, og voru í því sambandi gerðar sérstakar öryggisráðstafanir. Lögin voru í endurskoðun og ákveðið var, að búnaðarþing fjallaði um málið. Það samdi frv. til l. um breyt. á lögunum um útflutning hrossa, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Í frv. var gert ráð fyrir, að útflutningur yrði leyfður til 15. des. og ekki bannað að flytja út folöld til þess tíma.

Út af leyfi til Stefáns Jónssonar í bréfi ráðuneytisins, dags. 26. nóv. 1957, var gerð í ráðuneytinu svofelld bókun:

„Í bréfi ráðuneytisins, dags. 26. nóv. 1957, til Stefáns Jónssonar í Kirkjubæ um útflutning á hrossum er sett m. a. það skilyrði, að hrossin verði send til Þýzkalands með skipinu Reykjafossi eða öðru álíka stóru skipi í desembermánuði."

Hinn 4. jan. kom í ljós, að Stefán Jónsson hafði samið um flutning hrossanna með þýzku skipi, sem er 1000 rúmlestir að stærð, en Reykjafoss er 2553 rúmlestir. Dýraverndunarfélagið hefur mótmælt við lögreglustjórann flutningi hrossanna með þessu skipi. Páll Pálsson yfirdýralæknir hefur rætt við skipstjóra og stýrimenn skipsins, og telja þessir skipstjórnarmenn, að þeir muni hafa nægan mannafla til þess að gæta hrossanna og haga siglingu skipsins þannig, ef þörf krefur, að hrossin verði fyrir sem minnstu hnjaski. Gunnlaugur Briem hefur rætt við yfirhafnsögumann, Þorvarð Björnsson, um sjóhæfni þýzka skipsins. Þorvarður taldi, að ef vel væri búið um hestana í þýzka skipinu, þá þurfi ekki að fara verr um þá í þessu skipi en til dæmis í Reykjafossi. Páll og Gunnlaugur hafa skýrt forsætisráðherra frá öllum aðstæðum, þ. á m. skilyrðum bréfsins og mótmælum Dýraverndunarfélagsins. Forsrh. leggur afgreiðslu málsins á vald Gunnlaugs og Páls.

Eftir viðtalið við forsrh. 7. jan. var fundur haldinn í ráðuneytinu um málið. Viðstaddir voru auk Gunnlaugs og Páls þeir Árni Eylands og stjórnarmenn Dýraverndunarfélagsins, þeir Þorbjörn Jóhannesson og Þorsteinn Einarsson. Að loknum umræðum fóru fundarmenn nema Gunnlaugur um borð í skipið til þess að kynna sér betur allar aðstæður. Það er skoðun Páls, Gunnlaugs og Árna, að eins og atvikum sé háttað, sé ekki fært að banna útflutning hrossanna. Það ófrávíkjanlega skilyrði skal sett, að eins tryggilega verði búið um þau í skipinu eins og aðstæður frekast leyfa samkvæmt fyrirlagi og undir umsjón yfirdýralæknis. Enn fremur er það skilyrði sett, að dýralæknanemi, Árni Pálmason, verði eftirlitsmaður með hrossunum á leiðinni til Þýzkalands, og loks, að skipstjórnarmenn heiti því, að við siglinguna verði, eins og aðstæður frekast leyfa, fyllsta tillit tekið til líðanar hrossanna. Þetta tilkynnt lögreglustjóra í símtali 6. janúar.

7. janúar 1958,

Gunnlaugur E. Briem."

Þannig hljóðar skýrslan um útflutning hrossa frá landbrn.

Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi hafi feng-

ið næg svör við sínum fsp. í því bréfi, sem hér hefur verið lesið, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það meira að sinni.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka að vísu þá skýrslu, sem hér var lesin upp, en hún haggar ekki því, sem mestu máli skiptir, að þessi útflutningur var gersamlega heimildarlaus. Eins og lögin enn eru, þá er ekki nein heimild til undanþágu með þeim hætti, sem hér var veitt. Og það eru engin rök færð að því í þessari skýrslu, hvaða heimild var fyrir til þess að taka þessar ákvarðanir. Það er að vísu sagt, — ég hjó í það, — að forsrh. hafi lagt málið í hendur eða á vald einhverra sinna undirmanna. Þarna var forsrh. að úthluta eða framselja vald, sem hann alls ekki hefur. Enn er í gildi sú regla á Íslandi, að ráðherra jafnt sem aðrir landsmenn verða að hlýða landsins lögum. Og hann varð að afla sér heimildarinnar, áður en hann fór að framselja öðrum vald til þess að beita henni.

Ég óskaði þess síðast, að hæstv. forsrh. yrði við framhald þessara umræðna. Það hefur ekki orðið. En ég vil mjög eindregið fara þess á leit, að umr. verði frestað, þannig að það gefist færi á því að ræða þetta mál við ráðherrann sjálfan. Mér er að vísu sagt, að það séu fordæmi fyrir því úr fyrri ríkisstjórnum, að þetta hafi verið leyft. En það er jafnheimildarlaust fyrir því, og málið er þess eðlis, að það hefur þýðingu út fyrir þetta tiltekna mál, sem fordæmi um það, hvort ríkisstj. eigi að fara að landslögum eða ekki. En úr því að hér var lesin upp þessi langa skýrsla, þá vil ég nota tækifærið til þess að lesa upp grg. í Dýraverndaranum frá því í febrúar í ár um þetta mál, í grein, sem heitir: „Ef stjórnarvöld virða lög að vettugi, hvað þá um aðra?“ Með leyfi hæstv. forseta, þá mun ég lesa kafla úr greininni:

„Þá er sett voru heildarlög um dýravernd á árinu 1956, voru ekki inn í þau felld lög nr. 50 frá 23. júní 1932, um útflutning hrossa, og þótti ekki einu sinni ástæða til að breyta þeim lögum að neinu leyti.

Í þessum lögum er með öllu bannað að flytja út mögur hross og hesta, sem á eru ýmis áberandi lýti. Þá er og óheimilt samkvæmt lögunum að flytja út yngri hross en þriggja vetra og eldri en tíu. Þó getur ráðherra veitt leyfi til að flytja út einstök hross á öðrum aldri, og er þetta einasta undanþágan, sem lögin heimila.

Á tímabilinu frá 15. okt. til 1. marz er útflutningur hrossa með öllu bannaður, enda veður þá yfirleitt verst og hörðust, straumar harðastir og sjóar stærstir, og frá 1. marz til 1. júní má ekki flytja út yngri hross en fjögurra vetra. Er sérstaklega tekið fram, að séu hross flutt til útlanda á því tímabili, verði þau að vera alin inni a. m. k. mánuð, áður en útflutningur fer fram.

Í lögunum eru mjög ströng ákvæði um, að allur útbúnaður í lestum skipa, sem flytja út hesta, sé sem vandaðastur og rammlegastur og miðaður við það, að ekki sé hætta á því, að hrossin limlestist eða meiðist á annan hátt þrátt fyrir veltur skipanna, og rík áherzla lögð á loftræstingu, hirðingu, fóðrun og aðstöðu til brynningar. Skal dýralæknir sjá um, að ákvæðum laganna sé hlýtt í hvívetna, en náist ekki til hans vegna fjarlægðar, skal annar hæfur maður til þess valinn.

Fyrsta brot. — Ekki hefur annað heyrzt en að lögin um útflutning hrossa hafi verið í heiðri höfð og ákvæði þeirra þótt góð og nauðsynleg, unz þau hafa nú á minna en hálfu ári verið þrívegis brotin, án þess að séð verði, að til þess beri nokkra þjóðarnauðsyn.

Maður er nefndur Stefán Jónsson. Hann býr búi sínu í Kirkjubæ á Rangárvöllum. Hann mun í sumar hafa sótt um að fá að flytja hross í septembermánuði til Hamborgar í skipum Eimskipafélags Íslands, en ekki reynzt rúm í skipum félagsins. Stefán sótti svo til landbrn. um undanþágu frá lögunum um útflutning hrossa, í fyrsta lagi um það, að rn. leyfði, að send væru hross til Hamborgar með skipi 22. okt., og í öðru lagi, að ekki væru aðeins sendir hestar á útflutningshæfum aldri, heldur líka nokkur folöld. Ráðuneytið veitti undanþáguna og tvíbraut þannig lögin. Fór hrossahópurinn í hreyfilskipinu Reykjafossi.

Annað brot. — Næst reri Stefán á sömu mið í nóvember, og nú bað hann um að fá að senda hrossahóp, sem í voru eingöngu folöld. Folöldin áttu að fara til Hamborgar eins og fyrri hópurinn.

Nú frétti Dýraverndunarfélag Íslands um málið, og stjórn þess mótmælti því við ráðuneytið, að undanþága væri veitt, enda engin heimild til að veita slíka undanþágu. Hafði stjórnin um þessi mál samráð við Pál A. Pálsson yfirdýralækni og vissi, að hann var andstæður útflutningi hrossanna. En ráðuneytið, sem ekki greip þó til þess ráðs að nema úr gildi lögin um útflutning hrossa með bráðabirgðalögum, sem síðar væru lögð fyrir Alþingi, virti að vettugi jafnt mótmæli félagsstjórnarinnar sem vilja yfirdýralæknis. Rökin fyrir lagabrotinu voru þau, að folöldin ætti að senda í Reykjafossi, 2700 lesta skipi, en þegar lögin hefðu verið samin, hefðu ekki slík stórskip verið tiltæk. Og hinn 16. nóv. voru folöldin send.

Kært til sakadómara. — Stjórn Dýraverndunarfélagsins tók nú þá ákvörðun að senda sakadómara eftirfarandi kæru:

„Reykjavík, 2. des. 1957.

Fyrir hönd Dýraverndunarfélags Íslands leyfum vér oss að kæra Stefán Jónsson bónda á Kirkjubæ í Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, fyrir brot á lögum um útflutning hrossa (lög nr. 50 23. júní 1932). Nefndur Stefán Jónsson hefur tvívegis eftir 15. okt. í ár flutt út hross, þótt slíkt sé bannað samkvæmt fyrrnefndum lögum og engin undanþága heimiluð. Hrossaútflutningar þessir áttu sér stað 22. okt. og 16. nóv. í ár og í bæði skiptin með mótorskipinu Reykjafossi, sem er í eign Eimskipafélagsins.“

Þriðja brot. — „Þetta gekk vel, þetta skal ég gera aftur,“ er haft eftir strák, sem slegið hafði föður sinn í rot. Ekki fara neinar sögur af því, hvort hann endurtók verknaðinn, en hinn sigursæli hrossasölumaður sótti nú í þriðja sinn um

leyfi til lagabrots vegna útflutnings hrossa. Vildi hann að þessu sinni fá að flytja út í Reykjafossi 60 folöld og 25 fullorðna hesta. Og ráðuneytinu þótti alveg sjálfsagt að leyfa honum að brjóta lögin, þrátt fyrir mótmæli stjórnar Dýraverndunarfélags Íslands og jafnskýlaust bréf frá yfirdýralækni og það, sem fer hér á eftir:

„Yfirdýralæknirinn í Reykjavík,
21. des. 1957.

Ég hef móttekið bréf hins háa landbrn., dags. 18. þ. m. Er þar óskað eftir umsögn minni um erindi herra Stefáns Jónssonar, Kirkjubæ á Rangárvöllum, þar sem hann fer fram á að fá leyfi til þess að flytja út 60 folöld og 25 fullorðin hross til viðbótar þeim hrossum, sem ráðuneytið hefur áður veitt útflutningsleyfi fyrir.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að leyfi þetta verði eigi veitt að svo stöddu. Fyrr á þessu hausti hafa tvívegis verið send út hross til Þýzkalands með m/s Reykjafossi. Fyrri sendingin mun hafa tekizt vel, enda var þar um fullorðin hross og fá folöld að ræða. Í seinni sendingunni voru eingöngu folöld. Voru þau greinilega ekki eins valin og í fyrri sendingunni, mörg með holdhnjóska, sem ekki voru neitt fagrir, farnir að losna, og einstök folöld í magrara lagi. Á leiðinni mun eitt þessara folalda hafa drepizt, og samkvæmt upplýsingum Ásgeirs Sigurðssonar stýrimanns þreyttust þau mjög á leiðinni. Útflytjendum var gert að skilyrði að afla umsagnar dýralæknis þess í Hamborg, er folöldin skoðaði við komu skipsins. Sú umsögn er enn ókomin, enda þótt nokkuð sé um liðið.

Að fenginni þessari reynslu tel ég ekki ráðlegt að ráðast í hrossaútflutning, sér í lagi ekki folaldaútflutning í stórum stíl, í svartasta skammdeginu, enda enn í gildi lög, er banna slíkan útflutning.

Virðingarfyllst,
Páll A. Pálsson.

Landbúnaðarráðuneytið, Reykjavík."

Athugi nú þetta bréf dýravinir og aðrir mannúðarmenn og löghlýðnir borgarar íslenzka ríkisins.

Í fyrsta lagi brýtur ráðuneytið það lagaákvæði, að alls ekki megi flytja út hesta á þeim tíma árs, sem allra veðra er von, straumar stærstir og sjóar verstir, í öðru lagi það, að ekki skuli fluttir út yngri hestar en þriggja ára, og í þriðja lagi, að eigi séu flutt út mögur hross eða á neinn hátt illa útlítandi. Og þetta lætur ráðuneytið sér sæma, þvert á móti ráði yfirdýralæknis, þrátt fyrir það, þótt hann bendi á, að drepizt hafi eitt hross af þeim, sem flutt voru út í nóvember, og hrossunum hafi yfirleitt liðið illa á leiðinni út, — þrátt fyrir það, þótt yfirdýralæknir upplýsi, að útflytjandi hafi ekki uppfyllt sjálfsagt skilyrði um dýralæknisvottorð, — þrátt fyrir það, þótt yfirdýralæknir bendi ráðuneytinu kurteislega, en mjög ótvírætt á í lok bréfs síns, að hið háa ráðuneyti brjóti lög, ef það veitir umbeðið leyfi.

Keyrir um þverbak. — En ófremdarsaga ráðuneytisins í þessu máli er enn ekki fullsögð.

Það veitti leyfi til útflutnings bundið 2700 lesta skipinu Reykjafossi eða öðru af svipaðri stærð. Nú reyndist ekki fært að fá rúm handa hrossunum í slíku skipi eins fljótt og hinum volduga útflytjanda þótti henta. En hann reyndist engan veginn af baki dottinn.

Upp úr áramótunum var statt í Reykjavík þýzkt 1200 lesta flutningaskip eða engu stærra en þeir farkostir, sem völ var á hér við land árið 1932, þegar lögin voru sett um útflutning hrossa. Dag einn frétti stjórn Dýraverndunarfélags Íslands, að tekið væri að skipa út hrossum í þennan þýzka farkost. Hún fór á vettvang, komst að raun um, að fregnin var rétt og að umbúnaður var alls ekki sambærilegur við það, sem hann hafði verið í Reykjafossi fyrir tilstilli yfirdýralæknis. Þarna lá fyrir þrefalt brot. Brot á lögum um útflutning hrossa, brot á undanþágu ríkisstjórnarinnar, sem raunar felur í sér lagabrot, og á fyrirmælum yfirdýralæknis. Kærði stjórn félagsins þetta athæfi til lögreglustjóra og krafðist þess, að útskipun væri stöðvuð með lögregluvaldi. Lögreglustjóri taldi ótvíræða skyldu sína að sinna kröfunni, og útskipunin var stöðvuð.

En útflytjandi átti sér hauk í horni, þar sem var „hið háa ráðuneyti". Það var ekki alveg á að láta lögreglustjóra haldast uppi slíkt framferði. Nú var ekki lengur því til að dreifa, að lögin frá 1932 væru eins og þau eru vegna þess, að þá voru ekki til eins stór skip og nú. Nú hafði ráðuneytið fengið fregnir af því, að skepnur væru engu betur farnar í stórum skipum en smáum. Það tók ekki í mál að taka fyrir hinn ólöglega útflutning, en hins vegar lagði það hart að stjórn Dýraverndunarfélagsins um að standa á verði um það með yfirdýralækni, að umbúnaður í þýzka farkostinum yrði tryggilegur. Auðvitað neitaði stjórn félagsins að veita ráðuneytinu nokkurn stuðning til hins ótvíræða lagabrots.

Svo var þá umbúnaðurinn bættur undir eftirliti yfirdýralæknis, sem þjóna varð sínum herra, og 60 folöldum og hálfum þriðja tug fullorðinna hesta skipað út í þýzka skipið, sem lagði síðan úr höfn hinn 8. jan.

Frekari furður. — Stjórn Dýraverndunarfélags Íslands hafði nú mikinn hug á að fá fréttir af því, hvernig hrossafarminum reiddi af, en hún vissi af reynslunni, að biðin eftir tilskildu vottorði, sem hinn áhrifamikli útflytjandi skyldi útvega frá dýralækni í Hamborg og senda heim, kynni að verða nokkuð löng. Þá lék stjórn félagsins hugur á að fá upplýsingar um það verð, sem gerði hinn furðulega og fráleita útflutning folalda og fullorðinna hrossa svo eftirsóknarverðan, að sjálft hið háa ráðuneyti léti sér ekki fyrir brjósti brenna að margbrjóta landslög.

Hún sendi því skeyti til Dýraverndunarsambands Hamborgar og nágrennis, bað það grennslast eftir líðan hrossanna og verði á þeim. Félagið fékk fljótlega skeyti frá sambandinu. Þar var sagt, að tvö hross hefðu drepizt á leiðinni. Þá var í skeytinu spurt, hver nauðsyn væri á slíkum útflutningi og hvaða verð væri greitt hér fyrir hrossin. Verðið í Hamborg væri frá 350—10000 ríkismörk eða um það bil frá 1400 upp í 40000

kr. Stjórn Dýraverndunarfélagsins þótti síðari talan furðuleg, en hún var tvítekin í skeytinu. Verð greitt til hrossaeigenda hér heima reyndist frálagsverð í sláturhúsum að viðbættum fimm af hundraði — eða á folöldum 840—1050 kr. og á fullorðnum hestum 2520—2835 krónur. Bændur hafa þá fengið 40—50 kr. meira fyrir hvert folald og 120—135 kr. hærra verð fyrir hvern fullorðinn hest heldur en fengizt hefði í sláturhúsunum hér. Fyrir þennan verðmismun þykir þá eigendum útflutningshrossanna tilvinnandi að leggja á þau þá píningu, að þau séu flutt til útlanda í svartasta skammdeginu, eins og yfirdýralæknir kemst að orði í bréfi sínu til hins háa ráðuneytis.

Sérstæð landkynning. — Hér á landi er oft og mikið rætt um nauðsyn á landkynningu. Sannarlega hafa hið háa landbrn. og útflytjandi hrossanna, sem hér hefur verið um fjallað, stofnað til mjög áhrifaríkrar landkynningar.

Þegar leið undir lok janúarmánaðar, tóku Dýraverndunarfélagi Íslands að berast æríð óskemmtilegar og furðulegar fyrirspurnir. Það fékk bréf frá sænskri konu, sem er ritari dýraverndunarfélags í Gautaborg og enn fremur ritari í alþjóðlegu dýraverndunarsambandi, þar sem hún sagði, að sænsk blöð og blöð í Mið-Evrópu flyttu þær hryggilegu fréttir, að 50 þúsund hrossa á Íslandi biði ekki annað en slátrun eða horfellir, ef ekki yrði brugðið mannlega við af erlendum dýravinum, en á Íslandi er tala hrossa rúm 35 þús. Þá kom bréf frá svissneskum blaðamanni, sem bauðst til að kaupa, ásamt vinum sínum, 1000 íslenzk hross, og tók hann fram, að fyrir þeim vekti ekki hagnaðarvon, heldur væri tilboðið eingöngu meint sem dýravernd, sakir hinna hörmulegu fregna frá Íslandi um væntanlegan felli 50 þús. hrossa. Enn fremur barst fyrirspurn um yfirvofandi hrossafelli frá ræðismanni Austurríkis í Reykjavík, en honum höfðu úr því menningarríki, sem hann er fulltrúi fyrir, borizt beiðnir um upplýsingar sakir fregna í austurrískum blöðum."

Ég skal ekki lesa meira af því, sem í þessari grein stendur. Það eru hugleiðingar, sem óþarft er að rekja frekar. En mér þótti rétt að láta þann hluta greinarinnar, þar sem gefnar eru upplýsingar um tilteknar staðreyndir, koma fram, úr því að hv. frsm. n. las þá skýrslu, sem hann gerði. En ég tel málið vera með þeim hætti, að það sé óhjákvæmilegt, að forsrh. svari hér sjálfur og geri grein fyrir, af hverju hann hefur þverbrotið lög, svo sem í þessari grg. kemur fram, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að ráðh. komi hingað á fund og taki þátt í umræðum.

Frsm. (**Ásgeir Bjarnason**): Herra forseti. Ég fæ ekki skilið, að við bætum mikið úr fyrir því, að lög verði haldin í þessum efnum, með því að tefja fyrir máli þessu, og vil ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann ljúki umr. nú þegar í þessari deild, eftir að enginn hefur kvatt sér hljóðs, því að málið liggur nokkuð ljóst fyrir. Mig undrar það nokkuð, að hv. 1. þm. Reykv., sem mjög hefur deilt á hrossaútflutninginn í vetur, átti sæti sem dómsmrh., að ég hygg, í 8 ár af þeim 10, sem sams konar útflutningur hefur átt sér stað á hrossum úr landinu. Ég held, að það hafi verið fyrst 1947, þegar hv. 1. þm. Reykv. varð dómsmrh., að þá hafi verið byrjað á svipuðum hrossaútflutningi og nú, og mig undrar enn fremur, að í þessi 10 ár skyldi hann ekki frekar en raun hefur sýnt hafa látið þessi mál til sín taka, því að sannarlega bar honum það ekki síður en öðrum, þar sem hann hefur lengst af átt að gæta laga og réttar í landinu á þessu tímabili. En þar með vil ég undirstrika það, að ég er ekki að mæla lögbrotum neina bót, en mér finnst bara, að úr því að hv. þm. fór með dómsmál landsins og átti að gæta laga og réttar á þessum tíma, þá geti hann nú tæplega mikið sagt. En það er gott, að hann hefur komið auga á þetta, því að sannarlega er batnandi manni bezt að lifa.

En ég vil geta þess, að undirbúningur þessa frv., sem hér liggur fyrir, er búinn að vera allt að því í eitt ár. Það mun hafa verið í fyrrasumar, sem hrossaræktarráðunautur Gunnar Bjarnason samdi drög að frv., sem síðar voru lögð fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands og ef til vill landbrn., en þetta frv. var síðar lagt fyrir búnaðarþing og hlaut þar samþykki og svo að því loknu lagt fyrir Alþingi, og á meðan var náttúrlega ekki ástæða til að setja nein bráðabirgðalög um þessi efni, enda Alþingi starfandi lengst af þennan tíma. Og ég vil undirstrika það, sem ég tók hér fram við framsögu þessa máls, að réttur Dýraverndunarfélags Íslands er alveg jafn og annarra aðila til að tryggja það, að allar aðstæður, eftir því sem hægt er að gera sér grein fyrir, séu það góðar, að útflutningur hrossa eigi ekki að vera neitt hættulegur fyrir dýrin. En við vitum það, að þótt ekki sé um flutning á dýrum að ræða á milli landa, þá getur hann verið og það á milli hafna innanlands allerfiður og viðsjáll, og mér er vel kunnugt um það af þeim fjárflutningum, sem fram hafa farið á undanförnum árum hér á landi. Og þótt benda megi á, að eitt folald og tvö fullorðin hross af um rúmlega 200 hrossum, sem hafa verið flutt út frá því í haust og þar til nú, hafi drepizt, þá er það hlutur, sem alltaf getur fyrir komið og jafnvel á þeim tímum árs, sem maður hyggur að líðan hrossanna eigi að vera sem bezt, því að slíkt getur ætíð fyrir komið. Og ég tel, að það beri ekki að gera svo mikið úr því, enda sést það í skýrslu, sem þýzki embættisdýralæknirinn í Hamborg hefur gefið, að hann telur að folöldin hafa verið vel frísk og litið vel út, þegar þau komu út, og að það hafi ekki verið neitt sérstakt af útbúnaðinum, sem hafi valdið því, þó að eitt folald hafi drepizt eða hross hafi farið úr hrossasótt, enda vita allir, sem hafa komið nálægt hrossum, að slíkt getur ætíð fyrir komið. Og ég vil vonast eftir því, að hæstv. forseti hraði þessu máli, svo að við þurfum ekki að horfa fram á það, að þetta frv. dagi uppi hér á þessu þingi nú, og að það verði kannske framvegis að brjóta lög í þessum efnum, bara fyrir það, að einstaka menn hafa tafið með málþófi, að frv. næði fram að ganga.

Bjarni Benediktsson: Ég verð mjög að láta í ljós undrun mína yfir þeim hætti, sem þessi hv. þm. leyfði sér að tala um þetta mál, bregða mér hér um málþóf. Ég gerði mjög stutta athugasemd við málið á fyrra stigi þess, nánast bar fram fyrirspurnir, talaði nú sjálfur mjög stutt og las upp skýrslu til andmæla þeirri skýrslu, sem hv. þm. hafði hér flutt og gaf ekki nema hálfa mynd af því, sem gerzt hafði. Málþófið á þá að vera fólgið í því að koma fram og inn í þingtíðindi fullkominni skýrslu um málið. Málið hefur hins vegar tafizt nú um nokkra daga vegna þess, að það hefur staðið á þessari skýrslu frá ráðuneytinu, — hv. þm. sagðist ekki hafa fengið hana fyrr en í dag, — og af því að forsrh. hefur ekki fengizt til að koma á fund til þess að tala um málið. Það er eingöngu þessum hv. þm. sjálfum að kenna, að hann hefur ekki gengið eftir skýrslunni fyrr og hann hefur ekki hlutazt til um það, að hans forsrh. sýndi deildinni þá virðingu að koma hér og ræða um málið. Og það sýnir sannast sagt veikan málstað, að hv. þm. skuli tala um málið á þann veg, sem hann gerði.

Hann minntist að vísu á orðtakið, að bezt sé batnandi manni að lifa. Það er gott að gleðjast yfir batanum hjá öðrum, en þm. er alveg fjarri því að vilja batna sjálfur. Það er ljóst, að hann vill láta halda áfram lögbrotunum og vernda þau. Það er tilgangslaust að kenna mér um þessi lögbrot. Málið hefur aldrei heyrt undir þá stjórnardeild, sem ég hef farið með, en það sýnir drengskap þessa manns, að hann er að reyna að koma sökinni á látinn flokksbróður sinn, Bjarna heitinn Ásgeirsson, vegna þess að það mun hafa verið hann, sem fyrstur veitti þessar undanþágur. En það er ekki Bjarni Ásgeirsson einn, sem það hefur gert, heldur eftirrennari hans, núv. hæstv. landbrh., sem er í senn landbrh. og dómsmrh., þannig að ef á að ásaka mig fyrir það, að ég hlutaðist ekki til um framkvæmdir í öðru ráðuneyti, meðan ég var dómsmrh., hvað er þá um þann mann, sem bæði þessi ráðuneyti heyra undir, núv. hæstv. forsrh.?

Sannast að segja hefur þetta mál aldrei verið borið undir a. m. k. mig, mér aldrei verið sagt frá því og mér gersamlega ókunnugt um þessi lagabrot þangað til nú. Sá, sem er ákæruverður í þessu máli, er vitanlega ráðherrann, sem undanþágurnar hefur veitt, og ákæruvaldið gegn honum tilheyrir ekki dómsmrh., heldur alþingismönnum, þannig að embættislega heyrði málið ekki á neinn veg undir mig. Hitt er annað mál, að ef mér hefði verið kunnugt um þetta, meðan ég var ráðh., þá hefði ég að sjálfsögðu hreyft því á stjórnarfundi, að það væri bæði ósæmilegt og óheppilegt að viðhafa þessa aðferð. En manndómurinn hjá þessum talsmönnum mannleysisins er ekki meiri en svo, að þeir eru að reyna að velta yfir á ýmist dáinn flokksbróður eða alsaklausan mann sinni eigin skömm. Tilfellið er það, að málið er stórt vegna þess, að það sýnir þann anda, sem ríkir hjá þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, og þann anda, sem kom fram hjá hv. frsm. í hans mjög furðulegu ræðu.

Ég vil svo ítreka það við hæstv. forseta, að hann fresti umr., þannig að hæstv. forsrh. gefist færi á því að gera hér grein fyrir máli sínu. Að öðru leyti ætla ég svo að fá heimild til að bera fram skriflega brtt., ef málinu verður ekki frestað að segja.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég hélt, að það væri ekki ástæða til þess fyrir hv. 1. þm. Reykv. að verða vondan yfir þeim ummælum, sem ég hafði hér áðan, en það sýnir bezt, að eitthvað hafa þau við hann komið. Og mér finnst það hreint ekki sæmandi hv. 1. þm. Reykv. að vera að bendla látinn mann við mál þetta, þó að það hafi verið flokksbróðir minn. Það sýnir bezt, hvernig hans málflutningur er.

Enn fremur sagði hv. þm., að ég vildi halda áfram óleyfilegum útflutningi hrossa í framtíðinni. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. getur sagt slíkt með sanni, því að ég hef viljað hraða þessu máli, til þess að hægt sé að tryggja í framtíðinni, að útflutningur hrossa brjóti ekki í bága við landslög, og ef hv. þm. þarf eitthvað sérstaklega að ræða við fors.- og landbrh. í sambandi við þetta mál, þá sé ég ekki annað en það sé hægt að hafa þann hátt á að bera upp sérstaka fsp. varðandi það. En ég sný ekki frá því, að mér finnst ástæða til þess að hraða þessu frv., svo að það sé tryggt, að þeir, sem ætla að flytja út hesta í framtíðinni, þurfi ekki að sæta þeim lögum, sem verið hafa, og þar af leiðandi kannske neyðast til að brjóta þau, — og það er ástæðan fyrir því, að ég vil hraða þessu máli nú, en engin önnur.

Forseti (EOl): Forseti hefur haft þetta mál á dagskrá nokkrum sinnum undanfarið og þá tekið það út eftir ósk hv. þm. Dal. Það er að vísu ekki á valdi forseta að tryggja, að hæstv. ráðh. séu viðstaddir til að svara fyrirspurnum, en ég mun verða við þeirri ósk að fresta þessu máli, taka það út nú, setja það á dagskrá á næsta fundi og gefa þar með hæstv. forsrh. kost á að vera á þeim fundi, en ljúka umr. og atkvgr. um málið á þeim fundi. Málið hefur þegar nokkuð tafizt. Umr. er því frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Nd., 5. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 348, 432, 465).

Afbrigði um brtt. 465, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 432,1.a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 432,1.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 465 felld með 12:6 atkv.
— 432,1.c samþ. með 16:2 atkv.
— 432,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 467).

Á 90. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 467, n. 514).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og búið er að ganga í gegnum Nd., hefur verið rætt af okkur í landbn. Ed. allýtarlega, og höfum við í því sambandi bæði talað við yfirdýralækninn og Dýraverndunarfélag Íslands, sem hefur látið málið dálítið til sín taka, og hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, sem má segja að sé höfundur frv.

Þetta frv. gerir nokkrar breytingar á þeim lögum, sem gilt hafa um útflutning hrossa. Sumar af þeim eru eðlileg afleiðing af þeirri þróun, sem orðið hefur, eins og það að fella niður sérstaka eftirlitsmenn með útflutningi á hinum einstöku höfnum, en fela það dýralæknum, sem áður voru ekki til — ja, tveir um tíma og seinna smám saman fleiri, en ekki svo margir, að það væri hægt að láta þá annast þetta, og er það sjálfsagt út af fyrir sig. Hin breyt. er sú að fella niður lágmarksaldur á útfluttum hrossum. Það hefur verið 3 ár, það mátti ekki flytja út yngri hross en þrevetur. En upp hefur verið „agiteraður" markaður í Þýzkalandi á folöldum, og sá markaður hefur verið nokkuð notaður nú í 2 ár. Það eru mjög skiptar skoðanir um það, hver framtíð sé í þessum markaði. Ég fyrir minn part hef ekki trú á honum, en hins vegar hef ég ekki viljað setja stein í götu hans, og það mun n. yfirleitt öll ekki hafa viljað, og höfum við þess vegna ekki gert við það brtt.

Það, sem ágreiningur var um á milli hrossaræktarráðunautarins og Dýraverndunarfélagsins, var það, að Dýraverndunarfélagið vill ekki láta flytja folöldin út, eftir að von er á verri veðrum, og yfirdýralæknirinn telur, að þau eigi ekki að flytja út, eftir að þau eru farin að leggja af. Hann og Dýraverndunarfélagið eru þess vegna sammála um, að það sé of seint að ákveða, að flytja megi þau út til 15. des., það þurfi að færast fram sá tími, og við höfum lagt til, að hann færist til 1. nóv., eins og fram kemur í brtt. á þskj. 514.

Annað atriði, sem Dýraverndunarfélagið óskar gjarnan eftir að yrði breytt, er viðvíkjandi 7. gr. frv. Þar er nú mælt svo fyrir, að atvmrh. skuli setja reglur að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands um útflutning hrossanna, um þann aðbúnað og þær kröfur, sem gera verði til skipanna, sem hrossin eru flutt með. Dýraverndunarfélagið hélt því fram aðallega um breytingu á lögum um dýravernd, sem var gerð hér á Alþ. í fyrra, að mig minnir, kannske í hittiðfyrra, þar sem sett var dýraverndunarráð, að þá hafi orðið sú breyting á, að verndun dýranna hafi verið tekin út úr hinu hagkvæmnislega kerfi. Nú sé það fyrst og fremst líðan dýranna og aðbúnaður allur, sem skipti máli, en ekki hitt, hvort sá aðbúnaður er dýrari eða ódýrari, eins og áður var, meðan það var látið heyra undir landbrh. og útflutningurinn meira miðaður við hið hagfræðilega. Þeir vildu þess vegna helzt af öllu, að dýraverndunarráð, sem í sitja 5 menn, setti þessar reglur. Í því er einn maður kosinn frá Búnaðarfélagi Íslands, búnaðarmálastjóri núna, einn var kosinn frá Dýraverndunarfélaginu, Sigurður Hliðar, og svo yfirdýralæknirinn sjálfkjörinn, og svo eru það líka Þór Guðjónsson — og hver er nú sá fimmti? — já, það er dottið úr mér í bili, hver er sá fimmti. Ja, þeir eru 5, en þegar litið er á það, að mennirnir, sem þarna eiga að fjalla um, eru núna frá Búnaðarfélagi Íslands, frá Dýraverndunarfélagi Íslands og yfirdýralæknir, það er víst enn sömu mennirnir og eru í dýraverndunarráðinu, þá sáum við ekki ástæðu til að breyta þeirri gr., þó að þeir óskuðu þess.

Það, sem deila má því um í þessu frv., það er, hvort frv. yfirleitt á að samþykkjast eða ekki. Það er trú Gunnars Bjarnasonar, — ég segi trú, því að ég er ekki á sama máli, — að hann í gegnum þennan folaldamarkað geti skapað upp hestamarkað í Þýzkalandi. Ég held þvert á móti, að þegar koma þar bæði merfolöld og hestfolöld, þá sé þeim sköpuð aðstaða til að ala sín hross upp sjálfir og þá muni þess vegna ekki vera nema nokkur ár, sem þessi folaldamarkaður verður, það muni fara alveg eins og þegar Norðmenn fóru að selja ógelta hesta innan um til Danmerkur, þá fóru Danirnir sjálfir að ala upp norska hesta, og nú er enginn hestur keyptur frá Noregi til Danmerkur, þó að nóg sé til af norskum hestum, þeir eru aldir upp þar af Dönum sjálfum. Eins held ég að hér fari. Að öðru leyti hef ég ekki trú á þessum markaði. Það er vitanlegt, að það er markaður, víða um heim meira að segja, fyrir íslenzka úrvalshesta. Góða reiðhesta er hægt að selja fyrir á milli 10 og 20 þús. kr. út úr landinu, ef þeir eru reglulega góðir. En þá þurfa þeir að vera reglulega góðir. En til sölu eru þeir eiginlega ekki til. Ég veit af mönnum, sem hafa verið beðnir að útvega slíka hesta og hefur heppnazt það með fáa, en ekki nálægt því eins marga og þeir hafa verið beðnir um.

Ég er hræddur um, að þessi markaður, — ég segi það ekki fyrir n. hönd, — ég er hræddur um, að þessi markaður, sem hér virðist vera upp kominn, sé dægurfluga, sem hverfi aftur. En þar sem ýmsir aðrir menn, þ. á m. hrossaræktarráðunauturinn, hafa trú á því, að þetta sé framtíðarmarkaður með folöld til Þýzkalands, þá hef ég ekki viljað setja fótinn fyrir það, og enginn vill það af okkur í n., og við leggjum þess vegna til, að frv. sé samþ. með þeirri breytingu, að tímabilið sé fært fram, þannig að það megi ekki flytja út hross eftir 1. nóv. Og þar kemur tvennt til: Annars vegar allra veðra von og hins vegar folöldin farin að leggja af og miklu verr útlítandi en áður. Við leggjum þess vegna til, að frv. sé samþ. með þessari einu breytingu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 514 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 525).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 100 fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

---

48. Sveitarstjórnarkosningar (frv. FS).

Á 30. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar [134. mál] (þmfrv., A. 226).

Á 57. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (**Friðjón Skarphéðinsson**): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 266 frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar. Aðalbreytingin, sem í frv. felst, er um kjördag bæjar- og sveitarstjórnarkosninga. Gert er ráð fyrir, að kosið verði um land allt til bæjar- og sveitarstjórna á einum og sama degi, síðasta sunnudag maímánaðar, í stað þess að nú fara fram bæjarstjórnarkosningar síðasta sunnudag janúarmánaðar og enn fremur sama dag sveitarstjórnarkosningar í svokölluðum kauptúnahreppum, en í sveitahreppum fara hreppsnefndarkosningar fram síðasta sunnudag júnímánaðar.

Einnig er í frv. lagt til, að sá háttur verði upp tekinn, að kjörskrár verði samdar í marzmánuði, í stað þess að þær eru nú samdar í febrúar, eða a. m. k. ber nú að semja þær í febrúar samkvæmt gildandi lögum, þótt misbrestur muni vera á, að svo sé gert.

Þá er og lagt til, að kjörskrár verði aðeins samdar það ár, sem sveitarstjórnarkosningar fara fram.

Gert er ráð fyrir, að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí n. k., og mundu þau því í engu breyta um þær sveitarstjórnarkosningar, sem fram munu fara síðasta sunnudag júnímánaðar n. k.

Það er margra skoðun, að fyrirkomulag það, sem nú gildir um kjördag og samningu kjörskrár, sé óheppilegt. Alveg sérstaklega tel ég þó, að fyrirkomulag það um samningu kjörskráa, sem nú er lögákveðið, sé óheppilegt. Er langt síðan ég kom auga á það. Í grein, sem ég skrifaði fyrir nokkrum árum um kjörskrár og kjörskrármál og birt var í Tímariti lögfræðinga 1954 og prentuð var síðan upp í Sveitarstjórnarmálum, benti ég á ókosti þessa fyrirkomulags og jafnframt, að nauðsynlegt væri að bæta úr því með þeim hætti, að kosið væri í bæjum og sveitum eftir kjörskrám, sem samdar væru samtímis.

Eins og skýrt er frá í grg. frv., eru ókostir þessa fyrirkomulags um kjörskrárnar í því fólgnir, að við kosningar í janúar er kosið eftir ellefu mánaða gamalli kjörskrá, og ávallt eru nokkrir kjósendur, sem fullnægja almennum kosningarréttarskilyrðum, en eiga þó hvergi rétt á að vera á kjörskrá, og hins vegar aðrir, sem skv. gildandi lögum eiga rétt á að vera á kjörskrá á tveimur stöðum, eða ber að taka á kjörskrá á tveimur stöðum. Þannig áttu þeir, sem fluttust úr sveitarhreppi í kaupstað eða kauptúnahrepp frá því 1. marz 1957 til loka þess árs ekki rétt á að vera á kjörskrá við janúarkosningarnar 1958 í þeim kaupstað eða kauptúnahreppi, sem þeir fluttust til, því að þá eina mátti á kjörskrá taka, sem þar voru búsettir, er kjörskrá var samin, en kjörskrá á þessum stöðum, í kaupstöðum og kauptúnahreppum, var samin í febrúarmánuði 1957 eða átti að semjast á þeim tíma. Enn síður eiga þeir rétt á að vera á kjörskrá við kosningar í *júlímánuði n. k. í þeim sveitarhreppi, sem* þeir fluttust frá, því að kjörskrá sú, sem kosið verður eftir þar, er samin í febrúar 1958.

Hafi maður hins vegar flutzt úr kaupstað eða kauptúnahreppi í sveitarhrepp á tímabilinu marz 1957 til febrúar 1958, ber að taka hann á kjörskrá í kaupstaðnum eða kauptúnahreppnum, sem hann fluttist frá, þannig að hann var þar á kjörskrá við kosningarnar í janúar. En samkvæmt núgildandi lagaákvæðum á hann einnig að vera á kjörskrá í sveitarhreppi, sem hann fluttist til, því að þar er hann búsettur í febr. 1958 og verður því á kjörskrá þar, sem kosið verður eftir síðasta sunnudag í júnímánuði n. k.

Nú kann einhver að segja, að auðvelt sé að lagfæra þetta með því einu að lögákveða, að kjörskrár séu samdar samtímis, þó að ekki sé breytt til um kosningartímann. Í frv., sem fram kom í hv. Nd. snemma í vetur og hv. þm. A-Húnv. (JPálm) flutti, er lagt til, að kjörskrár skuli samdar í des. ár hvert og gilda frá 1. jan. til ársloka. Málið er þó ekki svo einfalt, eins og þessi hv. þm. hefur haldið. Það liggur t. d. í augum uppi, að kjörskrár, sem samdar eru í des., er ekki unnt að leggja fram tveim mánuðum fyrir kjördag, þegar kjördagur er síðasti sunnudagur janúarmánaðar, en samkvæmt kosningalögunum ber að leggja kjörskrár fram almenningi til sýnis tveim mánuðum fyrir kjördag.

Að hinu leytinu er sá háttur hafður um samningu kjörskráa, að Hagstofa Íslands tekur kjörskrárnar saman eftir manntali, sem miðað er við 1. des. hinn næsta, áður en kjörskrá er sam-

in, en bæjar- og sveitarstjórnir leiðrétta þær síðan, þannig að menn verði teknir á kjörskrá, sem þar eru búsettir í þeim mánuði, sem kjörskráin er samin, þ. e. í febrúarmánuði. Hagstofan getur ekki, — eða svo hefur hagstofustjóri tjáð mér, — lokið sínum þætti verksins fyrr en í lok febrúar eða byrjun marz. Hagstofan fær ekki allar flutningstilkynningar og önnur gögn um búsetu manna og flutninga milli héraða fyrr en einum til tveimur mánuðum síðar og getur því ekki hafið samningu kjörskránna fyrr en alllöngu eftir 1. des.

Af báðum þessum ástæðum, framlagningarskyldunni tveim mánuðum fyrir kjördag og vegna fyrirkomulags um manntal hagstofunnar 1. des., tel ég sýnt, að ekki sé hægt að nýta till. þá, sem felst í frv. hv. þm. A-Húnv.

Ég hef ekki komið auga á aðra skynsamlegri lausn á þessu máli en að einn kjördagur verði um land allt. Hægt er að leiða rök að því, að óheppilegt er, að kosning fari fram í jan., af öðrum ástæðum en ég hef nú rakið. Veðráttu er þannig háttað hér á landi í jan., einkum norðanlands, að jafnan má vænta þess, að veður og færð hamli kjörsókn eða kosningar farist fyrir með öllu af þeim sökum. Væri því æskilegt, að kjördagur væri á öðrum árstíma. Í minum augum er það ekkert aðalatriði, að kjördagur verði í maímánuði eða síðasti sunnudagur maímánaðar, sem ekki ber upp á hvítasunnu, heldur hitt, að kjördagur verði einn og hinn sami um allt land og að kosið verði eftir kjörskrám, sem samdar eru samtímis.

Ef hægt er að benda á annan tíma heppilegri, mundi ég hiklaust fallast á það. Hins vegar hef ég að svo komnu ekki komið auga á annan tíma betri. Í júnímánuði eru alþingiskosningar, og mundu því tvennar kosningar geta fallið á einn mánuð, ef lögákveðið yrði, að bæjar- og sveitarstjórnarkosningar skyldu fara fram í júnímánuði. Það tel ég of mikið álag á einn mánuð eða e. t. v. einn dag, að þá færu fram bæði kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna. Júlí og ágúst eru ekki heppilegir, vegna þess að þá er orlofstími vinnandi manna margra og auk þess síldarvertíð og heyöflunartími í sveitum. Þetta á að nokkru leyti við um sept. líka og þar við bætist, að þá eru göngur og réttir. Í okt. er komin haustveðrátta. Þó sýnist mér e. t. v., að sá mánuður gæti komið til greina sem kosningamánuður. Nóv. til apríl eru hins vegar vetrarmánuðir og óheppilegir af þeim sökum.

Ef hv. Alþingi telur ástæðu til að breyta gildandi lagaákvæðum um efni það, sem frv. fjallar um, sem ég raunar vona að það telji ríka ástæðu til, þá er það skoðun mín, að heppilegra sé að breyta þessum ákvæðum skömmu eftir kosningar heldur en að svo yrði gert skömmu fyrir kosningar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Á það hefur oft verið bent áður, að óheppilegt væri, að kosningar færu fram til sveitar- og bæjarstjórna í þessu norðlæga landi um hávetur. Í sambandi við þær ábendingar hafa m. a. verið fluttar brtt. við kosningalög um það, að heimilt skyldi að láta kosningu standa í tvo daga, ef veðurfari væri þannig háttað á kjördag, að kosning gæti trauðla farið fram. Till. í þessa átt var flutt síðast hér á hv. Alþ. fyrir rúmum tveimur mánuðum, þegar rætt var um breytingar, sem þá voru gerðar á kosningalögum skv. till. frá hæstv. núverandi ríkisstj. En þessar till. voru þá felldar. Nú er hins vegar komið fram frv. frá hv. þm. Ak., þar sem lagt er til, að breytt verði kosningatíma í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum og kjördagur hafður jafnframt einn og hinn sami um land allt í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum. Leggur hv. þm. til, að hinn sameiginlegi kjördagur fyrir allt landið við bæjar- og sveitarstjórnarkosningar skuli verða síðasta sunnudag í maímánuði.

Það er mín skoðun, að með þessu frv. sé tvímælalaust stefnt í rétta átt. Það mæla fá haldgóð rök með því, að eðlilegt sé, að bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fari endilega fram að vetrarlagi, þegar allra veðra er von, ekki síst þegar reynslan hefur sannað það, að jafnvel í þéttbýli, jafnvel í einstökum kauptúnum hefur það hent, að kosning hefur farizt fyrir vegna óveðurs. Þetta henti síðast í sveitarstjórnarkosningunum, sem fóru fram 26. jan. s. l. Þá fórst kosning fyrir á Skagaströnd hreinlega vegna ofviðris, og á nokkrum stöðum á Norðurlandi og Vestfjörðum dró úr kjörsókn allverulega vegna veðurfars. Það er því tvímælalaust skynsamlegt að breyta um kjördag við slíkar kosningar, og það er enn fremur rétt að mínu viti að hafa kjördaginn einn og hinn sama fyrir sveitir og kaupstaði og kauptún.

Ég er hins vegar ekki sammála hv. flm. um það, að maímánuður sé heppilegasti tíminn fyrir slíkar kosningar. Ég hygg, að síðasti sunnudagur í maímánuði sé heldur snemma fyrir sveitirnar, og mundi því telja eðlilegra, úr því að breyting er á annað borð gerð á kjörtíma við bæjar- og sveitarstjórnarkosningar, að kjördagurinn verði færður fram í júní, hvort sem það yrði síðasti sunnudagur í júní eða t. d. sunnudagur um miðjan júnímánuð.

Hv. flm. óttaðist nokkuð árekstra við alþingiskosningar, ef ákveðið væri, að sveitarstjórnarkosningar skyldu fara fram í júní, þar sem reglulegar alþingiskosningar eiga að fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Ég er ekki eins hræddur við þennan árekstur og hann, og það má á það benda í því sambandi, að í sveitum landsins hafa iðulega farið fram hreppsnefndarkosningar jafnhliða alþingiskosningum, beinlínis sama daginn, og það þótt gefast vel. Hins vegar má segja, að í kaupstöðum landsins og raunar í sveitunum líka sé nokkuð önnur afstaða fólks í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum heldur en í alþingiskosningum, og hætt er við því, að þessar kosningar yrðu pólitískari á landsmálavísu, ef þær færu fram sama dag og alþingiskosningar. Í þessu felst þó engin raunveruleg hætta. Allt stefnir í þá átt, að fólkið velji sér héraðsstjórnir eftir flokkspólitískum línum. Má þó deila um, hvort það sé heppileg þróun, því að vitanlega

eiga persónuleg og staðarleg málefni fullan rétt á sér í slíkum kosningum, og getur verið eðlilegt, að þær séu minna pólitískar heldur en þær kosningar, sem fram fara til Alþingis.

Loks má á það benda, að engan veginn virðist útilokað að láta alþingiskosningar fara fram í öðrum mánuði, t. d. í júlímánuði eða septembermánuði. Mér er næst að halda, að októbermánuður sé nokkuð seint. Veður hafa þá oft spillzt, þó að kosningar hafi að vísu nokkrum sinnum farið fram með góðum árangri og vandræðalaust veðurs vegna í þeim mánuði.

En í stuttu máli sagt, þá tel ég, að þetta frv. stefni í rétta átt, en álít það vera verkefni þeirrar hv. n., sem það fær til athugunar, að rannsaka ýtarlega, hvort ekki mundi skynsamlegra að ákveða kjördaginn í júní.

Að lokum vildi ég minnast á það atriði, án þess að slá fram neinni ákveðinni till. um það, hvort ekki mundi skynsamlegra að láta bæjar- og sveitarstjórnarkosningar fara fram t. d. fimmta hvert eða sjötta hvert ár í staðinn fyrir fjórða hvert ár. Mér og ýmsum öðrum lýðræðissinnum hefur oft fundizt sem tíðar kosningar stefndu áhuga fólksins og þar með grundvelli lýðræðisskipulagsins í nokkra hættu. Og við vitum, að í þeim löndum, þar sem lýðræðið hefur átt erfiðast uppdráttar, hafa kosningar verið mjög tíðar, og þar hefur sá sannleikur blasað við, að undanfari þess, að það er hætt að kjósa, eru mjög tíðar kosningar.

Ég held þess vegna, að það sé fyllilega til athugunar hér í okkar landi, þó að við trúum því, að okkar lýðræðisskipulag standi í dag traustum fótum, að lengja kjörtímabil bæjar- og sveitarstjórna a. m. k. um 1—2 ár, kjósa fimmta eða sjötta hvert ár.

Ég er raunar þeirrar skoðunar, að það mundi skapa aukna festu í stjórnarfari okkar og beinlínis bæta það, ef kjörtímabil Alþingis væri 5 ár, eins og það er í því landi heimsins, þar sem þingræðið og lýðræðið stendur traustustum fótum, nefnilega Bretlandi. En það atriði liggur ekki fyrir til umræðu hér. Ég vildi þó í sambandi við þetta mál brjóta upp á því, hvort ekki mundi á næstunni skynsamlegt að lengja kjörtímabil bæjar- og sveitarstjórna nokkuð. Ég held, að einnig þar gæti slík lenging kjörtímabilsins skapað meiri ró og festu um framkvæmd þeirra mála, sem héraðsstjórnir fjalla um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 380).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. um sveitarstjórnarkosningar á nokkrum fundum. Hún sendi frv. til umsagnar til hagstofustjóra og til stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og eru umsagnir þessara aðila prentaðar með nál. á þskj. 380.

Nefndin var sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með nokkrum breytingum: Í fyrsta lagi breytingum á ákvæðum frv. um það, hvenær kosningar fari fram. Í öðru lagi, að kjörskrár miðist við 1. des. Og í þriðja lagi, að fellt sé niður ákvæði, sem nú er í lögum og var tekið upp í frv., að sérstök kjörskrá skuli samin fyrir hverja kjördeild.

Það er talið, að síðari hluti maímánaðar sé óheppilegur tími til kosninga í sveitum. Um það leyti stendur yfir sauðburður og annríki því í meira lagi. Þetta eru rök, sem ég beygi mig fyrir sem flm. frv., og er því sammála meðnm. mínum í allshn. um að leggja til, að þessu verði breytt í það horf, að hreppsnefndarkosningar skuli fara fram síðasta sunnudag júnímánaðar, eins og tíðkazt hefur hingað til, — breytingin verði einungis um kosningatíma í kaupstöðum og í svokölluðum kauptúnahreppum, þ. e. a. s. þeim hreppum, þar sem ¾ eða fleiri af íbúunum eru búsettir í kauptúnum.

Þá hefur hagstofustjóri í ræki legri umsögn, sem hv. dm. eiga kost á að lesa á þskj. 380, gert grein fyrir því, að rík ástæða sé til þess, að kjörskráin sé miðuð við 1. des., í stað þess að í frv. var gert ráð fyrir því, að hún yrði miðuð við þann mánuð, sem hún yrði samin í, þ. e. a. s. marzmánuð. Telur hann skipta verulegu máli, að því verði breytt í þetta horf, og er allshn. sammála honum um það og leggur því til, að tekið verði upp í frv. ákvæði um það, að þar skuli menn á kjörskrá teknir, sem þeir áttu lögheimili hinn 1. des. næsta ár áður en kjörskrá var samin.

Ákvæðið um, að sérstakar kjörskrár skuli semja fyrir hverja kjördeild, leggur nefndin til að fellt verði niður úr frv., og liggja til þess þau rök, sem hagstofustjóri greinir í sinni álitsgerð, en þar segir hann m. a. um þetta:

„Þessu ákvæði hefur yfirleitt ekki verið fullnægt af sveitarstjórnum nema að mjög takmörkuðu leyti, og raunar á það lítinn eða engan rétt á sér. Engin þörf virðist vera á því, að lögð sé fram fyrir hinn lögákveðna frest sérstök kjörskrá fyrir hverja kjördeild í kosningaumdæmi, og það er t. d. ógerlegt að koma því við í Reykjavík, enda hefur það aldrei verið gert."

Allshn. féllst á þessi rök og hefur því lagt til, að frv. verði breytt í þetta horf.

ATKVGR.

Brtt. 380,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 380,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil nú segja það, að það er sjáanlega til mikilla bóta frá því, sem verið hefur, að færa sveitarstjórnarkosningar í kaupstöðum og kauptúnum fram á vorið. En ég verð að segja það, að mér þykir dálítið undarlegt í þessu frumvarpi, að það skuli þá ekki vera um leið ákveðið, að sveitarstjórnarkosningar fari fram á sama degi um land allt, eins og á sér stað um alþingiskosningar, en samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að kosningarnar fari fram í maí í kauptúnum og kaupstöðum, en í júní í sveitahreppum. Ég vildi nú biðja hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, að athuga, hvort það getur ekki verið eðlilegra að færa það í það horf, að kosningarnar séu á sama degi yfir land allt.

Í öðru lagi verð ég að segja það, að ég teldi það framför, ef með þessu frv. væri fært í það gamla horf að hafa kjörtímabilið til sveitarstjórnarkosninga sex ár, en ekki fjögur, því að þessar sífelldu og tíðu kosningar hafa lítið gott í för með sér. Við sjáum það á ýmsum aðgerðum, að það hefur ekki verið til mikilla bóta að stytta kjörtímabilið, hvorki til Alþingis né sveitarstjórna.

Í þriðja lagi vildi ég svo segja það, að ef frv. verður samþ. eins og það er nú, þá sýndist mér réttara, að það væri þá ákveðið í því, af því að það stendur í 1. gr., að það skuli skilyrðislaust kjósa á fjögurra ára fresti, að næstu sveitarstjórnarkosningar í kauptúnum og bæjum færu þó fram í maímánuði árið 1962, því að annars gæti leikið vafi á því, hvort þær ættu þá ekki að fara fram að hálfu fjórða ári liðnu. Þetta vildi ég einnig biðja hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, að hugleiða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 95., 96. og 100. fundi í Nd., 14., 16. og 19. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 101. fundi í Nd., 20. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 391, n. 513).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Sú meginbreyting, sem þar var gerð á því, er það, að í staðinn fyrir, að í frv. er gert ráð fyrir, að almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skuli fara fram fjórða hvert ár, síðasta sunnudag í maímánuði, er þessu atriði breytt, þannig, að gert er ráð fyrir, að kosningar í kaupstöðum og kauptúnum fari fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í júnímánuði.

Allshn. hefur rætt um frv. og athugað umsögn hagstofustjóra og stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga og mælir einróma með því, að það verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Með frv. þessu er stefnt að því að ráða bót á vissum annmarka, sem hefur komið fram í sambandi við sveitarstjórnarkosningar. Eins og kunnugt er, gilda ákvæði kosninga til Alþingis að ýmsu leyti um sveitarstjórnarkosningar, þ. e. a. s. almenn ákvæði um framkvæmd kosningaathafnarinnar og ýmislegt fleira. En ákvæði kosningalaganna um kjörskrár, hvenær þær skuli semja, hvenær þær verða lagðar fram, hvenær kærufrestur er úti o. s. frv., eru miðuð við, að kjördagurinn sé síðasta sunnudag í júnímánuði, eins og hann er ákveðinn við kosningar til Alþ. En þegar kjördagurinn við bæjarstjórnarkosningar er síðasta sunnudag í janúar, þá er ekki annar kostur en kjósa eftir kjörskrá, sem þá er í gildi, en sú kjörskrá er þá í raun og veru 11 mánaða gömul. Af þessum ástæðum hefur komið fram sá annmarki við bæjarstjórnarkjör í kaupstöðum, sem stefnt er að að ráða bót á með þessu frv.

Það er skoðun mín, og ég hef látið hana í ljós áður hér í d., að það sé bezta lausnin á þessu máli að færa kjördaginn við bæjarstjórnarkosningar til, frá því sem nú er, færa hann nær kjördegi til alþingiskosninga heldur en nú er ákveðið. Ég tel því, að þetta frv. út af fyrir sig stefni í rétta átt að þessu leyti. Hitt er alltaf álitamál, hvaða dag eigi að ákveða.

Það var á það minnt fyrr á þessu þingi, þegar til umr. var frv. til l. um breyt. á kosningalögum, að starfandi væri mþn., sem hefði það hlutverk eftir skipun Alþingis að taka til endurskoðunar lög um kosningar til Alþingis og lög um kosningar til sveitarstjórna.

Það er að sjálfsögðu ekki hlutverk mþn. að hlutast til um það, hvaða lagasetningu Alþ. afgreiðir hverju sinni. En það kom greinilega fram, a. m. k. hér í þessari hv. d., fyrr á þessu þingi, að eðlilegt væri, þar sem þessi n. er að athuga málin, að afgreiða ekki breytingar á kosningalögunum, án þess að hún hefði um þær breytingar fjallað.

Nú vil ég benda á það, að skv. því frv., sem hér liggur fyrir, á það að öðlast gildi 1. júlí 1958, eða fáum dögum eftir að hreppsnefndarkosningar fara fram nú á þessu ári. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar fara ekki fram aftur fyrr en að fjórum árum liðnum, því að í því efni er ekki um neinn þingrofsrétt að ræða eða styttingu kjörtímabilsins, þannig að þótt ákvæði þessa frv. verði lögfest nú, þá geta þau ekki komið til framkvæmda fyrr en að fjórum árum liðnum. Þegar á þetta er litið, þá virðist nú minni ástæða til en ella að hraða afgreiðslu þessa máls nú.

Kjördagurinn í sveitum er ákveðinn síðasti sunnudagur í júnímánuði. Það er sá tími ársins, sem er mjög hentugur til ferðalaga, og ég hygg, að að því leyti verði naumast fundinn hentugri dagur fyrir sveitafólk að neyta kosningarréttar síns heldur en undir lok júnímánaðar. En ég vil leyfa mér að benda á það, að þar sem kjördag-

urinn er hinn sami við kosningar til Alþingis og við hreppsnefndarkosningar í sveitum, getur farið svo, að báðar þessar kosningar eigi að réttu lagi að fara fram á einum og sama degi, vegna þess að kjörtímabil við alþingiskosningar er hreyfanlegt, þar sem um þingrofsrétt er að ræða, og kjörtímabilið er því ekki alltaf full fjögur ár. Og það vill nú svo til, að við höfum ofur litla reynslu í þessu efni, því að einmitt þetta hefur komið fyrir oftar en einu sinni á undanförnum árum.

1942 fóru fram kosningar til Alþingis á hinum reglulega kjördegi, síðasta sunnudag í júní, og þá áttu að réttu lagi einnig að fara fram hreppsnefndarkosningar. Þá var litið svo á, af stjórnarvöldum landsins, og ekki er annað kunnugt en það væri einnig álit þeirra, sem í sveitunum búa, að það væri ekki heppilegt og sums staðar kannske varla gerlegt að láta þær kosningar fara fram samtímis, hreppsnefndarkosningar og alþingiskosningar. Og þá var gripið til þess að setja sérstök lög um tilfærslu á kjördeginum við hreppsnefndarkosningar í það skiptið. Það er meginákvæði þeirra laga, að hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1942, skal frestað, og skulu þær fara fram 12. júlí 1942. Og í grg. fyrir þessu frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta.: „Frv. þetta er flutt að beiðni félmrh., og fylgdu því svo látandi ástæður:

Í 4. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, er svo ákveðið, að í þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru ekki búsettir í kauptúni, skuli hreppsnefndarkosningar fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Þar sem hentugra þykir, að framangreindar hreppsnefndarkosningar fari fram að afstöðnum alþingiskosningum, er svo ákveðið í frumvarpi þessu, að þær skuli fara fram sunnudaginn 12. júli næst komandi."

Þetta frv. var lögfest og framkvæmd hreppsnefndarkosninga hagað skv. þeirri löggjöf á árinu 1942.

Nú vildi svo til, að frá 1942 til 1946 sat Alþingi, sem kjörið var 1942, út heilt kjörtímabil, svo að 1946 endurtóku sig sömu ástæður og verið höfðu 1942, þannig að hreppsnefndarkosningar og alþingiskosningar áttu að réttu lagi að fara fram í sveitunum á einum og sama degi. Þá var litið alveg eins á af þáverandi ríkisstj. og gert hafði verið 1942, og þá var gripið til þess ráðs að gefa út brbl. um tilfærslu á kjördeginum við hreppsnefndarkosningar í það skipti. Þau brbl. voru gefin út að tilhlutun þáverandi dómsmála- og félagsmálaráðherra, Finns Jónssonar, og forsendur fyrir þeim eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 4. gr. l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, er svo ákveðið, að í þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru ekki búsettir í kauptúni, skuli hreppsnefndarkosningar fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Þar sem miklir annmarkar eru á því að láta hreppsnefndarkosningar fara fram samtímis alþingiskosningunum, er að þessu sinni fara fram 30. júní n. k., verður að telja nauðsynlegt að fresta þeim um vikutíma eða til 7. júlí 1946. Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja brbl. um téð efni skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, set ég bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.: Hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1946, skal frestað, og skulu þær fara fram 7. júlí 1946."

Eftir þessum brbl. var að sjálfsögðu farið við hreppsnefndarkosningarnar það ár og þau síðan lögð fyrir næsta þing og samþykkt, eins og yfirleitt er venja.

Þessi reynsla bendir til þess, að ef þingið tekur nú sérstaklega þetta eina atriði út úr kosningalögunum og ætlar að lögfesta það, þá sé full ástæða til að gefa því gætur, hvort það sé ekki þörf á að taka tillit til þeirrar reynslu, sem fengin er, annaðhvort á þann hátt að ákveða kjördaginn við hreppsnefndarkosningar t. d. viku fyrr en ráðgert er í þessu frv. eða þá á hinn bóginn að hafa heimild til þess að færa kjördaginn við hreppsnefndarkosningar til um eina viku eða svo, þegar þær falla saman við alþingiskosningar.

Enn fremur má á það benda, að í lögum um framboð og kjör forseta Íslands er gert ráð fyrir því, að forseti Íslands sé valinn með allsherjarkosningu um allt land fjórða hvert ár. Það hefur raunar, síðan sú skipan var tekin upp, ekki alltaf komið til kosninga, þar sem einn maður hefur stundum verið í kjöri, en eigi að síður gera lögin ráð fyrir þessu.

Það hefur ekki fallið saman enn sem komið er, síðan þessi skipan var tekin upp, kjör forseta Íslands og hreppsnefndarkosningar, en kjörtímabil forseta Íslands er að vissu leyti hreyfanlegt, þannig að maður getur fallið frá eða sagt af sér störfum, svo að kjörtímabilið breytist af þeim ástæðum. Nú eru þær kosningar ákveðnar síðasta sunnudag í júnímánuði, þannig að það er a. m. k. fræðilegur möguleiki til þess að löggjöf óbreyttri, að í sveitunum geti borið að þrenns konar almennar kosningar á einum og sama degi. Það er fræðilegur möguleiki til þess að löggjöf óbreyttri. Þetta virðist mér eðlilegt að hafa til hliðsjónar, þegar gengið er frá löggjafaratriði eins og því, sem hér liggur fyrir.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga og bæjarstjórnarkosninga þurfi ekki að semja nema það ár, sem kosningar fara fram, þ. e. a. s. fjórða hvert ár. Og í umsögn hagstofustjóra er það tekið fram, að þetta hafi í för með sér hagræði frá því, sem nú er.

Ég vil ekki neita því, að gagnvart kaupstöðunum séu það rétt rök, sem hagstofustjóri tekur fram. En það gegnir að ýmsu leyti öðru máli í sveitunum. Fyrst er nú þess að geta, að í raun og veru er aldrei hægt að komast hjá því að semja árlega eða endurskoða árlega kjörskrár vegna alþingiskosninga, því að þegar þingrof ber að, þá þurfa kjörskrár vitanlega alltaf að vera í fullu lagi, þannig að það sé hægt að undirbúa kosningu innan þess tiltölulega stutta tíma, sem stjórnarskráin ákveður, þegar kosningar skulu fara fram eftir þingrof, enda nær þetta frv. vitanlega ekki til þess. Þetta snertir einungis

lögin um sveitarstjórnarkosningar. En í sveitunum er það svo, að ef semja á kjörskrá vegna alþingiskosninga, þannig að hún sé alltaf endurskoðuð og tiltæk, hvenær sem er, þá er það eiginlega nær ekkert verk að hafa einnig nýja kjörskrá til staðar vegna sveitarstjórnarkosninga, því að í langflestum tilfellum fellur kosningarréttur aðila saman. Enn fremur vil ég benda á það, að kosningar í hreppsnefndir fara allvíða þannig fram, að það eru ekki listakosningar, heldur kosið óbundnum kosningum um vissa menn, og *það er beint ákvæði kosningalaganna, að ef* hreppsnefndarmaður fellur frá eða forfallast varanlega á kjörtímabilinu, þá skuli kjósa annan mann í hans stað, og slíkar kosningar til þess að fylla í skörð í hreppsnefndum í sveitunum fara iðulega fram einhvern tíma á kjörtímabilinu og án þess að það sé almenningi í landinu kunnugt eða stjórnarvöldum landsins. Það leiðir aðeins af sjálfu sér, að sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, gangast fyrir því, að hreppsnefnd verði fullskipuð á þann hátt skv. ákvæðum kosningalaganna. Þegar slíkt ber að höndum, þá verður þó að vera til staðar í sveitinni kjörskrá, sem er í gildi. Það nægir ekki að taka þá tveggja eða þriggja ára gamla kjörskrá, heldur verður það að vera kjörskrá nýlega endurskoðuð, sem treysta megi á að sé nothæf og í gildi.

Mér virðist því, þegar á þetta er litið, að gagnvart sveitunum sé þetta ekki stórvægilegt atriði, sem felst í 2. gr. frv., en ég viðurkenni, að það *gegnir um það nokkuð öðru máli í kaup*stöðunum.

Ég hef leyft mér að benda á þessi atriði, og virðast þau nú þannig vaxin, að í sjálfu sér sé ekki óeðlilegt að fresta því um sinn að lögfesta þetta frv. Hins vegar mun ég ekki, þó að ég bendi á þessi atriði, bera fram brtt. um þau nú, þar sem kosningalögin öll eru í athugun og þeirri athugun verður haldið áfram, hvort sem þetta frv. verður lögfest eða ekki.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls benti ég á nokkur atriði, sem mér þættu mjög vafasöm í þessu frv., og það er þá í fyrsta lagi það, að úr því að breyta á kjördegi í kauptúnum og kaupstöðum, sem er vitanlega til bóta, að færa hann fram á vorið frá vetrinum, þá þykir mér *einkennilegt og dá*lítið hjákátlegt að hafa þá ekki sama kjördag yfir land allt. Í öðru lagi er að því að víkja, sem hv. síðasti ræðumaður hefur nefnt, að það geta margvíslegir árekstrar orðið í sambandi við kosningar, sérstaklega í sveitum, þegar margar kosningar eiga að fara fram e. t. v. á sama ári. Til þess að koma að nokkru leyti í veg fyrir þetta, þá stakk ég upp á því, en það mun nú ekki fá góðan jarðveg hér hjá sumum mönnum, að kjörtímabilið í sveitar- og bæjarstjórnarkosningum væri lengt og haft eins og það var og væri sex ár. Með því móti væri miklu minni hætta á árekstrum á milli kosninga að þessu leyti. Enn fremur benti ég á, að það væri þá nauðsynlegt, ef það væri ætlunin að samþykkja þetta frv. í aðalatriðum eins og það er, að það væri þá tekið fram í bráðabirgðaákvæði, að næstu bæjarstjórnarkosningar og kosningar í kauptúnum öllum skyldu þó ekki fara fram fyrr en í maí að fjórum árum liðnum, því að annars gæti orðið um það deila, hvort þær ættu ekki að fara fram að þrem árum liðnum hér frá.

Nú sé ég, að hv. n. hefur mælt með því að samþykkja þetta frv. óbreytt, *og bendir það til* þess, að hún hafi litið athugað þetta vandamál. En aðalatriðið, sem er til umbóta í þessu frv., er það eitt frá mínu sjónarmiði, að kosningadagurinn í kaupstöðum og kauptúnum er færður frá vetrinum og yfir á vorið. Þar sem nú er þetta langur tími til stefnu með þær kosningar, þá er ekki eins aðkallandi að fá þetta frv. samþykkt eins og ella mundi, og ef mætti treysta því, að þeirri endurskoðun, sem yfir stendur á kosningalögunum í heild og er mjög aðkallandi að gera um fleiri atriði en þetta, yrði bráðlega lokið, þá sýnist mér, að það væri óhætt að fresta þessu máli alveg til næsta þings í trausti þess, að sú athugun yrði þá afgerð.

Ég ætla nú samt ekki, þrátt fyrir þessar aths., sem ég hef gert, bæði nú og við 1. umr., að fara neitt að bera fram brtt. við þetta frv., læt hv. n. bera sína ábyrgð á því, úr því að hún er sammála um að knýja það í gegn núna. En ég trúi ekki öðru en það verði tekið til verulegra breyt*inga, þegar endurskoðun fer fram á kosninga*lögum til sveitarstjórna yfirleitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 549).

---

49. Aðstoð við vangefið fólk.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, var **útbýtt** frá Ed.:

Frv. til l. um aðstoð við vangefið fólk [172. mál] (þmfrv., A. 392).

Á 81. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa sálfræðingar aðferð til að mæla almenna greind manna. Með sérstökum prófum reikna menn út svonefnda greindarvísitölu, og er meðalgreind táknuð með tölunni 100.

Fari vísitalan niður fyrir 75, er greindarskorturinn talinn óeðlilegur eða sjúklegur og nefndur fávitaháttur. Er venjulega greint á milli þriggja stiga hans, þótt skörp takmörk sé þar raunar hvergi að finna. Þannig hafa örvitar greindartölu neðan við 30 og geta svo til ekkert numið, hálfvitar hafa greindarvísitölu á milli 30 og 50 og ná aldrei vitsmunaþroska 13 ára barns, og loks eru fáráðlingarnir með vísitöluna 50—75, og er það stigið langfjölmennast.

Engar öruggar skýrslur eru til um fjölda fávita hér á landi, enda hafa aldrei farið fram neinar víðtækar rannsóknir þess efnis, en í ýmsum nágrannalöndum okkar hafa slíkar athuganir verið gerðar og leitt í ljós, að um 2% íbúanna eru sjúklega vangefnir. Er þá markið sett við greindartöluna 75. Sé hins vegar léttustu tilfellunum sleppt og þeir aðeins taldir, sem hafa greindartölu undir 70, þá lendir þar í flokki aðeins um 1% íbúanna.

Það mun óhætt að gera ráð fyrir því, að hlutfallstala fávita hér sé svipuð og í nágrannalöndunum, og samkvæmt því ættu þá að vera á Íslandi nálægt 1600 manns svo vangefnir, að greindarvísitala þeirra lægi fyrir neðan 70.

Þótt hér sé um ótvíræða fávita að ræða, fer því fjarri, að allur sá hópur þarfnist vistar á hælum. Hitt er vafalaust, að öllu vangefnu fólki þyrfti að veita betri uppfræðslu og leiðsögn og virkari aðstoð til sjálfsbjargar en það hingað til hefur átt kost á.

Sérfróðir menn áætla, að tala þeirra fávita, sem nú þarfnast hælisvistar hér á landi, sé um 500. Er þá miðað við þá örvita og hálfvita, sem verulegum og stöðugum erfiðleikum valda í heimahúsum.

Í fávitahælum landsins dveljast nú liðlega 120 vistmenn, svo að mikið vantar á, að þörfinni sé fullnægt í þessu efni.

Fjögur fávitahæli eru í landinu. Að Sólheimum í Grímsnesi eru 32 vistmenn, í Skálatúni 26, á Kleppjárnsreykjum 26 og í Kópavogshæli 39 vistmenn, og öll munu hælin vera yfirfull.

Í Kópavogi hefur ríkið reist fávitahæli, en því miður hefur mikill seinagangur verið á framkvæmdum þar. Fullgerð húsakynni eru ætluð 30 vistmönnum, þótt 39 dveljist þar nú. Ný bygging er í smíðum og langt komin, og á hún að rúma um 45 vistmenn. Gallinn er sá, að rúmafjöldinn í landinu kemur ekki til með að aukast sem þessu nemur, því að ráðgert er að leggja Kleppjárnsreykjahælið niður og flytja þær 26 vangefnu stúlkur, sem þar dveljast, í Kópavogshælið.

Það er fyrirhugað að reisa þriðja húsið í Kópavogshæli, álíka stórt og hvort hinna, sem þegar eru risin af grunni. Enn þá er sú framkvæmd ekki hafin, og enn er starfsmannahús óreist, sem mikil þörf er þó talin fyrir. Það er því óhætt að segja, að mikilla umbóta er ekki að vænta í þessum hælismálum, nema rösklegar verði tekið til hendi en tíðkazt hefur til þessa.

Á aðalfundi Læknafélags Íslands var fyrir fáum árum rætt um sjúkrahússkortinn í landinu. Gætti þeirrar skoðunar þar mest, að einna brýnust væri þörfin á aukningu húsrýmis fávitahælanna, og var þó þörfin talin brýn víða í þeim efnum.

Landlæknir er, að því er ég bezt veit, sömu skoðunar. Einnig hefur borgarlæknirinn í Reykjavík hvað eftir annað bent á þessa nauðsyn.

En það verður að gera fleira en byggja hæli handa þeim hundruðum fávita, sem verst eru farnir. Það er líka þörf á að koma upp dagheimilum og æfingaskólum handa þeim vangefnu börnum, sem geta dvalizt heima hjá sér. Með slíkum stofnunum má mikið létta byrði raunamæddra foreldra og samtímis kenna þessum ógæfusömu börnum og þjálfa þau. Vangefnu ungu fólki þarf að sjá fyrir starfskennslu og síðan starfmöguleikum, eftir því sem við verður komið. Leiðbeinandi eftirlit ætti að hafa með þessu fólki að staðaldri. Því betra sem slíkt eftirlit er, því færri verða vandræðamennirnir í þjóðfélaginu.

Hér er því um að ræða mikið mannúðar- og menningarmál. Verkefnin eru mörg og flest óleyst. Þess vegna ber að fagna því, að nýlega var stofnað til félagsskapar um þetta mál. Styrktarfélag vangefinna var myndað 23. marz s. l. og hefur þegar lagt hönd á plóginn. Þetta félag hyggst vinna að því í fyrsta lagi, að komið verði upp hælum handa vangefnu fólki, sem nauðsynlega þarf á hælisvist að halda, í öðru lagi, að vangefnu fólki veitist góð skilyrði til að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa, í þriðja lagi, að starfsorka vangefins fólks verði hagnýtt, og loks í fjórða lagi, að einstaklingar, sem vilja afla sér menntunar til þess að annast vangefið fólk, njóti ríflegs styrks í því skyni.

Að sjálfsögðu verður þessum tilgangi félagsins aldrei náð, nema fé komi til. Því verður það að afla fjár til starfsemi sinnar.

Það er sýnt, að félagagjöld og önnur slík fjáröflun hrekkur skammt, ef reisa skal heilar stofnanir, og því hefur félagið nú leitað til löggjafarsamkomunnar um fyrirgreiðslu.

Frv. það, sem hér liggur fyrir og er á þskj. 392, fjallar um aðstoð við vangefið fólk. Er efni þess það, að á hverja öl- og gosdrykkjaflösku, sem framleidd er og seld í landinu, skuli leggja 10 aura gjald, sem síðan renni til Styrktarfélags vangefinna. Skal fyrir það fé, sem þannig er aflað, reisa stofnanir handa vangefnu fólki, en öll ráðstöfun fjárins vera háð samþykki ráðherra. Er félaginu tryggt þetta gjald í næstu fimm ár.

Í frv. felst því, að styrktarfélaginu er ekki heimilt að verja því fé, sem fæst með þessu gjaldi, til annars en að reisa hæli eða aðrar stofnanir fyrir vangefið fólk og að samþykki viðkomandi ráðherra þurfi að koma til hverju sinni.

Með þessu ætti að vera tryggð full samvinna félagsins og ríkisvaldsins og það enn fremur, að ekki verði ráðizt í aðrar framkvæmdir en þær, sem nauðsynlegar og gagnlegar eru taldar á hverjum tíma.

Flm. frv. vænta þess, að hv. alþm. taki á þessu máli af skilningi og velvild og leyfi greiða göngu frv. til samþykktar á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. og 2. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég tel alveg ástæðulaust að ræða frekar um málið við 1. umr. Hv. 1. flm. hefur fyrir hönd þeirra flm. gert rækilega og skilmerkilega grein fyrir efni frv. og nauðsyn lagasetningar um þetta efni. Ég skal aðeins skýra frá því, að þeir menn, sem störfuðu að undirbúningi stofnunar þess félagsskapar, sem nú hyggst fara að vinna fyrir málstað vangefinna barna og ungmenna hér á landi, höfðu fyllsta samráð við félmrn. með þau undirbúningsstörf og einnig eftir að félagið var stofnað og hugmyndin kom fram um að fá með lögum ákveðinn fjárstofn til handa þessum félagsskap að starfa með að sínum áhugamálum. Það var sem sé haft samráð við félmrn. um þetta, og mér er kunnugt um, að það var einnig haft samráð við fjmrn. um þá fjáröflunarleið, sem þarna var hugsað að fara, og hversu hátt gjaldið skyldi vera.

Ég taldi ekki heppilegt, að þetta mál væri flutt sem stjfrv., því að ég lagði áherzlu á, að það væri leitað eftir því, að allir flokkar þingsins stæðu að málinu. Ég taldi, að fremur gæti hugsazt, að litið væri á þetta sem sérmál stjórnarflokkanna, ef það væri flutt sem stjfrv., og varð þá að ráði að fara þá leið, sem farin var um flutning málsins, að leita til þingmanna í öllum flokkum um flutning þess, og hefur svo gæfusamlega til tekizt, að menn hafa tekið málið að sér einmitt á þann veg, að það standa að því flm. úr öllum flokkum. Ég vil því vænta þess, að málið verði ekki ágreiningsmál. Það er stutt af ríkisstj., og ég mæli hið bezta með framgangi málsins og vona, að það gangi sem greiðlegast í gegnum þingið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 392, n. 450).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. til l. um aðstoð við vangefið fólk á nokkrum fundum sínum. N. leitaði umsagnar Félags ísl. iðnrekenda um frv. og fékk svar frá félaginu. Í því bréfi er tekið fram, að öl- og gosdrykkjaframleiðendur leggist eindregið gegn frv. En Félag ísl. iðnrekenda segir í lok þessa bréfs á þessa leið:

„Af því, sem að framan segir, leggjum vér eindregið til, að frv. verði vísað til ríkisstj. eða því breytt í samræmi við framangreindar athugasemdir vorar. Vér tökum fram, að vér teljum hið nýstofnaða Styrktarfélag vangefinna þörf og nauðsynleg félagssamtök, sem tryggja þarf hæfilegan tekjustofn, en athugasemdir vorar eru að sjálfsögðu miðaðar við hagsmuni iðnfyrirtækjanna og iðnaðarins í heild."

Í bréfinu er á það bent, að það sé óþægilegt að skylda iðnfyrirtæki til að standa öðrum aðilum en innheimtumönnum ríkissjóðs skil á innheimtu gjalds. Enn fremur er bent á, að gjaldfresturinn, eins og hann er ákveðinn í frv., sé of stuttur og styttri en gerist um opinber gjöld. Segir þar, að fjmrn. og tollstjórinn í Reykjavík hafi í framkvæmd viðurkennt tveggja mánaða gjaldfrest á tollvörugjaldinu. Loks er á það bent af iðnrekendum, að með því að söluskattur og útflutningssjóðsgjald komi til með að verða lögð á þessa 10 aura hækkun, þá séu þar með lagðar auknar fjárhagsbyrðar á herðar þessum iðnrekendum.

Þetta eru helztu aths., sem gerðar eru af félaginu við frv.

Heilbr.- og félmn. leggur til, að frv. verði samþ. með fjórum brtt., sem eru á þskj. 450. Tvær af þessum brtt., 2. og 3. brtt., eru í þá átt að verða við ábendingum iðnrekenda og koma til móts við þeirra óskir. Fyrsta till. er eingöngu um orðalagsbreytingu á 1. gr., og hið sama er raunverulega um 4. till., hún er ekki annað en orðalagsbreyting á 4. gr. — Ég tel svo ekki þörf á að hafa um þetta fleiri orð.

ATKVGR.
Brtt. 450,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 450,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 450,3 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 450,4 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 461).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Eftir 2. umr. um þetta mál var mér bent á það af einum hv. þm., að ekki væri úr vegi að gera ráð fyrir, að einkafélagsskapur eins og Styrktarfélag vangefinna gæti átt takmarkaða lífdaga og yrði máske lagt niður og þá væri spurning: Hvað á að gera við það fé, sem fæst inn samkv. frv. þessu, ef að lögum verður? Hann benti mér á, þessi hv. þm., að rétt væri að gera ráð fyrir þessu í lögunum, þótt þetta væri nú kannske ekki líklegt um þennan félagsskap.

Ég vil gjarnan verða við þessu, tel það ekki nema til öryggis, og vil leyfa mér að bera hér fram skriflega till. um þetta efni, en hún hljóðar svo:

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: „Nú verður Styrktarfélag vangefinna lagt niður, og skal þá gjald það, sem um ræðir í 1. gr., renna í sérstakan sjóð, er fjármálaráðuneytið varðveitir, en eigi má veita fé úr honum til annarra þarfa en þeirra, er um getur í 4. gr."

Ég vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir till., þannig að hún geti orðið borin upp.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 468) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 468 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 469).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt inn á nýja braut í opinberum fjármálum, með því að félagi einstaklinga er leyft með sérstökum lögum að skattleggja einn af aðaltekjustofnum ríkissjóðs.

Ég ætla ekki hér að tala út frá sjónarmiði framleiðenda, þeir mega innheimta skattinn hjá almenningi, sem lagður er á samkv frv., heldur ætla ég að ræða um það frá sjónarmiði opinberra fjármála og hvert stefnir, ef frv. nær samþykki Alþingis. Hér er félagi, sem var stofnað fyrir rúmum einum mánuði, veitt leyfi til að fara inn á einn aðaltekjustofn ríkissjóðs og innheimta hjá almenningi fjárhæð, sem nemur 2—3 millj. kr. á ári, í 5 ár.

Þessi félagsskapur, sem ég skal ekki leggja neinn dóm á og hefur mjög virðingarverðan tilgang, hefur því ekki eða þeir menn, sem fyrir honum standa, haft tækifæri til að sýna, að þeim sé treystandi til þess að ráðstafa á skynsamlegan hátt því mikla fé, sem félaginu er ætlað að fá til umráða með frv. Samt hefur það nú gerzt, að frv. hefur farið svo að segja orðalaust í gegnum þrjár umr. í Ed.

Þetta er mjög óvenjuleg ráðstöfun og mjög léttúðug ráðstöfun um skattlagningu á almenning. Eins og ég sagði, fá framleiðendur skattinn greiddan frá almenningi, svo að í raun og veru snertir þetta þá lítið, að öðru leyti en því, að þeim er lagt á herðar að innheimta skattinn.

Sá skattur, sem þannig er lagður á almenning, nemur, eftir því sem ég get bezt séð, 6—7% af heildsöluverði gosdrykkja. Þetta mundi nú verða talinn þungur skattur, ef bæjarfélaginu væri heimilað að taka slíkan skatt til þess að létta af borgurunum t. d. veltuútsvarinu, en um það horfir nú til stórvandræða fyrir bæjarfélögin.

Að vísu mun það vera svo, að iðnaðurinn er ekki ginnkeyptur fyrir því að innheimta milljónir kr. fyrir einstök félög. En það er annað, sem mér skilst að hann sé hræddari við, og það er, að ef svona frv. verður samþ., þá megi hann búast við stórri skriðu á eftir, sem yfir hann á að dynja, ef þetta fordæmi verður gefið. En hér er fyrst og fremst um skattlagningu á almenning að ræða, án þess að hann sé sjálfráður um það, hvort hann vill láta skattleggja sig eða ekki. Þetta stingur því nokkuð í stúf við tvö fordæmi, sem hér hafa verið gefin í sambandi við félög, annað er líknarfélag og hitt má segja að sé þjóðþrifafélag. Sérstakur skattur er á eldspýtur og skattur á sígarettur, en almenningi í sjálfsvald sett, hvort hann vill greiða þennan skatt eða ekki, með því að hann getur fengið þessar vörur án skattmerkjanna, ef hann óskar þess. Hér er því um fullkomlega frjálst val að ræða, sem ekki kemur til greina í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir.

Hér er því, eins og ég sagði áðan, um það að ræða að gera einn af mikilvægum tekjustofnum ríkisins að tekjulind með lagaboði fyrir einstakt líknarfélag. Þetta hlýtur að líta út frá almennu sjónarmiði þannig, að þegar ríkisvaldið hefur skattað tollvörurnar, eftir því sem framast þykir fært, í þágu ríkissjóðs, þá er gefið leyfi til félaga að skatta þessa stofna á ný, og almenningur verður að borga. Ég vil nú segja án tillits til þess, hversu óviturlega ég álít þessa ráðstöfun, að það væri næsta ósmekklegt, ef Alþingi legði nú slíkan milljónaskatt á almenning, meðan ríkisvaldið stritast við mánuðum saman að fá stéttirnar til að samþykkja álagningu skatta, sem ríkissjóði, eins og sakir standa, er lífsnauðsyn að fá. Ég mundi segja, að það væri ósmekklegt af Alþingi undir slíkum kringumstæðum.

Með þessu er stefnt út í reiðuleysi í opinberum fjármálum, og slíkt reiðuleysi sem þetta held ég að þekkist hvergi nema þar, sem allt veður á súðum fjárhagslega.

Ég hygg, að það muni margir álíta, að það sé einmitt lýsingin á ástandinu hjá okkur í dag. Hér er ekki farið eftir neinum reglum eða grundvallarvenjum efnahagslífsns, hér er hlutunum leyft að fara úr reipunum, og hér eru þverbrotnar einföldustu reglur, sem opinber fjármál hljóta að byggjast á, en þess vegna er nú komið sem komið er í mörgum og mikilvægum þáttum efnahagslífsins. Reiðuleysið blasir við, hvar sem litið er.

Einstaklingarnir og atvinnulífið í landinu stynur undir sköttunum. Ísland er að verða víða að viðundri í fjármálum af þeim ráðstöfunum, sem hér eru gerðar. Í skattamálum er brjálsemin og hugsunarleysið komið á svo hátt stig, að fjárhagskerfi landsins ríðar til falls.

Það kann að vera, að mörgum þyki, að hér sé djúpt tekið í árinni. En ég hygg, að tíminn eigi eftir að leiða í ljós, að svo er ekki, ef ekki verður stungið við fótum í skattamálum landsmanna.

Hvarvetna annars staðar og hér einnig til þessa dags hefur starfsemi líknarfélaga byggzt á frjálsum framlögum almennings, en ekki löghelgaðri skattlagningu. Almenningi á að vera í sjálfsvald sett, hversu mikið hann vill láta af hendi rakna til slíkra félaga. Ég held, að óhætt sé að segja, að menn séu hér venjulega með opnar hendur, ef til þeirra er leitað af líknarfélögum. Það á ekki að drepa þennan vilja almennings með lagaskyldu, ekki ákveða með lagaskyldu, hvað hann á að láta mikið af hendi rakna í líknarskyni.

Hér er lagt inn á óvenjulega og ég vil segja hættulega leið, eins og ég tók fram í upphafi, með því að veita einu félagi slíkan óvenjulegan fjárstyrk til sinna þarfa eins og hér er gert ráð fyrir, 2—3 millj. kr. á ári. Ég verð að segja, að mörgum öðrum líknarfélögum, sem starfað hafa hér í áratugi með ágætum árangri, er gert stórlega rangt til, ef samþ. verður, að félag, sem er að byrja að starfa, hefur ekki sýnt neinn árangur af starfi sínu, skal á næstu fimm árum fá 12—15 millj. kr. til ráðstöfunar, meðan félögum, sem lengi hafa starfað og vinna að mjög mikilvægum þætti líknarmálanna, er ekki sinnt.

Hvers vegna hafa þeir, sem hafa verið í forstöðu fyrir ríkissjóði, aldrei viljað fallast á það, að þessi félög fengju að skattleggja t. d. áfengið? Það er af þeirri einföldu ástæðu, að hver sem verið hefur fjmrh. hefur séð það, að ef

litli fingurinn væri réttur fram á þennan hátt, mundi öll höndin hverfa, áður en við væri litið. Menn skulu ekki halda, að þetta verði eitt einstakt tilfelli, ef frv. verður samþykkt, eins og það liggur fyrir. Margir munu á eftir koma, sem heimta sama rétt, og það verður að segjast, að mörg félög hafa sama rétt og sum betri.

Ef einu félagi er sinnt, þá er ekki hægt að synja öðrum um styrk í þessu skyni. En hvar stöndum við, ef öll félög, stofnuð og óborin, geta farið inn á þessa braut? Er þá ekki hin opinbera fjármálaforsjá Alþingis komin út í slíkt kviksyndi, að enginn maður veit, hvar hann á að botna?

Í sambandi við frv. þetta mun ég bera fram till. um fjáröflun á svipaðan hátt og hér liggur fyrir handa öðrum líknarfélögum, sem í áratugi hafa sýnt með starfsemi sinni að eiga skilið, ef nokkurt félag á það skilið, að fá slíkan styrk frá hendi hins opinbera.

Og ég mun leggja til, að það sé t. d. lagt sérstakt gjald á hvern pakka af sígarettum og hverja flösku af áfengi, sem renni í sjóð þessara líknarfélaga.

Ég skal svo ekki að þessu sinni ræða þetta frekar. En ég vil benda á, að þetta mál er fyrst og fremst fjárhagsmál, og því álít ég, að þetta frv. eigi að ganga til fjhn., en ekki til félmn., eins og var í Ed., því að uppistaðan í frv. er fjárhagsmál.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) hefur flutt hér mikið mál, þar sem hann lagðist mjög eindregið gegn þessu frv. og taldi, að sú braut, sem þar væri farið inn á, væri hin óheppilegasta á allan hátt, og jafnvel, að því er mér skildist, að það mundi verða til þess að auka hér mjög á reiðuleysi í fjármálum, eins og hann komst að orði, og auka á öngþveitið í því efni, sem þegar væri nógu mikið fyrir.

Ég skal sízt af öllu draga úr orðum hv. þm. varðandi ástandið í okkar fjármálum yfirleitt. En hins vegar held ég, að það hafi verið nokkuð ofmælt hjá honum, að þetta frv. út af fyrir sig væri hættulegt í sambandi við þróun þeirra mála og mundi verða til þess að ýta þeim lengra í ógæfuátt en nú væri. Og mér fannst satt að segja hv. þm. taka nokkuð mikið upp í sig varðandi þetta mál og hversu óhæfilegt það væri í alla staði.

Mér kom það einnig nokkuð kynlega fyrir sjónir, eftir að hann hafði fordæmt svo mjög frv., að hann skyldi lýsa því yfir, að hann hefði í hyggju að bera fram till. um fjárframlög til ýmissa annarra líknarfélaga, fjáröflun, sem byggðist á sömu sjónarmiðum og væri í þessu frv., því að eftir orðum hans að dæma hefði hann að sjálfsögðu átt að leggja fyrst og fremst ríka áherzlu á, að inn á þessa braut væri ekki farið, eftir því sem efni máls hans benti til.

Ég skal fúslega játa, að það getur verið mjög varhugavert að fara langt út í það að veita einstökum félagssamtökum friðindi, a. m. k. lögvarin friðindi eða rétt til þess að krefja inn skatta af landsfólkinu, og það er vissulega rétt hugsun, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., að það mætti varast það mjög að draga úr kostum hinna frjálsu samtaka á þann veg, að þessi samtök gætu reiknað með því að geta örugglega náð inn með skattlagningu ákveðnu fé og þyrftu þar lítið eða ekkert á sig að leggja á móti. Það er vissulega alveg rétt. Hins vegar er því ekki að leyna, að þessi samtök, sem hér um ræðir, og raunar mörg önnur samtök líka vinna mjög mikilvægt starf fyrir þjóðarheildina og leysa af hendi hlutverk, sem ríkisvaldinu siðferðilega bæri skylda til að inna sjálft af hendi. Með þessu móti fæst þarna fram orka margra manna, sem ella væri ónotuð, og þetta leiðir til þess, að það næst mun betri árangur og það verður meira, sem fæst fyrir hverja krónu, sem af ríkisins hálfu er lögð fram, vegna atorku og framlaga frá því fólki, sem þessi samtök myndar.

Hér eru mörg líknarsamtök starfandi, sem hafa fengið opinbera fyrirgreiðslu með ýmsu móti, annaðhvort með því að þau hafa fengið lögvarinn rétt til þess að hafa happdrætti, sem notið hafa skattfrelsis, eða á þann hátt, að þeim hefur verið veittur réttur til skattlagningar í svipuðu formi og hér er gert ráð fyrir. Það eru þegar til tvö fordæmi um skattlagningu á svipaðan hátt og hér er lagt til. Annar aðilinn er að vísu að öllu leyti opinber aðili, þ. e. a. s. skóggræðslan eða landgræðslusjóður, en þar er veittur réttur með lagaákvæði til þess að skattleggja sígarettur. Í annan stað hefur verið veittur réttur félagi, sem er gersamlega hliðstætt þessu, þ. e. a. s. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, til þess að skattleggja eldspýtur.

Nú má segja, eins og á var bent hér áðan, að á þessu sé munur, að þarna sé um að ræða frjálst mat kaupenda þessarar vöru, hvort þeir greiða þetta skattgjald eða ekki. Og varðandi eldspýturnar mun það vera svo, en hins vegar ekki um sígaretturnar, vegna þess að landgræðslusjóðsmerki er sett á þær tegundir af sígarettum, sem mest eru keyptar og almenningur mest notar, og þær eru ófáanlegar nema með þessu merki, þannig að hér er ekki lengur um neitt frjálst val að ræða.

Ég skal fúslega játa, að mér hefði þótt það skemmtilegra, ef hægt hefði verið með þá fjáröflun, sem hér um ræðir, að haga henni á þann hátt, að það hefði verið um að ræða frjálst val hjá fólki, sem kaupir þessa vöru, hvort það greiddi þetta gjald eða ekki. En við nánari athugun mun hafa komið í ljós, sem í rauninni er skiljanlegt, að það yrði ákaflega erfitt í framkvæmd og í rauninni mundi það leggja miklu meiri erfiðleika á bæði framleiðendur og aðra þá, sem kynnu að hafa þurft að innheimta slík gjöld, heldur en að hafa þann einfalda hátt á, sem er í þessu frv. Og því hefur verið farið inn á þessa braut, að undanþiggja ekki neinar ákveðnar tegundir eða hluta af þeim, heldur að þetta gjald skuli greiðast af hverri flösku.

Ég hef bent á það, að með þessu frv. er ekki verið að brjóta neinar reglur, sem áður hafa gilt, vegna þess að inn á þessa braut hefur verið farið áður, bæði með eldspýtur og sígarettur. En það kemur þá aftur að hinu, hvort eðlilegt sé að gera þetta í þessu tilfelli og hvort önnur samtök ættu þá ekki að fá sömu fyrirgreiðslu og þau, sem hér um ræðir.

Um það atriði, hvort önnur líknarfélög skuli fá svipaða fyrirgreiðslu og hér er gert ráð fyrir, skal ég ekki segja á þessu stigi málsins, en ég held, að það greiði ekki á neinn hátt fyrir lausn vandamála þeirra samtaka, þó að það sé farið að blanda þeim inn í þetta mál, sem hér liggur fyrir. Aðstoð við hin einstöku líknarsamtök hefur yfirleitt verið afgreidd hér á þann hátt, að það hefur ekki verið blandað saman málum margra samtaka, heldur hefur verið reynt að leysa vandamál hverra einstakra út af fyrir sig, því að ella gefur að skilja, að það minnka horfur á því, að yfirleitt sé hægt að fá fram lausn fyrir nokkurn aðilann.

Það má auðvitað segja, að þau samtök, sem hér um ræðir, séu ung og af því leiði, að þau hafi ekki sýnt neina reynslu, ekki sýnt það, hvers þau eru megnug. En hér er aftur hins að gæta, að hér er um að ræða fjáröflun til mála, sem eðli sínu samkvæmt hlýtur að öllu leyti að heyra undir ríkisvaldið að sjá um, og hér er um að ræða þann hátt heilbrigðismálanna, sem allt of mikið hefur verið vanræktur, þannig að það er stórkostlegt þjóðfélagsvandamál að fá á þessu einhverja úrlausn.

Það má segja, að það sé því nánast formsatriði, hvort þessi fjáröflun væri látin ganga til þessa félags, sem hér er stofnað, eða beinlínis látin ganga til þeirra opinberu aðila, sem með framkvæmd þessara mála hafa að gera. Það, sem mér finnst höfuðatriði málsins, er það, að hér er verið að gera tilraun til þess að afla fjár til framkvæmda, sem er hin brýnasta þjóðfélagsleg nauðsyn að sinna meir en gert hefur verið. Það má auðvitað segja, að þetta hefði átt að gerast með framlögum í fjárlögum. Það hefur ekki tekizt að fara þá leið, og þá hefur það orðið ofan á, að hópur manna, sem sérstaklega ber þessi mál fyrir brjósti, hefur sameinazt um að reyna að benda á einhver úrræði til þess að afla hér aukins fjár til þessara þarfa. Og ég fæ ekki séð, að hér sé skapað neitt hættulegt fordæmi umfram það, sem þegar hefur verið gert, og hér er um að ræða nauðsyn, sem engum getur blandazt hugur um að er fyrir hendi, og í þriðja lagi, að þótt hér sé ekki um gamalt félag að ræða, þá er þannig frá þessum málum gengið, að það er auðið fyrir ríkisvaldið að hafa eftirlit með því fullkomlega, hvernig fé þessu er ráðstafað, og auk þess í lögunum sjálfum beinlínis tekið fram, að því megi ekki ráðstafa á annan hátt en til þess að koma upp stofnunum fyrir vangefið fólk.

Ég held því, að að þessu leyti sé engin hætta á því að gera þessa ráðstöfun til fjáröflunar til þessa mikilvæga máls, enda þótt félag það, sem hér um ræðir, sé ekki gamalt, þannig að það gæti út af fyrir sig ekki fælt mann frá því að veita þessu máli brautargengi. Ég skal fúslega játa, að það hefði verið umhugsunarefni að fara inn á þessa braut, ef hér væri verið að byrja slíkar ráðstafanir til skattlagningar. En hér er aðeins verið að halda áfram á braut, sem áður hefur verið mörkuð. Vitanlega er alveg rétt, að það er mjög vafasamt, hvað langt á að ganga í slíku efni, og það er auðvitað eins um þetta atriði og önnur skattamál í því sambandi. En ég get ekki fallizt á, að hér sé verið að brjóta neinar reglur, sem hafi gilt í okkar skattamálum til þessa, þó að þetta frv. nái fram að ganga. Það er vissulega svo, að það er full ástæða til að taka okkar skattamál til rækilegrar athugunar og reyna að gera þau einfaldari í sniðum en nú er. En ég held ekki, að það muni auka neitt á glundroðann í því efni, þó að þetta frv. yrði samþ. Og miðað við þá geysimiklu þjóðfélagsnauðsyn, sem er fyrir hendi á því, að hægt verði að gera eitthvað meira en nú eru möguleikar til fyrir það fólk, sem hér um ræðir, þá vil ég fyrir mitt leyti mjög eindregið mæla með því, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. þetta frv., og hygg, að þó að það verði gert, þá sé ekkert það spor stigið, sem þurfi að vera til óþurftar, nema síður sé.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður lengi, enda er ekki mikil ástæða til þess. Ég vil aðeins segja nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Eyf.

Það, að frv. sem þetta, ef að lögum verður, gefi ekki fordæmi, getur hver maður sagt sér sjálfur. Og ég get ekki betur séð en opin sé leið fyrir öll félög, líknarfélög og önnur, sem vinna að þjóðhagslega nauðsynlegum málefnum, að fara inn á þá braut að fá lögfest í Alþ. tekjuöflunaraðferðir fyrir þau með því að skattleggja beina tekjustofna ríkissjóðs. Um þetta getur ekki verið neinn vafi.

Hv. þm. sagði, að þetta félag, sem er nýstofnað, hafi verkefni með höndum, sem sé brýn þjóðfélagsleg nauðsyn. Þetta er vafalaust mjög rétt. En það er líka svo um mörg málefni, sem líknarfélög hafa með höndum. Það er t. d. brýn þjóðfélagsleg nauðsyn að byggja sjúkrahús. Sjúkrahúsaskorturinn hefur verið svo mikill í landinu og er enn, að til vandræða horfir. Það er varla hægt að neita því, að þau félög, sem hafa á stefnuskrá sinni að auka sjúkrahúskostinn í landinu, berjist fyrir brýnum þjóðfélagslegum málefnum. Hvers vegna skyldu slík félög ekki hafa sama rétt og þetta félag, sem hér um ræðir, til þess að fá styrk frá Alþ. eða ríkinu í svipuðu formi og þetta félag? Auðvitað hafa slík félög alveg sama rétt, ef á að gera þeim jafnt undir höfði. En ef á að gera þeim misjafnt undir höfði og láta eitt félag fá milljónastyrk, en hin ekki neitt, er félögunum mismunað á mjög áberandi hátt, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni.

Því verður aldrei neitað, að þó að til séu tvö fordæmi um tekjuöflun á svipaðan hátt, sem þó eru í grundvallaratriðum ólík, þá er hér lagt inn á nýja braut, sem snertir mjög tekjuöflun ríkissjóðs yfirleitt. Ég efast um, að nokkur geti sagt með vissu, hvenær eða hvernig verður spyrnt við fótum, ef svona fjáröflunarleiðir ná nú samþykki Alþingis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13:5 atkv.

Á 100. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 20. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 469, n. 530, 537).

Afbrigði um brtt. 537, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta, sem er flutt af þingmönnum úr öllum flokkum og hlotið hefur meðmæli heilbrmrh., var samþ. í Ed. og var þá þess efnis, að leggja skyldi umræddan skatt á gosdrykki og öl, en tekjur af þessum skatti skyldu renna til framkvæmdasjóðs Styrktarfélags vangefinna.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað allmikið um þetta mál. N. er fús til þess að mæla með því, að þessi nýi skattur verði lagður á til þess að standa undir þeim mjög nauðsynlegu verkefnum, sem bíða óleyst í byggingu ýmiss konar stofnana fyrir vangefið fólk í landinu. Hins vegar hefur n. ekki viljað fallast á það, að lagður yrði á nýr skattur og síðan fenginn í heilu lagi félagi einstaklinga til umráða. Það munu vera tvö fordæmi um slíka skattlagningu hér á landi, en þó er í bæði þau skiptin sá munur og á því, sem hér um ræðir, að landsmenn eiga þess kost að velja, hvort þeir vilja kaupa vöruna með umræddum skatti eða ekki.

Heilbr.- og félmn. telur, að þetta sé óeðlileg og óæskileg braut, og hún gerir því till. um, að þetta gjald á gosdrykkja- og ölflöskur renni ekki til umræddS félags, heldur til sérstaks sjóðs, styrktarsjóðs vangefinna, sem skal vera í vörzlu félmrn. og nánar skal kveðið á um í reglugerð, hvað við kemur stjórn og fjárveitingum úr sjóðnum. Þar með er þessum peningum, sem ríkisvaldið á að innheimta, haldið í vörzlu yfirvaldanna og verður þaðan veitt, eftir því sem viðkomandi aðilar telja að þörf sé fyrir það. Ég tel ekki, að það þurfi að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar, en þær brtt., sem n. hefur flutt á þskj. 530, byggjast á þessum höfuðskoðunum, sem ég hef nú skýrt.

Brtt. á þskj. 537 eru fram komnar, eftir að heilbr.- og félmn. hafði gengið frá áliti sínu, og hún hefur því ekki um þær fjallað. En það er augljóst af annarri brtt. þar, að hún gengur einmitt í þá átt, sem heilbr.- og félmn. hefur ekki viljað fara, að leggja á ákveðin gjöld, sem gangi til framkvæmdasjóða ákveðinna félaga einstaklinga.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, nema tilefni gefist til.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í d. benti ég á, hversu óviðeigandi og ranglátt það væri af löggjafarvaldinu að afhenda nýstofnuðu félagi, þótt líknarfélag sé, einn tekjustofn ríkissjóðs til skattlagningar, er næmi um 15 millj. kr. á fimm árum. Ég benti á, að framlög almennings til einhvers félags, þótt líknarfélag væri, ættu ekki að vera skyldukvöð, kvöð, ákveðin með lögum, heldur frjáls framlög hvers og eins. Ég benti enn fremur á, að öðrum líknarfélögum bæri ekki minni réttur til fjáröflunar en hinu nýstofnaða félagi, sem nú á að afhenda þessa miklu fúlgu, 15 millj., með skattlagningu á almenning, og þess vegna væri hér um ranglæti að ræða gagnvart öðrum félögum, ef inn á þessa braut ætti að leggja.

Mér virðist nokkurn veginn ljóst af áliti n., að fjmrh. hafi lagt blessun sína yfir, þótt furðulegt megi teljast, að tekjustofnar ríkissjóðs séu sérstaklega skattlagðir til framkvæmdasjóða vissra félaga.

Sú breyting, sem gerð hefur verið á frv., staðfestir líka þetta. Að vísu virðist, að n. hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé viðeigandi að taka beint fram í lögum, að afhenda skuli einu tilgreindu félagi mikla fjárfúlgu, sem lögð er á tekjustofna ríkissjóðs. Og þess vegna er svo látið líta út, að ríkissjóður sjálfur sé að taka skattinn. N. segir í áliti sínu, að hún vilji ekki fallast á þá skipun, að félagi einstaklinga sé fenginn til umráða slíkur skattstofn, og telur þegar komið út á varhugaverða braut í þeim efnum, og þess vegna mælir n. með því, að frv. nái fram að ganga.

Mér finnst n. vera allósamkvæm sjálfri sér. Hún fordæmir þessa braut, sem þegar hefur verið lagt inn á og verið er að leggja inn á með því frv., sem lagt var fram í Nd., en leggur samt til, að frv. verði samþ., að vísu með nokkurri breytingu. En ef við tökum til athugunar þessa breytingu, erum við þá ekki að leggja inn á alveg nýja leið í opinberum skattamálum? Breytingin er sýnilega ekki gerð til annars en breiða yfir nafn og númer — ef svo mætti segja — þess félags, sem upphaflega var í frv., vegna þess að menn eru búnir að fá augun opin fyrir því, að þessi leið er óaðgengileg. Það er ekki sæmilegt að fara inn á slíka leið í opinberum fjármálum. En í brtt. n. — þrátt fyrir fordæmingu n. á þessari leið — er opin leið með reglugerð, sem félmrn. á að setja, að afhenda þessu félagi eða öðru framkvæmd og yfirráð yfir því fé, sem upp úr þessu fæst. Og kemur nokkrum til hugar, að núverandi félmrh., ef hann situr öllu lengur en til næsta dags, — en það virðist nú vera heldur óráðið í augnablikinu, — kemur nokkrum til hugar, að hann, sem mælir með þessari leið í Ed., mundi hika við að útbúa reglugerðina á þann veg, að fé þetta rynni beint til þessa félags, sem hér er um rætt? Og hver er þá orðinn munurinn á þessu og þeirri leið, sem n. sjálf er að fordæma?

Brtt. er því ekki frávik frá þeirri leið, sem bæði ég og n. telur ranga, en það er að skattleggja tekjustofna ríkissjóðs í þágu einstakra félaga. Fram hjá því verður heldur ekki gengið, að þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv. í báðum d., sýna, að þm. eru síður en svo ánægðir með þá braut, sem hér er verið að ganga inn á. En sú nýja braut, sem farið er inn á, ef frv. er samþ. í þeim dularbúningi, sem n. nú hefur fært það í, er sú, að eftir að ríkissjóður til sinna þarfa hefur skattlagt tekjustofnana til hins ýtrasta, eftir því sem löggjafarvaldið treystir sér til, þá eru þessir sömu tekjustofnar afhentir til skattlagningar fyrir einstök félög, að vísu félög, sem vinna að þörfum málum og ekki sízt þeim málum, sem ríkissjóður ætti helzt að sjá farborða. Finnst mönnum þetta vera rétt fjármálastefna eða eðlileg sköttun á almenning, að ríkissjóður leggur fyrst gjald á skattstofnana, sem að sjálfsögðu er tekið allt hjá almenningi,

og afhendir þá síðan og segir: Gerið þið svo vel, þið megið nota þennan stofn til þess að taka þetta mikið úr vasa almennings, ef það bara er látið renna í annan sjóð? Að vísu ætlar ríkissjóður nú að taka það til sín fyrst í stað. En með reglugerð má svo ákveða síðar, að það renni til einstakra félaga.

Nú mætti spyrja: Ef ríkissjóður á að taka til sín þetta fé, sem tekið er af hans gömlu skattstofnum, og nota í þessu skyni, hvers vegna er þá ekki svona mál eins og öll önnur tekið inn á fjárlög? Þar á þetta mál heima. Og ríkissjóður á að sjá þessu máli farborða með þeim tekjum, sem hann á eðlilegan hátt tekur af skattgreiðendunum.

Þetta frv. er lögþvingun á greiðslu til fimm ára. Þau tvö hliðstæðu fordæmi, sem eru til, eru hvorugt byggt á lögþvingun. Almenningi er frjálst, hvort hann greiðir skattinn eða ekki. Og báðar þessar fjáröflunaraðferðir eru í gildi til eins árs í senn. Ég hef þess vegna borið fram brtt. um, að tímanum verði breytt í eitt ár og tillagið verði lækkað úr 10 og niður í 5 aura.

Ég er andvígur þessari stefnu, eins og ég hef margtekið fram. En ef á að taka hana upp, þá álít ég að eigi að bæta úr því ranglæti, sem öðrum félögum er sýnt með því að útiloka þau frá sams konar möguleika um tekjuöflun. Ég hef þess vegna borið fram till. um tekjuauka til tveggja félaga, sem starfa hér í bænum. Annað er félag, sem hefur byggt upp hæli fyrir drykkjusjúka menn, og hitt er gamalt líknarfélag, sem starfað hefur hér í áratugi og hefur nú á stefnuskrá sinni að koma upp barnaspítala, sem af öllum er talið eitthvert mesta nauðsynjamál, sem hér er nú á dagskrá. Félagið Bláa bandið var stofnað af mönnum, sem höfðu áhuga fyrir því að verða að liði í baráttunni við áfengisbölið. Lög voru samþykkt fyrir mörgum árum, er gefa ríkisvaldinu fyrirmæli um að byggja hæli yfir drykkjusjúkt fólk. Ríkissjóður eða hið opinbera hófst ekki handa. En þessir menn hófust handa, og þeir hafa nú haldið uppi hæli í 2—3 ár með ágætum árangri. Þegar ríkissjóður brást skyldu sinni að sjá drykkjusjúkum fyrir nauðsynlegri hjálp, hóf þetta félag starfsemi sína til þess að bæta úr aðkallandi þjóðfélagsþörf. Ég hef þess vegna lagt til, að af hverri flösku áfengis, sem seld er í áfengisverzluninni, renni 3 kr. í framkvæmdasjóð þessa félags til þess að halda uppi þessu nauðsynlega hæli fyrir drykkjusjúka menn. Ég veit að vísu, að þetta félag hefur fengið einhvern styrk af því fé, sem ætlað er í þessu skyni, en það er langt frá því, að styrkurinn sé nægilegur, og það er langt frá því, að félagið með þeim styrk geti rekið stofnun, er fullnægi þeim gífurlegu þörfum, sem hér eru á hjúkrun á drykkjusjúkum mönnum og konum.

Allir bæjarbúar þekkja starfsemi kvenfélagsins Hringsins, sem starfað hefur að líknarmálum hér í áratugi og safnað hefur með frjálsum samskotum fé til mjög brýnna þjóðfélagsþarfa. Kvenfélagið hefur unnið að því um langan tíma að byggja barnaspítala, sem telja verður þjóðfélagslega nauðsyn. Þetta félag hefur sýnt, að það er verðugt þess að njóta styrktar á svipaðan hátt og það félag, sem um er fjallað í þessu frv., ef það opinbera á annað borð fer inn á þessa braut og lætur fé í té á þennan hátt.

Í sambandi við þetta mál er svo ekki úr vegi að benda á það, sem kemur fram í erindi, sem Félag ísl. iðnrekenda hefur sent þinginu um þetta mál, að það geti líka verið hætta á því, að tekjustofnunum, bæði þessum og öðrum, sem hlaðið er á gjöldum, verði ofboðið með því, sem á þá er lagt. Og þegar gjaldstofnarnir eru orðnir ofhlaðnir, hætta þeir að gefa þær tekjur, sem að er stefnt. Þetta er gamall sannleikur, sem segir til sín hér jafnt og annars staðar undir svipuðum kringumstæðum.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Málflutningur hv. 2. þm. Reykv. var nokkuð sérkennilegur að því leyti, að hann virðist vera algerlega sammála því, sem segir í nál. um, að þessi tegund skattlagningar, þar sem skattstofninn er fenginn einstöku félagi, sé mjög óæskileg, og hann hafði mjög sterk orð um það, að þetta væru þvingunarskattar og fleira slíkt. En till., sem hann flytur í málinu, er sú að láta ekki við sitja eða berjast á móti þessu, sem hann telur vera þvingunarskatt, heldur flytur hann brtt. um það, að við skulum þá setja á þrjá þvingunarskatta í einu. Þannig snýr hann algerlega við, vegna þess að hann hefur dregið að minni hyggju rangar ályktanir af meðferð þessa máls.

Það var skoðun hv. þm., að nál. og brtt. n. væru til þess eins að breiða yfir nafn og númer, eins og hann orðaði það. Ég verð að fullvissa hann um, að svo er ekki. Hann virðist alls ekki geta séð, að það væri nokkur möguleiki á öðru en að félmrh., sem fer með þessi mál, mundi þegar gefa út reglugerð skv. þessum lögum, ef samþykkt yrðu, og ánafna umræddu Styrktarfélagi vangefinna alla þessa peninga. En ég vil benda hv. þm. á, að það eru fleiri en þetta félag, sem starfa á þessu sviði, og það er fyrst og fremst ríkið sjálft, sem er til þess skyldugt skv. lögum, sem búin eru að vera í gildi líðlega tvo áratugi, að reisa hæli og skóla fyrir þetta fólk. Og ég vil benda honum á það, að félmrh., hver sem hann er hverju sinni, — og geri ég ráð fyrir, að hann sé, eins og oftast mun hafa verið, heilbrmrh. líka, — sjái til þess, að byggt verði á ríkisins vegum hæli fyrir þetta fólk. Ég vænti þess, og við væntum þess í nefndinni, að þessar skyldur skv. lögum, sem eru búin að vera lengi í gildi, muni toga nokkuð á móti þeirri tilhneigingu, að ráðherrar gæfu út reglugerð, þar sem féð væri allt ánafnað þessu nýja félagi, og þeir muni að ráði þeirra manna, sem ríkið hefur í þjónustu sinni í heilbrigðismálum, meta það vandlega hverju sinni, hvernig þeir veita fé úr þessum sjóði. Sé ég enga ástæðu til þess, að við getum ekki treyst því, þar sem þessir aðilar eiga í hlut, að fénu verði varið á þann hátt, sem hverju sinni er skynsamlegast og bezt fyrir þetta verkefni.

Ég get alveg fallizt á það með hv. þm., að það er ekki æskileg braut að vekja upp einstök mál og stofna til sérstakrar skattlagningar vegna þeirra á milli þess, sem þingið afgreiðir fjárlög. Og mér finnst, að í hvert skipti, sem góð málefni koma fram og eiga að fara hraðbyri gegn-

um þingið, þá verði hv. þm. að hugsa um það, að þeir hafa eða meiri hluti þeirra við afgreiðslu fjárlaga fyrir örfáum mánuðum orðið að neita mörgum góðum málum um stuðning. En úr því að þetta mál er komið fram og hefur þegar hlotið mikinn stuðning í þinginu með því að fara tiltölulega fljótt í gegnum aðra deildina, með því að það er flutt af mönnum úr öllum flokkum, og svo er sagt, að þeir hafi ráðgazt hver við sinn flokk og tryggt þar stuðning, þá hefur heilbr.- og félmn. kosið þann kostinn að breyta formi þessarar skattlagningar á þann hátt, sem hún telur viðunandi fyrir ríkið, og ég vil endurtaka það, að öll tortryggni hv. 2. þm. Reykv. út af þessari breytingu er algerlega ástæðulaus.

Við höfum í þessari n. fengið um það upplýsingar frá mönnum, sem til þekkja, að það sé mjög almenn skoðun yfirgnæfandi meiri hluta lækna og manna, sem að heilbrigðismálum vinna, að málefni vangefinna séu nú eitt af þeim verkefnum, sem allra nauðsynlegast sé að gera eitthvað fyrir og láta hendur standa fram úr ermum um bætta aðstöðu. Að því leyti eru verulegar röksemdir fyrir því að taka þetta mál út úr öðrum heilbrigðismálum og reyna að gera sérstakt átak á þessu sviði. Ég vil því ítreka það, að það er alger misskilningur hjá hv. þm., að heilbr.- og félmn. sé ekki alvara um þessa breytingu og að hún hugsi hana ekki eins og bókstafurinn mælir fyrir um. Það er alls ekki verið að breiða yfir nafn og númer, eins og hann orðaði það. Og með því að sannleikur málsins og fyrirætlanir n. með þessum breytingum eru alls ekki þær, sem hann gerði ráð fyrir, þá er forsendan að brtt. hans í raun og veru fallin. Hann segir: Úr því að við förum út á þessa braut, þá skulum við bæta við fleirum. — En við segjum, að skv. þessum breytingum, sem við leggjum til við lögin, er alls ekki farið út á þá braut, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir. — Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Björn Ólafsson: Ég ætla ekki að hefja deilur við frsm. nefndarinnar um málið. Það stendur óhaggað, sem ég sagði um meðferð n. á frv. og hver árangurinn verður af því. Ég geri ráð fyrir, að aðalástæðan fyrir því, að nefndarmenn breyttu frv. í þann dularbúning, sem það er nú komið í, sé sú, að mjög hefur verið ýtt á þá úr ýmsum áttum og þeir hafi talið sér þetta einu útgöngudyrnar til þess að koma frv. aftur inn í þingið, að afneita því á þann hátt, en láta svo deildina sjá fyrir því að koma því áleiðis.

Hann sagði, að ég væri heldur ósamkvæmur minni stefnu í málinu, ég væri andstæður þeirri stefnu, en bæri þó fram till. um frekari fjártillög til annarra félaga. Ég sagði í minni ræðu, að ég væri andvígur þessari stefnu, en ef á að knýja það fram, að þessi stefna verði gerð gildandi, þá teldi ég sjálfsagt, að önnur félög væru ekki beitt ranglæti á þann hátt, að öllum væri fyrirmunað að njóta þessarar stefnu öðrum en því félagi, sem hér er um að ræða. Ég get ekki séð, að hér sé um nokkurt ósamræmi að ræða í afstöðu minni til málsins.

ATKVGR.

Brtt. 537,1 felld með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, ÁS, SvG.

nei: SkG, ÁkJ, ÁB, BG, EOl, EirÞ, GJóh, HS, KGuðj, MJ, PÞ, PO, HÁ.

AGuðj, KJJ, ÓB greiddu ekki atkv.

16 þm. (StgrSt, SvbH, ÁÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GÞG, HV, IngJ, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PP, SÁ) fjarstaddir.

Brtt. 530,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁB, BG, AGuðj, EOl, EirÞ, GJóh, HS, ÁS, KGuðj, KJJ, MJ, ÓB, PÞ, PO, SkG, HÁ.

nei: BÓ.

SvG greiddi ekki atkv.

16 þm. (EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GÞG, HV, IngJ, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PP, SÁ, StgrSt, SvbH, ÁÞ) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 530,2 (ný 4. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 537,2. 1. mgr. felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, ÓB, SvG, BÓ.

nei: HÁ, HS, KGuðj, MJ, PÞ, PO, SkG, ÁkJ, ÁB, BG, EirÞ, GJóh, EOl.

KJJ, AGuðj greiddu ekki atkv.

16 þm. (HV, IngJ, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PP, SÁ, StgrSt, SvbH, ÁÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GÞG) fjarstaddir.

Brtt. 537,2. 2.—3. mgr. felld með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, ÓB, BÓ.

nei: KGuðj, MJ, PÞ, PO, SkG, ÁkJ, ÁB, BG, EirÞ, GJóh, HÁ, HS, EOl.

KJJ, SvG, AGuðj greiddu ekki atkv.

16 þm. (HV, IngJ, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PP, SÁ, StgrSt, SvbH, ÁÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GÞG) fjarstaddir.

Brtt. 530,3 (5. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 537,3 kom ekki til atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 546).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 105. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 556).

50. Mannfræði- og ættfræðirannsóknir.

Á 78. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi [169. mál] (þmfrv., A. 381).

Á 81. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 381 um breyt. á lögum nr. 30 frá 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, er flutt af menntmn. samkv. beiðni menntmrh.

Efni frv. er í aðalatriðum það að fela prestum þjóðkirkjunnar og viðurkenndum forstöðumönnum trúfélaga hér á landi að skrásetja á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafnið lætur í té, alla íslenzka ríkisborgara, 15 ára og eldri, er þeir jarðsyngja, og senda síðan æviskrárritara skýrslu þessa árlega.

Tilgangurinn með frv. er sá að fá með þessum hætti sem öruggastar heimildir til þeirrar spjaldskrárgerðar, sem þjóðskjalasafninu er ætlað að framkvæma samkv. lögunum frá 1956.

Menntmn. hefur tekið málið fyrir á tveimur fundum, en ekki lokið athugun á frv., og nefndarmenn hafa óbundnar hendur um brtt. við frv.

Ég sé ekki ástæðu til, að frv. verði vísað til nefndar, þar sem það er flutt af nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Ed., 5. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 381, 438).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Menntmn. flytur brtt. á þskj. 438 við frv. til laga á þskj. 381 um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

Í 1. gr. frv. er svo fyrir mælt, að prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða forstöðumenn annarra löggiltra trúfélaga sendi æviskrárritara árlega skýrslur yfir þá, sem eldri eru en 15 ára og þeir jarðsyngja. Fyrri brtt., sem nefndin flytur, er sú, að í staðinn fyrir orðin „er þeir jarðsyngja“ komi: er látast í söfnuði þeirra.

Eins og mönnum er kunnugt, þá eru ekki allir jarðsungnir, sem látast. M. a. margir þeirra, sem drukkna, eru aldrei jarðsungnir. Nefndinni fannst rétt, til þess að skýrslur þessar gætu orðið sem fullkomnastar, að þessi skýrslugerð prestanna næði yfir alla, sem látast í söfnuði þeirra, hvort sem þeir eru jarðsungnir eða ekki.

Síðari brtt., b-liðurinn, leiðir af þeirri fyrri, þar sem lagt er til, að í staðinn fyrir orðið „greftraðir“ komi: látnir, — svo að hún er sama eðlis.

Með þessum brtt. stendur menntmn. einhuga um þetta frv. og mælir með, að það nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 438 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 466).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 466, n. 569).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. þessu er gerð sú breyting á l. um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, að prestum skal lögð sú skylda á herðar að skrásetja á sérstök eyðublöð nöfn þeirra, sem þeir jarðsyngja, og senda þá skrá æviskrárritara í loks hvers árs. Þetta á að gera til hagræðis við þá skrásetningu Íslendinga, sem æviskrárritari annast.

Menntmn. mælir með því, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

51. Atvinna við siglingar (frv. KGuðj).

Á 64. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum [150. mál] (þmfrv., A. 301).

Á 65. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Lögin um atvinnu við siglingar eru nú um það bil 12 ára gömul, og raunar eru þau langtum eldri að stofni. Á því tímabili, sem liðið er, frá því að frá þeim lögum var gengið, hafa orðið miklar og stórfelldar breytingar á verulegum hluta af þeim störfum, sem lögin kveða á um eða setja skilyrði fyrir rétti manna til að stunda.

Fiskibátaflotinn fer stöðugt stækkandi, og bátarnir, sem notaðir eru til veiða, eru jafnan að stækka, og á þetta þó enn þá frekar við um vélakost þeirra, því að hann fer enn þá örar stækkandi. Vélastærð báta er stöðugt að færast í það horf, að stærri vélar eru notaðar í skipin. En hvor tveggja þessi þróun gerir það að verkum, að lögin um atvinnu manna við skipstjórn og vélstjórn á þessum skipum úreldast mjög fljótt. Það verður þess vegna öðru hverju að breyta ákvæðum þeim, sem á hverjum tíma eru sett og þykja eðlileg við setningu, um það, hve stórum bátum menn megi stjórna, sem hlotið hafi þá menntun, sem á þeim tíma er ætluð fiskibátaskipstjórum og stýrimönnum, og á sama hátt verður einnig að breyta ákvæðum um það, hverra réttinda þeir skuli njóta í starfi sínu, þeir vélstjórar, sem stjórna vélum fiskibátanna. En þjóðfélagið hefur miðað sérstakt menntunarkerfi í þeirri grein við þá vélstjóra, sem útskrifast af námskeiðum Fiskifélags Íslands í mótorfræði. Þeir fá réttindi, sem eru miðuð við það, að þeir megi vera vélstjórar á fiskibátaflotanum. Hins vegar hefur svo farið, sérstaklega á síðustu tólf árum, sem liðin eru frá því, að gengið var frá lögum um atvinnu við siglingar, að fjölmargir af þeim vélstjórum, sem þá stjórnuðu og höfðu réttindi til að stjórna vélum í fiskibátum, hafa það ekki lengur, þótt þeir séu enn vélstjórar á sama fiskibátnum og þeir voru á þá. Það hefur verið skipt um vélar í þeim bátum og komið með stærri vélar í staðinn fyrir þær, sem teknar voru burt, og það hefur verið farið yfir það hámark, sem þá var ákveðið. Það hafa verið gerðar hér tilraunir til þess fyrr að breyta þessum ákvæðum, hækka þau, þannig að vélstjórar geti fengið að halda áfram við sín eðlilegu störf án þess að þurfa að sækja þar undir einn eða neinn um undanþágur, ef þeir hafa lokið því námi, sem þjóðfélagið á þeim tíma, sem þeir voru við nám, ætlaðist til af þeim, sem þessa atvinnu stunduðu.

Það má segja, að eðlilegt sé, um leið og breytt er til um hámark réttinda, bæði skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á skipum, að þá sé einnig breytt námskerfinu, sem til er ætlazt að þeir taki próf frá, þeir menn, sem hér er um að ræða.

Nú hagar því hins vegar svo, að nýlega hafa verið gerðar breytingar hér á varðandi skipstjórnarmennina, skipstjóra og stýrimenn, en ekki að því er varðar vélstjóra, þar sem þörfin þó var enn þá brýnni.

Það er allmikið kerfi, það námskerfi, sem íslenzkum vélstjórum er ætlað. Þar er um að ræða aðskilda þætti og ósamantengda, þannig að sá maður, sem hefur lokið því námi, sem ætlazt er til af vélstjórum fiskibátaflotans, þ. e. a. s. lokið námskeiðum Fiskifélags Íslands og öðlazt tilskilda reynslu í sínum fræðum, getur komizt upp að ákveðnu marki í sínum réttindum, nú hæst í það að mega stjórna 600 hestafla vélum, en vilji hann komast lengra á sinni námsbraut, þá getur hann það ekki með eðlilegum hætti, heldur verður hann að byrja gersamlega frá rótum á nýjan leik í nýju skólakerfi.

Þetta er augljós ágalli, sem hlýtur að verða leiðréttur, um það er lýkur. En það er hins vegar meira vandaverk en svo að byggja upp fræðslukerfi fyrir vélstjóra á okkar vélaöld, að það verður tæplega gert í einu þingmannsfrv. Það er verk, sem hlýtur að verða leyst af hendi af opinberum og þar til kvöddum aðilum, enda mun nú unnið að þessu. Hitt er annað mál, að breyting á réttindum þeirra vélstjóra, sem nú eru í því starfi, kallar meira að en svo, að hægt sé að bíða eftir því, að öllu námskerfinu verði breytt og komið í skynsamlegt horf, enda veit ég ekki til þess, að fyrirsjáanlegt sé, að till. verði gerðar um það alveg í náinni framtíð.

Ég hef því lagt til hér í þessu frv., að réttindum þeirra vélstjóra, sem þegar hafa tekið próf frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, verði breytt og þau hækkuð, þannig að hið minna mótornámskeið Fiskifélagsins gefi mönnum þegar réttindi til þess að stjórna allt að 100 hestafla vélum, í staðinn fyrir að nú hafa þeir réttindi til þess að stjórna 50 hestafla vélum; einnig að með fenginni reynslu fái þeir réttindi til þess að stjórna ekki aðeins 250 hestafla vélum, eins og þeir hafa nú með eins árs reynslutíma, heldur fái þeir réttindi til þess að stjórna allt að 400 hestafla vélum, að vísu með lengdum reynslutíma, tvöföldum, þannig að nú þurfi þeir tvö ár til þess að vinna sér þau réttindi. En einnig legg ég hér til, að þessi réttindi verði ekki einskorðuð við 400 hestaflatölu vélar, heldur verði þau bundin við þá tölu að nokkru leyti, en þó þannig, að vélstjórar, sem uppfylla þessi skilyrði, sem þegar eru nefnd, skuli jafnan hafa rétt til þess að vera vélstjórar á fiskiskipum, sem eru 100 rúmlestir að stærð eða minni, þó að vélar slíkra skipa séu stærri en 400 hestöfl.

Þá er enn fremur lagt til, að þeir vélstjórar, sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands í mótorfræði, geti öðlazt rétt til að stjórna allt að 900 hestafla vélum, í staðinn fyrir að það hámark, sem lögin ákveða í því efni nú, er bundið við 600 hestöfl.

Þegar eru fjölmargir vélstjórar á undanþágum við sín störf, og fyrirsjáanlegt er, að þegar hin 12 nýju fiskiskip væntanlega koma til landsins á yfirstandandi ári, þá munu fáir, ef þá nokkrir vélstjórar fást til starfa á þeim úr hópi þeirra manna, sem til þess hafa full réttindi.

Það er þess vegna alveg óeðlilegt að koma upp svo að segja nýjum flota í landinu, þar sem ábyrgir yfirmenn á skipunum, — ég á þar við vélstjórana, — hafa ekki réttindi til starfa sinna, heldur verða allir eða svo til allir að sækja um undanþágu til stjórnarvaldanna til þess að fá að gegna því starfi, sem þeir fyrirsjáanlega hljóta þó að gegna. Það er enn mál út af fyrir sig, að því hefur verið haldið fram, að auk þess sem undanþágur þessar eru mjög hvimleiðar og óþörf skriffinnska, þá sé beinlínis ekki til nein lagaheimild fyrir þeim, svo að þær séu í rauninni álíka löglausar og þótt engra réttinda væri krafizt af þeim mönnum, sem í hlut eiga.

Þessari kenningu hefur verið haldið fram. Ég er að vísu ekki sá lögspekingur, að ég geti fullyrt, að hún sé rétt, en ég hef ekki séð henni mótmælt. Er ekki sízt ástæða til þess, að Alþingi flýti endurskoðun og breytingu á ákvæðum um réttindi þessara vélstjórnarmanna með tilliti til þess, að máske er mjög stór hluti vélstjórastéttarinnar á fiskiflotanum að löglausu við störf.

Það er líka augljóst mál, að ekki kemur til greina að beita gildandi lagaákvæðum út í æsar gegn þeim mönnum, sem nú vinna störf sem vélstjórar á fiskibátaflotanum. Það mundi ekki geta þýtt neitt annað en það, að verulegur hluti af fiskiflotanum stöðvaðist, og hlyti þjóðarbúið að sjálfsögðu við það mikið framleiðslutap.

Þetta frv., sem hér er flutt, miðar því að því tvennu: að veita starfandi vélstjórum fiskibátaflotans atvinnuöryggi við það starf, sem þeim er eðlilegt að vinna og þeir koma til með að vinna, hvað helzt sem lög um þetta segja, og að hinu leytinu miðar það að því að létta af því skriffinnskufári, sem í kringum undanþágurnar er, bæði hjá hinum opinbera aðila, sem samþykkir undanþágur, og þeim einstaklingum, sem þurfa um þær að sækja, máske margsinnis á sama árinu.

Það mun rétt vera, að frv. þetta, ef að lögum yrði, gæti í einhverju raskað hlutfallinu, sem nú er á milli námsviknafjölda vélstjórnarmanna á hverju námskeiði eða í hverjum skóla og þeirrar tölu hestafla í réttindum, sem þeir hljóta. En ég held, að við því sé ekki mjög mikið að segja. Það er ekki nema eðlilegt, að með framþróun tímanna breytist einnig það hlutfall, því að það er ekki byggt á stöðugri grundvelli en margt annað, sem breytingum hlýtur að taka í þjóðlífinu. Og til viðbótar skal ég aðeins geta þess, að þegar flutt hafa verið frv., sem ganga í svipaða átt og þetta frv., hér á Alþingi áður, þá hefur það orðið þeim helzti þröskuldur til samþykktar, að þeir menn, sem lokið hafa námi við Vélskóla Íslands, hafa yfirleitt sett sig á móti því, að réttindi vélstjóra frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands verði aukin. Það er skiljanleg tilhneiging.

Sá maður, sem fer í gegnum Vélskóla Íslands, hefur í rauninni lokið býsna miklu námi, og í rauninni eru þau réttindi, sem hann fær eftir það nám, ekki meiri en svo, að það er eðlilegt, að slíkir menn vilji halda vel utan að sínum réttindum. Þar er því þó til að svara, að með þessu frv., ef að lögum yrði, væru engin réttindi frá þeim tekin nema sérréttindi. Auðvitað mega þeir eftir sem áður vera vélstjórar við þær vélar, sem þessi hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir í réttindum þeirra vélstjóra, sem hlotið hafa nám sitt á námskeiðum Fiskifélags Íslands, nær til. Aðeins sérréttindin hverfa. Ef t. d. vélstjórar frá Vélskóla Íslands væru fáanlegir til þess að gerast vélstjórar á hinum nýju 250 lesta fiskiskipum, þá stendur þeim það að sjálfsögðu opið, þó að sú breyting væri þá gengin í gildi á lögunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar hafa þeir ekki sérréttindi til þeirra starfa að samþykktu þessu frv. Þau skip munu væntanlega verða með 800 eða rúmlega 800 hestafla aflvélar, svo að að verulegu leyti eru ákvæðin í þessu frv. miðuð við það, að til starfa við vélstjórn á þeim fáist menn, sem nú eru í starfi á fiskibátaflotanum og eðlilegt er að taki við þessum störfum.

En auk þess, sem ég hef þegar nefnt af því, sem mælir gegn því, að mjög fast sé haldið í réttindi þeirra vélstjóra, sem nú hafa einir réttindi til þess að stjórna stærri vélum en 600 hestafla, er það, að það er í rauninni ekki ástæða til þess að krefjast ætíð meira náms til þess að stjórna stærri vél, því að eðli málsins breytist oft ekki, þó að vélin stækki. Þetta er nokkuð hliðstætt því, sem nefna má, að ekki er krafizt neins annars prófs til þess að stjórna stórri bifreið en litilli, vegna þess að sá maður, sem einu sinni hefur lært þær undirstöður, sem til þess þarf að stjórna bifreið, er líklegur til þess að geta færzt það í fang að stjórna stórri bifreið, eftir að hann er búinn að fá þjálfun í starfinu. Ég neita því ekki, að það kann að vera í tilfellum meiri vandi að stjórna hinni stærri bifreið, en eðlismunur er ekki á því, og sú uppfræðsla, sem slíkur stjórnandi hefur fengið, getur nægt honum með fenginni reynslu til þess að fara með hin stærstu farartæki í þessum efnum. Þannig er þessu einnig farið í mörgum tilfellum um vélar. Þó að sett sé stærri vél í einn fiskibát en áður var í honum, þá getur hún verið nákvæmlega sams konar eðlis og sú fyrri, og oft er það einmitt þannig, að vélin, sem við bætist, er máske einum eða tveimur strokkum stærri, en að öllu leyti hin sama í byggingunni og hin fyrri vél var, og þess vegna þarf í rauninni sömu þekkingu til þess að stjórna hinni minni vél eins og hinni stærri. Á þetta ber einnig að líta. Hitt er annað mál, að ég vona, að við endurskoðun menntunarkerfis vélstjóra verði horfið að því ráði að auka einnig möguleika þeirra vélstjóra, sem lokið hafa námi frá Vélskóla Íslands, helzt þannig, að þeir geti haldið áfram til háskólanáms í sínum fræðum og orðið vélaverkfræðingar án þess að þurfa að byrja alveg frá rótum og geta ekki notfært sér nema þá að mjög takmörkuðu leyti þá sérþekkingu, sem þeir hafa fengið í Vélskóla Íslands, til þess að ljúka fræðilegum prófum í sinni grein, hliðstæðum háskólaprófum.

Ég vænti þess svo, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til sjútvn.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Hv. flm. þessarar till. talaði um, að það væri búið að ganga frá þessu máli, að því er viðvíkur skipstjórnarmönnunum á fiskiskipunum. Það er að vísu rétt, og það var gert í samráði við þá n., sem starfandi er í þessu máli. Sá hluti n., sem hafði með skipstjórnarréttindin að gera, hafði lokið starfi sínu, og þeir féllust á, að það væri tímabært að taka þetta mál upp á hinu háa Alþ. Það var gert, og till. í því máli voru fluttar og samþykktar. En það gegnir öðru máli með vélstjóradeildina. Sá hluti n., sem um það mál fjallar, hefur ekki enn þá alveg lokið störfum, en það er gert ráð fyrir því, að hann ljúki því nú á næstunni og þá muni mega vænta nál. í þessu máli. Það væri því að mínu áliti heppilegra og eðlilegra, að beðið væri eftir úrskurði n. í málinu, áður en tekin væri ákvörðun um það hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil geta þess, að það er enn fremur nauðsynlegt í svona málum að senda þau til þeirra fagfélaga, sem um ræðir í þessum tilfellum, og væri þá eðlilegt, að þessi till. yrði send til umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem gegnir þeirri skyldu að sjá um og vera á verði um réttindi og réttindakröfur manna í þessum málum, bæði að því er við kemur fiskimönnum, skipstjórnarmönnum og vélstjórum.

Ég vil enn fremur aðeins benda á, til þess að menn athugi það, að það getur verið vafasamt að gera svo ekki, að það er þegar í 4. gr. þessa frv., þar sem talað er um, að upphaf 34. gr. laganna orðist svo: Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipum með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi með yfir 15 hestafla vél í 24 mánuði, — að þá lítur það þannig út, ef þetta yrði samþ. eins og hér stendur í frv., að maður, sem væri búinn að fá undanþágu í 24 mánuði á 15 hestafla vél, gæti orðið vélstjóri á mótorskipi, sem hefði vél frá 100—400 hestöfl, og það sjá allir menn, að það er ekki gott. Enda þótt í sumum tilfellum megi segja, að einstöku menn, sem hafa verið svo lengi með þessar litlu vélar, geti líka stjórnað þessum stærri vélum um nokkurn tíma, þá er það ekki fullkomin og alls ekki sú þekking, sem til þess nægði að dómi þeirra faglærðu manna, sem við þessi störf hafa verið lengst, að þeir mættu fá þessi réttindi, sem hér um getur. Það væri því fyrir allra hluta sakir eðlilegast að mínum dómi að bíða eftir nál. mþn. um þetta mál og um leið að leita álits fagfélags þess, sem hér um ræðir, eða samtakanna, sem fara með mál þess fagfélags, sem er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Ég vil svo ekki orðlengja meira um þetta, en vænti þess, að hv. þdm. sjái, að hér er um málefni að ræða, sem er nauðsynlegt að taka varlega á á þessu stigi málsins, með því að n. er um það bil að ljúka störfum.

Flm. (Karl Guðjónsson): Ég vil aðeins í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (ÁS) taka það fram, að ég er honum alveg sammála um það og tel enda víst, að svo verði gert, að frv. verði sent til umsagnar Farmanna- og fiskimannasambandsins og máske fleiri aðila, sem sérstaklega kynnu að hafa um þetta mál eitthvað að segja, og ég sem flm. vil hreint ekki halda því fram, að hér sé um slíka smíði að ræða, þar sem þetta frv. er, að þar megi í engu bæta um til hins betra. Hitt get ég ekki fallizt á, sem hann heldur fram, að það sé vert að bíða með þetta mál. Það má trúa honum fyrir því, að það hefur verið allmikið beðið með þetta mál og það hefur dregizt það lengi hjá þeirri n., sem í þessu er að vinna, að skila áliti sínu um það, að þó að ég vilji í engu kasta rýrð á nefndina eða nefndarmenn, þá vil ég hins vegar draga það fram, að þörfin í þjóðfélaginu kann að eiga einhvern rétt á sér líka og jafnvel alveg til jafns við þá ágætu nefnd, sem hefur ekki enn þá skilað af sér og mér skilst auk þess að sé ekki sammála og muni tæplega skila einu áliti.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði sérstaklega um 4. gr. þessa frv., um það, að sá maður, sem kynni að hafa verið með undanþágu til starfa við vélstjórn við 100—400 hestafla vél í fiskiskipi, geti öðlazt réttindi út á undanþáguna eina, að því er mér skildist, þá gætir þar misskilnings, sem mundi leiðréttast, ef menn athuguðu þau skilyrði, sem sett eru fyrir því, að hann fái þessi réttindi, því að þau eru ekki bara það, að hann hafi haft undanþágu, heldur einnig, að hann hafi lokið prófi frá mótornámskeiði Fiskifélagsins. En ég mun nú ekki ræða einstakar greinar frv., nema þá sérstakt tilefni gefist, að þessu sinni, en skal alveg taka undir það, að ég tel eðlilegt, að leitað sé umsagna stéttarfélaga um þetta, þ. á m. Farmanna- og fiskimannasambandsins. Ég tel hins vegar ekki rétt, að beðið sé með þetta, því að það er á allra vitorði, að það líður nú óðum á þing, og ekki að vita, hve lengi það stendur úr þessu. En ég tel, að þessu þingi megi ekki ljúka svo, að ekki séu gerðar breytingar á þessum lögum, og hef ég þegar tilnefnt eina af ástæðunum. Auk hins almenna undanþáguflóðs, sem í þessari grein er og þarf að leggjast af, er það, að á yfirstandandi ári koma til með að bætast í flotann mörg skip, sem vitað er fyrir fram að ekki fást neinir menn til vélstjórnar á eða a. m. k. ekki nema þá sárafáir menn til vélstjórnar á nema þeir, sem undanþágu þurfa til þeirra starfa að óbreyttum lögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Vorið 1956 skipaði menntmrn. þriggja manna n. til þess að athuga og gera till. um nýskipan á menntun vélstjóra og semja till. til breytinga á þeim ákvæðum um réttindi vélstjóra, sem nú eru í gildi. Um s. l. áramót hafði n. þessi ekki lokið störfum. Mér var kunnugt um það, að áhugi var fyrir vissum breytingum í þessu efni, og það því nefndina að ljúka störfum sínum hið allra fyrsta. Nú nýlega, fyrir um það bil

viku, hef ég lagt fyrir n. að ljúka störfum strax, og vænti þess, að hún geri það á allra næstu dögum. Mér er kunnugt um það, að í n. er mikill ágreiningur um grundvallaratriði, og tel, — og um það hygg ég að nm. séu sjálfir sammála, — að það hafi ekki þýðingu, að n. starfi öllu lengur, því að nokkurn veginn vonlaust sé, að samkomulag náist í nefndinni, og þá er þýðingarlaust að draga störf n. á langinn og hitt miklu eðlilegra, að þau ólíku sjónarmið, sem þar eru uppi, komi fram.

Þetta hygg ég að muni gerast nú alveg á næstunni, og þá teldi ég sjálfsagt, að sú þingnefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, fái álit n., hvort sem það verður eitt eða þau verða tvö, sem ég tel miklu líklegra eða nær víst.

Ég vildi aðeins láta þessa getið til leiðbeiningar fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún getur átt von á því að fá niðurstöður þessa nefndarstarfs til athugunar við sitt starf alveg á næstunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 459, 460).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar d. hefur haft til meðferðar nú undanfarnar vikur frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Þetta frv. tekur til réttinda vélstjóra. Málið hefur verið í n. rætt við ýmsa aðila, sem hlut eiga að máli og aðstöðu hafa haft til að bera saman bækur sínar við n. Nefndin hefur sent frv. út til umsagnar til ýmissa aðila og hlotið svör frá flestum þeirra. Það væri alrangt að segja, að þau svör væru efnislega á einn veg, því að því er engan veginn að leyna, að um málið eru skiptar skoðanir.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja það í einstökum atriðum, hvert er álit hvers og eins af þeim aðilum, sem um er að ræða, en ég vil taka það fram, að n. hefur, eftir að henni bárust svör frá þeim aðilum, sem hér um ræðir, farið yfir svörin og metið það, hverjar brtt., sem fram hafa komið, væri eðlilegt og sanngjarnt að taka til greina, og að þeirri athugun lokinni hefur n. flutt brtt. við frv. Eru þær á sérstöku þskj.

Ég skal taka það fram varðandi brtt., sem fram hafa komið, að sú fyrsta þeirra, sem er við 4. gr. frv., varðandi skilyrði þau, sem vélstjórum eru sett fyrir því, að þeir geti fengið réttindi sem vélamenn á skipum, sem hafa vélar stærri en 100 hestöfl, er að því leyti breytt, að tekin eru af tvímæli um það, að að sama gagni skuli koma reynslutími manna, hvort heldur þeir hafa verið undirvélstjórar á skipum með yfir 100 hestafla vélar eða vélstjórar á eigin spýtur á mótorskipum, og að samanlagður reynslutími í þessu þurfi að vera a. m. k. 24 mánuðir, áður en þeir fá yfirvélstjóraskírteini eða réttindi sem vélstjórar á skipum, sem hafa yfir 100 hestafla vélar.

Þetta er að sumu leyti samkvæmt ábendingum, sem fram hafa komið frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, og að öðru leyti er þetta í sambandi við ábendingar, sem komið hafa fram frá Mótorvélstjórafélagi Íslands, og þó ekki nákvæmlega farið eftir þeim till., sem þar voru gerðar.

Frv. hefur m. a. verið fundið það til foráttu, eins og það nú er, að sá, sem væri vélstjóri á mjög litlu skipi, þ. e. a. s. skipi, sem hefur vél allt niður að 15 hestafla stærð, geti öðlazt réttindi út á reynslutíma við svo litla vél, og það hefur verið haft við orð, að þetta þýði það, að vélstjóri á trillubát geti fengið út á sinn reynslutíma sem slíkur réttindi til vélstjórnar á vélum milli 100 og 400 hestafla. Þetta er að sjálfsögðu nokkur misskilningur, því að yfirleitt eru alls ekki lögskráðir neinir vélstjórar á trillubáta og þar af leiðandi fá þeir ekki sem slíkir nein réttindi út á það. En það hefur þótt vert að taka ákvæðið um 15 hestafla vélar út úr frv. af þessu tilefni, og á þetta þá við um þau íslenzk fiskiskip, sem vélstjórar eru skráðir á minnst, hvort sem þau hafa svona litlar vélar eða nokkru stærri. Á síðari tímum þýðir þetta í rauninni, að lágmarkið 15, sem þarna er um talað að hestaflafjölda, mundi þoka fyrir því, sem minnst gerist í reynslunni, en það munu nú vera allmiklu stærri vélar en um ræðir þarna.

Þá hefur samkvæmt ábendingu bæði Landssambands ísl. útvegsmanna og Fiskifélags Íslands verið fallizt á, að ekki sé vert að hafa nein þau ákvæði í lögunum, sem rýra rétt manna frá því, sem nú er, og því gerir nefndin brtt., að aftan við 13. gr. frv. bætist ný ákvæði um það, að enginn vélstjóri skuli missa neins í af þeim réttindum, sem hann nú hefur þegar unnið sér rétt til, við samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt sérstakri ábendingu Fiskifélags Íslands um það, að þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, þurfi einnig að taka til ákvæða 48. gr. laganna, hafa verið gerðar sérstakar brtt., sem koma til móts við það, sem Fiskifélag Íslands hefur bent á.

Það hefur einnig verið samkvæmt till. Landssambands ísl. útvegsmanna gerð brtt. við frv. frá því, sem nú er, þar sem segir í frv.: „Hver sá, sem réttindi hefur til að vera undir- eða yfirvélstjóri á mótorskipi með allt að 400 hestafla vél, skal og hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á fiskiskipi, sem er 100 rúmlestir að stærð eða minna.“ Landssamband ísl. útvegsmanna hefur sýnt fram á með glöggum tölum, að fullt eins eðlilegt muni vera að draga þessi mörk ekki við 100 rúmlesta töluna, heldur við rúmlestatöluna 115 lestir, og hefur n. fallizt á þessi rök og gert brtt., er þetta varðar.

Ég tel þá, að grein hafi verið gerð fyrir þeim brtt., sem hér liggja fyrir. Ég vil einnig geta þess, að sjútvn. hefur kynnt sér það nokkuð,

hve mikil brögð séu að því, að undanþágur þurfi að veita til vélstjórnar á skipum, og fengið upp hjá samgmrn., hverjar undanþágur hafa verið veittar í þessu efni tvö undanfarin ár, og kemur þá í ljós um undanþágur við mótorvélar, sem eru minni en 250 hestöfl, að þar hafa verið veittar á árinu 1956 117 undanþágur. Á árinu 1957 voru þær 149. Til vélstjórnar við vélar, sem eru frá 250 til 600 hestöfl, voru veittar á árinu 1956 49 undanþágur, en 65 á árinu 1957. Undanþágur við mótorvélar yfir 600 hestöfl voru 49 árið 1956, en þeim hafði aðeins farið fækkandi á síðasta ári og voru þá 30. Undanþágur til vélstjórnar við gufuvélar voru 48 á árinu 1956, en 50 á árinu 1957. Ráðuneytið hefur tekið fram, um leið og það lét þessar upplýsingar í té, að þeir aðilar, sem undanþágur hafa fengið, séu ekki jafnmargir og undanþágurnar sjálfar, sökum þess að undanþágurnar eru yfirleitt gefnar út til hálfs árs í senn, og verður því sami aðili oft að fá tvær undanþágur á einu og sama árinu.

Ég hygg, að menn séu sammála um það, að svona mikil undanþáguútgáfa sé heldur óæskileg. Hitt eru menn ekki jafnsammála um, með hverjum hætti beri að draga úr þeim. Sjútvn. hefur litið svo á, að varðandi þá menn, sem þegar hafa aflað sér þeirra réttinda, sem ætlazt hefur verið til á sínum tíma að vélstjórar fiskiskipanna hefðu, beri að láta þá fá aukin réttindi til samræmis við það, sem þróunin heimtar, og að aukinn reynslutími í starfi skuli þar koma á móti því, sem síðar kann að verða ákveðið við endurskoðun fræðslukerfisins, að því er vélstjóramenntun varðar með aukinni skólakennslu.

Þeir, sem telja sér óhag að því, að frv. þetta nái fram að ganga, hafa helzt fært þau rök fyrir máli sínu, að breytingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir á réttindum, beri ekki að gera nema í beinu samræmi við endurskoðun á skólakerfinu, þeim hluta þess, sem annast vélstjórafræðslu.

Ég get fyrir mitt leyti fallizt á þessi rök, svo langt sem þau ná. En þegar ekki virðist sjást neitt land fram undan í nálægri framtíð í þeirri endurskoðun, þá sé ég ekki, að nein réttlæting sé til fyrir því að halda réttindalausum í starfi mönnum, sem þjóðfélagið má alls ekki við að missa úr starfinu, né heldur að torvelda þeim þeirra eðlilegu störf, störf, sem aðrir menntaðir menn eru líka ófáanlegir til að leysa af hendi, með því að synja þeim um það að færa réttindi þeirra til samræmis við það, sem nútíminn krefst. Sjútvn. er ábyggilega öll sammála um það, að hraða beri endurskoðun á löggjöf um menntun vélstjóra og að það beri að stefna að því sem höfuðmarki í þeirri endurskoðun, að hver sá maður, sem sýnir sig í verki hæfan til vélstjórnar, skuli eiga þess kost sem þröskuldaminnst að auka við menntun sína stig af stigi, og að það, sem hann hefur numið á einu námskeiðinu eða á einum skólanum, skuli koma honum að fullu gagni við framhaldsnám, og ef nauðsynlegt er, að öll vélfræðimenntunin sé sett undir eina og sömu yfirstjórnina, en fyrst og fremst, að ekki séu lagðir steinar í götu þess, að maður, sem er byrjaður í jafnnauðsynlegu starfi í nútímaþjóðfélagi eins og vélstjórn er, geti haldið áfram að auka við þekkingu sína á grundvelli þess, sem hann þegar hefur lært, og öðlazt réttindi í samræmi við það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar, nema sérstök tilefni gefist til, en vil leggja á það ríka áherzlu, að það er í alla staði eðlilegt, að því skrefi, sem frv. leggur til að tekið verði, verði ekki frestað að þessu sinni, enda þótt réttlæting sé til á því, að eðlilegt hefði verið að stíga þau skref samtímis að breyta um fræðslukerfið og að breyta réttindalögunum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Um réttindamál vélstjóra hafa verið flutt hér á þessu þingi tvö mál: annars vegar það frv., sem hér liggur fyrir, og hins vegar þáltill., sem felur í sér þá sömu hugsun, sem í frv. felst, en er þó að því leyti á annan veg, að það er gert ráð fyrir að leggja áherzlu á endurskoðun löggjafarinnar með það í huga að tryggja réttindi þeirra manna, sem hér er einkum um að ræða.

Hv. sjútvn. hefur lagt til, að frv. þetta verði samþykkt, sem hér liggur fyrir. Hins vegar kemur það fram í umsögnum þeim, sem nefndinni hafa borizt, og er gerð grein fyrir því í nál., að það hafi komið fram gagnrýni á frv., einkum frá Vélstjórafélagi Íslands.

Það er auðvitað rétt hjá hv. frsm. n., að það er ekki einhlítt að taka í öllu tillit til þeirra sjónarmiða, sem kunna að koma fram þannig frá mönnum, sem sérréttindi hafa, í þessu sem öðru. En hinu er þó ekki að leyna, að hér er um mál að ræða, sem er þess eðlis, að það getur verið töluvert varhugavert að stíga þar þau skref, sem hér er gert ráð fyrir, án þess a. m. k. að málið sé íhugað mjög rækilega. Ég er alveg sammála hv. frsm. n. um, að það er mikið vandamál með vélstjóra á fiskiflotann og það verður að sjálfsögðu að reyna að tryggja, að nægilegir vélstjórar séu jafnan til reiðu, þannig að hægt sé að halda útgerðinni gangandi af þeim sökum. En hins vegar held ég, að það geti þó naumast farið á milli mála, að það sé alltaf töluvert alvarlegt skref, sem stigið er, þegar farið er inn á þá braut að draga úr réttindum eða minnka kröfur, sem gerðar eru til kunnáttu manna til ýmissa starfa og þá ef til vill ekki hvað sízt þeirra starfa, sem hér um ræðir. Með þessu er ég ekki að segja, að það geti ekki verið fullkomlega rétt sjónarmið, sem liggur að baki þessu frv. En ég efast þó um, að því hafi verið gefnar nægilegar gætur, hvernig þessi mál standa í dag, og ég hygg, að þau séu ekki miklar líkur til, að það muni skapa aukin vandræði fyrir fiskiflotann, þó að beðið væri um skeið þess, að löggjöfin um vélstjóranám væri endurskoðuð.

Það liggur auðvitað í augum uppi, að ef með lögum nú á að fara að staðfesta réttindi ákveðinna starfshópa, sem ekki hafa áður haft þau, þá verða þau réttindi vitanlega ekki af þeim tekin né við þeim haggað með nýrri löggjöf, enda þótt í þeirri löggjöf kynni að verða talið, að samræmis vegna væri eðlilegra að

hafa þessa tilhögun eitthvað á annan veg, þó að margir þessara manna kynnu að vísu að fá þau réttindi, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil við þessa umr. láta koma hér fram sjónarmið stjórnar Vélstjórafélags Íslands. Eins og ég áðan sagði, er ekki endilega víst, að það sjónarmið sé svo rétt, að til þess beri að taka tillit að öllu leyti. En mér sýnist þó, að það sé þess eðlis, að það sé vert að íhuga það töluvert, áður en afgreiðslu þessa máls lýkur hér.

Ég vildi — með leyfi hæstv. forseta — fá að lesa upp bréf, sem ég hef verið beðinn að koma hér á framfæri frá Vélstjórafélagi Íslands varðandi þetta mál, til athugunar fyrir hv. þm., þegar þeir meta málið eins og það liggur hér fyrir. Þetta bréf hljóðar svo:

„Vélstjórafélag Íslands vill leyfa sér að koma á framfæri við hv. alþingismenn eftirfarandi athugasemdum:

Stjórnskipuð nefnd hefur starfað að því að endurskipuleggja vélstjóranámið í landinu. Nefndin hefur nú skilað áliti fyrir nokkrum dögum. Hæstv. menntmrh. hefur léð oss eintak af till., sem vér erum nú að athuga gaumgæfilega. Tillögurnar eru í tveimur álitum, meiri hluta og minni hluta álitum. Eigi að síður er í tillögunum að finna lausn vélstjóramálanna, en tíminn er hins vegar of naumur til að geta gengið frá kennslumálunum á þessu þingi. Atvinnulöggjöfin, sem hér er til umræðu, er orðin mjög úrelt, en verði till. herra Karls Guðjónssonar samþykktar, er hann gerir ráð fyrir að gera á löggjöfinni, verður mikið ósamræmi milli þessa hluta hennar og annarra, sem skapar óþarfa erfiðleika. Atvinnulöggjöfina verður alla að taka til endurskoðunar samhliða breytingum á skólalöggjöfinni. Réttindaaukningin er heldur ekki eins aðkallandi mál og sumir vilja láta, því að þótt nokkrum vélstjórum verði veitt meiri réttindi, læknar það ekki vélstjóraeklu fiskiskipaflotans, nema síður sé, þar sem hér er opnuð leið inn á verzlunarflotann, og er oss eigi grunlaust, að margir mundu reyna að notfæra sér það.

Flestar undanþágur, sem einstakir alþingismenn vitna í, eru frá mönnum, sem engan lærdóm og enga þjálfun hafa til þessara starfa. Í þjóðfélagi voru er víða vöntun á sérmenntuðum mönnum, svo sem iðnaðarmönnum, kennurum, verkfræðingum og prestum. Aldrei verður þess þó vart, að Alþingi hafi beinan áhuga á að létta á kröfunum til þessara stétta.

Sjómannastéttin, skipstjórnarmenn og vélstjórnarmenn, er þó næstum árlega á dagskrá hjá hv. Alþingi, og virðist áhugi því miður talsverður fyrir því að draga úr þekkingu þeirra. Í trausti þess, að hv. alþm. vilji taka fræðslu- og réttindamál vélstjórastéttarinnar með sanngirni og velvilja, leyfum vér oss vinsamlegast að fara þess á leit við hv. Alþingi, að það fresti afgreiðslu frv. til næsta Alþingis, svo að nægur tími gefist til að vinna úr skólalöggjöfinni og heildarendurskoðun siglinga- og atvinnulöggjafarinnar.

F. h. Vélstjórafélags Íslands,
Tómas Guðjónsson, Örn Steinsson.“

Eins og ég áðan sagði, þá er vitanlega ekki þar með sagt, að öll einstök atriði þessara sjónarmiða Vélstjórafélagsins hafi við rök að styðjast. En mér sýnist þó, ef málið liggur þannig fyrir, að búið sé að tilhlutan ríkisstj. að framkvæma endurskoðun á þessari löggjöf og ganga frá till. um skipulag vélstjóranámsins í framtíðinni og þar af leiðandi að sjálfsögðu þeirra réttindamála, sem hér um ræðir, þá væri a. m. k. mjög æskilegt, áður en afstaða væri tekin til þessa frv. hér, að heyra um sjónarmið hæstv. menntmrh., hvað hann fyrirhugar í þessu efni.

Ég veit það vel, að hér er við vandamál að stríða, og vafalaust getur orðið nauðsynlegt að fara inn á þær brautir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., vegna skorts á vélstjórum. En það er hins vegar jafnrétt, að það er alltaf dálítið viðurhlutamikið, þegar er verið að breyta reglum sem þessum og minnka kröfur til náms, sem gerðar eru til einstakra sérgreinahópa, og þó að það geti verið réttlætanlegt, eins og málið hér liggur fyrir, þá sýnist mér þó vert að taka til greina eða a. m. k. íhuga rækilega þetta sjónarmið Vélstjórafélagsins og hefði talið mjög æskilegt, ef hægt hefði verið að fresta þessu máli nú á þessum fundi a. m. k., þannig að gefizt hefði þá tóm til þess að fá að heyra frá hæstv. menntmrh., hvernig háttað er með þær till., sem til hans hefur verið skilað, að því er mér skilst nú fyrir mjög skömmu, um endurskoðun þessarar löggjafar í heild, og hvort hann hugsar sér að flytja þau mál inn á Alþingi.

Þetta sýnist mér ekki geta verið annað en skynsamleg og eðlileg vinnubrögð og þurfi ekki að fela í sér nein sérstök vandræði eða torvelda það, að fáist fram viðunandi lausn á þessu máli.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í sambandi við þá ræðu, sem hv. 2. þm. Eyf. flutti hér, vil ég aðeins taka fáein atriði fram.

Hann flutti hér þingheimi bréf frá Vélstjórafélagi Íslands. Efni þess er okkur í sjútvn. vel kunnugt. Þeir hafa kynnt það þar áður og enda vafalaust kynnt það fleiri þm., og ég hef margtekið fram, að ég skil vel þeirra sjónarmið, og það er ósköp skiljanlegt, að menn, sem hafa gengið í gegnum það að taka á sínar herðar langt nám á þeim æviárum, sem annars eru mönnum tekjudrjúg, ef þeir geta einbeitt sér að starfi, þeir hafa leyst af hendi miklar prófraunir, og það er ekki nema eðlilegt, að þegar þeir eru búnir að því, þá hafi þeir tilhneigingu til þess að halda undir þær prófraunir og undir það nám sérréttindum á allri þeirri vélstjórn, sem þær í upphafi tóku til. Þetta sjónarmið er ekkert óskiljanlegt.

Hins vegar hef ég ekki getað fallizt á það, að þetta sjónarmið eigi hér að ráða, og vil færa fyrir því þau rök: Réttindi vélstjóranna, sem hafa þau takmörkuð við ákveðna hestaflatölu vélar, eru í rauninni alltaf að minnka fyrir tilverknað þróunarinnar. Sá maður, sem á sínum tíma lauk prófi, sem átti að gefa hon-

um réttindi til þess að vera vélstjóri á venjulegum fiskibát, missir þau réttindi, vegna þess að þróunin hefur hagað málum svo, að nú eru notaðar stærri vélar í þann bát, sem hann upphaflega miðaði starf sitt við, heldur en gert var, þegar hann lauk sínu námi. Á hinn bóginn fá þeir, sem lokið hafa endanlegu vélstjóranámi frá Vélskóla Íslands og uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru til vélstjórnar við vélar, sem eru af ótakmarkaðri stærð, þessi auknu réttindi alltaf af sjálfu sér. Þróunin færir þeim þau. Þeir hafa máske, þegar þeir luku sínum prófum, reiknað með því, að þeir hefðu réttindi til að vera vélstjórar við stærstu vél, sem þá tíðkaðist á Íslandi. Ég er ekki í neinum vafa um það, að nú tíðkast stærri vélar á Íslandi en þeir vélstjórar reiknuðu með að starfa við, sem nú eru máske búnir að vera einn áratug í starfi eða svo. Hér er þess vegna ekki einasta um það að ræða, og mér finnst það heldur of þröngsýnt sjónarmið frá jafnágætri stétt eins og vélstjórum, þeim sem lokið hafa prófi frá æðstu menntastofnunum þjóðarinnar í þeirri grein, að telja það alveg fráleitt að láta í kjölfar þessarar þróunar réttindi vélstjóranna, sem hlotið hafa menntun sína á námskeiðum Fiskifélags Íslands, þokast upp á við einnig. Enn fremur vil ég taka það fram, að ég hef líka athugasemdir að gera, þó að ég telji þau sjónarmið ekki fráleitt, sem liggja til grundvallar beiðni Vélstjórafélags Íslands um, að málinu verði frestað, — ég tel mig að nokkru skilja þau, en ég get ekki samþykkt þau að heldur.

Mér skilst, að auk þess, sem ég þegar hef nefnt, sé aðallega um þrennt að ræða: 1) Það sé verið að draga úr réttindum vélstjóra með æðstu menntun. 2) Það sé verið að minnka kröfur til menntunar vélstjóra á fiskiskipum. 3) Frv., ef samþ. yrði, mundi valda ósamræmi í væntanlegri lagasetningu um menntun vélstjóra á Íslandi. Ég vil aðeins leyfa mér að taka þessi atriði fyrir hvert um sig með örfáum orðum.

Er verið að draga úr réttindum vélstjóra frá Vélskóla Íslands? Ég segi nei. Það er ekki verið að draga úr réttindum þeirra, það er aðeins verið að draga úr sérréttindum þeirra. Nú hafa þeir sérréttindi til vélstjórnar á öllum vélum í íslenzkum skipum, sem eru af stærðinni frá 600 hestöfl og upp í það stærsta, sem tíðkast. Með frv. mundu þeir einnig mega vera vélstjórar á öllum þessum vélum og raunar öllum vélum, sem notaðar eru í íslenzkri þjónustu, en þeir mundu missa sérréttindin til vélstjórnar á vélum frá 600 hestöfl upp í 900 hestöfl. Það er allt og sumt, sem þeir missa. Hver vill svo halda því fram, að einn útgerðarmaður á fiskiskipi, sem á þess kost að fá hámenntaðan vélstjóra á skip sitt, muni frekar taka þann, sem minni hefur menntunina? Ég held, að á því sé engin hætta. Þar með hlýt ég að verða að álykta svo: Það er ekkert frá þeim vélstjórum tekið, sem hlotið hafa menntun sína hjá Vélskóla Íslands.

Þá kem ég að öðru atriðinu: Er verið að minnka kröfurnar til vélstjórnar? Það er vissulega alveg rétt, að alls öryggis vegna væri það alvarlegur hlutur, þegar vélar eru að verða fjölbreytilegri og vandasamari í stjórn, að minnka kröfurnar. En er nú verið að gera það með þessu frv.? Ég verð einnig að neita því. Það er að vísu rétt, að frv. gerir ráð fyrir því, að án aukinnar setu á skólabekk eigi réttindi vélstjóra, sem lokið hafa námi á mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, að hækka nokkuð. En er einskis krafizt í staðinn? Jú, það er tvöfölduð krafan um reynslutíma manns í starfi.

Ég er nú kennari að atvinnu, og út frá því sjónarmiði situr það kannske ekki vel á mér að halda því fram, að ýmsir aðrir hlutir geti verið eins notadrjúgir sem raunhæf menntun eins og seta á skólabekk. En ég verð nú samt að leyfa mér að halda því fram, að það sé ekki minna um það vert, að menn fái reynslu í hinu raunhæfa starfi, en þó að bætt væri við einhverri setu á skólabekk. Að því er þetta frv. varðar, þá gerir það kröfu um lengingu reynslutíma viðkomandi vélstjóra úr einu ári í tvö ár í starfinu sjálfu. En ég er sannfærður um það, að þeir, sem telja, að hér sé um að ræða tilslökun eða minnkun á kröfum til menntunar vélstjóra, mundu flestir segja, að einn mánuður á skólabekk gæti komið í staðinn fyrir þetta. Ég leyfi mér að halda því fram, að heilt ár í starfi sé ekki minna virði sem menntun en einn eða tveir mánuðir í skóla.

Kem ég þá að þriðja atriðinu, varðandi ósamræmið, sem haldið er fram að frv. mundi gera á væntanlegri löggjöf um vélstjóramenntun. Í sambandi við það vil ég fyrst taka fram, að þó að þrír menn í nefnd hafi borið saman bækur sínar um það, hvernig haga beri vélstjóramenntuninni á Íslandi, ekki náð neinu samkomulagi og skilað tveimur nál. til ráðuneytis um það, hvernig þeir teldu hyggilegt að haga þessari löggjöf í framtíðinni, þá held ég, að þegar við hugsum til þarfanna á líðandi stund, þá sé það harla ónákvæmt kennileiti til þess að miða við afstöðu sína, hvað hugsanlega kæmi út úr löggjöf, sem soðin yrði upp úr tveimur ósamhljóða nál., sem lögð hafa verið inn í menntmrn. Í öðru lagi má segja, að ósamræmi geti verið til skaða. En við skulum þá athuga annað. Þó að hægt væri nú að komast hjá því að skapa ósamræmi í réttindum þeirra manna, sem þegar hafa lokið sínum prófum í þessu efni, og væntanlegri löggjöf, væri það ægilegra en það gapandi ósamræmi, sem í dag er á milli raunveruleikans sjálfs og menntunar vélstjóra og löggjafarinnar um menntun vélstjóra? Ég hef áður farið hér með tölur um það, hversu mikil brögð eru að því, að menn hafi ekki réttindi til þeirra starfa, sem þeir eru að inna af hendi núna hvern dag og þjóðin að verulegu leyti byggir afkomu sína á. Væri það voðalegra að hugsa sér eitthvert samræmi í raunveruleikanum og réttindamálum vélstjóra, eins og þau eru í dag, heldur en þó að hugsanlegt ósamræmi yrði á milli væntanlegrar löggjafar og þeirra réttinda, sem hér yrðu ákveðin? Ég held ekki.

Að lokum skal ég aðeins koma að því, að andmælendur þessa máls hafa bent á það, að

aldrei muni vélskipaflotinn stöðvast fyrir það, að ekki séu til vélstjórar, sem hafa réttindi skv. lögum til starfsins, því að undanþágur séu auðvitað alltaf veittar frekar en til stöðvunar komi. Þetta er út af fyrir sig rétt. En þetta er ekki nema önnur hliðin á málinu. Hin hliðin snýr að þeim mönnum, sem eru að inna af höndum það starf, sem hér eru gerðar tilraunir til að sporna við að þeir fái réttindi til.

Sá maður, sem ræður sig á skip, reiknar auðvitað með því, að hann fái að halda þeirri atvinnu, sem hann ræður sig til, ef hann reynist sæmilegur í sínu starfi. Er það nú svo með þá vélstjóra, sem hafa undanþágur til starfsins? Ég þekki dæmi þess, að á vetrarvertíð og á meðan hörðust eru veður og erfiðust er sjósókn, þá er hörgull á að fá menn, sem uppfylla öll skilyrði, og þá ganga til starfanna menn, sem skortir upp á í réttindunum. Þeir fá undanþágu til starfsins. En máske þegar vorar og blíðviðri ganga í garð og léttara verður um störfin, þá þegar viðkomandi maður ætlar að fá nýja undanþágu til starfsins, svo að hann megi nú fara á síldveiðar á bátnum, sem hann var vélstjóri á yfir vetrarvertíðina, þá er kominn pappír, sem segir: Nei, nú er fáanlegur maður með fullum réttindum, og við veitum ekki undanþágur, á meðan slíkir eru tiltækir. — Þetta er líka hlið, sem vert er að virða fyrir sér, og þjóðfélagið hefur vissulega nokkrar skyldur við þá menn, sem ganga í hörðustu verkin og þegar fæstir fást til þess, og þeir mega gjarnan eiga réttindi til þess að vinna sama starf líka, þó að blíðari veður séu í lofti.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er alls ekki tilætlun mín að fara að taka upp deilur um þetta mál hér. Ég geri ráð fyrir, að það beri ekki svo mjög mikið á milli skoðana okkar hv. 2. landsk. um málið, heldur er þar nánast aðeins um að ræða, hvaða vinnubrögð séu í því skynsamlegust. Mér dettur ekki í hug að mótmæla því, sem hann hefur hér mælt, en hins vegar verð ég að segja það, að ég finn ekki í orðum hans nein sérstök rök fyrir því, að það sé óumflýjanlegt að gera þessa breytingu á réttindamálunum núna, þótt fyrir dyrum standi, eftir því sem bezt verður séð, að gera heildarendurskoðun á þessari löggjöf.

Það er vitanlega alveg rétt hjá honum, að margir vélstjórar, sem ekki hafa réttindi, eru kannske miklu færari menn og reynast betri vélstjórar en þeir, sem í gegnum skóla hafa farið, og það er þannig, eins og við þekkjum, í mörgum greinum, fleiru en vélstjóranámi. Við þekkjum það í ýmsum iðngreinum. Það eru t. d. til trésmiðir, sem engin réttindi hafa og eru kannske miklu færari menn en þeir, sem gegnum skóla hafa gengið. Það er þess vegna á mörgum sviðum, sem má benda á þessi dæmi, þó að þannig sé ástatt varðandi vélstjórana, að eins og sakir standa í dag, eru kannske fáar af þessum sérgreinastéttum, sem eru eins mannfáar til þess að manna okkar fiskiflota, og af því stafa allar þessar mörgu undanþágur. En hvað sem þessu líður og að þarna sé hægt að finna í mörgum greinum hæfa menn, sem ekki hafa fengið nema takmarkaða eða jafnvel enga skólamenntun, þá held ég samt ekki, að menn muni vilja leggja út á þá braut að rýra þær kröfur, sem gerðar eru til náms í hinum einstöku greinum, á þann veg að veita slíkum mönnum öllum fullgild réttindi. Það er alltaf töluvert alvarlegt spor, sem stigið er, þegar slík breyting er gerð, og það er nauðsynlegt að íhuga vel sinn gang í því efni.

Það er vitanlega mjög bagalegt og í rauninni óviðunandi, eins og hv. 2. landsk. hér sagði, að þessir menn, sem undanþágur hafa og verða að grípa inn í til þess að bjarga fiskiflotanum frá stöðvun, séu svo hraktir frá sínum störfum, þegar betur viðrar og fleiri vilja fara á sjó, ef því er þannig háttað, sem ég efa ekki að hann fari rétt með, að um það séu einhver dæmi.

Allt eru þetta vissulega rök, sem benda á nauðsyn þess að íhuga þetta mál. En engu að síður er ég þeirrar skoðunar við nánari athugun á þessu máli og við það einnig að hlýða á orð hv. 2. landsk., að það séu á þessu máli ýmsar hliðar, sem nauðsynlegt sé að íhuga rækilega. Og einmitt þau rök, sem hann hefur hér lagt fram, sannfæra okkur um hina miklu nauðsyn þess að hraða sem mest endurskoðun löggjafarinnar um vélstjóranám. En hins vegar held ég, að það séu dálítið óeðlileg og óvenjuleg vinnubrögð, þegar fyrir dyrum stendur, jafnvel eftir skamma hríð vonandi, að fyrir Alþingi komi slík endurskoðun í heildarfrumvarpi, að þá sé hlaupið til og gerðar breytingar, sem hagga mjög verulega þeim námskröfum, sem gerðar hafa verið til vélstjóra. Það er alveg rétt hjá hv. 2. landsk., að vélstjórar hafa yfirleitt ekki yfir neinu að kvarta sem slíkir, meðan þeir hafa nóga vinnu, þó að einhverjir aðrir komi inn í störfin, sem ekki hafa sambærilega menntun. En það er ekki eingöngu þetta, sem á er að líta í þessu sambandi, heldur námskerfið sem slíkt og hversu brýn nauðsyn kann að vera til þess að gera ákveðnar kröfur til sérnáms í þessari grein eins og öðrum þeim greinum, sem sérnám þarf til.

Ég skal ekki eyða um þetta fleiri orðum, en ég vildi aðeins leyfa mér að ítreka ósk mína til hæstv. forseta um það, af því að ég hygg, að það hljóti að vera okkur öllum töluvert atriði í þessu máli, að fresta nú umr. málsins, þannig að tækifæri gefist til þess að fá hér fram skoðun hæstv. menntmrh. á því, hvort hann telur þessa breytingu munu á nokkurn hátt skapa vandkvæði í sambandi við þá löggjöf, sem væntanlega verður sett, eða a. m. k. fá fram yfirlýsingu hans um það, hvort slík löggjöf verði lögð fyrir þingið innan skamms tíma, því að það hlýtur að hafa töluverð áhrif á viðhorf manna til afgreiðslu þessa frv.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. N. sú, sem starfað hefur að endurskoðun laga

um atvinnu við siglingar, klofnaði, skilaði tveim álitum, svo sem ég áður hef skýrt frá hér í þessari hv. d. Ég sendi álit meiri hl. og minni hl. þegar í stað til Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands og bað um umsögn þeirra um þær tvennar till., sem fram höfðu komið frá n. Ráðuneytið hefur ekki enn fengið umsögn þessara félaga, og ég vildi mega óska þess, að þetta frv. yrði ekki afgreitt, fyrr en þessi nál liggja fyrir. Ég skal þegar í dag gera ráðstafanir til þess að ganga eftir því, að þessi félagasamtök skili áliti um nefndarálitin, og skýra sjútvn. frá því, sem þar kemur fram, en tel ekki eðlilegt, að málið verði afgreitt hér, fyrr en þessi samtök hafa getað sagt sína skoðun á því sérfræðingastarfi, sem unnið var í n., einkum og sér í lagi þar sem hún varð ekki sammála.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Nd., 6. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, IngJ, KGuðj, ÓB, PÞ, PO, PP, SÁ, SkG, SvbH, ÁÞ, BG, EirÞ, EOl.

nei: ÁS.

KJJ, MJ, RH, BBen, BÓ greiddu ekki atkv.

15 þm. (GJóh, GÞG, HÁ, HV, JPálm, JS, LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, ÁB, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, PÞ, PO, PP, SÁ, SkG, SvbH, ÁÞ, BG, EirÞ, HS, IngJ, KGuðj, EOl.

nei: ÁS.

KJJ, MJ, RH, BBen, BÓ greiddu ekki atkv.

15 þm. (LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, ÁB, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HV, JPálm, JS) fjarstaddir.

Brtt. 460,1 samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, PÞ, PO, PP, SÁ, SkG, SvbH, ÁÞ, BG, EirÞ, HÁ, HS, IngJ, KGuðj, EOl.

nei: ÁS.

KJJ, MJ, RH, BBen greiddu ekki atkv.

15 þm. (LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, ÁB, BÓ, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HV, JPálm, JS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.

5.—12. gr., samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 460,2 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 16:2 atkv.

— 460,3 samþ. með 16:2 atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.

14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 16:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, ÁS, KGuðj, KJJ, MJ, ÓB, PÞ, PO, PP, RH, SÁ, SkG, SvbH, ÁÞ, BG, EirÞ, HÁ, HS, EOl.

BBen, BÓ greiddu ekki atkv.

14 þm. (HV, JPálm, JS, LJós, ÓTh, StgrSt, ÁkJ, ÁB, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG) fjarstaddir.

Á 89. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 473, 476, 482).

Afbrigði um brtt. 476, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 459 ber með sér, skrifaði ég undir nál. sjútvn. um þetta mál með fyrirvara og lét þess getið, að ég áskildi mér rétt til að flytja brtt. við frv. Ég taldi ekki ástæðu til að flytja þessa brtt. við 2. umr., en hef nú leyft mér að flytja hana. Brtt. er á þskj. 476, þess efnis, að á eftir 15. gr. frv. komi ákvæði til bráðabirgða, um það, að ríkisstj. láti endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþ. Þá felur ákvæðið það enn fremur í sér, að við endurskoðunina skuli hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélastjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

Það er nú svo, að um menntun og réttindi vélstjóra er ákveðið í tvennum lögum. Í sérstökum lögum er fjallað um menntun vélstjóra, en ákvæðin um réttindi vélstjóra eru í lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Og þessi tvenn lög heyra ekki undir sama rn. Lögin um menntun vélstjóra heyra undir menntmrn., og lögin um atvinnu við siglingar heyra undir atvmrn.

Ég tel, að það sé nauðsynlegt, að nú á næstunni fari fram endurskoðun á þessum tvennum lögum samhliða og að það verði jafnhliða að gera tillögur um, hver skuli vera menntun vélstjóranna og hver skuli vera réttindi þeirra til vélstjórnar.

Nú er það svo skv. lögum, að vélstjórar fá menntun sína með þrennu móti. Í fyrsta lagi geta menn tekið próf frá vélskólanum. Sú menntun, sem er skilyrði fyrir því prófi, er í fyrsta lagi iðnmenntun, sem tekur venjulegan tíma, og því næst er þriggja ára nám í vélskólanum, fyrst eitt ár í almennri deild og síðan tvö ár í rafmagnsdeild. Prófið, sem byggist á þessari menntun, veitir réttindi til að stjórna hvers konar vélum. Í öðru lagi eru svo þeir, sem verið hafa á námskeiðum Fiskifélags Íslands, hinu meira, sem tekur sex mánuði, og hinu minna, sem tekur þrjá mánuði, en þeir, sem á þessum námskeiðum hafa verið, geta eftir ákveðinn tíma fengið réttindi til þess að stjórna vélum upp að 600 hestöflum og skv. frv. upp að 900 hestöflum. Í þriðja lagi er svo námskeið Fiskifélagsins hið minna, en þeir, sem á því hafa verið, geta fengið réttindi skv. gildandi lögum upp að 250 hestöflum, en skv. því frv., sem fyrir liggur, upp að 400 hestöflum.

Þessi ákvæði í lögunum um menntun vélstjóra og í lögunum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum tel ég nauðsyn bera til að verði endurskoðuð hið fyrsta. Ég hef hins vegar ekki viljað mæla gegn því, að aukin yrðu réttindi vélstjóra á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem fyrir liggur, og þá m. a. vegna þess, að frá samtökum útgerðarmanna hafa komið mjög ein-

dregnar óskir um, að þetta yrði gert, þar sem þeir telja mjög erfitt að búa við það ástand, sem nú er í þeim efnum, að oft er vöntun á vélstjórum með réttindi, og verða þá ekki fengnir vélstjórar á annan hátt en með því, að þeir fái undanþágu, sem veitt er í samgmrn. með — að því er sumir telja — vafasamri heimild í lögum, en þó hefur verið talin heimil, þannig að mikið hefur verið veitt af undanþágum ár hvert.

Ég vil svo aðeins taka það fram í sambandi við þessa brtt. mína, að eins og komið hefur fram hér í hv. d., þá hefur farið fram endurskoðun á vegum menntmrn. á lögunum um menntun vélstjóra, og mun liggja fyrir álit n. um það efni. Þar er því að sjálfsögðu þegar búið að vinna nokkra undirbúningsvinnu í þessu máli, en sú endurskoðun tekur ekki til laganna um atvinnu við siglingar, og tel ég því þetta bráðabirgðaákvæði nauðsynlegt, sem ég hef lagt til að yrði bætt við frv.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram í máli þessu till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 482. Ég tel ekki ástæðu til að skýra þá rökstuddu dagskrá mjög, en leyfi mér að tala um málið almennt, og þá vil ég aðeins byrja með að minnast á till. hv. þm. N-Þ., þar sem hann leggur til að bæta ákvæði til bráðabirgða við frv. um það, að ríkisstj. láti fram fara endurskoðun og samið verði frv. fyrir næsta Alþ. um þessi mál. Ég vil ekki frekar fara út í það, sem hv. þm. N-Þ. sagði, en vil leyfa mér að tala almennt um málið út frá sjónarmiði mínu og þeirra, sem ég mæli fyrir.

Eins og hv. alþm. mun í fersku minni, hefur mþn., sem átti að athuga og gera till. um menntun vélstjóra, lokið störfum sínum. Meðan þessi endurskoðun var enn ekki lokið, kom frv. það fram á Alþ., sem er nú til umræðu. Þegar n. hafði skilað áliti í tvennu lagi, báðu vélstjórafélögin um frest á frv., á meðan þau væru að kynna sér till. n. Hæstv. menntmrh. vildi veita frestinn, og er málið því tekið af dagskrá 5. þ. m., en næsta dag var það tekið á dagskrá að nýju, enda þótt vélstjórafélögunum hefði ekki unnizt tími til að senda umsögn sína. Um er þó að ræða mikið hagsmunamál þeirra. Er þessi hraðskák málsins mjög andstæð framgangi ýmissa annarra mála á hinu háa Alþingi, enda þótt tillögur frv. séu að dómi hæfra manna í vélstjórastéttinni hinar hæpnustu.

Í tilefni þessa frv. gerðu Vélstjórafélag Íslands og Mótorvélstjórafélag Íslands með sér samkomulag um frumdrætti að framtíðarskipulagi vélstjórakennslunnar. Samkomulagið er undirritað af stjórnum félaganna þann 19. marz 1958. Þeir leggja til í fyrsta lagi, að kennslan verði samræmd og sameinuð, eins og meiri hl. hinnar stjórnskipuðu n. hefur lagt til, þannig að stighækkandi réttindi fáist með auknu námi, er námsmenn ganga í gegnum skólann. Telja þeir réttilega, að þetta fyrirkomulag muni auka á öryggi og bæta rekstur skipanna með bættri gæzlu. Hinn 2. maí hafa þessir aðilar komið á framfæri óskum um það, að þeim gæfist tóm til þess að athuga nál. frá meiri og minni hl. Telja þeir, að þar sé að finna lausnina á kennslukerfi því, er taka beri upp til þess að fyrirbyggja hinar hvimleiðu undanþágur í framtíðinni, telja ekki, að lausnin finnist eða sé að finna í frv. því, er hér liggur fyrir til umræðu.

Um er að ræða um 500 manna hóp af einni sérgrein sjómannastéttarinnar, og væri það mjög misráðið að gera ekki nú, þegar þessar greinar stéttarinnar hafa komið sér saman í höfuðatriðum og fullvíst er, að samkomulag næst um góða lausn, það átak, er dugir svo, að málinu sé borgið um langa tíð. Það fæst með því að gefa þessum mönnum tóm til að semja frv. fyrir samskóla vélstóra nú fyrir næsta Alþingi. Þótt bið verði um nokkra mánuði, þar eð þá mun nást endanleg og varanleg lausn, þá er enginn skaði skeður. Það kippir sér enginn upp við það að samþykkja nokkrar undanþágur enn þá eða til haustsins, þar til málið er komið í kring. Það er margfalt betra og viturlegra en lögfesta undanþágurnar án aukinnar þekkingar. Það er ljóst mál, að það væri til þess að auka á sæmd Alþ., en ekki hið gagnstæða, að ganga frá nýrri og fullkomnari löggjöf um menntun vélstjóra í stað þess að vera ávallt að sletta bót á gamalt fat, sem í þessu tilfelli yrði ekki annað en gat eftir sem áður.

Ég vil máli mínu til stuðnings aðeins taka tvö áberandi atriði í frv. Í a-lið 4. gr. er ekki gert ráð fyrir því, að maður þurfi annað í öðru tilfellinu til að öðlast réttindi til þess að stjórna vél allt að 400 hestöflum en að hafa stjórnað 15 hestafla vél í 24 mánuði á eigin spýtur. Sjá allir, hversu fráleitt þetta er. En í till. n. eru þessi 15 hestöfl tekin út, og þar er ekki einu sinni tekið til, hvort það eiga að vera 15 ellegar eitt hestafl. Við getum hugsað okkur, hvernig það liti út, ef formaður á trillubát eða skipstjóri á 15 lesta bát fengi rétt til þess að sigla milli landa með allt að 400 lesta skip.

Annað dæmi: Maður með þriggja mánaða námskeiði frá Fiskifélagi Íslands getur skv. frv. þessu fengið að stjórna 400 hestafla vél, en nemanda frá Vélskóla Íslands er ætlað fjögurra ára nám í smiðju og þriggja ára nám við skólann til þess að stjórna sömu vél. Ættu allir að geta séð, að hér gætir mikils misræmis, sem eigi má lögfesta. Til þess að hin nýju ákvæði, er þarf að setja í lögin, verði í fullu samræmi við óskir og skoðanir þeirra manna, er eiga að búa við þessa löggjöf og mestan áhuga hafa fyrir sönnum umbótum í þessu efni, þyrfti n., sem semdi frv., að vera skipuð mönnum frá Vélstjórafélagi Íslands, Mótorvélstjórafélagi Íslands og einum úr meiri hluta mþn., sem þá um leið gæti verið fulltrúi ríkisstj. Þessum mönnum væri treystandi til þess að semja heildarfrumvarp um þetta vandamál á mjög skömmum tíma, þar eð þeir eru nú sammála. Væri og sjálfsagt, að þeir hefðu bæði álitin til hliðsjónar, hið meira og hið minna frá millilinganefndinni.

Það er óhugsandi, að það sé í þágu útgerðarmanna eða þjóðarinnar í heild að lögleiða aukin réttindi án aukinnar þekkingar. Það er einnig ekki heldur í þágu sjómannanna sjálfra, því að með því útilokast þeir frá því að fá von um stighækkandi stöður, ef ekki væri tekið upp stigakerfið. Það má og fullyrða, að ef þetta frv. yrði lögfest, þá yrði það frekar til þess að draga úr

áhuganum fyrir nýrri og bættri löggjöf um réttindi og menntun vélstjóra.

Ég vil aðeins í sambandi við þetta mál segja, að það er staðreynd, að það eru ýmis embætti á landi, voru, bæði læknisembætti og prestsembætti úti á landi, sem talin eru mjög rýr, en það hefur aldrei heyrzt né hvarflað að neinum alþm. mér vitanlega að lögleiða neitt minna próf fyrir lækna eða presta til embætta í þessum héruðum eftir sem áður. Það væri enda alveg ófært.

Að athuguðu máli vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. í trausti þess, að samið verði til næsta þings frv. um menntun vélstjóra í því formi, sem hér hefur verið bent á og fullvíst er að allir menn, sem bezt þekkja til, eru sammála um að sé hin eina rétta leið. Og ég undirstrika það, enda þótt það hafi komið fram í ræðu hv. þm. N-Þ., að það eru ekki útgerðarmenn almennt, sem óska eftir því, að vélgæzlumennirnir á skipunum þeirra séu lítið menntaðir, og þeir hafa heldur ekki beðið um það, að frv. þetta væri samþ., vegna þess að þeir treysti mönnunum með litlu þekkinguna betur en hinum, sem hafa meiri þekkingu. Það er hins vegar máske hægt að afsaka það með því, að þeir hafa stundum þurft að hafa dálítið fyrir því að fá undanþágurnar, en það hefur verið vegna þess, að það hefur ávallt verið gert eins mikið og hægt hefur verið til þess fyrst að útvega þeim menn með fullum réttindum, áður en samþykkt var, að þeir skyldu fá menn með undanþágu. En aldrei mér vitanlega hafa skip verið stöðvuð af þeim sökum, að vantað hefur vélstjóra á þau eða aðra yfirmenn. Og það er óhætt að segja það, að mér er kunnugt um, að í einu stærsta fiskiveri landsins, einmitt heimahöfn hv. 2. landsk., flutningsmanns þessa frv., eru undanþáguumsóknirnar mestar og það hefur löngum verið fyrir algerlega ómenntaða menn, menn, sem ekki hafa haft leyfi til að vera við vél með einu einasta hestafli, hvað þá heldur meira. Og það hlýtur að liggja eitthvað annað til grundvallar fyrir því, að þetta frv. er flutt, heldur en áhugi fyrir því að auka á öryggi á skipunum og auka menntun og menningu sjómanna.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í sambandi við þær till., sem hér hafa verið bornar fram til breytinga á frv., vildi ég aðeins segja örfá orð.

Í sambandi við till. þá, sem hv. þm. N-Þ. flytur á þskj. 476, skal ég taka það fram, sem ég hef raunar oft tekið fram áður við umræðu málsins, að ég tel það vera mjög brýna nauðsyn að endurskoða allt skólakerfið, það sem varðar menntun vélstjóra, og vil fyrir mitt leyti eiga allan þann hlut, sem í mínu valdi kann að standa að eiga, til þess, að sú endurskoðun geti orðið sem fljótast framkvæmd og á sem hyggilegastan hátt. Og það hefur sömuleiðis margsinnis áður komið fram, að ég tel, að vélstjóramenntunin eigi að fara fram stig af stigi, þannig að sú reynsla og sú þekking, sem menn hafa aflað sér á einu stigi, geti orðið þeim lyftistöng til áframhaldandi náms í þessu. Ég tel þess vegna að till. þm. N-Þ. miði að því að gefa stéttarfélögum þeim, sem hér eiga hlut að máli, bæði að því er varðar sjómennina sjálfa og einnig útvegsmenn, kost á því að láta í ljós sitt álit um málið, áður en það verður lagt fyrir Alþingi í lagafrumvarpsformi, og að sú n. eða þeir athugunaraðilar, sem í till. hans eru tilnefndir, geti þá unnið úr og haft að leiðarsteini, að svo miklu leyti sem þeir telja það eðlilegt, það álit eða réttar sagt þau álit, sem nefnd menntmrn. hefur þegar lagt fram. En það hefur áður verið upplýst, að nefnd, sem starfaði í um það bil tvö ár að málinu á vegum menntmrn., skilaði áliti í tvennu lagi, varð ekki sammála, og munu þau álit liggja fyrir. Ég tel þess vegna eðlilegt, að sú till. verði samþykkt, enda hindrar hún á engan hátt framgang þess máls, sem hér er aðalatriði í frv., sem fyrir liggur, þ. e., að breytt sé réttindum vélstjóra til samræmis við það, sem raunveruleikinn heimtar, og til samræmis við það, sem nú er raunverulega í gildi, þótt með undanþágum sé.

Um till. hv. 5. þm. Reykv. gegnir hins vegar allt öðru máli. Hún er þess eðlis, að hún mundi í rauninni stöðva það mál, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. réttindi vélstjóranna, að láta það endilega bíða eftir endurskoðun á menntunarkerfinu. Ég tel, eins og komið er, að það séu engin rök fyrir að samþykkja þá till. Og í sambandi við þau orð eða þá ræðu, sem hv. 5. Reykv. hélt hér máli sínu til stuðnings og skýringar, hef ég raunar þó nokkrar athugasemdir að gera.

Í fyrsta lagi nefndi hann meðferð málsins hér á Alþingi hraðskák, af því að honum finnst málið ekki eins seint ganga og hann hefði kosið. Flokksmenn hans hafa hér að undanförnu margir komið upp í ræðupontu og krafizt þess, að ekki yrði annar eins seinagangur á afgreiðslu mála hér á Alþingi og þeir vissulega með nokkrum rétti, a. m. k. í sumum tilfellum, bentu á að væri. Ég held, að það sé sízt að lasta, þó að Alþ. reyni að mjaka þeim málum eitthvað áleiðis, sem fyrir það eru lögð; og að hér sé um óvenjulegan hraða að ræða, því vil ég hreinlega mótmæla. Það hefur einnig verið áður upplýst í þessu máli, að lagafrv., sem hér um ræðir, lá alllengi fullbúið án þess að vera lagt fram á Alþingi, vegna þess að beðið var eftir áliti þeirrar nefndar, sem svo seint skilaði, að ekki varð eftir því beðið, ef von átti að vera til þess, að Alþ. hefði tíma til að afgreiða málið. Í öðru lagi hefur hraði á málinu hér alls ekki verið hafður umfram það, sem eðlilegt má teljast í alla staði. Það hefur fengið mjög gaumgæfilega athugun í nefnd. Þegar um fresti hefur verið beðið sérstaklega í því, þá hafa þeir hingað til verið veittir, og ég sé ekki, að hv. þm. þurfi um þetta að kvarta. Hér hefur þó fremur verið þannig unnið, að í hina lofsverðari átt horfir.

Hann virðist tala hér um frv. af nokkrum ókunnugleika, þótt hann hefði nú átt að hafa alla möguleikana til að vita betur. Hann talar hér um, að lögfesta eigi undanþágur án aukinnar þekkingar, undanþágur, sem auka réttindin. Þetta er ekki rétt hjá honum. Það er margframtekið og sér enda hver maður, sem frv. les, að hér er alls ekki um það að ræða, að það eigi að auka réttindin, án þess að þekking viðkomandi manna aukist. Það er sem sagt tvöfaldaður í frv. allur sá

reynslutími, sem krafizt er í núgildandi lögum. Það er svo annað mál, þótt einhverjir menn kunni að líta svo á, að lífsreynsla og þjálfun í starfi sé ekki menntun, en þá er það þeirra skoðun og á ekki skylt við það, að hér sé gengið fram hjá því atriði. Það er annað mál, sem hægt er að deila um. Ég er þeim fullkomlega ósammála, sem þá skoðun hafa.

Þá segir hann enn fremur, hv. 5. þm. Reykv., að a-liður 4. gr. frv. sé fráleitur vegna þess, að menn þurfi ekki annað en vera vélstjórar á trillubát í tvö ár til þess að fá réttindi til þess að stjórna 400 hestafla vélum. Þetta er nú í fyrsta lagi alrangt, vegna þess að hér er alls ekki um það að ræða, heldur verða menn, áður en þeir fá sína tveggja ára reynslu í starfinu, að hafa lokið prófi frá hinu minna mótornámskeiði Fiskifélags Íslands. Það er að vísu ekki nema eitthvað um það bil fjögurra mánaða námskeið, en það er nú samt fulllangt gengið, þótt ekki sé námskeiðið lengra, að jafna því alveg við jörðu og tala um hlutina eins og það sé alls ekki til og virða það að engu sem menntun. Í öðru lagi hefði ég nú haldið, að hv. 5. þm. Reykv. ætti að vita það manna bezt, að vélstjórar eru yfirleitt ekki skráðir á trillubáta, og skilyrði fyrir því, að menn öðlist þessi réttindi, auk námskeiðsins hjá Fiskifélagi Íslands, er það, að þeir hafi verið lögskráðir vélstjórar á íslenzkum fiskiskipum í tvö ár. Það kann að vera, að einhver dæmi séu þess, að lögskráðir séu vélstjórar á trillubáta. Ég veit ekki um nein dæmi þess, og væru það sannarlega nokkrar nýjungar fyrir mig, ef þær upplýsingar lægju fyrir í málinu. En hér er hins vegar ekki um það að ræða, að þetta eigi yfirleitt við trillubáta, þetta atriði er yfirleitt um það, að menn eigi að fá þjálfun í starfi sínu, og með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa yfir þennan umdeilda lið, sem er á þessa leið, — það er sem sagt skilyrði fyrir því, að menn fái réttindi sem vélstjórar við allt að 400 hestafla vélar, auk prófs frá mótornámskeiði Fiskifélags Íslands, þá segir hér í 4. gr., a-lið:

„Hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði eða sem yfirvélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.“

Ég sé ekki neitt óeðlilegt við þetta, og það högg, sem hv. andstæðingar málsins hafa reynt að koma á frv. með þessum útleggingum sínum og ívitnunum um trillubátavélstjóra, er hreint vindhögg út í loftið, eins og allir geta séð, sem kynna sér málið til nokkurrar hlítar.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um það, að þetta frv. mundi máske skapa eitthvert misræmi. Þá á hann sjálfsagt við misræmi á milli skólasetumánaða í vélskólanum og á mótornámskeiðunum. Það kann vel að vera, að það geri það. En að halda þessu óbreyttu, það hefur þegar skapað og skapar í auknum mæli með hverju árinu sem líður misræmi á milli veruleikans og þess, sem lagabókstafurinn heimtar. Og það er það misræmi, sem ég tel sjálfsagt og eðlilegt að leiðrétta.

Hv. 5. þm. Reykv. fullyrðir, að samþykkt á þessu frv. geti ekki verið í þágu útgerðarmanna og ekki í þágu sjómanna heldur. Að vísu játar hann í leiðinni, að útgerðarmaður, sem þarf að skrá eða þarf að ráða sér vélstjóra á skip sitt, verði, áður en hann getur það, jafnaðarlega fyrst að leita eftir því, hvort hann getur ekki fengið mann með fullum réttindum, hjá viðkomandi stéttarfélögum eða skrifstofum þeirra eða ráðningaraðilum fyrir þeirra hönd. Og í öðru lagi, ef hann fær það ekki, sem hann í fæstum tilfellum fær, ef hér er um að ræða vélbátsútgerðarmenn, þá verður hann að sækja um undanþágu fyrir þann mann, sem hann getur fengið til starfsins, og er óþarfi um það að ræða, að þetta eru mikil óþægindi fyrir óviðkomandi útgerðarmenn. Þetta verður að ske jafnaðarlega tvisvar á ári, því að undanþágurnar eru venjulega veittar til hálfs árs í senn, enda leynir það sér ekki, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur tekið algerlega undir frv., sem fyrir liggur, og meira að segja óskað eftir, að í vissu tilfelli væri gengið skrefinu lengra í veitingu hærri réttinda en frv. gerði ráð fyrir, og fært rök að því, að það væri nauðsynlegt, enda hefur það nú verið tekið inn í frv. með brtt.

Þá segir hann, að þetta sé ekki heldur í þágu sjómannanna. Ég hef áður rakið það hér, og ég skal ekki telja það eftir mér að benda á það aftur, að sá sjómaður, sem ræðst vélstjóri á skip, þannig að hann hefur ekki réttindi til starfsins, heldur aðeins undanþágu, á það á hættu, að á næstu eyktamörkum verði hann settur í land, vegna þess að þá kann að vera, að það bjóðist einhver með hærri réttindi. Hann er þess vegna öryggislaus í starfi sínu, og það er alveg þýðingarlaust að halda því fram, að það sé einskis virði fyrir starfsmann í einni starfsgrein að hafa réttindi fyrir því starfi, sem hann tekur að sér.

Þetta frv. er þess vegna hvort tveggja í senn í þágu útgerðarmanna og einnig þeirra sjómanna, sem hér um ræðir.

Ég get ekki heldur látið alveg hjá líða að víkja að þeirri einkennilegu samlíkingu, sem hv. þm. kom hér með varðandi presta og lækna úti á landsbyggðinni, að það hefði aldrei komið til mála þrátt fyrir nokkurn hörgul á þessum embættismönnum að fara að gefa út einhver minni próf fyrir presta og lækna. Ég veit ekki, hvort þetta ber að skilja svo, að enginn maður megi stjórna vél á Íslandi framvegis, það sé hans hugmynd, að enginn maður á Íslandi megi stjórna vél, nema hann hafi lokið hinu hæsta vélstjóraprófi. Ef svo væri, þá er það líka nýjung í málinu, því á ýmsum stigum, og mér vitanlega hefur enginn lagt til, fyrr en ef þetta væri tillaga um það, að sú skipan yrði afnumin. Hér er þess vegna ekki um það að ræða. Eftir sem áður, þó að lögin yrðu endurskoðuð, þá reikna ég með því, að próf verði veitt á ýmsum stigum og þar af leiðandi verði eitt prófið minna en annað. Hér er hins vegar um það að ræða að veita þeim mönnum, sem á sínum tíma hafa lokið tilskildum prófum sem vélstjórar á íslenzkum fiskiskipum, réttindi í samræmi við það, sem þróunin hefur nú breytt málunum. Þegar þeir tóku sín próf, var algengt, að skipsvélar væru um 250 hestöfl það stærsta í íslenzkum fiskibátum. Nú er það algengt, að þær séu 400 hest-

öfl og jafnvel þar yfir, og það er þetta bil, sem hér stendur til að brúa. Ég efast ekkert um, að frá því að hv. 5. þm. Reykv. tók sitt próf frá stýrimannaskóla, muni ýmislegt í siglingafræðum hafa þróazt áfram og þar muni jafnvel nú vera kenndir ýmsir hlutir, sem ekki voru kenndir á hans tíð. Mundi hann nú telja það sanngjarnt, að hann yrði settur í land sem skipstjóri af Heklu út á það, að farið væri að kenna í stýrimannaskólanum nú einhver þau fræði, sem þar voru ekki á dagskrá, þegar hann lauk þar prófi? Ég held ekki. Ég held, að það hljóti jafnan að verða litið svo á, bæði í þessum efnum, sem frv. fjallar um, og öðrum, að þeir menn, sem á sínum tíma hafa lokið tilskildum prófum og uppfyllt þau skilyrði, sem áskilin voru, hljóti jafnan að halda réttindum til þeirra starfa, sem þeir þannig áunnu sér. Allt annað væri óeðlilegt. Nú hefur þróun málanna hins vegar orðið sú, að þessi réttindi hafa í rauninni verið af vélstjórum fiskiskipaflotans tekin að verulegu leyti. Og til þess að bæta þar úr, þá tel ég, að þjóðfélaginu beri skylda til þess að breyta þeim lögum, sem hér um ræðir.

Ég skal taka það sérstaklega fram, að þetta frv. fjallar aðeins um atvinnu við siglingar. Hitt málið, sem að vísu er ekki með öllu óskylt og sumir menn virðast hafa, að því er mér virðist, óeðlilega tilhneigingu til þess að hnýta hér saman við, er um skipun skólamála, skipun fræðslumála að því er vélstjóramenntun varðar. Ég þykist hafa sýnt fram á það hér, að það er ekki eðlilegt á því stigi, sem málin eru nú, að hnýta þetta tvennt svo fast saman, að undanþágufarganið og öryggisleysi viðkomandi sjómanna ásamt þeirri óþarfa fyrirhöfn, sem fjöldi útvegsmanna landsins verður fyrir af þessum sökum, haldist, og fyrir því vona ég, að þessi hv. þm. afgreiði málið með þeim hætti að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér neitt í þá deilu, sem hér stendur og hefur oft áður staðið um réttindi vélstjóra á skipum, eða þá deilu, sem hér er um það, hvort ber að samþykkja þetta frv. eða ekki. En ég get ekki látið hjá líða að segja hér örfá orð út af þeirri till., sem hér hefur verið lögð fram, brtt. á þskj. 476 frá hv. þm. N-Þ., sem er formaður í sjútvn., sem er studd af flm. málsins, hv. 2. landsk. Ég verð að segja það, að þetta er einhver skrýtnasta till., sem ég hef séð lagða fram á Alþingi, og tel varla sæmandi, að slíkt væri látið fara héðan burt, því að það er lagt þar til af mönnum, sem eru að berjast fyrir að fá samþykkt frv., samþykkt lög, að þessi sömu lög skuli endurskoðuð fyrir næsta þing, sem verður aldrei seinna en eftir fimm mánuði frá því nú, þau skuli endurskoðuð fyrir þann tíma og á þeim tíma skuli haft samráð við hvorki meira né minna en öll þau félög, sem þar er til tekið, Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélag Íslands og Landssamband íslenzkra útgerðarmanna.

Svona lagaða till. getur Alþ. ekki látið frá sér fara. Annaðhvort er þá að samþykkja þessi lög eða samþykkja þau ekki, en vera ekki að samþykkja það um leið, að þau skuli endurskoðast fyrir næsta þing.

Það hefur stundum verið um það talað af þeim, sem eru óvinveittir störfum Alþingis, að það sé eins og þingmenn séu að leika sér að því að samþykkja lög og samþykkja smávægilegar breytingar á lögum ár eftir ár. En ef það er nokkur tilveruréttur fyrir þessari till., sem virðist vera frá a. m. k. tveimur eða mælt með af tveimur mönnum í sjútvn., — ef er nokkur tilveruréttur fyrir þessari till., þá er það sannarlega betra að samþykkja dagskrártill. hv. 5. þm. Reykv. og fresta þessu máli og láta endurskoðunina fara fram, áður en lögin eru samþykkt hér á þingi.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm., flm. frv., var í upphafi máls síns að tala um það, að n. hefði verið ósammála, sem endurskoðaði lögin, eða skilað tveimur álitum. Ég gat einnig um það í minni ræðu, og við erum sammála um það. En það var einmitt það, sem ég undirstrikaði, að tillögur þessara manna beggja, eða þessara flokka beggja væru hafðar til athugunar, þegar frv. yrði endanlega samið, og með því að í millitíðinni hafa mennirnir, sem þessir aðilar í n. voru fulltrúar fyrir, komið sér algerlega saman um kennslufyrirkomulagið, þá sjá menn að mínum dómi ljóslega, að hér er enginn vandi á ferðum lengur. Það þarf ekki annað en ganga að verkinu og vinna úr gömlu lögunum og bæta því inn eða nema það burt, sem menn telja að þörf sé að gera.

Svo fór hann að gamni sínu að tala um hraðskákina. Ég gerði það nú bara til þess að lofa mönnum að brosa, ef hægt væri, en ég vil þá leyfa mér að segja það, að ef þetta er ekki hraðskák, þá getur það jafnvel kallazt hraðrefskák, þar sem verið er að reyna að etja saman aftur tveimur sérgreinum vélstjórastéttarinnar, sem eru nú þegar búnar að koma sér saman, þannig að Alþingi ætti í stað þess að samþykkja lög, sem yrðu til þess sennilega að aðskilja þá aftur, að þakka þeim fyrir og veita þeim þennan umbeðna frest, því að það er í umboði þeirra, sem farið er fram á þennan frest. Hann talaði enn fremur um, að ég hefði verið að undrast sérstaklega yfir því, hvað það hefði gengið fljótt með afgreiðslu þessa máls, og það er alveg rétt hjá honum, að það er nauðsynlegt að þoka góðum málum áfram á hinu háa Alþingi. En ég tel, að ekki sé hér um gott mál að ræða, og þar af leiðandi liggur ekkert á að afgreiða þetta mál, og ég tel, að skynsamlegra og heppilegra væri einmitt að láta það bíða til haustsins að samþykkja nokkurn hlut, því að þá væri hægt að samþykkja heildarfrumvarp um þessi mál, þar sem, eins og ég hef áður sagt, mennirnir hafa nú komið sér niður á samkomulag um málið í höfuðdráttum.

Og þetta, að útgerðarmennirnir séu eindregið með þessu, það er svo ótrúlegt og fáheyrt, og ég hef enda talað við marga útgerðarmenn á minni ævi og umgengizt þá nokkuð mikið marga hverja, og þeir eru allir sammála um, að eftir því sem vélarnar stækki í skipunum, eftir því þurfi þeir menntaðri menn, því að það fylgi

stóru vélunum í stærri bátunum auðvitað margar auka- og hjálparvélar, sem æskilegt væri að mennirnir, sem eiga að gæta þessarar einu vélar, gætu einnig lappað svolítið upp á, ef á þyrfti að halda, bæði í róðrum og stuttum ferðum. Og það leiðir af sjálfu sér, að það yrði miklu dýrara fyrir útgerðarmennina og útgerðarfélögin í hvert einasta skipti, sem eitthvað smávægilegt bilaði í ljósavél eða einhverju, að þurfa að sigla inn til einhverrar hafnar til þess að fá gert við það, í stað þess ef vélstjórinn væri hæfur maður. Það hlýtur að liggja svo í augum uppi, að það ætti ekki að vera neitt deiluatriði, og þetta m. a. mælir með því, að samið sé nýtt og fullkomið frv. um þessi mál, þar sem það er svo mjög aðkallandi af því, sem áður hefur verið sagt.

Hann fór einnig að minnast á hestöflin. Hann segir, að það sé rangt hjá mér og misskilið, að maður, sem megi fara með 15 hestafla vél, geti fengið rétt til þess að fara með vél upp að 400 hestöflum. Ég veit ekki betur en það geti komið til, með því að veita manninum undanþágu í 24 mánuði, þá sé hann búinn að fá það leyfi eða þann tíma, sem nægur er talinn í frv., til þess að maðurinn geti fengið að gæta 400 hestafla vélar. Ég held, að það sé rétt athugað hjá mér. Ef það er rangt, þá vildi ég biðja hv. þm. að leiðrétta mig núna, áður en ég fer héðan úr ræðustólnum, svo að hann þurfi ekki að hafa fyrir því að koma hér upp aftur.

Þá talar hann um það, þm., að það sé mikið öryggisleysi fyrir þessa undanþágumenn að fá ekki að stjórna stærri vélum á skipunum. Það leiðir af sjálfu sér, það hlýtur að liggja í augum uppi, að þegar menn hafa litla eða enga menntun í einhverju fagi, þá eru þeir ekki notaðir nema í neyð, og það er ekki neitt sem heitir öryggisleysi um atvinnu fyrir þessa menn, því að þá gætu þeir orðið hásetar eða kokkar, eins og þeir hafa verið, áður en þeir voru gerðir að vélstjórum. Og ég hef ekki heldur haldið því fram, — það er langt frá því, — að það væru ekki nema menn með hæstu vélstjóraprófum, sem ættu að vera á þessum skipum og fara með vélar af hinum ýmsu stærðum. Ég hef hins vegar haldið því fram, að menn ættu að fá stighækkandi réttindi fyrir stighækkandi menntun, og þegar búið er að samræma kennsluna undir einn hatt, með öðrum orðum undir Vélskóla Íslands, enda þótt námskeiðin að einhverju leyti færu fram undir eftirliti Fiskifélags Íslands, þá er það vitanlegt, að þá væri samræmið komið og mennirnir fengju réttindin stig af stigi í samræmi við þá menntun, sem þeir hefðu.

Að lokum var hann að spyrja mig að því, hvort ég vildi láta setja mig í land af mínu skipi fyrir þá sök, að það séu svo mörg ár liðin frá því, að ég hef lokið námi, að það hljóti að vera komið meira nám í skólanum síðan. Það er nú talað um í fyrsta lagi, að menn læri dálitið á langri lífsleið, að brjóstvitið sé nokkurs virði líka í viðbót við menntunina, og hins vegar er þetta algerlega í bága við það, sem þessi hv. þm. leggur til, því að hann leggur til, að menn fái meiri réttindi fyrir ekki meiri menntun. En ég hef verið að mennta mig, frá því að ég var drengur, á mínu skipi, því að maður menntast mjög mikið við það að sigla, það skal ég segja þessum hv. þm., eins og hann hlýtur að æfast og menntast við það að kenna börnunum, þegar hann er að gera það, eftir því sem hann gerir það lengur.

Ég vil svo ekki segja meira um þetta mál. Ég vildi óska þess, að hv. alþm. væri ljóst, að ég tala hér ekki til þess að spilla fyrir því, að aukin séu réttindi manna, en ég vil láta auka þau með því að auka þekkingu þeirra um leið, og það er einmitt það, sem mennirnir, sem eiga hér mestan hlut að máli, vélstjórarnir sjálfir, óska nú eftir. Þeir vilja eindregið fá að njóta meiri þekkingar, til þess að þeir hafi stighækkandi vonir um betri stöðu, og ég vildi óska þess, að hv. alþm. væri ljóst, að það er einmitt með þetta fyrir augum, að ég flyt þessa till., sem ég geri hér, og ég treysti hæstv. ríkisstj. til þess, hver sem hún verður eða hvernig sem hún verður skipuð á þeim tíma, sem næsta þing kemur saman, að sjá svo um, að hér verði staðar numið við það að samþykkja þær till., sem menn í þessari stétt eru sammála um að séu þær beztu og hollustu og ég veit að yrðu þær hollustu, ekki aðeins fyrir útgerðarmennina og sjómennina, sem á skipunum eru, heldur og fyrir þjóðarbúið í heild.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera fjölorður og tek hér til máls nú aðeins að gefnu tilefni.

Út af því, sem ég sagði um afstöðu samtaka útgerðarmanna til þessa frv. og mér virtist eitthvað vera dregið í efa hér áðan, þá vil ég geta þess, að sjútvn. sendi frv. til umsagnar Landssambandi ísl. útvegsmanna, og henni barst svar sem er dags. 17. apríl s. l. Í þessu svari segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Mál þetta var tekið til afgreiðslu á fundi stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna í dag, og var þar samþykkt að mæla með þeim höfuðsjónarmiðum, sem fram koma við flutning á téðu frv., þ. e. að færa gildandi ákvæði laga um réttindi vélstjóra, sem starfsmenntun sína hafa fengið á mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, meira til samræmis við það, sem nú er í framkvæmd.“

Auk þess eru svo í þessari umsögn nokkrar hugleiðingar um einstök ákvæði frv., og það, sem þar er lagt til, er, að gengið verði lengra í því að auka réttindi vélstjóra en gert var í frv.

Það fer því ekkert á milli mála um afstöðu Landssambandsins til þessa frv., og ég vil segja það, að það hefur haft mikil áhrif á afstöðu mína til þessa máls, að þannig er undir það tekið af samtökum útvegsmanna.

Hv. þm. A-Húnv. gerði hér að umræðuefni brtt. mína á þskj. 476, og sýnist mér, að hann hefði átt að spara sér þá athugasemd, því að hún sýndi aðeins, að hann hefur ekki kynnt sér það mál, sem hér liggur fyrir, eða gert sér ljóst, hvert efni brtt. er. Ég þóttist taka það glöggt fram í ræðu minni hér áðan, en vera má, að hv. þm. hafi ekki tekið eftir því, að í sambandi við menntun og réttindi vélstjóra er um tvenn lög að ræða, önnur, sem fjalla um menntun vélstjóra, og hin, sem fjalla um atvinnu

við siglingar á íslenzkum skipum. Þetta frv. fjallar aðeins um breytingu á öðrum þessara laga, þ. e. á lögunum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, en brtt. mín um endurskoðun fjallar um það, að endurskoðun verði látin fara fram á þessum tvennum lögum samtímis og þau samræmd. Þó að það sé gert, þá þarf ekki að vera neitt því til fyrirstöðu, að nú fyrst um sinn sé sú ráðstöfun gerð, sem frv. felur í sér, að veita ýmsum mönnum aukin réttindi. En að sjálfsögðu mundu þá ný lög, ef sett verða, gilda um réttindi eftirleiðis. Það er vitanlega ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að framkvæma þessa endurskoðun, eins og hér er gert ráð fyrir henni, á milli þinga.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. þm. N-Þ. lét svo ummælt, að mín aths. út af hans brtt. sýndi það, að ég hefði ekki þekkingu á þessu máli. Það má út af fyrir sig til sanns vegar færa, að ég hef ekki þekkingu á því, hvað réttast er að gera í því að veita þessum eða hinum, meira og minna lærðum vélstjórum, full réttindi. En það er ekki það, sem ég gerði hér aths. um, heldur hitt, að ég tel þessa till. frá hv. þm. N-Þ. þannig, að Alþingi geti ekki verið þekkt fyrir að láta hana sjást, að hún hafi verið samþykkt, og mig undrar það mjög, að svo greindur maður eins og hv. þm. N-Þ. skuli koma með svona till., því að um hvað er þetta frv., sem hér er til umr.? Ég sé ekki, að það sé um annað en um réttindi og menntun vélstjóra, og í þessari till. segir: „Ríkisstj. lætur endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt þing“ — og svo í samráði við öll þau félagssamtök, sem þarna eru talin upp. Ég get ekki hugsað mér, að það sé hægt að fá gleggri meðmæli með þeirri dagskrártill., sem hv. 5. þm. Reykv. hefur hér lagt fram, heldur en þessi brtt. er, því að ef fyrir henni er nokkur grundvöllur, þá er þó að sjálfsögðu réttara að fresta þessu máli til næsta þings og láta þessa endurskoðun beggja þeirra laga, sem um er að ræða, bíða og fara fram, áður en lögin eru samþykkt, þau sem hér eru til meðferðar.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég tel mér skylt eftir beiðni hv. 5. þm. Reykv. að færa rök að því, að það, sem ég sagði hér varðandi þau skilyrði, sem krafizt er, til þess að menn geti öðlazt vélstjórnarréttindi samkvæmt frv. við vélar allt upp í 400 hestöfl, se ekki bara það, að þeir hafi verið vélstjórar á trillubát í tvö ár, eins og hér hefur verið látið liggja að, heldur dálítið annað og meira.

Í 34. gr. mundi segja að frv. samþykktu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem a) hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi í 24 mánuði eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi í 24 mánuði.“

Hins vegar segir í 32. gr. laganna eða þar er kveðið á um það, með hverjum hætti hann getur öðlazt réttindi til þess að vera undirvélstjóri á skipi, væntanlega að frv. samþykktu með vél af vélastærðinni 100—400 hestöfl, eða vélstjóri á eigin spýtur. Þar segir:

„Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með allt að 100 hestafla vél eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 100, en ekki yfir 400 hestafla vél, sem í fyrsta lagi hefur staðizt hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands.“

Ég skal játa það, að lögin um þetta eru þýsna margbrotin og að því er mér skilst með allmiklu fleiri greinum en nauðsynlegt væri. En áður en maður kveður upp dóma um það, hvaða efni sé í einni grein, þá verður hann að kynna sér málið það rækilega, að maður fullyrði ekki það, sem rangt er. En ég efast ekkert um það, að hv. þm. hugleiði þetta nánar og komist þá að þeirri niðurstöðu, að hér var ekki út frá réttri forsendu ályktað hjá honum.

Í sambandi við ræðu hans hef ég í rauninni engar athugasemdir að gera aðrar en þær, að ég er honum þakklátur fyrir að hafa nú breytt um afstöðu í því að virða lífsreynslu og starfsreynslu að engu. Það er nákvæmlega það, sem ég hef verið að halda fram hér í þó nokkrum ræðum um málið, að það sé rangt, að hér sé ekki krafizt neinnar aukinnar þekkingar fyrir hækkun réttindanna. Það er krafizt tveggja ára reynslutíma í staðinn fyrir það, sem áður var eitt ár, og þetta hafa andstæðingar málsins og þar með hv. 5. þm. Reykv. virt algerlega að vettugi og haldið því fram, að hér væri um réttindaaukningu að ræða án nokkurrar þekkingaraukningar. Nú hefur það hins vegar góðu heilli komið fram í ræðu hjá honum, að hann vill virða lífsreynslu, og þá erum við sammála um það og þurfum ekki lengur um það að deila.

Ég álít hins vegar, að það sé mjög gálaus fullyrðing hjá honum, að þessir menn, sem nú eru mótoristar, séu hættulegir öryggi sjófarenda vegna þekkingarskorts. Sem betur fer, mun fátt í reynslunni sanna, að svo sé. Og hann ályktar sem svo, að menn, sem ekki hafa réttindi til vélstjórnar á fiskiskipum, ættu ekki að vera þar vélstjórar, heldur ættu þeir bara að vera hásetar eða kokkar. En ég get upplýst, að ef svo væri, þá væru ólíkt færri fiskiskip gerð út á Íslandi en nú er, því að það hefur reynzt og á því byggja útgerðarmenn vafalaust ekki hvað sízt sitt álit um málið, — það hefur reynzt ógerningur að fá til vélstjórnar á fiskiskipaflotann menn, sem hafa til þess full réttindi, og liggur það skjallega fyrir sannað, að samgmrn. gefur út fram undir 300 undanþágur til þess starfs árlega, eins og nú er komið, — 294 voru gefnar út á síðasta ári. Það er þess vegna ekki öruggara fyrir íslenzka sjómenn á fiskiskipum, að þeir menn, sem nú annast vélgæzlu á undanþágum, hverfi frá því starfi, heldur en sá háttur, sem nú er á, því að með þeim hætti mundi enginn annast vélgæzluna á verulegum hluta fiskiskipaflotans.

Ég vil svo enn þá undirstrika það, að fyrir þá, sem hafa aflað sér hinnar beztu vélstjórnarmenntunar, sé ég enga hættu í samþykkt þessa frv. Ég get ekki ályktað svo, að útgerðarmenn muni fremur sækjast eftir því að ráða í þjónustu sína lítið menntaða menn heldur en mikið

menntaða menn til vélstjórnar. Frv. gerir ekki ráð fyrir því að taka nein réttindi af vélstjórum þeim, sem hafa hlotið hina meiri vélstjóramenntun. Það gerir einungis ráð fyrir því, að af séu numin sérréttindi þeirra til starfa við vélar af stærðinni 400—900 hestöfl. Ef þeir eru nægir fyrir hendi í landinu, eiga þeir fullan aðgang að þessu starfi, og eins og ég hef áður tekið fram, ég tel enga ástæðu til að álykta, að þeir muni síður verða ráðnir í slík skiprúm heldur en þeir, sem minni hafa menntunina, heldur þvert á móti, svo að þeir hafa í raun inni engu við þetta að tapa. Hér er einungis verið að brúa það bil, sem þróun málanna hefur opnað á milli þess, sem í raunveruleikanum er, og hins, sem í lögunum er ákveðið.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja það, að við erum sammála um að virða lífsreynslu, ég og hv. 2. landsk., en ég álít, að menntunin eigi að koma á undan lífsreynslunni, en ekki á eftir. Það er sá skilsmunur, sem í milli ber hjá okkur í þessu efni og er sennilega kannske meira á orði en á borði. Og svo segir hann, að ég hafi verið að tala um það, að þeir væru hættulegir öryggi manna á skipunum, sem ekki hefðu neina vélstjóraþekkingu, þegar þeir byrjuðu sem vélstjórar á skipunum. Það liggur nú í hlutarins eðli, að það er ekkert öryggi í því, það sjá allir góðir menn, að það er ekkert öryggi í því að ráða mann til þess að gæta stórrar og dýrrar vélar og margra annarra hjálparvéla, ef hann hefur ekki neina menntun í þessum efnum. En hins vegar er það líka náttúrlega rétt hjá hv. ræðumanni, að það er á stundum erfitt að fá mennina, sem hafa þekkinguna og menntunina. En við viljum einmitt, við, sem erum að mæla á móti frv. hans, mæla með því, að nú séu sett ný lög, þannig að allir gangi glaðir að prófborðinu, áður en þeir fari um borð í skipin, að öryggið sé aukið, og við lýsum því yfir, að það hafi aldrei nokkurn tíma komið fyrir, svo að við vitum, að vantað hafi svo menn á skipin, að þau hafi ekki komizt á sjóinn vegna þessa. Þeir hafa fengið undanþágurnar, eins og ég sagði, á síðustu stundu af illri nauðsyn. En það er verið að gera þessa till. í málinu, til þess að undanþágufarganið hætti, en ekki til þess að auka á það.

Máli sínu til stuðnings sagði hv. flm., að undanþágurnar á síðasta ári hefðu verið 294. Það þýðir það, að 147 menn hafa fengið undanþágur. Það er náttúrlega mjög mikið. Þeir fá þær tvívegis á ári, við vitum það, mér er kunnugt um það, það gengur í gegnum okkar samtök, og við fylgjumst þess vegna með þessu öllu saman. Og ég segi náttúrlega það og undirstrika það með honum, að þetta er mjög leiðinlegt og á ekki að eiga sér stað. En til þess að þetta eigi sér ekki stað, þá þarf ekki og þýðir ekki að vera að bæta nokkrum hestöflum við vélina, sem mennirnir mega vera við, heldur þarf að bæta nokkrum mánuðum við menntun þeirra, svo að þeir geti fengið að starfa við það stórar vélar, að aldrei sé hætta á því, að fiskibátarnir okkar þurfi að stöðvast vegna þess, að menn vantar á þá. Og þegar svo er komið, þá vita mennirnir það í fyrsta lagi, að þeir eru öruggir um að fá stöðu, ef þeir á annað borð eru hæfir, og þá vita þeir hitt um leið, að þeir eiga von um að fá betri stöðu, ef þeir halda námi sínu áfram, eins og gert er ráð fyrir með því fyrirkomulagi, sem við erum að mæla með. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að segja fleira um málið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það, sem ég segi, skal verða örstutt. Ég vil aðeins taka það fram til leiðbeiningar fyrir hv. þm. A-Húnv., að það, sem hann heldur að sé í einum lögum, er í tvennum lögum, og sumt af því, sem hann heldur að sé í lögunum um atvinnu við siglingar, er ekki í þeim lögum.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 482 felld með 13:5 atkv.
Brtt. 476 samþ. með 18:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 486).
Á 92. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 486, n. 553).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingar á 5. kafla laga nr. 66 frá 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, en í þeim kafla er kveðið á um réttindi vélamanna á mótorskipum eftir því, hvaða námi þeir hafa lokið í sérgrein sinni og hvaða starfsreynslu þeir hafa að baki. Skv. þessum lögum öðlast þeir menn réttindi til vélstjórnar á mótorskipum með allt að 250 hestafla vélum, sem lokið hafa hinu minna mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands og uppfylla tiltekin skilyrði um starfsreynslu og starfstíma sem vélamenn. Í næsta réttindaflokki koma svo þeir, sem lokið hafa hinu meira móturvélstjóraprófi Fiskifélagsins, og geta þeir unnið sig upp í þau hámarksréttindi að mega stjórna vélum í mótorskipum með allt að 600 hestafla vélum. Loks koma svo þeir, sem lokið hafa hinu meira vélstjóraprófi við vélskólann í Reykjavík og hafa einnig staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við þann skóla. Þessir menn hljóta réttindi til vélstjórnar á mótorskipum með yfir 600 hestafla vélar að tilskildum nokkrum öðrum skilyrðum um starfstíma o. fl.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir þeim breytingum á réttindum, að hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélagsins geti

veitt rétt til vélstjórnar á skipum með allt að 400 hestafla vélum í stað 200 áður, og einnig, að hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélagsins veiti réttindi til stjórnar allt að 900 hestafla véla í stað 600 áður, hvort tveggja að uppfylltum hliðstæðum skilyrðum og þó allmiklu strangari um starfsreynslu og annað en þau, sem nú eru í gildi.

Loks er gert ráð fyrir, að sú viðbót komi aftan við 34. gr. laganna, að hver sá, sem hefði rétt til að vera undir- eða yfirvélstjóri á fiskiskipum með allt að 400 hestafla vél, skuli hafa sömu réttindi til vélstjórnar við vél, sem stærri kann að vera, ef um er að ræða vélstjórn á skipi, sem er 115 rúmlestir að stærð eða minna.

Þegar núgildandi lög um atvinnu við siglingar voru sett fyrir 12 árum, voru réttindi skipstjórnarmanna og vélstjóra að sjálfsögðu bundin við þá skipa- og vélastærð, sem þá tíðkaðist í fiskibátaflota þjóðarinnar. Síðan hefur þróunin orðið á þá lund, sem öllum er kunnugt, að bæði skipa- og vélastærð hefur breytzt mjög til stækkunar. Af þeim ástæðum hefur reynzt nauðsynlegt að auka réttindi skipstjórnarmanna á fiskibátum og auðvelda þeim námsmöguleika. Var þetta gert, eins og hv. þm. muna, með löggjöf frá síðasta Alþingi. Allar aðstæður eru þó þannig, að þær knýja síður en svo minna á um breytingar á lagaákvæðum um réttindi vélstjóra.

Það er alkunnugt, að vélakraftur bátanna hefur aukizt stórkostlega í hlutfalli við stærð þeirra. Geta vélarskipti í einum bát þannig orðið til þess, að vélstjóri, sem um margra ára skeið hefur stundað starf sitt á honum við ágætan orðstír, hefur vegna þessa glatað réttindum sínum til þess að stjórna nýrri vél í þeim sama bát, sem hann hefur unnið á, þótt hann hafi til þess næga reynslu og þekkingu. Reynslan hefur orðið sú, að þær takmarkanir á réttindum þeirra manna, sem aflað hafa sér þeirrar þekkingar, sem talin var nægjanleg vélstjórum á bátaflotanum, er núgildandi lög um atvinnu við siglingar voru sett, eru nú farnar að kreppa svo að bæði útveginum og atvinnuöryggi vélstjórastéttarinnar á fiskiflotanum, að ekki er við það unandi. Stór hluti bátaflotans er nú í dag mannaður vélstjórum, sem ekki hafa lagalegan rétt til að stjórna vélum af þeirri stærð, sem í bátunum eru. Hið hvimleiða undanþágufargan, sem veitir mönnum, að því er sumir telja með vafasömum lagarétti, atvinnurétt í þessari starfsgrein til sex mánaða í senn, er í fullum gangi. Af þessu leiðir öryggisleysi, sem oft og tíðum ýtir mönnum af bátunum til atvinnu í landi, og aukin vandkvæði útgerðarmanna á að fá næga hæfa menn til starfa, en undanþágurnar eru að óbreyttum lögum eina úrræðið til þess að forða verulegum hluta bátaflotans frá stöðvun, sem aftur mundi leiða af sér stórfellt framleiðslutap fyrir þjóðina.

Með þessu frv. er ætlunin sú að draga, svo sem kostur er á, úr undanþáguvandræðunum, á þann hátt sem bezt þykir samrýmast eðlilegum kröfum um öryggi. Þannig er, jafnframt því sem réttindin eru nokkuð rýmkuð, krafizt tvöfalds starfstíma eða tveggja ára, til þess að vélstjórar fái réttindi til yfirstjórnar á 100—400 hestafla vélum og einnig hvað við kemur bæði undir- og yfirvélstjóraréttindum á 400—900 hestafla vélum. Það má því segja, að aðalbreytingin sé fólgin í því, að starfsaldur og reynsla er í vissum tilfellum metin til jafns við nám á skólabekk.

Sjútvn. hefur haft þetta frv. til athugunar og kynnt sér þau gögn, sem fram komu við athugun málsins í hv. Nd. Meðal þeirra er umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem er frv. mjög hliðholl, en bendir á atriði, sem betur mættu fara, og hefur þegar verið tekið tillit til þeirrar ábendingar í meðferð hv. neðri deildar. Þá er erindi Fiskifélags Íslands, sem telur, að sú réttindaaukning, sem í frv. felst, sé í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur á vélarstærð í bátaflotanum. Þá hefur n. einnig athugað sameiginlega álitsgerð Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands, þar sem lögð er áherzla á, að aðalatriði þessa máls sé að endurskipuleggja allt vélstjóranám og koma á auknum tengslum innan þess. Telja þessi samtök, að þetta frv. sé engin framtíðarlausn á þeim vanda, sem við er að fást.

Það er tvímælalaust rétt, sem fram kemur í álitsgerð þessara samtaka, að framtíðarlausnar á menntun vélstjóra er ekki að vænta nema með mjög breyttri löggjöf um allt það námskerfi, sem að henni lýtur, og skynsamlegri samtengingu á námstigum vélfræðinnar. Hitt er aftur á móti upplýst, að n. þeirri, sem um langt skeið hefur unnið að endurskoðun laga um menntun og réttindi vélstjóra, hefur ekki tekizt að bræða saman ólík sjónarmið, sem uppi eru í þeim málum, og mun af því leiða, að nokkur undirbúningsvinna verði enn að vinnast, til þess að ný heildarlöggjöf um þessi efni verði sett. Þetta frv. fjallar hins vegar ekki um þann þátt málsins, sem við kemur framtíðarlausn á menntun vélstjórastéttarinnar, heldur eingöngu um réttindi þeirra manna, sem starfað hafa á flotanum til þessa, eykur nokkuð rétt þeirra í samræmi við hina miklu aukningu vélakrafts í bátunum og skapar þeim, sem nú eru þar starfandi, atvinnuöryggi til frambúðar. Sá vandi er hins vegar látinn bíða nauðsynlegs undirbúnings að koma bættu framtíðarskipulagi á sjálft menntunarkerfið, en um það eru hins vegar sett ákvæði til bráðabirgða, að þeim undirbúningi verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþ. og þá í samráði við viðkomandi stéttarfélög og félög atvinnurekenda.

Sjútvn. flytur nokkrar brtt. við frv., og eru þær allar gerðar að ósk Vélstjórafélags Íslands. Helztu breytingarnar eru þær, að í nokkrum greinum frv. er orðið fiskiskip sett í stað orðsins mótorskip. Hefur Vélstjórafélag Íslands lagt áherzlu á þessa breytingu með tilliti til þess, að ekki væri neinn skortur vélamanna til starfa á farmskipunum og því væri ekki ástæða til að rýmka réttindi þeirra, sem nám hafa hlotið á námskeiðum Fiskifélags Íslands, til starfa annars staðar en á fiskiflotanum. Í öðru lagi er sú breyting gerð, að réttindi þeirra, sem nám hafa hlotið við Vélskóla Íslands, eru aukin í allmörgum tilfellum. Er sú breyting í samræmi við aukningu vélastarfa, sem nú er orðin og

er að verða algeng í hinum stærstu mótorskipum flotans, þ. e. a. s. disiltogurunum. Aðrar brtt., sem n. flytur, eru allar bein afleiðing af þessum tveim breytingum, sem ég hef nú nefnt.

Rétt er að geta þess, að Vélstjórafélag Íslands hefur fremur mælt með því, að afgreiðslu þessa frv. yrði frestað, en mun hins vegar, eins og fram kemur í grg., sem frá því félagi liggur fyrir, sætta sig sæmilega við frv. að gerðum þeim breytingum, sem það telur nauðsynlegt að á því séu gerðar með tilliti til hagsmuna þeirra, sem menntun sína hafa sótt í Vélskóla Íslands. Sjútvn. hefur lagt sig fram um að samrýma ólík sjónarmið, sem fram hafa komið undir meðferð málsins, og orðið sammála um þá afgreiðslu, sem fyrir liggur á þskj. 553. Ætla ég, að um leið og frv. tryggir verulega atvinnuréttindi vélstjóra á fiskiflotanum og honum lífsnauðsynlega starfskrafta, þá munu aðrir, sem mál þetta snertir, eftir atvikum sætta sig við frv., eins og sjútvn. leggur nú til að það verði.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða þetta mál efnislega. Það hefur mikið verið um það rætt í sjútvn. og m. a. gefizt tækifæri til þess að ræða við fulltrúa frá þeim félagssamtökum, sem þessi mál snerta hvað mest, samtök vélstjóra og mótorista. Það er sameiginleg skoðun þeirra manna allra, að í þessu frv. felist engin framtíðarlausn eða frambúðarákvæði um það efni, sem það fjallar um.

Undanfarið hefur n. verið starfandi að því að endurskoða þessa löggjöf, en hún hefur ekki lokið störfum. Það hafa því verið eindregin tilmæli samtaka vélstjóranna, að afgreiðslu þessa máls yrði frestað a. m. k. til haustsins og málinu vísað til ríkisstj. í trausti þess, að lokið yrði þeim undirbúningi að endurskoðun löggjafarinnar, sem unnið hefur verið að undanfarið. Ég hef ekki séð ástæðu til þess, að Alþ. hlypi fram fyrir skjöldu í þessum málum. Það hafa ekki verið leidd rök að því, að svo knýjandi nauðsyn bæri til þess að setja þá löggjöf, sem þetta frv. fer fram á, að ég hafi talið mér rétt eða skylt að fylgja þessu frv. Þess vegna leyfi ég mér án þess að fara að ræða málið efnislega að taka upp þá till. samtaka vélstjóra, að málinu verði vísað til ríkisstj. til frekari undirbúnings og athugunar, og vænti, að hæstv. forseti beri þá till. mína upp.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það var aðeins í tilefni af þeirri till., sem hv. þm. N-Ísf. flutti hér nú varðandi afgreiðslu á þessu máli. Ég teldi mjög miður farið, ef hv. þd. samþykkti slíka till. Ég hélt satt að segja, að það væri öllum ljóst, að það er orðin knýjandi nauðsyn á því að fá fram slíka lagabreytingu eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. eða samkvæmt þeim brtt. á því, sem nú liggja hér fyrir frá sjútvn. þessarar deildar.

Það er kunnugt, að þau lagaákvæði, sem í gildi eru um réttindi vélstjóra, eru gersamlega orðin úrelt og ástandið er þannig, að segja má, að á meiri hluta fiskibátaflota okkar séu menn með undanþágur, og í rauninni er svo komið, að á þessu er ekki hægt að hafa neitt eftirlit. Undanþágur ráðuneytisins í sambandi við vélstjóraréttindi skipta orðið mörgum hundruðum á hverju ári, og stappar þá orðið nærri því, að eins gott sé að líta á það, að engin lög um þetta gildi, eins og að hafa slíka framkvæmd á. Ég tel því, að mjög sé aðkallandi að breyta þeim ákvæðum, sem um þetta eru í lögum, a. m. k. í samræmi við það, sem hér er gert í þessu frv., og vil benda á það, að þetta þótti óhjákvæmilegt einnig að gera viðvíkjandi skipstjóraréttindum, og það hefur Alþ. afgreitt hér áður, að fara svipaða leið með breytingu á réttindum manna þar með tilliti til þess, sem reynslan hefur sýnt að er alveg óhjákvæmilegt. Að ætla enn þá að skjóta þessu máli á frest, svo aðkallandi sem það er, vegna þess að milliþn. hafi átt að athuga um framtíðarfyrirkomulag á öllum kennslumálum í sambandi við vélfræði, er alveg fráleitt, þegar það liggur nú fyrir, að sú n. er búin að starfa í óheyrilega langan tíma og hefur ekki aðeins af einum ráðh., heldur mörgum, og ekki í einni ríkisstj., heldur fleirum, verið innt eftir því, að n. lyki störfum. Og loksins, þegar hún lýkur störfum, þá dettur hún í nokkurn veginn jafnmarga parta og hún gat dottið í. Það er vitanlega ekkert annað en víkja sér alveg undan þessu verkefni, og ég tel, að þótt málið sé nú leyst á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá komi það ekki á neinn hátt í veg fyrir það, að sett verði löggjöf, þegar fram líða stundir og samkomulag getur orðið um það, um vélfræðikennsluna alla sem heild. En hér er sem sagt glímt við það að koma í viðunandi lagaform, sem mætti standa á, því, sem aðkallandi er að leysa í þessu máli, og ekki er kunnugt um, að verulegur ágreiningur sé um að leysa þó a. m. k. þennan þátt.

Ég skal svo ekki ræða um efnishliðar málsins að öðru leyti, en vil eindregið mæla með því, að brtt. sjútvn. verði samþykktar og málið nái afgreiðslu á þessu þingi, og veit, að það er brýn þörf á því, að málið fái þá lausn.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hef fallizt á í sjútvn. að fylgja fram þessu máli, vegna þess að aðkallandi þörf er á ýmsum breytingum varðandi vélstjórana, sem eru taldar í frv. Hins vegar verð ég að játa það, að hér liggur fyrir nokkurs konar bráðabirgðaúrlausn, þar sem í Nd. var samþ. ákvæði til bráðabirgða, þar sem óskað er, að ríkisstj. endurskoði ákvæði laga um menntunarréttindi vélstjóra og sé þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþ. Svo eru taldir upp aðilar, sem á að hafa samráð við, þessir venjulegu, að ég held, Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Mótorvélstjórafélagið og Landssambandið.

Hæstv. sjútvmrh. var hér að lýsa sínu áliti á þessari löggjöf og sinni andúð á, að frv. væri vísað til stjórnarinnar, og taldi, að brýn nauðsyn væri á þeim breytingum, sem hér er um að ræða. Ég vil nú ekki mótmæla því, sem hæstv. ráðh. segir í þessu efni, en ég vil minna hann á það, að 16. jan. þ. á. fékk hann mjög vel rökstutt bréf frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, þar sem það leyfði sér að fara þess á leit við

sjútvmrh., að hann hlutaðist til um, að lögum um atvinnu við siglingar yrði breytt hvað snertir réttindi á fiskiskipum. Svo leið og beið, og það varð enginn var við, að hæstv. ráðh. tæki neitt tillit til þessa bréfs, sem á sínum tíma var í afriti sent til mín og hv. 2. landsk.

Við fengum svo þetta til meðferðar. Ég valdi þá leið að fara hinar troðnu götur, sem farnar voru, þegar hafizt var handa um að endurbæta og lagfæra réttindi siglingarfróðra manna á fiskiskipaflotanum, og flutti till. til þál. hér á þessu þingi á þskj. 245, þar sem ég fór fram á endurskoðun gildandi lagaákvæða um réttindi vélstjóra á fiskiskipum. Þessari till. var þegar mætt við 1. umr., ekki af hæstv. sjútvmrh., heldur af hæstv. menntmrh., þann veg, að það væri næsta óþarft að flytja till. til þál. um endurskoðun, af því að hún stæði yfir og mundu bráðlega verða lögð þess háttar ákvæði fyrir Alþ. Nú hefur liðið og beðið mánuðum saman, og frá hæstv. ríkisstj. hefur ekkert heyrzt í þessu efni. Svo tók hv. landsk. þm. sig til, Karl Guðjónsson, og flutti það frv., sem hér um ræðir.

Ég vissi það af undangenginni reynslu, að það er alltaf dálítið hæpið fyrir einstaka þm. að fara að hafa þá aðferð að flytja beinlínis frv. um réttindi fagmanna, hvort sem er til sjós eða lands. Það rísa þar ýmsir á móti, eins og vant er og hefur orðið líka núna raunin á, og ég hafði reynsluna t. d. fyrir mér, hversu affarasælt það reyndist með lagfæringu réttinda siglingafræðinga eða skipstjóra og stýrimanna á bátunum, sem fyrst var þannig á haldið af minni hálfu, að ég hafði í hyggju að leggja fram frv., og bar mig saman við ýmsa góða menn í þessari hv. d. um það, hversu þeir tækju því, en með ráðum þeirra beztu manna í hv. Ed. hallaðist ég að því og gerði það raunar með þeirra tilstyrk að flytja þáltill. í þessu tilfelli, þegar um var að ræða stýrimenn og skipstjóra, með mjög góðum árangri og hafði hugsað mér að halda þeirri aðferð áfram hvað snertir réttindi vélstjóranna í þetta sinn. En ég fékk sem sagt það í fangið hjá hæstv. ríkisstj., þegar ég flutti það mál, að það væri alveg óþarfi fyrir mig að vera að flytja þessa þáltill., vegna þess að hæstv. ríkisstj. væri að koma með þetta nál. og erindi inn á þingið, sem síðan hefur ekki komið.

Mér þykir það eiginlega hafa verið furðuleg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj. eftir orðum hæstv. sjútvmrh. núna að dæma, eftir því, hvað hann leggur mikla áherzlu á, að nauðsynlegar lagfæringar fáist í þessu efni, sem ég ekki vefengi, heldur hefði viljað gera mig að talsmanni fyrir. Mér virðist þess vegna, að hæstv. sjútvmrh. hefði átt að sjá um það, að niðurstaða þeirrar n., sem sett var til að rannsaka þetta mál á sínum tíma, hefði legið fyrir eða þá skipuð hefði verið önnur n., þegar búið væri að hreyfa því með till. til þál. hér á hv. Alþ. En vinnubrögðin gagnvart henni voru þau, að henni var af hv. allshn. Sþ. vísað til ríkisstj. með rökstuddri dagskrá, sem segir þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem sérstök n. hefur fjallað um endurskoðun laga um réttindi vélstjóra og hefur lokið störfum og í trausti þess, að ríkisstj. leggi fljótlega fyrir Alþ. frv. um málið, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.“

Henni er sem sagt vísað til ríkisstj. á þessum forsendum.

Mér virðist, að ríkisstj. hafi að sínu leyti ekki gefið málefnum vélstjóranna né þeirra þörfum nægilegan gaum, þar sem í þessu tilfelli, sem ég nefndi, rökstudd till. og bænarskrá frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja var í höndum hæstv. sjútvmrh. í miðjum janúar þessa árs.

Hæstv. ríkisstj. hefur svo hallazt að hinu að styðja þetta frv., sem fyrir liggur, og skal ég ekki lasta það, en þykir þó leitt, að í það hefur verið settur sá kafli í Nd., að það má segja, að þó að það sé samþ., sem í því stendur núna, er þar ekki tjaldað nema til einnar nætur, ef sá kafli verður virtur af ríkisstj., sem ekki ber að efast um, þar sem heitið er endurskoðun á ákvæðum þessara laga núna á næstunni, á að verða lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi, og má þá ætla, að taka verði tillit til þeirra mótmæla að einhverju leyti, sem komið hafa fram frá Vélstjórafélagi Íslands og fleiri aðilum við meðferð þessa máls. Ég vil benda á, að það getur haft þær afleiðingar í för með sér, að þessi réttindi verði kannske ekki að gagni, og er þar eingöngu um að kenna hæstv. ríkisstj., sem ekki hefur sinnt þessu máli á réttan þinglegan hátt, eins og það hefur verið fram borið og fram lagt, og hvergi nærri í samræmi við yfirlýsingar hæstv. menntmrh. og viðbrögð hans, þegar till. mín til þál. var lögð fram í fyrsta sinn hér á þingi, og verður þetta enn þá undarlegra, þegar hæstv. sjútvmrh. lýsir yfir sinni sannfæringu um endurbætur á þessu máli, sem kom fram í hans ræðu hér áðan.

Ég vildi láta þessar athugasemdir koma fram, um leið og ég bendi á það, að ég er einn af þeim, sem mæla með, að frv. verði samþ. með breytingum. Ég vildi láta þessar aths. koma fram til skýringar þessu máli og þeim vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft til að koma málinu í rétta átt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það var aðeins örstutt aths. — Eins og hv. þm. Vestm. (JJós) veit eflaust manna bezt, þá var þessum málum þannig fyrir komið, að það má segja, að þessi mál séu nokkuð tvíþætt. Annars vegar er löggjöf um menntun vélstjóra, kennslumál öll, sem lúta undir menntmrh., og það var í tíð fyrrv. ríkisstj., sem sú n., sem hann vitnaði í, var skipuð til þess að endurskoða þá löggjöf, og það er málefni menntmrn. Það er talsvert umfangsmikið og flókið mál að koma sér þar niður á heildarskipulag í öllum kennslumálum í sambandi við vélfræðikennslu. Það er sem sagt mál, sem ekki flokkast undir mig og ég hef ekkert með að gera og hef ekki haft áhrif á, þó að ég hafi m. a. samkvæmt áeggjan hv. þm. Vestm., sem hefur verið sérstakur áhugamaður um það að fá þær leiðréttingar fram, sem í þessu frv. felast, engu síður en í sambandi við réttindi skipstjórnarmanna, — að þá hef ég innt eftir því, hvort þessi n. á vegum menntmrn. skilaði ekki störfum og hvort ekki væri hægt að taka þetta mál fyrir þannig sem heild. En þetta hefur ekki gengið, vegna þess að þarna hefur verið

flókið og umfangsmikið mál og mikill ágreiningur uppi.

En hinn þáttur þessa máls er svo aftur sá, sem snýr beinlínis að atvinnu við siglingar og kemur fram í því og flokkast þar með undir mig, að til skulu þó jafnan vera menn, sem hafa réttindi til þess að stjórna t. d. okkar fiskibátum, bæði vélum þeirra og svo aftur með skipstjórnarréttindum, og það fellur undir mitt rn. að hafa með það að gera að veita undanþágur, þegar það reynist óhjákvæmilegt, af því að það er ekki hægt að manna skipin mönnum með full réttindi, eins og komið er. Það er ekkert launungarmál, að það hefur ekki aðeins komið frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja bréf til rn. varðandi þetta öngþveitisástand, sem hefur lengi verið ríkjandi varðandi réttindi vélstjóra á fiskibátum. Það hafa komið bréf frá mörgum fleiri aðilum víða á landinu, sem hafa fundið, í hvers konar óefni þetta er komið, og það, sem ég legg því áherzlu á í þessu efni, er það sama og var í sambandi við skipstjórnarréttindin, að eins fljótt og kostur er á verði gerð breyting varðandi réttindi vélstjóranna, einkum fyrir fiskiskipin, svo að hægt sé að hafa þar eitthvað eðlilegt eftirlit á, en það er ekki eins og nú er.

Auk þess verður maður að segja það, að þetta undanþágufargan, eins og það er, getur í mörgum tilfellum komið mjög óréttilega út. Það hefur verið sá háttur á að veita mönnum undanþágu til þess að mega vera vélstjórar á fiskibát í tiltekinn tíma, 3 eða 4 mánuði. Þannig hefur þetta oft verið veitt fyrir viðkomandi vertíð, en svo allt í einu býðst einhver maður með meiri réttindi eftir þann tíma, og þá verður að flæma þann mann frá starfinu, t. d. að aflokinni vetrarvertíð, sem mátti vera á bátnum með leyfi stjórnvalda yfir háveturinn, þegar mest á reyndi, en er svo aftur flæmdur af sama báti rétt á eftir eða í lok vetrarvertíðar, þegar einhver annar kemur. Hið eðlilega er vitanlega að breyta gildandi ákvæðum í þessum efnum, eftir því sem reynslan hefur sannað og sýnt að er þörf á og eðlilegt, og af því held ég, að ekki sé eftir neinu að bíða með að lögfesta þessi ákvæði, sem þetta frv. felur í sér. Hitt er svo aftur að vinna að því áfram, eins og líka bráðabirgðaákvæði í þessu frv. gerir ráð fyrir, að reynt verði að hraða þeim undirbúningi, sem í gangi hefur verið, að lagt verði hér fram frv. á Alþ. um kennslumál vélstjóra almennt og það þá tekið til afgreiðslu, en samþykkja eigi að síður þá brtt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem leysir þar með hjá okkur allverulega mikinn vanda.

ATKVGR.

Till. frá þm. N-Ísf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 9:5 atkv.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 553,1 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 553,2 (ný 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 553,3 (ný 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 553,4 (ný 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 553,5 (ný 10. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 553,6 (ný 11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 553,7 (ný 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 553,8 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 553,9 (ný 14. gr., verður 15. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 109. fundi í Ed., 28. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 562, 564).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. flytur á þskj. 564 þrjár brtt. til viðbótar þeim, sem hún hefur áður flutt við frv. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Þessar brtt. eru ekki stórvægilegar og raska ekki í neinu þeim tilgangi, sem frv. er ætlaður. Tvær fyrri brtt. eru nánast leiðréttingar, sem er nauðsynlegt að gera, til þess að fullt samræmi verði í frv., og þriðja till. er það raunar líka, en auk þess er í henni að finna nánari skýringar, sem n. hefur talið nauðsynlegt að væru gerðar til samræmis við aðrar breytingar frv.

Allar þessar brtt. eru fluttar í samráði við Vélstjórafélag Íslands og með fullu samþykki þess. Því miður náðist ekki til allra nm. í sjútvn., tveir voru fjarstaddir, þegar gengið var frá þessum brtt., en ég hygg þó, að allir nm. muni fallast á þær og standa að þeim.

ATKVGR.

Brtt. 564,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 564,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 564,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 108. fundi í Nd., 29. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 575).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr. (A. 575, 578).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 578 að bera fram brtt.: Í fyrsta lagi við 4. gr., að a-liður orðist svo: „hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipum með yfir 100 hestafla vél í 24 mánuði eða sem vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi yfir 12 smálestir í 24 mánuði.“ Í öðru lagi við 6. gr., að a-liður orðist svo: „hefur staðizt próf frá yngri deild vélskólans í Reykjavík eða staðizt hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands.“

Í sambandi við fyrri till. vil ég benda á, að þar er farið fram á þá breytingu, að sett sé inn í frv., að maðurinn skuli hafa stundað vélgæzlu á 12 smálesta skipi í 24 mánuði. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, þá er skráð

á öll skip yfir 12 smálestir, en ekki undir 12 smálestum, enda þótt þau séu á skipaskrá, og þar af leiðandi er þetta fyrsta skilyrðið til þess, að maður geti sannað á lögmætan hátt siglingatíma sinn, að hann hafi verið skráður á skip. Það virðist því öll sanngirni mæla með því, að þetta verði tekið inn í frv. og sú breyting á því gerð.

Í öðru lagi er það, að próf frá yngri deild vélskólans í Reykjavík verði tekin til jafns í þessu tilfelli og 6 mánaða námskeið hjá Fiskifélagi Íslands, en eins og allir hv. alþm. vita, þá er það nú þannig með þetta mál enn þá og þessi lög, að þeir, sem hafa gengið í gegnum fyrsta bekk eða tekið hið minnsta próf vélstjóra við vélskólann í Reykjavík og verið 4 ár í smiðju, þeir hafa ekki sama rétt og þeir, sem hafa verið í 6 mánuði á námskeiðum hjá Fiskifélagi Íslands, og það virðist öll sanngirni mæla með því, að 5 ára nám sé tekið til jafns við 6 mánaða námskeið hjá Fiskifélaginu. Og það er alveg gefinn hlutur, að þetta yrði náttúrlega eitt af meginskilyrðunum til þess að útiloka þær leiðu undanþágur, sem um hefur verið talað í sambandi við málið, að þarna fengju 40—50 menn réttindi til þess að verða vélstjórar á skipum allt að 900 hestöflum. Það er rétt, að það er mikill hörgull á mönnum oft og tíðum á skip með vélum af þessari stærð, og það hefur m. a. verið vegna þess, að þessir menn hafa ekki haft réttindi til þess að gæta slíkra véla, en úr þessu mætti bæta á þennan hátt að dómi margra kunnugra manna.

Það má og geta þess, að það er ekki aðalatriðið í sambandi við þessi mál að vera að veita aukin réttindi fyrir litla menntun eða enga aukna þekkingu í vélfræðinni, heldur hitt, að reyna að samræma vélkennsluna yfirleitt. Það var hugsjón þeirra manna, sem fyrir þessu börðust í upphafi, að frv. yrði breytt, að auka þannig á þekkingu manna og samræma hana, svo að allir mættu vel við una, með því að láta hið meira vélapróf við mótordeild Fiskifélags Íslands fara fram undir yfirstjórn vélskólans í stað þess að binda það við Fiskifélagið, eins og áður hefur verið. Þá má enn fremur geta þess, að nú á síðustu 2—3 árum hafa þessi námskeið verið sótt mjög slælega. Það hafa verið 4 eða 5 menn annan veturinn og 3 annan á þessu námskeiði hjá Fiskifélaginu, þ. e. meiraprófsnámskeiðinu, en kennararnir eru, eins og allir vita, 6, svo að það er náttúrlega engin hagfræði í því að starfrækja þetta námskeið á þennan hátt, eins og verið hefur, heldur væri hitt heppilegra og eðlilegra, að það væri allt saman undir sömu stjórn og vélskólinn. Það er því einlæg ósk allra þeirra, sem um þessi mál hafa mest hugsað og talað, og það eru þeir, sem eiga við þetta að búa, vélstjórarnir í Vélstjórafélagi Íslands og mótorvélstjórarnir í Mótorvélstjórafélagi Íslands, að það verði sem fyrst gengið í að endurskoða eða samræma þessar skoðanir manna og sjónarmið og fyrir næsta Alþ. verði lagt fram frv. um það, að því verði breytt þannig, að það komi í framtíðinni til þess að láta gott af sér leiða í sambandi við vélskólann. Þeir hafa sagt einnig, að þeir gætu hugsað sér, að það væri ekki óeðlilegt, að hin minni mótornámskeið væru áfram undir stjórn og rekin af Fiskifélagi Íslands, en hins vegar hið meira námskeið væri samræmt við vélskólann, og það er trú þeirra, eins og ég sagði áðan, að með því megi í náinni framtíð og um langan tíma útiloka þær hvimleiðu undanþágur, sem hér er verið að berjast við, með því að veita þessi auknu fríðindi, sem farið er fram á í frv. og margir telja að hefði átt að gera með því að samræma kennsluna fyrr.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta mál hefur nú farið í gegnum þrjár umr. í hvorri deild þingsins og tekið breytingum allverulegum frá því, sem það var upphaflega lagt fram. Þessar breytingar eru flestar eða raunar allar gerðar eftir tilmælum aðila, sem telja sig málið varða, og hér eru enn gerðar brtt. Hv. 5. þm. Reykv. hefur lagt þær hér fram á þskj. 578.

Ég hygg, að hér sé um að ræða breyt., sem fram eru komnar að tilhlutan Vélstjórafélags Íslands, en það félag hefur þegar áorkað því, að verulegar breyt. hafa verið gerðar á frv. Hins vegar lagði það félag ekki fram sínar brtt. við frv., á meðan það var hjá n. í þessari hv. d., og hefur þess vegna sjútvn. hér ekki fjallað sérstaklega um þessar till., sem hér liggja fyrir. Mér sýnist þó um hina fyrri þeirra, að hún sé í nokkru ósamræmi við það, sem áður hefur verið haldið fram af hv. flm. hér í d., því að það þótti of lágt mark, eins og upphaflega var í frv., að miða réttindin við 15 ha. vélar að lágmarki, eins og gert er í gildandi lögum, og þar af leiðandi tók sjútvn. þessarar d. allt slíkt lágmarksákvæði út, og fylgir þar með þetta ákvæði algerlega lögskráningunni á fiskiskipin, svo að ég sé ekki annað en þessi brtt., eins og hún er hér skýrð af flm., sé með öllu óþörf.

Um hina síðari brtt. á sama þskj. skal ég taka það sérstaklega fram, að ég er ekki eins sannfærður um það, að hún sé efnislega út í bláinn, eins og um hina fyrri. Hitt er annað mál, að einmitt þeir aðilar, sem nú telja, að hér vanti sérstök ákvæði fyrir ákveðinn hluta af þeim vélstjórum, sem lokið hafa prófi frá Vélskóla Íslands, hafa í heildinni talið, að málið allt mætti bíða og ætti að bíða. Ef hér er um að ræða eins brýna þörf á breytingu og látið hefur verið í veðri vaka, þá held ég, að lítið sé orðið úr þeirri afstöðu talsmanns og flutningsmanns þessarar till., að málið allt eigi að bíða. Ég sé ekki annað en að á því lokastigi, sem málið er nú, þá sé hér borin fram till. fremur til þess að setja það í hættu, að málið nái framgangi hér á þessu þingi, heldur en hitt, að eins sé aðkallandi um breytinguna og hér hefur verið látið í veðri vaka.

Ég mun þess vegna með tilliti til þess, að komið er fast að þinglokum, leggjast gegn því, að þessar till. verði samþ., en legg áherzlu á, að d. afgreiði málið einmitt nú við þessa umr. endanlega.

Ásgeir Sigurðsson: Herra forseti. Ég veit eki, hvort ég tók það nógu skýrt fram áðan, að

það, að þessi fyrri brtt. var lögð fram, var vegna þess, að það er ekki tekið fram í frv., eins og það liggur fyrir, að það eigi að sanna á lögmætan hátt, að mennirnir hafi siglt þennan tíma. En það virðist þó vera það minnsta skilyrði, sem hægt er að gera, til þess að mennirnir fái þau réttindi, sem þeim á að veita, að þeir geti sannað það á lögmætan hátt með lögskráningu á skip, að þeir hafi siglt í 24 mánuði sem slíkir, áður en þeir fá réttindin, svo að ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 2. landsk., að þetta sé óþörf tillaga og ekki tímabær og komi í bága við það, sem áður hefur verið sagt.

Í öðru lagi vil ég út af því, sem hann sagði um síðari breytinguna, aðeins segja það, að það er ekki vegna þess, að mennirnir áliti ekki, að einmitt það, sem sagt var við 1. umr., að málið hefði sennilega verið betur afgreitt með því að afgreiða það í eitt skipti fyrir öll á næsta þingi, þar sem menn voru búnir að koma sér saman um það, og að þess vegna mætti bíða til næsta þings, það væri ekki vegna þess endilega, að það væri svo bráð nauðsyn á þessum breytingum inn í lögin, að þeir komu með þessa brtt., heldur er það vegna þess, að úr því að verið er að samþ., að menn af 6 mánaða mótornámskeiði fái þessi auknu réttindi, sem eru mjög miklar líkur fyrir að ekki verði kippt út úr lögunum aftur, þegar það er einu sinni komið inn í þau, að þá sé ekki nema sanngjarnt, að menn með 5 ára námið fái einnig sömu réttindi. Það er meginatriðið í þessu máli eða mergurinn málsins, en ekki hitt, að það sé nú búið að skipta um skoðun í málinu. Skoðunin er öll hin sama, að það hefði verið eðlilegast og heppilegast, úr því að vélstjórar og mótorvélstjórar voru í eitt skipti búnir að koma sér saman um niðurstöður á því, hvað sanngjarnt væri, að hver fyrir sig fengi fyrir sína menntun í hestaflatölu við vélgæzlu, að þá væri unninn það stór sigur, að það hefði borgað sig að bíða í 3—4 mánuði til þess að setja endahnútinn á þann mikla sigur með því að ganga frá frv. og lögum á næsta Alþ. um þetta mál.

ATKVGR.
Brtt. 578,1 felld með 14:7 atkv.
— 578,2 felld með 15:6 atkv.
Frv. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 588).

52. Sjúkrahúsalög.

Á 24. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 [56. mál] (þmfrv., A. 89).

Á 25. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Við hv. 2. landsk. þm. (KGuðj) höfum leyft okkur að flytja frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr. og er um breytingar á gildandi sjúkrahúsalögum frá 31. des. 1953.

Breyting sú, sem hér er farið fram á að gerð verði á sjúkrahúsalögunum, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrri mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsum á ári hverju og nemur 15 kr. á hvern legudag. Þó skulu þau sjúkrahús, er hærri styrks njóta, er lög þessi taka gildi, halda honum óskertum.“

Í grg., sem fylgir þessu frv., er bent á, að í gildandi sjúkrahúsalögum er ríkisstyrkur til sjúkrahúsa ákveðinn í þrennu lagi eftir því, hvað sjúkrahúsin eru stór eða hafa mörg sjúkrarúm, þannig að stærstu sjúkrahúsin, þau sem hafa 100 sjúkrarúm eða fleiri, fá hæstan dagstyrk, þ. e. 20 kr. á hvern legudag sjúklinga sinna. Sjúkrahús með 20—100 sjúkrarúmum fær 10 kr. dagstyrk. En minnstu sjúkrahúsin, þau sem hafa innan við 20 rúm, fá aðeins 5 kr. dagstyrk á hvern legudag. Þannig er þessum málum fyrir komið, að þau sjúkrahús, sem mesta þörf hafa fyrir að fá háan styrk vegna rekstrarörðugleika, sem m. a. orsakast af því, hvað sjúkrahúsin eru lítil, eru ekki talin styrkhæf nema að ¼ eða helmingi á við hin stærri sjúkrahús.

Einhver skilyrði munu vera sett um þjónustu á hinum styrkhærri sjúkrahúsum a. m. k., en það stendur þó óhagganlegt, að hversu fullkomna þjónustu og aðbúnað sem hin smærri sjúkrahús veita, eru þau ekki talin styrkhæf nema að ¼ og helmingi á við stærri húsin.

Þessi ákvæði í núgildandi sjúkrahúsalögum eru í fullkomnu ósamræmi við þá alkunnu reglu, að rekstur fyrirtækja er í langflestum tilfellum fjárhagslega erfiðari, eftir því sem umsetning þeirra er minni. Ekki verður séð, að rekstur sjúkrahúsa sé nein undantekning frá þessari almennu reglu, nema síður sé. Það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, að sjúkrahús, stór og smá, verða að vera útbúin með sem beztum og fullkomnustum tækjum. Mörg af nauðsynlegustu áhöldum sjúkrahúsanna eru mjög dýr og oft og tíðum ofviða fátækum bæjar- og sveitarfélögum að geta eignazt þau, ef ekki kæmi til fjárhagslegur stuðningur og bein aðstoð margs konar menningar- og líknarfélaga og svo alls almennings í viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum. Þetta er svo algengt og á allra vitorði, að um það þarf út af fyrir sig ekki að hafa fleiri orð. Til kaupa á nauðsynlegum sjúkratækjum þarf mikið fé, og sem sagt verður það ekki leyst á hinum smærri stöðum, nema til komi almenn aðstoð og hjálp almennings, sem bæina og sveitarfélögin byggir.

Hið mikla misræmi og óréttlæti, sem í því liggur, að ríkisstyrkurinn til sjúkrahúsanna skuli ekki vera að mestu sá sami á legudag, hvar sem er á landinu, er hrein og bein óhæfa. Slíkt fyrirkomulag er vart þolandi öllu lengur.

Við flm. viljum með frv. þessu freista þess að fá fram leiðréttingu á því ósamræmi, sem er í núgildandi styrktarákvæðum til sjúkrahúsanna. Við bendum á í grg., að ef allur sjúkrahússtyrkurinn yrði jafnaður, þannig að hann yrði 15

kr. á legudag til allra sjúkrahúsa, sem hann skv. sjúkrahúsalögunum nær til, mundi ekki verða um neina teljandi útgjaldabreytingu að ræða fyrir ríkissjóð frá því, sem nú er. En við lítum þó svo á, að hafi einhver réttlæting verið til að ákveða stærstu sjúkrahúsunum 20 kr. styrk á hvern legudag, eins og gert var við setningu laganna frá 1953, þá sé vart forsvaranlegt eða sanngjarnt að lækka hann nú, þar sem vitað sé, að sjúkrahúsarekstur mundi ekki hagkvæmari nú en þá var. Fyrir því höfum við flm. ekki viljað hrófla við 20 kr. gjaldinu og leggjum því til, að það gjald haldist óbreytt hjá þeim sjúkrahúsum, sem það nú hafa og hafa yfir 100 sjúkrarúm, en að styrkur allra smærri sjúkrahúsanna hækki úr 5 eða 10 kr. á legudag í 15 kr. og verði þannig stefnt að jöfnuði milli stórra og minni sjúkrahúsa og þar með lagfært það ranglæti, sem í gildi hefur verið undanfarin ár.

Það er mikið rætt og ritað um nauðsyn þess að koma á jafnvægi í byggð landsins, stöðva fólksflutninga hingað suður o. s. frv. Ekki duga nú orðin ein. Athafnir þurfa að fylgja í kjölfar loforðanna. Misræmið og óréttlætið í þessu eina máli hefur sína sögu að segja og er lítt viðunandi og verður að leiðréttast. Fátæk bæjar- og sveitarfélög fá vart undir því risið að greiða árlega hundruð þúsunda króna í rekstrartap til sjúkrahúsanna, sem lægstan styrk fá, á sama tíma sem þau sjúkrahús, sem fá hæsta styrkinn, eru rekin hallalítil eða jafnvel með ágóða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, svo ljóst sem það virðist liggja fyrir. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 95., 96., 100. og 101. fundi í Nd., 14., 16., 19. og 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 22. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 89, n. 503, 520, 522).

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. á þskj. 89 á nokkrum fundum sínum. Í n. hafa komið fram dálítið skiptar skoðanir á efni frv. Allir nm. eru þó sammála um, að ég tel, að nauðsynlegt sé að gera breytingar á sjúkrahúsalögunum frá 31. des. 1953 í þá átt að hækka ríkisstyrkinn til hinna ýmsu sjúkrahúsa og þá fyrst og fremst til þeirra sjúkrahúsa, sem veita viðhlítandi þjónustu. Eins og þessum málum er nú háttað, er ríkisstyrkurinn ákveðinn í þrennu lagi, og er styrkveitingin miðuð við stærð sjúkrahúsanna. T. d. fá sjúkrahús, sem hafa 100 rúm eða fleiri, 20 kr. á hvern legudag, sjúkrahús með 20—100 sjúklinga fá í dagstyrk 10 kr., en minnstu sjúkrahúsin hafa aðeins 5 kr. dagstyrk.

Síðan þessi dagstyrkur var ákveðinn, hefur allt verðlag stórlega hækkað og er nú því í engu samræmi lengur við tilkostnaðinn. Það er því hin mesta nauðsyn að dómi okkar flm. á því að hækka dagstyrkinn frá því, sem nú er.

Flm. frv. hafa rætt frv. við hæstv. félmrh., sem hefur tjáð sig vera samþykkan því, að gerðar yrðu breytingar á daggjöldunum til hækkunar. Hæstv. félmrh. hefur kynnt sér brtt. þær, sem heilbr.- og félmn. flytur við frv. og eru á þskj. 503, og tjáð sig samþykkan þeim. Brtt. heilbr.- og félmn. eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélags, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 20 kr. á legudag."

Í frv. var lagt til í upphafi, að öllum viðurkenndum sjúkrahúsum landsins, reknum af sýslu-, bæjar- eða sveitarfélagi, yrðu greiddar 15 kr. á hvern legudag. Þau sjúkrahús, sem hærri dagstyrks njóta, þegar lög þessi taka gildi, skyldu halda honum óskertum áfram, þ. e. 20 kr. á hvern legudag. Í brtt. n. er lagt til að flokka sjúkrahúsin í þrjá flokka: 1) Almenn sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga svo og einkasjúkrahús fái greiddar 10 kr. á legudag. 2) Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni, 15 kr. á legudag. 3) Fjórðungssjúkrahús 20 kr. á legudag, eins og verið hefur að undanförnu.

Við till. heilbr.- og félmn. á þskj. 503 hafa komið fram brtt. frá hv. þm. Borgf. á þskj. 522, að færa sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga upp í sama flokk og fjórðungssjúkrahús, eða í 20 kr. Þá flytur hv. 2. þm. Eyf. brtt. á þskj. 520 um, að sjúkrahús fái 25 kr. á legudag.

Heilbr.- og félmn. hefur ekki haft tækifæri til að ræða fram komnar brtt., og get ég því ekki sagt neitt um skoðun meðnefndarmanna minna á þessum brtt. Ég tel, að til mála geti komið, að flm. tækju till. aftur til 3. umr., án þess þó að ég mæli með brtt. á þessu stigi.

Flest, ef ekki öll sjúkrahús landsins, hafa sótt það allfast að fá hækkun daggjalda. Er það ekki nema eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, að verðlag hefur stórlega hækkað, eins og ég hef áður bent á, og að sífellt eru gerðar auknar og meiri kröfur til sjúkrahúsanna um aukna og betri þjónustu. Ég skal taka það fram, að ég tel, að fara verði eða eigi mjög varlega í það að auka útgjöld ríkissjóðs frá því, sem nú er, og að því ber að stefna að koma á frekari sparnaði en nú er í rekstri hins opinbera, en óeðlilegur sparnaður í heilbrigðisþjónustu landsins er stórhættulegur. Það er öllum ljóst, að sjúkrahúsin eru yfirleitt rekin með stórtapi, og févana bæjar- og sveitarfélög verða að greiða þetta tap úr févana sjóðum sínum. Tap sumra sjúkrahúsanna

nemur árlega mörgum hundruðum þúsunda króna. Allir hljóta að vera sammála um það, að hér er um stórt vandamál að ræða. Það er því ekki að ófyrirsynju, að fram hafa komið kröfur til ríkisvaldsins um aukna fjárhagslega aðstoð til sjúkrahúsanna frá því, sem nú er.

Flm. hafa látið reikna út, hvað kostnaður við þessar breytingar muni nema hárri upphæð, eftir því sem hægt er að komast næst, og er þá miðað við till. n. á þskj. 503. Baldur Möller fulltrúi í dómsmrn. hefur látið framkvæma þennan útreikning, og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef miðað er við, að breytingin á sjúkrahúsalögunum komi til framkvæmda um greiðslur þessa árs, sem greiddar eru af fjárveitingu 1958, en miðaðar við legudagafjölda 1957, nema St. Jósefssjúkrahús í Reykjavík og Hafnarfirði, sem fá greiðslu með sérstakri fjárveitingu og fá greitt eftir á skv. legudagafjölda ársins, mundi kostnaðaraukinn vegna þeirra sjúkrahúsa, sem notið hafa 5 kr. styrks pr. legudag, miðað við styrki vegna legudagafjölda 1956 skv. fjárlögum 1957, en gert er ráð fyrir að fái 10 kr. pr. legudag“ — og svo er hér upptalning á þeim sjúkrahúsum, sem falla undir þetta ákvæði eða þessa grein frv., það eru Húsavík, Hvammstangi, Seyðisfjörður, Patreksfjörður, Blönduós, Hólmavík, Hvitabandið í Reykjavík, Flateyri, Egilsstaðir, Sauðárkrókur, Vopnafjörður, — „verða 252395 kr.“

Svo segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er unnt að sjá fyrir, hvaða sjúkrahús yrðu talin fullnægja kröfum 2. tölul. 11. gr. sjúkrahúsalaganna samkvæmt frv. En ætla verður, að það mat yrði að miðast við ástand ársins 1957, þar sem miðað er við legudaga á því ári um greiðslu 1958. Ef miðað er við, að Siglufjörður, Ísafjörður, Vestmannaeyjar, Akranes, Keflavík, Neskaupstaður og bæjarspítalinn í Reykjavík uppfylltu skilyrði frv., þá mundi kostnaðaraukinn af þeirri upphæð, úr 5 kr. eða 10 í 15, og er þá reiknað með legudagafjölda 1957 á öllum stöðum nema Siglufirði, sem er reiknað með legudögum 1956, nema 436 080 kr. eða samtals eftir þessum útreikningi mundi kostnaðaraukinn fyrir ríkissjóð nema 688 475 kr.“

Eftir þessum útreikningi er sem sagt þessi kostnaðarauki, sem þarna er og hefur verið reiknaður út, tæpar 700 þús. kr. Það verður ekki annað séð en hér sé mjög hóflega í farið, enda benda fram komnar brtt. frá hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Eyf. á, að þeim finnst, að of skammt sé gengið með hækkun á daggjaldinu. Þegar það er haft í huga, að ríkið greiðir á annað hundrað krónur á hvern legudag til landsspítalans, verður að teljast fyllsta sanngirni, að önnur sjúkrahús fái einhverja daggjaldahækkun frá því, sem nú er.

Ég vil svo að lokum enn á ný mæla með samþykkt brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 503.

Þess skal svo að lokum getið, að einn af meðlimum hv. heilbr.- og félmn., hv. 1. þm. Skagf., hefur skrifað undir frv. með fyrirvara.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að þær brtt., sem hér liggja fyrir, hef ég átt kost á að kynna mér, og að athuguðu máli í ráðuneytinu tel ég, að þó að þessar brtt. valdi ríkissjóði nokkurri útgjaldahækkun, þá sé þetta, sem þarna er lagt til, miðað við fjárhagsafkomu þeirra sjúkrahúsa, sem þar eiga hlut að máli, óhjákvæmileg hækkun.

Það eru nokkur ár síðan þessi gjöld voru ákveðin 5 kr. til smæstu sjúkrahúsanna, 10 kr. til annarra og 20 kr. til fjórðungssjúkrahúsa, og útgjöld þessara stofnana hafa vaxið mjög síðan. Þess eru dæmi, að eitt bæjarfélag hefur orðið að borga á s. l. ári á 7. hundrað þús. kr. með sínu sjúkrahúsi, þó að það sjúkrahús sé að miklu leyti í þjónustu heils landsfjórðungs. Slík byrði er að mínu áliti of þung á lítið bæjarfélag, eins févana og þau yfirleitt eru, og þarna held ég að sé mjög hófsamlega í sakir farið með að hækka daggjöldin úr 5 kr. í 10 hjá þeim, sem lægstan dagstyrk fá, og úr 10 í 15 kr. hjá sjúkrahúsum í hinum stærri kaupstöðum og láta heldur fjórðungssjúkrahúsin sitja við sama og þau hafa, eða 20 kr. dagstyrk, eins og þau hafa haft. Það fjórðungssjúkrahús, sem þess dagstyrks hefur notið, veit ég ekki annað en hafi verið rekið hallalaust s. l. ár og tel þannig ekki ástæðu til þess að hækka það núna. Þar af leiðir, að ég er andvígur þeirri till., sem borin er fram af hv. 2. þm. Eyf., hygg ég, um það, að fjórðungssjúkrahús fái sinn dagstyrk hækkaðan úr 20 kr. í 25, tel það ekki brennandi nauðsyn, eins og sakir standa, miðað við þá vitneskju, sem fyrir liggur um afkomu þess fjórðungssjúkrahúss, sem 20 kr. dagstyrks hefur notið.

Þá tel ég ekki heldur ástæðu til þess að hækka styrk sýslu- og bæjarsjúkrahúsa meira en úr 10 í 15, eða um þriðjung, í þessu skrefi, ekki í 20, eins og lagt er til af öðrum hv. þm., ef um sjúkrahús er að ræða, sem rekin eru að meginstofni fyrir viðkomandi bæjarfélög, en ættu, ef þau eru eign bæjarfélags og þjóna fyrir heilan landsfjórðung, að falla undir hugtakið fjórðungssjúkrahús og þannig að njóta 20 kr. dagstyrks, en að öðrum kosti að vera með 15 kr. dagstyrk og njóta þá 33% hækkunar frá því, sem verið hefur. Með því að halda þannig á málum tel ég, að sá útgjaldaauki, sem ríkissjóður verður fyrir við þessa lagabreytingu, sé nauðsyn, en líka nokkurn veginn sómasamlega mætt þeirri réttmætu kröfu, sem bæjarfélögin eiga á því, að ríkið geri ráðstafanir til þess að létta eitthvað svolítið byrði þessara bæjarfélaga af rekstri sjúkrahúsanna, en nú er sú byrði í sumum tilfellum nálega ofurefli þeirra.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Nd., 23. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þá brtt., sem hv. heilbr.- og félmn. gerir við frv. sjálft, en brtt. n. er á þskj. 503. Till. mín er þess efnis, að nokkur hækkun verði gerð á rekstrarstyrk fjórðungssjúkrahúsa, svo sem lagt er til af nefndinni að gert verði varðandi styrk til annarra sjúkrahúsa. Hv. frsm.

heilbr.- og félmn. gerði grein fyrir því við upphaf þessarar umr., að talin hefði verið brýn nauðsyn að hækka þennan rekstrarstyrk nokkuð, en till. n. er um það, að hann verði hækkaður sem svarar 5 kr. á legudag fyrir þær tvær tegundir sjúkrahúsa, sem þar eru tilgreindar, eða tvo sjúkrahúsaflokka. En aftur á móti hefur n. ekki séð sér fært að gera ráð fyrir nokkurri hækkun á styrk til fjórðungssjúkrahúsa.

Þetta virðist mér næsta einkennilegt. Því er að vísu haldið fram, að rekstrarafkoma þess fjórðungssjúkrahúss, sem hér er að svo stöddu eitt um að ræða undir þessum flokki, fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, hafi verið það sæmileg, að ekki þyki ástæða til þess að hækka styrkinn af þeim sökum.

Ég hygg nú, að við nánari athugun á rekstrarhag og afkomu þess sjúkrahúss muni það fljótt koma í ljós og geti naumast hafa dulizt fyrir nm., að því fer fjarri, að hagur þess sjúkrahúss sé sérstaklega góður, og miðað við þann stórvaxandi kostnað, sem er við allan slíkan rekstur, þá er það augljóst mál og enda vitað eftir upplýsingum, sem fyrir liggja frá forráðamönnum þess sjúkrahúss, að þar er um að væri að gera ráð fyrir, að tilkostnaður á fjórðungssjúkrahúsum væri mun meiri en á öðrum sjúkrahúsum.

Till. sú, sem ég flyt hér um þetta efni, er mjög hófsamleg að minni hyggju, því að miðað við það hlutfall, sem áður var talið eðlilegt á milli sjúkrahúsanna, fjórðungssjúkrahúsa annars vegar og annarra sjúkrahúsa hins vegar, þá hefði hækkunin átt að verða mun meiri, ef sama hlutfall hefði átt að ráða. Ég hef hins vegar í till. minni miðað við þá mjög hófsamlegu hækkun, að hér yrði aðeins um að ræða 5 kr. hækkun á legudag eins og hjá öðrum sjúkrahúsum, þó að viðurkennt hafi verið upphaflega, að eðlilegt væri og að gera ráð fyrir, að tilkostnaður á fjórðungssjúkrahúsum væri mun meiri en á öðrum sjúkrahúsum.

Það var tekið fram af hv. frsm. n., að kostnaður á legudag í landsspítalanum eða halli af rekstri hans væri á annað hundrað kr. á legudag, sem ríkið yrði að greiða. Það getur því naumast neinum manni dulizt, að þess er ekki að vænta, að fjórðungssjúkrahús og það fjórðungssjúkrahús, sem hér er um að ræða á Akureyri, er mjög fullkomið sjúkrahús í fleiri deildum, að það geti búið við aðeins 20 kr. á legudag, þannig að auðið sé að reka sjúkrahúsið á þeim grundvelli. Ég vildi því mjög eindregið fara þess á leit og treysta á stuðning hv. n. til þess að fá því framgengt, að þessi smávægilega hækkun yrði gerð á fjórðungssjúkrahúsum. Það getur ekki munað nema hverfandi litilli upphæð fyrir ríkissjóðinn, þó að þetta yrði samþykkt, þar sem hér er aðeins um eitt sjúkrahús að ræða. Það er að vísu gert ráð fyrir fleiri slíkum sjúkrahúsum, en ég held, að þessi ósk verði að teljast fullkomlega sanngjörn. Hugsunin með því að koma upp fjórðungssjúkrahúsum byggist einmitt á því, að í hverjum fjórðungi verði komið upp fullkomnu sjúkrahúsi, sem geti leyst þann vanda, sem hin smærri sjúkrahús í fjórðungnum ekki geta leyst, af því að þau eru ekki jafnfullkomin, og þannig hægt að koma í veg fyrir það, að þurfi með alla sjúklinga að leita til landsspítalans hér í Reykjavík.

Ég hygg, að öllum hv. þm. sé kunnugt um, að þetta fjórðungssjúkrahús á Akureyri er mjög fullkomið og vandað sjúkrahús, búið fullkomnustu tækjum. Það ber vissulega að fagna því, að það hefur tekizt eftir öllum atvikum að reka það á hagkvæman hátt. En ég þori að fullyrða, að þess er engin von, að það sé hægt að fleyta því áfram með óbreyttum rekstrarstyrk, svo sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Ég get vel fallizt á að taka þessa till. mína aftur til 3. umr., svo sem hv. frsm. n. benti á, þó að það væru að vísu ekki hans tilmæli í nafni nefndarinnar, í trausti þess, að hv. n. sæi sér fært að kanna til hlítar, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um það við hæstv. ráðh., að einnig yrði gengið að þessu leyti á þennan hátt til móts við nauðsyn fjórðungssjúkrahúsanna eða í þessu tilfelli fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. — Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, það liggur ljóst og einfaldlega fyrir, en mun við atkvgr. við þessa umr. taka till. aftur til 3. umr.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það liggur hér fyrir, að gerðar verði nokkrar breytingar á framlagi ríkissjóðs til sjúkrahúsarekstrar í landinu. Þessar breytingar fela í sér nokkra hækkun á þessum rekstrarstyrk, auk þess sem grundvellinum fyrir skiptingu styrksins er nokkuð breytt frá því, sem er í gildandi lögum um þetta efni. Ég hef þess vegna flutt hér brtt. viðvíkjandi þeirri skipan, sem hér er lagt til að gerð verði um framlag ríkissjóðs, að þá verði látið sama ganga yfir framlag til fjórðungssjúkrahúsa og sjúkrahúsa bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, sem að dómi landlæknis eru vel búin tækjum og hafa a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og 1. aðstoðarlækni. Þessi sjúkrahús, sem ég nú lýsti, eiga að fá skv. till. 15 kr. styrk á legudag, en fjórðungssjúkrahúsið aftur á móti 20 kr. á legudag. Og til skýringar á því í þessum brtt., sem hér liggja fyrir frá heilbr.- og félmn., er um skilgreininguna á því, hvað séu fjórðungssjúkrahús, vitnað til 10. gr. laganna um þetta efni, en þar segir svo, að það er talað um fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi og þriðja á Austurlandi.

Nú hef ég fengið um það upplýsingar hjá hæstv. félmrh., að eigi sé viðurkennt fjórðungssjúkrahús nema sjúkrahúsið á Akureyri, eins og sakir standa nú. Hitt hefur ríkisstj. svo á valdi sínu, að ákveða um það, hvert af sjúkrahúsunum á Vesturlandi og Austurlandi skuli teljast fjórðungssjúkrahús. Ríkisstj. hefur heimild til þess að ákveða, að öll þessi sjúkrahús skuli teljast fjórðungssjúkrahús, þó að svo sé ekki gert í frv. Það mundi þess vegna verða nokkur ásókn um það frá viðkomandi sjúkrahúsum, að svo yrði gert, með tilliti til þess, að þeim er ætlaður allmiklu hærri styrkur á hvern legudag en öðrum sjúkrahúsum. Nú er það vitað, að það eru ýmis sjúkrahús hér á landi, sem eru allmikið stærri en t. d. sjúkrahúsin á Austurlandi a. m. k. Mér er kunnugt um þau sjúkrahús, sem þar eru stærst, á Seyðisfirði og Norðfirði, að þar er ekki rúm

nema fyrir 23—25 sjúklinga í hvoru húsi. Aftur eru það ýmis önnur sjúkrahús, sem hafa yfir að ráða miklu fleiri sjúkrarúmum, eins og t. d. á Akranesi, og öðrum útbúnaði í sambandi við það. Mér skilst, að á Akranesi muni verða tiltæk núna á þessu ári allt upp í 40 sjúkrarúm, þegar búið er að flytja yfirlækninn úr spítalanum og hjúkrunarkonurnar, sem þar búa nú, því að það er verið að ljúka við byggingu húss, sem þetta fólk flytur í. Þess vegna virðist mér, með tilliti til þeirrar þýðingar, sem slík sjúkrahús hafa, sem hafa tvo lækna og öll fullkomnustu tæki, að þau ættu að njóta öll þess hæsta styrks, sem ákveðinn er. Það er vitað um þessi sjúkrahús, eins og t. d. sjúkrahúsið á Akranesi, að þangað sækja sjúklingar hvaðanæva af landinu. Það sjúkrahús hefur á að skipa góðum læknum og hjúkrunarfólki, sem vakið hefur mikið traust, og er ásókn um að komast á þetta sjúkrahús og fá aðgerðir þar miklu meiri en hægt er að sinna.

Nú er það svo almennt um sjúkrahúsarekstrurinn í landinu, að það hefur ekki frekar en á landsspítalanum tekizt að leggja á eða þótt fært að innheimta þau sjúkragjöld, að ekki verði ávallt meiri og minni halli á rekstri þessara sjúkrahúsa. Það virðist því vera sanngjarnt og eðlilegt um þau sjúkrahús, sem svo eru búin og inna af hendi verk, er snertir fólk í öllum byggðum þessa lands, að þau njóti nokkuð ríflegs styrks til síns rekstrar, þannig að kostnaðinum umfram það, sem hægt er að krefjast af því sjúka fólki eða þeim, sem að því standa, verði sem allra mest dreift. Og við þetta er brtt. mín miðuð.

Það má vel vera, að rétt sé, að sjúkrahúsið á Akureyri sé stærst sjúkrahúsa hér á landi, þegar frá eru tekin sjúkrahúsin í Reykjavík, og að sjálfsögðu innir það af hendi starf, sem snertir margar byggðir í þessu landi. En það eru líka önnur sjúkrahús, sem nokkuð slaga upp í þetta og inna af hendi sams konar eða hliðstærð hlutverk, að mér skilst, og þar ætti ekki að gera upp á milli, auk þess sem ríkisstj. hefur í hendi sér að ákveða, að sjúkrahús á Vesturlandi og Austurlandi komist einnig undir ákvæði fjórðungssjúkrahúsanna. En eins og ég hef áður lýst, þá eru þau, a. m. k. sjúkrahúsin á Austfjörðum, allmiklu minni en mörg önnur sjúkrahús, sem búa nú við lægra framlag en fjórðungssjúkrahúsið, sem nú er, og máske önnur fjórðungssjúkrahús, sem samkv. ákvæðum laganna er hægt að beita þessum ákvæðum við. Ég vildi þess vegna vænta þess, að hv. d. gæti litið á þessi mál líkt því, sem ég hef nú reifað hér, og ég mun að sjálfsögðu eins og hv. 2 þm. Eyf., sem einnig á brtt. við þetta frv., taka aftur mína till. til 3. umr., svo að þeirri nefnd, sem hefur málið með höndum, gefist einnig færi á að athuga hana.

ATKVGR.
Brtt. 520 og 522 teknar aftur til 3. umr.
— 503 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkgvr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 557, 520, 522).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 522 felld með 15:9 atkv.
— 520 felld með 15:9 atkv.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 107. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 109. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 557, n. 598).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Í gildandi sjúkrahúsalögum eru ákvæði um rekstrarstyrk til opinberra sjúkrahúsa úr ríkissjóði.

Þessi styrkur er mismunandi og fer það aðallega eftir stærð sjúkrahúsanna. Sjúkrahús, sem hafa færri en 20 rúm, fá 5 kr. á dag, sjúkrahús, sem hafa milli 20 og 100 rúm, fá 10 kr. á dag, og sjúkrahús, sem hafa 100 rúm eða fleiri, fá 20 kr. á dag.

Í hv. Nd. kom fram frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, þar sem lagt er til, að breytt verði þessum ákvæðum um dagstyrki sjúkrahúsanna.

Breytingin var í því fólgin að jafna þennan mismun á milli sjúkrahúsa, þannig að hvert sjúkrahús fengi 15 kr. á hvern legudag nema þau stærstu, sem haft hafa 20 kr., þau skyldu áfram fá sömu upphæð. Í hv. Nd. var gerð breyting á þessu frv. á þann veg, að gerður skuli eftir sem áður nokkur munur á sjúkrahúsum, en á annan hátt en nú gildir.

Það er lagt til, að almenn sjúkrahús svo og einkasjúkrahús, sem áður hafa notið dagstyrkja úr ríkissjóði, fái 10 kr. á legudag, enn fremur, að sjúkrahús, sem að dómi landlæknis eru vel búin tækjum og hafa a. m. k. tvo fastráðna lækna, skuli fá 15 kr. á legudag, og loks, að fjórðungssjúkrahús skuli fá 20 kr. á legudag. Þannig kemur frv. fyrir þessa hv. deild.

Hv. heilbr.- og félmn. hefur haft frv. til athugunar og leggur til einróma, eins og fram kemur á þskj. 598, að frv. verði samþykkt með tveim breytingum. Fyrri breytingin er sú, að fjórðungssjúkrahús skuli fá 25 kr. á legudag í stað 20 kr. og að lögin skuli ekki öðlast gildi nú þegar, heldur 1. jan. 1959. Aðrar eru breytingarnar ekki, og ég tel ekki þörf á að hafa um það fleiri orð. En að lokum langar mig til, ekki sem frsm. hv. heilbr.- og félmn., heldur persónulega að benda á orðalag, sem mér fellur ekki sem allra bezt í frv.

Í 1. og 2. tölulið er talað um bæjar-, sýslu- eða sveitarfélag. Ég teldi réttara að segja: bæjar-, sýslu- eða hreppsfélag, vegna þess að sveitarfélag er löngu viðurkennt samheiti bæjarfélags, sýslufélags og hreppsfélags. Ég veit, að þetta er mjög á reiki í gildandi lögum, en tel æskilegt, að sá gamli greinarmunur, sem er á þessum orðum, fái að haldast. Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við 1. gr., að í stað „sveitarfélags“ í 2. og 3. tölulið komi á báðum stöðum: hreppsfélags.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 605) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 605 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 598,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 598,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 606).

Karl Kristjánsson: Hv. 1. landsk. þm. (AG) flutti við 2. umr. brtt. til leiðréttingar á frv., og það var vissulega rétt, sem hann tók fram, að frv. var ekki nákvæmlega rétt orðað, þar sem segir: „almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- og sveitarfélags“, því að bæjarfélag er sveitarfélag, en aðgreining á sveitarfélögum er, eins og hann tók fram, bæjarfélög og hreppsfélög. Þess vegna var till. hans fram komin af fullu tilefni. En nú er það svo, að ef á að fara að leiðrétta þetta, þá hygg ég, að réttara sé að leiðrétta það fullkomlega og breyta eintölunni í fleirtölu, að hafa hreppsfélaga“ í stað „hreppsfélags“, og það er af því, að það mun ekki vera til í landinu, að hreppsfélag eitt út af fyrir sig reki sjúkrahús. Þess vegna leyfi ég mér að flytja brtt. skriflega um það, að í stað „hreppsfélags“ á tveim stöðum í frv. komi: hreppsfélaga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 613) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 613 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 112. fundi í Nd., 3. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 614).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 618).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 50. fundi í Sþ., 2. júní, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (EmJ): Tekið er fyrir eina málið, sem er á dagskránni, almennar stjórnmálaumræður, útvarpsumræður.

Þessar umræður fara fram í kvöld og annað kvöld á sama tíma. Í kvöld er röð flokkanna þessi:

1. Sjálfstæðisflokkur.
2. Framsóknarflokkur.
3. Alþýðuflokkur.
4. Alþýðubandalag.

Þetta er ein umferð og hefur hver flokkur 60 mínútur til umráða í einu lagi.

Af hálfu Sjálfstfl. tala Ólafur Thors, Friðjón Þórðarson og Sigurður Bjarnason.

Af hálfu Framsfl. tala Hermann Jónasson og Ásgeir Bjarnason.

Af hálfu Alþfl. tala Guðmundur Í. Guðmundsson, Pétur Pétursson og Gylfi Þ. Gíslason.

Og af hálfu Alþýðubandalagsins tala Lúðvík Jósefsson og Hannibal Valdimarsson.

Hefst þá umr., og tekur til máls fyrsti ræðumaðurinn í kvöld, hv. þm. G-K., Ólafur Thors.

Ólafur Thors: Herra forseti. Að gefnu tilefni vill Sjálfstfl. lýsa yfir eftirfarandi:

„Hinn 21. f. m., kl. 4.30, átti Ólafur Thors, formaður Sjálfstfl., ásamt Gunnari Thoroddsen borgarstjóra viðræður við forsrh. og utanrrh. á skrifstofu hins síðarnefnda samkvæmt ósk þeirra. Las Ólafur Thors þá upp nýgerða samþykkt Sjálfstfl. varðandi lausn landhelgismálsins. Er þar mörkuð stefna flokksins í málinu í öllum aðalatriðum, jafnt varðandi efnishlið þess sem málsmeðferðina, sem Sjálfstfl. lagði mikla áherzlu á.

Það er nú komið í ljós, að 3 dögum síðar gerðu allir ráðherrarnir með sér samning um málið, jafnt um efnishlið þess sem málsmeðferðina, og var Sjálfstfl. þar ekki til kvaddur.

Sjálfstfl. telur deilur þær, sem nú hafa risið innan ríkisstj. um málið, skaðlegar og skrif eins stjórnarblaðsins bæði stórvítaverð og þjóðinni hættuleg.

Sjálfstfl. vill engan þátt eiga í þeim gráa hildarleik, en mun, strax og hann telur fært, í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar birta jafnt samþykkt þá, sem áður greinir og skráð er í fundabók flokksins, sem og ýmis önnur gögn málsins. Mun þá glöggt koma í ljós, hversu haldlausar eru þær fullyrðingar, sem málgagn sjútvmrh. hefur leyft sér að viðhafa um afstöðu Sjálfstfl. til þessa mikla máls."

Þegar ég hafði rennt augunum yfir frv. stjórnarinnar um 790 millj. kr. nýjar drápsklyfjar á þjóðina, sem nú er orðið að lögum, varð mér að orði: Svá skal böl bæta að bíða annað meira. Mér var ljóst, að þetta kuldalega spakmæli Grettis Ásmundssonar hafði nú annar sterkur Íslendingur til góðs eða ills gert að leiðarstjörnu sinni á mikilli örlagastund í lífi þjóðarinnar og hans sjálfs.

Við þessar eldhúsdagsumræður, sem nú eru að hefjast við þá ójöfnu aðstöðu, að ákærði — stjórnin og lið hennar — hefur þrefaldan ræðutíma á við okkur sjálfstæðismenn, verður varla mikið rætt um, að í stað þess að reka herinn úr landi, eins og lofað var, var honum búið nýtt og vandað öryggisbyrgi og honum fengnir tveir lífverðir, herforinginn Hannibal og góði dátinn Lúðvík, sem báðir hafa strengt þess heit að verja hérvist bandarískra einkennisbúninga með sömu grimmd og sitt eigið ráðherralíf. Menn munu heldur ekki fjölyrða um kosningabrellur Hræðslubandalagsins eða eiða þess um að vinna aldrei með kommúnistum né svardaga kommúnista um að viðurkenna aldrei þingmannarán Hræðslubandalagsins.

Með einu pennastriki eða öllu heldur þó með einu hnefahöggi á nasir allra þeirra, sem stjórninni hafa treyst, hefur hæstv. forsrh. tekizt að fá þjóðina til að gleyma í bili þessum og öllum öðrum fyrri ávirðingum stjórnarinnar. Þetta er að vissu leyti vel af sér vikið af stjórn, sem áður en hún varð missirisgömul var orðin svo ber að brigðmælum, að menn spurðu ekki, hversu mörg af kosningaloforðum sínum hún væri búin að efna, heldur hitt, hver þeirra hún ætti eftir að svíkja.

Á þeim fáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, er þess enginn kostur að rekja, svo að nokkru nemi, efni þessa óheillafrv. Þess ætti heldur ekki að vera þörf, því að undanfarna daga hafa öll blöð höfuðstaðarins rætt málið hvern einasta dag, og hefur höfuðblað landsins, Morgunblaðið, birt sjálft frv. og prýðilega

útdrætti úr flestum helztu ræðum, sem um það hafa verið fluttar á Alþingi. Óþarft er að taka það fram, að aldrei fyrr hefur nokkur íslenzk stjórn gert neitt svipaða árás á skattþegna landsins og aldrei fyrr hefur verið lögð jafnmikil alúð við, að það sé einmitt efnaminnsta fólkið, hinar fjölmennu láglaunastéttir, sem borga brúsann. Að þetta sé rétt, sést á því, að allir vita, að sá, sem áður hafði lengst gengið í þessum efnum, er einmitt núverandi stjórn, þegar hún færði þjóðinni jólagjöfina 1956. Var hún þó aðeins sem rjúpa hjá ránfugli miðað við þessi ósköp, eða 300 millj. kr. í stað 790 millj. nú, og þótti þó svo þungbær, að stjórnin varð að vinna sér það til lífs að lofa að leggja aldrei aftur skatta á þjóðina.

Til þess að þetta mál sjáist í réttu ljósi, verða menn að gera sér grein fyrir, hvað skeð hefur, hvernig það skeði og hverjir valda.

Á þjóðina hafa verið lagðir 790 millj. kr. nýir skattar. Það er gert bæði með ógrímuklæddri gengislækkun og háum nýjum innflutningstollum. Frá þessum degi eru meira en 9/10 hlutar gjaldeyrisveltunnar reknir á grundvelli 55% hækkunar erlends gjaldeyris, en fyrir tæpan 1/10 hluta skal greiða 30% hækkun. Af þessu leiðir að sjálfsögðu geigvænlegar verðhækkanir allrar innfluttrar vöru. Ríkisstjórnin taldi þó ekki nóg að gert. Fyrir því ákvað hún, að þetta nýja yfirfærslugjald, þ. e. a. s. gengisfellingin, skyldi meðtalið við tollafgreiðslu. Með því þótti henni bikarinn fyllstur, enda flóir nú út af.

Helztu nauðsynjar fólksins hækka allar, að ekki séu nefndar rekstrarvörur framleiðslunnar. Minnstu hækkanir, sem ég hef komið auga á í þessu illyrmislega stjórnarfrv., eru 15% á kaffi, sykri, matvöru og 20—30% á timbri, sementi, olíum, benzíni, fóðurbæti og öðrum slíkum vörum, en þaðan af hærri á öðrum vörum.

Ránsfengnum skiptir svo ríkisstj. milli ríkissjóðs, sem hún telur fá 144 millj., og útflutningssjóðs, sem talinn er hagnast um 646 millj. af hinum nýju 790 millj. kr. álögum.

Í rauninni hefur enginn reynt að verja þetta athæfi nema ráðherrarnir sjálfir. Þeir berjast um á hæl og hnakka. Menn brosa að þeim. Fleiri kenna þó í brjósti um þá. Það er líkast sem þeim þyki jafnvænt um ráðherrastólana og ástvinina og vilji þess vegna allt til vinna að missa þá ekki.

Hæstv. forsrh. hóf umr. um málið á fræðilegum grundvelli. Hann taldi frv. spor í rétta átt. Bráðlega yrðu menn að ákveða, hvort stíga skyldi sporið út. Aðspurður, hvað væri rétt átt, svaraði hann engu, en ýmsir héldu, að hann ætti við gengisfellingu. Næst færði hann ýmis rök að því, að betra væri að taka upp framleiðslu- en framfærsluvísitölu, en aðspurður, hvort hann talaði f. h. ríkisstj. allrar, þegar hann nú legði 790 millj. gengisfall og skatta á þjóðina ofan á 300 millj. 1956, en boðaði jafnframt afnám framfærsluvísitölu, svaraði hann heldur engu. Loks sagði ráðh., að uppbóta- og niðurgreiðslukerfið væri því skaðlegra, sem það stæði lengur og breiddi meira úr sér. Hann var þá minntur á, að 1956 hefði hann talið, að þetta kerfi hefði þá þegar gengið sér til húðar, væri orðið svo hættuleg svikaleið, að þjóðin riðaði á glötunarbarmi, samt sem áður dirfðist hann nú, eftir að kerfið væri orðið tveim árum eldra, að bera fram till. um margfalt meiri þenslu en fyrr hafði þekkzt. Beðinn um skýringar svaraði ráðh. engu, og segir ekki meira af honum.

Útvegsmálaráðherra, Lúðvík Jósefsson, taldi, að í frv. fælist alls engin gengislækkun. Þótti sú kokhreysti honum einum lík. Lýsti hann sig jafnframt eindregið andvígan gengisfellingu, og var það líka hraustlega gert af flm. 55% gengisfellingar. Staðhæfði ráðh., að frv. væri í fullu samræmi við stöðvunarleið stjórnarinnar, enda þótt játað sé, að vegna þessa sama frv. hækki allar höfuðnauðsynjar um minnst 15—30%, en sumt annað miklu meira. Lét Lúðvík sig hafa það að lýsa þannig ýmsa helztu verkalýðsleiðtoga hreina og beina ósannindamenn, þ. á m. Eðvarð Sigurðsson, Eggert Þorsteinsson, Óskar Hallgrímsson og Snorra Jónsson, en allir þessir menn báru, sem kunnugt er, fram till. innan 19 manna nefndarinnar svonefndu og Alþýðusambandsstjórnarinnar um að banna stjórninni að flytja frv. með þeim rökum, að „greinilegt er, að þessar ráðstafanir í efnahagsmálunum leiða til frekari verðbólguþróunar og eru frávhvarf frá þeirri stefnu, sem 25. þing A. S. Í. fagnaði. Ráðstafanirnar brjóta því í bág við stöðvunarstefnuna," eins og orðrétt segir í till. þeirra.

En annars er þessi áfergja Lúðvíks Jósefssonar í það, sem hann kallar stöðvunarstefnu eða millifærsluleið, kátbrosleg. Stöðvunin á að liggja í því að stöðva kauphækkanir launastéttanna. Nú á 6% kauphækkunin, sem iðnrekendur féllust á í fyrra, að vera þjóðarböl o. s. frv. Millifærsluleiðin er nýir og nýir skattar á almenning, sem yfirfærast eða millifærast til framleiðenda.

Þessi þjóðráð, þessi nýi þjóðsöngur kommúnistanna er dálítið hjáróma í munni þeirra, sem valdið hafa hinu raunverulega gengisfalli með *pólitísku verkföllunum* vorið 1955, *sem leiddu* af sér þegar á því ári meira en 22% kauphækkanir, og alveg sérstaklega er röddin fölsk úr barka núverandi ríkisstj., sem beinlínis stóð fyrir 35—40% kauphækkunum til hæst launuðu flugmanna, leysti farmannadeiluna með hækkun flutningsgjalda, lét S. Í. S. hækka kaup sinna manna um 8% og það heilt ár aftur í tímann og einmitt meðan þó átti að heita, að kauphækkanir væru lögbannaðar, o. s. frv.

En varðandi hitt hollráðið, millifærsluleiðina, sem nú er orðið fyrsta og helgasta boðorðið í biblíu kommúnista, er rétt að minna á, að þegar fyrrv. ríkisstj. í ársbyrjun 1956 lagði rúmra 100 millj. kr. nýja skatta á þjóðina, sem yfirfærðust frá skattþegnunum til útgerðarinnar, til þess að hrinda framleiðslunni af stað, þá sagði þessi sami Lúðvík, að með því væri gerð „stórfelldasta árás, sem gerð hefði verið á vinnandi stéttir í landinu."

Þessi háðulegi herramaður ætti að líta í spegil, þar sæi hann mynd af manni, sem í árslok 1956 lagði 300 millj. kr. nýja skatta á þjóðina og nú bætir 790 millj. ofan á þær klyfjar. Sá, sem taldi 100 millj. kr. skatta „stórfelldustu árás á vinnandi stéttir í landinu",

veit þá líka, að myndin, sem hann sér í speglinum, hlýtur að vera af versta verkalýðsböðli þessa lands, manni, sem svíkur verkalýðinn með köldum kossi af ofurást til ráðherrastólsins.

Og hvað er nú orðið af þeim, sem mest hefur miklazt af stöðvun framleiðslunnar? Svo er nú komið, að L. Í. Ú. hefur með réttu borið hann hreinum svikum og tilkynnt honum, að vegna þeirra svika verði alger framleiðslustöðvun, nema aðrir bjargi.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. reyndu að verja óskapnaðinn.

Eysteinn Jónsson sagði: Þetta er raunveruleg fórn, því að ella hefði framleiðslan stöðvazt. — Ég leyfi mér að minna á, að kjarninn í gleðiboðskap þessarar stjórnar, allt frá stofnun Hræðslubandalagsins og fram á þennan dag, hefur verið sá, að með varanlegum úrræðum skyldi vandinn leystur, án þess að nokkur maður missti spón úr aski sínum. Ég spyr nú ráðh.: Rignir þessum 790 milljónum króna af himnum ofan, eða er þeim ausið með spónum úr aski hvers einasta manns í landinu? Hér er seilzt djúpt í vasa skattþegnanna og mest tekið frá þeim, sem mestar hafa notaþarfirnar, enda þótt getan kunni að vera minnst.

Helztu varnir Gylfa Þ. Gíslasonar voru þær, að hér væri í rauninni um alls engar álögur að ræða, vegna þess að ekki hefði verið bent á aðrar ódýrari leiðir til að leysa vandann. Með sama rétti má segja, að meðan ekki séu færð rök að því, að afla megi ríkissjóði þeirra 800 millj. kr., sem standa undir útgjöldum fjárl., með léttbærari hætti en nú er gert, þá séu núgildandi tollar og skattar engum manni til óþæginda eða byrði.

Það þarf önnur og sterkari rök og fimari vígamenn en þessa til þess að telja almenningi trú um, að þessir nýju 790 millj. kr. skattar séu eins konar náðargjöf, nothæf til að hylja stærstu stjórnmálasvik, sem íslenzk saga kann skil á.

Þegar stjórnin var orðin algerlega ráðþrota, flýði hún í síðasta glerhús sitt og spurði: Hvar eru úrræði Sjálfstfl.?

Í framsöguræðu minni hér á Alþingi um þetta mál gerði ég allýtarlega grein fyrir, hvers vegna Sjálfstfl. hefði ekki enn borið fram úrræðin í efnahagsmálunum. Með orðum Hermanns Jónassonar, sem birt eru í Tímanum 20. síðasta mánaðar, sannaði ég, að ríkisstj. treysti sér ekki til að gera neinar skynsamlegar tillögur í málinu, fyrr en að undangengnum nær tveggja ára athugun sérfræðinga á þeim gögnum, sem ríkisstj. ein getur veitt aðgang að, og síðan tveggja mánaða athugun ríkisstj. sjálfrar á tillögum sérfræðinganna. Orð Hermanns Jónassonar voru þessi:

„Fram hefur farið mjög ýtarleg athugun á öllu fjárhagskerfinu. Sérfræðingar undir forustu Jónasar Haralz hagfræðings hafa fjallað um þá rannsókn og lagt skýrslur fyrir ríkisstj. Má segja, að nú liggi alveg ljóst fyrir, hvernig ástandið er og hver áhrif einstakar aðgerðir til leiðréttingar og úrbóta komi til að hafa. Þá er það ríkisstj. og stuðningsflokka hennar og loks Alþingis í heild að velja þær leiðir, sem heppilegastar eru og færar eru taldar.“

Hér þarf Eysteinn Jónsson að læra af Hermanni Jónassyni, og eftir þetta væri honum sæmst að láta minna. Honum ber að muna, að frekja hans, þegar hann krefst tafarlausra úrræða Sjálfstfl., er árás á Hermann Jónasson, sem alveg réttilega segir, að það sé ekki fyrr en fyrir liggi ýtarlegar upplýsingar, að auðið sé að gera sér grein fyrir, „hver áhrif einstakar aðgerðir til leiðréttingar og úrbóta komi til með að hafa“, og þá, þ. e. a. s., þegar upplýsingarnar liggi fyrir, og þá fyrst komi til kasta stjórnar og þings. Krafa Eysteins Jónssonar um tafarlaus úrræði Sjálfstfl. er þess vegna að dómi Hermanns Jónassonar krafan um, að stærsti flokkur landsins geri órökstuddar tillögur.

Eysteinn Jónsson veit ofur vel, að ríkisstj. lét sér ekki nægja að leyna Sjálfstfl. staðreyndum málsins, heldur gerði hún leik að því að villa honum og þjóðinni í heild sýn í aðalefnum. Þetta sést m. a. á því, að nýverið taldi Lúðvík Jósefsson tekjuþörfina 90 millj., en Gylfi Þ. Gíslason allt að 200 millj., en nú bera þeir báðir fram frv. um 790 millj. kr. nýja skatta. Það hlýtur þó að vera öllum ljóst, að úrræðin hljóta að miðast við tekjuþörfina og að allt annað gildir um 90 millj. og 790 millj. tekjuöflun.

Allt þetta vil ég biðja hv. hlustendur að hafa í huga, þegar Eysteinn Jónsson og aðrir slíkir heimta nú úrræði Sjálfstfl. Ég bið menn að muna, að Hermann Jónasson hefur með réttum rökum sýnt fram á, að stjórnin ein átti aðgang að þeim heimildum, sem rannsaka þurfti, fékk ein réttar upplýsingar sérfræðinganna og hafði þess vegna ein aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir, hver áhrif einstakar aðgerðir muni hafa, eins og Hermann Jónasson réttilega sagði, en að án þess að geta það, eru tillögur til úrbóta fálm eitt.

Með þessu er málið útrætt, og allt mas Eysteins Jónssonar, hversu mikið yfirlæti og hávaði sem því kann að fylgja, hlýtur að vera talað eins og niðri í ullarballa.

Ég get þó vel gert Eysteini Jónssyni það til geðs að svara hiklaust, hvort Sjálfstfl. vilji gengislækkun. Sjálfstfl. er og hefur alltaf verið andvígur gengislækkun, m. a. með þeim rökum, að sérhver þjóð, sem æ ofan í æ missir tök á verðmæti gjaldeyris síns, er í mikilli hættu stödd. Samt sem áður hefur Sjálfstfl. tvisvar staðið að því með Framsfl. að viðurkenna gengisfall, sem þegar var orðið. Hvort auðið hefði verið að umflýja slíkt nú, treysti ég mér ekki til að fullyrða, þar eð stjórnin heldur enn leyndu áliti erlendra og innlendra sérfræðinga og hefur með því varnað okkur sjálfstæðismönnum aðgang að þeim gögnum, sem stjórnin taldi sig þurfa að rannsaka mánuðum saman og raunar árum saman, áður en hún tók ákvarðanir sínar. En þegar þess er gætt, að sjálf ákvæði þessa frv. spinna upp á sig verulegan hluta tekjuþarfa útflutningssjóðs og ríkissjóðs, tel ég margt benda til, að forðast hefði mátt gengisfellingu frv. Eftir samþykkt þessa frv. hafa líkurnar fyrir, að „stiga þurfi sporið út“, eins og forsrh. sagði, stórum aukizt.

Þeim öðrum spurningum, sem Eysteinn Jónsson beindi til mín við 1. umr. málsins, vil ég svara þannig: Ég tel víst, að gögn málsins sanni,

að auðið sé að afla tekna með hyggilegri og réttlátari hætti, jafnvel þótt fara ætti þessar villigötur stjórnarinnar hvað stefnu eða stefnuleysi varðar. Hitt er svo beinlínis óskammfeilni af þeim, sem okkur hafa leynt öllum gögnum, að biðja okkur að ákveða, hvort uppbætur atvinnuveganna eigi að vera meiri eða minni.

Um þessa hlið málsins segi ég að lokum þetta: Þegar Sjálfstfl. hefur farið með völd, hefur hann oft þurft að bera fram till. til að ráða fram úr miklum vanda, bæði á sviði efnahagsmála og á öðrum sviðum. Hann hefur aldrei hliðrað sér hjá því að gera tillögur og framkvæma þær. Svo mun enn reynast, ef þjóðin felur honum forustuna, og að því kemur kannske fyrr en seinna.

En nú, þegar ég hef með þolinmæði svarað barnalegum spurningum ráðherranna um stefnu Sjálfstfl. í efnahagsmálum, langar mig að leggja nokkrar spurningar fyrir þá sjálfa. Ég spyr nú: Hver er ykkar stefna í efnahagsmálunum? Um það kom ekkert fram við umr. um þetta mál undanfarna daga annað en það, að þeir kepptust allir við að sverja af sér frv. Allir sögðu þeir, að í fælist alls ekki stefna síns flokks, heldur væri frv. einhvers konar óburður, sem fallizt hefði verið á að gera að stefnu stefnulausrar stjórnar yfir sauðburðinn. Hver er stefna Framsfl. í efnahagsmálunum? Vill Framsfl. hreina gengisfellingu? Eða ætlar hann kannske að leggja 1100 millj. kr. nýja skatta á þjóðina fyrir hverja tveggja ára valdatíð sína? Hver er stefna Alþfl. í efnahagsmálunum? Vill hann gengisfellingu? Hver er stefna kommúnista í þeim? Vilja þeir enn þá meiri gengisfellingu? Þessum spurningum verða stjórnarflokkarnir að svara skýrt og greinilega í þessum umr., ella verða kröfur þeirra um, að Sjálfstfl. komi þeim til hjálpar og leggi tafarlaust fram úrræði til úrbóta, enn þá aumkunarverðari.

Ég minni svo stjórnina á, að hún hefur enn nær engu svarað af þeim tuttugu spurningum, sem ég beindi til hennar við 1. umr. þessa máls.

Næst er að athuga, hverjir það eru, sem gefa þjóðinni þessar gjafir. Ég er til neyddur með örfáum orðum að rifja enn einu sinni upp nokkur ummæli alþýðunnar. Þau eru góður rammi um ásjónu ríkisstj., að vísu gamalkunnur flestum, en fyrir það gagnlegur, að hann er sjálflýsandi og sýnir þess vegna stjórnina eins og hún er, þótt hún reyni að hylja sig í skugga.

Þegar Hermann Jónasson rauf stjórnarsamstarfið vorið 1956, flutti hann ræðu, sem prentuð er í Tímanum 10. marz það ár. Hann lýsti stjórnarferli Eysteins Jónssonar og félaga hans þannig: „Haldið hefur verið lengra og lengra inn á eyðimörk fjárhagslegs ósjálfstæðis.“ Stefnir Hermann Jónasson öllum afbrotamönnum fyrir dómstól þjóðarinnar og gleymdi þá víst engum nema sjálfum sér. Niðurgreiðslur, uppbætur og skattaálögur séu „hættuleg svikaleið“. „Gegn þessum voða þarf þjóðin að rísa, áður en það er of seint,“ segir Hermann Jónasson. Hann krefst algerrar stefnubreytingar tafarlaust, býður forustu sína, boðar varanleg úrræði án allra fórna, nær með bellibrögðum valdaaðstöðu og myndar bjargráðastjórn sína.

Nú verður atburðarðin hröð. Erlendir sérfræðingar eru tafarlaust til kvaddir, því að lífið liggur við. Þeir „taka út þjóðarbúið“, en því hafði stjórnin lofað. Og í októberbyrjun 1956 getur forsrh. skýrt frá, að hans haukfránu fjármálaaugu hafi séð allt rétt, spádómsandi hans enn einu sinni sannað ágæti sitt, erlendu sérfræðingarnir séu búnir að staðfesta þetta allt. Nú skyldi blaðið brotið, ný stefna tafarlaust upp tekin, varanlegu úrræðin voru á tröppunum.

En á skammri stund skipast veður í lofti. Það mátti forsrh. sanna. Hann lenti í gerningaveðri, hætti við varanlegu úrræðin, sneri við og hélt aftur inn á eyðimörkina, kannske í leit að Eysteini, sem þar hefur orðið eftir. Armlög endurfundanna virðast hafa orðið svo heit, að forsrh. týndi áttavitanum og þar með stefnunni og hélt sig nú að gömlu heilræðunum hans Eysteins. Aðeins hélt hann miklu lengra inn á svikaleið niðurgreiðslnanna, uppbótanna og skattanna en nokkrum hafði áður hugkvæmzt, því að í einingu andans og bandi friðarins lagði nú öll stjórnarhersingin í árslok 1956 300 millj. kr. nýja skatta á þjóðina, og stóð alls ekkert á kommúnistum. Hafði þó Lúðvík Jósefsson, svo sem ég áðan minnti á, sagt í byrjun þessa sama árs, þegar fyrrv. stjórn lagði 100 millj. kr. skatta á þjóðina í sama skyni, þ. e. a. s. til að hindra stöðvun framleiðslunnar, að hér væri um að ræða „stórfelldustu árás, sem gerð hefði verið á vinnandi stéttir í landinu“. Og Hannibal Valdimarsson hafði svarið þess helgan eið, svo að ég vitni í hann orðrétt, að „nýju skattaflóði verði ekki með neinu móti fram komið á Alþingi“. Allt var þetta nú með köldu blóði svikið, öllu með glöðu geði kyngt.

Eftir þetta gekk stjórnin í klaustur, lofaði bót og betrun og hóf nú leit að úrræðum, sem hún áður þóttist hafa í hendi sér. Voru nú sóttir nýir sérfræðingar. Þeir unnu dag og nótt og afhentu skjöl og skilríki 18. marz s. l. Síðan hefur stjórnin verið að athuga þessi gögn. Stjórnarherrunum dugði ekki minna en tveir mánuðir til að setja sig inn í gögnin, og höfðu þó sérfræðingarnir látið stjórnina fylgjast með málunum daglega í nær heilt missiri. Ég get þessa enn, svo að menn geti betur skilið, hvern hlut stjórnin ætlar Sjálfstfl., sem hún skammtar 2—3 daga til að kynna sér málið, en án allra gagna og skilríkja.

Meðan þessu fór fram, hófu ráðherrarnir svo deilu um málið í blöðum sínum. Lúðvík Jósefsson fræddi þjóðina á því, að öll tekjuöflunin væri 90 millj., eins og ég áðan gat um. Gylfi Þ. Gíslason taldi dálitla reikningsskekkju hjá Lúðvík, þörfin væri 200 millj. kr., en ekki 90. Þjóðviljinn tók upp hanzkann fyrir sinn mann og sagði, að prófessor dr. Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. væri hreinræktað hlægilegt fífl, enda hefði hann þá sagt, að uppbótakerfið væri komið út í slíkar öfgar, að mikil síldveiði mundi sennilega gera íslenzka ríkið gjaldþrota, og fleiri svipuð vísdómsorð. Endirinn varð svo sá, eins og allir vita, að þessir herrar sameinuðust um að leggja á þjóðina 790 millj. nýja skatta til að auka þetta uppbótakerfi.

Ég hirði ekki að rekja þessar ógeðþekku og ósæmilegu umræður í stjórnarblöðunum undan-

farnar vikur, en þær eru siðlausari og sóðalegri en ég man dæmi um í íslenzkum stjórnmálum. Ég skal nefna aðeins sem dæmi auk lýsinganna á menntmrh., að eitt stjórnarblaðið lýsti forsrh. sem siðlausum, yfirlætisfullum oflátung og brigzlaði honum um fals og flærð og bætti síðan við, að þetta væri aðeins brot af því, sem hann verðskuldaði. Hafði hann þá snert rússneska hjartað í kommúnistaflokknum. Utanrrh. fékk í sinn hlut, að hann væri smánarblettur á íslenzku þjóðinni, en fjmrh. var afgreiddur með því að vera íhaldssamt hundsskinn. Hafa þessi fúkyrði enn aukizt allra síðustu dagana. En sjálf deilan um væntanlegar úrlausnir vandamála þjóðarinnar einkenndist af því, að einn sagði það svart, sem annar sagði hvítt. Og oft mátti sjá sama daginn í einu og sama blaði mörgum ólíkum leiðum haldið fram sem því eina rétta. En það þori ég að fullyrða, að þótt útvarpað hefði verið frá hreinum vitlausraspítala umræðum um þessi mestu vandamál þjóðarinnar og þeim algerlega óundirbúnum, hefðu þær umræður án efa orðið engu síður uppbyggilegar en þessar viðræður ríkisstj. í blöðum hennar síðustu vikurnar og auk þess vafalaust miklu prúðari.

Mér þykir þetta atferli þjóðarskömm. Ég hef ekkert geð í mér til að rekja það frekar. En rétt er að viðurkenna, að eftir þessar innbyrðis deilur stjórnarinnar má telja víst, að allir skilji, að menn, sem þannig hugsa og tala hver um annan og auk þess eru ósammála í flestum aðalefnum, megna aldrei að leysa hin margvíslegu vandamál þjóðarinnar.

Nú hafa menn þá loksins fengið að sjá árangur nær tveggja ára heilabrota stjórnarinnar, þeirrar stjórnar, sem raunar þóttist öll ráð kunna þegar í upphafi. Hvernig lízt mönnum á óburðinn? Einu sinni sagði maður við kunningja sinn: Hvernig ferð þú að því að brjóta flösku í tómum poka? — Hinn svaraði: Ja, hvernig ferð þú að því að brjóta heila í tómum haus? — Einhvern veginn dettur mér þessi saga í hug, þegar ég lít á þessi nýju varanlegu úrræði eftir öll heilabrot stjórnarinnar.

Þessum árangri, svo beysinn sem hann er, hefur stjórnin náð eftir óviðunandi leiðum. Stj. hefur gerzt sek um að flytja æðstu völd þessara þýðingarmiklu mála frá Alþingi og yfir í hendur Alþýðusambandsins. Með þessu er brotið blað í stjórnmálalífi Íslands. Þeir bera þunga ábyrgð, sem það hafa gert. Þeir hafa framið svik við þingræðið og lýðræðið og fært með því voða yfir þjóðina og sjálfstæði hennar. Hitt er svo mál fyrir sig, að samþykki þessa nýja æðsta valdhafa yfir málefnum þjóðarinnar er fengið með ótrúlegustu aðferðum. Við það bætist svo, að valdhafinn, Alþýðusambandið, samþykkti ekki þetta frv., heldur mótmælti því. Mótmælatillagan var að vísu að forminu til felld með 15:14 atkv., en bak við þessi 14, sem mótmæltu, standa skv. meðlimaskrá félaganna hvorki meira né minna en 82% þeirra, sem atkv. greiddu, en bak við hina 15, sem gustukuðu sig yfir grátbænandi aumkunarverða ríkisstjórn, standa aðeins 18%. Verkalýðurinn samþykkti því ekki gerðir stjórnarinnar, þótt hún láti svo, heldur mótmælti þeim með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða.

Hermann Jónasson forsrh. stendur nú á sinni pólitísku Waterloo. Orrustunni er lokið. Stríð hans er senn á enda. Honum tekst ekki að gleyma því, hversu hart hann fordæmdi aðgerðir fyrri stjórnar, hversu heitt hann hét því að hætta tafarlaust svikaleið uppbóta, niðurgreiðslna og skatta og hversu afdráttarlaust hann lofaði að leysa vandann með varanlegum úrræðum og án þess að skerða lífskjörin. Verðbólgan skyldi tafarlaust stöðvuð. Efnd þessara loforða ætti að vera prófsteinn á stjórnina. Nú spyr þessi hermaður á Waterloo sjálfan sig: Höfum við gengið til góðs, götuna fram eftir veg? — Hann litast um. Varanlegu úrræðin sér hann ekki. Það, sem við blasir, er nýir skattar. Fyrst 300 millj., síðan 790 millj., og er þá sleppt stóreignaskattinum svonefnda, er nemur 135 millj. Gengisfelling, lögskipaðar kauphækkanir, lögskipuð ný verðbólguskriða, lögskipaðar nýjar stórauknar niðurgreiðslur og uppbætur, og loks prófsteinninn, sem orðinn er legsteinn allra loforða og myllusteinn um háls hans sjálfs, sem sökkva mun honum í pólitískt djúp niður.

Hermaðurinn á Waterloo sér, að víxlsporin eru mörg, vanefndirnar fleiri. Hann spyr sjálfan sig, hvort ógæfan stafi ekki að verulegu leyti af því, að forusta hans hafi brugðizt, hvort hann hafi ekki skort hæfni til að taka ákvarðanir.

Þessar hugleiðingar Hermanns Jónassonar minna mig á söguna um asnann. Hann stóð glorhungraður milli tveggja heysátna. Hann var að því kominn að fá sér tuggu úr annarri, þegar honum varð litið á hina og sá, að úr henni mátti líka seðja sig. Í hvora átti hann að bíta? Vesalings asninn velti vöngum. Honum var lífsins ómögulegt að ákveða sig. Að lokum varð hann hungurmorða.

Við Íslendingar eigum enn þá heysáturnar: gengisfallið, skatta til millifærslna og niðurgreiðslna, verðstöðvun, verðhjöðnun, myntskiptingu og enn fleiri „heysátur“. Asnann eigum við hins vegar engan. Aftur á móti eigum við forsrh., sem sýnist hafa erft þann brest hins viðkunna asna að geta ekki ákveðið, í hvora eða hverja „heysátuna“ hann vill bíta. Það er hættulegt, bæði honum sjálfum og þjóðinni allri.

Dauðasyndir stjórnarinnar eru ekki eingöngu sviknu loforðin. Ofan á þau bætast tilraunir til að brjóta niður þingræðið og lýðræðið með því að flytja valdið frá Alþingi og forseta landsins til Alþýðusambandsins. Við þetta bætist svo enn, að forustuna skortir algerlega hæfni til að taka ákvörðun, og loks er svo ríkisstj. sjálfri sér sundurþykk og gersamlega stefnulaus. Síðustu sporin, að láta til leiðast að leggja 790 millj. kr. nýja skatta á þjóðina, hljóta að hafa verið forsrh. þung, líka vegna þess, að hann veit, að með þeim er aðeins tjaldað til einnar nætur. Þessi úrræði eru ekki eingöngu óskynsamleg og hljóta að kalla á önnur haldbetri mjög bráðlega, heldur eru þau líka svo úr garði gerð, að þau spana til óvinsælda. Verkalýðurinn hefur mótmælt með 82% atkvæða gegn 18%. Framleiðendur lýsa þau svik og mótmæla harðlega. Ótal stór og smá félög og félagasamtök mótmæla. Úr öllum áttum er mótmælt. Sjálfstfl., sem nú fer opinberlega með umboð 50% kjósenda, mótmælir. Formaður

kommúnistaflokksins, sem fer með 17% atkvæða, mótmælir.

Einu sinni var kveðið:

> Hérna á öldungsaxlirnar
> ellisignar, bilaðar
> hinu og þessu hrúgað var.
> Hafa þær gerzt í vetur
> stjórnarsynda setur.
> En þó eru eftir ótaldar
> allra verstu klyfjarnar,
> sem líka á að láta þar.
> Loftarðu þessu, Pétur?

Hermann Jónasson hefur engar öldungsaxlir, ekki ellisignar, ekki bilaðar. En samt spyr ég nú, þegar hann ofan á allar sínar fyrri syndir bætir hinum endanlegu svikum allra fagurra fyrirheita með því að leggja 790 millj. nýjar drápsklyfjar á þjóðina, — ég spyr: Loftarðu þessu, Hermann?

Svo sem alþjóð veit, dó ríkisstj. miðvikudaginn 21. f. m. og gaf sjálf fyrir andlátið fyrirmæli um að tilkynna erlendum fréttastofnunum sorgarfregnina. Aðfaranótt fimmtudags fékk líkið sinadrátt og reis upp við dogg, eins og hnyttinn maður orðaði það. Á fimmtudag andaðist stjórnin öðru sinni. Á föstudagsmorgun lifnaði hún dauð. Þannig tórir hún nú, hve lengi skal ég ekki spá. Aldrei hefur íslenzk stjórn átt sér óhugnanlegri sögu né ömurlegra ævikvöld.

Forustulausa þjóð hefur sjálfri sér sundurþykk ríkisstj. þó á banabeði að lokum tekizt að sameina. Framsóknarmenn vilja reyna að bjarga leifunum af æru foringja sinna. Kommúnistar vilja forða sér undan refsivendi verkalýðsins. Alþfl. vill, ef auðið er, halda líftórunni með því að forða sér frá kommúnistum og ekki síður þó úr ástarörmum Framsóknar. Sjálfstfl. hefur alltaf viljað og mun alltaf vilja bjarga þjóðinni, en frumskilyrði þess er að losa hana við stjórnleysi stjórnarinnar. Þess vegna er þjóðin nú loksins sameinuð og sammála, öll þjóðin, að ráðherrunum þó undanskildum. Allir segja: Komi hvað, sem koma vill, en burt með þessa ríkisstj.

Ég lýk máli mínu með því að segja stjórninni og þjóðinni í heild þann einfalda en afar þýðingarmikla sannleika, að enda þótt efnahagsmál þjóðarinnar verði aldrei leyst í eitt skipti fyrir öll, þá er þó haldbezta lausnin sú að efla útflutningsframleiðsluna með stórvirkustu tækjum. Jafnframt verður þjóðin að gera sér ljóst, að hún verður að una sanngjarnri skiptingu þess, sem dregið er í þjóðarbúið, því að engin þjóð fær til langframa lifað um efni fram.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands njóta alþingismenn mikilla réttinda og frelsis til orðs og æðis og eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Á hinn bóginn ber þeim og að rækja ríkar skyldur við land og þjóð. Meginskylda þeirra við kjósendur, fólkið í landinu, hlýtur að vera sú að koma heiðarlega fram og standa við orð sín og eiða, svo sem framast er unnt.

Það fer nú að líða að tveggja ára afmæli hæstv. ríkisstj., hinnar samvirku forustu vinstri manna. Er því eðlilegt að flytja henni stutta afmæliskveðju í eldhúsi þingsins og beina til hennar nokkrum skeytum, byggðum á orðum hennar og athöfnum um nær tveggja ára skeið. Sem betur fer, hafa mörg einkunnarorð hennar og yfirlýsingar geymzt í skráðum heimildum, sem unnt er að grípa til og draga fram í dagsljósið, ella gæti vafalaust orðið erfitt um sannanir.

Vorið 1956 lögðu framsóknarmenn mikla áherzlu á tvennt: Efnahagsmálin skyldu leyst til frambúðar með varanlegum úrræðum að undangenginni úttekt á þjóðarbúinu í augsýn alþjóðar. Herinn átti að víkja úr landinu. Þetta og margt fleira taldi Tíminn auðvelt að framkvæma með því skilyrði, að Sjálfstfl. kæmi hvergi nærri. Til að undirstrika enn betur hin fögru fyrirheit, gaf Hræðslubandalagið svokallaða út bækling, stefnuskrá umbótaflokkanna, með forsíðumynd af bónda og sjómanni, er takast í hendur. Það er handhægt að bera saman loforð þessa pésa um gull og græna skóga við þær efndir, sem orðið hafa. Á hinn bóginn eru engin tök á því að gera því efni tæmandi skil á örfáum mínútum. Það eru mörg dagsverk. Einstök dæmi verða að nægja. En niðurstaðan er alls staðar hin sama. Hæstv. ríkisstj. hefur gengið á bak orða sinna í einu og öllu.

Eitt var það, sem bandalag Alþýðu- og Framsfl. lagði höfuðáherzlu á fyrir síðustu alþingiskosningar, en það var, að ekki kæmi til mála að vinna með kommúnistum. Slíkar yfirlýsingar voru margoft endurteknar í blöðum flokkanna, í útvarpsumræðum, á fundum og í einkaviðtölum. Þessi yfirlýsing kom m. a. mjög greinilega fram á forsíðu Tímans á sjálfan kjördaginn, sunnudaginn 24. júní 1956. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og margbúið er að lýsa yfir af hálfu Alþfl. og Framsfl., verður ekkert samstarf haft við þetta bandalag kommúnistanna um stjórn, af því að þeir eru ekki hóti samstarfshæfari en áður, þótt þeir hafi skipt um nafn.“

Þetta sagði Tíminn á kosningadaginn. En ekki var þetta Tímablað orðið mánaðargamalt, þegar búið var að mynda ríkisstj., þar sem kommúnistar voru stærsti stuðningsflokkurinn og raunverulegir leiðsögumenn í flestum efnum. Á Alþingi lögðu þeir blessun sína yfir alla klæki og svik Hræðslubandalagsins, er þeir höfðu áður kallað svo. Það má því segja, að vinstri flokkarnir allir hafi átt sinn þátt í tilræðinu við stjórnarskrána, er margir töldu brot á meginreglum réttar og siðgæðis. En það er kapítuli út af fyrir sig, sem alþjóð er kunnur. Ill var þín fyrsta ganga, má því segja um hæstv. ríkisstj., og hefur framhaldið orðið eftir því.

Það má að vísu finna þess dæmi, að hæstv. ríkisstj. hafi reynt að efna orð sín, þegar hún taldi það sér í hag. Hún hét því að endurskoða bankakerfið, m. a. með það fyrir augum að koma í veg fyrir pólitíska misnotkun bankanna. Þetta loforð efndu stjórnarliðar dyggilega á sína vísu, á þann hátt að sölsa undir sig öll yfirráð í bönkum landsins, er þeir töldu mestan slæg í, og lyfta helztu gæðingum sínum til æðstu valda. En svo var harður

aðgangur, þegar þessi fengur kom til skiptanna, að við lá, að full vinslit yrðu þegar í upphafi og allur þingheimur stjórnarsinna berðist. Allir vildu þeir fá sína silfurpeninga, hvað sem það kostaði.

Það verður ekki annað sagt en að bandalag þeirra, sem sjálfir nefna sig umbótaflokka, hafi gefið landbúnaðinum og dreifbýlinu fögur fyrirheit. Í framfaraáætlun þeirra var rætt um bætta tækni og jafnvægi í byggð landsins, aukna rafvæðingu, eflingu landbúnaðar og aukið lánsfé til framkvæmda, bættar samgöngur og hagstæða verzlun. Er þó fátt talið. Tökum samgöngumálin sem dæmi til nánari athugunar.

Það dylst engum, sem eitthvað þekkir til í sveitum landsins, að góðar og greiðar samgöngur eru eitt allra stærsta hagsmunamál þeirra. Góðir vegir eru jafnnauðsynlegir til að draga lífsnauðsynjar til búanna og koma afurðum þeirra á markað. Samgönguerfiðleikar og einangrun eru skæðustu óvinir íslenzkra sveita. Því ber ekki að neita, að stórfelldar umbætur hafa átt sér stað í samgöngumálum landsmanna undanfarin ár. Vegakerfið hefur verið aukið og endurbætt og margar brýr verið byggðar yfir ár og torfærur. Þrátt fyrir þetta eru mörg byggðarlög enn illa á vegi stödd og búa við mikið öryggisleysi, einkum að vetrarlagi. Í þessu efni er mjög fróðlegt að kynna sér hið merka og ýtarlega álit, sem mþn. í samgöngumálum skilaði snemma á þessu ári. N. þessi var skipuð skv. þál. frá 15. marz 1956. Álit hennar og till. byggjast m. a. á upplýsingum frá sýslunefndum og bæjarstjórnum hvaðanæva að af landinu og sýna ljóslega, hversu brýn hagsmunamál er hér um að ræða.

Það er nú ljóst orðið, hver afstaða núverandi hæstv. ríkisstj. er til þessara lífsnauðsynlegu framkvæmda. Á sama tíma og fjárlög hafa hækkað og þanizt út á nær öllum sviðum s. l. tvö ár, virðist það hafa verið eina sparnaðarmál hæstv. fjmrh. að skera stórlega niður fjárveitingar til nýbyggingar þjóðvega. Þannig lagði hann til í fjárlagafrv. sínu á s. l. hausti, að fjárveiting til vegaframkvæmda yrði lækkuð úr tæpum 16 millj. kr., sem hún var á fjárlögum ársins 1957, niður í 12 millj. kr. Það er fróðlegt og furðulegt í senn, að slík till. skuli fram borin af þeim flokki, sem jafnan hefur talið sig réttborinn til að ráða öllu í sveitum landsins og kveðst bera hag bændastéttarinnar fyrir brjósti öllum öðrum fremur. Þegar á átti að herða og Framsókn varð vör við ákveðna afstöðu sjálfstæðismanna í þessu máli, þorði hún ekki að halda till. þessari til streitu. Leikar fóru þannig, að fjárveiting til nýbyggingar þjóðvega var hækkuð upp í tæpar 16 millj. kr. eða sömu fjárhæð og s. l. ár. Það er þó auðsætt, að hér er í raun og veru um stórlækkaða fjárveitingu að ræða. Kostnaður við vegagerð hefur vaxið til muna s. l. tvö ár, og þjóðin fær styttri nýja vegi á komandi sumri og færri brýr en undanfarin ár fyrir sömu fjárveitingu að krónutölu, hvað þá nú, eftir að bjargráðalögin nýju hafa tekið gildi.

Það er að vísu nauðsynlegt og sjálfsagt að gæta fyllsta sparnaðar og hófsemi í meðferð ríkisfjár. En sjálfstæðismenn telja fráleitt að draga úr framlögum til vegagerðar, á sama tíma og fjáraustur og eyðsla fer í vöxt á öllum öðrum sviðum. Þess vegna flutti Jón Pálmason, þm. A-Húnv., till. í samvinnunefnd samgöngumála á Alþingi um að hækka umrædda fjárveitingu til vega í 20 milljónir, en stjórnarliðið í nefndinni skellti við skollaeyrum og stakk till. þessari undir stól.

Þetta Alþ. er orðið ærið langdregið. Þingfundir í hvorri d. eru komnir nokkuð á annað hundrað, þó að flestir hafi þeir verið stuttir. Í byrjun febrúar, þegar fundir hófust að nýju eftir jólaleyfið, stakk formaður þingflokks sjálfstæðismanna upp á því, að fundum yrði frestað, unz úrræði ríkisstj. í efnahagsmálum lægju fyrir. Þessum tilmælum var ekki sinnt, en þingmenn hafa setið og beðið, svo að mánuðum skiptir, eftir bjargráðunum svokölluðu.

Hæstv. fjmrh. telur bjargráðalög ríkisstj. stórkostlegt hagsmunamál fyrir landbúnaðinn, sbr. ræðu hans, er birtist í Tímanum fyrir skömmu. Betur, að svo væri. Ég held þó, að bændum hrjósi almennt hugur við þessum síðbornu úrræðum vinstri stjórnarinnar. Samkv. þeim á allt að hækka, jafnvel brýnustu lífsnauðsynjar, svo sem kornvörur, kaffi og sykur, um a. m. k. 15%, búsáhöld, hreinlætisvörur og skófatnaður um 25—27%. Landbúnaðarvélar, sem bændur eru löngu búnir að panta og voru látnir greiða fullu verði í vetur, eiga nú að hækka yfir 30%, enda voru umsóknir bænda um þær látnar bíða eftir bjargráðunum, eins og svo margt annað. Rekstrarvörur landbúnaðarins munu allar stórhækka, innfluttar fóðurvörur t. d. um 43%. Byggingarefni hækkar til muna. Þetta eru aðeins nokkur dæmi. En hvað eiga bændur að fá í staðinn? Jú, þeir eiga að fá 5% kauphækkun með haustinu, og þeir, sem selja mjólk, fá samsvarandi hækkun miðað við 1. júní. Getur svo hver og einn séð, hversu hagstæð útkoman verður, og væri synd að segja, að stjórnarflokkarnir hefðu gleymt landbúnaðinum í þetta sinn.

Þá eru aðgerðir þessar ekki sérlega uppörvandi fyrir þá, sem eru að hefja búskap í sveitum landsins. Samkv. framfaraáætlun umbótaflokkanna átti að koma upp við Búnaðarbankann sérstakri lánadeild, er veitti frumbýlingum hagstæð lán. Enn fremur skyldi hafin veiting bústofnslána. Raunin er þó sú, að frumbýlingar hafa nær enga lánsfjármöguleika og veðdeild Búnaðarbankans er galtóm og meira en það. Hitt er svo athyglisvert, að í ríkisstj. gengur ekki hnífurinn á milli framsóknarmanna og kommúnista, nema þá rétt til málamynda, og ekki hefur heyrzt ein einasta óánægjurödd frá bændafulltrúum Framsfl. um stjórnarsamstarfið og stjórnarstefnuna. Og eftir bæjarstjórnarkosningarnar í vetur, sem hleyptu uggvænum hrolli í allt stjórnarliðið, sagði hæstv. forsrh., að úrslit þeirra ættu að kenna stjórnarliðum, að nú væri höfuðnauðsyn að taka upp enn nánara samstarf en áður.

Það dregur enginn í efa, að hæstv. ríkisstj. hafi átt við ýmis vandamál að etja, síðan hún tók við völdum. En mikið af þeim vanda hefur hún skapað sjálf. Við síðustu kosningar töldu

stjórnarflokkarnir það allra meina bót, ef takast mætti að gera Sjálfstfl. áhrifalausan. Á síðustu tveim þingum hafa þeir fylkt liði og sameinazt um að drepa svo að segja hverja einustu till., sem fram hefur komið af hendi sjálfstæðismanna. Nú loksins eftir nær tveggja ára strit, þegar ríkisstj. færir þjóðinni bjargráð sín og finnur gagnrýni og andúð úr öllum áttum, tekur hún að hrópa ákaft á tillögur frá sjálfstæðismönnum, fleiri tillögur til að fella, áður en hún fellur sjálf.

Hæstv. ríkisstj. finnur, að hún er að renna skeið sitt á enda. Viðfangsefni hennar er nú það eitt að stritast við að sitja sem lengst. Það alvarlegasta við bjargráð hennar er það, að þau eru einungis til bráðabirgða og munu varla endast þjóðinni yfir hábjargræðistímann, sem nú fer í hönd, hvað þá lengur. Þetta sér og veit hæstv. ríkisstj., og þetta grunar allan almenning. Alþjóð, sem undanfarnar vikur hefur fylgzt með skrifum stjórnarblaðanna um landhelgina og horft á máttvana ríkisstj. neyta síðustu orku sinnar til að kasta sjálfu fjöreggi þjóðarinnar á milli sín í fullkomnu ábyrgðarleysi, getur ekki borið neitt traust til valdhafanna lengur. Núverandi hæstv. ríkisstj. mun falla á vanefndum sínum. En við skulum vona, að trú allrar þjóðarinnar á landið og framtíð þess lifi, að menn haldi áfram að treysta því bezta í fari þingræðis og lýðfrelsis, að íslenzka þjóðin geri þá lágmarkskröfu til valdhafanna hverju sinni, að þeir skýri satt og rétt frá staðreyndum og gangi aldrei á bak orða sinna.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Einn af mestu núlifandi stjórnmálaleiðtogum heimsins, Winston Churchill, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, komst þannig að orði, er hann ávarpaði þjóð sína á mikilli örlagastundu, að hann byði henni blóð, svita og tár. Þannig vildi hinn djúpvitri og raunsæi leiðtogi búa þjóð sína undir átökin við þá erfiðleika, sem fram undan voru.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum fyrir tæpum 2 árum, sagði hún þjóðinni að vísu, að hér væri allt komið í kaldakol, sem þó var fjarstæða og ósannindi, en hún lýsti því jafnframt yfir, að ekkert væri auðveldara en ráða fram úr erfiðleikunum. Hún hét þjóðinni því, að úr vanda hennar skyldi leyst með nýjum leiðum og varanlegum úrræðum. Hún lofaði gulli og grænum skógum.

En ávöxturinn af starfi vinstri stjórnarinnar hefur ekki orðið sá, sem hún spáði sjálf við valdatöku sína. Aldrei hefur íslenzk þjóð staðið frammi fyrir öðrum eins vanda í stjórnmálum sínum, eftir að hún öðlaðist sjálfstæði sitt, og einmitt nú. Þessi hæstv. ríkisstj. á nú það úrræði eitt, eftir að hún hefur gefizt upp í viðureigninni við þá erfiðleika, sem hún hefur að langsamlega mestu leyti skapað sjálf, að ásaka Sjálfstfl. fyrir að hafa engar till. flutt um lausn efnahagsvandamálanna og reyna að telja þjóðinni trú um, að hann eigi engin úrræði og farist því ekki að gagnrýna uppgjöf ríkisstj.

Áður en þessari staðhæfingu er svarað, er rétt að minna á það, að flokkar vinstri stjórnarinnar spurðu ekki um úrræði Sjálfstfl. sumarið 1956. Þá sögðu þeir þjóðinni, að þeir kynnu sjálfir ráð við öllum vanda og mestu máli skipti fyrir þjóðarheill, að Sjálfstfl. yrði gersamlega einangraður um aldur og ævi.

Þið munuð, hlustendur góðir, heyra hæstv. forsrh., sem talar hér á eftir mér, halda sér í þá staðhæfingu eins og sökkvandi maður í flak, að Sjálfstfl. eigi engin sjálfstæð úrræði og hafi engar viðreisnartill. flutt. Hæstv. fjmrh. mun syngja sama sönginn. Hann hefur raulað hann undanfarna daga. Fulltrúar kommúnista og Alþfl. munu svo púa undir. Þannig mun öll vinstri hersingin reyna að hugga sig og fylgismenn sína og afsaka uppgjöf sína og brigðmæli með því, að stjórnarandstaðan hafi verið svo hláleg að vilja ekki segja henni, hvernig eigi að ráða fram úr vandamálunum.

En sjá menn ekki, hve eymd stjórnarliðsins er uppmáluð í þessum afsökunum þess? Mennirnir, sem lýstu því yfir árið 1956, að engan vanda væri hægt að leysa með Sjálfstfl., verða nú umfram allt að fá leiðbeiningar frá honum um það, hvað gera skuli.

En hvað hefur eiginlega orðið af úrræðunum, sem vinstri stjórnin sagði þjóðinni að hún ætti sumarið 1956? Getur það verið, að sama hafi hent hæstv. ríkisstj. og hrafninn, sem étur sín eigin egg, þegar hart er í ári?

Viðhorfin í íslenzkum stjórnmálum í dag út á við og inn á við hljóta að vera öllum ábyrgum og hugsandi Íslendingum hið mesta áhyggjuefni. Það er vitanlega hlutverk stjórnarandstöðunnar að gagnrýna mistök og víxlspor þeirra, sem með völdin fara á hverjum tíma. Og vissulega er það rétt, að stjórnarandstaðan hefur að mörgu leyti miklum mun erfiðari aðstöðu til þess að kryfja vandamálin til mergjar en ríkisstj., sem hefur fjölda sérfróðra manna í þjónustu sinni. Þrátt fyrir það höfum við sjálfstæðismenn aldrei skorazt undan því að segja þjóðinni, hver afstaða okkar og stefna sé í stórum dráttum til þjóðfélagsvandamálanna, enda þótt við séum ekki í ríkisstj.

Meginvandamál íslenzks efnahagslífs í dag er hinn geigvænlegi hallarekstur svo að segja alls atvinnurekstrar í landinu og þá fyrst og fremst útflutningsframleiðslunnar. Fullkomið ósamræmi ríkir milli verðlags og framleiðslukostnaðar í landinu annars vegar og markaðsverðs útflutningsafurða okkar í viðskiptalöndunum hins vegar. Þetta þýðir það, að gengi íslenzkrar krónu er raunverulega fallið, það er ekki lengur í neinu samræmi við hina opinberu skráningu þess.

Sjálfstæðismenn hafa jafnan talið gengislækkun algert neyðarúrræði. En fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið, að gengi krónunnar er fallið. Ein meginorsök þess gengisfalls eru hin pólitísku verkföll, sem kommúnistar beittu sér fyrir árið 1955 og höfðu í för með sér stórfellt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags. Í framhaldi af því, að kommúnistum og bandamönnum þeirra tókst að brjóta niður jafnvægisstefnu fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálunum, hefur svo gengi íslenzkrar krónu haldið áfram að falla hröðum skrefum. Vinstri stjórn-

in hefur verið að fella gengi krónunnar, síðan hún settist á valdastól. En hún þorir ekki að viðurkenna það og reynir að fela það eins og önnur óhappaverk sín. Verðbólguskrúfan hefur haldið áfram, hallarekstur útflutningsframleiðslunnar stöðugt orðið meiri, en engar aðrar ráðstafanir gerðar til þess að hindra stöðvun hennar en álagning hrikalegra nýrra skatta og tolla á almenning.

Óhugsandi er, að íslenzkri útflutningsframleiðslu verði haldið áfram með slíkum hrossalækningum til frambúðar. Ný gengisskráning, sem mætt væri með hækkun kaupgjalds að vörmu spori, væri þó gersamlega tilgangslaus. Jafnhliða raunverulegum jafnvægisráðstöfunum telur Sjálfstfl., að höfuðnauðsyn beri til þess að auka útflutningsframleiðsluna, þannig að þjóðin fái meira til skiptanna og geti byggt lífskjör sín á heilbrigðum og traustum grundvelli. Í því sambandi verður að leggja áherzlu á að beina vinnuaflinu í vaxandi mæli að þeim atvinnugreinum, sem standa undir gjaldeyrisöflun og útflutningi. Í dag eru um 4500 manns á öllum fiskiskipaflota þjóðarinnar. Af þessum hópi voru á s. l. ári um 1400 útlendingar.

Það er fráleitt, að 3500 manns geti í framtíðinni staðið undir svo að segja allri útflutningsframleiðslu 160 þús. manna þjóðar. Við verðum að viðurkenna það og gera það dæmi hreinlega upp við okkur, að óhugsandi er, að þjóðin njóti til frambúðar þeirra lífskjara, sem hún hefur búið við undanfarin ár, án þess að auka þátttöku sína í útflutningsframleiðslunni. Jafnhliða því, sem gerðar eru raunhæfar ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum, yrði þess vegna að framkvæma róttækar aðgerðir til að beina vinnuafli þjóðarinnar til arðbærra starfa í þágu framleiðslunnar.

Þetta hefur vinstri stjórnin gersamlega vanrækt. Hún hefur meira að segja snúizt gegn sjálfsendurteknum tillögum okkar sjálfstæðismanna, m. a. um skattfrelsi sjómanna, til þess að örva þjóðina til þátttöku í sjómennsku og útgerð. Í stað þess hefur hún gert kákráðstafanir, sem engin áhrif munu hafa.

Þá er það skoðun okkar sjálfstæðismanna, að jafnhliða því, sem uppbótakerfið yrði afnumið, beri að lækka að miklum mun skatta og tolla á þjóðinni. Uppbótakerfið hefur krafizt stöðugt nýrra skatta á almenning, og er nú svo komið, að undir forustu núverandi hæstv. ríkisstj. hafa verið lagðar á um það bil 1100 millj. kr. í nýjum álögum á almenning. Hefur þessi gífurlega skattheimta haft í för með sér lömun alls einkaframtaks, hindrað heilbrigða efnahagsstarfsemi og átt ríkan þátt í margvíslegri upplausn og öfugþróun í þjóðfélaginu. Einstaklingar, þ. á m. dugandi sjómenn og aðrir framleiðendur, hætta að leggja sig fram um öflun verðmæta, þegar hið opinbera tekur svo að segja allt, sem þeir afla. Fáum þykir svo vænt um Eystein Jónsson, að þeir leggi á sig erfiði og áhættu til þess eins að seðja skattahít hans.

Sjálfstfl. telur það einnig eitt hið mesta nauðsynjamál, að samtök launþega og atvinnurekenda geri með sér heildarsamninga um kaup og kjör til lengri tíma en nú tíðkast. Í nágrannalöndum okkar semja þessir aðilar víða til 2 og jafnvel 3 ára. Tryggir þetta vinnufrið og á ríkan þátt í sköpun nauðsynlegs jafnvægis í þjóðfélögunum. Hér hafa hinar tíðu samningsuppsagnir oft valdið miklu öryggisleysi og glundroða, sem síðan hefur orðið öllum til tjóns, verkafólki, atvinnurekendum og þjóðarheildinni.

Þá er það og þýðingarmikið atriði, að framleiðendur og launþegar eignist sameiginlega hagstofnun, sem hafi það hlutverk að gera sér grein fyrir greiðslugetu atvinnuveganna á hverjum tíma og þróun í hagmálum, framkvæmi rannsóknir á kaupmætti launa frá ári til árs og leggi yfirleitt sem gleggstar upplýsingar á borðið um hagræn málefni, sem varða í senn verkalýð og vinnuveitendur og afkomu bjargræðisveganna til lands og sjávar.

Enginn hugsandi maður, sem vill þjóðfélagi sínu vel, kemst hjá því að viðurkenna þá hættu, sem felst í stöðugum og stórfelldum átökum milli verkalýðs og atvinnurekenda. Þessi átök verður nútímaþjóðfélag að hindra, ekki með valdboðum, heldur með samvinnu fjármagns og vinnu. Þessa tvo aflgjafa verður að sætta.

Við sjálfstæðismenn höfum aldrei sagt þjóð okkar, að unnt væri að leysa efnahagsvandamál hennar með töframeðulum, án þess að nokkur einstaklingur eða stétt þyrfti nokkru að fórna. Við höfum þvert á móti sagt og segjum enn, að frumskilyrði heilbrigðs efnahagslífs, góðra lífskjara og stöðugrar þróunar og uppbyggingar í þjóðfélaginu sé, að þjóðin líti raunsætt á hag sinn og miði eyðslu sína og kröfur til lífsins fyrst og fremst við arð framleiðslu sinnar og atvinnutækja.

Þetta er hinn einfaldi sannleikur um till. og úrræði í efnahagsmálum. Sá, sem segir þjóðinni þennan sannleika og hvikar aldrei frá honum, kemur fram eins og heiðarlegur stjórnmálamaður og villir ekki á sér heimildir. Sá, sem kemur hins vegar og segir þjóð sinni, að hann eigi ný og varanleg úrræði, sem leysi allan vanda auðveldlega, án þess að nokkur þurfi nokkru að fórna og án þess að taka þurfi tillit til grundvallarlögmála efnahagslífsins, hann segir þjóðinni ósatt og gerir tilraun til þess að blekkja hana. Og það er einmitt það, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert. Hún átti engin ný og varanleg úrræði sumarið 1956, og hún á þau ekki heldur í dag. Þess vegna standa nú leiðtogar hennar uppi sem afhjúpaðir ósannindamenn frammi fyrir þjóð sinni. Kommúnistar og bandamenn þeirra hafa orðið að éta ofan í sig öll stóru orðin um „árásir“ fyrrv. stjórnar á verkalýðinn, „kauprán“ og „vísitöluskerðingar“. Þeir hafa s. l. 2 ár orðið sjálfir að samþykkja vísitölubindingu, dulbúna gengislækkun og neyðzt til að láta ríkisvaldið taka aftur af launþegum hina fölsku kjarabót, sem knúin var fram með hinum pólitísku verkföllum veturinn 1955.

Þetta sér og skilur hinn margsvikni verkalýður í dag.

Ég hef hér á undan rætt nokkra drætti í heild-

arstefnu okkar sjálfstæðismanna gagnvart efnahagsvandamálunum. Til viðbótar vil ég aðeins vísa til reynslu þjóðarinnar á till. okkar og úrræðum í efnahagsmálum árin 1950—55. Flokkur okkar átti þá sæti í ríkisstj. og hikaði ekki við að leggja fram fjölþættar till. um margvíslegar viðreisnarráðstafanir í efnahagsmálum landsmanna. Sumar þessar ráðstafana voru ekki vinsælar. En þær voru nauðsynlegar. Þess vegna hikaði Sjálfstfl. ekki við að rækja skyldu sína við þjóðarhag og beita sér fyrir flutningi þeirra og lögfestingu. Hann treysti á heilbrigða dómgreind fólksins og tapaði heldur ekki á því. Bæði í alþingiskosningunum 1956 og í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum í vetur stórjók hann fylgi sitt meðal þjóðarinnar, en flokkar vinstri stjórnarinnar töpuðu að sama skapi. Því miður tókst upplausnaröflum þjóðfélagsins, kommúnistum og bandamönnum þeirra, að brjóta þessar jafnvægisráðstafanir á bak aftur, eftir að mikill og heillavænlegur árangur hafði af þeim orðið.

Kommúnistar hafa átt meginþátt í því að skapa upplausn í efnahagsmálum landsins með rótlausum blekkingum og yfirboðum um margra ára skeið. Með völdum sínum í verkalýðshreyfingunni hafa þeir oft gert að engu tilraunir fyrrv. ríkisstj. til þess að fylgja heilbrigðri stefnu í efnahagsmálum. Með því móti tókst þeim að lokum að troða sér inn í ríkisstj. Samstarfsmenn þeirra hafa nú fengið smjörþefinn af þeim, og öll þjóðin sér það þrotabú vinstri stjórnarinnar, sem nú situr hnípið, sundrað og ráðvillt í eldhúsi hennar.

Ég hef talið nauðsynlegt að verja töluverðum hluta máls míns til þess að ræða afstöðu okkar sjálfstæðismanna í stórum dráttum til vandamálanna fyrr og nú. Ég hef sýnt fram á, að því fer víðs fjarri, að við stöndum uppi stefnulausir gagnvart því öngþveiti, sem vinstri stjórnin hefur leitt yfir þjóðina. Það sýnir óskammfeilni hv. stjórnarsinna, sem nú eru staðnir að því frammi fyrir alþjóð að hafa svikið bókstaflega öll loforð sín, að eina afsökun þeirra skuli vera staðhæfing um, að Sjálfstfl. skuli ekkert hafa jákvætt til málanna að leggja. Þar með hafa þeir gert eina tilraun til þess að bjarga sér með enn einum ósannindum. Sjálfstfl. hefur markað sína stefnu bæði fyrr og nú. Hann hefur hins vegar aldrei sagt þjóðinni, að hann byggi yfir lausnarorðum, sem leyst gætu öll vandkvæði án fórna og fyrirhafnar. Þess vegna hefur hann heldur aldrei staðið uppi sem svikari frammi fyrir almenningi, eins og vinstri stjórnin gerir nú.

En það er vissulega ástæða til þess, að við sjálfstæðismenn rifjum það upp í stuttu máli frammi fyrir þingi og þjóð, hver úrræði vinstri stjórnarinnar hafa reynzt þau s. l. tæp 2 ár, sem hún hefur farið með völd.

Fyrsta afrek vinstri stjórnarinnar var jólagjöfin í árslok 1956. Í henni fólust 300 millj. kr. nýir skattar og tollar á þjóðina. Það þýddi 9400 kr. nýja útgjaldabyrði á hverja einustu fimm manna fjölskyldu í landinu. Annað afrek stjórnarinnar var hvítasunnuhretið, öðru nafni bjargráðin, sem nýlega hafa verið lögfest og komu í stað hinna varanlegu úrræða, sem stjórnin hafði lofað við valdatöku sína. Með bjargráðunum eru lagðar nær 800 millj. kr. nýjar álögur á þjóðina, nær eingöngu nefskattar. Það þýðir um það bil 25 þús. kr. nýja gjaldabyrði á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Samtals hefur þá vinstri stjórnin lagt nær 35 þús. kr. nýja gjaldabyrði á hverja 5 manna fjölskyldu á Íslandi á tæpum 2 árum. Meðalverkamannalaun í Reykjavík eru reiknuð 57 þús. kr., en eru miklu lægri víða um land. Það skarð, sem vinstri stjórnin hefur höggvið í laun verkamannaheimilanna, er því stórt og uggvænlegt.

En ráðh. vinstri stjórnarinnar eru brjóstheilir menn. Þeir segjast hafa gert þetta af eintómri ást á almúganum til þess að halda niðri verðlagi og tryggja kaupmátt launa. Orðheppið skáld sagði einu sinni, að Alþfl. hefði fengið „snert af bráðkveddu“. Engu er líkara en núverandi hæstv. ráðh. hafi fengið meira en snert af grunnhyggni, eða halda þeir, að almenningur sé með öllu dómgreindarlaus?

Myndin, sem við blasir að loknu þessu langa þinghaldi, er þá þessi:

Ríkisstj. hefur með efnahagsmálatill. sínum lögfest nýtt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags, þar sem það er beinlínis fyrirskipað, að kaupgjald og afurðaverð skuli hækka. Vísitalan hækkar um 14—17 stig á næstu 3 mánuðum. Niðurgreiðslur á verðlagi verða stórauknar, svikamylla dýrtíðarinnar eykur ganghraða sinn að miklum mun, hrikalegar skattaálögur á allan almenning eru lagðar á með gjaldeyrissköttum, sem fela í sér dulbúna gengislækkun, enda þótt styrkja- og uppbótakerfinu sé haldið áfram. Og sum stjórnarblöðin segja, að góð síldveiði eða hagstæð grasspretta muni gera ríkissjóð gjaldþrota. Þannig er þá trú stjórnarliðsins á sína eigin stefnu. Sjávarútvegurinn, sem stjórnin segir að eigi fyrst og fremst að njóta góðs af ráðstöfunum hennar, mætir stórfelldum nýjum erfiðleikum. Telja heildarsamtök útvegsmanna jafnvel horfur á því, að útgerðin stöðvist á miðju ári vegna stóraukins rekstrarkostnaðar, sem er afleiðing hins nýja 55% yfirfærslugjalds á rekstrarvörur útvegsins. Við þetta bætist svo enn það, að um 40 launþegasamtök, þ. á m. flest stærstu verkalýðsfélög landsins, hafa sagt upp samningum og meginhluti verkalýðshreyfingarinnar hefur lýst því yfir, að hún sé andvíg efnahagsmálatill. stjórnarinnar. Verkföll vofa yfir í mörgum starfsgreinum, jafnvel einstakir af þm. sjálfs stjórnarliðsins hafa sagt það skýrt og skorinort hér á Alþ., að till. steypi nýrri verðbólguskriðu yfir þjóðina og hljóti að leiða til hruns og öngþveitis.

Vinstri stjórnin er þannig að molna í sundur, innan frá meðal síns eigin þingliðs og utan frá innan verkalýðshreyfingarinnar og almennt meðal þess fólks, sem setti traust sitt á hin glæstu fyrirheit hennar.

Ég get ekki stillt mig um hér að lokum að nefna enn eitt dæmi um kák og yfirborðshátt hæstv. ríkisstj. utan í málefni sjávarútvegsins. Hinn 2. apríl árið 1957 voru samþ. lög, sem

ríkisstj. beitti sér fyrir um sölu og útflutning sjávarafurða. Voru lög þessi sett til efnda á því loforði stjórnarinnar að afnema það, sem stjórnarflokkarnir kölluðu „einokun Sjálfstfl. á útflutningsverzluninni“. Aðalatriði þeirra var, að sjútvmrh. skyldi skipa 3 manna n., sem nefndist útflutningsnefnd sjávarafurða. Skyldi n. þessi ráða sér fulltrúa til þess að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem þörf krefur. Skyldi hún síðan hafa yfirstjórn útflutningsmála sjávarútvegsins. Stjórnarliðið taldi, að með nefndarskipun þessari væri merkilegt spor stigið. En það er athyglisvert, að síðan þessi löggjöf var sett, hefur ekki verið hróflað við því skipulagi, sem frjáls samtök útvegsmanna höfðu sjálf komið á um útflutning afurða sinna. Og það er fyrst eftir að heilt ár er liðið, frá því að löggjöfin er sett, að sjútvmrh. skipar hina nýju n. Í hana eru svo skipaðir þrír skrifstofumenn, sem ekkert þekkja til útgerðar og ekki bera minnsta skyn á útflutning og verzlun með sjávarafurðir. Þessum mönnum felur sjútvmrh. að hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýjum markaði.

Þannig er hálfkákið og yfirborðsháttturinn á öllum sviðum hjá hæstv. ríkisstj. Hún hrúgar upp nýjum nefndum og ráðum í fullkomnu tilgangsleysi til þess eins að skapa gæðingum sínum bein og bitlinga.

Enn má geta þess, að ríkisstj. hefur gersamlega vanrækt að framkvæma það fyrirheit sitt að hefjast handa um endurnýjum togaraflotans með kaupum á 15 nýjum togurum. Enda þótt stjórnin hafi fengið um 500 millj. kr. í erlendum lánum s. l. 2 ár, nú seinast 50 millj. kr. rússneskt lán, þá hefur enn þá ekki verið samið um smíði eins einasta af hinum 15 togurum, sem stjórnin lofaði að kaupa til landsins.

Núverandi ríkisstj. og valdaferill hennar hefur verið þjóðinni hollur, en dýr skóli. Þjóðin sér, að vinstri stjórnin hefur ekki aðeins vanefnt öll sín loforð, heldur stendur hún í dag uppi sundruð og margklofin. Við borð lá, að eldhúsumr. féllu niður, vegna þess að ríkisstj. taldi sig sjálf í heila viku frekar dauða en lifandi. Aðeins ótti stjórnarflokkanna við nýjar kosningar og réttlátan áfellisdóm fólksins knúði hið sundraða stjórnarlið saman á ný. En þessi afturgengna ríkisstj. á enga sameiginlega stefnu í stærstu vandamálum þjóðfélagsins og loðir aðeins saman á lönguninni til að sitja og hræðslunni við afleiðingar verka sinna.

Við sjálfstæðismenn hörmum það ólán, sem þessi ríkisstj. hefur leitt yfir þjóðina. En á valdaskeið hennar verður að líta eins og kalt og napurt vorhret, sem að vísu hefur hamlað gróðri og valdið marghátturðu tjóni. En öll hret, einnig hvítasunnuhretin, styttir upp um síðir. Þá brýzt sólin fram úr skýjunum, og athafnaþrek og bjartsýni ungrar og þróttmikillar þjóðar nýtur sín á ný.

Íslenzka þjóðin elur enn í barmi sér trúna á framtíð sína. Undir nýrri, raunsærri og heiðarlegri forustu, sem segir fólkinu satt um ástand og eðli vandamálanna, verða erfiðleikarnir sigraðir. Það kann að kosta stundarfórnir og gera kröfur til þroska og ábyrgðartilfinningar almennings. En í viðreisnarbaráttunni mun þjóðin finna sjálfa sig, öðlast nýjan skilning á því, að það er fleira, sem sameinar hana en sundrar, og gera sér ljóst, að við erum öll fyrst og fremst Íslendingar, sem ber skylda til þess að berjast að einu marki, frjálsu og batnandi Íslandi, starfsamri og hamingjusamri íslenzkri þjóð. — Góða nótt.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti, góðir Íslendingar. Það sannast af orðum sumra ræðumanna hér á undan, að þegar skortir rök, grípa menn til hávaðans og stóryrðanna. Þetta sannar enn einu sinni glöggskyggni íslenzkrar alþýðu, sem þjó til orðtakið: „Það bylur hæst í tómri tunnu.“ En annars ætla ég ekki að elta ólar við ýmsar firrur stjórnarandstöðunnar, en reyna að gera nokkra grein fyrir málum almennt. Þó get ég ekki með öllu gengið fram hjá helztu rökblekkingunum, sem reynt hefur verið undanfarið að beita gegn ríkisstj.

Það, sem einkennt hefur ræður hv. þm Sjálfstfl. undanfarið um efnahagsmálin, hefur verið og er, að þeir hafa ekkert sjálfir til málanna að leggja, ekki eina einustu till. í mesta vandamáli þjóðarinnar, ekki eitt orð um það, sem flokkur þeirra vill gera. Ég fullyrði, að naumast mun á byggðu bóli finnast stjórnarandstaða fjölmenns stjórnmálaflokks, sem engar till. hefur fram að bera í vandamálum þjóðar sinnar.

Grundvallarregla þingræðis og lýðræðis er sú, að ríkisstj. leggi fram till., en stjórnarandstaðan geri a. m. k. í stærstu málum grein fyrir því, hvað hún vill gera. Síðan er hvort tveggja rökrætt fyrir opnum tjöldum, og að því búnu dæmir þingið og þjóðin, þótt síðar verði. Þessi regla hefur að vísu verið brotin sums staðar, nú síðast um árabil í Frakklandi með þeim afleiðingum, sem við blasa og ekki þarf að ræða hér.

En hver er ástæðan til þess, að Sjálfstfl. brýtur á þennan hátt almennar þingræðisreglur? Það er til þess að geta leikið tveim skjöldum. Það er til þess að geta komið betur við neikvæðu, ábyrgðarlausu skrumi, sem hann álítur líklegast til þess að halda kjósendafylgi.

Hv. þm. Björn Ólafsson sagði það raunar skýrt, að vísu með óbeinum orðum, hver ástæðan væri. Hann sagði hér á Alþ. nýlega, að allir flokkar vildu leysa efnahagsmálin, en enginn þyrfti að ímynda sér, að það væri framkvæmanlegt, án þess að það hefði í för með sér nokkurn sársauka í bráð. Hér hafa menn skýringuna. Til þess að útflutningsframleiðslan stöðvist ekki, verður að flytja til hennar fjármagn, en þetta fjármagn verður einhvers staðar að taka. Til þess að valda ekki óánægju hjá neinum, vill Sjálfstfl. ekki gera till. um, hvar eigi að taka þessa peninga. Til þess að geta alið á óánægjunni hjá öllum kallar hann tilfærsluna drápsklyfjar á almenning, en á sama tíma elur hann á því með öllu móti, að útflutningsframleiðslan fái of lítið. M. ö. o.: útflutningsframleiðslan fær of lítið, en samt er tekið of mikið handa henni með álögum.

Þessi málfærsla dæmir sig sjálf. Sjálfstfl. finnur, og það fundu menn í ræðunum hér á undan, og það sannast enn, að „í sérhverri ásökun afsökun var sem eitri í kaleikinn bætt.“ Sjálfstfl. finnur það sjálfur undir niðri, að hann mun hjá mörgum hljóta ámæli af þessari málfærslu. Þess vegna reynir hann að tína ýmislegt til sér til varnar, og vörnin er helzt sú, að vegna þess að ríkisstj. láti ekki sjálfstæðismönnum í té nægilegar upplýsingar, helzt úttekt á efnahagsmálaástandinu, geti þeir ekki gert neinar till., til þess vanti þá algerlega sérfræðilegt vit og sérfræðilega þekkingu.

Þegar stjórn Ólafs Thors var við völd, lét hann árið 1955 fjóra hagfræðinga gera álitsgerð um efnahagsmál. Andstæðingarnir fengu ekkert að vita um niðurstöður þessa álits, því síður að sjá það. Við stjórnarsinnar fengum að lesa það sem algert leyndarmál. Síðan var það heimtað af okkur. Og þegar ég kom í stjórnarráðið, fundum við eftir langa leit tvö eintök af þessu, upplagið virðist hafa verið eyðilagt og eintök þessi komizt undan af vangá. Þannig voru vinnubrögðin þá hjá vandlæturunum nú. En núv. ríkisstj. hefur látið fjölmenna n. frá stéttasamtökunum fylgjast nákvæmlega með, jafnframt því sem skýrslur hafa verið gerðar um efnahagsástandið. Núverandi stjórn afhenti stjórnarandstöðunni efnahagsmálafrv. með grg., áður en það var lagt fram á Alþ., og gerði jafnframt ráðstafanir til þess, að sérfræðingurinn, sem aðallega vann að málinu, gæfi stjórnarandstöðunni allar þær upplýsingar, sem hún bæði um. Síðan er langur tími liðinn, án þess að þetta hafi verið notað að nokkru ráði.

Fyrirsláttur Sjálfstfl. er auðvitað blekkingar einar, því að hvernig í ósköpunum á flokkurinn að geta beitt sér af miklum móði gegn frv. ríkisstj., gerðu skv. upplýsingum sérfræðinga, fyrst hann segist sjálfur ekki hafa sérfræðilega þekkingu til þess að gera neinar till. sjálfur, af því að hann hafi engar sérfræðilegar upplýsingar fengið frá ríkisstj.? Sjálfstfl. er með þessu búinn að lýsa yfir því, að hann er eins og prófdómari, sem á að gefa manni, sem er að taka próf, einkunn fyrir frammistöðuna og segir um leið og hann gefur einkunnina: Ég kann að vísu ekkert í þessari grein og hef þar enga sérþekkingu. — Hver tæki mark á einkunnargjöf slíks prófdómara? En þetta er það, sem Sjálfstfl. hefur verið að basla við að skýra fólki frá undanfarið, og með því hefur hann lýst yfir, að ekkert mark sé takandi á aðfinnslum hans, því að sá, sem játar, að hann hafi ekki þekkingu til að gera till., játar um leið, að hann hafi ekki vit á að finna að.

Auðvitað eiga sjálfstæðismenn aðgang og hann greiðan að sérfræðilegum upplýsingum um efnahagsmál þjóðarinnar. Hv. alþm. Ólafur Björnsson, prófessor í hagfræði við háskólann, einn af þm. flokksins, hefur samið flestar álitsgerðir um efnahagsmál frá 1946 til 1956, meðan sjálfstæðismenn voru í ríkisstj. Hann á greiðan aðgang að upplýsingum hjá hagfræðideild Landsbankans, hagdeild Landssambands ísl. útvegsmanna, Fiskifélaginu o. fl. Það má því öllum vera ljóst, að ástæðurnar fyrir því, að sjálfstæðismenn gera engar till., eru þær einar, sem ég hef áður greint.

En þess vegna fer ég svo mörgum orðum um þetta atriði, að ég álít, að kjósendur þurfi að gera sér ljóst, að þarna er um þjóðhættuleg vinnubrögð að ræða af hálfu stjórnarandstöðunnar, og þeir verða að láta Sjálfstfl. vita, að eftir þessu er tekið.

Ég mun nú gera nokkra grein fyrir viðhorfinu í efnahagsmálum og minnast fyrst örfáum orðum á gang þeirra mála undanfarin ár.

Einn eftirminnilegasti atburður, sem skeð hefur á Íslandi, gerðist árið 1946, þegar stjórnað hafði verið þannig í mesta góðæri, að útflutningsframleiðsla þjóðarinnar hafði verið gerð gjaldþrota. Það skeði á jólaföstunni 1946, að ríkissjóður Íslands varð að taka ábyrgð á töpum útflutningsframleiðslunnar. Töpin voru þjóðnýtt og hafa af ástæðum, sem síðar verða nánar greindar, vaxið árlega síðan. Sumir sjálfstæðismenn höfðu þá beinlínis prédikað blessun verðbólgunnar og það í sama mund og hún var að gera alla útflutningsframleiðsluna gjaldþrota 1946. Á Alþingi 1946 sagði þáverandi forsrh., Ólafur Thors, að dýrtíðin væri heppileg leið til þess að dreifa þjóðarauðnum meðal þegnanna, þótt hvert mannsbarn ætti nú að vita, að hið gagnstæða er staðreyndin. Talað var um blóðþrýstinginn í efnahagsmálum, sem þyrfti að vera hæfilegur. Ef dýrtíðin kæmist á hættulegt stig, þyrfti bara að gera réttar ráðstafanir á réttu augnabliki, það var pennastrikið fræga.

Ég hygg, að hv. alþm. Ólafur Thors sé eini forsrh. í heiminum, sem hefur prédikað blessun dýrtíðarinnar. Þetta minnir í sannleika sagt á framferði kuklara, sem héldu sig vera kunnáttumenn og þjóðsögur segja að vakið hafi upp drauga, síðan ekki ráðið við uppvakningana og ekki kveðið þá niður. Uppvakningar þessir urðu svo að meinvættum í stórum byggðarlögum, hvimleiðum fylgjum, sem minntu á sjálfbirgingsskap og vanhyggju kuklaranna, og það versta við verðbólgudrauginn er, að hann er uppi með þjóðinni til þessa dags. Eftir að þetta ástand var kallað yfir þjóðina, hafa styrkirnir til útflutningsframleiðslunnar sífellt hækkað.

Þau lög gilda hér í landi, að kaupgjald og verðlag hækkar sjálfkrafa í sambandi við minnstu hækkun framfærsluvísitölu. Sérfræðingar, innlendir og erlendir, hafa sýnt fram á það með skýlausum rökum, sem hver skyni borinn maður sér í hendi sér, að þessa sjálfvirku vísitöluverkun hefur engin þjóð í fjárhagskerfi sínu né getur haft, ef hún vill gera sér von um að komast úr svikamyllu dýrtíðarinnar. Sjálfvirk vísitöluverkun kaupgjalds og verðlags samkv. framfærsluvísitölu er eins og sjálfhreyfivél, sem viðheldur svikamyllunni, hvaða fjármálaráðstafanir sem við gerum að öðru leyti.

Af þessum ástæðum og vissulega ýmsum fleirum, svo sem of mikilli fjárfestingu og of miklum útlánum, erum við staddir í efnahagsmálum þjóðarinnar eins og raun ber vitni í dag.

Og nú skulum við athuga viðhorfin í byrjun þessa árs. Tekjur útflutningssjóðs stóðust ekki

áætlun 1957 af ástæðum, sem eru margraktar. Fyrirsjáanlegur var enn meiri halli á árinu 1958, ef útflutningsframleiðslan átti að fá það, sem hún þurfti, til þess að stöðvast ekki. Það varð að grípa til nýrra úrræða. Ef útflutningsframleiðslan fengi enga fjárhagslega aðstoð í dag, mundi hún öll stöðvast á sama augnabliki. Ástæðurnar eru þær, að útflutningsframleiðslan er með lögum skyldug til þess að selja gjaldeyrisbönkunum erlendan gjaldeyri, sem hún aflar, fyrir lögboðið, skráð verð í íslenzkum krónum. Þessar íslenzku krónur, sem framleiðslan fær, eru ekki nema nokkur hluti af því, sem það kostar hér á landi að framleiða útflutningsvörur. Ráðið sýnist einfalt og óbrotið fljótt á litið. Það verður að greiða framleiðslunni hæfilega margar íslenzkar krónur, þ. e. fleiri krónur en nú er, fyrir erlendan gjaldeyri, sem hún aflar, svo að hún geti greitt framleiðslukostnaðinn og framleiðslan stöðvist ekki. En einmitt þetta — að greiða fleiri íslenzkar krónur fyrir hinn erlenda gjaldeyri — er að hækka erlendan gjaldeyri í verði og lækka gengi íslenzku krónunnar. Með þessu móti fær framleiðslan það, sem hún þarf til þess að standast útgjöldin. En gallinn er sá, að þetta helzt aðeins nokkurn tíma. Vörur, sem fluttar eru inn frá útlöndum samkvæmt þessu nýja gengi, yrðu keyptar fyrir erlendan gjaldeyri, sem kostar fleiri íslenzkar krónur en áður, og í samræmi við það hækka erlendar vörur í verði. En framfærsluvísitalan heldur áfram að hækka samkv. sjálfvirku reglunni vegna hækkandi vöruverðs. Kaup hækkar og þá um leið landbúnaðarvörur og innlend þjónusta. Með þessu tapast jafnvægið í fjármálakerfinu að nýju, útflutningsframleiðslan fær ekki nægilega margar krónur til þess að geta staðizt kostnaðinn.

Það er að vísu eðlilegt í sambandi við gengisbreytingu að leggja ný innflutningsgjöld á miður nauðsynlegar vörur til þess að greiða *niður nauðsynlegustu* vörur, raunverulega í sama mæli og þeim er hlíft við innflutningsgjöldum nú í hinum nýju lögum. Þó mundi gengisbreytingin, sem hér að framan er lýst, valda nokkru meiri hækkun á vísitölu en ákvæði laganna, sem hér liggja fyrir um útflutningssjóð, vegna þess að með því að fara þá leið, sem valin er í margnefndum lögum, er útflutningnum mismunað, og þess vegna verða útflutningsuppbæturnar nokkru minni en með gengisbreytingu, þar sem allir atvinnuvegir fá sömu útflutningsuppbætur, sitja allir við sama borð.

Hægt væri að gera gengisbreytingu með fleiri leiðum, en ég hirði ekki að rekja það hér, því að þær hafa sömu áhrif. Niðurfærsluleiðin hefur verið athuguð og af öllum sérfræðingum talin ófær vegna þess, hvað við erum langt komnir á dýrtíðarbrautinni. Yrði þá að taka upp nýja mynt og breyta hlutfallinu milli verðgildis innlends og erlends gjaldeyris eftir sem áður. Það er því vitað, að ekki er nú lengur um aðrar leiðir að ræða en gengisbreytingu eða uppbótaleiðina eða millileið milli þeirra, þar sem byrjað er að stiga skrefin í áföngum. Það er sú leið, sem hér er valin til jafnvægis.

Leiðin, sem valin er í þessum lögum, er því að miklu leyti ný. Þar er m. a. gert ráð fyrir, að það verði ekki aðeins landbúnaður og sjávarútvegur, sem fái útflutningsbætur, heldur allur atvinnurekstur, sem rísa kann á legg, og eru þarna opnaðir útflutningsmöguleikar fyrir nýjar atvinnugreinar. Útflutningsuppbæturnar eru gerðar einfaldari og skiptast í þrjá flokka, 55%, 70% og 80%. Bátar og togarar sitja nú við sama borð, Faxaflóasíld lítið eitt lægri og Norðanlandssíld og hvalafurðir 55%. Venjulegum bótum á smáfisk og fleira er þó haldið. Til þess að greiða þessar bætur er teknanna aflað þannig, að gjaldeyrir til meginhluta innflutningsins verður að kaupa með 55% álagi. Þó er gjaldið fyrir nauðsynjavörum, sjúkrakostnaði og námskostnaði lægra, þ. e. 30%. Þessi gjöld innheimta bankar. En til þess að jafna metin eru svo lögð til viðbótar innflutningsgjöld á vörur, sem áður voru mjög hátollaðar.

Eins og áður segir, fá nýjar útflutningsgreinar notið sín, en jafnframt eru greiddar 55% uppbætur á þann gjaldeyri, sem flugsamgöngur við útlönd, siglingar, ferðaþjónusta o. fl. afla. Þetta er algert nýmæli. Það er jafnframt í samræmi við þá nýju meginreglu laganna, að greiða skuli bætur á keyptan gjaldeyri, að *lögboðið er jafnframt yfirfærslugjald á allan* seldan gjaldeyri. Þetta ákvæði laganna er því verulegur áfangi á leið til jafnvægis. Með því næst það, sem er mjög mikils virði, að meira samræmi fæst milli erlends vöruverðlags og innlends, en það ósamræmi var orðið mjög hættulegt fyrir innlenda þjónustu og framleiðslu svo og ósamræmið milli erlendra vara innbyrðis. Margs konar innlend framleiðsla og iðngreinar fá nú betri aðstöðu, svo sem skipaviðgerðir, bátasmíðar o. fl.

Ef farin hefði verið hrein gengisbreytingarleið, fengju allar útflutningsgreinar sömu aðstoð. Þetta kostar nokkru meira álag á innflutninginn í svipinn, hærri framfærsluvísitölu, meiri kauphækkanir. En með því að fara þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir, verður öflun fjár nokkru minni og framfærsluvísitalan hækkar verulega, en minna, og kaup- og framfærslukostnaður einnig. Þótt þessi leið sé nýr áfangi í rétta átt, eru gallar hennar þeir frá sjónarmiði framleiðslunnar, að vegið er og metið, hve mikið hver útflutningsgrein þurfi og einnig hve mikilla tekna þurfi að afla, og þá hætt við, að hvort tveggja verði of laust áætlað til þess að hlífast við álögum.

En það mega menn gera sér ljóst, að þótt þessi leið kosti í bráð nokkru minni hækkun á framfærsluvísitölunni en hrein gengisbreyting og þótt vísitöluskrúfan hafi verið tekin úr sambandi til haustsins með því að lögfesta 5% kauphækkun, hlýtur dýrtíðin að halda áfram þar á eftir, nema sjálfhreyfivél vísitölunnar verði stöðvuð með gerbreytingu á vísitölukerfinu í haust og komið í samræmi við það, sem nálægar þjóðir hafa í þessu efni.

En verður þetta gert? Það er undir því komið, hvort stéttasamtökin telja það samrýmast hagsmunum sínum eða þau álíta hitt gróða, að setja vísitöluspóluna, eins og hún nú er oft kölluð, aftur í gang. Enn fremur er mjög hætt við, að

allar þessar ráðstafanir séu unnar fyrir gýg, ef ofþensla verður í útlánum og fjárfestingu nú á næstunni.

Sjálfstæðismenn hafa beitt furðulegum baráttuaðferðum í sambandi við þetta mál. Sú er einna helzt, eins og við heyrðum núna í ræðunum, að hefja látlausan áróður út af álögunum, rétt eins og þær renni í vasa ráðherranna. Þeir halda því fram, að útflutningsframleiðslan fái of lítið, eins og ég sagði áðan, að hún muni stöðvast, en hvernig ætti þá tekjuöflunin handa útflutningsframleiðslunni að vera of mikil? Augljóst er, að þetta fær ekki staðizt.

Spurningin er þá sú ein eftir: Er hægt að afla þessara tekna með einhverjum öðrum hætti, þannig að léttara komi niður á almenningi? Þeir hafa ekki komið fram með neinar tillögur um slíka tekjuöflun nú, enda hefur af mörgum sérfróðum mönnum verið reynt til þrautar, að það er naumast framkvæmanlegt. Þar með fellur þessi áróður dauður.

En hvað vill Sjálfstfl.? Hv. alþm. Gunnar Thoroddsen sagði það sína persónulegu skoðun, að það hefði átt að framkvæma gengisbreytingu. Sama hefur skinið gegnum ræður fleiri sjálfstæðismanna. Sjálfstæðismenn hafa fyrr valið gengisbreytingarleiðina. Að því stóðu þeir fyrir 8 árum, og hvernig var sú leið? Það kom fram í 2. gr. frv. til l. um gengisbreytingu frá 1950, en fyrri málsgr. hennar hljóðar þannig:

„Eftir gildistöku laga þessara er ríkisstj. á ráðherrafundi rétt, að fengnum tillögum bankaráðs og bankastjóra Landsbanka Íslands, að ákveða gengi íslenzku krónunnar. Gengisskráning skal miða að því að koma á og viðhalda jafnvægisgengi, þ. e. að sem mestur jöfnuður sé í greiðslum við útlönd án gjaldeyrishafta."

Þeir vildu láta ráðherrafund ákveða gengisbreytinguna, hvenær sem ríkisstj. teldi henta. Þetta ákvæði var fellt niður vegna andstöðu. Enginn skilji orð mín svo, að ég sé að lá Sjálfstfl., þótt hann vilji gengisbreytingu. Hún getur sannarlega komið til greina og að haldi, ef hún er gerð í samstarfi við stéttasamtökin, og þarf þá ekki heldur að vera þeim óhagstæð. En þegar sjálfstæðismenn hefja róg út af því, að neyzluvörur hækki, og telja upp langa runu af framleiðsluvörum sjávarútvegs og landbúnaðar, sem hækki svo og svo mörg prósent, þá skulu tilheyrendur minnast þess, að með þeirri leið, sem valin er, hækka þær miklu minna en ef gengisbreyting væri gerð. Með hreinni gengisbreytingu mundu vörur til framleiðslunnar hækka um miklu meira en verður samkv. þessum lögum. Sjúkrakostnaður og námskostnaður hefði hækkað þrisvar sinnum meira en samkv. lögunum. En ef engar álögur væru á lagðar, ekkert gert, fengju menn eftir stuttan tíma engan erlendan gjaldeyri, því að framleiðsla hans stöðvaðist. Þann kost mundu fæstir kjósa.

Ég læt hér staðar numið um dýrtíðarmálin og vík að öðru stórmáli, landhelgismálinu. Það mun ekki vera dregið í efa, að það er næst sjálfstæðismáli okkar Íslendinga eitt allra stærsta mál þjóðarinnar. Undir sigri í því máli er komið fjárhagslegt sjálfstæði Íslands. Við höfum séð, hvernig fiskimiðin hafa farið við Skotland, í Norðursjónum, við Færeyjar, og vísindamenn okkar hafa sannað, hvert stefnir hér við land. Það er lífsnauðsyn, að landbúnaður og sjávarútvegur, sem aflar að mestu erlends gjaldeyris, geti haldizt í hendur sem tvær þróttmiklar atvinnugreinar. Við eigum svo fáar auðlindir, Íslendingar, að ef fiskimiðin yrðu eyðilögð vegna ofveiði, væri vá fyrir dyrum.

Ríkisstj. hefur komið sér saman um sameiginlega afstöðu, sem skýrt hefur verið frá opinberlega, og er vonandi, að sameiginleg afstaða allra flokka og allrar þjóðarinnar fáist um hana, enda benda allar líkur til þess. Í þessu máli verður öll þjóðin að standa saman sem einn maður án tillits til stjórnmálaskoðana, annað væri óafsakanlegt. Við Íslendingar teljum okkur eiga þann rétt, sem við ætlum að taka. En fjárhagslegir hagsmunir nálægra þjóða vegna fiskveiða við Ísland eru miklir, og þótt við vonumst eftir réttsýni, verðum við að vera þess albúnir að taka á okkur mikil óþægindi og jafnvel fórnir, ef þarf, til þess að ná í þessu máli því marki, sem við höfum sett okkur og lífsafkoma þjóðarinnar byggist á um ókomin ár.

Utanríkisstefna ríkisstj. hefur verið óbreytt, síðan hún tók við völdum. Í ályktuninni frá 28. marz segir, að vegna breyttra viðhorfa síðan 1951 teljist eðlilegt, að varnarliðið fari úr landi. Um leið og þetta breytta viðhorf í friðarátt, þessi forsenda var ekki til staðar, leiddi það af sjálfu sér, að tillagan varð ekki framkvæmd um sinn. En það er staðreynd, að þegar samtöl áttu að hefjast um brottför varnarliðsins, var ófriðarhættan slík, að fáum eða engum kom til hugar í alvöru að krefjast brottfarar varnarliðsins, eins og á stóð. Það eru því aðstæðurnar, sem hafa breytzt, og því miður ekki horfur á því nú, að þær breytist til batnaðar, þó að vonandi sé, að að því komi sem fyrst.

Ég hef lesið í blöðum, að menn velti því fyrir sér, hvort leyfðar muni verða hér eldflaugastöðvar og atómsprengjur. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ég hef sagt það skýrt í svarbréfi til fyrrv. forsætisráðherra Sovétríkjanna, að stöðvar varnarliðsins hér eru umsamdar varnarstöðvar, þess vegna komi eldflaugastöðvar eða atómsprengjustöðvar til árása á aðrar þjóðir ekki til greina.

Vegna þess að stjórnarandstæðingar hafa oft haft það milli tannanna, að stjórn og þingmeirihluti hafi verið aðgerðalítill, vil ég leyfa mér að minnast fáum orðum á gang nokkurra mála, síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum.

Framleiðslan hefur verið rekin án stöðvana. Atvinna hefur verið mikil og jöfn. Sett ný löggjöf um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Bætt rekstrarafkoma sjávarútvegsins. Bætt kjör fiskimanna. Sett löggjöf um réttindi verkafólks. Aukið fjármagn, fjárframlög og lán til rafmagnsframkvæmda dreifbýlisins. Íbúðarlánasjóðslög sett og mikið fjármagn útvegað til húsbygginga í sveit og við sjó. Margs konar framkvæmdir og framfarir um land allt, sem dregið hafa úr fólksstraumnum til Faxaflóasvæðisins. Aukið atvinnubótafé. Keyptir 12 250 tonna togbátar auk minni vélbáta. Útvegað stórlán til Sogsvirkjunarinnar, mál, sem komið var alger-

lega í eindaga, þegar stjórnin tók við. Fullgerð nokkur stór fiskiðjuver, sem stronduð voru vegna fjárskorts, þegar ríkisstj. tók við. Útvegað fé til þess að fullgera sementsverksmiðju, sem einnig var komin í strand vegna fjárskorts. Útvegað fé handa fiskveiðasjóði, ræktunarsjóði, byggingarsjóði o. fl., en sjóðir þessir voru tómir, er núverandi ríkisstj. tók við. Lög sett um vísindasjóð. Lög sett um lífeyrissjóð togarasjómanna. Endurbætt búfjárræktarlög. Ný og endurbætt löggjöf um félagaskatt lögfest. Nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem eru verulegur áfangi í rétta átt. Um landhelgismálið hef ég áður rætt.

Ég hygg, að þetta yfirlit, þótt fáort sé, nægi til að gefa réttari mynd af því, sem skeð hefur, en ósanngjarnar og hvatvíslegar fullyrðingar og stóryrði sjálfstæðismanna um, að engu hafi verið til vegar komið.

Ég vík þá aftur að efnahagsmálunum. Andstæðingarnir og ýmsir aðrir spyrja mjög um það, hvað skeður í haust, nýju lögin séu ekki hin varanlegu úrræði, sem þeir segja, að ég hafi lofað. Vitanlega eru engin fullkomlega varanleg úrræði til í efnahagslífi neinnar þjóðar. Þótt efnahagslífið sé heilbrigt, er það undirorpið margháttuðum breytingum, sem sífellt þarf að snúast við með ýmsum hætti. Hitt hef ég sagt, að ég hef ekki trú á því, að viðhlítandi úrræði í efnahagsmálum fáist, nema varanleg, ábyrg samvinna takist milli stéttasamtakanna og ríkisstj. og milli þeirra skapist traust, byggt á gagnkvæmum skilningi og þekkingu á þörfum stéttasamtakanna og þjóðarinnar í heild.

Margir forustumenn verkalýðssamtakanna höfðu það fyrir vígorð í seinustu kosningum, að barátta fyrir bættum kjörum ætti að breytast úr verkfallsbaráttu í úrræði, sem fundið væri í þingsölunum. Heitið var á kjósendur að veita fleiri frambjóðendum þeirra umboð á Alþ. Samtökin lýstu yfir því, að þau hefðu skilning á því og sönnur fyrir því, að vinnustöðvanir og verkföll væru ekki aðeins þjóðfélaginu skaðleg, heldur einnig þeirra eigin hagsmunum. Þess vegna vildu samtökin flytja hagsmunabaráttuna inn í þingið í stað verkfalla og vinnustöðvana. Verkalýðsfélögin voru eitt sinn svo veik, að sá, sem skráður var í verkalýðsfélagi, fékk naumast vinnu. Nú fær enginn vinnu, nema hann sé skráður í verkalýðsfélagi. Ef sjómenn gerðu verkfall, var fyrr á tímum jafnvel haft í hótunum að setja þá í fangelsi fyrir strok af skipi. Þetta og fleira er sem betur fer svo gerbreytt, að nú segja verkalýðsfélögin stundum með nokkru stolti, að þau hafi ekki tapað verkfalli í mörg ár. En verkalýðssamtökin hafa til skamms tíma enga aðstöðu haft til þess að kynna sér, þótt þau gjarnan vildu, hag framleiðslunnar og efnahagslífið í heild. Þau hlutu því að segja upp samningum og gera verkföll meira og minna af handahófi.

Eftir að núverandi ríkisstj. tók við völdum, hófst ný vinnuaðferð. Þegar efnahagskerfið og dýrtíðarmálin voru rannsökuð 1956, voru að störfum 2 nefndir, 6 manna og 19 manna, sem fylgdust með rannsóknum og skýrslugerðum um efnahagsástandið og greiðslugetu framleiðslunnar. Það hefur verið sannað fyrir þessum nefndum, að framleiðslan stöðvast, ef ekki er flutt til hennar nýtt fjármagn, og það er ekki unnt að afla þessara peninga, svo að léttara komi niður á almenningi en gert er með lögunum um útflutningssjóð o. fl. Það er því auðsætt, að ekki er meira til að skipta en skipt er.

Núverandi ríkisstj. hefur lagt á stóreignaskatt, þótt það hafi áður verið gert fyrir fáum árum, til þess að jafna metin og bæta hag almennings. Álagning verzlunarinnar er ákveðin svo lág, að hvergi mun í nálægum löndum lægri, og jafnvel kaupfélög verkamanna kvarta. Hvar á að taka meira til að skipta? Eitt benda menn á: of mikla eyðslu hins opinbera. Þetta er vissulega í athugun. Það er erfitt að kippa til baka greiðslum, sem á eru komnar, og margir, sem telja sig fylgjandi sparnaði, eru þar stundum tregari til samþykkis en ætla mætti. Það, sem mögulegt er að spara án stórfelldra lagabreytinga, er svo hverfandi upphæð, að tiltölulega lítil áhrif hefur, en það er til fyrirmyndar sem fordæmi og mun verða unnið að þessu eftir megni.

En þegar þessar upphæðir verða ekki lengur til ásteytingar og fulltrúum stéttasamtakanna sýnt og sannað, að framleiðslan getur ekki látið meira í té, þá er enginn ávinningsmöguleiki eftir nema einn, og hann er sá að auka framleiðsluna, bæta rekstur hennar, svo að hún gefi meira til að skipta. Og það stendur sannarlega ekki á núverandi ríkisstj. Það er einmitt stefna hennar að vinna að því með stéttasamtökunum eftir ýtrustu getu þjóðarinnar, ásamt réttlátri skiptingu hinna auknu þjóðartekna.

Ég geri mér fyllilega ljóst, að þetta verk, traust samvinna ríkisstj. og stéttasamtakanna, sem nú ríður mest á að takist, er ekki auðvelt né fljótunnið verk. Það er mikið átak fyrir sterka verkalýðshreyfingu að flytja valdið frá verkfallsbaráttu með óskhyggju inn á Alþ., þar sem taka þarf ákvarðanir í samræmi við staðreyndir. Þegar fulltrúum, sem taka þátt í nefndum fyrir verkalýðshreyfinguna, hefur verið sýnt og sannað, hvernig ástatt er, þarf sterka ábyrgðartilfinningu og kannske nokkra sjálfsafneitun, kannske að stofna sér í þá hættu, að þeim verði ekki falin fulltrúastörf áfram, til þess að fara til síns félags og segja: Ég hef fengið að kynna mér allt ástandið. Það hafa verið farnar þær leiðir, sem hagstæðastar eru fyrir verkalýðssamtökin. Það er hvorki réttmætt né í samræmi við hagsmuni okkar að gera frekari kröfur í bráð, — og bæta svo við: Þetta er vegna þess, að þegar framleiðslan getur ekki greitt meira, eins og nú er, veldur hækkuð vísitala með hærra kaupgjaldi því einu, að nýjar álögur verður að leggja á, til þess að framleiðslan stöðvist ekki. Afleiðingin er sú ein, að verðbólgan verður óviðráðanleg sjálfum okkur og öllum til tjóns.

Það er raunverulega þetta hlutverk, sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar taka að sér, þegar hún óskar að flytja vald sitt inn í þingið. Það er ólíkt auðveldara að vera laus við valdið og þá ábyrgð, sem því verður að fylgja, tala í anda stjórnarandstöðunnar og segja í anda hennar: Við viljum fá fleiri krónur, og við

skulum fá þær, hvað sem öðru líður. Það hlýtur að vera meira til að skipta, það hlýtur að mega fara aðrar leiðir, — og þar fram eftir götunum, þótt það stangist við staðreyndir. Þannig er hægt að tala, kannske á vissan hátt með árangri, en þannig er ekki hægt að stjórna þjóðfélaginu. Þetta þýðir að afsala sér þátttöku í stjórn landsins og fá hana öðrum í hendur.

Fulltrúar verkalýðsfélaganna hafa verið látnir fylgjast með rannsókn á efnahagskerfinu og framleiðslunni, eins og ég áður sagði, auk þess sem yfirlitsræður fjmrh., síðan ríkisstj. tók við, hafa verið mjög greinargóð úttektargerð um ástandið.

Ég hef nú fengið hæfustu menn til þess að semja ýtarlegar skýrslur til birtingar samkv. niðurstöðum rannsókna síðustu ára, til þess að öllum þeim landsmönnum, sem vilja, verði gefinn kostur á að kynna sér þær til hlítar. Eina leiðin til viðreisnar er sú, að sem allra flestir taki þátt í því starfi með góðvilja, skilningi og þekkingu.

Með flutningi þessarar útvarpsræðu frá Alþ. hef ég skýrt ykkur, góðir Íslendingar, frá því, svo rétt og greinilega sem ég get, hvernig viðhorfið er og undir hverju það er komið, hvort og hvernig fram úr vandanum rætist. Mikilsverðum áfanga hefur verið náð í efnahagsmálunum. Grundvöllurinn hefur nú verið lagður til að byggja á. Það er komið undir manndómi þeirra, sem að þessum málum standa, og skilningi þjóðarinnar, að takast megi að ná markinu og treysta og fullkomna verkið.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti, góðir hlustendur. Við, sem nú lifum og störfum í landinu, höfum hlotið í arf mikinn fjársjóð, sem forfeður okkar börðust fyrir um aldir, en það er sjálfstæði þjóðarinnar, viðurkenning á rétti hennar til landsins og tilveru meðal þjóðanna. En þetta kostar okkur líka umfram allt fórnfýsi og samheldni auk fjármuna, ef vel á til að takast.

Áður fyrr hafði Alþingi og ríkisstjórn lítil afskipti af atvinnuvegum þjóðarinnar. Bóndinn og útgerðarmaðurinn sáu um sig sjálfir. Þeir tóku á sig boðaföllin, og látið var skeika að sköpuðu, hvort þeir stóðust þau eða ekki.

Nú er öldin önnur. Árið 1946 fór nýsköpunarstjórn Ólafs Thors, hv. þm. G-K., inn á nýja leið í þessum efnum. Þá var fyrst gengið inn á það af Alþingi og ríkisstj. að taka ábyrgð á fiskverði til útflutnings. Síðan hefur ekki tekizt að losna við afskipti ríkisins af útflutningsverðinu, enda ekki tekizt á annan hátt að skapa rekstrarskilyrði fyrir atvinnuvegina.

Með hverju ári hefur orðið erfiðara að afla fjár til þess að brúa bilið á milli framleiðslukostnaðar annars vegar og söluverðs afurðanna erlendis hins vegar. En þetta hefur verið nauðsynlegt, nema því aðeins að eitt af þrennu hefði skeð eða allt í senn:

Í fyrsta lagi, að framleiðslukostnaður innanlands hefði haldizt óbreyttur.

Í öðru lagi, að framleiðsluaukningin í landinu hefði verið það mikil, að hún hefði getað staðið undir hinum aukna kostnaði, sem orðið hefur, og þó hæpið, að það eitt hefði dugað.

Í þriðja lagi, að verðlag erlendis hefði hækkað til samræmis við aukinn kostnað við framleiðsluna innanlands.

Ekkert af þessu hefur verið til staðar í það ríkum mæli, að það hafi nægt til að brúa bilið. Þess vegna hefur á hverju ári s. l. 12 ár þurft nýjar aðgerðir af hálfu ríkisins til að tryggja sölu afurðanna á erlendum markaði.

Árið 1950 var ósamræmið á milli erlends verðlags og framleiðslukostnaðar innanlands orðið það mikið, að ekki þótti fært að halda áfram á sömu braut. Þá var gjaldeyrisskráningunni breytt það mikið, að það átti að nægja til að bjarga útgerðinni. En sú varð þó ekki raunin. Þá töluðu núverandi stjórnarandstæðingar ekki um álögur á þjóðina, eins og hv. þm. Sjálfstfl. gera nú, og voru þó álögurnar, ef álögur skyldi kalla, miklu meiri þá en nú, því að allt, sem greiða þurfti í erlendum gjaldeyri, hækkaði jafnt og þ. á m. neyzluvarningur. Nei, sjálfstæðismönnum ferst hvorki að tala um álögur á þjóðina né það, að aðrir vilji gína né gapa yfir bönkum og lánastofnunum, því að þeir láta sjálfir aldrei ónotuð tækifæri í þeim efnum og svífast þá einskis.

Sú leið, sem farin er nú í efnahagsmálum og lögfest hefur verið til að tryggja afkomu aðalatvinnuveganna, er millileið. Í hinum nýju lögum um útflutningssjóð o. fl. er farinn meðalvegur milli gengisbreytingar og þess skattafyrirkomulags, er ríkt hefur undanfarin ár. Kerfinu er breytt frá því, sem verið hefur, og það jafnframt gert einfaldara. Það er gerður minni munur á uppbótum en áður hefur átt sér stað, og það er gert ráð fyrir því, að allar tegundir útflutningsvara geti komið til greina. Þá er gert ráð fyrir því að leggja yfirfærslugjald á allar aðfluttar vörur og duldar greiðslur, enn fremur að greiða yfirfærsluuppbætur á tekjur íslenzkra atvinnuvega af öðru en vörusölu, eins og t. d. flutningsgjöld í siglingum m. m. Í þessu er fólgin mikil breyting frá því, sem verið hefur, sem hefur m. a. þá þýðingu, að ekki er lengur útilokað, að nýjar atvinnugreinar geti staðizt samkeppni í útflutningi, þótt svo hafi verið áður.

Þá minnkar nú mikið bilið á milli innlends og erlends verðlags í ýmsum greinum, og er það spor í rétta átt, enda hefur það líka hlotið viðurkenningu hv. stjórnarandstæðinga, sem eru hreint ekki eins mikið á móti þessum lögum og þeir vilja vera láta, og sýndu brtt. þeirra það bezt. Þær miðuðu flestar að því að auka útflutningsbæturnar, en það þýðir meiri álögur að þeirra dómi, og engin till. hefur komið frá þeim um það að minnka gjöldin á nauðsynjaeða rekstrarvörum landbúnaðar og sjávarútvegs, enda eru margir hinna reyndari þm. Sjálfstfl. það greindir menn, að þeir sjá þýðingu þessa máls fyrir land og þjóð, þótt sjálfum hafi þeim ekki auðnazt að koma með neitt, sem getur bjargað atvinnuvegum þjóðarinnar. Og engan fá þeir til að trúa því, að við lifum til lengdar, eins og ástatt er nú, án þess að gera nýjar ráðstafanir. Ef engar ráðstafanir væru gerðar, þá fyrst væri ástæða til að óttast um hag lands og þjóðar, því að eftir því sem lengur er dregið að aðhafast eitthvað í efnahagsmálum, eftir því

eykst misræmið í verðlagi innanlands og utan og enginn eyrir verður til að brúa bilið, svo að ekki liggur neitt fyrir annað en að framleiðslan stöðvist, verkamenn atvinnulausir og afurðir landbúnaðarins illseljanlegar. Aðgerðarleysi yrði of dýru verði keypt, til þess að nokkur skyni borinn maður óski þess, því að allir sjá, hvernig fer um lífsnauðsynjar og framkvæmdir í landinu, þegar framleiðsla þjóðarinnar er óseljanleg eða stöðvast.

Um áhrif hinna nýju laga um útflutningssjóð á afkomu landbúnaðarins vil ég taka það fram, að aðstaða til útflutnings á landbúnaðarvörum verður nú betri vegna hækkaðra útflutningsbóta. Hækkun á erlendum rekstrarvörum ásamt hækkun á vinnulaunum mun að sjálfsögðu verða tekin til greina við verðlagningu á komandi hausti. Mjólkurverð hækkar nú þegar í samræmi við grunnkaupshækkun og aukinn dreifingarkostnað samkv. lögunum. Kjötverð hækkar einnig sem nemur hækkun á dreifingarkostnaði.

Því er haldið fram af sumum og kom m. a. fram í umr. á Alþingi nú nýlega, að of miklu fé sé varið til fjárfestingar í landbúnaði miðað við annað. Í því sambandi var því haldið fram, að fjárfesting í landbúnaði s. l. 4 ár hafi verið meiri en í sjávarútvegi. Ég hygg, að óþarft sé og engum til góðs að stofna til metings milli þessara höfuðatvinnuvega í þessum efnum. Uppbygging þarf að eiga sér stað bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, og nær væri að bera samanlagða fjárfestingu þeirra saman við heildarfjárfestingu þjóðarinnar. En ég vil leyfa mér af þessu tilefni að fara nokkrum orðum um landbúnaðinn, þátt hans í þjóðarbúskapnum og landbúnaðarframkvæmdir síðustu ára.

Það er að vísu rétt, að landbúnaðurinn framleiðir, eins og nú standa sakir, ekki nema tiltölulega lítinn hluta af útflutningsvörum landsmanna. Á það vil ég þó benda, enda full ástæða til, að menn viti það, að sá gjaldeyrir, sem inn í landið kom á s. l. ári fyrir útfluttar landbúnaðarvörur, gærur, ull, kjöt o. fl., gerði betur en að greiða allar rekstrarvörur, sem keyptar voru til þarfa landbúnaðarins á því ári. En eins og kunnugt er, framleiðir landbúnaðurinn aðallega vörur, sem þjóðin notar sjálf, og auðvitað sparar hann þannig gjaldeyri, sem hún yrði að afla með einhverju móti, ef þessar vörur væru fluttar inn.

Landbúnaðarframleiðslan til innanlandsnotkunar mun, eftir því sem næst verður komizt, hafa numið nokkuð yfir 700 millj. kr. á s. l. ári, miðað við verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða. Þeir, sem tala um of mikla fjárfestingu í landbúnaði nú síðustu árin, verða að gera sér grein fyrir því, að framkvæmdir í landbúnaði hafa á ýmsum tímabilum á þessari öld verið litlar og verulegur hluti er bústofnsaukning, sem er vegna fjárpestanna. Á árunum 1947—52 er landbúnaðarfjárfestingin þó ekki nema 40 millj. kr. á ári, en hefur aukizt síðan. Á öðrum sviðum átti sér stað mjög mikil fjárfesting, á sama tíma og lítil fjárfesting var í landbúnaði. Til dæmis um það, sem fengizt hefur fyrir það fé, sem fest hefur verið í landbúnaði í seinni tíð, skal ég nefna þetta:

Á árunum 1947—56 stækkuðu túnin um 23 þús. ha. eða sem næst þriðjung. Á sama tíma voru reist 2083 íbúðarhús eða á þriðju hverri jörð í landinu. Á síðustu fimm árum hafa verið byggð fjós með hlöðum yfir nálega 10 þús. nautgripi og fjárhús með hlöðum yfir 150 þús. fjár. En bústofnsaukningin á árunum 1953—56 er 7300 nautgripir og 260 þús. fjár. Auk þessa hefur yfirleitt verið vel séð fyrir vélvæðingu í landbúnaðinum. En framleiðsluaukningin er líka mikil síðustu árin. Kjötframleiðsla hefur aukizt síðustu 5 árin úr 9 þús. í 15400 tonn, ullar- og gæruframleiðsla meira en tvöfaldazt og mjólkurframleiðslan hjá mjólkurbúum aukizt úr 45 millj. lítra í 66 millj. lítra.

Ég vil enn fremur benda á það, að við landbúnaðinn vinna nú aðeins 13% af þjóðinni, og hygg ég, að því verði naumast haldið fram, að þau 87%, sem önnur störf vinna, skili að jafnaði stærri hlut í þjóðarbúið. Bændur landsins hafa lyft grettistaki og notið til þess stuðnings Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Það er líka söguleg staðreynd, að þegar bændurnir hafa leyst sín stærstu vandamál, þá hefur Framsfl. jafnan átt sæti í ríkisstj. og farið með landbúnaðarmál.

Í tíð núverandi ríkisstj. hefur margt verið unnið landbúnaðinum í hag. Lögum um búfjárrækt hefur verið breytt til bóta, enda þarf saman að fara aðmikið búfé, grasgefin tún og góð nýting. Þá ber enn fremur að nefna hina nýju lagasetningu um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem tekin er upp sú nýjung að styrkja sérstaklega ræktun þeirra býla, sem hafa undir 10 ha. tún. Framsóknarmönnum hefur lengi verið það ljóst, að brýna nauðsyn ber til að skapa öllum býlum í landinu rekstrarhæfan grundvöll, en sá grundvöllur er óvíða til staðar, ef túnin, sem eiga að sjá búpeningnum fyrir fóðri, eru undir 10 hö. Þá er samkv. þessum sömu lögum verulega bætt aðstaða nýbýlinga frá því, sem verið hefur. Það er trú mín og von, að þeir fjársjóðir, sem faldir eru í ræktanlegu landi, muni smám saman leysast úr læðingi og þar eigi enn eftir að skapast nýir möguleikar í sambandi við skógrækt, hveraorku o. fl.

Sjálfsagt spyr nú einhver: Hvað á að gera með meiri framleiðslu í landbúnaði en nú er? Því vil ég svara þannig: Þjóðinni fjölgar. Mörg smáþorp eiga eftir að rísa upp í sveitum landsins. Sú kemur tíð, að enginn efast um, að hægt sé að flytja út sauðfjárafurðir með góðum árangri. En það er með þær eins og aðra framleiðslu, að það þarf að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsafurðanna og um leið tryggja fólkinu í landinu stöðugt verðlag daglegra nauðsynja og eigna.

Íslenzku þjóðinni fjölgar um rúmlega 3000 manns á ári, og leiðir þetta til þess, að efla þarf framleiðsluna af fremsta megni, svo að hægt sé að sjá öllum fyrir lífsnauðsynjum. Núverandi æskumenn og konur geta valið um skóla og hlotið góða menntun, enda er æskan þess verðug, því að hún er bæði þróttmikil og dugleg og hefur alla möguleika til að láta gott af sér leiða. Þessum arftökum þjóðfélagsins mun

vafalaust takast að bæta um og laga ýmislegt, sem miður fer nú í landi voru. Af hálfu hins opinbera er fé varið til menntunar æskunni, eftir því sem ástæður leyfa, og á þessu ári er fjárveitingin til menntamála 123 millj. kr., en auk þess 12 millj. kr. til kirkjumála. En einnig á annan hátt er fé varið til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Til opinberra framkvæmda er m. a. veitt á fjárlögum þessa árs:

Til nýbyggingar þjóðvega sem næst 15 millj. kr. og til viðhalds þjóðvegum helmingi hærri upphæð, eða 33 millj. kr. Til endurbyggingar gamalla vega, fjallvega og sýsluvega rúmar 4 millj. kr. Til brúargerðar rúmar 10 millj. kr. Til hafnarframkvæmda um 13 millj. kr. Til raforkusjóðs 15 millj. kr., nýrra raforkuframkvæmda 10 millj. kr. Til ræktunarframkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum 23 millj. kr. Til nýbýla 6½ milljón króna. Til lánastofnana landbúnaðarins 4.1 millj. Og til stækkunar á túnum innan 10 ha. 5 millj. kr.

Allir þessir liðir á fjárlögum eiga það sameiginlegt, að þeir miða að varanlegum umbótum, sem eiga að skapa þjóðinni betri afkomu í framtíðinni. Það er talið, að um 1500 millj. kr. hafi farið í fjárfestingu árið 1957 hér á landi eða 1 króna af hverjum 3, sem þjóðin hefur aflað. Þessi fjárfesting er að miklu leyti á vegum einstaklinga. Það gefur auga leið, að það þarf ýtrustu hagsýni og dugnað til að halda þannig áfram til lengdar. En eitt er víst, að það er ekki hægt að festa svona mikið fé árlega, nema því aðeins að atvinnuvegir þjóðarinnar gangi og gangi vel.

Öll fjárfesting varðandi atvinnuvegina er nauðsynleg, sé hún til þess að auka framleiðslumagnið og skapa ný verðmæti og þar af leiðandi auknar tekjur. Sú fjárfesting þarf jafnan að sitja í fyrirrúmi fyrir öðru, sem ónauðsynlegra er. Það má heldur aldrei draga vinnuafl þjóðarinnar um of frá atvinnuvegunum. Þeir eiga að geta fengið og þurfa að fá innlent vinnuafl, svo að ekki fari af þeim sökum gjaldeyrir úr landi.

Framsfl. er ljóst, að það þarf að verja meira fjármagni en gert hefur verið til sjálfs atvinnulífsins. Ber þá að meta það, sem vel hefur verið gert í þessum efnum. Byggð hefur verið áburðarverksmiðja, sem sér bændum fyrir nægum köfnunarefnisáburði og sparar þar með mikinn gjaldeyri, eða á s. l. ári rúmar 30 millj. Nú er langt komið að reisa sementsverksmiðju, sem mun í framtíðinni ekki einungis spara gjaldeyri, heldur og greiða fyrir framkvæmdum í landinu. En víða blasa við ný verkefni, sem krefjast úrlausnar á næstunni. Það þarf að ráðast í virkjanir á stórám landsins og tryggja þar með eflingu atvinnuveganna og þá ekki síst stóriðju, jafnframt því sem unnið er að því, að allir landsmenn fái ljós og yl frá raforkunni. Þetta þykja kannske loftkastalar. En þá, sem þannig hugsa, vil ég minna á það, að ekki eru nema rúm 50 ár, síðan byrjað var að leggja síma um landið, og nú má heita svo, að hvert einasta sveitabýli í landinu, sem hefur viljað síma, hafi fengið hann. Fleira mætti nefna af þessu tagi. Þó hefur oft á þessari öld verið misjafnt árferði til lands og sjávar, svo að fresta hefur orðið ýmsum framkvæmdum í bili.

Framkvæmdamáttur þessarar þjóðar er mikill, ef hún leggur sig fram og velur það, sem til heilla horfir. En óneitanlega veltur mikið á því, að þjóðinni takist að ráða á viðunandi hátt fram úr efnahagsmálum sínum, takist að mynda ábyrgan grundvöll í þeim efnum og skilningur verði almennur á þeim málum. Enn þá hafa nú verið gerðar ráðstafanir, sem eiga að geta orðið spor í rétta átt, ef þjóðin ber gæfu til að eyðileggja þær ekki í framkvæmd. Margir spyrja í sambandi við efnahagsmálin: Hví lækkið þið ekki allt og tryggið útflutninginn á þann hátt í staðinn fyrir að hækka allt saman? — Slík lækkun mundi, eins og nú er komið, þurfa að dómi sérfræðinga að ná til allra peningagreiðslna og verðmæta og verka í aðalatriðum eins og gengisbreyting, nema að því leyti að tölur yrðu lægri. Báðar leiðirnar miða að sama marki, en aðalatriðið er, að jafnvægi myndist og það jafnvægi raskist sem minnst.

Þegar í upphafi styrjaldarinnar varaði Framsfl. við því að koma af stað verðbólgu í landinu. Of fáir sinntu þeirri viðvörun, því miður. Mörgum þótti gott að fá hækkandi tekjur í krónum. Krónufjölgunin var nefnd kjarabót. En hverjum dettur nú í hug, að maður, sem hefur 4000 kr. tekjur á mánuði, hafi 10 sinnum betri kjör en sá, sem hafði 400 kr. fyrir stríð? Engum. Kjarabót verðbólgunnar er blekking. Það hefði verið hyggilegt að fara að ráðum Framsfl. í því að hleypa verðbólgunni ekki af stað. Einnig nú er honum bezt treystandi að ráða fram úr vandanum, þannig að við megi una í framtíðinni. — Góðar stundir.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Vart hefur meira verið rætt um annað mál meðal Íslendinga, síðan Genfarráðstefnan hófst í febr. s. l., en landhelgismálið og útfærslu fiskveiðitakmarkanna. Liggja til þess ýmsar og gildar ástæður.

Íslendingar eru ein mesta fiskveiðiþjóð heims. Landið er snautt af náttúruauðlindum. Mikið af nauðsynjum þjóðarinnar verður að kaupa frá öðrum löndum. Fiskur og sjávarafurðir verða að standa undir þessum innkaupum, enda eru 97% af útflutningi Íslendinga úr sjónum fengin. Það er staðreynd, sem enginn fær haggað, að án fiskimiðanna umhverfis Ísland mundi landið vart vera byggilegt. Verndun fiskimiðanna er viðfangsefni, sem tilvera þjóðarinnar er komin undir.

Þegar þetta er haft í huga, er augljóst, að það var Íslendingum vaxandi áhyggjuefni að fylgjast með þeirri ofveiði, sem átti sér stað á Íslandsmiðum fyrri helming þessarar aldar. Á tímabilinu milli heimsstyrjaldanna tveggja miðaði þessum málum í þá átt, að ljóst varð, að alger eyðilegging vofði yfir fiskistofninum, ef ekki yrði rönd við reist. Afli, miðað við fyrirhöfn, fór síþverrandi með hverju árinu, sem leið. Má nefna sem dæmi, að árið 1919 var dagsafli af ýsu rúmlega 21 vætt, en 1937 var hann kominn niður í 5 vættir. Ef miðað

er við 100 togstundir, var ýsuaflinn 243 vættir árið 1922, en 1937 aðeins 71 vætt. Um ýmsar aðrar fisktegundir er svipað að segja.

Í heimsstyrjöldinni síðari minnkaði sóknin að sjálfsögðu, og fiskstofnarnir fengu þá nauðsynlega vernd. Áhrifin komu þar brátt í ljós með vaxandi afla. Síðan hófst sóknin aftur, og afleiðingin lýsti sér í síþverrandi aflabrögðum.

Ef fiskveiðitakmörkunum hefði ekki verið breytt, eins og gert var 1950 og 1952, væri vafalaust raunalegt um að litast á Íslandsmiðum í dag. Þær ráðstafanir voru þá aðeins hugsaðar sem skref innan viðtækari ramma, og hefur reynslan leitt í ljós, að frekari aðgerða er þörf, ef ekki á illa að fara.

Ráðstafanir þær, sem gerðar voru árið 1950 og 1952, stöðvuðu hnignun íslenzkra fiskistofna að verulegu leyti. Þróun veiðanna og vísindalegar rannsóknir á stofnunum innan fiskveiðitakmarkanna sýndu þetta greinilega. Hins vegar má segja, að við Íslendingar fáum ekki enn þá þann hámarksarð af þessum stofnum, sem æskilegur er og nauðsynlegur fyrir íslenzka útgerð. Hér má aftur taka sem dæmi ýsustofninn. Vegna minnkaðrar sóknar á stríðsárunum rétti stofninn svo við sér, að miðað við 71 vætt á 100 togtímum árið 1937, fengu brezkir togarar 358 vættir á sömu tímaeiningu árið 1946. En það ár fóru þeir aðeins 470 veiðiferðir á Íslandsmið. Síðan jókst sókn þeirra og annarra erlendra manna á Íslandsmið jafnt og þétt frá ári til árs, og árið 1952 fóru Bretar einir 1334 veiðiferðir hingað. Samtímis þessu minnkaði ýsustofninn jafnt og þétt, þannig að árið 1952 gaf hann af sér aðeins 169 vættir á 100 togtímum, en veiðihæfni skipanna jókst að sama skapi sem aflinn minnkaði.

Lokun þýðingarmikilla uppeldissvæða árið 1950 og 1952 stöðvaði þessa ofveiði. En vegna mjög aukinnar sóknar brezkra og annarra erlendra togara á næstu árum gerði það samt ekki meira en halda stofninum í horfinu. Veiði í 100 togtíma jókst aðeins lítillega og var orðin 191 vætt árið 1956, miðað við 169 vættir árið 1952, svo sem áður var sagt. Þetta dæmi um ýsuna sýnir greinilega, að aukin sókn og meiri veiðihæfni skipanna hefur hér dregið mjög úr verndarráðstöfunum þeim, sem gerðar voru árið 1952.

Frekari aðgerðir til verndar íslenzku fiskstofnunum og útgerð okkar, sem byggir tilveru sína á þeim, verður því að miðast við það að takmarka heildarsóknina í því skyni, að komizt verði hjá því, að of nærri stofnunum verði gengið. Af þessu leiðir, að útiloka verður útlendinga, eftir því sem nauðsyn krefur, og skapa verður íslenzkum skipum forgangsrétt til þess að hagnýta þessa stofna, eftir því sem ástand þeirra gefur tilefni til hverju sinni.

Íslendingar hafa jafnan lagt á það mikla áherzlu að undirbúa sem bezt allar aðgerðir sínar í landhelgismálinu. Margar þjóðir aðrar en Íslendingar stunda veiðar á Íslandsmiðum og hafa því hagsmuna að gæta í sambandi við fiskveiðitakmörk hér við land. Það er vitað, að frá þessum þjóðum mætir sérhver útfærsla fiskveiðitakmarka mótstöðu. Gegn þessari mótstöðu verður það að koma, að Íslendingar sjálfir standi saman um allar þær ákvarðanir, sem teknar eru í málinu. Flokkadeilur og flokksrígur verða að víkja, þegar landhelgismálið er til meðferðar. Við undirbúning allra aðgerða í landhelgismálinu ber að leggja megináherzlu á að skapa samstöðu allra stjórnmálaflokka og þjóðarinnar í heild, áður en í aðgerðir er ráðizt. Þegar samstaða er fengin um úrlausnir, má einskis láta ófreistað til að reyna að sannfæra aðrar þjóðir um, að allar aðgerðir séu byggðar á lífsnauðsyn þjóðarinnar sjálfrar og gerðar í því skyni einu að tryggja tilveru hennar, en ekki til þess að sýna yfirgang og troða illsakir við aðra. Íslendingum er svo rík nauðsyn vinsamlegra viðskipta við aðrar þjóðir, að þeir verða að halda sem einn maður á rétti sínum og lífshagsmunum og leitast við að undirbúa og skýra mál sitt svo, að aðrar þjóðir skilji, hvað í veði er fyrir þjóðina.

Segja má, að Íslendingar hafi stigið fyrsta þýðingarmikla sporið í landhelgismálinu, er lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins voru samþykkt á Alþingi 23. marz 1948. Í 1. gr. þessara laga segir, að sjútvmrn. skuli með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti.

Fyrsta reglugerðin samkv. þessum lögum var gefin út 22. apríl 1950 og var um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi einu. Með reglugerð þessari voru allar botnvörpuveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæðinu frá Horni til Langaness innan línu, sem dregin var 4 sjómílur frá yztu annesjum, eyjum eða skerjum og þvert fyrir minni flóa og fjarða. Reglugerðin færði því ekki aðeins fiskveiðitakmörkin úr 3 mílum í 4, heldur breytti hún einnig grunnlínum allverulega. Þessi nýju ákvæði skyldu koma til framkvæmda 1. júní 1950, en svo gat þó ekki orðið að öllu leyti, þar eð Íslendingar voru bundnir af samningi við Breta frá 1901 um 3 mílna landhelgi og aðrar grunnlínur en tilgreint var í reglugerðinni. En í landgrunnslögunum, sem reglugerðin byggist á, er svo ákveðið, að reglum þeim, sem settar verða, skuli einungis framfylgt, að svo miklu leyti sem samrýmanlegt er milliríkjasamningum þeim, sem Ísland er eða síðar kann að gerast aðili að. Samningnum við Breta hafði verið sagt upp 3. okt. 1949, en hann féll ekki úr gildi fyrr en 3. okt. 1951. Á tímabilinu frá 1. júní 1950 til 3. okt. 1951 urðu því Íslendingar að sætta sig við, að Bretar hefðu hér meiri rétt til fiskveiða fyrir Norðurlandi en allir aðrir, þ. á m. Íslendingar sjálfir.

Haustið 1951 fóru Bretar þess á leit, að engar frekari ráðstafanir yrðu gerðar af Íslands hálfu, meðan eigi lægi fyrir dómur í deilumáli Breta og Norðmanna, sem þá var fyrir alþjóðadómstólnum í Haag. Ríkisstjórn Íslands varð við þessari beiðni, og dómur féll í desember 1951.

Næsta sporið var því stigið með útgáfu nýrrar reglugerðar 19. marz 1952, er fiskveiðitakmörkin voru færð út kringum landið allt í 4 mílur og grunnlínum breytt. Þessi reglugerð kom til framkvæmda 15. maí 1952.

Reglugerðin frá 1952 er, svo sem kunnugt er, enn í gildi. En öllum Íslendingum hefur lengi verið ljóst, að þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar í sambandi við fiskveiðilandhelgina, eru hvergi nærri fullnægjandi. Íslendingum er nauðsyn að færa fiskveiðitakmörk sín frekar út, bæði grunnlínur og sjálf fiskveiðitakmörkin. Fyrir viðurkenningu á þessu hefur verið barizt á alþjóðlegum vettvangi um langt skeið. Þessi barátta var hafin á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1949, er íslenzka sendinefndin lagði til, að alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna skyldi falið að gera heildarrannsókn á öllum þeim reglum, er gilda skyldu á hafinu, og þ. á m. um stærð landhelgi og fiskveiðitakmörk. Íslenzka tillagan mætti ákafri mótspyrnu og að sjálfsögðu aðallega af hálfu þeirra þjóða, sem töldu, að 3 mílna reglan væri hin eina rétta. Íslenzka sendinefndin hélt málinu til streitu, og að lokum var tillaga hennar samþykkt með naumum meiri hluta.

Á allsherjarþinginu 1953 og 1954 var reynt að fá þessari niðurstöðu hnekkt, en í bæði skiptin tókst íslenzku sendinefndinni að koma í veg fyrir það.

Á allsherjarþinginu 1956 var loks lögð fram heildarskýrsla alþjóðalaganefndarinnar, og hafði þá ríkisstj. Íslands gert sér vonir um, að allsherjarþingið mundi ræða skýrsluna og komast að endanlegri niðurstöðu um víðáttu landhelgi og fiskveiðitakmörk. Svo sem kunnugt er, varð niðurstaðan þó sú, að þingið vísaði málinu frá sér og til sérstakrar ráðstefnu, sem haldin var í Genf frá 24. febr. til aprílloka s. l. Ísland stóð eitt gegn þessari ákvörðun.

Genfarráðstefnunni er nú lokið, og liggja niðurstöður hennar fyrir. Af því, sem á ráðstefnunni gerðist, varða Íslendinga mest umræður og ályktanir um grunnlínur og fiskveiðitakmörk. Að því er grunnlínur varðar, var gerð fullgild samþykkt um, að aðalreglan skuli vera sú, að grunnlínur skuli dregnar frá lágfjöru á ströndum. Sú undantekning er þó gerð, að á svæðum, þar sem strönd er vogskorin eða þar sem eyjaklasar eru í nánd hennar, megi draga beinar grunnlínur, þ. e. a. s. þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Mega slíkar grunnlínur þó ekki víkja á verulegan hátt frá meginstefnu strandarinnar. Sker, sem yfir flæðir, má ekki nota sem grunnlínustaði, nema því aðeins að vitar eða önnur slík mannvirki, sem ávallt eru ofan sjávar, séu byggð á þeim.

Um víðáttu landhelginnar og fiskveiðitakmarkanna var engin fulgild ályktun gerð. A. m. k. 13 tillögur komu fram um þetta atriði. Svo sem kunnugt er, bar Kanada fram tillögu, þar sem greint er milli landhelgi og fiskveiðilögsögu, og skyldi fiskveiðilögsagan vera 12 mílur. Niðurstaðan varð sú, að 12 mílna fiskveiðilögsagan fékk nauman meiri hluta í nefnd og á ráðstefnunni, en náði ekki tilskildum ⅔ meiri hluta atkvæða. Allar till. varðandi víðáttu landhelginnar sjálfrar voru felldar, bæði í nefnd og á allsherjarfundum.

Eftir Genfarráðstefnuna stendur því málið þannig, að fullgild samþykkt hefur verið gerð um grunnlínur, en ekki fiskveiðilögsöguna. Um fiskveiðilögsöguna er því engin viðurkennd alþjóðleg samþykkt til. Einfaldur meiri hluti er að vísu fyrir því að taka 12 mílna regluna upp í alþjóðasamþykktir. En mér er kunnugt um, að ýmsar þjóðir, sem beittu sér fyrir þessu, viðurkenna ekki rétt þjóða til að gera þetta með einhliða ákvörðun og munu ekki gera það sjálfar. Íslendingum er því nú sá vandi á höndum að ákveða, hvað gera skuli í málinu. Þegar það dæmi er gert upp, verða Íslendingar að hafa í huga, að tilvera þeirra og framtíð veltur á því að vernda fiskimið sín með útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Þeir eiga og að minnast þess, að 10 ára barátta á alþjóðlegum vettvangi hefur leitt til þess, að nú er almennt viðurkennt, að Ísland hafi algera sérstöðu í þessu efni og útfærsla fiskveiðitakmarkanna sé Íslendingum nauðsyn. Hér hefur vissulega verið unninn mikill og glæsilegur sigur, og eiga þeir, sem að honum hafa unnið, skilið þakkir alþjóðar. En hinu má þó ekki gleyma, að þó að nauðsyn Íslendinga sé viðurkennd, þá hafa þeir ekki þrátt fyrir margar alþjóðlegar ráðstefnur fengið settar alþjóðlegar reglur, sem leysa vanda þeirra. Hins vegar getur enginn til þess ætlazt, að Íslendingar bíði lengur með ákvarðanir og aðgerðir. Því verður að hefjast handa nú, en gera það þannig, að hagnýttur sé sá skilningur, sem fyrir hendi er á þörfum þjóðarinnar, án þess að kalla yfir sig andmæli og óvild þeirra þjóða, sem Íslendingar vilja eiga vinsamlegt samstarf við, sé þess nokkur kostur. Þetta er hægt, ef rétt er að farið. En það er líka hægt að spilla fyrir öllu, sem áunnizt hefur, sé ekki haldið á málinu af fyrirhyggju.

Á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var í Kaupmannahöfn dagana 5.—7. maí, skýrði ég frá áformum Íslendinga í fiskveiðilögsögumálinu. Lágu til þess þær ástæður, að þar bauðst gott tækifæri til að kynna málstað okkar, enda er svo ákveðið í reglum bandalagsins, að þar skuli kynntar fyrir fram aðgerðir bandalagsríkja, sem líklegar eru til að valda ágreiningi við önnur ríki innan bandalagsins.

Það kom fram í sambandi við fundinn og var reyndar vitað áður, að margar bandalagsþjóðanna eru algerlega mótfallnar einhliða aðgerðum í landhelgis- og fiskveiðilögsögumálum og viðurkenna ekki rétt neinna þjóða til slíkra einhliða aðgerða. Það kom og fram, að alger sérstaða Íslands að því er varðar víðáttu fiskveiðilögsögunnar mætti skilningi og velvilja.

Að gefnu tilefni þykir mér rétt að skýra frá, hvernig mér fórust orð, er ég í ræðu á fundi Atlantshafsbandalagsins gerði grein fyrir málstað Íslands. Ég sagði í upphafi ræðu minnar orðrétt svo, í íslenzkri þýðingu:

„Ég er þess fullviss, að öllum þeim, sem hér eru, er ljóst, að Ísland er hrjóstrugt land. Í landinu sjálfu eru nær engar auðlindir, og flestar lífsnauðsynjar verður því að flytja inn. Þann innflutning verður að greiða með útfluttum afurðum, sem eru að 97% sjávarafurðir. Ég er viss um, að allir hljóta að vera sammála um, að í slíku tilfelli sé það heilbrigð skynsemi að tryggja hlutaðeigandi þjóð afnot fiskistofnanna

umhverfis landið, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að tryggja afkomu þjóðarinnar, og að því er Ísland varðar er það engum vafa bundið, að landið mundi ekki byggilegt án slíkra ráðstafana. Ef þessar staðreyndir eru hafðar í huga, er auðvelt að skilja, hvers vegna íslenzka þjóðin hefur lengi lagt höfuðáherzlu á að færa út fiskveiðitakmörk sín umhverfis landið, enda hefur reynslan greinilega leitt í ljós, að þau takmörk hafa verið og eru enn ófullnægjandi."

Síðan rakti ég, hvernig Íslendingar hefðu leitazt við á alþjóðavettvangi að fá settar reglur, er fullnægðu þörfum þeirra, og beðið ráðstefnu eftir ráðstefnu, en án árangurs. Ég lauk ræðu minni á Kaupmannahafnarfundinum orðrétt, í íslenzkri þýðingu, þannig:

„Að þessum fundi loknum mun ég fara til Íslands, og verða þá málin í heild tekin til endanlegrar ákvörðunar í ríkisstj. Samkvæmt núgildandi lögum á Íslandi, sem í gildi hafa verið s. l. 10 ár, er ríkisstjórn Íslands heimilt að gefa út reglur innan endimarka íslenzka landgrunnsins, en þar er um að ræða 40—50 sjómílur frá ströndum. Nú er álitið, að vegna málalokanna í Genf sé rétt að ákveða fiskveiðitakmörkin við Ísland í 12 mílna fjarlægð frá ströndum, enda var meiri hluti atkvæða á ráðstefnunni fyrir því, og Kanada og Bandaríkin gerðu þá tillögu snemma á ráðstefnunni.

Ég geri mér að sjálfsögðu fyllilega grein fyrir, að þegnar ýmissa Atlantshafsbandalagslanda hafa talsverðra hagsmuna að gæta í þessu máli og að margar bandalagsþjóðir mundu miklu fremur kjósa, að við gerðum engar ráðstafanir eða a. m. k. ekki nema með samningum. Þetta virðist alveg ljóst. En við verðum einnig að leggja áherzlu á það, að hvað Ísland snertir er hér um lífsafkomu þjóðarinnar að ræða. Það verður alls ekki sagt um hagsmuni hinna. Eins og nú stendur, kemur ekki til mála af Íslands hálfu neitt minna en 12 mílna fjarlægð, og ekki er heldur hægt að fallast á það sjónarmið, að ráðstafanir í þessu máli skuli háðar samþykki þjóða, sem í grundvallaratriðum eru algerlega andvígar skoðunum Íslendinga í málinu. Þess væri heldur ekki hægt að krefjast með sanngirni." — Lauk hér ræðu minni á Kaupmannahafnarfundinum.

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins óskaði í lok ráðstefnunnar að kynna sér málið í fáa daga og fór fram á, að reglugerð um útfærslu fiskveiðitakmarkanna yrði ekki gefin út á meðan. Ég tjáði honum, að það mundi taka um vikutíma að ganga frá reglugerðinni og mundi hún verða gefin út þegar eftir 14. maí og fiskveiðilögsagan þá verða 12 mílur.

Umr. þær, sem síðan hafa farið fram á þessum vettvangi, hafa verið mjög gagnlegar, enda þótt einhliða ákvörðun sé ekki viðurkennd.

Hér heima hefur verið nokkur ágreiningur um málið. Menn hefur að vísu ekki greint á um það, að friðunarlínan skyldi færð út í 12 mílur og að í þær framkvæmdir skuli ráðizt nú. Hitt hefur valdið ágreiningi, hvernig þetta skuli bera að.

Með bréfi, dags. 17. maí, sendi hæstv. sjútvmrh. stjórnmálaflokkunum, Fiskifélagi Íslands og atvinnudeild Háskóla Íslands uppkast að reglugerð um fiskveiðitakmörkin, sem hann taldi líklega til samkomulags milli flokka. Efni reglugerðarinnar var útfærsla friðunarlínu í 12 mílur, grunnlínur óbreyttar, íslenzkum togurum og dragnótabátum bönnuð veiði innan 12 mílnanna, reglugerðin skyldi gefin út 20. maí, þ. e. þrem dögum síðar, og koma til framkvæmda 1. júlí n. k.

Fiskifélag Íslands og atvinnudeildin voru samþykk útfærslu í 12 mílur, en höfðu að öðru leyti sitt hvað við reglugerðaruppkastið að athuga.

Alþýðuflokkurinn gat fyrir sitt leyti ekki fallizt á þessi vinnubrögð. Tillögur Alþfl. voru, að fyrst skyldi reynt að ná samstöðu þingflokkanna allra um breytingar þær, sem gera skyldi á fiskveiðilandhelginni, með hliðsjón af till. þeim, sem fram komu í umsögnum Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans. Var þetta gert með það í huga, hversu rík nauðsyn Íslendingum er á að standa saman í málinu til að geta mætt sem bezt þeim erfiðleikum, sem málinu eru samfara út á við. Reglugerðin samkvæmt tillögum Alþfl. skyldi gefin út 30. júní og koma til framkvæmda 1. sept. n. k. Tíminn þar til reglugerðin verður gefin út svo og tíminn til 1. sept. skyldi notaður til þess að ræða málið við grannþjóðir okkar í því skyni að afstýra alvarlegum ágreiningi og koma því í höfn með þeim hætti, að aðgerðir okkar fengjust viðurkenndar eða yrði ekki andmælt.

Ég ætla ekki að rekja hér þær umr., sem fram fóru, áður en niðurstaðan fékkst. En umr. lauk með því, að stuðningsflokkar ríkisstj. féllust á tillögur Alþfl. og höfnuðu tillögu og reglugerðaruppkastinu frá 17. maí.

Stjórnarflokkarnir komu sér síðan saman um, hverjar breytingar þeir vildu leggja til að gerðar yrðu á fiskveiðilögsögunni, og lögðu þessa till. sína fyrir samvinnunefnd stjórnmálaflokkanna allra um landhelgismálið. Breytingarnar eru í því fólgnar í meginatriðum að færa fiskveiðitakmörkin út í 12 mílur og leyfa íslenzkum togurum að stunda veiðar á viðbótarbeltinu, en algerlega er eftir að ræða, hvort sú heimild verður takmörkuð og þá með hverjum hætti. Réttur er áskilinn til grunnlínubreytinga.

Alþfl. er fyrir sitt leyti ekki á þessu stigi málsins tilbúinn með tillögur sínar um grunnlínur og óskar að athuga það mál nánar.

Viðræðurnar í samvinnunefnd allra stjórnmálaflokkanna hafa leitt í ljós, að allir flokkarnir eru á einu máli um útfærsluna í 12 mílur. Lýðræðisflokkarnir þrír leggja hins vegar áherzlu á, að reynt sé að afla skilnings og viðurkenningar á nauðsyn og réttmæti ákvarðana Íslendinga í málinu með viðræðum við aðrar þjóðir og að reynt verði að halda þannig á, að það komist farsællega í höfn.

Blað Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins, Þjóðviljinn, hefur að undanförnu gert sér mjög tíðrætt um landhelgismálið og í því sambandi ráðizt mjög harkalega að Alþfl. og mér persónulega. Er ég sakaður um að hafa tekið upp samninga við Atlantshafsbandalagið um landhelgismálið og á að hafa heitið því, að Íslendingar skyldu falla frá aðgerðum sínum í

landhelgismálinu. S. l. föstudag, 30. maí, ræðir Þjóðviljinn t. d. um fund Atlantshafsbandalagsins í Kaupmannahöfn og segir svo orðrétt:

„Urðu þar miklar umræður um landhelgismál Íslendinga, en ekki er vitað, hvað ráðherrunum fór á milli nema af erlendum blaðafregnum, sem herma, að Guðmundur hafi verið fenginn ofan af því að birta nokkra afdráttarlausa yfirlýsingu um það, að íslenzk stjórnarvöld væru staðráðin í því að stækka landhelgina í 12 mílur.“

Miðvikudaginn 28. maí segir Þjóðviljinn enn fremur orðrétt:

„Hann lofaði því hátíðlega, að landhelgi Íslands skyldi ekki stækkuð. Til frekari áherzlu og öryggis tiltók hann nákvæmlega upp á dag, að engin ákvörðun skyldi tekin í landhelgismálinu næstu mánuði.“

Mörg fleiri ummæli í sama anda hafa birzt um mig í Þjóðviljanum undanfarna daga. Öll eru þessi ummæli ósönn og tilhæfulaus, og Þjóðviljinn veit, að þau eru ósönn.

Þegar ég kom heim að fundi Atlantshafsbandalagsins loknum, las ég fyrir meðráðherrum mínum og þ. á m. sjútvmrh. ræðu þá, er ég flutti í Kaupmannahöfn. Þeir, sem hlustað hafa á ræðu mína hér í kvöld, hafa heyrt, að á fundinum í Kaupmannahöfn sagði ég orðrétt: „Ekki kemur til mála af Íslands hálfu neitt minna en 12 mílna fjarlægð, og ekki er heldur hægt að fallast á það sjónarmið, að ráðstafanir í þessu máli skuli háðar samþykki þjóða, sem í grundvallaratriðum eru algerlega andvígar skoðunum Íslendinga í málinu.“ Ég skýrði meðráðherrum mínum einnig frá því, að ég hefði lýst því yfir, að reglugerð um 12 mílna útfærsluna yrði gefin út þegar eftir 14. maí. Ég skýrði einnig frá því, að engin ósk eða tillaga hefði komið fram um neina sérstaka ráðstefnu, hvað þá að nokkur tími hefði verið nefndur í því sambandi. Allt þetta vita skriffinnar Þjóðviljans. Engu að síður leyfa þeir sér að dylgja með og fullyrða hið gagnstæða.

Ég veit, að þegar Þjóðviljinn verður að renna þessum ósannindum niður um sitt víða kok, kemur hann með önnur. Þá fullyrðir hann, að ég hafi tekið upp samninga um málið eftir heimkomuna og þá gefið hin og þessi fyrirheit, sem mig skortir hugmyndaflug til að geta mér til um fyrir fram, hver Þjóðviljinn muni segja að verið hafi. En allt slíkt er tilhæfulaust. Engir samningar hafa verið teknir upp og engin fyrirheit um frest eða afslátt í málinu gefin.

Í nokkra daga eftir Kaupmannahafnarfundinn voru fyrirætlanir Íslendinga í landhelgismálinu, bæði að því er varðar grunnlínur og sjálfa fiskveiðilögsöguna, skýrðar fyrir bandalagsþjóðum okkar og þeim tjáð, að ef þær hefðu eitthvað fram að færa innan mjög takmarkaðs tíma, skyldi það lagt fyrir þingflokkana hér heima. Allt var þetta gert með samþykki meðráðherra minna í Framsfl. og vitund ráðh. Alþb. Ég verð að segja, að því miður var tíminn of naumur til þessara viðræðna við bandalagsþjóðir okkar, og ég tel, að heppilegra hefði verið að gefa sér betri tíma, án þess að til mála hefði komið að fallast á nokkra sérstaka ráðstefnu.

Ósannindi Þjóðviljans um afskipti mín af landhelgismálinu eru ekki einu ósvífnu blekkingarnar, sem þetta blað hefur haft í frammi í sambandi við landhelgismálið. Þannig tekur Þjóðviljinn sig t. d. til miðvikudaginn 28. maí og birtir reglugerð um hin nýju fiskveiðitakmörk, sem blaðið segir fullsamda og undirritaða. Þetta er auðvitað alrangt. Engin reglugerð hefur enn þá verið samin, og það er ekki hægt að semja hana, m. a. vegna þess, að ekkert er farið að ræða um, hvernig ákvæðin um íslenzku togarana skuli vera og fyrirvarinn um grunnlínur getur orðið meiri en fyrirvarinn einn.

Ótal fleiri ósannindi um menn og málefni úr Þjóðviljanum gæti ég rakið, ef tíminn leyfði, en því miður gerir hann það ekki. En ég vil spyrja, hvers vegna Þjóðviljinn hagar málflutningi sínum með slíkum endemum. Hvílir það ekki á þeim ráðh., sem blaðið þykist styðja, að hafa forustu í landhelgismálinu innanlands? Er málflutningur sem þessi til þess fallinn að skapa þá þjóðareiningu um framkvæmdir í landhelgismálinu, sem ekki aðeins ráðh. heldur öllum Íslendingum er lífsnauðsyn, ef hægt á að vera að bera málið fram til sigurs? Hver og einn getur svarað þessari spurningu fyrir sig, en mér virðist augljóst, að hér sé vitandi vits verið að reyna að egna til ófriðar og úlfúðar á tímamótum, þegar þjóðinni ríður mest á að standa saman og leggja flokkadeilur og pólitískar erjur til hliðar.

En svo grár sem leikur Þjóðviljans er inn á við, þá er hann þó enn þá ljótari út á við. Fullyrt er í þessu blaði, að erlendar þjóðir og bandalög hafi borið fram hinar og þessar kröfur og haft ýmist í hótunum um sameiginlegar refsiaðgerðir eða heitið fjárhagslegum fríðindum til að fá kröfum sínum framgengt. Ég þekki engan slíkan málflutning, og víst er, að ekkert slíkt hefur frá bandalagsþjóðum okkar í Atlantshafsbandalaginu komið. En eitt veit ég: Þessar fullyrðingar Þjóðviljans og málflutningur allur er betur til þess fallinn en nokkuð annað að skapa tortryggni og óvild í garð Íslands á erlendum vettvangi og torvelda friðsamlega lausn og framkvæmd útfærslu fiskveiðitakmarkanna. E. t. v. er tilgangur Þjóðviljans eitthvað í þessa áttina. Kommúnistaskriffinnar Þjóðviljans hafa jafnan ýmislegt fleira í huga en farsæla lausn á vandamálum þjóðarinnar, ef þeir sjá sér leik á borði til þess að stofna til árekstra og illdeilna við bandalagsþjóðir okkar. Stuðningur Þjóðviljans við þann ráðh., sem með landhelgismálin fer innanlands, hefur jafnan þótt orka tvímælis, en í þessu máli gerir hann það naumast. Minnir öll framkoma blaðsins í málinu á þau ummæli eins stuðningsmanns þess, sem fræg eru að endemum: Hvað varðar mig um þjóðarhag?

Góðir Íslendingar. Áformin um útfærslu fiskveiðilögsögunnar eru ein af mikilvægustu stjórnaráformum síðari ára. Vitað er, að vestrænar þjóðir viðurkenna ekki rétt neins ríkis til þess að færa út landhelgi eða fiskveiðilögsögu sína með einhliða aðgerðum. Gera verður því ráð fyrir, að einhliða aðgerðir verði ekki viðurkenndar og muni sæta mótmælum og andstöðu.

Hinu má heldur ekki gleyma, að alger sérstaða Íslands að því er fiskveiðar varðar er nú almennt viðurkennd. Um 10 ára barátta á alþjóðlegum vettvangi hefur leitt til þess, að telja má þessa viðurkenningu fengna. Þessu ber að fylgja eftir. Sem betur fer, gefst tími ekki aðeins til 30. júní, heldur og til 1. sept. að ræða málið við nágranna okkar og bandamenn. Þann tíma verður að nota vel. Einskis má láta ófreistað til að sannfæra aðrar þjóðir um nauðsyn aðgerða okkar og leitast við að afstýra deilum og árekstrum. Það er trú mín, að þetta mál megi leysa í sátt og samlyndi við aðrar þjóðir, þannig að fullnægt sé kröfum okkar og þörfum, ef það er rætt af skilningi og velvild. En á hverju sem gengur, er Íslendingum þó umfram allt nauðsynlegt að standa saman um þetta stórmál.

Vil ég að lokum láta í ljós þá einlægu von mína, að þjóðin beri gæfu til þess, að allir góðir Íslendingar sameinist nú á örlagastundu einmitt um það að láta íslenzkan þjóðarhag varða sig meira en allt annað. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti, góðir áheyrendur. Skyldi nokkur sá hugsandi maður vera til í landinu, sem hefur ekki gert sér grein fyrir því, að nú á þessu vori varð að grípa til gagngerðra ráðstafana í efnahagsmálum þjóðarinnar til þess að koma í veg fyrir samdrátt og jafnvel algera stöðvun útflutningsframleiðslunnar? Ég held ekki. Ég er líka viss um, að Íslendingar eru yfirleitt svo greindir og svo fróðir um meginatriði efnahagsmálanna, að þeir skilja, hvers vegna ekki var hægt að halda áfram á alveg sömu braut og haldin hefur verið undanfarin ár og í raun og veru var lagt inn á 1951, þegar bátagjaldeyrisskipulagið var tekið upp undir forustu hv. þm. G-K., Ólafs Thors.

Mergurinn málsins er þessi: Afli brást í fyrra. Vegna þess urðu gjaldeyristekjur minni en ella. Það tókst ekki að halda fjárfestingu innan hæfilegra takmarka frá þjóðhagslegu sjónarmiði, fyrst og fremst vegna þess, að efnahagskerfið hefur verið meingallað. Af þeim sökum var gjaldeyrisnotkun meiri en ella hefði orðið. Aflabresturinn og fjárfestingin ollu þess vegna því, að miklu minni gjaldeyrir en ella var til ráðstöfunar til kaupa á þeim vörum, sem einkum var ætlað að færa útflutningssjóði og ríkissjóði tekjur. Þessar tekjur brugðust. Það var því fyrirsjáanlegur mikill greiðsluhalli bæði hjá útflutningssjóði og ríkissjóði á þessu ári.

Hvað hefði nú gerzt, ef ekkert hefði verið aðhafzt? Það er óhugsandi, að nokkrum komi til hugar í alvöru, að útflutningsatvinnuvegirnir hefðu verið stöðvaðir með því að hætta að greiða lögboðnar bætur á útflutninginn eða ríkissjóður hefði hætt að inna af höndum lögmætar greiðslur, svo sem kaupgjald starfsmanna sinna. Þetta hefði auðvitað aldrei verið gert. En fyrst raunverulegar tekjur vantaði, hefði ekki verið um annað að gera en að sækja peningana í seðlabankann. Það hefur verið gert fyrr undir slíkum kringumstæðum, bæði hér og annars staðar. Þetta hefði verið leið hinnar hreinu og ómenguðu verðbólgu.

Hver hefði svo orðið afleiðing þessa? Það hefði orðið mikill og sívaxandi gjaldeyrisskortur. Í kjölfar hans hefði siglt vöruskortur. Það hefði leitt til svarts markaðar og vöruskorturinn og svarti markaðurinn til hvers konar braskviðskipta og óviðráðanlegra og óeðlilegra verðhækkana, sem bitnað hefðu þyngst á þeim, sem erfiðasta hafa aðstöðuna til þess að bjarga sér undir slíkum kringumstæðum, þ. e. a. s. hinum efnaminni í þjóðfélaginu. Síðast, en ekki sízt er líklegt, að þessi þróun hefði leitt til alvarlegs atvinnuleysis vegna skorts á erlendum hráefnum, rekstrarvörum og byggingarvörum.

Þetta, sem ég hef nú sagt, eru ómótmælanlegar staðreyndir, enda játaði málsvari Sjálfstfl. í fjhn. Nd., hv. 9. landsk. þm., Ólafur Björnsson prófessor, við umr. um efnahagsmálafrv., að hér væri rétt skýrt frá staðreyndum Það að vilja ekki aðhafast neitt í efnahagsmálum þjóðarinnar nú á þessu vori var að vilja annað tveggja: Stöðvun útflutningsframleiðslunnar og greiðsluþrot ríkissjóðs eða verðbólgu, vöruskort, svartan markað, brask, verðhækkanir og atvinnuleysi. Ég trúi því ekki, að nokkur ábyrgur Íslendingur hefði talið það verjandi að sitja auðum höndum og hafast ekkert að undir slíkum kringumstæðum.

Hvað var það svo, sem ríkisstj. lagði til að gert yrði? Allir vita, að ef þeir, sem afla þjóðarbúinu erlends gjaldeyris með útflutningi afurða, siglingum, þjónustustörfum eða á annan hátt, fengju greitt það gengi fyrir gjaldeyrinn, sem bankarnir skrá, þá mundi svo að segja öll gjaldeyrisöflun þegar í stað leggjast niður, því að á henni yrði stórkostlegt tap. Það er langt síðan gengi það, sem bankarnir skrá, hætti að vera raunverulegt. Það hefur ekki verið raunverulegt, síðan bátagjaldeyrisskipulagið var tekið upp 1951.

Nú lét ríkisstj. sérfræðinga reikna út, hversu háar bætur þyrfti að greiða á þann gjaldeyri, sem aflað væri, til þess að gjaldeyrisöflunin stæði undir kostnaði. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem þeir komust að, lagði ríkisstj. til, að á meginhluta útflutningsins eða um ⅘ hluta hans yrðu greiddar 80% bætur, þ. e. á afurðir báta og botnvörpunga og á landbúnaðarafurðir, á lítinn hluta hans, þ. e. sunnanlandssíldina, 70% bætur, en á annan útflutning og aðra gjaldeyrisöflun 55% bætur, að frátöldum þó þeim gjaldeyri, sem erlendir aðilar, svo sem varnarliðið í Keflavík, selja bönkunum, en á þann gjaldeyri eru engar bætur greiddar.

Hið nýja í þessum ráðstöfunum er það, að nú eru allar þær atvinnugreinar, sem afla þjóðinni gjaldeyris, settar við sama borð að því leyti, að þær fá nú allar greiddar bætur á þann gjaldeyri, sem þær afla, og bátaflokkarnir eru aðeins þrír. Áður var kerfið þannig, að fjölmargar atvinnugreinar fengu engar bætur og voru því að sligast, en hjá hinum voru bátaflokkarnir hvorki meira né minna en um 20.

Ef reiknað er út meðaltal þeirra báta, sem gert er ráð fyrir að greiða á alla gjaldeyrisöflunina á þessu ári, kemur í ljós, að þær nema um 55% af gjaldeyristekjunum. Þjóðarbúið greiðir því þeim, sem afla gjaldeyrisins, 55% meira fyrir hann en svarar til gengis þess, sem skráð er á

honum í bönkunum. Þess vegna liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að selja þennan gjaldeyri þeim, sem vilja kaupa hann, fyrir það gengi, sem skráð er á honum. Gjaldeyririnn kostar þjóðarbúið að meðaltali 55% meira en hann er skráður á í bönkunum, og þeir, sem nota hann, verða að sjálfsögðu að greiða það fyrir hann, sem hann kostar. Þess vegna er það aðalreglan, að gjaldeyririnn er seldur með 55% yfirfærslugjaldi. Hér er í raun og veru alls ekki um að ræða neins konar skatt eða álögur í venjulegri merkingu þessara orða, heldur það eitt, að bankarnir láta greiða sér jafnmikið fyrir þann gjaldeyri, sem þeir selja, og þeir aðilar fá, sem hann er keyptur af.

Frá greiðslu 55% yfirfærslugjaldsins eru þó gerðar tvær mikilvægar undantekningar. Til þess að stuðla að því, að verðhækkun brýnna nauðsynja verði sem minnst, er ekki gert ráð fyrir því, að greitt verði 55% yfirfærslugjald af þeim gjaldeyri, sem notaður er til kaupa á þeim, heldur aðeins 30% yfirfærslugjald, og á hið sama við um gjaldeyri fyrir náms- og sjúkrakostnaði. Þessi gjaldeyrir er því í raun og veru seldur undir sannvirði. Þetta jafngildir niðurgreiðslu á þessum vörum og af náms- og sjúkradvöl erlendis. Til þess að greiða kostnaðinn við þetta er svo á hinn bóginn lagt sérstakt innflutningsgjald, sérstakt hágjald á nokkrar vöruteg*undir, sem áður hafa verið látnar greiða slík* gjöld, og svarar það til 140% yfirfærslugjalds.

Í þessu er fólginn meginmunurinn á þessum ráðstöfunum og gengisbreytingu. Ef genginu hefði verið breytt, hefðu allar erlendar vörur og erlend þjónusta hækkað hlutfallslega jafnt. Nú hækkar nauðsynjavara og náms- og sjúkrakostnaður minna en svarar til meðaltalshækkunarinnar, en ýmis miður þarfur varningur hins vegar meira.

Hið nýja í þessum ráðstöfunum er, að í stað flókins kerfis yfirfærslu- og innflutningsgjalda kemur einfalt kerfi, þar sem greitt er almennt yfirfærslugjald, 55%, jafnhátt meðaltali útflutningsbótanna, og síðan lággjald á nauðsynjavörur og hágjald á óhófsvörur til þess að vega þar á móti. Þetta er kjarninn í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. gerði tillögur um og Alþingi hefur nú lögfest.

En hverjar voru tillögur stjórnarandstöðunnar? Hverjar voru tillögur Sjálfstfl.? Leiðtogar Sjálfstfl. láta þess ósjaldan getið, að þeir njóti fylgis yfir 40% af þjóðinni og flokkur þeirra hafi 19 þm. Þeir eru alltaf að leggja áherzlu á, að taka verði tillit til skoðana og vilja svo sterkrar stjórnarandstöðu. Efnahagsmálin, sem verið hafa til úrlausnar á þessu vori, hafa verið mikið vandamál. Foringjar flokks, sem yfir 40% af þjóðinni hafa kosið, eru ekki aðeins skyldir til að hafa skoðun á því, hvernig ráða beri fram úr slíkum málum, heldur verða þeir og að móta till. um lausn þeirra í aðalatriðum.

Hv. þm. G-K., Ólafur Thors, sagði í ræðu sinni hér áðan, að Sjálfstfl. hefði ekki getað gert till., af því að hann skorti upplýsingar. Þetta er rangt. Sjálfstfl. á aðgang að nógu mörgum sérfræðingum í efnahagsmálum til þess að geta gert rökstuddar till., auk þess sem hann fékk nauðsynlegustu upplýsingar frá sérfræðingum ríkisstj.

Hitt er þó enn mikilvægara, að í raun og veru er ekki ætlazt til þess af Sjálfstfl., að hann geri till. í efnahagsmálunum í hverju einstöku atriði, heldur að hann marki stefnu sína í aðalatriðum. Að öðrum kosti gegna sjálfstæðismenn ekki lýðræðislegri skyldu sinni.

Með sama hætti má segja, að ríkisstj. væri skylt að hlusta á og íhuga till. stjórnarandstæðinga og bera þær saman við sínar eigin fyrirætlanir. *Og kjósendurnir í landinu eiga beinlínis* rétt á því að fá að vita, hvað ríkisstj. vill og hvað stjórnarandstaðan vill, til þess að geta myndað sér skoðun á því, hvor stefnan sé réttari, og dæmt síðan út frá því í næstu kosningum. Þetta er grundvöllur alls lýðræðis. Sú ríkisstj., sem svíkst um að gera þær ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegt að gera til þess að efla þjóðarhag, bregzt skyldu sinni.

Það ætlast enginn til þess af stjórnarandstöðu, að hún geri slíkar ráðstafanir. Það er ekki hennar hlutverk. En það er skylda hennar að segja, hvað hún vill láta gera, annars er leikreglum lýðræðisins ekki fylgt. Ef hún gerir það ekki, þá bregzt hún skyldu sinni. Sú stjórnarandstaða, sem gerir engar till., þegar verið er að framkvæma mikilvægar ráðstafanir, bregzt skyldu sinni jafnhrapallega og sú ríkisstj. mundi gera, sem léti sjálfar ráðstafanirnar ógerðar, því að hvorugur aðilinn gegndi þá lýðræðislegu hlutverki sínu.

Ríkisstj. hefur gert þá skyldu sína að leggja fram till. um þær ráðstafanir, sem hún taldi óhjákvæmilegar. *Það dróst því miður miklu* lengur en vonir höfðu staðið til, enda þurfti til margs að taka tillit og margs að gæta. En Sjálfstfl. hefur ekki gert þá skyldu sína að segja þjóðinni, hvað hann hefði viljað gera. Hann hefur bókstaflega ekkert jákvætt haft til málanna að leggja, enga þá till. flutt við sex umr. málsins hér á Alþingi, sem snertir kjarna málsins, og enginn forustumaður hans hefur markað nokkra heildarstefnu í málinu.

Ég þori að fullyrða, að enginn stór og ábyrgur flokkur í nokkru nágrannalandanna mundi leyfa sér slíka framkomu undir ámóta kringumstæðum. Hvarvetna í lýðræðisríkjum telja stærstu flokkarnir sér skylt að marka skýra stefnu í helztu málunum, sem til úrlausnar eru. Þeir telja það skyldu sína við kjósendurna. En hér á Íslandi leyfir stærsti stjórnmálaflokkur landsins sér að hafa alls enga jákvæða stefnu í einu helzta vandamálinu, sem er á döfinni, heldur lætur við það sitja að flytja fram neikvæða gagnrýni, sem er í raun og veru ekkert annað en hávært lýðskrum.

Þessi framkoma Sjálfstfl., stærsta flokks landsins, er í raun og veru frekleg móðgun við íslenzka kjósendur. Við 1. umr. efnahagsmálafrv. í Nd. voru þm. Sjálfstfl. spurðir, hvort þeir teldu, að nú hefði átt að breyta gengi krónunnar fremur en að gera ráðstafanir eins og þær, sem ríkisstj. lagði til. Þeir fengust ekki til að svara þessu ákveðið. Þeir voru spurðir, hvort þeir teldu bótaupphæðirnar of háar, þannig að þeim, sem gjald-

eyrisins afla, væri ætlað of mikið. Þeir kváðust ekki hafa aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir því. Þeir voru spurðir, hvort þeir vildu flokka yfirfærslu- og innflutningsgjöldin öðruvísi. Því var svarað játandi, án þess að segja hvernig. Þeir voru spurðir, hvort þeir teldu þessar ráðstafanir vera byrðar á þjóðina í heild. Við því fékkst ekki ákveðið svar, en formælandi Sjálfstfl. í fjhn. Nd., Ólafur Björnsson prófessor, sagði hins vegar, að það væri hrein bábilja, að með gengisbreytingu væru lagðar nokkrar byrðar á þjóðina í heild, slík ráðstöfun hefði aðeins í för með sér tekjuflutning milli atvinnugreina og stétta. Hitt fékkst hann þó ekki til að játa, að sé þetta rétt að því er gengisbreytingu snertir, á það ekki síður við um þessar ráðstafanir. Þó var málflutningur hans það miklu heiðarlegri en annarra málsvara Sjálfstfl., að hann játaði berum orðum, að ýmis helztu nýmæli frv. væru til mikilla bóta.

Enginn þeirra þm. Sjálfstfl., sem um málið töluðu við meðferð þess hér á Alþingi, markaði neina jákvæða stefnu í málinu, og hið sama á við um aðalblöð flokksins. Íslenzkir kjósendur vita því alls ekki, hvort Sjálfstfl. hefði breytt genginu nú eins og 1950, ef hann hefði mátt ráða. Þeir vita alls ekki, hvort hann telur hlut útflutningsatvinnuveganna gerðan of góðan eða of rýran með þessum ráðstöfunum. Þeir hafa alls enga hugmynd um, hvernig hann hefði hagað yfirfærslu- og innflutningsgjöldunum.

Foringjar Sjálfstfl. hafa bakað sér þunga ábyrgð með þessari framkomu. En sök þeirra er ekki aðeins sú að hafa skotið sér undan að segja skoðun sína og bera fram tillögur. Hún er meiri. Lýðskrumslöngunin hefur gagntekið þá svo, að þeir hafa í raun og veru haldið fram mörgum skoðunum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur í þessu máli verið margraddaður. Ein röddin hefur sagt: Gengi krónunnar er rangt skráð. — Það getur varla þýtt annað en rétt væri að breyta gengisskráningunni. En önnur rödd í kórnum segir: Með þessum ráðstöfunum er verið að breyta gengisskráningunni. Þess vegna erum við á móti þeim. — Þá kemur þriðja röddin og segir: Gengisbreyting er stórvarhugaverð. — Það getur varla þýtt annað en að fremur eigi að halda áfram bótakerfi í einhverri mynd. En um leið heyrist fjórða röddin segja: Með þessum ráðstöfunum er ekki verið að gera annað en halda bótakerfinu. Þess vegna erum við á móti þeim.

Geta þessir menn ætlazt til þess, að þeir séu teknir alvarlega, þegar málflutningar þeirra er með þessum hætti? Ef þeir halda, að svona málflutningur borgi sig til lengdar, vanmeta þeir áreiðanlega dómgreind íslenzku þjóðarinnar.

Sannleikurinn er sá, að flestir leiðtogar Sjálfstfl. vita miklu betur en fram kemur í ræðum þeirra og öðrum áróðri. Þeir vita, að það var óhjákvæmilegt að gera nú gagngerar ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar, því að bótakerfið í sinni gömlu mynd var gengið sér til húðar. Þeir vita líka, að það var í raun og veru aðeins um tvennt að tefla: að breyta gengi krónunnar eða fara þá leið, sem ríkisstj. lagði til að farin yrði. Og þeir vita meira að segja líka, að gengisbreytingarleiðin hefði leitt til vandræða vegna andstöðu verkalýðshreyfingarinnar, svo að eina færa og eina rétta leiðin var sú, sem ríkisstj. stakk upp á.

Það má auðvitað alltaf deila um, hvort þetta eða hitt aukaatriðið hefði átt að vera á þennan veg eða hinn, og það er fjarri mér að halda því fram, að ríkisstj. hafi í hverju smáatriði fundið einu réttu lausnina. En meginstefnan var áreiðanlega rétt mörkuð, eins og á stóð. Þetta játa hinir hyggnustu meðal foringja Sjálfstfl. áreiðanlega með sjálfum sér, hvað sem þeir segja. Og þeir munu fljótlega finna það, að íslenzka þjóðin skilur réttmæti og nauðsyn þess, sem verið er að gera. Það er eðlilegt, að þeir, sem hugsa um íslenzk efnahagsmál af alvöru og ábyrgðartilfinningu, segi við sjálfa sig: Það er eflaust rétt, að þessar ráðstafanir eru nauðsynlegar og þjóðarbúskapnum nytsamlegar, svo langt sem þær ná. En nægja þær? Hversu lengi endast þær? Þarf áður en langt um líður á ný að grípa til sams konar aðgerða eða annarra? Það er eðlilegt, að menn spyrji svona. Ég skal reyna að svara þessum spurningum í sem stytztu máli.

Þessar ráðstafanir eru tvímælalaust stórt og mikilvægt spor í rétta átt. Þær jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarbúinu erlends gjaldeyris, og leggja þannig grundvöll að aukinni gjaldeyrisöflun í framtíðinni. Þær stuðla að hagkvæmri nýtingu á erlendum gjaldeyri þjóðarinnar og beina fjárfestingunni inn á þjóðhagslega séð arðsamari brautir en átt hefur sér stað undanfarin ár. Þær stuðla að auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þær leggja auðvitað engar byrðar á þjóðina í heild. Þær stuðla að aukinni gjaldeyrisöflun, efla ýmsar innlendar atvinnugreinar og draga úr óheilbrigðri fjárfestingu, svo að þær bæta skilyrði þjóðarinnar til neyzlu og arðbærra framkvæmda í framtíðinni, en leggja ekki á hana nýjar byrðar.

En ýmsum skilyrðum verður þó að vera fullnægt, til að þessi jákvæði árangur náist. Ég vil fyrst nefna, að meira samræmi verður að vera milli þeirrar fjárfestingar, sem í er ráðizt, annars vegar og sparnaðarins innanlands og erlendrar lánsfjáröflunar hins vegar en verið hefur um mörg undanfarin ár. Stefna bankanna og ríkissjóðs í fjármálum verður að vera gætin. Og síðast, en ekki sízt er þörf breytingar á því kerfi, sem ríkt hefur um langt skeið að því er varðar hinar sjálfkrafa breytingar á launum og verði innlendra landbúnaðarafurða vegna breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar. Óneitanlega hefur þetta kerfi veitt launþegum meira öryggi um afkomu sína en ella hefði verið, eins og ástandið hér á landi hefur verið um alllangt skeið, og ekki væri hyggilegt að kasta því alveg fyrir borð. En eins og nú er komið, er það hvorki launþegum né bændum í hag að halda þessu kerfi óbreyttu. Það væri skaðlegt heilbrigðri framþróun í íslenzkum efnahagsmálum. Hversu varanlegar þessar ráðstafanir verða, er m. a. komið undir því, hvað gerist í þessum málum. Hér er fyrst og fremst um mál launþegasamtakanna og bændasamtakanna sjálfra að ræða. Gegn vilja þeirra verður þessu kerfi ekki

breytt, en án breytinga á því verður íslenzkt efnahagslíf aldrei heilbrigt.

Í áróðri sínum undanfarnar vikur og daga hefur Sjálfstfl. lagt á það mikla áherzlu, að öngþveiti sé ríkjandi eða yfirvofandi í atvinnumálum þjóðarinnar og sérstaklega erfiðir tímar fram undan. Þetta er allt sagt gegn betri vitund. Allt bendir til þess, að afkoma þjóðarinnar í ár verði betri en hún var í fyrra. Hvort eða hversu mikið neyzla þjóðarinnar getur aukizt, er fyrst og fremst komið undir því, í hversu mikla fjárfestingu verður lagt. Framleiðsla þjóðarinnar er vaxandi á öllum sviðum, í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði, ekki hvað sízt vegna bættrar tækni, og afköst í vörudreifingu eru að aukast vegna nýrra aðferða.

Þjóðin hefur örugga markaði erlendis fyrir allar þær sjávarafurðir, sem hún framleiðir. Stækkun landhelginnar mun skapa íslenzkum sjávarútvegi nýja möguleika. Fjárfesting í sjávarútvegi hefur verið helmingi meiri tvö s. l. ár, þ. e. 1956 og 1957, en tvö árin þar á undan, eða 144 millj. kr. á móti 76 millj. að meðaltali á ári. Sérstök ástæða er til þess að nefna þá tæknibyltingu, sem orðið hefur í frystihúsum landsins á síðasta ári vegna hinna nýju flökunarvéla, sem keyptar hafa verið fyrir milligöngu Framkvæmdabanka Íslands. Þess má og geta, að á þessu ári munu bætast í bátaflota landsmanna skip, sem eru tæpar 4 þús. smálestir að stærð samtals, en sambærileg tala 1955 var aðeins tæpar 1200 smálestir.

Ég efast um, að þjóðinni sé það jafnljóst og það ætti að vera, að einmitt um þessar mundir eru Íslendingar að skipa sér á bekk með iðnaðarþjóðum. Innan tveggja vikna mun mesta iðnfyrirtæki Íslendinga taka til starfa, sementsverksmiðjan á Akranesi. Hún mun kosta 120 millj. kr., þar munu starfa að staðaldri um 80 manns, og hún mun framleiða a. m. k. 75 þús. smálestir af sementi á ári og allt að 20 þús. smálestir af áburðarkalki, að framleiðsluverðmæti yfir 60 millj. kr., og spara þjóðinni árlega a. m. k. 30 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Fyrir utan þessa stórframkvæmd hefur miklu fé verið varið til aukningar á verksmiðjuiðnaðinum á s. l. 2 árum. Árið 1957 nam fjárfesting í verksmiðjuiðnaði, öðrum en sementsverksmiðjunni, 57 millj. kr., og er það þriðjungi hærri tala en árið 1955.

Á því er enginn efi, að Ísland á sér framtíð sem iðnaðarland. Sérfræðingar telja, að því fari fjarri, að framþróun í kjarnorkumálum hafi gert fossaaflið verðlítið sem orkugjafa, og fyrr en varir kann einmitt hin nýja þróun á kjarnorkusviðinu að gera hagnýtingu hverahitans hér á landi mögulega í mjög stórum stíl.

Unnið er að athugunum á því, hvort hagkvæmt sé að framleiða hér þungt vatn með hjálp hverahita, og virðist flest benda til, að svo sé. Slík verksmiðja mundi kosta um 1000 millj. kr., þar mundu vinna að staðaldri allt að 200 manns, og framleiðsluverðmæti hennar mundi verða um 170 millj. kr. á ári. Þá hefur verið unnið að athugunum á ýmsum öðrum stórframkvæmdum í iðnaði, svo sem saltvinnslu og þaravinnslu. Ýmis önnur verkefni bíða, og er enginn vafi á því, að verksmiðjuiðnaður, bæði stóriðja og smærri rekstur, á mikla framtíð fyrir höndum á Íslandi.

Virkjun Efra-Sogs var hafin á s. l. ári. Mun þessi virkjun auka afkastagetu orkuveranna við Sogið um rúml. 60%. Þessi framkvæmd mun kosta alls um 175 millj. kr. Haldið er áfram að vinna að raforkuáætlun dreifbýlisins. Þá hefur og miklu fé verið varið til framkvæmda í landbúnaði og endurbóta á tækni hans. Ætti það að skapa skilyrði til lækkunar á afurðaverði, þegar fram í sækir.

Fjárfesting í íbúðarhúsabyggingum hefur orðið meiri tvö s. l. ár en nokkru sinni fyrr, eða 460 millj. að meðaltali 1956 og 1957, en var 305 millj. að meðaltali 1954 og 1955, svo að framkvæmdir við húsbyggingar hafa verið 50% meiri tvö s. l. ár en næstu tvö ár þar á undan.

Finnst ykkur nú, góðir áheyrendur, þessar staðreyndir benda til þess, að stöðnun sé í íslenzku atvinnulífi, að framkvæmdahugur sé lítill með mönnum og svartsýni ríkjandi? Nei, það er öðru nær. En hitt verða Íslendingar að skilja til hlítar, að einmitt þessar gífurlegu framkvæmdir, sem unnið hefur verið að og verið er að vinna að, eiga verulegan þátt í þeim efnahagsörðugleikum, sem við hefur verið að etja. Hvorki einstaklingur né þjóð getur gert hvort tveggja í senn, notað fé sitt til neyzlu og fest það í eignum. Við höfum verið og erum enn að festa gífurlegt fé í eign. En þegar þessum framkvæmdum er lokið munu lífskjör okkar allra batna verulega.

Það er hægt að mikla fyrir fólki og hræða það með því, að vörur séu að hækka í verði. En við skulum minnast þess, að af því að við erum nú að greiða hærra verð fyrir einhverja vöru en í fyrra, erum við ekki að greiða neitt út úr landinu. Við erum ekki að greiða neinum erlendum aðila neitt, heldur fær einhver íslenzkur aðili hverja krónu, hvern eyri af því, sem neytandinn greiðir til viðbótar, annaðhvort launþegi eða atvinnurekandi, svo að áframhaldandi atvinnurekstur sé tryggður.

Við Íslendingar getum því horft vonglaðir fram á við. Okkar bíður björt framtíð í þessu landi. Sjórinn er gjöfull, og landið er gott, fólkið er duglegt, og við eigum fullkomin tæki. En til þess að þjóðin geti hagnýtt sér alla þessa möguleika til fullnustu, verður efnahagskerfi hennar að vera heilbrigt. Þær ráðstafanir, sem Alþ. hefur nú gert í efnahagsmálum, eru áreiðanlega rétt spor í þá átt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Landhelgismálið hefur allmikið verið rætt í þessum umr., og er það að vonum. Stækkun landhelginnar er stærsta mál þjóðarinnar í dag. Aukin vernd fiskimiðanna við strendur landsins og forgangsréttur Íslendinga til þess að nytja þau er undirstaða allra efnahagsmála okkar. Stækkun fiskveiðilandhelginnar er því efnahagsmál efnahagsmálanna og ræður úrslitum um það, hvort okkur tekst að treysta og bæta efnahagsgrundvöll þann, sem nú er byggt á.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum á

miðju ári 1956, lýsti hún yfir því, að hún mundi beita sér fyrir stækkun landhelginnar, þar sem aukin friðun fiskimiðanna fyrir ágangi erlendra skipa væri orðin brýn nauðsyn vegna atvinnuöryggis landsmanna. Þar sem ákveðið hafði verið, að á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem skyldi hefjast í lok ársins 1956, yrði landhelgismál þjóðanna tekin til meðferðar, þótti rétt að bíða eftir úrslitum þess þings og sjá, hvort aðstaða okkar til framkvæmda í málinu batnaði ekki.

Þing Sameinuðu þjóðanna lauk störfum snemma árs 1957, en vék sér undan að afgreiða reglur um landhelgismálin. Þess í stað ákvað þingið að boða til alþjóðlegrar ráðstefnu um landhelgismál, og skyldi hún haldin í Genf í febr. 1958. Fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum mótmælti þessari frestun og benti á, að Íslendingar hefðu þegar beðið svo lengi eftir alþjóðlegum fundum og ráðstefnum, að þeir gætu ekki frestað frekar en orðið væri nauðsynlegum framkvæmdum í landhelgismálum sínum. Vegna þess að ekki tókst full samstaða um að ráðast þegar í mest aðkallandi breytingar á fiskveiðimörkunum að loknu þessu þingi Sameinuðu þjóðanna, varð niðurstaðan sú, að við frestuðum enn framkvæmdum og biðum fram yfir Genfarráðstefnuna. Sú bið var þó ákveðin með því bindandi samkomulagi, að strax að Genfarráðstefnunni lokinni skyldi ráðizt í stækkun og það án tillits til þess, hvort þeirri ráðstefnu yrði frestað eða ekki.

Genfarráðstefnunni lauk 28. apríl s. l., og þá var komið að því að taka ákvörðun um næsta áfanga okkar í landhelgismálinu. Eins og við er að búast í stóru og vandasömu máli, hafa verið uppi misjafnar skoðanir um málsmeðferð. Það hefur verið skoðun Alþb., að frekari dráttur en orðinn er kæmi ekki til mála. Vegna þess hef ég lagt allt kapp á það að hraða málinu, en leita þó allra ráða til samkomulags milli manna og flokka. Með sérstöku samkomulagi, sem gert var innan ríkisstj., var því lýst yfir 30. apríl s. l., að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að gefa út nýja reglugerð um málið dagana milli 10. og 20. maí. Í beinu framhaldi af þessu tilkynnti ég í ríkisstj. 17. maí, að ég teldi óhjákvæmilegt, að nýja reglugerðin yrði ákveðin og gefin út í síðasta lagi 20. maí, þar sem þá hefði gefizt nægur tími öllum flokkum til þess að koma fram með skoðanir sínar um einstök efnisatriði málsins.

Hér skal ekki farið nákvæmlega út í að rekja gang þessa máls eða þann ágreining, sem uppi var, en hins vegar tel ég rétt að skýra nokkru nánar frá niðurstöðu þeirri í málinu, sem bindandi samkomulag hefur orðið um, en samkomulagið er þannig:

Reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands verði gefin út 30. júní n. k. Í reglugerðinni verði eftirfarandi efnisbreytingar einar gerðar frá því, sem nú gildir skv. reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, nr. 21 frá 19. marz 1952:

1) Fiskveiðilandhelgin skal vera 12 sjómílur út frá grunnlínunni.

2) Íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu eða dragnót, skal heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, en þó utan núverandi friðunarlínu. Sérstök ákvæði skulu sett um þessa heimild, og tilgreina skal nánar veiðisvæði og veiðitíma.

3) Reglugerðin skal öðlast gildi 1. sept. n. k. Tíminn, þangað til reglugerðin kemur til framkvæmda, verður notaður til þess að vinna að skilningi og viðurkenningu á réttmæti og nauðsyn útfærslunnar. Réttur til breytinga á grunnlínum er áskilinn.

Eins og þetta samkomulag ber glögglega með sér, hefur efnislega að fullu og öllu verið gengið frá þessu máli. Engin önnur efnisatriði en þau, sem greind eru í samkomulaginu, geta komið til greina, eins og þar stendur. Með þessu var vísað frá þeirri hugmynd að fresta málinu enn, með þessu er útilokuð sú hætta, að erlendum aðilum takist að þvessa inn á okkur óeðlileg ákvæði um sérréttindi erlendra skipa í íslenzkri landhelgi, og með þessu er vísað á bug erlendum tilmælum um að gera málið að samningamáli.

Allur undansláttur í málinu er héðan af útilokaður. Þessi atriði skiptu mestu máli, eins og komið var, en lögformleg birting á þegar ákveðnu máli mátti að skaðlausu bíða um mánaðartíma.

Allan þann tíma, sem landsmenn hafa staðið í baráttu fyrir auknum rétti sínum til yfirráða yfir fiskimiðunum í kringum landið, hafa þær erlendar þjóðir, sem mest sækja fisk upp að ströndum Íslands, snúizt öndverðar gegn kröfum Íslendinga. Þær hafa mótmælt stækkun landhelginnar og jafnvel beitt okkur refsiráðstöfunum. Á erlendum ráðstefnum og fundum hafa þær lagzt gegn máli okkar og jafnan lagt fast að okkur að semja um sérstök fríðindi sér til handa á grunnmiðum okkar.

Aðstaða okkar til samninga við þessar þjóðir er ekki góð. Þær eru margar gegn okkur einum, og vissulega hafa þær í ýmsum efnum sterka aðstöðu gagnvart okkur efnahagslega og viðskiptalega. Í þetta skiptið höfum við einnig fengið að þreifa á þessu. Hart hefur verið að okkur lagt og við beðnir að bíða og taka upp samninga. Ákvörðun okkar um að neita samningum og ákveða einhliða lausn okkar á málinu var ekki tekin af fjandskap við neina þjóð, hún var tekin af þjóðarnauðsyn, hún var tekin vegna þess, að afkomuöryggi þjóðarinnar krafðist þess.

Allir landsmenn gera sér ljósa grein fyrir nauðsyn þess að stækka landhelgina. Þeir vita, að 95% af árlegri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar er fengið fyrir útfluttar sjávarafurðir. Aukin gjaldeyrisöflun er eitt brýnasta hagsmunamál okkar í dag, og hvar stæðum við, ef fiskimið landsins, hinn eini raunverulegi gjaldeyrisvarasjóður okkar, væru urin upp af ofveiði erlendra fiskiskipa? Við vitum, að fiskafli sá, sem Íslendingar taka árlega á miðunum við landið, er minni en sá afli, sem erlend skip fara með heim til sín af miðum okkar. Við sjáum, að fiskiskipastóll hinna erlendu þjóða vex árlega á miðunum við landið, og ofveiðin segir greinilega til sín. Þær þjóðir, sem mest stunda fiskimiðin við Ísland, vita líka jafnvel og við, að hverju stefnir. Því verður ekki trúað, að forustumenn þeirra viðurkenni ekki staðreyndir

og vilji ekki unna okkur eðlilegs réttar, þegar að þeim degi kemur, þegar framkvæma á hinar nýju reglur. Það er sannarlega ekki vilji Íslendinga að eiga í illdeilum við þjóðir Vestur-Evrópu, sem mest sækja hingað á okkar fiskimið. Þær eru góðar viðskiptaþjóðir okkar, og við óskum einskis fremur en mega eiga góð og réttlát samskipti við þær. En þau samskipti verða að vera réttlát, og þær verða að viðurkenna tilverurétt okkar og neita sér um að eyðileggja lífsbjörg okkar.

Næsti áfangi í landhelgismálinu er ákveðinn. Þar er aðeins um áfanga að ræða, áfanga að því marki, að Íslendingar hafi forgangsrétt til fiskimiðanna við landið og óskoraða lögsögu yfir öllu landgrunninu. Hér er um mikinn og merkan áfanga að ræða, og það er höfuðnauðsyn, að þrátt fyrir nokkurn skoðanamun um afstöðu til málsins, þá standi nú allir flokkar einhuga að því að tala máli þjóðarinnar út á við og þjóðin öll standi sem einn maður að því, sem ákveðið er, og sanni þannig umheiminum, hve mikilvægt málið er í augum þjóðarinnar.

Alþb. telur, að farsæl lausn landhelgismálsins sé undirstaða þess, að takast megi að leysa aðra þætti efnahagsmála þjóðarinnar. Það hefur því lagt allt kapp á, að samhliða efnahagsmálatill. ríkisstj. um tekjuöflun vegna atvinnuveganna yrði landhelgismálið leitt til lykta, en því ekki skotið á frest lengur.

Reynt hefur verið að halda því fram, að afstaða mín og Alþb. til lausnar landhelgismálinu hafi markazt af ofurkappi og tillitsleysi gagnvart vinaþjóðum okkar, og nú síðast hefur hæstv. utanrrh. haldið því fram hér í umr., að deilur á milli flokka í landhelgismálinu undanfarna daga hafi ekki staðið um að ákveða sjálfa stækkun landhelginnar, heldur í rauninni verið ágreiningur um ýmis efnisatriði reglugerðar þeirrar, sem ég lagði til að sett yrði 17. maí. Þetta er ekki rétt. Frá minni hálfu og míns flokks hefur greinilega komið fram og það í skriflegum till., að við vorum fúsir til samkomulags við aðra flokka um öll efnisatriði reglugerðarinnar. Í till. mínum, sem lagðar voru fram í landhelgismálanefndinni 28. apríl s. l., sagðist ég helzt kjósa tilteknar breytingar á grunnlínum og 12 mílna landhelgi. Þar tók ég líka fram, að ég vildi leyfa íslenzkum togurum veiðiréttindi innan hinnar nýju fiskveiðilandhelgi, en ég teldi ekki rétt að taka það ákvæði upp strax í reglugerð vegna ágreinings um það efni innanlands. En aðrir flokkar lýstu ekki sínum till. nema Framsfl., sem gerði það nokkru síðar. Hinir flokkarnir vildu bíða með málið óafgreitt áfram og halda áfram viðræðum við erlenda aðila um málið. Deilur þær, sem hér risu upp milli flokka, voru því um, hvort taka ætti ákvörðun um málið, ganga frá málinu eða hvort málið ætti að bíða áfram í óvissu.

Hæstv. utanrrh. deildi hér mjög á Þjóðviljann fyrir skrif hans um landhelgismálið. Þær umsagnir Þjóðviljans, sem virtust særa hann mest, voru fregnir, sem blaðið flutti um fundinn í Kaupmannahöfn eftir erlendum blöðum, sem tilgreind voru. Reglugerð sú, sem Þjóðviljinn birti, er í öllum aðalatriðum rétt, enda auðvelt fyrir alla að ganga úr skugga um það með því að lesa samkomulag stjórnarflokkanna, sem gert hefur verið, en það samkomulag hefur Alþýðublaðið, blað hæstv. utanrrh., enn ekki séð sér fært að birta.

Alþýðublaðið, blað hæstv. utanrrh., hefur líka ráðizt harkalega á mig fyrir Nasser-vinnubrögð mín í landhelgismálinu, eins og blaðið hefur kallað það. Ég kippi mér ekki stórt upp við þessi skrif. Ég veit skjöld minn hreinan í landhelgismálinu, ég hef gert það eitt, sem skylda mín bauð mér í því máli. Eins og ég hef rakið hér nokkuð, þá hefur afstaða okkar í Alþb. einmitt miðazt við það að reyna, eftir því sem frekast var unnt, að ná samstöðu allra flokka um landhelgismálið. Framkvæmdir í málinu hafa verið dregnar í nærri tvö ár, síðan ríkisstj. lofaði að beita sér fyrir stækkun landhelginnar, til þess einmitt að fá öruggari samstöðu flokkanna um málið. Fyrst var tekinn frestur í hálft ár fram yfir þing Sameinuðu þjóðanna, síðan var enn ákveðið að bíða í eitt ár fram yfir Genfarráðstefnuna. Samkvæmt gerðu samkomulagi átti þá að hefjast handa, þegar að henni lokinni. Eftir því var að sjálfsögðu gengið, að það samkomulag yrði haldið, því þó að samkomulag sé gott, þá má það ekki verða um aðgerðaleysi og um undanbrögð í málinu. En eftir Genfarráðstefnuna dróst enn með framkvæmdir, og þá var enn gert samkomulag um, hvenær mætti gefa út nýja reglugerð. Þegar sá tími var liðinn, taldi Alþb., að ógerlegt væri að fresta málinu frekar en orðið var. Þessi gangur málsins sannar, að Alþb. vildi samkomulag og samþykkti til þess hvern frestinn af öðrum.

Um efnisatriði málsins, þ. e. hver stækkun skyldi vera að þessu sinni, er hið sama að segja. Við Alþb.-menn lýstum strax yfir vilja okkar og till., en jafnframt lýstum við yfir því, að við vildum fúslega fallast á önnur atriði til samkomulags. Segja má, að gengið hafi verið á eftir öðrum flokkum með að láta uppi sínar till. í málinu.

Um afstöðu okkar til annarra þjóða í málinu er það að segja, að hún hefur alltaf verið skýr. Við getum ekki fallizt á, að semja eigi um landhelgismál Íslands við aðrar þjóðir, og þetta hafa aðrir flokkar einnig viðurkennt í orði. Og enn þá síður getum við fallizt á að heimila útlendum skipum sérréttindi í íslenzkri landhelgi. Við höfum því haft ímugust á öllum NATO-fundum og NATO-afskiptum af landhelgismáli okkar. Einarðleg og ákveðin framkoma er enginn fjandskapur við aðrar þjóðir. Réttur Íslands til landgrunnsins er ekkert fjandskaparmál okkar við þær þjóðir, sem vilja hafa landhelgi okkar sem minnsta. Forgangsréttur okkar til fiskimiðanna er aftur á móti lífsnauðsyn fyrir efnahagslegt öryggi þjóðarinnar í framtíðinni, og því verður að vinna einarðlega að framgangi landhelgismálsins.

Jafnhliða landhelgismálinu hefur ríkisstj. og Alþ. haft til meðferðar að undanförnu till. um nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessar till. hafa verið æði lengi á döfinni, enda málið allt margþætt og vandasamt og ágrein-

ingur mikill um ýmis atriði þess. Alþb. tekur það skýrt fram um afstöðu sína til frv. um efnahagsmálin, að líta ber á það sem samkomulags- og málamiðlunarleið. Sjónarmið voru í ýmsu ólík, en viðurkennt var af öllum, að ekki yrði komizt hjá nýjum tekjuöflunarráðstöfunum til öryggis framleiðslunni og til þess að mæta vaxandi útgjöldum ríkisins, þar sem ekki hafði orðið samkomulag um neina teljandi niðurfærslu eða lækkun útgjalda í ríkisrekstrinum.

Þegar efnahagsráðstafanir þær, sem nýlega hafa verið gerðar að l., eru ræddar, er nauðsynlegt að rifja upp nokkur aðalatriði í gangi efnahagsmálanna að undanförnu.

Þegar núverandi stjórn tók við völdum í júlímánuði 1956, var allt verðlag í landinu á æðandi uppleið. Vísitalan hafði hækkað um 25 stig á rúmu ári, og fyrirsjáanleg voru stórvandræði hjá framleiðslunni. Núverandi stjórn setti sér þá það mark að stöðva verðhækkunarskrúfuna. Allt verðlag var þá bundið fast í nokkra mánuði og framleiðslunni þannig bjargað út það árið. Með þessu hófst verðstöðvunarstefnan, sem Alþb. lagði ríka áherzlu á að halda áfram og verkalýðshreyfingin í landinu hét stuðningi sínum. En það urðu mörg ljón á vegi verðstöðvunarstefnunnar. Fyrst þurfti að afla mikils fjár til þess að greiða framleiðsluatvinnuvegunum upp gamla skuldasúpu frá tíð fyrrv. ríkisstj., og greiða þurfti auknar bætur vegna hækkunar á framleiðslukostnaði, sem orðin var, þegar núverandi stjórn tók við völdum. Það var að sjálfsögðu erfitt að afla nýrra tekna í stórum stíl, án þess að verðlag hækkaði verulega og þá um leið kaupgjald og framleiðslukstnaður að nýju, en við þetta var glímt og strangt verðlagseftirlit sett á fót þrátt fyrir hörkuleg mótmæli stjórnarandstöðunnar. Verzlunarálagning var stórlækkuð og nýja tekjuöflunin vegna atvinnuveganna þannig að verulegu leyti lögð á milliliði. En nokkur hluti verðlagsins hlaut þó að hækka. Þá skall á um þetta leyti Súez-stríðið, sem leiddi af sér talsverðar verðhækkanir, einkum á frögtum, og auk þess hamaðist svo stærsti flokkur landsins, Sjálfstfl., gegn verðstöðvunarstefnunni og ögraði þeim stéttarfélögum sem ekki fóru út í verkföll, og hrinti þeim félögum út í kauphækkunarbaráttu, sem hann hafði getu til.

Verðstöðvunarstefnan skilaði þó miklum árangri. Í árslok 1957, þegar samningar hófust að nýju við sjávarútveginn, kom í ljós, að ekki þurfti að breyta bótagreiðslum vegna hækkunar á rekstrarkostnaði. Samið var um litla hækkun útflutningsbóta og eingöngu vegna hækkunar á kaupi sjómanna og vegna minnkandi aflamagns bátanna, en árið 1957 hafði reynzt lélegt aflaár hjá sjávarútveginum almennt. Þrátt fyrir fleiri báta, sem veiðarnar stunduðu, þrátt fyrir miklu lengri úthaldstíma og meiri tilkostnað í útbúnaði en áður varð aflinn þó minni og gjaldeyristekjurnar lægri en árið á undan.

Þetta mikla aflaleysi bæði báta og togara hlaut að segja til sín og skapa nýja erfiðleika. Vegna minni gjaldeyristekna fór það svo, að innflutningur á þeim vörum, sem mestar tekjur áttu að gefa útflutningssjóði og ríkissjóði, var miklu minni en árið áður. Þannig lækkaði innflutningur hátollavöru úr 254 millj. kr. árið 1956 í 174 millj. kr. árið 1957, eða um 80 millj. kr. Þetta þýddi tekjumissi fyrir útflutningssjóð og ríkissjóð, sem nam yfir 100 millj. kr. Um s. l. áramót stóðu sakir því svo, að óhjákvæmilegt var, að afla þyrfti nýrra tekna til stuðnings framleiðslunni.

Eins og jafnan áður voru skiptar skoðanir um, hvaða leiðir skyldi fara til lausnar vandanum. Sú kenning hefur lengi verið uppi, að leysa ætti vanda efnahagsmála okkar með nægilega mikilli gengislækkun. Hefði sú leið verið farin nú, hefði þurft að hækka hið skráða verð á erlendum gjaldeyri um a. m. k. 130%, til þess að hægt hefði verið að gera ráð fyrir bótum og þeim launagreiðslum, sem miðað er við í efnahagsmálatill. ríkisstj. nú. Slík gengislækkun hefði leitt af sér um 50 stiga hækkun á vísitölu. Þessi gífurlega breyting hefði orðið stórtækust á nauðsynjavörum og bitnað meir á láglaunafólki en nokkrum öðrum í landinu. Þessari leið var hafnað.

Þar sem fyrir lá, að almennar kauphækkanir mundu verða á þessu ári að öllum líkindum, og ekki hafði tekizt að ná samkomulagi um neina niðurfærslu á útgjöldum hins opinbera, var augljóst, að nægileg tekjuöflun án verðhækkana var ekki möguleg, enda skortur á skilningi á nauðsyn verðstöðvunarstefnunnar. Af þessum ástæðum var sú milli- og samkomulagsleið valin, sem nú hefur verið lögfest. Höfuðgallar þeirrar leiðar eru að dómi okkar Alþb.-manna þeir, að hætt er við, að verðhækkanir verði meiri en auðvelt verður við að ráða. En auðvitað ræður hér miklu um, hversu tekst með framkvæmd þessara nýju till. Hinar nýju efnahagsmálatill. hafa verið affluttar af stjórnarandstöðunni á svo purkunarlausan hátt, að algert einsdæmi má teljast. Þetta er því furðulegra, ef þess er gætt, að stjórnarandstaðan hefur ekkert sjálfstætt til málanna haft að leggja, engar till. getur hún flutt um málið, en afsakar sig helzt með því, að hana vanti upplýsingar og hún viti því ekki, hvaða vandi er á höndum.

Hér skal nú í örstuttu máli drepið á meginefni þessara efnahagsmálatill. Tekjuöflunin er í öllum aðalatriðum byggð upp á sama grundvelli og í eldri l. um útflutningssjóð. Vöruinnflutningi til landsins er skipt í þrjá aðalflokka með mismunandi gjöldum. Áður voru flokkar þessir fjórir. Nú er nauðsynjavöruflokkurinn nokkru stærri en áður, þ. e. a. s. meira af nauðsynjavörum verður í gjaldlægsta flokknum og hækka þær því minna en aðrar vörur. Gjaldið á hinum beinu vísitöluvörum hækkar þó nokkuð, en það skilar sér að sjálfsögðu til fulls til launþega aftur í hækkuðu kaupi. Eins og áður er því reynt að stilla svo til, að brýnustu nauðsynjar hækki minnst í verði og alls ekki nema full kauphækkun komi á móti. Þá er áfram svonefndur hágjaldavöruflokkur. þ. e. a. s. gömlu bátagjaldeyrisvörurnar. Þar er nákvæmlega sami háttur hafður á og áður var. Þær vörur hækka nú talsvert í verði. Svo eru í þriðja lagi aðrar

almennar vörur eins og áður, en gjöld á þeim hækka nokkuð og í sumum tilfellum talsvert mikið.

Eina verulega breytingin, sem gerð er um fyrirkomulag tekjuöflunarinnar nú, er sú, að áður hafa rekstrarvörur framleiðslunnar jafnan verið undanþegnar gjöldum og þeim því haldið í lágu verði, en nú var ákveðið að leggja sömu gjöld á rekstrarvörur framleiðslunnar og á aðrar almennar vörur, sem inn til landsins eru fluttar. Þetta þýðir í framkvæmd, að veiðarfæri útgerðarinnar hækka verulega í verði og sömuleiðis olíur og fleiri nauðsynjar rekstrarins. Á sama hátt hækkar nú í verði fóðurbætir og áburður til landbúnaðarins og aðrar rekstrarvörur hans. Þessa hækkun greiðir framleiðslan vitanlega sjálf. En jafnframt eru svo bætur til hennar auknar sem þessu nemur. Þessi breyting er því fyrst og fremst formsbreyting. Því verður ekki neitað, að ýmis almenn rök eru fyrir því, að rétt hafi verið að gera þessa breytingu.

Sá háttur að halda niðri verði á rekstrarvörum árum saman, þó að allt annað verðlag í landinu hafi tekið stórum breytingum, felur vissulega í sér miklar hættur. Tökum nærtækt dæmi. Vélar í fiskibáta eru fluttar inn erlendis frá. Með því að halda þeim árum saman utan við þá almennu verðlagshækkun, sem orðið hefur í landinu, hefur dregið að því, að þær væru svo ódýrar, miðað við innlent vinnuafl og viðgerðarkostnað, að lítill áhugi væri fyrir því að láta gera við vélarnar, en hins vegar leitað þeim mun fastar eftir kaupum á nýjum vélum í staðinn. Þannig hefur þetta verið með fóðurbætiskaup bænda. Fóðurbætirinn hefur ekki hækkað til jafns við hækkun á tilkostnaði við að afla innlends fóðurs. Misræmi, sem þannig verður til, leiðir af sér óeðlilega notkun á erlendum gjaldeyri. Hitt er svo aftur hin mesta fjarstæða, að halda því fram, að hækkun á veiðarfærum útgerðarinnar, sem hún greiðir sjálf, sé álögur á almenning í landinu.

Þannig er tekjuöflunarhlið efnahagsmálafrv. ríkisstj. í meginatriðum eins byggð upp og áður. Hún er byggð á mismunandi gjöldum á innflutning og brýtur þannig í bága við grundvallarstefnu gengislækkunarleiðarinnar, sem gerir verðbreytinguna jafna yfir allt.

Útgjaldahlið frv. er einnig byggð í meginatriðum á sömu reglu og gilt hefur. Þar er ákveðið að greiða misháar bætur eftir þörfum útflutningsgreinanna, en þó er þar stefnt að meiri samræmingu en áður hefur verið.

En hvað felur þá hin nýja efnahagsmálalöggjöf í sér miklar nýjar álögur? Íhaldið segir, að nýjar álögur á þjóðina samkv. lögunum nemi 790 millj. kr. Slíkt er sagt gegn betri vitund og er alger fjarstæða. Sé samanburður gerður á hliðstæðum grundvelli á milli hins eldra kerfis og hins nýja, má telja, að tekjuaukning útflutningssjóðs geti verið um 240 millj. kr. á ári. Mikils meiri hluta þessara nýju tekna er aflað með hækkun gjalda á lúxusvörum, benzíni, bílum, innlendum lúxusvörum, hækkun ferðagjaldeyris og hækkun skatts á gjaldeyrisbönkunum. Talsverð hækkun er svo einnig á almennum varningi, en minni en á öðrum.

Og hvernig er svo þessum nýja tekjuauka útflutningssjóðs varið? Um 60 millj. kr. ganga til þess að standa undir greiðslum, sem ríkissjóður hafði áður, en það eru niðurgreiðslur á verðlagi innanlands. Þá eru eftir 180 millj. kr., sem renna til útflutningsframleiðslunnar. Af þeirri fjárhæð fara 50 millj. kr. til þess að mæta 5% launahækkun til sjómanna og alls verkafólks, sem lögin gera ráð fyrir. Þá fara um 60 millj. kr. í auknar bætur til framleiðslunnar, en þar nemur mestu, að bætur til togara eru nú auknar til jafns við bætur til bátaútvegsins, og svo eru hækkaðar bætur til síldarútvegsins um 20 millj. kr., fyrst og fremst til þess að mæta verðlækkun, sem orðið hefur á síldarafurðunum á þessu ári. Önnur tekjuaukning sjóðsins er svo til þess að jafna nokkuð þann halla, sem fyrir var á sjóðnum.

Þegar rætt er um það, hvaða álögur efnahagsmálalöggjöfin nýja felur í sér, er óhjákvæmilegt að athuga jafnframt þau nýju útgjöld, sem lögin gera ráð fyrir að tekin séu upp. Lögin eru ekki aðeins um hækkaðar álögur þau eru jafnframt og að sama skapi um ákveðnar greiðslur til ákveðinna aðila. Og hver er þá afstaðan til þessara greiðslna? Það er ekki hægt að vera með útgjöldunum, en neita samtímis öllum leiðum til þess að afla tekna vegna hinna nýju útgjalda. Við skulum athuga þetta nánar.

Með því ákvæði í lögunum, að kaupgjald allt skuli hækka nú þegar um 5—7%, skapast óhjákvæmleg útgjöld, sem nema 50 millj. kr. Þeir, sem viðurkenna réttmæti þessara útgjalda, verða að finna leiðir til tekjuöflunar á móti. Ég veit, að íhaldið telur sér slíkt ekki skylt. Það er einmitt sérstaklega á móti þessu ákvæði í lögunum. En það sama íhald, sem þannig hugsar, sýnir ábyrgð sína í því að egna hálaunamenn til meiri kauphækkunar og helzt vinnustöðvana.

Þá gera lögin ráð fyrir, að hagur togaraútgerðarinnar í landinu verði bættur um 20 millj. kr. á ári. Hver er afstaðan til þessa? Er rétt að halda togaraútgerðinni áfram í slíkum taprekstri og hún hefur verið í? Hafa ekki mörg bæjarfélög í landinu orðið að taka á sig stórtöp togaranna og leggja þar með á verkamenn og sjómenn í bæjum þeim, sem togararnir eru gerðir út frá, aukaútsvör vegna taprekstrarins? Er rétt, að fólkið í þeim bæjarfélögum einum, sem togarana reka, beri tapið, eða mundi ekki eðlilegra, að þjóðarheildin bæri það?

Í lögunum er gert ráð fyrir auknum tekjum fiskveiðasjóðs, sem nemur 10 millj. kr. Öll sú fjárhæð rennur því til nýrra báta og framleiðslufyrirtækja. Þá skapa lögin grundvöll fyrir lífeyrissjóði togarasjómanna, en útgjöld af þeim verða um 7 millj. kr. á ári. Þá gera lögin ráð fyrir útgjöldum, sem nema 20 millj. kr. á ári til þess að mæta verðlækkun á síldarafurðum. Átti að neita þeirri staðreynd, að síldarlýsið hafði stórfallið í verði og Norðurlandssaltsíldin var seld með lækkandi verði á þessu ári?

Hér hef ég nefnt 5 nýja útgjaldaliði hinna nýju laga, sem nema samtals 107 millj. kr.

Þá vil ég nefna þá nýju samninga, sem gerðir

voru við sjómenn og útgerðarmenn um síðustu áramót. Með þeim var ákveðið að auka bætur framleiðslunnar um ca. 30 millj. kr. Meginhluti þeirrar upphæðar fór til kauphækkunar hjá sjómönnum. Vegna aflaleysis á vetrarvertíðinni 1957 stórlækkuðu tekjur sjómanna þá. Þeir komu beinlínis með miklu færri krónur frá borði en áður, á sama tíma sem allir aðrir í landinu höfðu fengið 5 vísitölustiga hækkun á sitt kaup. Áttum við að láta sem ekkert hefði gerzt og neita sjómönnum um lítils háttar kjarabætur? Áttum við að stefna út í þann háska, að fiskimönnum okkar fækkaði enn á flotanum með þeirri óhjákvæmilegu afleiðingu, að gjaldeyrisöflunin minnkaði, þjóðartekjurnar drægjust saman með öllum afleiðingum þess? Eða áttum við að viðurkenna staðreyndir og taka að okkur að *glima* við vandann? Það er ekki hægt að standa með öllum þessum útgjöldum, en neita jafnframt að koma með tillögur um, hvernig teknanna skuli aflað til þess að mæta þessum nýju útgjöldum.

Framkoma stjórnarandstöðunnar hefur verið með fádæmum í sambandi við þessi efnahagsmál. Ábyrgðarleysi og vítaverð rangfærsla hefur einkennt vinnubrögðin. Það er athyglisvert, að stærsti flokkurinn á Alþ., Sjálfstfl., skuli ár eftir ár standa eins og þvara tillögulaus og úrræðalaus, þegar vandamál atvinnuveganna eru til afgreiðslu á Alþ. Er hægt að hugsa sér aumari frammistöðu en tilburði Ólafs Thors, formanns Sjálfstfl., og annarra foringja flokksins við afgreiðslu efnahagsmálanna nú að þessu sinni, þar sem hann *hefur og flokksmenn* hans ekkert haft jákvætt til málanna að leggja, en aðeins neikvætt nöldur?

Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., sá, í hvert óefni stefndi fyrir flokknum með þessum vinnubrögðum, og hann kaus því að stinga sér úr landi, á meðan á efnahagsmálunum stóð á Alþ. Jóhann Hafstein fór að dæmi hans og stakk sér út líka. Bjarni hefur legið og sólað sig suður við Miðjarðarhaf, en Jóhann fór til Ameríku. Reisur þessara íhaldsforingja bera að vísu ekki vott um mikla ábyrðartilfinningu, þegar vitað var, að stórmál eins og landhelgismálið og efnahagsmálin lágu fyrir þinginu. En þeim er vorkunn, eins og stefna eða stefnuleysi þeirra flokks er í þessum málum.

Ein höfuðafsökun íhaldsforingjanna fyrir því, að þeir þora engar tillögur að leggja fram til lausnar í efnahagsmálunum, er sú að þeir viti svo *lítið* um þessi mál. Þá vantar skýrslur og upplýsingar. Hvað er að heyra? Mennirnir, sem stjórnað hafa sjávarútvegsmálum þjóðarinnar um 17 ára skeið og fylgzt hafa stig af stigi með þeim vanda, sem þeir hafa sjálfir leitt yfir þessa atvinnugrein, þykjast nú ekkert vita og spyrja nú eins og börn um einföldustu atriði málsins. Auðvitað er þessi uppgerðarheimska hlægileg, því að flokkurinn á fulltrúa enn þá í öllum þeim nefndum og stofnunum, sem daglega hafa með málefni atvinnuveganna að gera. Sjálfstfl. á fulltrúa í bönkum landsins, í stjórn útflutningssjóðs í innflutningsskrifstofunni, í stjórnum helztu sölufélaga framleiðslunnar og í félagssamtökum útgerðarmanna. Skortur á upplýsingum háir ekki foringjum íhaldsins í þessum málum.

En hvað er það þá, sem veldur, að þeir leggja ekki fram sín úrræði? Ástæðan er sú, að þeir vita, að úrræði þeirra eru óvinsælli en jafnvel þær álögur, sem þeir skrökva upp að stj. sé að leggja á landslýðinn. Íhaldið segir, að þær nýju álögur, sem nú eigi að demba á þjóðina, nemi 790 millj. kr. Það segir, að af þessu nemi hækkunin til útflutningssjóðs 650 millj. kr. Hér er ekki um neina smáræðisfúlgu að ræða, þegar það er haft í huga, að allar tekjur útflutningssjóðs s. l. ár námu aðeins 370 millj. kr. Tekjur sjóðsins ættu því nærfellt að þrefaldast samkv. þessum upplýsingum íhaldsins. En sömu foringjar íhaldsins sem þetta segja, þegar þeir eru að mála upp hinar gífurlegu álögur, sem almenningur þarf að taka á sig, segja svo í sömu andránni, að allar greinar framleiðslunnar fái skarðan hlut og því megi jafnvel búast við því, að framleiðslulífið allt stöðvist. Hversu lengi halda íhaldsmenn að svona málflutningur dugi þeim? Halda þeir, að almenningur sé svo skyni skroppinn, að hann finni ekki mótsagnirnar í þessu? En hvernig getur annars staðið á þessum háu tölum, sem íhaldið nefnir um álögur á þjóðina? Jú, skýringin er sú, að vísvitandi taka þeir hækkun, sem verður á veiðarfærum, skipum og bátum og öðrum rekstrarvörum, og telja þá hækkun álögur á almenning í landinu. Auðvitað greiðir framleiðslan sjálf þessa hækkun, því að hún fær jafnmikla hækkun í fiskverði sem nemur rekstrarvöruhækkuninni. Á *sama hátt* er leikið sér með tölur af svonefndum duldum greiðslum. Á þennan hátt er reynt að halda því fram, að álögurnar séu margfalt hærri en þær raunverulega eru.

Hv. þm. G-K., Ólafur Thors, og þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, hafa gerzt hér í umræðunum í kvöld æði stórorðir um efnahagsmálatillögur ríkisstj., en þeir hafa ekki haft mörg orð um úrræði sín. Væri nú ekki æskilegt, að þm. G-K., Ólafur Thors, upplýsti hér í þessum umr., t. d. útgerðarmenn í Keflavík og Sandgerði, um það, hvernig hann mundi hafa mætt kröfum þeirra um fiskverðshækkun um síðustu áramót og hvernig hann nú vill afla tekna til þess að standa undir auknum greiðslum til framleiðslunnar? Eða getur það verið, að Ólafur Thors hefði með öllu neitað sjómönnum og útvegsmönnum um þá leiðréttingu, sem þeir þá fengu? Væri líka ekki æskilegt, að þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, sem mætti sem fulltrúi útgerðarmanna úr sinni sýslu á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna um s. l. áramót og tók þar þátt í að krefjast miklu hærri bóta útgerðinni til handa en síðar varð samkomulag um við útvegsmenn, — væri ekki rétt, að hann skýrði einmitt hér í þessum umr. frá því, hvar hann vill taka fé í stórauknar bætur til framleiðslunnar? Ja, ábyrgð fylgir vegsemd hverri, þm. N-Ísf. Það er ekki hægt að mæta sem kröfuhafi á útgerðarmannafundi og krefjast aukinna styrkja, en heykjast svo á Alþ., þegar á reynir, að afla nauðsynlegra tekna upp í hluta af *þeim kröfum*, sem maður hefur sjálfur gert.

Það væri sannarlega æskilegt, að þessir talsmenn íhaldsins vildu gefa skýr svör við þessu einmitt hér frammi fyrir þjóðinni og á þann hátt, að samtímis mættu heyra mál þeirra sjómenn og útvegsmenn í Keflavík og Bolungavík og launþegar í Reykjavík og aðrir, sem ekki eru framleiðendur og íhaldið er alltaf að nudda sér upp við. Þessir herrar þurfa að segja togarasjómönnum, hvort þeir raunverulega vilja gera kleift að koma upp lífeyrissjóði þeim til handa. Þeir þurfa að segja, hvort þeir vilja afla fjár, svo að fiskveiðasjóður geti lánað til nýbyggingar fiskiskipa. Þeir þurfa að svara því, hvort þeir vilja leysa togaraútgerðina úr taprekstrinum og hvort þeir vilja afla tekna, svo að hægt verði að halda uppi eðlilega háu síldarverði í sumar. Eða á kannske að láta verðfallið á síldarafurðunum skella á sjómönnum og útgerðarmönnum? Tilgangslaust með öllu er að setja upp sauðarsvip og þykjast ekkert vita. En ekkert svar frá þeirra hálfu er líka svar, og það svar verður munað.

Við Alþb.-menn viðurkennum, að í efnahagsmálatill. stj. eru ýmis ákvæði, sem við óttumst að kunni að leiða af sér meiri verðhækkun en auðvelt verður að ráða við. Við hefðum kosið að hafa ýmis ákvæði laganna á annan veg en það samkomulag, sem varð um afgreiðslu málsins. Framkvæmd laganna mun ráða miklu um, hvernig þau reynast. Miklu skiptir um verðlagseftirlit, hvernig það tekst, en þó enn þá meir um það, hvernig stjórn bankanna verður á peningamálunum og hvernig til tekst með skipulag þjóðarbúsins, fjárfestingarmál og þróun atvinnuveganna.

Það er skoðun okkar, að tekjuöflunarfrv. eins og það, sem nú er nýlega orðið að lögum, komi að litlu gagni og aðeins skamma hríð, ef ekki tekst að auka útflutningsframleiðslu þjóðarinnar og þar með gjaldeyristekjurnar. Aukinn útflutningur er það, sem öllu skiptir í þessum efnum. Undirstaða þess, að svo megi verða, er stækkun landhelginnar, stækkun fiskiflotans, meiri vinnsla úr fiskinum og síðast, en ekki sízt fleiri landsmenn að framleiðslustörfunum.

Það má öllum vera ljóst, að vaxandi fjárfesting með minnkandi útflutningi getur ekki gengið öllu lengur. Fjárfestingin í landinu hefur verið meiri síðustu árin en gjaldeyrisþol þjóðarinnar hefur leyft. Hefðum við fjárfest 200 millj. kr. minna s. l. ár eða álíka mikið og árið áður og jafnframt beint því vinnuafli, sem þannig hefði losnað, til útflutningsframleiðslunnar, þá hefðum við ekki þurft að greiða 35 millj. kr. í gjaldeyri til erlendra sjómanna og þá hefðum við að líkindum ekki þurft að glíma við þann vanda, sem nú hefur verið glímt við í efnahagsmálunum.

Á s. l. 6 árum hefur þjóðin haft til ráðstöfunar 1500 millj. kr., eða hálfan annan milljarð, sem fengizt hefur sem erlent gjafafé eða greiðsla frá herstöðinni í Keflavík. Þessi mikla fjárhæð hefur sagt til sín í íslenzku efnahagslífi. Hún hefur víllt mörgum sýn um raunverulegar og traustar árlegar tekjur þjóðarinnar. En það er kominn tími fyrir okkur að átta okkur á þessum staðreyndum. Auknar framleiðslutekjur verða að koma í stað tekna af þessu tagi, ef þjóðin vill búa við efnahagslegt sjálfstæði. Herstöðin á Miðnesheiði hefur orðið Íslendingum dýr á marga vegu. Hún hefur truflað allt efnahagslíf okkar. Hún hefur skapað hér gullgrafaraæði gráðugra okurkarla. Hún hefur raunverulega lagt þungar búsifjar á framleiðsluatvinnuvegi landsins og valdið óeðlilegum fólksflutningum í landinu. En auk þessa hefur svo herstöðin sljóvgað sjálfstæðisvitund þjóðarinnar og djarfmannlega framkomu gagnvart erlendum þjóðum. Barátta fyrir efnahagslegu sjálfstæði verður jöfnum höndum barátta fyrir brottför hersins úr landinu og fyrir uppbyggingu traustra atvinnugreina í landinu.

Af þessum ástæðum leggur Alþb. nú höfuðáherzlu á stækkun landhelginnar sem undirstöðu efnahagslífsins í landinu, kaup á nýjum fiskiskipum, meiri fiskiðnað og aukna útflutningsframleiðslu. Það eitt getur tryggt góð lífskjör í landinu og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar á komandi árum. — Góða nótt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Menn heyrðu í kvöld formann hinnar hörðu stjórnarandstöðu, hv. þm. G-K., Ólaf Thors, ræða um efnahagsmálaaðgerðir núverandi ríkisstj., og það duldist engum, að hann sagðist vera á móti þeim, þær yrðu til ills eins, bara til bölvunar. En sagði hann þá ekki þjóðinni, hvernig hann og hans flokkur, Sjálfstfl., vildu leysa vanda framleiðsluatvinnuveganna, tryggja stöðvunarlausan rekstur vélbáta, togara og vinnslustöðva, tryggja fulla atvinnu og hallalausan ríkisbúskap? — Nei, hann sagði ekki orð um það í allri mælginni. Því smáræði gleymdi hann óvart í óðagotinu, sem á honum var. Hann hafði ekkert, bókstaflega ekkert til málanna að leggja nema innantóman belging og loftkennt orðaskvaldur, og gat frammistaða hans þannig með engu móti málefnalega séð aumari verið.

Það er skemmtilegt fyrir hlustendur að vita það, og þess vegna held ég, að ég verði að segja frá því, að fyrir nokkrum árum, þegar þessi sami Ólafur Thors var forsrh. og hafði einmitt lagt fyrir Alþ. tillögur stjórnar sinnar í efnahagsmálum, þá krafði hann stjórnarandstöðuna svara með hörðum orðum, heimtaði hennar úrræði á borðið án tafar. Alþingistíðindin bera því vitni, að þá beindi hv. þm. G-K., Ólafur Thors, orðum sínum til málsvara stjórnarandstöðunnar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, hann sagði:

„Þessi hv. þm. gleymdi að segja, hvað hann vill láta gera. Ég skora nú á hann að leiða rök að því, að hægt sé að hverfa frá stefnu ríkisstj., og segja, til hvaða ráða hann ætlar þá að grípa í staðinn. Þá dugir ekki að segja: Leiðir má finna, eins og hann sagði hér áðan. Hann verður að finna þessar leiðir og sýna mönnum þær, því að á neikvæðum belgingi lifir enginn til lengdar."

Þetta voru orð Ólafs Thors, og nú er komið að skuldadögum hans sjálfs. Nú verður stjórnarandstaðan, sem þykist tala fyrir munn mikils hluta þjóðarinnar, að segja hvað hún vill láta

gera, hvaða leiðir hún telur nú æskilegar eða færar. Nú er rétta augnablikið til að sýna mönnum silfurgötur Sjálfstfl. Nú dugir ekki að standa uppi eins og þvara, því að það er vissulega satt, sem form. Sjálfstfl. hefur sagt: Á neikvæðum og innantómum belgingi lifir enginn til lengdar, síst af öllu í pólitík.

Ef til vill er hv. þm. G-K. nokkur huggun í því, að hann stendur ekki einn uppi eins og þvara í þessu máli. Nei, nei, því fer fjarri. Þar standa við hlið hans og mynda eins konar þvöruskóg margir af helztu liðsmönnum hans í Sjálfstfl., svo sem eins og hv. 9. landsk., Ólafur Björnsson hagfræðingur og prófessor, og hv. 2. þm. Reykv., Björn Ólafsson heildsali, að ógleymdum hv. 6. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen borgarstjóra, og hv. þm. N-Ísf., Sigurði Bjarnasyni aðstoðarritstjóra. Og hvers vegna nefni ég nú sérstaklega þessa menn sem jafntillögulausa og úrræðalausa í málinu og hv. þm. G-K. Það er einfaldlega af því, að ég hef hér fyrir framan mig nál. fjárhagsnefnda Alþ. í báðum þd., og þar stendur þessi staðfesting á úrræða- og skoðana- og ráðleysi Sjálfstfl. skjalfest, svo að ekki er um að villast, því að þeir hv. 9. landsk., Ólafur Björnsson, og hv. 2. þm. Reykv., Björn Ólafsson, segja undir lokin í sínu minnihlutaáliti, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt við álítum, að breyta þurfi frv. í veigamiklum atriðum, þá flytjum við engar meiri háttar brtt. Til þess var hvorki tími né ástæða, eins og sakir standa.“

Og svo ljúka þeir nál. sínu í allri hógværð á þessum orðum:

„Fyrir örfáum minni háttar brtt., er við flytjum, verður nánari grein gerð í framsögu.“

Hér er að vísu ekkert af innantómum belgingi flokksformannsins. En nakið úrræðaleysið leynir heldur ekki á sér: Við flytjum engar meiri háttar brtt., til þess er enginn tími, bara örfáar minni háttar tillögur. — Mikið ósköp getur þetta nú verið vesældarlegt. Og þarna er þó á ferðinni einn af mestu fjármálamönnum Sjálfstfl. og lærðasti hagfræðingur hans, sem gerþekkir allt efnahagskerfið og hefur hvað eftir annað verið aðalráðgjafi síns flokks, þegar hann hefur verið að framkvæma eða undirbúa meiri háttar aðgerðir í efnahagsmálum, en samt er því borið við, að þeir geti engar tillögur gert vegna tímaskorts.

Og hvaða tíma höfðu þeir þó haft? Í fyrsta lagi hafði verið beðið eftir tillögum stjórnarinnar alllengi, og hver trúir því, að fjármálamenn og hagspekingar stjórnarandstöðunnar hafi ekki hugsað málið, á meðan þeir sátu og biðu. Eiga menn að trúa því, að þeir hafi bara húkt á þingbekkjunum hugsunarlausir um alvarlegustu vandamál þjóðarinnar með hendur í skauti og horft í gaupnir sér? Nei, því trúir enginn lifandi maður.

Sannleikurinn er sá, að eftir alla biðina fengu þeir líka rúman tíma til að kynna sér málið. Sjálfstfl. fékk frv. um útflutningssjóð ásamt grg. í hendur — að ég hygg — þann 10. maí. Hann fékk einnig allar upplýsingar, sem hann óskaði, ásamt ýtarlegum viðræðum við sérfræðinga þá, sem höfðu starfað að undirbúningi málsins með ríkisstj., og loks stóðu svo umræður um málið í Nd. í marga daga, sem sjá má af því, að nál. þeirra Ólafs Björnssonar og Björns Ólafssonar er gefið út þann 19. maí. Þannig hefur Sjálfstfl. a. m. k. haft málið til meðferðar í 9 sólarhringa, en samt ber hann fyrir sig tímaskort. Þetta er auðvitað hlægilegt. Þetta er að standa uppi eins og þvara.

Enn þá átakanlegra verður þó ráðleysi Sjálfstfl. í málinu, þegar litið er á frammistöðu hans manna í Ed. og enn er borið við tímaskorti hjá þeim. Þar gefa þeir hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, og hv. 6. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, út nál. þann 28. maí og hafa því haft fast að 3 vikum til tillögugerðar. En þrátt fyrir þetta segja þeir þar, eftir að þeir hafa sérstaklega lýst andúð sinni á því ákvæði frv., að allt almennt kaupgjald skuli hækka um ákveðinn hundraðshluta, þeir segja þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt 3. minni hl. fjárhagsnefndar (þ. e. a. s. Sigurður Bjarnason og Gunnar Thoroddsen) telji, að breyta þyrfti þessu frv. í þýðingarmiklum atriðum, flytjum við engar brtt. varðandi meginefni og stefnu frv., enda hefur enginn tími gefizt til þess að undirbúa flutning þeirra á þeim örskamma tíma, sem nefndin hefur haft það til meðferðar.“

Þetta eru þeirra eigin orð. Engar tillögur varðandi meginefni og stefnu, aðeins um smáatriði og aukaatriði, enginn tími til slíks tillöguflutnings, og þó hafa þeir haft málið handa á milli í 3 vikur. Þetta kalla ég að standa uppi eins og þvara, og ég fæ ekki séð, að þessar eikur hallist um hársbreidd við hlið formanns síns.

Sannleikurinn er sá, að stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., hefur orðið sér til einstæðrar minnkunar í þessu stórmáli. Hann stendur uppi úrræðalaus með öllu í efnahagsmálum þjóðarinnar og hefur meira að segja enga minnstu tilburði uppi til þess að dylja það, að hann sé tillögulaus og úrræðalaus.

En þjóðin spyr enn: Hverjar eru leiðir Sjálfstfl.? Hver eru hans úrræði? En hún fær víst ekkert svar. Þetta er meira og furðulegra ábyrgðarleysi en hægt var að búast við fyrir fram, jafnvel af Sjálfstfl. En af því er þó ekki öll sagan sögð enn þá. Lengi fram eftir vetri gagnrýndi Morgunblaðið stjórnina mjög fyrir seinagang við afgreiðslu mála á Alþ. og stutta þingfundi. En þegar fram á vorið kom og vitað var, að stærstu mál þingsins, eins og efnahagsmálin og landhelgismálið, væru í uppsiglingu, þá fór að verða nokkur ókyrrð í liði stjórnarandstöðunnar, og svo einn góðan veðurdag vissu menn ekki fyrri til en bæði 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, og sjálfur form. stjórnarandstöðunnar á þingi, hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, voru stokknir úr landi allt í einu, svo ósköp þreyttir, blessaðir. Jóhann Hafstein fór til Ameríku og Bjarni Benediktsson suður á Mallorca á Miðjarðarhafi til hvíldar og hressingar, og hafa þeir ekki sézt síðan. Fyrir þetta ábyrgðarleysi sætti form. Sjálfstfl. nokkurri gagnrýni í eigin liði, en hann varðist öllum ásökunum með því einu að spyrja: Hvað er þetta, góðir hálsar, trúa menn virkilega ekki Angantý og mér fyrir

málunum? — Hvort sem það er nú svo, að þessa tvo heiðursmenn hafi langað til að standa uppi ráðlausir og tillögulausir í ráðlausum og tillögulausum flokki í stærstu málum þjóðarinnar eða ekki, þá er hitt þó víst, að þeir hafa valið sér auðveldara hlutskiptið með lystireisu um Ameríku og sólböð og sjóböð suður á Mallorca.

Enginn flokkur hefur nokkurn tíma sýnt annað eins ábyrgðarleysi og Sjálfstfl. í þessu máli.

Hv. stjórnarandstaða hefur gert sér tíðrætt um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til laganna um útflutningssjóð og vill halda því fram, að verkalýðshreyfingin sé löggjöfinni andvíg. Þetta er aðeins brot af sannleika.

Rétt er það, að allmörg stéttarfélög hafa sagt upp samningum, sum þeirra vafalaust til þess að ná fram nokkurri kauphækkun, en önnur þó aðallega til þess að fá fram ýmiss konar lagfæringar á orðalagi og samningsákvæðum, sem eðlilega þarf að laga í 3 ára gömlum samningum. Þetta út af fyrir sig sýnir því enga uppreisn verkalýðssamtakanna gegn þeim ráðstöfunum ríkisstj., sem hér er um að ræða.

Þá hafa hv. stjórnarandstæðingar verið að lesa upp nöfn þeirra stéttarfélaga, sem mótmælt hafi frv. um útflutningssjóð. Hafa þeir í því sambandi nafngreint 16 félög. Þetta sýnir raunar það eitt, að litlu verður Vöggur feginn, því að í Alþýðusambandi Íslands eru milli 160 og 170 félög. Hitt skil ég mætavel, að verkalýðsfélögin hefðu heldur kosið, að áfram hefði verið hægt að halda þeirri verðstöðvunarstefnu, sem upp var tekin sumarið 1956 og síðan verið fylgt með þeim árangri, að þrátt fyrir verulegar verðhækkanir vegna Súez-stríðsins hefur vísitala framfærslukostnaðar á seinustu 22 mánuðum aðeins hækkað um 6 vísitölustig eða rúmlega 3%. Þá hefur það og vakið vonir ýmissa um, að stöðvunarstefnan væri þegar búin að vinna sinn úrslitasigur, að síðan í sept. í fyrrahaust og til dagsins í dag, þ. e. á 8 mánuðum, hefur vísitalan aðeins hækkað um 1 stig, og má þannig heita, að hún hafi staðið í stað. Þetta er næsta ólíkt því, sem gerðist í stjórnartíð íhaldsins, þegar vísitalan hækkaði um 25 stig á einum 15 mánuðum.

Þrátt fyrir þessa staðreynd hafa málgögn stjórnarandstöðunnar sífellt klifað á því, að dýrtíðin væri alltaf að aukast. Til þess að sýna fram á, hversu rangt þetta er, skal ég nú aðeins nefna nokkrar tölur, sem sýna, hvernig verðlag ýmissa nauðsynjavara fór fremur lækkandi seinni hluta ársins 1957. Þannig kostaði 1 kg af strásykri 1. júní 1957 kr. 5.83, en 1. jan. s. l. kr. 4.76. Eitt kg af molasykri kostaði 1. júní 1957 kr. 7.58, en 1. jan. kr. 6.28. Brennt og malað kaffi kostaði fyrir ári kr. 46.40, en 1. jan. s. l. 42 kr. sléttar. Kolatonnið kostaði 1. júní s. l. 660 kr., en nú í ársbyrjun 570 kr. Hráolíulítrinn kostaði 1. júní 1957 kr. 1.07, en 1. jan. s. l. 79 aura. Og sementstonnið kostaði í ársbyrjun 1957 684 kr., en 1. jan. 1958 629 kr. Þannig mætti nefna miklu fleiri dæmi, en þetta verður tímans vegna að nægja.

En nú kunna menn að spyrja: Hvers vegna var þá ekki haldið áfram stöðvunarstefnunni? Því er fljótsvarað. Um það fékkst ekki samkomulag milli stjórnarflokkanna. Hins er heldur ekki að dyljast, að þó að slíkt samkomulag hefði fengizt, hefði með engu móti orðið hjá því komizt að útvega með einhverjum hætti þær 150—200 millj. kr., sem afla þurfti aðallega vegna aflabrests á seinasta ári í útflutningssjóð og ríkissjóð, til þess að þeir gætu staðið við lögbundnar skuldbindingar sínar. Og þess bið ég menn að minnast, að slíkt var auðvitað ekki hægt að gera, án þess að af því leiddi einhverjar verðhækkanir. Þegar svo var vitað, að nokkuð mörg verkalýðsfélög hugðust segja upp samningum sínum á þessu vori, mátti telja vonlítið um, að stöðvunarleiðinni yrði haldið áfram með árangri úr því.

Enginn getur því haldið því fram, að neinni leið, sem ekkert kostaði, hafi verið hafnað. Slík leið er auðvitað engin til. Ég sé líka mér til mikillar ánægju, að þetta er hreinlega játað í nál. þeirra sjálfstæðismanna, hv. 9. landsk., Ólafs Björnssonar, og hv. 2. þm. Reykv., Björns Ólafssonar. En þeir segja svo í nál. sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstæðismönnum hefur raunar lengi verið ljóst, að engin úrræði eru til til lausnar efnahagsvandamálunum, sem ekki hljóta að hafa í för með sér óþægindi og kjaraskerðingu í bili.“

Spurningin er því einfaldlega sú, hvort réttara hafi verið að fara gengislækkunarleiðina eða þá miðlunar- og samkomulagsleið, sem farin var. Við ráðherrar Alþb. höfnuðum gengislækkunarleiðinni algerlega, og voru þó vissulega uppi háværar kröfur um, að hún yrði farin. En hefði hún þá orðið verkalýð landsins hagkvæmari? Hefðum við þá fengið minni verðhækkanir? Hefðu lyf, námskostnaður og lífsnauðsynjar fólksins þá ef til vill hækkað minna í verði en við þá samkomulagsleið, sem farin var?

Nei, það er vitað, að til þess að veita framleiðsluatvinnuvegunum svipaða aðstoð og nú er gert með þessum aðgerðum hefði ekki dugað minna en upp undir 120% gengislækkun. Af henni hefði — að áliti hagfræðinga — leitt mjög mikla kjaraskerðingu launafólks, og vísitalan hefði a. m. k. hækkað fljótlega um 40 stig. Það er einnig upplýst, að þótt aðeins hefði verið farið í 87% gengislækkun og kaupi haldið óbreyttu að öðru leyti en því, sem það hefði hreyfzt eftir vísitölukerfinu, þá mundu samt hafa farið af stað víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, er að lokum hefðu hækkað hvort tveggja um nálega 65%, og þó er talið fyllilega sannanlegt, að ný gengislækkun mundi hafa reynzt óhjákvæmileg, löngu áður en þessar víxlhækkanir hefðu runnið sitt skeið á enda, og þannig koll af kolli.

Ég verð tímans vegna að sleppa því, sem ég vildi segja um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til þessara efnahagsmála og þeirra úrlausna, sem ríkisstj. hefur gripið til til lausnar þeim, en mun gera því máli skil í ræðutíma mínum á morgun.

Ég vil að lokum aðeins víkja að því, að þó að ég hafi talað um þær efnahagsmálaaðgerðir, sem gerðar hafa verið með frv. um útflutningssjóð, þá tel ég þó ótvírætt, að ákvörðunin um lausn landhelgismálsins sé okkar stærsta efnahagsmál í dag. Það er að mínu áliti mál málanna, grundvöllurinn, sem þjóðin mun byggja á í framtíð-

inni. Með ákvörðuninni um stækkun landhelginnar er Ísland orðið stærra land og betra land, og það eitt er víst, að við, ráðherrar Alþb., hefðum fórnað miklu, ef stjórnarsamstarfið hefði verið rofið á svokölluðum efnahagsmálum í þrengri merkingu, því að það er sannfæring mín, að þá væri landhelgismálið nú ekki leyst, heldur sennilega orðið að samningabitbeini milli þjóða.

Ég vil svo að gefnu tilefni að lokum spyrja hæstv. utanrrh. þess, hvort það hafi aldrei komið til mála að veita erlendum skipum veiðirétt innan íslenzkrar landhelgi, og mér þætti enn þá ánægjulegra, ef ráðherrann gæti upplýst það, t. d. í umr. á morgun, að slík undanþága útlendum veiðiskipum til handa skuli aldrei koma til mála.

Ég þakka svo þeim, sem hlýddu, og býð góða nótt.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 3. júní, var almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.) fram haldið.

Forseti (EmJ): Tekið er fyrir eina málið á dagskránni, almennar stjórnmálaumræður, framhaldsumræður, útvarpsumræður.

Þessar umræður í kvöld fara þannig fram, að þrjár umferðir verða. Sú fyrsta 20 mínútur á flokk, önnur 15 og þriðja 15.

Röð flokkanna er þannig, að fyrst tala fulltrúar Alþb., síðan Sjálfstfl., þá Alþfl. og loks Framsfl.

Ræðumenn af hálfu Alþb. verða Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósefsson. Af hálfu Sjálfstfl. Jón Pálmason, Ingólfur Jónsson og Gunnar Thoroddsen. Af hálfu Alþfl. Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal og Emil Jónsson. Af hálfu Framsfl. Eysteinn Jónsson og Karl Kristjánsson.

Hefst þá umræðan, og tekur fyrstur til máls af hálfu Alþb. hv. 2. landsk. þm., Karl Guðjónsson.

Karl Guðjónsson: Herra forseti, góðir áheyrendur. Í þeim eldhúsdagsumræðum, sem hér standa yfir, hefur mjög verið til þess reynt af andstæðingum ríkisstj. að telja stjórnina fjandsamlega verkalýðssamtökunum og vinnandi fólki yfirleitt. Þetta er raunar alger firra. Þótt skiptar séu skoðanir manna á hinum nýju lögum um útflutningssjóð, svo í verkalýðshreyfingunni sem annars staðar, þá fer það ekki á milli mála, að fjölmargir eru þeir þættir í lagasetningu á tímabili núverandi ríkisstj., sem settir hafa verið beint eftir óskum verkalýðssamtakanna eða þeim til hagræðis, og gegnir þar sannarlega öðru máli en um vinnubrögð þau og afstöðu alla í verkalýðsmálum, sem uppi var í tíð þeirra ríkisstj., sem íhaldið réð mestu í. Þá var það segin saga, að allt stjórnarkerfið sneri broddum að öllum óskum og tilmælum ættuðum frá samtökum hins vinnandi fólks. Það eitt, sem verkalýðshreyfingin fékk einhverja áheyrn með á þingi, voru þau atriði, sem hún hafði áður knúið fram í samningum við atvinnurekendur og þá jafnan eftir harða verkfallsbaráttu, en án slíkra átaka komust verkalýðssamtökin nær aldrei í kallfæri við stjórnarvöld landsins á velmektardögum þess sama íhalds, sem þykist svo mjög bera hag vinnustéttanna fyrir brjósti.

Þótt ekki verði hér rakin öll þau mál, sem sanna það, að núverandi stjórnarvöld líti öðrum og vinsamlegri augum á verkalýðssamtökin og þjóðfélagslegt gildi þeirra en fyrri stjórnir hafa gert, má samt nefna til nokkra slíka þætti. Skal þá fyrst talið, að með lögum var ákveðið á síðasta þingi að lengja orlof verkamanna úr tveimur í þrjár vikur, þ. e. að hækka orlofsgreiðslur samkvæmt orlofslögum úr 4% í 6% af kaupi. Með þessari ráðstöfun þrefaldaðist raunar orlofsréttur þeirra hlutarsjómanna, sem áður höfðu aðeins 2% orlofsrétt, en svo var um alla bátasjómenn ráðna eftir Faxaflóakjörum, því að með lögum þessum fengu allir hlutarsjómenn viðurkenndan fullan orlofsrétt eða 6% af hlutarupphæð.

Sá *álitlegi tryggingasjóður*, sem verkalýðsfélögin nú eiga, þar sem eru atvinnuleysistryggingarnar, var upphaflega aðeins að litlu leyti undir stjórn verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Að tilhlutan ríkisstj. hafa áhrif verkalýðshreyfingarinnar á stjórn atvinnuleysistryggingasjóðsins nú verið aukin, og verður það væntanlega verkalýðshreyfingunni mikils virði, þegar sjóðurinn tekur upp *almennari lánastarfsemi* en nú er. En það er líklegt að hann geri, eftir að hann hefur eignazt 100 millj. kr. í höfuðstól, en vonir standa til, að því marki verði náð á yfirstandandi ári.

Þess má raunar geta sérstaklega í sambandi við atvinnuleysistryggingarnar, að þær eru ávöxtur af stóra verkfallinu 1955, því hinu sama sem íhaldið hefur löngum kallað landráðastarfsemi. Nú er raunar viðurkennt af öllum, að starfsemi trygginga þessara sé einhver heilladrýgsti og skynsamlegasti almenni sparnaðurinn, sem í landinu tíðkast á þessum dögum.

Varðandi skattalögin hefur sjómönnum verið sýnd veruleg tilhliðrun frá skattgreiðslum, svo sem alkunnugt er, og nú hefur einnig verið samþykkt skattniðurfelling á lágtekjufólki. Hvort tveggja þetta horfir til stórra bóta. Get ég þó ekki skilizt svo við það mál, um leið og ég fagna því, sem vel hefur miðað í þessum efnum, að ég ekki lýsi óánægju minni með það, að enn liggur eftir að leiðrétta skatt þess fólks, sem við framleiðslustörfin í verstöðvum landsins leggur nótt með degi, helga sem rúmhelga daga, til að bjarga framleiðslunni frá skemmdum og vinnur í aflahrotum langt umfram óskir sínar. En frv., sem ég flutti um þetta efni ásamt Gunnari Jóhannssyni, hv. 6. landsk. þm., féll hér á þingi nú í síðasta mánuði fyrir sameiginlegri andstöðu allra flokka annarra en Alþb.

Um tvenn síðustu áramót hefur ríkisstj. beinlínis samið svo um rekstrargrundvöll útvegsins við útvegsmenn og fiskverkendur, að áskildar voru lágmarkskjarabætur fyrir sjómenn. Um áramótin 1956—57 var kjarabót þessi metin allt að 12%, en var nokkuð misjöfn eftir því, hvers konar kjarasamninga viðkomandi félög höfðu

áður við sína atvinnurekendur. Á svipaðan hátt varð árangur sjómannaráðstefnu Alþýðusambandsins á s. l. vetri og samningsgrundvöllur sá, sem þar var lagður, verulegur ávinningur fyrir alla fiskimannastéttina. Þar var lágmarkskauptrygging á vetrarvertíð t. d. stórlega hækkuð, og fiskverð til sjómanna hækkaði um 10 aura hvert kg. Þá voru á því þingi, sem nú er að ljúka störfum, samþykkt sérstök lög um réttindi tímakaupsmanna, og eru þau fram borin og samþykkt eftir sérstakri ósk Alþýðusambandsins. Í þeim felst það nýmæli, að tímakaupsmanni, sem vinnur að staðaldri hjá sama atvinnurekanda, verður ekki sagt upp fyrirvaralaust. Slíkum launþega er áskilinn mánaðar uppsagnarfrestur, og einnig er honum ákveðinn fullur launaréttur í sjúkdóms- og slysatilfellum allt að hálfum mánuði í hvert sinn.

Að lokum skal þess getið, að í gær voru samþykkt hér á Alþingi lög um lífeyrissjóð togarasjómanna. Ekki efa ég, að þau lög eru vísir að almennum lífeyrissjóði íslenzkra fiskimanna. Þau lög færa togarasjómönnum 4% beina kjarabót auk þeirrar tryggingar, sem í því felst að vera sjóðfélagi í slíkum sjóði. Lögin hafa líka þann kost að rýra í engu þann bótarétt almannatrygginganna hjá viðkomandi mönnum og máske það, sem bezt er, að ríkið kaupir gömlum togarasjómönnum bótarétt þegar í stað.

Þetta hið síðasttalda mál og raunar hvert um sig af þeim hinum, sem nefnd hafa verið, eru svo *mikilvæg og þess eðlis, að oftsinnis hefðu* hlotizt stórátök af því að koma þeim fram. Nú hafa þau unnizt með öðrum og friðsamlegri hætti. En það er engin ástæða til þess að vanmeta ávinning verkalýðshreyfingarinnar, þann sem fengizt hefur með framgangi þeirra, þótt ekki hafi átökin, sem til sigursins leiddu, verið verkfallsbarátta. Íhaldið hefði auðvitað stigið ofan á hvert einasta þessara mála, ef það hefði mátt eiga þess kost, þótt ekki hafi það beitt sér nema gegn sumum þeirra, þegar það sá sig ekki geta ráðið úrslitum þeirra hvort eð var. Eða hvenær hefur nokkur stjórn íhaldsins fært í lög nokkra þá hluti, sem sambærilegir gætu talizt við þá upptalningu mála, sem ég hef hér gert? Aldrei. Og af hverju ekki? Af því að eðli þess er ekki að vinna með verkalýðshreyfingunni, heldur á móti henni, og það gerir það líka ævinlega, þegar það ræður, þótt það bregði fyrir sig *fagurgala og samhyggjutón framan í launþega*samtökin, þegar það er komið í stjórnarandstöðu.

Í umr. hér í gærkvöld voru það efnahagsmál íslenzka þjóðarbúsins, sem flest orð féllu um. Þar er líka vissulega um mál að ræða, sem þörf er á að gefa fullan gaum. Ræða formanns Sjálfstfl., sem að formi til átti að mestu að snúast um þetta efni, var dálítið einstætt innlegg í málið. Uppistaðan var mikill og ferlegur bölsöngur um alla skatta, allar niðurgreiðslur og alla gengislækkun og afneitun Sjálfstfl. á öllu þessu. Þeir, sem horfðu á ræðumanninn hér í pontunni, gátu líka glöggt séð, að þessi ræða kostaði hann mikil átök og svitalæki, og það þarf heldur engan að undra, sem minnist þess, að enn eru ekki liðin full 2 ár, síðan formaður íhaldsins vék úr ríkisstj., þar sem hann hafði á hendi forustuhlutverk einmitt í því að koma fram löggjöf um allt það, sem hann fordæmir nú með miklum belgingi, — belgingi, sem aðeins er notaður þar, sem rök þrýtur. Í stjórnartíð Ólafs Thors fór þjóðin sannarlega ekki á mis við skattahækkanir, niðurgreiðslur eða gengislækkanir. Ívaf ræðunnar voru hreinar og ómengaðar furðusögur þvert ofan í allar staðreyndir, eins og t. d. sagan um það, að ráðherrar Alþb. hefðu svarið að verja hérvist hins erlenda hers. Og þá má teljast þröngt í búi um hin betri málefni hjá hinum stærsta stjórnmálaflokki á Íslandi, þegar svo fráleitar fullyrðingar gegn betri vitund ræðumanns jafnt sem allra manna vitorði þykja frambærilegar sem rök Sjálfstfl. í almennum stjórnmálaumræðum á Alþingi í áheyrn alþjóðar.

Eitt og raunar aðeins eitt í ræðu formanns Sjálfstfl. vil ég taka undir, og það er það atriði, sem hann sagði af nokkurri hógværð, að aukin útflutningsframleiðsla væri bezta efnahagsúrræðið. Það hefði verið mikil gæfa fyrir íslenzku þjóðina, ef hv. þm. G-K. hefði verið búinn að uppgötva þetta, meðan hann enn var ráðherra útvegsmálanna. Þá hefði hann ekki trassað það í 8 ár að gera ráðstafanir til þess að viðhalda togaraflotanum. Þá hefði hann reynt að afstýra því, sem var einkenni á útvegsmálastjórn hans, að fiskiflotinn lá oftast bundinn svo sem einn mánuð í upphafi hvers árs, af því að þjóðfélagið hafði ekki eftirlátið atvinnugrein þessari neinn rekstrargrundvöll og illmögulegt reyndist oft fyrir samtök útvegsmanna að ná tali af ráðherranum um útvegsmálin.

Það hefði ekki heldur til þess komið, að togarar, sem ríkisvaldið hafði ráðstöfunarrétt á, lægju svo að árum skipti ónotaðir í argasta reiðuleysi, meðan ráðuneytið hugsaði sig um, hverjum umsækjanda skyldi gert skipið falt, ef formaður Sjálfstfl., sem lét þetta ske hvað eftir annað í stjórnartíð sinni, hefði þá verið búinn að uppgötva það, sem hann nú sagði og ég vil taka undir, að aukin útflutningsframleiðsla sé bezta efnahagsúrræðið. Ef þm. G-K. hefði uppgötvað þessi sannindi fyrr og hagað sér í samræmi við þau, er ekkert líklegra en hin svonefndu bjargráð, sem hann átelur óvægilega, hefðu verið alls óþörf. En þar með ber honum líka að viðurkenna, að þeir, sem undan þeim kvarta sérstaklega, eiga ekki síður sökótt við seinþroska fyrrverandi sjútvmrh., Ólafs Thors, en núverandi ríkisstj.

Tillöguleysi Sjálfstfl. í efnahagsmálunum er löngu frægt orðið að endemum. Sami flokkurinn sem taldi það óalandi og óferjandi, meðan hann fór með stjórn, að stjórnarandstöðuflokkar komu ekki fram með till. í slíkum málum, svo sem hent mun hafa einhverja stjórnarandstöðuflokka við afgreiðslu „Ólafs-bjargráðanna“ í ársbyrjun 1956, bjargráðanna frægu, sem ekki entust í ársfjórðung, — hann stendur nú sjálfur tillögu- og úrræðalaus eða a. m. k. ekki með burðugri till. en svo, að hann kýs heldur að geyma þær á sínum kistubotni en að sýna alþjóð svipmótið á þeim, og það kann vel að vera,

að þetta sé þrátt fyrir allt hyggilegast, þótt ekki sé það hetjulegt.

Það er því alveg ljóst, að til þess að fá raunhæfa mynd af efnahagsástandi íslenzku þjóðarinnar, veilum þess og möguleikum, er harla lítinn fróðleik að sækja í belgingsræður Sjálfstæðismanna. Þær eru líka til annars ætlaðar en útskýringa á málum.

Lengst fram eftir öldum varð íslenzka þjóðin að búa við illan kost. Hér beindist barátta hversdagsins ekki að því að koma upp þægilegu húsi, stórri hlöðu eða vönduðum fiskibát fram til okkar aldar og fram eftir henni, heldur einfaldlega að því einu að bægja sultinum, horfelli fólks og fénaðar, frá dyrum dag frá degi. Það er skiljanlegt, að þjóð, sem skyndilega fær upp í hendur allt aðra og betri möguleika en hún eygði um aldir, eigi í nokkrum erfiðleikum með að skynja sín takmörk, svo nauðsynlegt sem það þó er.

Það er óneitanlega mikill ljómi og glæsileiki yfir byggingarstarfsemi okkar, rafvæðingunni og fjölmörgum öðrum framkvæmdum síðari ára, þegar litið er á framkvæmdirnar sjálfar einar saman. En glæsileikinn er því miður ekki eins sindrandi og ljóminn ekki eins skær, ef litið er á öll fylgiskjöl málsins. Það er sem sagt staðreynd, að alltaf síðan stríðinu lauk höfum við eytt meira fé en árlegar tekjur þjóðarinnar hrukku fyrir. Fyrst eyddum við innstæðum þeim, sem okkur sköpuðust erlendis á stríðsárunum, þegar viðskiptaþjóðir okkar gátu ekki látið okkur í té nema hluta af því vörumagni, sem við nú teljum sjálfsagt að verða okkur úti um erlendis frá. Verulegum hluta af innstæðunum vörðum við til hinna nytsömustu hluta, svo sem endurnýjunar togaraflotans, og er sú ráðstöfun eitt helzta bjargræði þjóðarinnar í dag. Ólafur Thors hefur sem sagt ekki alltaf verið eins slæmur ráðherra og hann reyndist, eftir að nýsköpunarstjórnin féll. En hann þarf góðra manna handleiðslu, og hana vantar hann. En stórum hluta innstæðnanna var eytt, án þess að það undirbyggði blómlegan efnahag svo sem skyldi. Þegar innstæðurnar þrutu, fóru okkur að berast erlendar gjafir, og stóð svo um nokkurra ára skeið. Þá var m. a. Hæringur keyptur. *Og þeim fjármunum* var öllum eytt auk tilfallandi þjóðartekna, og að loknu tímabili Marshallgjafanna var enn ekki hægt að eyða meiru en tekjur hrukku fyrir, og var nú tekið að safna erlendum skuldum.

Stundum er auðvitað hagkvæmt að taka lán, og sumt af þeim lánum, sem tekin hafa verið, mun koma þjóðinni í góðar þarfir, áður en langt um líður, í auknum framleiðslumöguleikum. En það er alveg tilgangslaust að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að nú á annan tug ára hefur eyðsla Íslendinga alltaf verið meiri en tekjur þjóðarinnar hrukku fyrir, og þessi staðreynd er sú blika á himni íslenzks efnahagslífs, sem öðru hverju hefur viðrað illa úr, og það getur enginn verið óhultur fyrir hretum hennar, meðan hún ekki hverfur.

En með hverjum hætti getur þá breyting orðið hér á? Það er aðeins um tvo möguleika að ræða: Útflutningsframleiðslan verður að aukast eða innflutningurinn að minnka, nema hvort tveggja komi til. Litum á síðari möguleikann, minnkaðan innflutning. Talið er, að innflutningurinn *skiptist nokkurn veginn* til þriðjunga í neyzluvörur, rekstrarvörur og fjárfestingarvörur. Samdráttur í neyzluvöruinnflutningi er tæpast hugsanlegur að neinu ráði, nema hann hafi í för með sér einhverja lífskjaraskerðingu, og því er hann mjög óæskilegur. Minnkandi rekstrarvöruinnflutningur er aðeins hugsanlegur án þess að valda framleiðslutapi með því t. d., að stuðlað sé að betri nýtingu véla og að innlendir möguleikar séu frekar notaðir, þegar því verður við komið, en kaup séu gerð erlendis, t. d. þegar valið er á milli fóðurbætiskaupa og öflunar innlends fóðurs, en að þessu er rekstrarvöruálaginu, sem ákveðið er í lögunum um útflutningssjóð, ætlað að miða. Þó er vart hægt að binda stórar vonir við, að þarna verði um mikinn gjaldeyrissparnað að ræða.

Um fjárfestingarvörurnar má segja, að þar sé hugsanlegt að létta eitthvað á, því að bæði er, að vafasamt má *teljast*, að jafnörar fjárfestingarframkvæmdir og verið hafa séu framkvæmanlegar á næstu árum, og eins hitt, að um þessar mundir er hér að taka til starfa innanlands sementsverksmiðja, sem létta mun nokkuð á byggingarvöruinnflutningnum.

Á hinn bóginn á það við um alla þessa liði, að Íslendingum fer ört fjölgandi, og er það eðlilegt, að þarfir aukist til innflutningsins sem því svarar.

Það horfir því ekki til þeirrar áttar, að góður kostur geti talizt að minnka innflutning til muna á næstu árum. Eini eðlilegi og tiltækilegi kosturinn er því að auka framleiðsluna stórlega, og á meðan það ekki tekst, er allt okkar efnahagskerfi ótryggt og lífskjaraskerðing yfirvofandi. Það er auðvitað hæg leið, sem ýmsir andstæðingar ríkisstj. hafa valið sér, að hafa í tíma og ótíma þau ummæli uppi um allar verðbreytingar, hvernig sem þær annars kunna að vera ættaðar, að hækkunin sé gjöf frá ríkisstj. En þetta er mikill siður, sérstaklega kaupsýslulýðsins hér í höfuðstaðnum, þess sem íhaldinu fylgir að málum. Mættu slíkir þó vel hafa í hyggju, að verðbólgan stafar af því, að of fáir framleiða útflutningsvörur, en of margir hafa valið sér hitt hlutskiptið, að reyna að hagnast á að reyna að selja fólki varning, keyptan fyrir þann gjaldeyri, sem aðrir framleiddu.

Í ársbyrjun 1957 var útflutningssjóði komið á fót með lagasetningu. Þá var reynt að forða framleiðsluatvinnuvegunum frá þeirri algeru stöðvun, sem þröngsýni og sérgæzka íhaldsforkólfanna í fyrri ríkisstj. hafði leitt þá í. Þrátt fyrir allmikla tekjuþörf var þá farin leið, sem verkaði aðeins að litlu leyti á hið almenna verðlag í landinu, svonefnd verðstöðvunarleið. Íhaldið spyrnti gegn þeim ráðstöfunum, taldi þeim *allt til foráttu* og gerði *enga till.* þá fremur en nú frá eigin brjósti. Það viðurkenndi tekjuþörfina, en hafði enga till. uppi um tekjuöflun. Það valdi sér það eitt hlutskipti þá sem og nú að hrópa vammir og skammir að andstæðingum sínum af fullkomnu ábyrgðarleysi. Síðan kom á daginn, að áhrif þeirra aðgerða á verð-

lagið í landinu voru öllu minni en íhaldið hafði viljað vera láta. En íhaldið var ákveðið í því að láta ekki sinn hlut eftir liggja í því að skapa það öngþveiti, sem það óskaði eftir. Því tókst t. d. með áhrifum sínum í stéttasamtökum hátekjumanna að stöðva allar samgöngur íslenzkra farartækja við útlönd um alllangt skeið. Auk þessa fékk íhaldið alvarlegan aflabrest að bandamanni veturinn 1957.

Truflunarstarfsemi íhaldsins og aflatregðan urðu svo til þess, að skarð var fyrir skildi og tekjur ríkissjóðs og útflutningssjóðs reyndust ónógar, og því skapaðist enn þörf fyrir nýja tekjuöflun. Ný lög fyrir útflutningssjóð hafa verið afgreidd hér á þingi, svo sem alkunnugt er. Sú lagasetning er að sjálfsögðu hreint ekki yfir gagnrýni hafin. Mun ég þó ekki rekja það mál í einstökum liðum, svo mikið sem þegar hefur verið um það sagt í þessum umræðum. Það er þó vert að undirstrika, að sú leið, sem þar er farin, er samkomulagsleið þeirra aðila, sem annars vegar töldu, að halda ætti áfram eftir stöðvunarleið, svo sem Alþb. gerði, og hinna, sem töldu gengisbreytingu réttari leið.

Þótt íhaldið verjist þess nú sem fyrr að sýna, hverjar till. þess eru, af því að það treystir ekki á lýðhylli sinna tillagna, þá er það á flestra vitorði, að íhaldið aðhyllist gengisfellingu, sem mundi nema eitthvað á annað hundrað prósent verðhækkun á erlendum gjaldeyri. Hin nýju lög um útflutningssjóð verka óumdeilanlega til allmikillar verðhækkunar. En þegar blaðakostur íhaldsins vandlætist af því tilefni, að þessi eða hin vörutegundin hækki um svo og svo mörg prósent, þá væri ekki alls ófróðlegt fyrir lesendurna að hugsa sér íhaldsráðin til samanburðar, ráðin, sem sá stóri og gunnreifi flokkur þorði ekki að sýna. En að því er almennar vörur varðar yrðu íhaldsráðstafanirnar í öllum tilfellum margfalt alvarlegri verðhækkanir.

Þótt vandlæting íhaldsins vegna verðhækkana þeirra, sem fyrir dyrum standa, sé yfirdrepsskapur og hræsnin ein saman, er raunar ekki þar með sagt, að ráðstafanir þessar séu góðar og æskilegar, öðru nær. Ekki getur heldur talizt, að þær séu nein endanleg lausn vandamálsins. Eins og þegar hefur verið bent á, verður engin viðhlítandi lausn fengin á okkar efnahagsvandamálum önnur en framleiðsluaukning. En af þessu leiðir, að þegar halda skal dómþing yfir ríkisstj. og meta frammistöðu hennar í efnahagsmálum, þá ber öllu öðru fremur að meta hana eftir því, hvort hún hefur stuðlað að aukinni útflutningsframleiðslu eða ekki.

Þótt mér finnist, að núverandi ríkisstj. hefði mátt sýna meiri röggsemi og viðbragðsflýti í því að hrinda í framkvæmd smíði á þeim stóru togurum, sem hún undirbýr, þá ber að viðurkenna og meta að verðleikum framkvæmdir hennar í útvegun annarra fiskiskipa. Þess mun nú t. d. skammt að bíða, að til landsins taki að sigla 250 lesta fiskibátar, 12 talsins, og þeir eiga vafalaust eftir að færa björg í bú. Rekstur fiskiskipaflotans hefur stjórnin undirbyggt svo vel, að til engra framleiðslustöðvana hefur komið í hennar tíð. Og öllum ber saman um, að útgerðarrekstur hafi ekki um langt skeið verið eins blómlegur og nú, enda þátttakan í útgerð sívaxandi og meiri nú en nokkru sinni áður, öfugt við það, sem raun var á í tíð fyrrverandi stjórnar, þegar öll útgerð koðnaði og dróst saman og arðsvon var nær eingöngu bundin við verzlun, helzt brask og spákaupmennsku, sem raunar eru leiðarstjörnuhugsjónir Sjálfstfl., svo að ekki var nema eðlilegt, þó að að þeim væri hlúð.

Þótt stöðugt verðlag sé óneitanlega ákjósanlegra en tíðar verðhækkanir, hvort heldur á kornvöru, kaffi, bifreiðum eða benzíni, þá er þó ekkert af þessu eins alvarlegur hlutur að horfast í augu við og sú aflarýrnun, sem greinilega hefur orðið á fiskimiðum okkar á undanförnum árum. Minnkandi fiskafli er ískyggilegasta efnahagsfyrirbærið, sem við eigum nú við að etja. Heildaraflamagn okkar hin síðustu ár hefur að mestu staðið í stað þrátt fyrir aukna veiðarfæranotkun, lengdan vinnudag bátasjómanna, fullkomnari veiðitækni og sókn á fjarlægari mið en áður. Þetta þýðir, að afli á hvert línubjóð eða í hvert net fer minnkandi. Það er von til, að síðasta vertíð sé hér undantekning, en ekki er það að fullu vitað enn þá. En ekki breytir það heildarsvip málsins.

Svo sem oft hefur lýst verið, þá er sjávaraflinn okkar eini stóri gjaldeyrisstofn, og á honum verða lífskjör okkar að langmestu leyti að byggjast. Ef við ættum einskis annars kost en að horfa á ofveiðina yrja mið okkar upp og aflamagnið minnka, svo sem líkast er að verða mundi, ef ekki væri að gert, þá væri allt annað en bjart að líta til framtíðarinnar. En sem betur fer, er hér góður möguleiki eftir. Þótt okkar útgerð hafi vaxið á síðustu árum, erum við Íslendingar enn ekki orðnir hálfdrættingar við aðrar þjóðir á okkar miðum. Íslandsmið eru sem sagt ekki nema að litlu leyti viðurkennd séreign okkar þjóðar, enda eru þau sótt og nytjuð af erlendum aðilum meira en af okkur sjálfum. Fullvíst má því telja, að miklir möguleikar skapist til að binda endi á ofveiðina með því, að við tökum okkur einkarétt til að veiða á stærra svæði á miðum okkar en við nú höfum. Það er þess vegna grundvöllur allra efnahagsmála á okkar landi, að íslenzk fiskveiðilandhelgi verði stækkuð. Ákvörðun um stækkun landhelginnar í 12 mílur, undanþágulaust að því er erlend skip varðar, er því langsamlega mikilvægasta efnahagsráðstöfunin, sem þessi ríkisstj. hefur gert. Sumar erlendar þjóðir hafa látið í það skína, að þær muni ekki láta okkur haldast það uppi að framkvæma hina ákveðnu landhelgisstækkun, nema þær fái ákveðin réttindi innan hennar. Við höfum fyrr heyrt slíka hótun, og við höfum staðið af okkur viðskiptastyrjöld við Breta vegna landhelgismálsins áður. Þeir gátu þá ekki bakað okkur teljandi tjón, og þeir standa í engu betur að vígi nú, ef íslenzka þjóðin er sameinuð í að sækja rétt sinn. Hitt er annað mál, að illu heilli er þjóð okkar flækt í bandalag hernaðarþjóða, Atlantshafsbandalagið. Þar höfum við stofnað til samstöðu með þeim þjóðum, sem minnstan skilning virðast hafa á gildi fiskveiða okkar eða almennum efnahagsþörfum. Máske er það

tillitssemi við slíka aðila, sem felst í flutningi þeirrar yfirlýsingar, sem formaður Sjálfstfl. gaf hér í umræðunum í gær, að hann vildi enga aðild eiga að landhelgismálinu. Og e. t. v. eru vifilengjur hæstv. utanrrh. í ræðu hér í gær um, að tíminn til viðræðna við Atlantshafsbandalagið hefði verið of naumur og að samkomulagið um málið hér heima sé kannske ekki endanlegt, af sömu rótum runnar. Það er því rétt að spyrja báða þessa aðila um það, hvort þeir séu enn að hugleiða það sem möguleika að leyfa erlendum skipum einhvern veiðirétt í okkar landhelgi. Ef svo er ekki, þá ættu þeir að afneita þeirri hugmynd hér í alþjóðar áheyrn, því að ella sleppa þeir alls ekki við það, að á þá falli slíkur grunur.

Það kann vel að vera, að um stund geti hróp-andi stjórnmálaforingjar fengið til liðs við sig eitthvert fólk með ábyrgðarlausum sleggjudóm-um um lögin um útflutningssjóð. En ef Sjálf-stfl. eða aðrir halda, að hugi landsmanna megi vinna með því að hlaupast frá skyldunni við íslenzku þjóðina, en láta í þess stað að óskum erlendra yfirgangsmanna, eins og nú hafa verið sýndir nokkrir tilburðir til í sambandi við land-helgismálið, hið eina stóra efnahagsmál Íslands, þá skjátlast þeim. Í því máli mun þjóðin ekki láta neina erlenda ásælni, hverjum búningi sem hún kann að verða klædd, villa sér sýn, heldur standa sem fastast saman um framgang þess máls með festu og öryggi, en vísa hverjum þeim, sem metur aðra hluti meira en hagsmuni Ís-lands, á bug sem vargi í véum. Og það munu allir þjóðhollir Íslendingar sjá, að sá, sem ekki ann þjóðinni þeirrar einnar lífsbjargar, sem hún á tiltæka, aflans af Íslandsmiðum, hann er enginn hollvinur þjóðarinnar í öðrum bjarg-ráðum heldur.

Jón Pálmason: Herra forseti, háttvirtu áheyr-endur. Þegar þeir bandalagsflokkar, sem nú stjórna landi voru, tóku að fullu höndum sam-an 1956, þá var ekki við góðu að búast. Þeir hafa með starfi sínu á löngum tíma unnið að því beint og óbeint og nokkuð hver með sín-um hætti að gera allan frjálsan atvinnurekstur til sjávar og sveita óstarfhæfan. Þetta hefur gerzt með því að hækka svo útgjöld fram-leiðslunnar, að eðlilegar tekjur fengju eigi undir risið. Áður en þessir menn tóku nú við að fullu, var svo komið fyrir þeirra tilverknað, að aðal-atvinnuvegir landsins gátu eigi gengið nema með miklum uppbótum frá ríkinu. Var þó áður búið vegna áhrifa sömu flokka að fella gengi ís-lenzku krónunnar tvisvar sinnum með tíu ára millibili.

Það vita allir, að gengisfall peninga er eitt hið mesta neyðarbragð, sem hægt er að grípa til. En það er auðséð, að núverandi stjórnar-herrar ætla eigi að láta þriðja tíu ára tímabilið renna svo til enda, að eigi skelli yfir þriðja og stærsta gengisfallið. Nú lofuðu þeir að koma öllu í gott horf með varanlegum ráðum og töldu það auðvelt verk. Meiri hluti þjóðarinnar var svo auðtrúa að taka þau loforð góð og gild. En það hefur sannazt, sem búast mátti við, að öll slík loforð hafa orðið að engu, og ekki nóg með það. Allt, er miður fór áður, hefur nú versnað svo gífurlega, síðan þessir tóku við, að ekkert þvílíkt hefur áður þekkzt.

Fjárl. fyrir árið 1956 voru samþ. í tíð fyrrv. ríkisstj. Útgjöld þeirra á sjóðsyfirliti voru áætluð 661 millj. kr. Við það bættust svo út-gjöld framleiðslusjóðs, sem ákveðin voru í febr. 1956 og áætluð 152 millj. Alls er þetta 813 millj. kr. og þótti mörgum gífurlega hátt. Stóð held-ur eigi á hrópum og átölum stjórnarandstæðinga um óhóf og eyðslu, vitlausa skatta o. s. frv. Í hópi þeirra urðu líka brátt framsóknarmenn, sem hlupu nú til andstæðinganna til að skamma sína eigin ríkisstj. Stóð sjálfur fjmrh. Eysteinn Jónsson þar fremstur í flokki, svo sem kunnugt er og þykir eitt hið mesta endemi, sem sögur fara af. Allt átti nú að vera sjálfstæðismanna sök. Allur þessi gauragangur mun hafa haft mikil áhrif í kosningunum 1956 og átt þátt í því að koma núverandi ríkisstj. að völdum. Það er því rík ástæða til að athuga einmitt það, sem opinberlega hefur gerzt á fjármálasviðinu eftir öll gylliloforð þessarar ríkisstj.

Fjárlög fyrir árið 1957 voru samþ. með 811 millj. kr. útgjaldaáætlun. Framleiðslusjóður var nú skírður upp og heitir síðan útflutningssjóð-ur. Tekjur hans voru áætlaðar fyrir árið 1957 540 millj. kr. Af þeim átti 1/5 að ganga í ríkissjóð, eftir voru til útgjalda 432 millj. og gjöldin samtals áætluð fyrir þetta ár 1243 millj. kr. Hækkunin á fyrsta ári vinstri stjórnarinnar var því hvorki meira né minna en 430 millj., þ. e. 52.8%. Var það vel að verið á fyrsta stjórnar-ári. Fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru samþ. hálfköruð fyrir síðustu jól með áætluðum út-gjöldum upp á 807 millj. kr., en útflutnings-sjóðinn hefur stjórnarliðið verið að afgreiða með hinum dæmalausu lögum, sem búið er að lýsa. Sjútv.- og viðskmrh. áætlaði tekjur hans 1155 millj. kr., og er það sama sem álögð gjöld hans vegna. Auk þess fylgir það, að sölu-skattur og verðtollur er lagður á öll yfirfærslu-gjöldin, og nemur sú upphæð, miðað við svip-aðan innflutning, 144 millj. kr. Sú upphæð á að renna beint í ríkissjóð til að mæta auknum kostnaði hans af lögunum og í aðra eyðslu.

Þá er útgjaldaupphæðin komin samtals í 2106 millj. kr. Hækkun á tveimur árum sam-kvæmt áætlunum 1293 millj. og allt miðað við svipaðan innflutning. Þetta þýðir hækkun á tveim árum um 159%. Eftir er svo að reikna út, hvað öll verðhækkunin hleður utan á sig í viðskiptalífinu. Öllu þessu til viðbótar er svo hinn alkunni stóreignaskattur, sem talið er að verði 135 millj. kr. Ekkert af honum er enn komið inn í áætlunina. Ofan á allt annað er nú búið að ákveða gífurlega hækkun á hinum al-menna eignarskatti þvert ofan í gefin loforð.

Í þessum upplýsingum, sem ég hef hér nefnt, eru aðaldrættirnir í áhrifum stjórnarinnar. Þar sér fólkið nokkuð afleiðingar þess að koma þessari stjórn til valda. Munu margir hugsa á þá leið: Hvernig geta þessi ósköp skeð? Gat nokkrum manni dottið það í hug, að útgjöld ríkisins yrðu miklu meira en tvöfölduð á tveim-ur árum? Í þessu sést, hvað við var átt, þegar 400 manna flokksþing framsóknarmanna var

fengið til þess í marz 1956 að samþykkja það, að ómögulegt væri að stjórna efnahagsmálum með sjálfstæðismönnum. Mennirnir vissu sem var, að út í svona glæframennsku væri aldrei hægt að leiða Sjálfstfl.

Því er ekki að leyna, að mér hefur lengi ofboðið eyðsla ríkisins og stofnana þess, og svo er um fleiri menn. En þegar þessi stjórn tók við árið 1956, var þó eins og stífla væri tekin úr á. Eyðslan óx með ofsalegum hraða, eins og áætlunartölurnar sanna.

Hver er svo stefnan? Þegar stjórnin tók við og Hannibal ráðh. gaf út bráðabirgðalög um stöðvun kaupgjalds og verðlags, þá gerðu margir sér von um, að stjórnin ætlaði að gefast betur en búizt var við. En þetta stóð aðeins í 4 mánuði. Þá var aftur snúið við með ofsalegum tollahækkunum, og núna tekur svo dýrtíðarskrúfustefna Eysteins fjmrh. hið stærsta stökk, sem sögur fara af. Hinir ráðh. þvælast með, sumir sýnilega óánægðir, en aðrir ánægðir í sinu ráðleysi. Með öllu þessu þykist svo ríkisstj. vera að bjarga framleiðslunni, þ. e. sjávarútvegi og landbúnaði, sem vissulega þurfa hjálpar við. En af hverju? Við vitum, hvað er að þeim. Það er fyrst og fremst of mikill rekstrarkostnaður, of miklir skattar, of hátt kaupgjald, of hátt vöruverð. Allt þetta til samans myndar þann óhóflega rekstrarkostnað, sem er að sliga framleiðsluna. Vísitöluskrúfan hefur svo verið látin sjá fyrir því, að allt þetta hefur skrúfað hvað annað upp á víxl, og nú er það snjallræði ríkisstj. að hækka svo ofsalega sem lýst hefur verið skattana, tollana og vöruverðið. Í leiðinni á svo að lögbjóða almenna launahækkun upp á 50 millj. kr. eftir áætlun.

Það eina ráð, sem ekki má nefna, er sparnaður og samdráttur í útgjöldum. Að draga úr þenslunni er þó það, sem hyggnir menn telja nauðsynlegra en annað, en það má ekki nefna. Allt skal hækka: Meiri þensla, meiri dýrtíð, hærri skattar, hærri laun og einkum hærra vöruverð. Það er nú sem fyrr aðferð fjmrh. Það vantar heldur ekki í þetta eitt höfuðeinkenni hans stefnu: Bráðabirgðaráðstafanir eiga það að vera. Orðið er þaulkunnugt á Alþ. og aldrei að góðu. Annað meira eigum við að fá á næsta þingi og svo koll af kolli, þar til allar eignir einstaklinganna verða teknar í hina botnlausu ríkishít. Það er rússneska sælan.

Með núverandi ráðstöfunum mun aðstaða okkar bænda gerð verri en nokkru sinni fyrr, síðan vinstri stjórnin gamla, hallærisstjórnin, var við lýði. Fjmrh. sagði við 1. umr. málsins í Nd. Alþ., að af því, hvað orðið væri dýrt að heyja, þá væri mjög óráðlegt, að bændur fengju fóðurbæti og vélar svo ódýrt sem verið hefur. Hann telur sýnilega óráðlegt, að bændur séu að kaupa slíkan óþarfa sem fóðurbæti og vélar. Það getur valdið offramleiðslu, svo sem stjórnarherrarnir tala mikið um. Þess vegna er hver dráttarvél hækkuð um 15—16 þús. kr. og önnur verkfæri og varahlutir í samræmi við það. Hvert tonn af fóðurbæti hækkar um 1—2 þús. kr. a. m. k. og ekki einasta það útlenda, heldur líka innlent fóðurmjöl, svo sem síldarmjöl og fiskimjöl, af því að verðið hækkar til útflutnings. Hver áburðarpoki af algengasta innfluttum áburði hækkar um nærri 90 kr. Byggingarefni hækkar um 30% og hver benzínlítri um 80 aura frá því, sem nú gæti verið. Bændum sem öðrum atvinnurekendum er svo gert það hagræði að lögbjóða 5—7% allsherjar grunnlaunahækkun. Svo á að sletta í þá bændur, sem framleiða sölumjólk, 5% hækkun á mjólkurverði frá 1. júní. Aðrir bændur eiga ekkert að fá fyrr en 15. sept., og þá er trúlegast eftir fenginni reynslu, að framsóknarmennirnir, sem ráða því félagi, sem kallast Stéttarsamband bænda, ákveði að hækka verðgrundvöll um 1.8% eða eitthvað þvílíkt vegna allra hinna gífurlegu hækkana á útgjöldum. Í þessu félagi þykir nægilegt að fá samþykki þriggja manna fyrir alla bændastéttina. Er líka kunnugt, að þá sjaldan sem fulltrúafundir eru þar, þá er séð um að taka ákvarðanir um það, er helzt skiptir máli, áður en fundirnir hefjast, svo sem átti sér þar stað á síðasta hausti.

Það er alkunnugt, að þegar launastéttir gera kröfur, þá er aldrei minnzt á minna en 5—10% launahækkun ofan á allt hitt. En þegar bændur eiga í hlut, þá kemur annað hljóð í strokkinn. Þá er hámarkið 1.8%. Þeim er talið allt boðlegt.

En það er fleira, sem bændur og aðrir landsmenn fá í nasirnar með hinum nýju stjórnarlögum. Vega- og brúagerðir eru það, sem margir sveitamenn þrá meira en annað, en það er næstum hið eina, sem núverandi stjórn leggur kapp á að spara. Fjmrh. lagði til að láta 12 millj. kr. í alla þjóðvegi landsins á þessu ári. Það er álíka upphæð og rekstrargjöld ríkisútvarpsins og heldur lægra en ríkisstj. með sínu stjórnarráði kostar. Þetta var nú hækkað í meðferð Alþingis um tæpar 4 millj. kr., en hin nýju lög lækka þetta aftur í framkvæmdinni um 10—12%. Brúargerðir, raforkuframkvæmdir og hafnarbætur lækka vegna laganna miklu meira vegna efniskaupa.

Þá er meðferðin á sveitar- og bæjarfélögunum alveg hroðaleg. Nú er áformað að innheimta í ríkissjóð og útflutningssjóð á 14. þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu, miðað við eitt ár. Við bæjar- og sveitarfélögin er með því sagt: Þið megið hirða rökin í allar ykkar þarfir. — Nú er það kunnugt, að flestar hinar miklu þarfir sveitarfélaganna eru lögbundnar. Þær eru stórhækkaðar með nýju lögunum. Áður voru mörg sveitarfélög að sligast undir byrðunum, — en hvað mun hér eftir?

Þegar þetta allt er athugað, þá er ömurlegt til þess að hugsa, að nokkrir bændur eða sveitamenn skuli hafa orðið til þess að koma vinstri stjórninni að. E. t. v. læra þeir af reynslunni, og er þá vel. En verði það ekki, væri næst að ætla, að þeir hefðu það lundarfar að láta sér bezt líka að vera barðir til hlýðni. Hvað sem um það er, þá veit ég þó hitt, að sveitakonurnar muna lengur en til morguns þann kinnhest, sem stjórnarliðar hafa veitt þeim með sínum nýju skattalögum. Það er út af fyrir sig gott, að þær kaupstaðarkonur, sem vinna fyrir launum, fái skattaívilnanir. Það er réttmætt, ef því fylgdi það eðlilega réttlæti, að þær konur til

sveita og við sjó, sem helga heimilunum alla sína krafta, fái að njóta sama réttar, en það máttu stjórnarliðar á Alþingi ekki heyra nefnt. Og varðandi sveitakonurnar er það í góðu samræmi við þá reglu í verðlagi afurða að meta að engu vinnu húsfreyjanna, rétt eins og þær snerti aldrei á öðrum handarvikum en annast börnin og matreiða handa fjölskyldunni. Við, sem erum í sveitunum og þekkjum þar alla örðugleika, vitum, að þessu er mjög á annan veg háttað. En ranglæti núverandi stjórnarliða gagnvart sveitakonum ríður ekki við einteyming, enda munu einhverjar þeirra muna kinnhestinn, þegar tækifæri gefast.

Ég hef hér lítinn tíma til að svara ræðum, stjórnarliða þeirra, er hér töluðu í gærkvöld. Örfá atriði vil ég þó minnast á.

Þm. Dal. flutti hér ræðu um framfarir og framleiðsluaukningu landbúnaðarins á undanförnum árum. Hefði sú ræða verið ágæt fyrir hálfu öðru ári, því að hún var rétt lýsing þeirra framfara, sem urðu í sveitunum á því langa tímabili, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn stjórnuðu landinu sameiginlega. En það vantaði í ræðuna að lýsa því, að það eru einmitt þessar framfarir, sem núverandi ríkisstj. er að stöðva með öllum sínum öfgum.

Forsrh. hélt hér að vonum langa ræðu og kom víða við. Því miður var ræða hans mjög í mótsögn við sjálfa sig og einkum við það, sem ríkisstj. er og hefur verið að gera. Ráðh. sagði, að vísitöluskrúfan væri eins og sjálfhreyfivél, er skapaði þá svikamyllu, sem enginn réði við og ekki væri til í nokkru öðru landi en Íslandi. Þetta er rétt og hið sama sem ég hef haldið fram í 18 ár. Þá lýsti ráðh. þeim háska, sem stafaði af verkfallabaráttu undangenginna ára, og fór þar einnig með rétt mál. En ráðh. var í sömu stöðu og nú, þegar vísitöluskrúfan var sett í gang fyrir 18 árum, og enn hefur hann ekkert gert til að stöðva hana. Býst ég þó við, að hann skorti ekki viljann til, en hann hefur í stj. sinni tvo af helztu formælendum vísitöluskrúfunnar, fjmrh. og menntmrh. Sama er að segja um verkfallapólitíkina, að stjórnin hefur ekkert gert til að stöðva hana. Þvert á móti þessu hvoru tveggja verka dýrtíðarskrúfulög stjórnarinnar í þá átt að gera örðugra en nokkru sinni fyrr að afnema vísitöluskrúfuna og verkfallabröltið. Þá sagði forsrh., að engin varanleg úrræði væru til í efnahagsmálum. Þetta er gagnstætt því, sem hann og aðrir stjórnarliðar héldu áður fram, og er gott, þegar menn viðurkenna þannig sína fyrri villu. Þá sagði forsrh., að framleiðslan gæti ekki greitt meira en nú er. Þetta er hverju orði sannara, en samt hefur stjórn hans nú lögfest að leggja 55% toll á allar rekstrarvörur framleiðslunnar og bæta þar á ofan söluskatti og verðtolli. Mun allt þetta nema yfir 300 millj. kr. á ári að óbreyttum innflutningi.

Menntmrh. flutti hér langa og furðulega ræðu, og skal ég stutt út í hana fara, en líkast var því sem þessi ráðh. væri milli svefns og vöku. Hann sagði, að yfirfærslugjöldin væru ekki skattar og ekki tollar og þau væru ekki gengislækkun. Var helzt á manninum að heyra, að þær 790 millj. kr., sem nú á að innheimta með þessum hætti, væru ekki útgjöld fyrir neinn, en öllum til gagns. Hann talaði um þann háska, sem stafaði af gengisfalli, og nú væri þó komið í veg fyrir það. En rétt á eftir sagði hann, að sá gjaldeyrir, sem ekki er lagt nema 30% gjald á, væri seldur mikið undir réttu verði. Þegar þetta er allt lagt saman og það haft í huga, að þarna talar eini hagfræðingurinn í ríkisstj., þá er ekki að furða, þó að djúpt sé á rökréttri hugsun í þeim lögum, sem stjórnin hefur sett. Það snerust líka þrír af greindustu þingmönnum stjórnarflokkanna harðlega gegn þessum óskapnaði og færðu eðlileg rök fyrir sinni mótstöðu.

Ríkisstj. er alltaf að ganga á eftir ráðum frá sjálfstæðismönnum. Þetta er eðlilegt. Hún er eins og hrapandi maður, sem hrópar á hjálp. Í fimm mánuði hefur hún staðið ráðalaus yfir því, hvernig hún eigi að fleyta áfram okkar þjóðfélagi um stundarsakir, eftir að hún sjálf hefur með flónsku sinni leitt það fram á gjaldþrotabarminn. Hún veit og sér og skilur, að þegar svo er komið, þá er ekki um annað að ræða en vandræðaráðstafanir, og það, hvort þær koma að gagni, fer ekki sízt eftir því, hverjir eiga að framkvæma þær. Þó að við sjálfstæðismenn gætum ráðið fram úr vandanum, ef við mættum einir ráða, þá mundi þýðingarlítið að kasta viturlegum ráðum um mikinn allsherjarsparnað og kerfisbreytingar í hendur þeirra ráðleysingja, sem nú fara með völd. Ef að líkum lætur, verður þess ekki langt að bíða, að Sjálfstfl. fái það ömurlega hlutskipti að taka við gjaldþrotabúi vinstri stjórnarinnar, og þá mun hann taka til sinna ráða, eins og góðum skiptaráðanda hæfir. En það veit þjóðin öll, að í meðferð gjaldþrotabúa er aldrei um ánægjulega kosti að velja.

Þó að þetta sé nú allt svona, þá hef ég nú þegar eitt ráð að gefa vinstri stjórninni. Það er meira aðkallandi en önnur og gæti haft meiri þýðingu en flest hin. Þetta er að skipta um fjármálaráðherra. Það er fullreynt, að engra bóta er að vænta, meðan þessi er. Þótt eigi væri farið út fyrir Framsfl., sem hefur þetta embætti, þá veit ég, að í honum eru margir menn, sem hafa margfalt meira vit á fjármálum en sá fjmrh., sem nú er, auk þess sem meðal þeirra eru margir heiðvirðir menn. Ef ég mætti velja nýjan fjmrh. úr liði framsóknarmanna utanþings, þá gæti okkar fjármálaskútu fljótlega orðið stefnt í sólarátt. Hitt er augljóst, að öll heilabaktería núverandi fjármálastjórnar hrekur okkar fjárhag hröðum skrefum beint norður og niður.

Það vita flestir menn, að á öllum sviðum viðskipta, atvinnulífs og fjármála veltur á miklu, hvernig forustan er. Á henni getur oltið meira en öllu öðru. Og það má nærri geta, hvort eigi veltur á mestu með fjármálaforustu þjóðarinnar í heild. Þó að núverandi ríksstj. sé slæm, þá gæti hún lagazt til mikilla muna, ef hún fengi þróttmikinn, fyrirhyggjusaman og greindan fjmrh. í stað þess, sem nú er. Segi svo stjórnarflokkarnir, að sjálfstæðismenn gefi þeim engin ráð.

Pétur Pétursson: Herra forseti, góðir hlustendur. Ræður þeirra hv. þm. Sjálfstfl., sem töluðu hér í þessum umræðum í gærkvöld, voru með eindæmum. Annar eins flaumur stóryrða er áreiðanlega óvenjulegur. Þessir hv. þm., grípa til stóryrðanna og hávaðans, þegar þeir finna, að varnaraðstaðan er veik. Þeir reyna með orðaflaumnum að draga athygli áheyrenda frá hinni neikvæðu afstöðu sinni til vandamála þjóðarinnar. Nákvæmlega það sama hefur skeð hér í sölum hæstv. Alþ. að undanförnu af hálfu sjálfstæðismanna vegna þeirra ráðstafana, sem samþ. hafa verið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það var víst eitthvert annað hljóð í þessum flokki hér á árunum, þegar hann var að beita sér fyrir því að koma á almennri gengislækkun eða þegar hann var að koma af stað bátagjaldeyriskerfinu fræga. Á þeim tímum var eins og nú nauðsynlegt að gera vissar ráðstafanir til stuðnings framleiðsluatvinnuvegunum. En það er margt orðið breytt, frá því að forustumenn Sjálfstfl. stóðu fyrir því að gera nauðsynlegar efnahagsráðstafanir. Þá var ekki verið að hugsa fyrst og fremst um það, að ráðstafanirnar kæmu léttara niður á láglaunafólki heldur en hinum, sem höfðu meiri peningaráð.

Gengislækkunin kom vitaskuld harðast niður á lágtekjufólki og alveg sérstaklega þegar þar við bættist, að allt verðlag var gefið frjálst, til þess að hinir eiginlegu ráðamenn Sjálfstfl. gætu skammtað sér álagningu sína að vild. Að þessu leyti hafa vinnubrögð núverandi hæstv. ríkisstj. verið allt önnur. Álagningu hefur mjög verið haldið niðri og það ef til vill svo mikið, að álitamál er, hversu lengi er hægt að halda áfram sömu leið, a. m. k. að því er snertir smásöluálagningu. En það er æði langt bil á milli þeirra álagningarreglna, sem nú eru í gildi, og hinnar frjálsu álagningar, sem gilti í valdatíð Sjálfstfl.

Hófleg álagning er sjálfsögð, en óhófleg álagning er álögur á þjóðina. Það virðist þó sem sjálfstæðismenn leggi höfuðáherzlu á frjálsa verzlun, en með þeim orðum eiga þeir fyrst og fremst við frjálsa álagningu, eins og margsannað er. Þessar ráðstafanir telja þeir vera eins konar allsherjar bjargráð. Hitt er svo allt annað mál, ef nauðsynlegt reynist að leggja á innflutninginn ný gjöld til aðstoðar framleiðsluatvinnuvegunum og til aukinna verklegra framkvæmda, sem verða til þess að auka framleiðsluna og atvinnumöguleika allra vinnandi manna í landinu.

Hér hefur því orðið breyting á, síðan Sjálfstfl. missti valdaaðstöðu sína. En það er margt fleira, sem hefur breytzt síðan Sjálfstfl. strandaði þjóðarskútunni. Björgunarstarfið er ekki létt, og sjálfsagt líða nokkur ár, þar til því starfi er lokið, enda þótt það taki miklu styttri tíma, þegar flokkar alþýðustéttanna taka það að sér, en ef Sjálfstfl. hefði verið falið það hlutverk, sem hann hefði raunar aldrei getað leyst af hendi. Það sýnir reynslan á því tímabili, sem hann hafði forustu efnahags- og viðskiptamála landsins. Uppbóta- og millifærsluleiðin hét víst ekki skattlagning á almenning í þá daga, enda þótt hún heiti það nú á máli sjálfstæðismanna. En þeirra miklu erfiðleikar voru þá, eins og kæmi sjálfsagt á daginn nú, ef þeir tækju aftur við völdum, að hagsmunir forustumanna Sjálfstfl. og hins vinnandi fólks fara ekki saman, þegar um það er að ræða, hverjir skuli bera byrðarnar.

Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur tekizt mjög giftusamlega að efla atvinnulífið og framleiðsluna í landinu á þeim tæpu 2 árum, sem hún hefur verið við völd. Það er nú fyrst á allra síðustu árum, sem tekizt hefur að efla svo framleiðslu- og atvinnumöguleika víðast hvar úti um landið, að fólkið þar hefur nokkurn veginn stöðuga atvinnu. Stöðug atvinna er alger undirstaða alls velfarnaðar og góðrar lífsafkomu. Að herða lítillega að sér um stundarsakir eru vitanlega hreinir smámunir á móti því böli, sem atvinnuleysi hefur í för með sér.

Til þess að sýna fram á, hvernig þessi þróun hefur orðið úti um landið í valdatíð núverandi hæstv. ríkisstj., hef ég gert samanburð á byggingarframkvæmdum frystihúsa og annarra vinnslufyrirtækja sjávarafurða frá Akranesi, vestur, norður og austur um land að Reykjanesi. Samanburðurinn tekur annars vegar til ársins 1955 og hins vegar til ársins 1957. Árið 1955 urðu þessar byggingarframkvæmdir 19 millj. 326 þús. kr., en árið 1957 28 millj. 670 þús. kr., eða hartnær 50% meiri. Sést greinilega af þessu, hversu mikil áherzla hefur verið lögð á að auka vinnslustöðvar sjávarafurða. En hér við bætist svo auðvitað vélakostur, sem er að verulegu leyti smíðaður innanlands, svo sem frystivélar, ísframleiðsluvélar o. fl. Auk þess hafa verið fluttar til landsins á undanförnum 2 árum yfir 50 flökunarvélar, að innkaupsverði tæplega 23 millj. kr.

Með tilkomu nýrra vinnslustöðva og véla, sem mjög hefur verið leitazt við að dreifa út um landið, hefur atvinnulíf viðkomandi staða beinlínis tekið stakkaskiptum. Slík þróun er áreiðanlega miklu æskilegri en hin, að fólkið streymi utan af landsbyggðinni og hingað til Suðvesturlandsins, rétt eins og það sé eini byggilegi blettur-inn á Íslandi.

Á s. l. 2 árum hafa komið til landsins eða verið smíðaðir innanlands 57 fiskibátar 30 tonna og stærri. Þessum bátum hefur verið dreift um allt land, og vegna komu þeirra hefur víða skapazt mikil atvinnu bæði á bátunum og við vinnslu aflans.

Þessi atriði sýna það vel, að hæstv. ríkisstj. hefur unnið að því að skapa lífvænlega aðstöðu fyrir það fólk, sem býr úti á landsbyggðinni, og er það maklegt, einkum þegar þess er gætt, hversu hægfara þessi þróun hefur verið á undanförnum árum.

Þessi stefna er algerlega í samræmi við áralanga baráttu Alþfl., þar sem hann hefur alltaf litið svo á, að fólk ætti að hafa jafngóða lífsafkomumöguleika, hvar sem það byggi á landinu. Það mun líka vera viðurkennt víða, að Alþfl. hefur unnið allra flokka mest að því að efla atvinnulíf hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga, þar sem hann hefur getað beitt áhrifum sínum í þá átt.

Ég er sannfærður um, að íslenzkir útgerðarmenn og sjómenn voru yfirleitt ekki óánægðir með þær ráðstafanir, sem gerðar voru fyrir útgerðina um áramótin 1956—57. Sú staðreynd, að

verulegur aflabrestur varð á s. l. ári, verður varla af neinum sanngjörnum mönnum skrifaður á reikning hæstv. ríkisstj., þó að einstaka óprúttnir stjórnmálaspekúlantar reyni kannske að gera það. Hins vegar hefur vertíðin í vetur reynzt nokkru betri en í fyrra, og hygg ég, að tekjur allmargra sjómanna og afkoma útgerðarinnar sé eftir atvikum viðunandi.

Útgerð og sjósókn hefur alltaf verið og verður ugglaust alltaf eins konar happdrætti, háð afla og veðráttu. Slíkt er atvinnuveginum eðlilegt. En sú breyting þyrfti að þróast, að menn gætu átt von á sæmilegum hagnaði, ef vel gengi, en bæru þá líka töpin að fullu, ef illa gengi. En yfirleitt held ég, að það ætti að geta verið nokkur bjartsýni ríkjandi við sjávarsíðuna og að vonir ættu að standa til þess, að framleiðslan þar aukist allverulega á allra næstu árum, ef ekki koma fyrir alvarleg óhöpp.

Afleiðing slíkrar þróunar yrði auðvitað betri lífskjör þess fólks, sem að framleiðslunni vinnur, bæði til sjávar og sveita, því að betri afkoma við sjávarsíðuna hefur vissulega áhrif á afkomu þeirra, sem stunda landbúnaðarframleiðsluna. Skilningur á samvinnu og samstöðu alls vinnandi fólks í landinu, hvort sem er til sjávar eða sveita, þarf að aukast. Nauðsynlegt er að gera allt, sem unnt er, til að auka útflutningsframleiðsluna, afla markaða fyrir landbúnaðarframleiðslu og efla þann iðnað, sem sparar erlendan gjaldeyri.

Ég trúi ekki öðru en að þegar íslenzki alþýðumaðurinn athugar hlutlaust og af ábyrgðartilfinningu, sem honum er meðfædd, ástand efnahagsmálanna, þá komist hann að þeirri niðurstöðu, að efling framleiðslunnar með vaxandi atvinnumöguleikum sé hin eina jákvæða stefna fyrir almenning, jafnvel þótt nokkrar fórnir séu færðar.

Hin neikvæða afstaða Sjálfstfl. og tillöguleysi í efnahagsmálunum sýnir bezt úrræðaleysi þess flokks. Má það merkilegt heita, ef hann heldur fylgi sínu á þeirri einu röksemd að vera á móti — alltaf á móti öllum ráðstöfunum án þess að bera fram eina einustu jákvæða tillögu sjálfur. Slíkur málflutningur er mikil móðgun við vel upplýsta alþýðu þessa lands.

Ég veit, að almenningur tekur miklu ábyrgari afstöðu gagnvart aðsteðjandi vandamálum en hv. stjórnarandstaða virðist taka hér á hv. Alþingi. Almenningur mun horfast í augu við staðreyndirnar og haga viðbrögðum sínum eftir því, sem þjóðarheildin krefst. Mun þá einu gilda þótt hinir æfðu stjórnmálamenn mæli nú ákaft á móti þeim ráðstöfunum, sem ekki er hægt að komast hjá að gera. Auðvitað er sjálfsagt, að stéttasamtökin fylgist rækilega með því, sem er að gerast á hverjum tíma í þjóðarbúskapnum. Með því er hægt að tryggja, að hver þjóðfélagsþegn fái réttlátan hlut af batnandi þjóðarafkomu, sem á að vera afleiðing vaxandi framleiðslu.

Þá vildi ég gera nokkuð að umtalsefni gjaldeyrisástandið, eins og það er nú, og þróun gjaldeyrismálanna á undanförnum árum. Það verður að segjast eins og er, að ástandið í þessum efnum er allalvarlegt í dag. Gjaldeyrisforði er enginn til, hvorki í hörðum gjaldeyri né jafnkeypisgjaldeyri, þ. e. í þeim löndum, sem við gerum vöruskipti við. Víða eru yfirdrættir notaðir að meira eða minna leyti. Slíkt ástand getur vitanlega ekki varað lengi. Algert lágmark er, að við komumst á það stig að eiga yfirdráttarheimildir erlendis til vara, ef illa tekst til með gjaldeyrisöflun. Raunar þyrftum við helzt að komast það langt að eiga einhvern gjaldeyrisforða, en hér er ekki við auðvelt viðfangsefni að eiga.

Um mörg undanfarin ár hefur sérstakt gjald verið lagt á tilteknar innfluttar vörur til þess að greiða með framleiðsluatvinnuvegunum. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er auðvitað sú, að til þess að þeir tekjustofnar bregðist ekki, verður að flytja inn þær vörur, sem með var reiknað. Á undan þeim verða þó að ganga neyzluvörur almennings og rekstrarvörur. Eftir stendur þá einn flokkur innflutningsins, en það eru fjárfestingarvörurnar. Það væri ef til vill hægt að segja, að draga mætti eitthvað úr þeim innflutningi, en ekki er það auðvelt.

Ef við lítum dálítið aftur í tímann, þá sjáum við af verzlunarskýrslum hagstofunnar, að árið 1952 varð heildarinnflutningur 911 millj. kr. að cif.-verðmæti. Þessi innflutningur skiptist þá þannig, að 29% voru neyzluvörur og hráefni til neyzluvöruiðnaðar, 35% rekstrarvörur og 36% kapital- og byggingarvörur. Árið 1955 varð innflutningurinn 1264 millj. kr. og þar af 44% kapital- og byggingarvörur. Þá var rekstrarvöruinnflutningurinn 25% og neyzluvöruinnflutningurinn 31%. Árið 1957 varð heildarinnflutningurinn 1358 millj. kr., og þá skiptist hann þannig, að 40% fóru fyrir kapital- og byggingarvörur, 31% var rekstrarvöruinnflutningur og 29% neyzluvöruinnflutningur.

Nú er það auðvitað gott og blessað að flytja inn fyrir nær því helming gjaldeyrisins fjárfestingarvörur, eins og gert var 1955, ef við hefðum efni á því. En það er einmitt kjarni málsins. Á árinu 1955 var orðið mjög iskyggilegt gjaldeyrisástand, og hefði því þá þegar þurft að gera vissar ráðstafanir til að reyna að draga úr þeirri miklu þenslu, sem orðin var á öllum sviðum efnahagslífsins. En það er hægara um að tala en í að komast að ætla á stuttum tíma að snúa við þeirri stefnu, sem sjálfstæðismenn voru búnir að marka og vinna eftir um tíma, enda þótt þeir stýrðu beint út í ófæruna í þessum málum. Hér þarf nokkurra ára þróun að koma til, sem miðist við það að auka svo framleiðsluna, að auknar gjaldeyristekjur af henni skapi möguleika á auknum innflutningi kapitalvara.

Það er enginn vafi á því, að hinn frjálsi innflutningur og frjálsræði í verzluninni, sem sjálfstæðismenn börðust mest fyrir síðustu árin, sem þeir voru í stjórn, var of snemma á ferðinni. Gjaldeyristekjurnar voru einfaldlega ekki fyrir hendi, til þess að hægt væri að fullnægja eftirspurninni. Því er það óhjákvæmilegt, að við verðum a. m. k. fyrst um sinn að búa við gjaldeyrishöft. Við verðum auðvitað að miða að því að losna við þau sem fyrst. Hins vegar þýðir ekki að skjóta sér fram hjá staðreyndum. Gjaldeyristekjurnar eru enn ekki meiri en það, að það verður að gera áætlanir um notkun þeirra, þar sem tekið er tillit til þess efnahagskerfis, sem við búum við. Sérhver einstaklingur lætur tekjur

sínar ráða afkomu sinni, bæði varðandi neyzlu og fjárfestingu. Ef hann gerir það ekki, lifir hann um efni fram. Þjóðin verður að lifa á því, sem hún getur aflað. Um ekkert annað er að ræða, engin leyniformúla er til, sem getur breytt þessari staðreynd, og það eru ekki aðrir en ábyrgðarlausir gasprarar, sem leyfa sér að láta liggja að því, að það sé hægt að veita sér þetta eða hitt, ef það væru bara ekki slæmir menn, sem bönnuðu það. Hörmulegast er, þegar slíkur málflutningur er viðhafður af mönnum, sem vita betur.

Um gjaldeyrismálin í heild má því segja, að ástandið sé mjög erfitt, og það verður það sjálfsagt fyrst um sinn. Nauðsynlegt er að takmarka notkun gjaldeyrisins sem mest má verða. Neyzluvörur og rekstrarvörur atvinnuveganna verða að ganga fyrir öðrum innflutningi eftir þörfum. Að öðru leyti verður getan að ráða því á hverjum tíma, hvað mikill innflutningurinn má verða.

Nú vil ég taka það greinilega fram, að enda þótt ýmsir erfiðleikar steðji að í dag, sé ég enga minnstu ástæðu til svartsýni varðandi framtíðina, svo framarlega sem óviðráðanleg óhöpp gerast ekki. Mér finnst miklu fremur ástæða til bjartsýni varðandi afkomu þjóðarinnar. Á þessu ári má gera ráð fyrir að komi til landsins allmargir nýir fiskibátar auk þeirra 12 250 tonna skipa, sem verið er að smíða í Austur-Þýzkalandi og verða væntanlega afgreidd á árinu. Það má áreiðanlega áætla afla þessara skipa að gjaldeyrisverðmæti marga tugi millj. kr., eins og nú standa sakir. Verið er að byggja þrjú allstór millilandaskip, sem bæta enn úr flutningaþörf þjóðarinnar og spara gjaldeyri vegna leiguskipa. Kaup nýrra togara eru í undirbúningi. Verið er að byggja og endurbæta frystihús og fiskvinnslustöðvar víðs vegar um landið. Verið er að ljúka byggingu sementsverksmiðjunnar, en innflutningur sements var þrjú s. l. ár 85 millj. kr. Innlendur iðnaður eykst frá ári til árs, og margt af honum sparar stórlega notkun erlends gjaldeyris. Kjötútflutningur fer vaxandi og á sjálfsagt eftir að aukast til mikilla muna. Þá er unnið að rafvæðingu landsins, hitaveituframkvæmdum og ýmiss konar byggingarframkvæmdum, sem miða að batnandi lífsafkomu fólksins í landinu.

Mér finnst þess vegna, að öll rök hnígi að því, eins og ég sagði áðan, að engin ástæða væri til annars en horfa með nokkurri bjartsýni fram á veginn, enda þótt ýmsir erfiðleikar kunni að steðja að í bili. Spurningin er, hvort þjóðinni tekst að horfa á staðreyndirnar í gegnum það moldviðri blekkinga og áróðurs, sem stjórnarandstöðuflokkurinn þyrlar upp í kringum efnahagsmál þjóðarinnar án þess að gera sjálfur neinar till. um aðrar leiðir í þeim málum.

Alþfl. hefur allt frá stofnun tekið ábyrga afstöðu til mála. Hann hefur látið málefnin ráða á hverjum tíma án tillits til þess, að um hugsanlegan pólitískan ávinning gæti verið að ræða um stundarsakir, ef aðrar leiðir væru farnar. Flokkurinn fylgir enn þessari stefnu sinni. Hann lítur á viðfangsefnin eins og þau raunverulega eru og reynir svo að leysa þau eftir þeim leiðum, sem færastar mega teljast og bezt samkomulag verður um. Þegar um samstarf flokka er að ræða, verður það auðvitað aldrei sjónarmið eins flokks, sem ræður. Alþfl. hefur alltaf lagt áherzlu á það, að þjóðartekjunum sé sem réttlátlegast skipt á milli allra þegna þjóðfélagsins. Honum hefur mikið orðið ágengt í þessa átt og aðrir flokkar hafa orðið að viðurkenna, að baráttumál hans voru sanngirnismál. Þau hafa notið viðurkenningar alþjóðar, eftir að sigur hefur unnizt, oft eftir áralanga baráttu.

Við jafnaðarmenn teljum eðlilegast, að opinberir aðilar eða sameignarfélög fjöldans hafi ráðandi áhrif á allan meiri háttar atvinnurekstur. Sjálfsagt er þó, að einstaklingsframtak fái að njóta sín, bæði á vissum sviðum þjóðfélagsins og að takmörkuðu leyti í öðrum tilfellum. Jafnaðarmenn eru ekki kreddubundnir og miða baráttu sína við það ástand, sem er í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Aðalatriðið er, að baráttan sé ætíð miðuð við að tryggja frelsi, jafnrétti og bræðralag. — Góða nótt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ræða sú, sem hv. þm. A-Húnv. flutti hér áðan, var að einu leyti merkileg. Hún sýnir, hvílík býsn af ofstæki og þröngsýni geta komizt fyrir í einum mannshuga og hvernig slíkt ástand frystir að lokum alveg heilbrigða skynsemi. Ég mun ekki eita mjög ólar í einstökum atriðum við þessa samhengislausu skammarþulu hv. þm., en vil þó aðeins benda á tvö eða þrjú atriði.

Hann byrjaði ræðu sína með því að sýkna Sjálfstfl. af verðbólguþróuninni. Hver var það, sem rauf samtök um dýrtíðarmálin 1942 og stýrði þannig, að vísitalan hækkaði um 89 stig á einu ári? Það var upphaf verðbólguþróunarinnar á Íslandi. Það var formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors. Hver var það, sem prédikaði um blessun dýrtíðar og sagði, að það væri hægt að lækna hana með einu pennastriki? Það var formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors. Ef nokkur einn maður á að kallast faðir verðbólgunnar, þá er það formaður Sjálfstfl., og hans þjónn hefur þessi hv. þm. A-Húnv. verið alla tíð. Svo kemur þessi hv. þm. og byrjar hér ræðu sína með því að segja: Allir bera sök á dýrtíðinni nema Sjálfstfl.

Þá var þessi hv. þm. að tala hér um landbúnaðarmál. Hann falsaði að sjálfsögðu ummæli mín um heyskap, fóðurbæti og vélar, og er það nú mál út af fyrir sig, — ég mun koma að þeim atriðum síðar. En þessi hv. þm. hefði ekki átt að tala um landbúnaðarmál. Hv. þm. hefur einu sinni fengið að ráða landbúnaðarstefnunni á Íslandi í tvö ár. Það var á árunum 1944—46. En hvernig var sú stefna, sem hv. þm. markaði? Stéttarsamband bænda, sem þá var að fæðast, var ofsótt af stjórnarvöldunum. Með búnaðarráðslögunum illræmdu voru bændum lögskipaðir forráðamenn til þess að halda niðri afurðaverðinu. Sérstök löggjöf var sett til þess að svelta stéttarsamtökin fjárhagslega í byrjun. Af öllu því gífurlega fjármagni, sem ráðstafað var á þessum árum, fór svo að segja ekki neitt til landbúnaðarins. Áburðarverksmiðjumálið var

saltað og farið hinum háðulegustu orðum um áburðarverksmiðjuna, og allt fór eftir þessu. Meira að segja flokksbræðrum þessa hv. þm., Jóns Pálmasonar, blöskraði svo aðfarirnar, að þeir voru margir önnum kafnir við að sverja af sér ofsóknarstefnu Jóns Pálmasonar í garð landbúnaðarins. Þetta er í eina skiptið, sem hv. þm. A-Húnv. hefur fengið að ráða landbúnaðarstefnunni, og þá með þessum afleiðingum fyrir landbúnaðinn. Og það var engin tilviljun, að þessi hv. þm. var að skjóta hér inn áðan í *sína ræðu rógi um Stéttarsamband bænda.*

Um ræður þeirra sjálfstæðismanna, sem töluðu hér í gærkvöld, er ekki margt að segja, sem ekki hefur þegar verið rækilega tekið fram af öðrum. Ræða Ólafs Thors var eitt samfellt neyðaróp út af því, að menn skyldu gerast svo djarfir að ætlast til þess, að stærsti flokkur landsins hefði stefnu í efnahagsmálum. Kem ég að því síðar.

Hv. 11. landsk., Friðjón Þórðarson, sagði það höfuðatriði að skýra rétt frá staðreyndum. En ekki var hann búinn að tala lengi, þegar honum reyndist hált á hellunni. Hann fór að greina frá því í þungum ásökunartón, að rekstrarvörur landbúnaðarins hækkuðu allar stórkostlega í verði, og síðan sagði hv. þm.: Hvað eiga svo bændur að fá í staðinn? 5% kauphækkun, sagði hann. *Tæpast er hægt að hugsa sér freklegri* fölsun en í þessum málflutningi felst, þegar þess er gætt, að á móti verðhækkun þeirra vara og tækja, sem fara til landbúnaðarins, á að koma *samsvarandi hækkun á verðlagsgrundvelli* landbúnaðarins, og síðan eiga bændur auðvitað að fá sem svarar 5% kauphækkun til viðbótar til jafns við aðra. Þetta veit hv. þm. Ekki sýnist þessi hv. þm. ætla að verða siðbótamaður í Sjálfstfl. í málflutningi, og hefði þeim þó ekki veitt af einum slíkum.

Þá sagði hv. þm. og það endurtók hv. þm. A-Húnv., að ég hefði sýnt sérstakan áhuga á því að skera niður framlög til vegagerðar. Ég býst við, að þessi hv. þm., 11. landsk., sé vegna þingbernsku sinnar ókunnugur því, að undanfarna áratugi hefur aldrei verið lagt hér svo fram fjárlfrv., að framlög til vegagerðar og annarra framkvæmda hafi ekki verið sett talsvert lægri en í fjárl. ársins á undan. Þetta hefur verið föst venja og til þess hugsuð að *gefa þinginu svigrúm varðandi ákvarðanir um* þessi efni. Ég vil a. m. k. ekki leggja það verr út en svo fyrir hv. þm., að hann hafi ekki athugað þetta. Á hinn bóginn er hv. þm. A-Húnv. vel kunnugt um, hvernig þetta er vaxið, og lét hann sig þó hafa það að stíga í rógssporin.

Hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, og Jón Pálmason lögðu báðir út af þeim texta mest, að stjórnin hefði lofað að leysa efnahagsmálin varanlega og án þess að það snerti nokkurn. Þetta er hreinn tilbúningur þeirra sjálfstæðismanna, og falla því hinar löngu ræður þeirra um þetta niður sem dautt orð.

Hv. þm. N-Ísf. kom nokkuð inn á skattamál. Það þótti mér vænt um, það minnti mig á, að þau þurfti ofur lítið að ræða hér í kvöld. Hv. þm. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu ósköp *mikinn áhuga fyrir lágum sköttum og sérstaklega* hefðu þeir þó mikinn áhuga fyrir því, að fiskimenn þyrftu ekki að borga of mikið. En hvað segir reynslan í þessu efni? Hún er ólygnust. Undir fjármálaforustu sjálfstæðismanna voru sett hér skattalög, sem lengra hafa gengið en nokkur önnur lög í því að leggja skatta bæði á félög og einstaklinga. Rétt er að athuga, hvað fjármálaforusta Sjálfstfl. t. d. áleit rétt að fiskimenn borguðu í tekjuskatt til ríkisins og hvað þeim er nú ætlað að borga eftir þær lækkanir, sem gerðar hafa verið á sköttum yfir höfuð og sérstaklega á sköttum fiskimanna, síðan Sjálfstfl. lét af fjármálaforustunni. Þessi samanburður lítur þannig út:

Ég tek dæmi af fiskimanni, kvæntum með tvö börn á framfæri, sem stundar sjó í tíu mánuði á ári. Ef við tökum hreinar tekjur 40 þús. kr., þá hafði þessi maður eftir reglum sjálfstæðismanna 826 krónur. Nú ekki neitt. Ef hann hefði 50 þús. kr. tekjur, þá hafði hann eftir reglum sjálfstæðismanna 1523 kr., en nú 107 kr., lækkun 1416 kr. Ef hann hefði 60 þús. kr., þá hafði hann eftir reglum sjálfstæðismanna 2702 kr., en núna 289 kr., lækkun 2413 kr. Ef hann hefði 70 þús. kr., þá hafði hann eftir reglu sjálfstæðismanna 5411 kr., en núna 1086 kr. eða lækkun 4325 krónur. Ef hann komst upp í 80 þús., þá hafði hann 9483 kr., eftir því *sem sjálfstæðismenn töldu mátulegt*, á meðan þeir höfðu forustuna, en núna 1757 kr., lækkun 7726 kr. Ef hann komst upp í 100 þús., eins og einstaka duglegir yfirmenn gera, þá hafði hann 18283 kr., það þótti mátulegt þá, en núna 4393, lækkun 13890 kr. Og ef einstaka afreksmaður komst upp í 120 þús., þá átti hann að borga 28437 kr., en núna 8999 kr., lækkun 19438 krónur.

Á þessu geta menn séð áhuga sjálfstæðismanna fyrir lágum sköttum á fiskimenn, þegar þeir höfðu aðstöðu til að ráða, og svo hvernig tekið hefur verið á skattamálum fiskimanna nú undanfarið, og mér er sérstakt gleðiefni að fá þetta tækifæri til þess að leiðrétta þann róg, sem sjálfstæðismenn hafa frammi haft um þetta mál undanfarið. Líklega er þetta dálítið öðruvísi en Sigurður Bjarnason hélt. Hann hefur líklega verið farinn að trúa ósannindavaðli Morgunblaðsins um skattamál fiskimanna. Honum er nokkur vorkunn, því hann er einn af ritstjórum blaðsins.

Þá er ekki síður ástæða til út af því, sem hv. þm. sagði, að benda sjómönnum í Reykjavík og annars staðar, þar sem sjálfstæðismenn ráða, á útsvarsseðilinn sinn, en á þeim seðlum blasir greinilega við í framkvæmd áhugi sjálfstæðismanna fyrir skattfrelsi sjómanna. Þeir seðlar eiga meira skylt við veruleikann en fleipur sjálfstæðismanna á Alþingi.

Það er alveg vonlaust verk að meta rétt þær till. í efnahagsmálum, sem nú hafa verið lögfestar, nema hafa það í huga, að skrásetning íslenzku krónunnar er algerlega röng. Kveður svo ramt að þessu, að enginn íslenzkur atvinnurekstur getur staðizt lengur án uppbóta, ef hann á afkomu sína undir viðskiptum við útlönd eða á í samkeppni við erlendar vörur og þjónustu, sem ekki eru þá sérstaklega hlaðnar tollum og álögum.

Samtök hafa ekki fengizt um að breyta skráningu krónunnar í það horf, að atvinnurekstur geti staðizt án uppbóta. Þess í stað hefur verið aflað fjár til þess að leggja með krónunni. Vísitöluskrúfan, sem hér hefur gilt á undanförnum árum, ásamt pólitískum áhrifum á margan hátt hefur skrúfað verðlag og uppbætur hærra og hærra ár frá ári. Sjálfsagt er hægt að nota uppbætur að takmörkuðu leyti, án þess að miklu tjóni valdi. En reynsluna höfum við þó glögga af því, að það er hál braut að fara inn á að greiða einstökum framleiðslugreinum útflutningsuppbætur. En þegar útflutningsuppbótakerfið er orðið jafnstórt og það hefur orðið hjá okkur, þá dylst engum manni, að stór háski er á ferðum.

Álögur þær, sem uppbótakerfinu fylgja, hækka vitanlega allan framleiðslukostnað í landinu. Uppbætur voru á hinn bóginn greiddar *mjög misjafnar og sumum greinum engar bætur.* Fjáröflun til uppbótanna var hagað þannig, að á sumar vörur voru lögð gífurlega há gjöld, en öðrum var sleppt og þá einkum því, sem kallaðar eru brýnustu nauðsynjar, og vörum til atvinnurekstrar. Þetta þýddi, að atvinnurekstur sá, sem ekki var í hæstu uppbótarflokkum, hlaut að eiga æ erfiðara uppdráttar. Sá iðnaður og sú framleiðsla, sem keppti við þær aðfluttar vörur og þá erlendu þjónustu, sem naut sérstakra hlunninda í uppbótakerfinu, hlaut að lamast, sbr. t. d. járniðnað, skipasmíðar, siglingar o. fl., o. fl.

Þeir þættir framleiðslunnar, sem búið hafa við mun óhagstæðari uppbætur en aðrir, svo sem togaraútgerðin og síldveiðar norðan og austan, hafa goldið þess mjög undanfarið.

Þegar uppbótakerfið er orðið mjög stórfellt með gamla laginu, blasir blátt áfram sú hætta við, að það jafngildi því að lögbanna allar nýjar framleiðslugreinar, sem byggja á útflutningi eða samkeppni við erlenda þjónustu í þarfir atvinnuveganna.

Engum hugsandi manni getur blandazt hugur um, að uppbótakerfið sem við bjuggum við, var búið að afskræma svo efnahags- og framleiðslukerfið, að allar þessar hættur, sem ég hef drepið á, voru fyrir hendi. Jafnframt lá það fyrir, að tekjuöflunarráðstafanirnar hrukku hvergi nærri. Þetta lá fyrir í vetur. Kom þá til athugunar, hvað ætti að gera. Ekki verður annað ráðið af tali þeirra, sem andæfa efnahagslöggjöfinni nýju en ekkert hefði þurft að gera. Sé þetta ekki þeirra meining með andstöðunni við löggjöfina án þess að gera nokkrar aðrar tillögur, verður að líta á tal þeirra sem hreina markleysu.

En hvað mundi það hafa þýtt, ef ekkert hefði verið gert og látið reka á reiðanum? Stórfé mundi hafa skort til þess að greiða uppbæturnar og niðurgreiðslurnar, sem framleiðslan átti að byggja á. Allt mundi því hafa rekið í strand á fáum mánuðum, afleiðingin orðið samdráttur og stöðvun framleiðslunnar og stórfellt atvinnuleysi og kjararýrnun fyrir almenning. Þetta var fram undan, ef ekkert hefði verið aðhafzt, og þetta er það, sem við blasti, ef þeir hefðu fengið vilja sínum framgengt, sem beittu sér gegn efnahagsmálalöggjöf ríkisstj.

Auðvitað kom til athugunar nú sem áður, hvort hægt væri að losna alveg við uppbótakerfið, breyta skráðu gengi krónunnar á þann veg, að höfuðútflutningsatvinnuvegir landsmanna gætu orðið reknir uppbóta- og styrkjalaust, eða þá að lögleiða niðurfærslu allra peningaverðmæta, sem þýddi í raun og veru að taka upp *nýja* mynt. En *því nefni ég þá leið í sömu* andránni, að hún mundi hafa í öllum meginatriðum sömu áhrif og gengislækkun. Munurinn er þó sá, að tölur mundu lækka, í staðinn fyrir að með gengislækkun mundu tölur yfir höfuð hækka.

Um þessar leiðir hafa ekki tekizt samtök nú né fyrr, síðan 1950, að gengisskráningunni var breytt.

Margir eru ósparir á yfirlýsingar um, að þeir séu á móti uppbótakerfinu. En þegar til á að taka, reynist erfitt að fá samtök um leiðir til að sleppa því alveg.

Það skal greinilega tekið fram, að eins og komið var um ósamræmi í verðlagi og gengisskráningu hefði full leiðrétting gengisskráningar valdið mjög stórfelldri verðhækkun á þeim vörum erlendum, sem haldið hefur verið niðri undanfarið með hinni röngu gengisskráningu og undanþágu frá gjöldum til þess að standa undir uppbótakerfinu.

Eins og ég hef sýnt fram á, þá gat uppbótakerfið, eins og það var orðið, alls ekki staðizt og var orðið allt of hættulegt afkomu þjóðarinnar til þess, að hægt væri að una við það. Samtök fengust ekki um að leiðrétta hið skráða gengi krónunnar og færa verðlagið í einu stökki til samræmis við það, sem vera ætti án uppbótakerfis, eða taka upp nýja mynt. Hér varð því að reyna að fá samtök um millileið, sem gæti forðað frá mestu hættum uppbótakerfisins, eins og það var orðið, leið, sem væri skref í áttina út úr ógöngunum og tryggt gæti öflugt framleiðslustarf.

Ofan á varð sú málamiðlun, sem í efnahagslöggjöfinni felst. Hún er í raun og veru fólgin í því að stíga hálfa leið út úr uppbótakerfinu með því að lögleiða allsherjar yfirfærslugjald og yfirfærsluuppbætur, yfirfærslugjald, sem nær til alls gjaldeyris, sem látinn er af hendi, og yfirfærsluuppbætur, sem greiddar eru á gjaldeyri, sem kemur inn, viðhalda síðan þeim þætti úr gamla uppbótakerfinu að greiða hærri uppbætur á mikinn hluta útflutningsins en yfirfærslugjaldinu nemur og leggja þá einnig hærri álögur á mikinn hluta innflutningsins. Þessi nýja leið felur í sér stórfellda minnkun á því ósamræmi, sem þjáð hefur mest íslenzkt atvinnu- og framkvæmdalíf og var mjög hættulegt afkomu þjóðarinnar, þegar til lengdar lét. Það er þessi þáttur málsins, sem því veldur, að hér er um stórfellt nýmæli að ræða, sem stefnir alveg tvímælalaust í rétta átt. Það er þessi þáttur í málinu, sem gerir það þess vert, að fyrir því sé barizt. Þessi endurbót hlýtur að verða lyftistöng fyrir atvinnurekstur landsmanna yfir höfuð, þegar frá líður, og eiga verulegan þátt í því að auka þjóðartekjurnar og forða frá þeirri stórkostlegu kjaraskerðingu, sem yfir vofði, ef ekkert var aðhafzt eða haldið áfram með gamla laginu.

Auðvitað á það við um þessa leið, sem valin var, og það sama gildir um hvaða aðra leið, sem farin hefði verið, að engin þeirra megnar að stöðva dýrtíðarveltuna eða verðbólguhjólið, nema með fylgi nauðsynlegar ráðstafanir í peningamálum, hallalaus ríkisbúskapur og skynsamleg útlánastefna hjá bönkunum. Enn fremur megna engin úrræði, hvorki gengisbreyting, þessi leið né nein önnur, að stöðva verðbólguhjólið, ef áfram verður haldið að nota vísitöluna sem mælikvarða fyrir víxlhækkun kaupgjalds og verðlags á sama hátt og verið hefur. Þessi staðreynd hefur aldrei legið ljósar fyrir en nú eftir þær athuganir, sem hagfræðingar hafa gert á því máli. Allt ber því að sama brunni, verði vísitölustefnunni haldið áfram óbreyttri, þá snýst verðbólguhjólið áfram.

Auðvitað fylgir veruleg verðhækkun þessari leið, sem nú var farið inn á. Það sama er að segja um hvaða aðra leið, sem valin hefði verið. Einnig niðurfærsluleiðinni eða þeirri leið að skipta um mynt og nota lægri tölur en verið hafa í öllum viðskiptum mundi líka að sjálfsögðu fylgja það, að verð á erlendum vörum mundi hækka í hlutfalli við peningagreiðslur innanlands. Einkum verða þessar verðhækkanir verulegar á ýmsum vörum til framleiðslunnar, sem ekki hafa borið gjöld í uppbótakerfið, en fram hjá þessu varð ekki komizt, eins og allir sjá, ef stíga átti skref út úr gamla uppbótakerfinu og til leiðréttingar á því gífurlega ósamræmi, sem orðið var í verðlaginu. Verðhækkun sú, sem verður á vörum og tækjum til framleiðslunnar t. d., er aðeins brot af því, sem orðið hefði, ef stigið hefði verið út úr uppbótakerfinu í einum áfanga.

Þær breytingar, sem felast í efnahagslöggjöfinni, eru til stórfelldra hagsbóta fyrir framleiðsluna yfir höfuð. Þær geta að sjálfsögðu valdið erfiðleikum hjá ýmsum fyrst í stað, einkum þeim, sem standa í öflun ýmissa tækja til framleiðslunnar. En menn verða að gæta þess, að leiðréttingá ósamræminu í verðlaginu hlaut að koma, og þeim mun lengur sem dregið hefði verið að stíga skref til samræmingar, þeim mun verr hefðu breytingarnar komið við alla, sem hlut eiga að máli.

Hv. þm. stjórnarandstæðinga hafa í rauninni átt bágt undanfarið. Þeim er það ljóst, að efnahagsmálafrumvarpið er merkilegt spor í rétta átt. Hinir skynsamari og ofsaminni talsmenn þeirra hafa einnig viðurkennt þetta hvað eftir annað.

Forustumenn Sjálfstfl. hafa vafalaust orðið að beita hörðu að lokum til þess að fá allt sitt lið til þess að vera á móti málinu, og er það ekkert undarlegt. Það hefði átt að mega ætlazt til þess, að Sjálfstfl. hefði haft manndóm til þess að styðja þetta mál, sem hlaut að skoðast spor í rétta átt frá þeirra sjónarmiði. En þess í stað hafa þeir þaggað niður raddir hinna skynsamari og ofsaminni manna og tekið það ráð að spila á lægstu nóturnar, eins og vant er, og höfuðvopnið á að vera að fá menn til þess að snúa reiði á stjórnarflokkana fyrir óhjákvæmilegar verðhækkanir, sem hlutu að verða afleiðing af nýjum ráðstöfunum í rétta átt í efnahagsmálunum. Það á að segja við bóndann: Það hækkar verð á tækjum, sem þú þarft að kaupa. Það getur þú þakkað Framsfl. fyrir. — Það á að segja við útgerðarmennina og fiskimennina: Það hækkar verð á því, sem þið þurfið að kaupa, og það getið þið þakkað Framsfl., Alþb. og Alþfl. fyrir. — Þetta er rógur á lægsta plani, gerður í trausti þess, að Íslendingar standi á svo lágu stigi í þekkingu á eigin þjóðarbúskap, að þeir haldi, að það hefði verið fært að halda þessum málum í því horfi, sem verið hefur. Þessi áróður er móðgun við menn.

En athugum ofur lítið nánar, hvernig þessi áróður fer í munni þeirra stjórnarandstæðinga. Þeir hafa ekki farið dult með það í málflutningi sínum, að þeir telja, að uppbótakerfið eigi að afnema og gengisskráningin sé röng. Þetta segi ég ekki til þess að álasa þeim, því að ég hef sjálfur verið þeirrar skoðunar, að það væri heppilegt að losa sig við uppbótakerfið, a. m. k. að mestu leyti, og færa skráningu krónunnar í rétt horf. Hef ég ekkert farið dult með þessa skoðun. Það er bara blekking, að almenningi sé hagur að rangri gengisskráningu. En allt veltur á, hvaða stefnu er fylgt að öðru leyti, hvað með fylgir gengisbreytingu og öðrum slíkum ráðstöfunum, og þá ekki síst, hversu víðtæk samtök eru fáanleg um þær.

En hvernig geta þeir menn, sem vilja gengislækkun og uppbótakerfið feigt, hvernig geta þeir fengið sig til þess að gera nú hækkun á verðlagi neyzluvara og vara til framleiðslunnar að rógsefni á hendur stjórnarflokkunum? Þessar hækkanir hlytu sem sé að verða gífurlega miklu meiri, ef þeir fengju sinn vilja og skráning íslenzku krónunnar væri færð í rétt horf og uppbætur afnumdar.

Í þessum málflutningi stjórnarandstöðunnar eru fólgin svo botnlaus óheilindi og virðingarleysi fyrir réttu máli og réttum rökum, að öllum hlýtur að blöskra, enda er sannleikurinn sá, að fyrst framan af fengust ekki nærri allir þm. Sjálfstfl. til þess að taka þátt í þessum skrípaleik, þótt þeir sennilega verði allir fengnir til þess að lokum. Og ræðumannavalið í þessum útvarpsumræðum af hendi stjórnarandstæðinga sýnir sannarlega, að það hefur ekki verið eftirsótt af þeirra hendi að taka þátt í þeim.

Þá er eftirtektarvert, að einmitt þær verðhækkanir, sem sjálfstæðismenn gera helzt að rógsefni, eru sá þáttur í málinu, sem þeir af þm. flokksins, sem ekki hafa enn þá tamið sér þá iðrótt til fulls að tala alveg glórulaust, hafa talið löggjöfinni helzt til gildis. En það er sú samræming í verðlagi, sem þessum ráðstöfunum fylgir.

Hvert leiðir það íslenzku þjóðina að lokum, ef stjórnmálamenn hennar og aðrir menn í trúnaðarstöðum temja sér áróður eins og þann, sem Sjálfstfl. beitir nú, og sýna slíkt virðingarleysi fyrir staðreyndum við meðferð þýðingarmikilla mála og gert er með þessu? Tekst að brjóta dómgreind manna niður, eða rísa menn gegn svona aðförum? Á því getur meira en lítið oltið um framtíðina. Efnahagsmálin eru því miður talsvert flókin, en óhugsandi, að vel fari, ef ekki er hægt að treysta því, að heilbrigð

dómgreind fái notið sín við mat á því, sem gert er og gera þarf. Er hægt með svona áróðri að gera menn þannig, að þeir sjái ekki nema niður fyrir fætur sér, missi alveg samhengi í hugsun, verði á móti öllu, sem gera þarf, og geti ekki sameinazt um að styðja neitt jákvætt? Er hægt að æra menn þannig með samhengislausum neikvæðum áróðri, að enginn stjórnmálamaður né stjórnmálaflokkur þori að lokum að beita sér fyrir nokkru heilsteyptu úrræði í þýðingarmestu málefnum landsins af ótta við þennan neikvæða róg? Takast sjálfstæðismönnum þessi vinnubrögð? Ég held ekki. Ég held, að þeir vanmeti dómgreind manna. Ég held, að þetta verði verst fyrir þá sjálfa, þegar fram í sækir.

En við hverju var svo sem að búast af stjórnarandstöðunni í þessu tilliti? Við hverju var að búast af mönnum, sem hafa reynt að spilla fyrir því, að Íslendingar gætu fengið lán erlendis til allra nauðsynlegustu framkvæmda, bara af því að þeir héldu að með því gætu þeir gert stjórninni óleik? Við hverju var að búast af mönnum, sem gert hafa allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að koma af stað nýrri verðbólguöldu í landinu með því að æsa til verkfalla og með sérhverjum öðrum ráðum, enda þótt þeir, á meðan þeir höfðu völdin, gengju allra manna lengst í því að reyna að sýna fram á, að slíkt gæti aðeins orðið til tjóns fyrir stéttirnar og þjóðina í heild? Við hverju er að búast af mönnum, sem gengið hafa fram í því með mestri frekju allra manna að heimta aukin ríkisframlög og ríkisútgjöld á öllum sviðum og hafa sýnt allra manna minnsta ráðdeild í tilhögun ríkisrekstrar, en deila svo á aðra fyrir það, að ríkisútgjöld hafi hækkað? Við hverju er að búast af mönnum, sem hafa gengið svo langt að bera samstarfsþjóðum Íslendinga og helztu vinaþjóðum pólitískar fémútur á brýn, af því að þeir héldu, að það gæti komið ríkisstjórninni illa að útbreiða slíkan óhróður? Auðvitað var ekki við því að búast, að þeir, sem þannig hafa komið fram, hefðu manndóm til þess að fylgja nokkru góðu máli, sem kom frá andstæðingunum, eða gætu stillt sig um að leika á hinar lægstu nótur í áróðrinum.

Ef nokkur í liði hv. stjórnarandstæðinga fengi notið til fulls góðra hæfileika fyrir ofsa og blindu forustunnar í skammsýnni valdabaráttu, þá mundu stjórnarandstæðingar einnig sýna lit á því að uppfylla skyldur sínar við þjóðina og gera tillögur um úrlausn efnahagsmálanna, svo að þær gætu orðið bornar saman við úrræði ríkisstj. En það er öðru nær en því sé að heilsa. En hvernig sem hv. stjórnarandstæðingar reyna, komast þeir aldrei fram hjá því, að öll þjóðin spyr: Hverjar eru till. sjálfstæðismanna? Þjóðin spyr, og hún á heimtingu á svari.

Út af þessu hafa sjálfstæðismenn verið í hinni mestu klípu og eru enn. Þeir gagnrýna tillögur stjórnarinnar, en þora ekkert til þeirra mála að leggja. Þeir afsaka sig með því, að þeir hafi ekki haft undir höndum nauðsynlegar upplýsingar til þess að gera till. En menn spyrja, og ekki að ástæðulausu: Þeir segjast hafa skilyrði til þess að dæma um tillögur ríkisstj. bæði í einstökum atriðum og að efni til. Hafa þeir þá ekki einnig skilyrði til þess að segja, hvað þeir vilja? Enginn efast um, að þeir hafa það. Það sjá allir. Þess vegna hafa sumir þeirra hér og þ. á m. hv. þm. Rang., sem á að tala hér á eftir, verið að reyna að klóra í bakkann og afsaka framkomu flokksins á þingi með því að segja, að það væri ekki ástæða til þess, að þeir gerðu tillögur, því að þeir treystu ekki stjórninni til þess að framkvæma þær. Mikið er að heyra þetta. Á ekki þjóðin heimtingu á að vita, hvað þeir vilja, þó að þeir treysti illa stjórninni? Þessi heilagrautur kemur þannig út, að þeir geta ekki gert tillögur, af því að stjórnin sé svo vond og úrræðalaus. Mundi þá ekki vera freisting fyrir þá að sýna, hvað þeir væru úrræðagóðir? Þjóðin gæti þá borið saman úrræðaleysi ríkisstj. og úrræði þessara snillinga.

Ég sé ekki betur en stjórnarandstæðingum sé vorkunn í þeim ógöngum, sem þeir hafa lent. Það er þeirra mál. En öll þjóðin spyr: Hvað vilja sjálfstæðismenn? Vilja þeir gengislækkun eða ekki? Sjá þeir leið til þess að lækka uppbæturnar frá því, sem þær eru ráðgerðar í hinum nýju lögum ríkisstj.? Vilja þeir deila byrðunum öðruvísi en þar var gert? Við þessu vilja menn fá skýr svör, en engar vífilengjur eða undanbrögð, eins og formaður Sjálfstfl. viðhafði í gærkvöld. Þjóðin heimtar spilin á borðið.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Mér fannst nánast broslegt, jafnvel kátbroslegt, þegar hv. þm. G-K. var í gærkvöld að afneita gengislækkun. Sjálfstfl. er á móti gengislækkun og verður það alltaf, sagði formaður flokksins. En svo kom í næstu setningu hjá honum: Samt hef ég þrivegis framkvæmt lækkun á gengi krónunnar. — Mér dettur í hug: Ætli hann yrði ekki til í það svo sem eins og einu sinni eða tvisvar enn þá að lækka gengið, aðeins ef hann fengi stjórnartaumana í hendur? En það er trúa mín, að á meðan hann væri að framkvæma verkið, gæti hann hæglega haft til að hrópa yfir landsbyggðina: Ég er harðastur allra Íslendinga á móti gengislækkun. — Ósamræmi, segið þið. Nei, þetta er Ólafur Thors. Á því er engin önnur skýring til.

Að öðru leyti var hin stórorða ræða form. Sjálfstfl. lítið annað en vandræðaleg, en þó sannarlega misheppnuð tilraun til að afsaka ráðleysi sjálfstæðismanna í efnahagsmálum, en þær afsakanir urðu strax í munni ræðumannsins að þungum ásökunum fyrir ábyrgðarleysi og lýðskrum, sem þjóðin mun lengi og með réttu áfellast hann fyrir.

Þó komst þessi höfuðsmaður íhaldsins fyrst í essið sitt, þegar hann fór að bölsótast yfir samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. Þar sér hann nefnilega framtíðarhættuna. Slíkt samstarf var hvorki meira né minna en stjórnarskrárbrot og þar að auki brot á öllu þingræði og lýðræði. Þarna hafa menn sýnishornið af vinsemd Sjálfstfl. til verkalýðs og verkalýðssamtaka. Við svoleiðis fólk á ekki að tala. Það er

brot á öllu velsæmi, og þar að auki er það brot á sjálfri stjórnarskránni.

En hvað er þá að segja um afstöðu verkalýðssamtakanna til þeirrar leiðar í efnahagsmálunum, sem helzt fékkst samkomulag um að farin yrði? Frá því skal nú skýrt eftir frumgögnum.

Það er upphaf þessa máls, að strax þegar hugmyndin um að bjóða verkalýðssamtökunum 5% kauphækkun til þess að draga úr kjararýrnun launafólks í sambandi við fyrirhugaðar aðgerðir í efnahagsmálum kom fram, var það atriði eitt út af fyrir sig borið undir miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Miðstjórnin samþ. þessa till. samhljóða. Einnig var um þetta leitað álits margra forustumanna verkalýðssamtakanna víðs vegar um land. Allir voru á einu máli um það, að þetta væri umtalsverð kjarabót og bæri tvímælalaust að taka henni.

Þá er þess svo næst að geta, að strax þegar frv. um útflutningssjóð var fullgert, var miðstjórn og 19 manna nefnd Alþýðusambandsins kölluð saman til þess að fjalla um málið í heild. Það er þingræðis- og stjórnarskrárbrotið, sem verst fór í taugarnar á hv. þm. G-K. Málið var svo rækilega rætt á mörgum fundum og síðan gerðar um það ályktanir. Hér í umr. hefur sérstaklega verið gerð að umtalsefni till., sem borin var fram af Eðvarð Sigurðssyni, Eggert Þorsteinssyni o. fl., og því haldið fram, að hana beri að skilja sem mótmæli gegn frv. um útflutningssjóð. Þetta er þó sannanlega alrangt, því að fyrir lá brtt. um, að efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambands Íslands skyldu mótmæla tillögum þeim, sem fyrir lægju um ráðstafanir í efnahagsmálum. Hvað fékk sú till. mikið fylgi? Þessi till. var kolfelld, fékk aðeins eitt atkvæði, að viðhöfðu nafnakalli, gegn atkvæðum allra annarra fundarmanna. Þetta er sannleikurinn í málinu.

Þessu næst tel ég svo rétt að gefa hlustendum kost á að heyra þær ályktanir, sem miðstjórn og efnahagsmálanefnd Alþýðusambands Íslands gerðu, er umræðum þeirra lauk um efnahagsmálin. Þær voru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Efnahagsmálanefnd og miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafa á fundum sínum að undanförnu kynnt sér og rætt tillögur þær í efnahagsmálum, sem ríkisstj. nú hyggst leggja fyrir Alþingi. Með ráðstöfunum þessum er í veigamiklum atriðum vikið frá þeirri verðstöðvunarstefnu, sem farin hefur verið, síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum, og verkalýðssamtökin hafa stutt og vildu styðja áfram. Ljóst er, að afleiðingar þessara ráðstafana verða meiri verðhækkanir en átt hafa sér stað síðustu þrjú missiri.

Þó álítur fundurinn, að þar sem ákveðið er að lögfesta nokkra launahækkun, megi telja tryggt, að ekki geti orðið um rýrnun kaupmáttar verkalauna að ræða, a. m. k. næstu mánuði.

Enn fremur telur fundurinn mikils virði, að ákveðið er að setja löggjöf um lífeyrissjóð togarasjómanna og gerðar nokkrar breytingar á skattalögunum láglaunafólki í hag.

Að þessu athuguðu og jafnframt vegna annarra mikilsverðra mála fyrir afkomu og lífskjör íslenzkrar alþýðu í framtíðinni, sem úrlausnar krefjast nú, leggur nefndin og stjórn Alþýðusambands Íslands til, að verkalýðshreyfingin vinni ekki á móti eða torveldi framgang tillagnanna."

Þessi till. var samþ. með 16 atkvæðum gegn einu, en 12 sátu hjá.

Að lokum var svo hljóðandi ályktun gerð, og sýnir hún bezt, hvort fundarmenn ætluðust til þess, að afgreiðsla efnahagsmálanna eða ágreiningur um þau skyldi leiða til stjórnarslita, eins og sumir hafa viljað halda fram. Sú till. var á þessa leið:

„Fundur efnahagsmálanefndar og miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, haldinn 8. maí 1958, lýsir ánægju sinni yfir því, að lögfestur hefur verið réttur tíma- og vikukaupsmanna til óskertra launa í allt að 14 daga í veikinda- og slysaforföllum og til eins mánaðar uppsagnarfrests frá störfum.

Fundurinn fagnar einnig, að tryggður er á Alþ. framgangur frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna."

Ég vil leyfa mér að skjóta því hér inn í, að þetta frv. um lífeyrissjóð togarasjómanna var afgr. í gær sem lög frá Alþingi. Síðan segir í ályktuninni:

„Framkvæmd þessara mála er ávöxtur af samstarfi verkalýðshreyfingarinnar við núverandi ríkisstj., og svo er einnig um ýmis önnur hagsmunamál alþýðustéttanna, svo sem verulega hækkun á kaupi fiskimanna, lækkun tekjuskatts á láglaunafólki, þál. um hækkun elli- og örorkulífeyris og aukið fé til íbúðarhúsabygginga á s. l. ári."

Ályktun fundarins lauk með þessum orðum:

„Fundurinn lætur í ljós þá von, að framhald megi verða á vinsamlegu samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og núverandi ríkisstj. um framgang hagsmunamála alþýðunnar og þeirra mikilvægu málefna, sem nú bíða úrlausnar."

Tillögumennirnir voru einmitt þeir, sem hv. þm. G-K., Ólafur Thors, hefur oft verið að vitna til með ánægjubros á vör, þeir Eðvarð Sigurðsson, Óskar Hallgrímsson, Eggert Þorsteinsson og þeir, sem stóðu að upphaflegu till. á fundinum, og sýnir það bezt, hvort þeir eru ekki þakklátir því, sem vel hefur verið gert af núverandi ríkisstj. fyrir verkalýðssamtökin og verkalýðsstéttina.

Nú spyr ég: Eru þetta mótmæli verkalýðshreyfingarinnar, eins og hv. þm. G-K. entist sannleiksást til að fullyrða hér í gær?

Það er vissulega rétt, að verðlag kemur til með að hækka mjög verulega vegna þeirrar aðstoðar, sem nú verður veitt til þess að tryggja öruggan rekstur aðalatvinnuveganna og útflutningsframleiðslunnar og þar með að tryggja fulla atvinnu í landinu. En það er og verður stærsta mál verkalýðsins á hverjum tíma, að atvinnulífið sé í fullum gangi og geti staðið með blóma. Um það eru þó allir sammála, að fyrst um sinn leiði þessar verðhækkanir, sem fram undan eru, ekki til kjaraskerðingar launafólks. Þetta játar t. d. hv. 4. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson, í nál. sínu með svofelldum orðum: „Víxlun sú, sem frv. gerir ráð fyrir á næstu 9 vísitölustigum og 5% kauphækkun, virðist hins vegar munu koma í veg fyrir almenna kjaraskerðingu næstu mánuði." Hið sama var einnig játað í tillögu Eðvarðs Sigurðssonar

o. fl., — tillögunni, sem hv. þm. G-K. var að vitna til í gær, mjög svo villandi þó.

En svo mikið er víst, að verkalýðurinn veit fullvel, að íhaldið hefði hvorki haft samráð við verkalýðssamtökin um úrlausn efnahagsmálanna né heldur leyst þau með það fyrir augum að vernda hag hins vinnandi fólks, — eða hvenær hefur íhaldið komið með kauphækkun til launþega, áður en verðhækkanir hafa skollið á vegna stjórnmálaaðgerða? Það vita allir, að það hefur aldrei gerzt og mun sennilega aldrei gerast. Á eftir hefur svo verkalýðshreyfingin jafnan orðið að heyja fórnfrek verkföll til þess að rétta hlut sinn á ný. Það er það, sem íhaldið hefur rétt að verkalýðsstéttinni.

Ég skal taka það fram, að ég bíðst ekki undan ábyrgð að mínum hluta á þeirri samkomulagsleið, sem hér hefur verið valin í efnahagsmálunum. Ég held, að eftir atvikum sé sú leið, sem farin var, verkalýð landsins hagkvæmari en aðrar leiðir, sem samkomulag gat náðst um.

Mótsagnirnar í málflutningi stjórnarandstöðunnar eru furðulegar. Sjálfstæðismenn viðurkenna aðstoðar þörf við atvinnulífið, og þeir fullyrða jafnframt, að með þessum aðgerðum sé of lítil aðstoð veitt. En svo fer samhengið hjá þeim ónotalega út um þúfur, því að hins vegar halda þeir því fram, að tekjuöflunin og þar af leiðandi verðhækkanir séu allt of miklar. Með þessu afhjúpar Sjálfstfl. hyldjúp og fyrirlitleg óheilindi sín í málinu, og þarf engu við það að bæta til útskýringar.

En nú segið þið ef til vill: Þetta verða ekki varanleg úrræði. — Það má vel vera, að það sé rétt, en sannleikurinn er líka sá, að engin varanleg úrræði eru til í efnahagsmálum nema þá þau ein að efla framleiðsluna, auka þjóðartekjurnar. Aðeins með því móti verður meira til skiptanna, og að því er nú unnið af hæstv. ríkisstj. Jafnframt þarf svo að draga úr eyðslu og miða fjárfestingarframkvæmdir á hverjum tíma við tekjuöflun þjóðfélagsins.

Þá er það einnig sannfæring mín, að verkalýðshreyfingin eigi mjög að taka það til íhugunar og jafnvel að krefjast þess sjálf, að vísitölukerfið í núverandi mynd verði endurskoðað, því að verkalýðssamtökin hafa yfir nægilegri orku að ráða til að tryggja verkafólki réttmætan hlut sinn af þjóðartekjunum á hverjum tíma, það er ég alveg viss um. Ég held líka, að auðvelt sé að sanna það hverjum manni, að raunar eru það hálaunamenn þjóðfélagsins, sem mest hafa grætt á vísitöluhækkunum undanfarinna ára, ef nokkur hefur þá raunverulega grætt á vísitöluskrúfunni, þegar allt kemur til alls. En svo mikið er víst, að verkalýðurinn hefur þar oft fengið skarðan hlut, að ég ekki segi aðeins hálfan hlut.

Með þessu, sem ég nú hef sagt, læt ég útrætt um efnahagsmálin.

Þegar ég heyri svartnættisþrugl stjórnarandstöðunnar um þjóðfélagsástandið núna vegna stjórnarfarsins í landinu, þá dettur mér oft í hug hið hressilega svar Halldórs Kiljans Laxness, þegar hann kom heim úr heimsferðalagi sínu og blaðamaður spurði hann, hvernig honum litist nú á ástandið hér heima. Hið víðförla skáld sagði þá: Er ekki allt hérna í stakasta lagi? Ég sé ekki betur en hér sé allt í bezta lagi. Lífskjör almennings eru betri hér en jafnvel í Bandaríkjunum, hvergi eins vel og mikið byggt, og allflestir hafa meira en nóg að bíta og brenna og margir of fjár, að því er virðist. Það væri þá kannske helzt sums staðar í sveitum, að kjör manna séu krappari. Annars ferðast menn um allt, og nóg er flutt inn, og einhvern veginn eru alltaf ráð með gjaldeyri. — Einna sízt skildi skáldið, að það gæti gengið að flytja inn erlent vinnuafl á fiskiskipin og borga kaupið í erlendum gjaldeyri. En hvað á að gera, sagði hann svo, þegar innlent vinnuafl skortir og það erlenda fæst ekki með öðru móti? Nú, þetta gengur allt vel, og af hverju eru menn þá eiginlega að kvarta, og hverjum andskotanum eru menn alltaf að kvíða? sagði skáldið.

Hér kveður a. m. k. nokkuð við annan tón en hjá hv. stjórnarandstöðu, sem segir daglega, að allt sé að fara fjandans til. En ég spyr: Er nú þetta samt ekki eins sönn mynd af íslenzku þjóðinni í dag og barlómsvæl íhaldsins um, að allt sé að sökkva í eymd og volæði? Mér er nær að halda, að svo sé.

Þeir íhaldsmenn fjasa mikið um svik ríkisstj., en sjaldan eru svikabrigzlin þó rökstudd á nokkurn hátt. Ég tel, að tvö atriði stjórnarsáttmálans séu langsamlega þýðingarmest fyrir verkalýð landsins og eftir efndum eða vanefndum á þeim eigi raunar helzt að dæma stjórnina. Þessi atriði eru loforðin um að beita sér fyrir alhliða atvinnuuppbyggingu í landinu, einkum í þeim þremur landsfjórðungum, sem verst voru á vegi staddir í atvinnulegum efnum, þegar stjórnin var mynduð, og í öðru lagi loforðin um lausn landhelgismálsins. Væntanlega þagna nú fljótlega brigzlin um svik í landhelgismálinu, ekki get ég trúað öðru. Hitt er rétt, að enn þá er að vísu alllangt frá því, að vinnufúsu fólki sé séð fyrir fullri atvinnu sums staðar úti um land, en ástandið í þessu efni, hefur þó batnað verulega, síðan stjórn Ólafs Thors hrökklaðist frá völdum. Stór og afkastamikil fiskiðjuver hafa tekið til starfa í öllum landshlutum. Bátaflotinn hefur víða verið stóraukinn, og nú skapast með stækkun landhelginnar stórbætt skilyrði fyrir vélbátaútgerðina hvarvetna um land. Verður því nú þegar að hefjast handa um aukna fiskiskipabyggingu innanlands, enda ætti skipasmíði nú að verða fyllilega samkeppnisfær við útlönd vegna efnahagsaðgerða ríkisstj. Eftir 2—3 mánuði fara togbátarnir 12, sem verið er að smíða fyrir okkur í Austur-Þýzkalandi, að sigla til íslenzkra hafna og taka þátt í atvinnulífi okkar, og væntanlega verða þeir allir komnir heim fyrir næstu áramót. Þá ætti líka að verða skammt þess að bíða, að hafin verði smíði 8 stórra togara fyrir Íslendinga í Þýzkalandi eða Bretlandi, og er það mál nú að fullu undirbúið, og virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að framkvæmd geti hafizt. Fólksflóttinn til Reykjavíkur og Suðurnesja er að stöðvast. Áður var það oft aðalúrræði í atvinnuleysishéruðunum að senda menn á Keflavíkurflugvöll. Nú er sú tíð liðin, sem betur fer, og það er gleðilefni vissulega, að nú er minna unnið á Keflavíkurflugvelli og meira unnið að heilbrigðu atvinnulífi úti um land. Íslenzk framleiðslustörf eru sem sé aftur að endurheimta sitt

fólk. Núverandi ríkisstj. skilur til fulls, að það er mesta hagsmunamál fólksins um land allt, að haldið sé uppi fullri atvinnu. Það verður að ganga á undan öllu öðru að afla nýrra framleiðslutækja og auka þar með þjóðarframleiðsluna. Í því felst eina varanlega lausnin á vanda okkar í efnahagsmálunum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Tveir ráðherrar hafa gasprað hér hátt, og er sýnilegt af málflutningi þeirra, að samvizkan er farin að slá þá lítið eitt. Í stað þess að biðja afsökunar á því, að þeir hafa ekki staðið við neitt af því, sem þeir lofuðu þjóðinni, koma þeir hér með margs konar fullyrðingar og staðleysur í garð sjálfstæðismanna. Þeir hrópa um hjálp og tillögur frá Sjálfstfl., enda þótt þeir fyrir fáum dögum í blöðum og á fundum hafi stært sig af því, að þeir ætluðu að leysa vandamál efnahagsmálanna án stuðnings og samráðs við Sjálfstfl.

Allir, sem fylgjast með stjórnmálum landsins, hafa gert sér ljóst, að til núverandi stjórnarsamstarfs var stofnað með blekkingum og fölskum loforðum, sem ekki stóð til að efna. Voru því margir frá upphafi vissir um, að árangur af starfi ríkisstj. mundi verða eins og til var stofnað. Það, sem gert er með óheilindum, blekkingum og svikum, endar alltaf á einn veg með vandræðum, vonbrigðum og tjóni. Að þessu sinni er það íslenzka þjóðin, sem verður að gjalda hina stóru skuld. Mun það koma þungt niður á þjóðarheildinni og valda ófyrirsjáanlegum erfiðleikum. Vonandi tekst svo til, að þjóðin megi læra af reynslunni og vinna upp aftur það, sem tapazt hefur.

Þegar stjórnin tók við völdum í júlílok 1956, lofaði hún úttekt á þjóðarbúinu fyrir opnum tjöldum. Sérfræðingar frömdu úttektina, og geymir ríkisstj. skýrslu um niðurstöður hennar, en hefur ekki fengizt til að birta hana alþm., hvað þá heldur almenningi. Augljóst er, hvers vegna stjórnin tregðast við að birta úttektina. Það er vegna þess, að hún sýnir, að allt, sem núverandi stjórnarflokkar sögðu fyrir síðustu kosningar um efnahagsmálin, var stórum ýkt og fjarstæðukennt. Úttekt þjóðarbúsins 1956 sýnir, að núverandi ríkisstj. tók við blómlegu búi. Hún sýnir, að atvinnuvegirnir voru í uppbyggingu og framleiðslutækin höfðu stórum aukizt í tíð fyrrv. ríkisstj., án þess að erlendar lántökur kæmu til. Og þegar Karl Guðjónsson er að tala um það, að fiskiskipastóllinn hafi ekki verið aukinn, þá ber að minnast þess, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var fluttur inn og smíðaður í landinu fjöldi fiskibáta, og í tíð fyrrv. ríkisstj. voru gerðar ráðstafanir til kaupa á þeim bátum, sem hafa komið til landsins í tíð núverandi ríkisstj. Úttektin sýnir enn fremur, að nokkur einkenni komu fram í heildarmynd efnahagslífsins, sem gátu orðið hættuleg til frambúðar, en auðvelt var að lagfæra með skynsamlegum aðgerðum.

Þar sem fyrrnefnd úttekt vitnar gegn núverandi ríkisstj. og fullyrðingum stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar og ætíð síðan, hefur ríkisstj. af þeirri ástæðu ekki enn fengizt til að birta úttektina. Þetta er skiljanlegt með tilliti til starfsháttа ríkisstj., en stórmannlegt er það ekki. Ekki er ósennilegt, að stjórnarflokkarnir kvíði þeirri úttekt, sem fram verður látin fara, þegar þeir skila þjóðarbúinu af sér. Samanburðurinn mun ekki verða hagstæður fyrir núverandi stjórnarflokka.

Fyrir síðustu alþingiskosningar töluðu vinstri flokkarnir um gjaldeyris- og vöruskort, sem ekki hafði við rök að styðjast, vegna þess að þá var landið vel birgt af vörum og gjaldeyrisstaðan betri, þegar stjórn Ólafs Thors skilaði af sér í júlílok 1956, heldur en á sama tíma 1953, þegar sú stjórn var mynduð, en þá töldu a. m. k. framsóknarmenn, að allt væri í lagi í þessum málum. Bankaskýrslur og skýrslur Fiskifélagsins um útflutningsbirgðir frá þessum tíma sýna, að gjaldeyrisstaðan hafði batnað í tíð fyrrv. ríkisstj. um 81 millj. kr. Það er tilgangslaust fyrir andstæðinga sjálfstæðismanna að koma með falskar tölur, sem rekast á við opinberar skýrslur. Núverandi ríkisstj. hefur ekki haldið vörubirgðunum við, og er því tilfinnanlegur skortur á nauðsynlegum vörum á mörgum sviðum.

Ef gjaldeyrismálin eru athuguð í dag, verður sú mynd, sem blasir við, óglæsileg. Erlendar skuldir hafa hækkað um 500 millj. kr. Nokkur hluti af þessum lánum hefur verið tekinn til nauðsynlegra framkvæmda, en allt of stór hluti hefur farið í eyðslu, svo sem til þess að greiða ríkissjóði tolla, og nokkur hluti hefur gengið til þess að greiða venjulegan innflutning, sem áður hefur verið greiddur hverju sinni með framleiðslu þjóðarbúsins. Erlendar lántökur til þess að greiða ríkissjóði tolla eru glæframennska, sem hvergi þekkist nema hér á landi. Erlendir fjármálamenn skilja ekki fjármálastjórn íslenzka ríkisins. Fjármálaráðherrann er því frægur utan landsteinanna, ekki síður en hér heima, fyrir þá fjármálastefnu, sem hér er ráðandi. Erlend lán, sem ekki verða til framleiðsluaukningar og nauðsynlegra framkvæmda, verða þjóðinni erfið, þegar fram í sækir. Greiðslur vaxta og afborgana verða þungar í skauti, enda eru þær upphæðir, sem koma til greiðslu í þessu skyni, iskyggilega háar miðað við gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Ef litið er á gjaldeyrisstöðuna í apríllok s. l., kemur í ljós, að verzlunarjöfnuðurinn er óhagstæður fyrstu 4 mánuði ársins um 189 millj. kr., að gjaldeyrisstaðan, þegar hin erlendu lán eru tekin með, er nærri 600 millj. kr. lakari í apríllok s. l. heldur en á sama tíma 1956. Þessi þróun er óglæsileg og minnir vissulega á þörfina fyrir að auka framleiðslu þjóðarinnar.

Ríkisstj. hefur haft mikið fé til umráða, síðan hún komst til valda. Eigi að síður er hún stöðugt févana, því að dýrtíðarhít stjórnarinnar krefst stöðugt meira fjármagns, hærri skatta, meiri lána. Á árinu 1957 voru 300 millj. kr. teknar í nýjum sköttum af þjóðinni. Verðbólgulögin nýju munu gefa árlega 790 millj. kr. Hver hefði trúað því, ef einhver hefði sagt það, þegar stjórnin tók við völdum, að hún mundi leggja svo háa skatta á almenning eins og raun ber vitni? Sá, sem hefði haldið slíku fram, hefði tæplega verið talinn með réttu ráði.

En reynslan af 22 mánaða valdatíma stjórnarinnar sannar, að hún hefur verið ráðlausari og eyðslusamari en þeir, sem minnst treystu henni

í fyrstu, höfðu reiknað með. Þegar 300 millj. kr. voru lagðar á þjóðina í árslok 1956, lýsti einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar á Alþ. því yfir, að það, sem nú væri verið að gera, mundi leiða til gengislækkunar og mikillar verðbólgu. Hefur þessi stuðningsmaður stj. orðið sannspár, og hafa fleiri úr stjórnarliðinu á Alþ. lýst afstöðu sinni til verðbólgulaganna á þann hátt, að nú væri hrint af stað dýrtíðarskrúfu og yfir þjóðina mundi nú flæða ný verðbólgualda, sem illt yrði að stöðva.

Í grg. fyrir verðbólgufrv. er gert ráð fyrir, að nýjar aðgerðir þurfi að koma til á næsta hausti. Þessi mikla fjárheimta er þess vegna ætluð aðeins til bráðabirgða, og mun margur hugsandi maður hafa áhyggjur af því ábyrgðarleysi, sem fram kemur hjá stjórnarflokkunum með þessum ráðstöfunum.

Hinn óstöðvandi vöxtur dýrtíðarinnar setur allt efnahagskerfið úr skorðum, dregur úr framkvæmdum og getur leitt til atvinnuleysis. Dýrtíðarskrúfan hefur snúizt hratt, síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum. Fjárl. hækkuðu um 151 millj. kr. árið 1957, miðað við næsta ár á undan. Vísitölunni hefur verið haldið niðri með stöðugt hækkandi niðurgreiðslum, og hefur hún hækkað um 21 stig, síðan ríkisstj. komst til valda. Sem dæmi um auknar niðurgreiðslur má minna á, að um það leyti, sem ríkisstj. komst til valda, var niðurgreiðslan á mjólkurlítra 86 aurar, en nú er niðurgreiðslan kr. 1.52 á hvern lítra eða næstum helmingi hærri en áður. Þannig mætti nefna ýmsar fleiri vörur, sem greiddar eru niður til þess að dylja vöxt dýrtíðarinnar, en þetta gerðist í dýrtíðarmálunum, á meðan stjórnin hafði verðstöðvun á stefnuskrá sinni.

En hvað verður nú, þegar stuðningsmenn stjórnarinnar á Alþ. og jafnvel ráðherrarnir viðurkenna, að horfið hafi verið frá verðstöðvunarstefnunni? Margir stuðningsmenn stj. fullyrða, að dýrtíðarskriðan fari nú yfir með meiri þunga en nokkru sinni fyrr og skapi öllum almenningi mikla erfiðleika og valdi samdrætti í atvinnulífinu. Með verðbólgulögunum er gert ráð fyrir 5% kauphækkun frá 1. júní. Verða það 200 kr. á mánuði fyrir verkamannafjölskyldu og aðra, sem hafa hliðstæðar tekjur. Verðhækkun sú, sem sama fjölskylda verður að greiða vegna brýnna lífsnauðsynja, mun nema a. m. k. 600 kr. á mánuði. Þannig tekur verðbólguhít ríkisstj. a. m. k. 10% af launum þeirra, sem minnst bera úr býtum. En það er stjórn hinna vinnandi stétta, sem veldur þessum ráðstöfunum. Atvinnuvegir landsmanna fá sinn skerf af verðbólguráðstöfunum ríkisstj. Allur iðnaður mun lamast og mikill samdráttur verða í þeim atvinnuvegi. Landbúnaðurinn, sem engan málsvara virðist hafa átt, þegar verðbólgufrv. var samið, verður fyrir hvað mestum skakkaföllum vegna þessara ráðstafana. Allar rekstrarvörur landbúnaðarins eru stórhækkaðar og 55% yfirfærslugjald lagt á brýnustu nauðsynjavörur landbúnaðarins.

Landbrh., Hermann Jónasson, sagði í gær, að 55% yfirfærslugjald væri ekki lagt á brýnustu nauðsynjar. Eftir því telur ráðherrann fóðurbæti, áburð, benzín, olíur, byggingarefni, vélar og varahluti, sem þarf til rekstrar landbúnaðar, ekki nauðsynjavöru. Hygg ég, að bændur hafi ekki búizt við slíku skilningsleysi hjá ráðherranum, a. m. k. ekki þeir bændur, sem til þessa hafa kosið Framsfl.

Það er enginn vafi á því, að með ráðstöfunum ríkisstj. er landbúnaðurinn settur í mjög erfiða aðstöðu. Það hefur verið upplýst á Alþ., að ráðstafanirnar séu gerðar til þess að draga úr framleiðslu landbúnaðarvara. Það mátti skilja á Eysteini Jónssyni, að heyja væri ekki aflað eins og skyldi vegna þess, hversu fóðurbætirinn væri ódýr. En ræktunarframkvæmdir og áburðarkaup síðustu ára sanna bezt, að hér er talað af miklu þekkingar- og skilningsleysi á einum elzta atvinnuvegi þjóðarinnar.

En er framleiðslan of mikil? Árið 1957 var framleiðsla mjólkur 5.6% fram yfir nauðsynlegar þarfir. Það ár var mjög hagstætt hvað tíðarfar og grassprettu snertir. Umframframleiðslan s. l. ár er sú minnsta, sem leyfilegt er að hafa, til þess að tryggt sé, að alltaf verði nóg á markaðinum af hinum hollu og góðu landbúnaðarvörum. Að öðrum kosti er hætt við, að vöruskortur verði á ýmsum tímum árs, og er það til skaða fyrir þjóðarheildina og neytendur. Það er einnig til tjóns og leiðinda fyrir framleiðendur. Fólkinu fjölgar í landinu. Neytendahópurinn stækkar. Þarfirnar fyrir landbúnaðarvörur aukast. Það er þess vegna illt verk, þegar stjórnarandstöðuflokkarnir með verðbólgulögunum gera beinlínis ráðstafanir til þess að draga úr framleiðslu landbúnaðarafurða. Mjólkin átti að hækka um 5% 1. júní. Á það að vera hlutur bænda til þess að bæta þeim hækkanir, sem af verðbólgulögunum leiðir. Hætt er við, að þessi hækkun fari að mestu í kostnað. Eða hvað hafa bændur fengið af þeirri hækkun, sem lofað var 1. sept. 1957? Ýmsir munu segja, að ný hækkun komi í verðgrundvelli landbúnaðarins n. k. haust. En hvaða trygging er fyrir því, að bændur njóti þess, þótt útsöluverð mjólkur og annarra landbúnaðarafurða verði hækkað? Hætt er við, að verðbólguskrúfan taki drjúgan hlut til sín og kostnaðurinn, sem af henni leiðir, gleypi bróðurpartinn af hækkuninni, ekki sízt ef þannig verður búið að neytendum, að kaupgetan verði stórum skert.

Því var haldið fram í gærkvöld af þeim, sem gerðu tilraun til þess að verja tilræðið við landbúnaðinn, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir muni hækka og bæta þannig hlut bændastéttarinnar.

Á síðasta ári voru fluttar út landbúnaðarvörur fyrir 68 millj. kr. Meðalútflutningsuppbætur það ár voru 54.5%. Verðbólgulögin gera ráð fyrir 80% útflutningsuppbótum. Má því gera ráð fyrir, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir hækki um 17—18 millj. kr., en það mun ekki vera tíundi hlutinn af þeim sköttum, sem lagðir eru á landbúnaðinn samkvæmt verðbólgulögunum.

Það má þess vegna segja við bændur: Gjafir eru ykkur gefnar. Það er að þessu sinni eins og áður, að þrengt er að landbúnaðinum sérstaklega, þegar sjálfstæðismenn eru utan stjórnar. Bændur munu minnast þess, sem áður var, og

viðurkenna, að sagan endurtekur sig og að Framsfl. geta bændur ekki treyst. Framsfl. hefur áður verzlað með hagsmuni bændastéttarinnar fyrir valdastólana. Bændur vita, að sveltitímabili landbúnaðarins lauk ekki fyrr en sjálfstæðismenn fengu aðstöðu til að rétta hlut þeirra með réttlátri verðlagningu árið 1942. Og nú í umræðunum var Eysteinn Jónsson að býsnast yfir því, að vísitalan hefði hækkað 1942, vegna þess að landbúnaðarafurðirnar voru hækkaðar.

Bændur vita, að ræktunartímabil landbúnaðarins, sem enn stendur yfir, byrjaði, eftir að lög Péturs Magnússonar um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum fengu gildi 1946, en með þeim lögum var ríkissjóði gert að greiða 50 millj. kr. vegna ræktunar og bygginga í sveitum. Þetta var mikið fé á þeim tíma. En Framsfl. var utan stjórnar, þegar þetta gerðist.

Þótt landbúnaðurinn verði að þessu sinni verst úti, verða verðbólguráðstafanir stjórnarflokkanna jafnframt til þess, að allri þjóðinni blæðir, og með þessum ráðstöfunum eru erfiðleikar atvinnulífsins auknir og kostur almennings stórum þrengdur.

Vinstri stjórnin hefur spilað með hagsmuni almennings. Þannig verða svitadropar verkamannsins, bóndans, sjómannsins og annarra, sem vinna sér brauð með erfiði, skattlagðir til þess að lengja líf þeirrar ríkisstj., sem hefur fyrirgert rétti sínum og misst traust alls þorra almennings í landinu. En nú munu ýmsir segja. Þessi óhöpp hafa skeð, þetta verður ekki aftur tekið. — Eigi að síður munu flestir gera sér fulla grein fyrir því, að hjá þessu böli var unnt að komast. Það mun vart fara fram hjá nokkrum, að sökin og ábyrgðin er hjá stjórnarflokkunum og þá ekki síst hjá Framsfl., sem flokka mest hefur siglt undir fölsku flaggi og blekkt kjósendur sína með því að þykjast vera raunsær og varfærinn í stjórnmálum landsins.

Þess ber að minnast, að við sjálfstæðismenn gerðum tillögur í ársbyrjun 1956 um stöðvun dýrtíðarinnar. Þá var dýrtíðarskriðan ekki það þung, að hún væri óstöðvandi. Hagstofustjóri gerði útreikninga, sem sýndu, hvaða kostnað það hefði í för með sér að stöðva dýrtíðina. Það er ekki sök okkar sjálfstæðismanna, þótt vísitalan hafi hækkað á árinu 1956, meðan kosningarnar og kosningaundirbúningurinn stóð yfir. Sökin er hjá þeim, sem ekki vildu taka í framrétta hönd okkar sjálfstæðismanna og sameinast um að forða þjóðinni frá böli dýrtíðar og upplausnar. Sökin er hjá þeim, sem rufu samstarfið og gerðust boðberar ævintýramennsku og fláttskapar. Sökin er hjá þeim, sem bera ábyrgð á þeirri stefnu eða stefnuleysi, sem ráðið hefur, síðan samstarfið var rofið við Sjálfstæðisfl. Sökin er hjá þeim, sem sögðust geta leyst allan vanda íslenzkra stjórnmála með því að setja stærsta flokkinn, þann flokkinn, sem mesta hefur ábyrgðartilfinninguna, frá samstarfi og ætluðu að leysa öll vandamál án samráðs við hann.

Nú, þegar stjórnarflokkarnir hafa gefizt upp og finna, að þau lög, sem þeir kalla bjargráð, leiða aðeins til vaxandi erfiðleika, kalla þeir eftir tillögum frá Sjálfstæðisfl. í efnahagsmálum landsins. Það er stutt síðan Tíminn endurtók það, sem oft hefur verið sagt í stjórnarherbúðunum, að efnahagsmálin verði leyst án samstarfs og án samráðs við Sjálfstfl. Flestir munu skilja, að efnahagsmálin munu ekki leyst á viðunandi hátt, nema Sjálfstæðisflokkurinn hafi forustu eða samráð þar um. Stjórnarliðið hrópar til Sjálfstfl. og biður um tillögur, biður um hjálp, sendir út neyðarkall. Vissulega vill Sjálfstfl. hjálpa. En þessari ríkisstj. verður ekki bjargað, þótt sjálfstæðismenn vildu leggja henni lið. Hún ber í sér dauðameinið og er ekki lengur starfhæf. Þótt góðar tillögur lægju fyrir í vandamálum þjóðarinnar, væri núv. stjórn um megn að framkvæma þær á viðunandi hátt. Sjálfstæðismenn munu gera skyldu sína og leysa efnahagsmálin, þegar þeir fá aðstöðu til að framkvæma þau úrræði, sem talin verða heppilegust fyrir alþjóð. Vandamál íslenzku þjóðarinnar verða leyst, þegar þjóðin hefur fengið stjórn, sem hún ber traust til, stjórn, sem ekki blekkir þjóðina, en segir henni sannleikann umbúðalaust. Núv. ríkisstj. treysta fáir. Almenningur telur, að stjórnin sé stjórn óhappa og víxlspora, sem hefur misst traust flestra.

Menn geta deilt um, hvort stjórnin hefur unnið til slíks vantrausts alþjóðar, þótt ástæðan sé augljós vegna vanefnda og svikinna loforða. Það er lögmál, sem stöðugt gildir, að hver, sem glatað hefur öllu trausti annarra, getur aldrei notið sín og verður ávallt ófær og vanmáttugur til þess að vinna gagn og leysa erfið viðfangsefni. Það er skaði og óbætanlegt tjón fyrir alþjóð, að ríkisstj. skuli ekki viðurkenna þennan sannleika. Því lengur sem stjórnin situr að völdum, verður tjón þjóðarinnar meira, erfiðleikar atvinnulífsins og alls almennings aukast.

Það er þess vegna þjóðarheill, sem krefst þess, að nú þegar verði breytt um stefnu, að spilin verði stokkuð upp, að þjóðin með nýjum kosningum eigi þess kost að velja sér nýja forustu og starfhæfa stjórn, sem hún ber traust til. Með því getur þjóðin endurheimt hamingju sína og starfsgleði. Þá mun þjóðin vera þess albúin að taka virkan og jákvæðan þátt í endurreisnarstarfinu og byggja upp á þeim rústum, sem vinstri stjórnin lætur eftir sig. Þá mun þjóðin fús til þess að leggja hart að sér, fórna stundarhagsmunum, ef nauðsyn krefur, til þess að efnahags- og atvinnulífið komist á heilbrigðan og traustan grundvöll. Ný og aukin starfsorka mun verða leyst úr læðingi til athafna og framfara, til vaxandi fjölbreytni í atvinnulífinu og aukinnar framleiðslu þjóðarbúsins. Undir þeim skilyrðum munu lífskjör almennings brátt batna og áhrif verðbólgulaga ríkisstj. smám saman hverfa. Með gagnkvæmu trausti ríkisstj. og almennings mun koma nýtt uppbyggingartímabil, tímabil starfs og framkvæmda. Landsins gæði munu verða nýtt til hins ýtrasta, til hagsbóta fyrir alþjóð. Þjóðin mun halda virðingu sinni inn á við og út á við og efla sjálfstæði sitt, efnalegt og pólitískt.

Það er trú mín, að þetta tímabil sé ekki langt undan. Það er trú mín, að þjóðin megi bráðlega losna úr fjötrum og erfiðleikum þeim, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa leitt hana

í. Það er trú mín, að upp muni birta og þjóðin megi njóta gæfu og hamingju í því landi, sem forsjónin hefur gefið henni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti, góðir hlustendur. Undanfarin 2—3 ár hefur tíðum mátt lesa það í Morgunblaðinu og heyra af vörum sjálfstæðismanna, að Alþfl. ætti á að skipa sérlega miklum pólitískum reiknimeisturum, sem gerðu furðulegustu hluti í krafti þeirra vísinda.

Hafi svo verið, að Alþfl. bæri af á sviði reiknivísindanna, þá er sú tíð nú úti. Í gærkvöld kom fram á sjónarsviðið í þessum umr. nýr stórmeistari í listinni, slíkur snillingur, að þar stenzt enginn samanburð. Þessi nýi meistari er hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason. Hann flutti skörulega ræðu og sagði ýmislegt satt og rétt af landsföðurlegri vizku, en þess á milli sló hroðalega út í fyrir honum, ekki sízt þegar hann byrjaði að reikna. Sigurður komst sem sé að þeirri niðurstöðu, að hinar nýju álögur ríkisstj. næmu — ég man ekki hve mörgum hundruðum millj., og svo reiknaði hann út, að álögurnar næmu 35 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, en meðallaun verkamanna kvað hann nú vera talin 57 þús. kr. á ári.

Þetta var merkilegur reikningur. En dæmið er þó ekki alveg á enda. Sigurður gleymdi alveg gömlu álögunum, t. d. 800 millj. fjárlaganna, sem mundu samkvæmt reikningsaðferð þessari nema 25 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Svo eru lögð á landslýðinn útsvör, og tækjum við Reykjavík sem dæmi, er heildarupphæð útsvaranna þar eitthvað nálægt 200 millj., en það nemur á hverja fimm manna fjölskyldu í bænum nálægt 12 þús. kr. Samkvæmt þessum reikningsaðferðum hv. þm. N-Ísf. nema opinberar álögur í útflutningssjóð, ríkissjóð og bæjarsjóð á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu hvorki meira né minna en 76 þús. kr. Nú hefur verkamannsfjölskylda 57 þús. kr. á ári, svo að samkvæmt þessum talnavísindum Sigurðar Bjarnasonar þarf hver fimm manna verkamannafjölskylda í landinu að útvega sér 19 þús. kr. lán til þess að eiga fyrir opinberum gjöldum, og er þá eftir allur framfærslukostnaður fjölskyldunnar allt árið auk allra annarra útgjalda.

Það hlýtur hvert mannsbarn að sjá, að þessir útreikningar hv. þm. eru hringavitleysa, algerlega út í bláinn, enda þótt Sjálfstfl. hafi valið hann til að flytja þjóðinni þetta sem heilagan sannleika í útvarpi frá hæstv. Alþingi. En svona er meðferð sjálfstæðismanna á staðreyndum varðandi efnahagsmálin. Tölur þeirra, 790 millj. kr. álögur og allt það, eru álíka fáránlegir útreikningar og þessi reikningsaðferð hv. þm. N-Ísf., sem í einni svipan gerði allar fimm manna fjölskyldur í landinu gersamlega gjaldþrota.

Ég er hræddur um, að Norður-Ísfirðingar þurfi að láta fram fara gagngerða endurskoðun á þessum hv. þm. sínum og þjóðin öll þurfi að endurskoða rækilega viðhorf og málflutning Sjálfstæðisfl., þar sem annað fer eftir því eina dæmi, sem ég hef nefnt.

Sjálfstæðismenn halda því mjög á lofti, að þing það, sem nú situr, hafi verið aðgerðalítið eða aðgerðalaust. Þrátt fyrir þá staðreynd, að sumir af forustumönnum Sjálfstæðisfl. hafa tiltölulega sjaldan sýnt þinginu þann sóma að mæta þar á fundum, hefur það afgr. mikinn fjölda mála, sem til framfara horfa og munu hafa margvísleg áhrif til góðs á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Ég vil nefna það dæmi þessu til sönnunar, að síðdegis í gær afgr. Alþ. lög um lífeyrissjóð togarasjómanna, en þar með er eitt af mestu baráttumálum sjómannastéttarinnar á síðari árum orðið að veruleika. Engir menn í þessu landi eiga það frekar skilið en sjómennirnir, að þeim sé tryggður lífeyrir, eftir að þeir neyðast til að láta af störfum á sjónum, sumir eftir áratuga strit. Leit er að þeim störfum, sem slíta mönnum svo mjög — oft um aldur fram — sem sjómennskan, og það er sérstaklega ánægjulegt við þessi nýju lög, að samkomulag náðist um að láta réttindi lífeyrissjóðsins ná til þeirra manna, sem í dag eru komnir til ára sinna eftir langa starfsævi á togurunum, en venjulega verða menn að öðlast lífeyrissjóðsréttindi á mörgum árum, eftir að sjóður hefur verið stofnaður.

Það er ástæða til þess að benda togarasjómönnum á, að lífeyrissjóður hefur, þegar fram líða stundir, fleira gott í för með sér en að tryggja mönnum lífeyri í ellinni eða tryggja ekkjum tekjur. Lífeyrissjóðir eru sparifjármyndun og því mjög heilbrigðar og æskilegar stofnanir fyrir fjármálakerfi þjóðarinnar. Þegar nokkurt fé safnast í slíka sjóði, hafa þeir getað lánað þeim, sem sjóðina eiga, fé til húsbygginga eða til annarra slíkra framkvæmda. Við skulum því vænta þess, að eftir nokkur ár muni lífeyrissjóður togarasjómanna geta byrjað að lána ungum sjómönnum fé til að koma upp íbúðum fyrir fjölskyldur sínar, og mun sjóðurinn því láta gott af sér leiða, löngu áður en menn komast á þann aldur, að þeir byrja að fá úr honum lífeyri.

Það er rík ástæða til þess að óska togarasjómönnum, Sjómannafélagi Reykjavíkur og öðrum samtökum þeirra, sem mest hafa barizt fyrir framgangi þessa máls, til hamingju með þann sigur, sem vannst í málinu í gær. Alþfl. gerði það fyrir sitt leyti að algeru skilyrði í ríkisstj., að þessi l. yrðu sett nú á þessu þingi, um leið og efnahagsmálin væru afgreidd. En það var dálítið sögulegt, þegar Nd. Alþ. afgr. lífeyrissjóðsmálið í gær. Enginn þm. hafði þorað að standa upp til þess að andmæla frv. Mættir voru hér í þessum sal 14 þm. stjórnarflokkanna, en aðeins 4 sjálfstæðismenn, þegar málið var tekið fyrir. Nú vill svo til, að í Nd. þarf minnst 18 atkv. til þess að afgr. mál. En þá gerðist það, að einn af áhrifamestu þm. Sjálfstfl. gekk út úr fundarsalnum, fór niður á neðri hæð þinghússins og pantaði sér kaffisopa, það vantaði eitt atkv. til að gera lífeyrissjóð íslenzkra togarasjómanna að l., en þessi sjálfstæðisþm. neitaði að koma inn í fundarsalinn og greiða þetta atkv. Vitað var um fleiri sjálfstæðisþm. í húsinu, en nú fundust þeir ekki, vildu ekki koma nálægt því að veita íslenzkum sjómönnum lífeyrissjóð. Ég vona, að þeim hafi orðið kaffið og pönnukökurnar að góðu, en þetta litla atvik sýnir bet-

ur en nokkuð annað hinn sanna hug sjálfstæðismanna til baráttumála íslenzkrar alþýðu. Þeir fara og fá sér kaffi og pönnukökur, þegar þörf er á atkv. þeirra til að veita útslitnum, gömlum togarasjómönnum lífeyri í ellinni. Málið endaði raunar þannig, að 15. þm. stjórnarflokkanna komu á fundinn, og frv. um lífeyrissjóðinn varð að lögum.

Þessi lífeyrissjóður, sem nú hefur verið samþ. nær því miður aðeins til togarasjómanna. Þess vegna álítum við Alþfl.-menn að hér sé aðeins um áfanga að ræða. Lokatakmarkið er, að allir sjómenn verði slíkra réttinda aðnjótandi. Enda þótt ekki reyndist unnt að þoka málinu lengra í þessari lotu, verður baráttunni haldið áfram, unz fullnaðarsigur er unninn. Hér er ekki aðeins um mannréttindamál sjómanna að ræða, heldur einnig mikið hagsmunamál allrar útgerðarinnar, því að gengi hennar mun ávallt vera nátengt því, hversu örugg kjör sjómannanna eru.

Annað mikið hagsmunamál sjómanna eru skattamálin. Það hefur verið til umr. í vaxandi mæli, að réttlátt sé að létta sköttum af sjómönnum eða jafnvel gera laun þeirra alveg skattfrjáls. Er þetta byggt á þeirri sérstöðu þeirra fram yfir landkrabbana að geta ekki unnið aukastörf og hafa takmarkaða aðstöðu til að vinna fyrir sjálfa sig, t. d. við húsbyggingar. Þar að auki virðist þetta ein augljósasta leið ríkisvaldsins til þess að bæta kjör sjómannastéttarinnar og stuðla að því, að fleiri landsmenn snúi sér að hinum arðbæru framleiðslustörfum við sjávarútveginn, en það er þjóðarnauðsyn.

Núv. ríkisstj. hefur komið til leiðar verulegri hækkun á skattafrádrætti sjómanna, og hafa þær ráðstafanir sparað sjómönnum samtals margar millj. kr. í beinhörðum peningum, sem ella hefðu farið í skatta. Sjálfstæðismenn og — þótt ótrúlegt kunni að virðast — þeirra á meðal einmitt vinur okkar með kaffið og pönnukökurnar, sem ekki vildi styðja lífeyrissjóð sjómannanna, hafa yfirboðið stjórnina í þessu efni með till. hér á Alþ. En það er athyglisvert, að sjálfstæðismenn gerðu nálega ekkert í þessu máli í þau 15 ár, sem þeir áttu sæti í ríkisstj., en fóru fyrst að fá verulegan áhuga á málinu, þegar þeir voru farnir úr stjórn og lausir við alla ábyrgð.

Það sannast í þessu máli sem fyrr, að vandalaust er að berjast hetjulegri baráttu fyrir góðum málum, þegar menn bera enga ábyrgð og þurfa ekki að framkvæma sínar eigin till. Munurinn á stjórnmálaflokkunum í þessum hagsmunamálum sjómanna, lífeyrissjóðnum og skattafríðindunum, er sá, að sjálfstæðismenn gerðu ekkert, þegar þeir voru í stjórn, en flytja till. um sumt, eftir að þeir eru farnir úr stjórn. Vinstri flokkarnir gerðu hins vegar till. um bæði málin, þegar þeir voru ekki í stjórn, og hafa framkvæmt bæði, eftir að þeir fengu stjórnaraðstöðu.

Í sambandi við skattamál vil ég nefna hér lauslega mjög róttæka og nýstárlega till., sem Alþfl. flutti hér á Alþ. í vor og samþ. var fyrir nokkrum dögum. Hún er þess efnis, að rannsakað verði gaumgæfilega, hvort ekki sé hægt að afnema tekjuskattinn með öllu. Þessi till. byggist á þeirri staðreynd, að tekjuskatturinn er nú orðinn allt annar en hann var í upphafi, hefur allt önnur áhrif og allt aðra þýðingu. Eins og hverju mannsbarni í landinu er kunnugt, eru því miður mikil brögð að skattsvikum, og hafa sérfróðir menn áætlað, að 20—25% af öllum þjóðartekjunum séu aldrei gefnar upp til skatts. Í þessu sambandi hefur skapazt hróplegt ranglæti milli þegnanna, því að einn gefur nauðugur viljugur upp allar tekjur sínar, meðan annar getur skotið miklum hluta af sínum tekjum undan. Þannig er tekjuskatturinn nú orðinn að verulegu leyti skattur á fastlaunafólk, sem oft hefur sízt aðstæður til að bera miklar skattabyrðar. Þetta kerfi hefur grafið uggvænlega undan siðferði þjóðarinnar í slíkum málum og haft margvísleg mjög slæm áhrif.

Við Alþfl.-menn viljum að sjálfsögðu enn sem fyrr, að breiðu bökin beri mestar byrðar þjóðfélagsins. Við viljum með þessari till. okkar um afnám tekjuskattsins tryggja, að þau raunverulega breiðu bök beri skatta, en ekki aðeins hin, sem skattheimtumönnum á einn eða annan hátt tekst að ná til með framtölum. Við höfum fasta trú á því, að nú séu þær aðstæður í þjóðfélagi okkar, að hægt sé að hafa þessa skattlagningu réttlátari með því að skattleggja ekki tekjur, heldur hluta af útgjöldum manna, skattleggja þá, sem hafa svo breið bök, að þeir geti veitt sér margvísleg lífsins gæði fram yfir hreinar nauðsynjar, skattleggja þá, sem kaupa lúxusvöruna, sem flutt er inn fyrir mörg hundruð millj. á hverju ári. Þannig nær skatturinn til þeirra, sem raunveruleg efni hafa, hvort sem þeir hafa aðstöðu til að fela tekjur sínar frá skattaframtali eða ekki. Við teljum, að nú séu aðstæður orðnar svo gerólíkar því, sem var fyrir 35 árum, þegar tekjuskatturinn var lagður á, að sú breyting, sem við leggjum til, mundi tryggja betri, hollari og réttlátari dreifingu þeirra byrða, sem nú eru lagðar á þjóðina í formi tekjuskatts.

Hér er um að ræða mjög mikla breytingu á skattakerfi þjóðarinnar, og við Alþfl.-menn gerum okkur ljóst, að slík breyting verður ekki gerð í einni svipan. Þess vegna höfum við talið rétt að hrinda málinu á flot með þeirri þáltill., sem við höfum fengið samþ. hér á Alþ., og munum við nú fylgja málinu eftir, þannig að sannreynt verði að beztu manna yfirsýn, hvort við höfum ekki bent á merkilega nýbreytni í skattamálum, nýbreytni, sem er fyllilega í samræmi við kröfur tímans.

Ég vil nú að lokum víkja aftur örfáum orðum að aðalefni þessa þings, efnahagsmálunum. Um margra mánaða skeið hefur mér eins og öðrum þm. stjórnarflokkanna gefizt meira eða minna tækifæri til að fylgjast með undirbúningi þessa máls, sem var ærið langur. Við höfum heyrt álitsgerðir hagfræðinga og annarra sérfróðra manna, við höfum þrautrætt hinar ýmsu leiðir, sem talið var unnt að fara, spurt og fengið svör. Það frv., sem nú er orðið að l., er að margra manna yfirsýn og margra sérfræðinga áliti það bezta, sem kostur er á, eins og málum er nú komið. Þetta mál er ekki frekar en slík mál hafa venjulega verið líklegt til sérlegra vinsælda, en

landsmenn geta verið fullvissir um það, að alþm. og aðrir ráðamenn gera sér ekki leik að því að leggja á þjóðina meira en þörf er fyrir.

Sjálfstæðismenn eru nú búnir að flytja fimm ræður í þessum umr., og hlustendur hafa heyrt, að þeir hafa engin önnur úrræði að bjóða. Það hefur enginn maður, hvorki í stjórnarliðinu né stjórnarandstöðunni, komið með fullkomnar og rökstuddar till. um aðrar ráðstafanir — og hvað á þá að gera? Það rignir ekki gulli af himnum ofan, sagði Ólafur Thors einu sinni fyrir nokkrum árum, þegar hann var ráðh. og þurfti að verja svipaðar ráðstafanir. Það rignir enn ekki gulli af himnum ofan.

Ég er, eins og flestir borgarar þessa lands, fús til þess að greiða minn hluta af þeim álögum, sem óhjákvæmilegt er á hverjum tíma að leggja á. En ég vil hafa eins mikla vissu og hægt er að veita fyrir því, að peningum, sem af okkur eru teknir, borgurunum, sé vel varið. Í þeim efnum tel ég einmitt að hin nýja skipan efnahagsmálanna sé veruleg bót. Kerfið er nú allt einfaldara, það er búið að afnema ótal flokka og tegundir uppbóta fyrir þetta og hitt í útgerðinni, en í staðinn verða einungis greiddar uppbætur á þann gjaldeyri, sem raunverulega er aflað. Þeir lélegu verða ekki lengur verðlaunaðir, kerfið allt er stórum auðveldara í framkvæmd og yfirsýn.

Með þessi aðalatriði í huga hef ég stutt efnahagsráðstafanir stjórnarinnar, enda hefði verið beinn voði fram undan, ef einhverjar slíkar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar nú. Við verðum framar öllu öðru að halda framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar gangandi. Fiskveiðar og fiskiðnaður tryggja 97% af þeim gjaldeyri, sem við öflum, og fyrir þann gjaldeyri verðum við að auka enn framleiðsluna, unz hún getur vandræðalaust staðið undir þeim lífskjörum, sem við öll þráum. Þá fyrst verður hægt að tala um varanlega lausn efnahagsmálanna. Að því takmarki verða Íslendingar allir að stefna sem einn maður. — Góða nótt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti, góðir tilheyrendur. Hv. þm. A-Húnv., Jón Pálmason, talaði um, að húsmóðirin, sem vinnur eingöngu að heimilishaldi, sé ranglæti beitt með nýjum lagaákvæðum um skattamál hjóna, kallaði þau ákvæði kinnhest rekinn sveitakonunni.

Þetta var fremur hrottaleg framsetning. Með lagabreytingunni er leiðrétt misræmi, sem legið hefur í því, að skattskyldar tekjur, sem eiginkonur hafa aflað með vinnu sinni, hafa að undanförnu verið of þungt skattlagðar. Þessi leiðrétting kemur líka fram hjá sveitakonunum, sem vinna að öflun skattskyldra tekna með bændum sínum. Þær fá leiðréttinguna. Þegar vinur minn, hv. þm. A-Húnv., ætlar að koma sér vel við sveitakonur, þarf hann að fara laglegar að en þetta. Þær eru síður en svo meiddar á kinnum eftir breytingarnar á skattalögunum og taka ekki á móti kossum á kinnarnar þess vegna, þó að hann virtist halda það. Hann ætti miklu heldur að reyna mansöng.

Þegar hv. 1. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, hleypir út minkum sínum, eins og hann gerði hér áðan, minkum rógburðar og rangfærslu, dettur engum manni hér á Alþ. í hug að fara að eltast við þá einn og einn. Enginn fær verðlaun fyrir að vinna þau dýr, þau eru nefnilega tannleysingjar. Öllum þeim tilraunum, sem þessi hv. þm. gerði til þess að blekkja bændur landsins og telja þeim trú um, að þeir verði fyrir sérstöku ranglæti með hinni nýju efnahagslöggjöf, tel ég þó rétt — sérstaklega af kurteisi við áheyrendur — að svara með yfirlýsingu, sem stjórn Stéttarsambands bænda gerði 3. maí. Um leið tel ég einnig fullsvarað hv. þm. A-Húnv., Jóni Pálmasyni, um sama efni. Yfirlýsing stjórnar Stéttarsambands bænda er svo hljóðandi:

„Meiri hluta stjórnar Stéttarsambands bænda hefur verið skýrt frá efni frv. ríkisstj. í efnahagsmálum, einkum að því er varðar landbúnaðinn sérstaklega. Meiri hluti stjórnar Stéttarsambandsins lætur í ljós þá skoðun, að ekki verði komizt hjá ráðstöfunum í þessum málum til þess að tryggja afkomu útflutningsframleiðslunnar til lands og sjávar, og án þess að taka afstöðu til þess, í hvaða formi þær eru, telur meiri hl. stjórnarinnar, að með frv. sé hlutur landbúnaðarins ekki fyrir borð borinn með hliðsjón af ákvæðum þess gagnvart öðrum atvinnugreinum og stéttum.“

Þessa yfirlýsingu gerðu Sverrir Gíslason, Bjarni Bjarnason, Einar Ólafsson. Þó að talað sé um meiri hl. í yfirlýsingunni, klofnaði ekki stjórnin í meiri og minni hluta fyrir ágreining, heldur stóð þannig á, að tveir af fimm gátu ekki mætt á fundinum. Engin mótmæli hafa þessir tveir menn látið opinberlega frá sér heyra. Athygli skal vakin á því, að einn hinna þriggja, er yfirlýsinguna gefa, er sjálfstæðismaðurinn Einar bóndi í Lækjarhvammi. Vek ég athygli á því honum til heiðurs og áróðursmönnunum, flokksbræðrum hans, til umþenkingar.

Í gegnum stjórn Stéttarsambandsins hefur bændastéttin þannig talað. Enginn þarf að halda, að auðvelt sé að villa um fyrir bændastétt landsins almennt. Hún veit af aldareynslu, að svo sem sáð er, er uppskorið, og öll sönn velmegun kostar erfiði.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, vissu gerhugulir menn, að hún hafði tekizt á hendur erfitt verk og seinunnið. Fjárhagskerfið var sjúkt og riðaði til falls. En fleira var að. Framkvæmdavald íslenzka ríkisins er svo veikt, að það er varla meira en nafnið eitt. Á því veltur á Íslandi í stað framkvæmdavalds, að þegnskapur sé svo þroskaður, að farið sé að lögum og fyrirmælum hins opinbera, án þess að valdbeitingu þurfi. Stéttasamtök hins vinnandi fólks í landinu hafa sum með samtakamætti sínum og hinum lítt takmarkaða verkfallsrétti skilyrði til þess að kúga ríkisvaldið, ef þau vilja það við hafa. Þetta er staðreynd, sem þýðir ekki að neita. Eitt af meginhlutverkum ríkisstj. átti að vera það að samhæfa þetta vald hinna vinnandi stétta ríkisvaldinu, að gera hinar vinnandi stéttir þegnlega ábyrgar um efnahagslega afkomu, ekki aðeins sína afkomu, heldur afkomu þjóðfélagsins, að veita þeim fyrir milligöngu fulltrúa sinna, eftir því sem hægt er, aðstöðu til að fylgjast með og vera þátttakendur í að gera nýja skipan efnahagsmálanna. En ef þetta átti að tak-

ast, lá ljóst fyrir, að stjórnin þurfti að fá forkólfa verkalýðsins til að leggja til hliðar um sinn innbyrðis flokkadrátt og hinar óbilgjörnu deilur um þjóðskipulagsform. Markmið stjórnarinnar var að gangast fyrir uppbyggingu efnahagslífsins á hagfræðilega traustum grundvelli og fá til þess þegnlega og bróðurlega samstöðu sem flestra, en fyrst og fremst framleiðenda til lands og sjávar og verkalýðsins.

Nú er hátt á annað ár, síðan stjórnin tók til starfa. Hlutverkið hefur reynzt erfitt og seinunnið, eins og allir máttu búast við. En forðað hefur verið frá fári. Miðað hefur áleiðis að settu marki, og rétt horfir. Fyrir fáum dögum var sett ný efnahagslöggjöf, sem er merkur áfangi. Stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., er í öngum sínum yfir þessu. Hann veit raunar ekki sitt rjúkandi ráð, eins og alþjóð hefur heyrt við þessar umr. Hann er líkastur hænu í hvössum vindi. Hann hefur ekkert jákvætt haft til mála þessara að leggja allan þann tíma, sem þau hafa verið til umr. á Alþingi. Og hvers vegna hagar Sjálfstfl. sér svona? Hvers vegna leggur hann ekki fram till. um efnahagsmálaúrræði? Hann segir þó, að þeirra sé þörf. Varla getur hann verið svo illa innrættur, að hann vilji, að þjóðin fari á höfuðið, þó að hann vilji, að ríkisstj. fari á höfuðið. Ekki getur þetta heldur stafað af því, að leiðtogar hans séu ekki vel viti bornir menn. Nei, þetta er einmitt af því, að þeir eru svo vel viti bornir, að þeir sjá, að úrræði stjórnarliðsins ganga í rétta átt og eru í aðalatriðum það helzta, sem hægt er að gera, eins og sakir standa í þjóðfélaginu, þegar á allt er litið.

Stjórnarandstaða, sem hefur ekkert annað en vífilengjur og jag til málanna að leggja, þegar mikið liggur við, að hennar sögn eins og annarra, er viðundur veraldar. Ýmsir hlæja að Sjálfstfl. fyrir þetta, og víst gerir hann sig hlægilegan með þessu. Aðrir fara um hann hörðum ásökunarorðum, og víst á hann það skilið. Hvort tveggja þetta hefur verið gert hér í umr., og utan þings ber mikið á því. En þegar dýpra er skoðað, er hann fyrst og fremst brjóstumkennanlegur. Sá mun og verða dómur sögunnar. Það er sannarlega sorglegt, að leiðtogar þess stjórnmálaflokks, sem telur sig stærsta flokk landsins, — þó að hann sé að vísu frekar flokkasamsull, en flokkur, — skuli ekkert hafa til mála að leggja á örlagastund í efnahagsmálum þjóðarinnar, og úr því að svo er, að hann skuli ekki einu sinni hafa mannslund til þess að standa með því, sem aðrir leggja til, heldur reyna að torvelda árangur þess. Þetta er raunalegt dæmi um stjórnmálalegt menningarleysi. Hér er tækifæri fyrir hina almennu kjósendur í flokknum að gera betur en foringjarnir og ganga í verki til samstarfs um farsæla framkvæmd efnahagslöggjafarinnar, hvar í stétt sem þeir eru. Það væri manndómslegt. Þar geta þeir haft til fyrirmyndar fulltrúa sinn í stjórn Stéttarsambands bænda, Einar Ólafsson.

Hin nýja efnahagslöggjöf um útflutningssjóð o. fl. hefur áreiðanlega marga kosti, enda er hún byggð á reynslu síðustu ára og útreikningum hagfróðra manna. Hér í þessum útvarpsumræðum hefur því glöggt verið lýst, þótt ryki hafi líka verið þyrlað. Í Fjármálatíðindum Landsbankans, hefti, sem er nýkomið út, er grein eftir Jóhannes Nordal hagfræðidoktor. Greinin heitir „Í átt til jafnvægis". Þar talar hann um efnahagsmálafrv., sem nú er orðið að lögum. Jóhannes Nordal er ekki í neinum pólitískum flokki. Ég tel hann þess vegna hlutlaust vitni og vil lesa — með leyfi hæstv. forseta — nokkrar setningar úr greininni, um leið og ég ráðlegg áheyrendum að kynna sér hana í heild, — hann segir m. a.:

„Óhætt mun að fullyrða, að sú stefnubreyting, sem hér hefur átt sér stað, horfir mjög til bóta. Vænta má, að jafnari útflutningsupphætur muni stuðla að betri nýtingu og dreifingu framleiðsluaflanna á milli mismunandi greina útflutningsframleiðslunnar. Hitt er ekki síður mikilvægt, að dregið sé úr hinu geysilega misræmi, sem orðið var í verðlagi innflutnings vegna mismunandi innflutningsálaga. Var ljóst orðið, að þetta misræmi hafði í för með sér óhóflegan innflutning og notkun þeirra vörutegunda, einkum rekstrarvara og atvinnutækja, sem haldið var óeðlilega ódýrum í samanburði við vöruverð almennt og innlendan tilkostnað. Þegar til lengdar lætur, hlýtur hagkvæm nýting framleiðsluafla þjóðarbúsins að hafa mest að segja varðandi aukningu þjóðarteknanna og almenna velmegun."

Vegna mjög takmarkaðs tíma get ég ekki lesið meira upp úr greininni. En þó að ég lesi ekki meira, kemur fram í hinu lesna þýðingarmikil umsögn fyrir hinn almenna áheyranda um efnahagsmálalöggjöfina nýju, af því að þar talar maður, sem stendur utan við þras hinna pólitísku flokka, hámenntaður maður í þjóðhagsfræðum.

Annars er nauðsynlegt að gera sér þess fulla grein, að vitanlega er það mest undir hinum vinnandi stéttum komið eða leiðtogum þeirra, hvort löggjöfin nær tilgangi sínum. Þar fá þessar stéttir tækifæri til að sýna, að þær séu ábyrgar og farsælt fyrir þjóðina, að þær séu hinar mest ráðandi stéttir um stjórnarfarið í efnahagsaðgerðum. Ég vil ekki trúa því, að þær vilji ekki taka á sig stundarmótlæti til að skapa sér og þjóðinni öruggari framtíð. Ég vil ekki trúa því, að leiðtogar verkalýðsins vilji ekki stilla sig um innbyrðis kapphlaup í kröfugerð, að þeir vilji brjóta niður það, sem byggja skyldi, setja sinn metnað á þeim sviðum ofar þjóðarhag. Ég vil ekki heldur trúa því, að þeir, sem tóku höndum saman um myndun stjórnarinnar, vilji á þessu stigi láta ágreining um þjóðskipulag slíta bræðraböndin.

Hér á Alþingi hefur komið fram sérstaða um efnahagsmálin hjá þrem mönnum af 16 í tveim stjórnarflokkunum. Framsfl. var eini stjórnarflokkurinn, sem stóð alveg sem einn maður að efnahagsmálafrv., ekki af því, að hann hefði ekki til samkomulags orðið að hliðra til, þegar samið var um það, heldur af því, að framsóknarmenn töldu skylt að rjúfa ekki einingu í slíku höfuðmáli stjórnarsamstarfsins.

Sjálfstæðisfl. segir frá því fagnandi aftur og aftur í blöðum sínum og ræðum, að ýmis stéttarsamtök hafi mótmælt lagasetningunni um út-

flutningssjóð. Sú virðist helzta og eina gleði hans að hampa slíkum fréttum. Áður fauk öðruvísi í þeim skjá. Þetta ætti að vera stéttasamtökunum aðvörun um að fara gætilega. Ætli það sé annars ekki einsdæmi í veröldinni, þó að breysk sé, að flokkur — eins og Sjálfstfl. vill láta fólk álíta að hann sé — fagni því, að stéttarfélög snúist á móti ráðstöfunum, sem gerðar eru til stuðnings framleiðslunni? Sannleikurinn virðist vera sá, að Sjálfstfl. leggur svo mikið kapp á að reyna að brjóta niður vinstra samstarfið, að hann brýtur flest boðorð, ef verkast vill. Áróðri hans til að koma á verkföllum mætti jafnvel líkja við andlegan sýklahernað.

Þjóðinni líður vel efnalega, en öryggið fyrir framtíðina vantar. Þjóðinni líður svo vel, að sá maðurinn á Alþingi, sem talinn er vera mest á móti þjóðskipulaginu, sagði í vetur orðrétt, að hér væri „með beztu lífskjörum í veröldinni". En þessi vellíðan hangir því miður á veikum þræði. Ef þjóðin eirir ekki skynsamlegum aðgerðum, er hrunið nærri. Hvaða vit er t. d. í því fyrir þjóðina að haga atvinnu- og gjaldeyrismálum þannig að ráða útlendinga á skip sín, borga stórfé í verðbætur á fiskinn, sem þeir afla, og greiða þeim erlendan gjaldeyri í laun í svo ríkum mæli, að þeir fái á einni síðvetrarvertíð hér hærri fjárhæð en heils árs laun hálaunuðustu embættismanna eru í heimalandi þeirra?

Það er ekki hægt að komast hjá nokkurri áreynslu við lagfæringu efnahagskerfisins. Það er jafnóhugsandi eins og að velta þungum steini úr leið án átaks. En einmitt af því, hve þjóðin er vel á sig komin, á hún létt með að gera það átak, sem felst í efnahagslöggjöfinni. Jafnhliða þeim reglum, sem upp eru teknar í efnahagslöggjöfinni nýju til úrbóta, þarf þjóðin að leggja kapp á að auka útflutningsframleiðslu sína til sjávar og lands með eigin vinnu, því að það flýtir för til heilbrigðs og öruggs efnahagslífs. Skilyrði til þeirrar aukningar eru mikil, eða það vonum við. Víkkun fiskveiðilandhelginnar gefur í því sambandi mikil fyrirheit.

En þó að efnahagskerfið færist vonandi brátt til betra jafnvægis, þá verður ríkisvaldið eftir sem áður alltaf miklu að skipta af þjóðartekjunum hjá þjóð eins og okkar þjóð, sem er orðin svo félagslega uppbyggð, að hún hlýtur alltaf að leggja stóran hlut tekna sinna til sameiginlegra nota og dreifingar. Þess vegna verður jafnan fyrir hendi sama ástæðan og var, þegar núverandi stjórn var mynduð, fyrir þá, sem afla teknanna, að vilja hafa hönd í bagga um skiptingu þeirra. Það væri óviturlegt af vinnustéttunum að eyðileggja með óstillingu og innbyrðis sundrungu þá miklu aðstöðu, sem þetta veitir þeim, glapræði að sprengja með keppnikröfum bjargálnaviðleitni þá, sem hafin er, herja þannig á sjálfan sig og fella sín eigin virki.

Ef vinstri stjórnin yrði innan skamms að gefast upp, þá mundi ekki fyrst um sinn takast slík stjórnarmyndun. Sögulega merkilegri tilraun væri þá lokið með of litlum árangri. Hvað tæki við? Sýnt þætti þá, að þegnskap yrði ekki treyst í stað framkvæmdavalds. Einhvers konar valdstjórn tæki við fyrr eða síðar. Sjálfstæðisfl. segir: Ég skal strax taka við. — Vilja vinnustéttirnar það? Vilja þær, að hann fari með skiptingu þjóðarteknanna? Allir kannast við söguna af dýrunum tveim, sem fundu ostinn, komu sér ekki saman um skiptingu hans sín á milli og fengu því apann til að skipta. Apinn braut ostinn í tvennt, beit svo í partana á víxl. „Ég geri þetta til að gera partana jafna, því að ég vil skipta rétt", sagði hann. Loks hafði hann þannig étið annan partinn að fullu, stakk þá eftirstöðvum hins upp í sig og sagði um leið: „Þetta er ekki of mikið í skiptalaun handa mér". Ég segi alls ekki, að Sjálfstæðisfl. hagi sér nákvæmlega eins og apinn, ef hann fær vald til að skipta þjóðartekjunum. En hinar vinnandi stéttir þurfa ekki að ganga að því gruflandi, að þá verði a. m. k. tekinn væn skiptalaun.

Það er hollast fyrir þá, sem afla ostanna, að skipta þeim sjálfir, og það er eðlilegast, að þeir geri það. Vinstristjórnarsamstarfið veitir tækifæri til þess. Vinnustéttirnar mega ekki slá það gullna tækifæri úr hendi sér fyrir óstillingu og innbyrðis sundrungu.

Forseti (EmJ): Þá er lokið tveim fyrstu umferðunum, og hefur ræðutíminn orðið þannig, að fulltrúar Alþb. hafa notað 45 mínútur af 50, sem flokkurinn á. Sjálfstfl. hefur notað 40 mínútur einnig af 50, hann á því eftir 10. Alþfl. hefur notað 35, eins og tilskilið er, og á eftir 15. Framsfl. hefur notað 45 og á eftir 5.

Hefst nú þriðja og síðasta umferðin. En til þess að þeir, sem stuttan tíma hafa, verði ekki skornir svo naumt niður eins og hér ætti að gera, þá vildi ég mega bæta 5 mínútum við alla flokkana, þannig að þá hefur Alþb. 10 mín. til umráða, Sjálfstfl. 15, Alþfl. 20 og Framsfl. 10.

Hefst nú síðasta umferð með því, að fulltrúi Alþb., hæstv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, tekur til máls og hefur 10 mínútur.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Vegna ummæla um landhelgismálið, sem fram hafa komið í þessum umræðum, þykir mér rétt að víkja með örfáum orðum að því máli.

Það er rangt, að deilur þær, sem risið hafa hér heima um landhelgismálið, hafi snúizt um minni efnisatriði málsins, eins og gildistökudag nýrrar reglugerðar eða hvenær heimila skyldi íslenzkum togurum veiðar innan hinnar nýju landhelgi eða um breytingar á grunnlínunni. Frá upphafi gerði ég glöggar tillögur um öll þessi atriði, en bauð jafnframt upp á samkomulag á þeim grundvelli, sem mestar líkur voru til að samstaða gæti orðið um. Við okkur Alþýðubandalagsmenn var því ekki ágreiningur um þessi atriði. Ágreiningurinn varðaði annað. Hann var um það, hvort standa ætti við gerða samninga um að ráðast í framkvæmdir í málinu þegar að Genfarráðstefnunni lokinni. Hann var um það, hvort halda ætti samkomulag um, að ný reglugerð yrði ákveðin milli 10. og 20. maí eða hvort fresta ætti afgreiðslu málsins, um það, hvort taka ætti upp viðræður við NATO-þjóðir, sem lögðu að okkur að bíða með framkvæmdir og taka upp samninga um málið. Deilan var um það, hvort við ættum að ræða áfram við þær þjóðir, sem vildu fá

ákveðin fríðindi fyrir erlend skip í íslenzkri landhelgi. Ég veit, að enginn mun reyna að neita því, að þessi tilmæli komu fram, og það, sem meira var, bein tillaga um fríðindi handa erlendum togurum í íslenzkri landhelgi kom einnig fram hér heima. Tveir stjórnmálaflokkar á Alþingi vildu verða við óskum útlendinga og fresta ákvörðun í málinu um skeið. Hér var stór hætta á ferðum, sem hefði getað leitt okkur út í háskalega samningsaðstöðu. Af því lagði Alþb. höfuðáherzlu á að fá bindandi ákvörðun um efnisafgreiðslu málsins einmitt nú strax, og samkomulag stjórnarflokkanna var einmitt um þetta. Í því samkomulagi segir skorinort og greinilega, að eftirfarandi efnisbreytingar einar skuli gerðar frá gildandi reglugerð, og svo eru talin upp 3 efnisatriði, sem sé 1) landhelgin 12 mílur, 2) heimild handa íslenzkum togurum og 3) gildistökudagur 1. sept. Þetta orðalag, eftirfarandi efnisbreytingar einar, er ekki út í bláinn sett í samkomulag stjórnarflokkanna. Með því var verið að útiloka allt samningamakk um málið hér eftir. Efnisafgreiðslu málsins var því lokið. Með þessu er nýja reglugerðin raunverulega ákveðin, og með þessu koma engir samningar til greina við erlenda aðila né nein sérréttindi útlendingum til handa.

Það er ekki víða naglahald að finna í rökum sjálfstæðismanna í þessum umræðum í sambandi við efnahagsmálin. Mest ber á stóryrðum og órökstuddu geipi. Óheiðarleiki og ónákvæmni í meðferð á tölum er einstakt í sinni röð. Þannig þrástagast formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, enn á því, að jólagjöfin, sem hann kallar svo, en það voru þau nýju gjöld, sem leggja varð á í árslok 1956 til þess að greiða upp þann skuldabagga, sem hann þó skildi eftir sig, — hann segir, að þessar álögur hafi numið 300 millj. kr. Óþarft er að deila lengur um, hve miklu þessi gjöld námu, því að tölur fyrir árið 1957 liggja nú fyrir. Tekjuauki útflutningssjóðs nam ekki 300 millj. kr., eins og Ólafur Thors heldur fram, heldur 130 millj. kr.

Þá segir formaður Sjálfstfl., að álögur þær, sem stjórn hans samþykkti í ársbyrjun 1956, hafi aðeins numið 100 millj. kr., en þó verið taldar af mér og fleirum stórháskalegar. Tölur fyrir árið 1956 liggja fyrir. Þær sýna, að tekjur framleiðslusjóðs urðu 175 millj., en ekki 100 milljónir. Þá voru álögurnar framkvæmdar með þeim hætti, að allar almennar vörur og lúxusvörur báru eitt og sama gjald, og þannig varð verðhækkunin tiltölulega mest á nauðsynjavörum. Þá var ekki heldur verið að beita verðlagseftirliti eða hámarksálagningarreglum, þá gilti hin frjálsa álagning íhaldsins.

Og svo kemur síðasta nákvæmni íhaldsins í meðferð á tölum, 240 millj. verða að 790 millj. Og þó að álögurnar séu miklar, þegar íhaldið er að vorkenna almenningi, þá verða þessar sömu álögur ómerkilega litlar og nær einskis virði, þegar þeim er aftur skipt upp til framleiðslunnar.

Þessi málflutningur íhaldsins minnir á konuna, sem kom í skóbúðina og mátaði hvert skóparið eftir annað, en allir voru skórnir of stórir að utan, en of litlir þó fyrir fætur konunnar. Aumingja búðarmaðurinn varð að viðurkenna, að hann hefði ekki til skó af þeirri gerð, sem konan vildi, því að hann sá, að hún vildi fá skó, sem voru litlir að utan, en stórir að innan. Svipað er þessu farið með álögurnar, sem íhaldið er að lýsa. Þær eru feikilega miklar, þegar þær eru lagðar á, en litlar eða næstum engar, þegar þær eru greiddar aftur út til framleiðslunnar.

Það er mikill misskilningur hjá Ólafi Thors, að útvegsmenn hafi hótað framleiðslustöðvun eða hyggi á slíkt. Stöðvunartal Ólafs Thors er hlægilegt. Þessi hv. þm. er alltaf að spá stöðvun framleiðslunnar. Þegar breytt var bótakerfi til framleiðslunnar í árslok 1956, sagði hann, að útgerðin mundi stöðvast. Þegar samningar tókust við allar greinar framleiðslunnar og ekkert stöðvaðist, sagði hann, að ég hefði svikizt að útgerðarmönnum og hlunnfarið þá. Þegar síldveiðar áttu að hefjast 1957, spáði hann og blað hans, að nú mundi framleiðslan stöðvast. Ekkert stöðvaðist, en ríkisstj. samdi á ný við útvegsmenn. Um síðustu áramót spáði hann svo enn, að allt mundi stöðvast, og í nokkra daga lifði vonarneisti, því að sjómenn í Keflavík og á Akranesi voru óánægðir með kauptryggingu sína. En enn reyndist Ólafur falsspámaður. En nú stöðvast allt, segir formaður Sjálfstfl., þessi stöðvunarkóngur í íslenzkum sjávarútvegi. — Man hann, hver var sjútvmrh., þegar allur bátafloti landsmanna lá stöðvaður í heilan mánuð á hávertíðinni? Man hann, hver var ráðherra sjávarútvegsmála, þegar nýsköpunartogararnir lágu mánuðum saman í fjárhagslegu reiðileysi? Og man hann nokkuð eftir því, hver bar ábyrgð á stjórn sjávarútvegsmálanna á Íslandi, þegar haustsíldveiðar bátaflotans stöðvuðust þrisvar sinnum á sama haustinu vegna ágreinings við stjórnarvöld landsins? Hv. þm. G-K. og formaður Sjálfstfl. mun fara nærri um, hver þessi stöðvunarkóngur er.

Núverandi stjórnarsamstarf hefur nú staðið í tæp tvö ár. Því verður ekki neitað, að ýmsa skugga hefur borið á þetta samstarf. Þar ber fyrst að telja þá vansæmd, að erlendur her skuli enn vera í landi okkar. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur Alþb. hefur það mál ekki fengizt afgreitt. Enn er öllum framkvæmdum varðandi brottför hersins skotið á frest. Herstöðin við Keflavík boðar íslenzku sjálfstæði og menningu sífellda hættu. Hún gæti kallað yfir þjóðina beina lífshættu, hvenær sem er. En auk þessa er herstöðin stórhættuleg íslenzku atvinnulífi og veldur truflunum í efnahagsmálunum. Hún getur beinlínis brotið niður efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Það er höfuðnauðsyn, að alþýða um allt land taki enn upp harða baráttu fyrir brottför hersins úr landinu. Sterkt almenningsálit getur eitt knúið þá, sem með völdin fara á hverjum tíma, til þess að losa okkur við herinn. Alþb. mun leggja fram sitt lið í þessari baráttu, og það mun gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að knýja á, að fyrirheitin um brottför hersins verði efnd.

En þó að ýmislegt hafi gengið verr en skyldi í stjórnarsamstarfinu, ber þó að viðurkenna, að ýmsu hefur miðað vel áfram. Ákvörðunin í landhelgismálinu er þýðingarmest, og það mál verður nú að leiða til fullnaðarsigurs. Uppbygging atvinnulífsins verður að halda áfram. Það er gleðilegt, að fólksflóttinn utan af landi skuli vera

stöðvaður. Það er spor í rétta átt, að framleiðslan er að aukast og fleiri og fleiri landsmenn gefa sig að framleiðslustörfum. Atvinna hefur verið með mesta móti þessi tvö stjórnarár. Merk löggjöf hefur verið sett um húsnæðismál og lög sett um lífeyrissjóð togarasjómanna. Fiskverð til sjómanna hefur þrásinnis verið hækkað án verkfalla, og verkalýðsfélögin hafa fengið fram ýmis hagsmuna- og áhugamál sín. Gerbreyting hefur orðið í afurðasölumálum landsins, og standa okkur nú opnir möguleikar stóraukinna markaða í stað söluvandræða og markaðsörðugleika, sem áður voru. Stórfelldar framkvæmdir eru í landinu, eins og bygging nýs orkuvers við Sog og virkjanir eystra og vestra, og margt mætti fleira upp telja. En mörg stórmál bíða enn úrlausnar. Þeirra stærst er að tryggja betur sjálfstæðar þjóðartekjur með öruggum innlendum atvinnurekstri. Það er baráttan um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, og þeirri baráttu verður samferða baráttan um brottför hersins og andlegt og pólitískt sjálfstæði þjóðarinnar. Alþb. treystir á íslenzka alþýðu. Það leggur áherzlu á einingu hennar og samtakamátt og trúir því, að hún muni skilja, hvað henni er fyrir beztu, en láti ekki yfirboð og skrum íhaldsins villa sér sýn. — Góða nótt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti, góðir hlustendur. Út af hnjóðsyrðum ráðh. Hannibals Valdimarssonar og Lúðvíks Jósefssonar í garð tveggja hv. alþm., Bjarna Benediktssonar og Jóhanns Hafsteins, vegna fjarveru þeirra um hríð vil ég taka fram, að svo er fyrir þakkandi, að slíkar baráttuaðferðir eins og þessir ráðh. beita hér eru jafnóvenjulegar á Alþ. og þær eru óviðfelldnar. En þessir tveir þm. Sjálfstfl. eru báðir að allra dómi einhverjir ötulustu og samviskusömustu menn, sem eiga sæti á Alþingi.

Hafi nokkur maður verið í efa um, að ríkisstj. ber feigðina í brjósti sér, að hún er helsjúk, óstarfhæf, — og eins og Hallgrímur Pétursson segir: „Sjónlaus, köld, dauf og rétt steindauð“ — þá hafa ræður ráðh. og þm. stjórnarflokkanna tekið öll tvímæli af. Ég held, að það sé alveg rétt hjá þm. S-Þ., að ef núverandi stjórn færi frá, þá mundi ekki aftur verða mynduð slík stjórn, og ég held, að enginn mundi harma það.

Í mesta máli þjóðarinnar, landhelgismálinu, ákallar stjórnin einingu, einingu allra flokka, þjóðareiningu. En henni hefur ekki einu sinni tekizt að ná einingu innan sjálfrar sín, heldur upplaukst hér fyrir alþjóð slíkt hyldýpi óeiningar og innbyrðis tortryggni, að firnum sætir. Sjútvmrh. hefur látið blað sitt, Þjóðviljann, birta reglugerð hans um landhelgina, sem fullsamin sé og frá gengið í öllum atriðum, en utanrrh. lýsir því yfir, að engin reglugerð hafi verið samin enn né heldur sé hægt að semja hana, því að enn séu óútkljáð hjá stjórnarflokkunum þýðingarmikil málsatriði. Sjútvmrh. lætur blað sitt bera embættisbróður sinn elskulegan brigzlum um undanhald og brigð í landhelgismálinu á erlendum vettvangi. Utanrrh. lýsti því yfir í gær, að öll þessi brigzl séu ekki aðeins ósönn, heldur vísvitandi ósönn. Og á meðan slær stjórnarformaðurinn úr og í, en hins vegar á allra vitorði, að fremur hefur hann verið á kommúnistanna bandi í þessu máli.

Þannig henda ráðh. ríkisstj. þessu fjöreggi þjóðarinnar á milli sín eins og skessurnar áður fyrr, og áreiðanlega þarf til þess heitar bænir þjóðarinnar og yfirnáttúrlega bænheyrslu, ef ekki á í höndum þessarar stjórnar að fara eins og forðum í þjóðsögunni, að tröllin missi fjöreggið úr höndum sér og það molist mélinu smærra.

Framsókn og Alþfl. lofuðu því við stjórnarmyndunina og hafa endurtekið þær yfirlýsingar innanlands og utan, að ráðh. kommúnista skyldu ekki fá að koma nærri utanríkismálum. En nú er svo komið, að í einu allra mikilvægasta og viðkvæmasta innanlands- og milliríkjamáli er kommúnistum falin forusta. Í þeirra augum ráða önnur sjónarmið en hjá Íslendingum almennt. Þeim er það efst í hug að spilla vináttu Íslands og vestrænna þjóða og reyna að reka fleyg inn í hið vestræna samstarf, enda mundi slíkt verða stærsti stjórnmálasigur í sögu kommúnistaflokksins íslenzka, og sannarlega mundu þeir fá umbun fyrir hjá húsbændum sínum í austri, ef þetta tækist. Þetta skauzt skýrt út úr sjútvmrh., er hann sagði: Við höfum ímugust á öllum NATO-fundum.

Annað stórmálið, sem ríkisstj. hefur til meðferðar, er efnahagsmálið. Fyrir síðustu kosningar og þegar stjórnin var mynduð var lofað að leysa þessi mál. Nú er stjórnin búin að glíma við þau í tvö ár. Með frv. um útflutningssjóð er viðurkennt af ríkisstj., að ekki sé tjaldað nema til einnar nætur, strax í haust þurfi að endurskoða sjálfan grundvöllinn.

Hér er aðeins bráðabirgðalausn. Það er því komið í ljós, að stjórnarflokkarnir áttu engin varanleg úrræði, eins og þeir sögðu. Þetta var „allt plat“, eins og krakkarnir segja.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að það væru helber ósannindi, að Framsfl. hafi lofað að lagfæra efnahagsástandið án nokkurrar kjaraskerðingar. Þessi var kjarninn í ræðu hans. Ég læt forsrh. svara Eysteini Jónssyni. Hermann Jónasson sagði í ræðu, er hann flutti 7. okt. 1956, orðrétt: „Vegna sifellds og hættulegs áróðurs er nauðsynlegt að taka fram, að ef rétt er á haldið, þarf hér ekki að vera um að ræða kjaraskerðingu, sem neinu nemur, í byrjun, og hispurslaus framkvæmd skynsamlegra ráðstafana ætti að geta tryggt núverandi lífskjör þjóðarinnar.“ Þar með hefur Hermann Jónasson afgreitt Eystein Jónsson með svardaga hans og afneitanir fyrir fullt og allt.

Fjmrh. sagði, að upphaf verðbólgunnar væri 1942 og ef einhver einn maður ætti að heita faðir hennar, þá væri það Ólafur Thors. Gegn þessu fleipri vil ég leiða sem vitni mann, sem ég veit að fjmrh. rengir ekki. Það er hæstv. forseti Sþ., Emil Jónsson. Hann hefur margsinnis í ræðu og riti sannað, að upphaf verðbólgunnar var það, þegar Framsfl. 1941 rauf tengslin milli kaupgjalds og verðlags á innlendum vörum.

Sjútvmrh. sagði í gær, að efnahagsmálatill. stjórnarinnar hefðu verið affluttar af stjórnarandstæðingum á svo purkunarlausan hátt, að einsdæmi mætti teljast. Ég vil benda honum á,

að hans eigin flokksmaður, Einar Olgeirsson, varaði alvarlega við þessu frv., sagði, að það væri engin lausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar, og lagði til, að því yrði vísað frá. Og tveir þm. Alþfl. snerust á móti frv. og greiddu atkv. gegn því, Áki Jakobsson og Eggert Þorsteinsson. Áki sagði í grg. fyrir atkv. sínu: „Með því að sýnt er, að frv. þetta fullkomnar það að leiða efnahagsmál þjóðarinnar út í öngþveiti og að lög þessi eru sett gegn vilja mikils meiri hluta verkalýðshreyfingarinnar, þá segi ég nei.“

En það eru fleiri en þm. Sjálfstfl., formaður Sósfl. og fjórði hver þm. Alþfl., sem telja úrræði stjórnarinnar ekki lausn vandamálanna. Í ræðu sinni hér áðan vitnaði hv. þm. S-Þ. í nýútkomið hefti af tímariti Landsbanka Íslands og þar í ágæta grein eftir dr. Jóhannes Nordal, en hann hefði átt að lesa svolitið lengra, því að þar segir í þessari ágætu grein, orðrétt: „Enda þótt takast megi með ráðstöfunum þeim, sem útflutningssjóðsfrv. gerir ráð fyrir, að koma á greiðslujöfnuði á þessu ári hjá ríkissjóði og útflutningssjóði, eru ekki mikil líkindi til, að það ráði bót á hinu mikla jafnvægisleysi gagnvart útlöndum, sem einkennt hefur efnahagsþróun á Íslandi s. l. ár.“ En þetta er einn aðalvandi þjóðarinnar í dag.

Mikið af ræðutíma ráðh. hefur farið í það að kvarta yfir, að sjálfstæðismenn hafi ekki viljað segja stjórninni neitt um það, hvernig eigi að leysa efnahagsmálin. Ræður tveggja ráðh. í gær voru eingöngu kveinstafir út af þessu. Þessu var nú rækilega svarað í gær og í kvöld, bæði af formanni Sjálfstfl., Ólafi Thors, og öðrum ræðumönnum Sjálfstfl. Til viðbótar skal ég taka fram eftirfarandi: Ráðh. komu sér allir undan að svara þeirri fyrirspurn Ólafs Thors, hver væri hin raunverulega stefna stjórnarflokkanna í efnahagsmálum, því að útflutningssjóðsfrv. er bráðabirgðaráðstöfun. Ræða forsrh. snerist mest um aðgerðir, sem hann taldi nauðsynlegar, en eru alls ekki í hinni nýju löggjöf, svo sem nýtt vísitölukerfi. Ráðh. Alþb. kvörtuðu yfir því, að nú hefði þeirra stefna ekki fengið að ráða, en hver raunveruleg stefna þeirra væri, sögðu þeir ekkert um. Þjóðin er því enn engu nær um það, hvað hver stjórnarflokkanna raunverulega vill eða hver hans stefna er, því að allir segja þeir, að þeir hefðu nú helzt viljað hafa þetta allt öðruvísi en það er.

Ég vil einnig taka fram, að það er ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að Sjálfstfl. hafi fengið tækifæri til að kynna sér álit sérfræðinga í málinu. Sjálfstfl. var að vísu gefinn kostur á að fá hjá hagfræðingunum skýringar á ýmsum atriðum frv., en þegar þeir voru spurðir um athuganir þeirra á öðrum leiðum, sem til greina gætu komið, kváðust þeir ekki geta skýrt frá þeim rannsóknum og tillögum nema með leyfi ríkisstj., og Sjálfstfl. hefur aldrei fengið að sjá álitsgerðir hagfræðinganna.

Það er vissulega vandasamt mál, sem hér er um að ræða, efnahagsmálin, og sjónarmiðin mörg um orsakir og úrlausn vandans. Hygginn verkalýðsleiðtogi úr einum stjórnarflokkanna sagði nýlega: Aðalefnahagsvandamál þjóðarinnar er Framsóknarflokkurinn. — Þetta er líka allútbreidd skoðun meðal íslenzku þjóðarinnar og ekki óeðlilegt. Með þeim einstæðu forréttindum, sem flokkurinn nýtur, skattfríðindum þess verzlunarfyrirtækis, sem hann byggist á, og miskunnarlausri misnotkun flokksins á aðstöðunni er Framsfl. orðinn eitt mesta vandamál þjóðfélagsins. Einn af hyrningarsteinum þjóðfélagsins er efnahagslegt og pólitískt jafnrétti. En meðan einn flokkur í skjóli ranglátrar kjördæmaskipunar og úreltra skattalaga er hátt hafinn upp yfir alla aðra, svo að í hans augum er þar enginn annar sambærilegur, er erfiðara að fá landsfólkið til að sætta sig við byrðar og fórnir, sem kann að þurfa á að leggja, því að slíkt verður að ganga jafnt yfir. Það þarf því engan að undra, þótt Framsfl. veitist erfitt að ná samstöðu við aðra um úrlausn.

Forsrh. varð fyrir síðustu kosningar tíðrætt um eyðimerkurgöngu þjóðarinnar. Hin erfiða ganga hans sjálfs minnir mig á kvæði, sem var ort fyrir rúmum eitt hundrað árum og byrjaði svona: „Oft er hermanns örðug gang.“ Og kæmi mér ekki á óvart, þótt fjallkonan vilji nú segja við hann eins og stúlkan í kvæðinu:

Veslings piltur vegamóður,
viltu ekki hvíla þig?

Til áréttingar því, sem ræðumenn sjálfstæðismanna hafa hér sagt, og viðbótar skal ég gjarnan nefna hér nokkur atriði, sem ég tel að eigi að koma til athugunar í sambandi við efnahagsmál þjóðarinnar:

1) Ráðherrarnir hafa tekið það skýrt fram í þessum umræðum og fjmrh. sérstaklega nú í sinni ræðu, að íslenzka krónan sé ekki rétt skráð, og fjmrh. sagðist vilja stefna að því að færa gengisskráninguna í rétt horf. Ég tel víst, að bankar og hagfræðingar líti eins á. En skráning krónunnar er bundin í lögum. Það er persónuleg skoðun mín, að þeim lögum eigi að breyta og fela þjóðbankanum að ákveða gengi íslenzku krónunnar í samráði við ríkisstj. Ég veit ekki til þess, að nokkurs staðar sé gengi krónunnar þannig lögbundið. Víðast hvar þykir sjálfsagt, að þetta sé í höndum þjóðbankanna. Þjóðbankinn skráir krónuna í samræmi við efnahagsástandið á hverjum tíma, og hann hlýtur að miða gengið við það annars vegar, að útflutningur og framleiðsla geti borið sig, og hins vegar, að gengið sé sem stöðugast, því að sveiflur um gengisskráningu eru háskalegar. Þetta er að sínu leyti eins og ákvörðun um almenna vexti er í höndum þjóðbankanna, og þó að í einstaka tilfellum sé vaxtahæð lögbundin um tilteknar lánategundir, þá er ákvörðun almennra vaxta auðvitað í höndum bankanna, og býst ég við, að flestir teldu fráleitt, að Alþingi ákvæði slíkt í lögum.

2) Ef gengisskráningunni væri breytt af þjóðbankanum og ríkisstj., þá kæmi til athugunar að taka upp nýja og verðmeiri mynt, til þess að fólk meti hana meira og örvist fremur til sparnaðar.

3) Vísitölukerfið þarf að taka til gagngerðrar endurskoðunar og leggja að velli þá svikamyllu, sem þar hefur verið að verki í 18 ár.

4) Það þarf að koma á allsherjar kjarasamningum við öll verkalýðsfélög landsins til a. m. k. 2 eða 3 ára. Það er ógerningur að framkvæma

skynsamlega efnahagspólitík með því, að samningar séu sífellt lausir og einn starfshópur geti stöðvað meira eða minna af þjóðarbúskapnum í dag og annar þegar hinu verkfallinu er lokið. Það verður að vera skylda hverrar ríkisstj. að beita sér fyrir því, að slíkir allsherjar samningar séu gerðir til langs tíma, eins og sjálfsagt þykir í nágrannalöndum okkar, þar sem jafnaðarmenn ráða.

5) Það þarf að koma á fót samvinnustofnun launþega og atvinnurekenda, er fylgist nákvæmlega með afkomu atvinnuveganna og vinni að því að jafna ágreining, eins og Sigurður Bjarnason benti á í umræðum í gær. Slík starfsemi hefur verið í Hollandi í nokkur ár og gefizt mjög vel.

6) Það þarf að auka framleiðsluna til sjávar og sveita og m. a. að auka framleiðsluverðmæti á hvern einstakling til að bæta lífskjörin. Með hinum stórvirku tækjum, eins og togurum og stórum vélbátum, hefur framleiðsluverðmæti á hvern sjómann stórlega aukizt.

7) Það þarf að auka iðnaðinn með ýmsum aðgerðum og m. a. skapa honum skilyrði til útflutnings. Í sambandi við þetta vil ég nefna till. Svein Guðmundssonar alþm., sem samþykkt hefur verið á Alþingi, varðandi lánveitingar til iðnaðarins, endurkaup víxla, þannig að iðnaðurinn njóti jafnréttis á við landbúnað og sjávarútveg.

8) Stóriðja þarf að aukast. M. a. mun nú í athugun framleiðsla á þungu vatni, en talið er, að gufuorkan muni sérstaklega henta til þess. Verksmiðja, sem framleiðir 100 tonn á ári af þungu vatni, á að skila um 100 millj. kr. í gjaldeyri, sem mundi hjálpa drjúgum til að bæta úr hinum mikla halla, sem er á gjaldeyrisaðstöðunni, en það er ein meginundirótin undir erfiðleikum okkar í efnahagslífi þjóðarinnar.

9) Stórauka þarf og hraða hagnýtingu hinna miklu auðlinda landsins, fallvatna og alveg sérstaklega heita vatnsins og gufunnar. Nýtt tímabil var hafið í þeirri hagnýtingu, þegar hinn mikli nýi gufubor tók til starfa nú nýlega.

10) Það þarf að efla verzlun og viðskipti, þannig að samkeppni og frjálst framtak fái að njóta sín.

11) Bæjar- og sveitarfélögin þurfa að fá nýja tekjustofna, m. a. til að geta lækkað útsvörin og þar með örvað frjálsan atvinnurekstur.

12) Afnema þarf nefndir og ráð og hömlur, eftir því sem framast er unnt. En það er einn af meginágöllum núverandi skipulags útflutningsbóta, styrkja og niðurgreiðslna, að þar flóir allt og flýtur í nefndum og ráðum, skriffinnsku og eftirlitsmönnum og eftirlitsmönnum með þeim.

13) Gerbreyta þarf fjárfestingareftirlitinu, afnema þá n., sem þar skammtar og úthlutar, en halda fjárfestingu í eðlilegu horfi með heilbrigðri banka- og vaxtapólitík.

14 Auka þarf sparnað almennings með því að finna fastan gengisgrundvöll, sem hægt er að halda stöðugum, og með hvatningum og verðlaunum sparnaðar.

15) Sparnað þarf á ríkisfé. Það þarf að draga úr gjöldum hins opinbera. Það er eitt hið nauðsynlegasta, og þar á auðvitað fjmrh. að hafa forustu, en þar hefur ekki verið vottur af viðleitni í þá átt, eins og allir hv. alþm. vita. Fjmrh. hefur jafnan borið það fyrir, að það væri ómögulegt að spara neitt að ráði vegna þess, að flest gjöld séu lögbundin. En það hefur skort frá honum frumkvæði og till. um að fá þá breytt þessum lögum í sparnaðarátt. Samt hefur verið bent á, að ýmis þau útgjöld, sem óbundin eru að lögum, mætti spara. Hverju hefur þá Eysteinn Jónsson svarað? Jú, hann segir, að þetta sé allt hinum ráðuneytunum og hinum ráðherrunum að kenna. Hann hefur skírt öll ráðuneytin nema fjmrn. útgjaldaráðuneyti, og svo kennir hann bæði núverandi og fyrrverandi samstarfsmönnum um það, að þeir vilji endilega eyða og spenna og auðvitað fái fjmrh. ekki ráðið neitt við það, sem útgjaldaráðherrarnir vilji gera.

Það var eðlilegt, eins og öll reynsla er af hæstv. fjmrh., að hann reiddist heldur heiftarlega af hinni rökstuddu ádeilu Jóns Pálmasonar, sérstaklega þegar ofan á það bætist, að eiginlega síðasta og eina blómið í hnappagati hans er fölnað og fallið, en það var, að hann ræki ríkisbúskapinn greiðsluhallalausan, því að á síðasta ári tókst þetta svo höndulega hjá hæstv. fjmrh., að verulegur greiðsluhalli varð á ríkisbúskapnum. En fyrst engrar forustu er að vænta um sparnað frá fjmrh., þá skulum við alþm. bara byrja á okkur sjálfum.

Fyrsta Alþingi í tíð núverandi ríkisstj. stóð í nær átta mánuði, og það Alþingi, sem nú er að ljúka störfum, mun standa að vísu aðeins skemur. En 6—8 mánaða þingseta á ári er hrein fjarstæða. Hún stafar af því einu, að ríkisstj. vanrækir að undirbúa í tæka tíð þau mál, sem nauðsynlegt er að fái hér meðferð og afgreiðslu. Alþm. eru látnir sitja aðgerðalausir vikum og mánuðum saman, í vetur fyrst vegna þess, að ráðh. þorðu ekki að leggja fram neinar till. í efnahagsmálunum fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í janúar. Síðan er Alþingi látið bíða aðgerðalaust nokkra mánuði, meðan ráðh. eru að rífast innbyrðis um, hvernig eigi að leggja tollana og skattana á. Og loks er Alþingi látið bíða nokkrar vikur, meðan verið er að tala við 19 manna nefndina og 6 manna nefndina og hvað þær nú heita allar þessar nefndir utan Alþingis.

Framkoma ríkisstj. og núverandi stjórnarflokka er svo alvarlegt tilræði við þingræðið í landinu og virðingu fyrir Alþingi, að slíkt má ekki endurtaka sig. Ef almenningur sér, að Alþingi situr á hans kostnað aðgerðalaust mánuðum saman og jafnvel sé öllum ráðum ráðið utan sala þess, þá minnkar og hverfur virðingin fyrir Alþ., þessari þúsund ára gömlu söguhelgu stofnun þjóðarinnar, sem öll þjóðin ætti að standa vörð um.

Alþingi getur hæglega lokið störfum á 2½—3 mánuðum, t. d. frá októberbyrjun og fram að jólum, ef ríkisstj. vanrækir ekki að undirbúa málin og þau frv., sem þar þarf að leggja fyrir.

Við alþm. gætum byrjað á því að spara stórum alþingiskostnaðinn. Alþingi kostar nú 8—9 millj. kr. á ári. Á þessum lið mætti spara 3—4 millj. með því að stytta þingtímann. En eitt er nauðsynlegt, til þess að það geti orðið. Það er, að

alþm. komi sér saman um að fá sér starfhæfa ríkisstj.

Það er ekki tími til þess — tími minn mun vera á enda — að telja hér upp fleiri atriði. En að lokum kem ég að því úrræði, þeirri umbót, sem mesta þýðingu mundi hafa í efnahagslífi þjóðarinnar, og það er að fá ríkisstj., sem þjóðin treystir. Í stað þeirrar sundurleitu sauðahjarðar, sem nú ráfar hér um forustulaus og áttavillt, þarf styrka, samhenta, ábyrga stjórn, sem veit, hvað hún vill, og þjóðin ber traust til. Traust og stefnufesta mundi örva framtak í atvinnurekstri, auka trú almennings á gjaldmiðil og skapa stöðugleika í efnahagsmálum. En þessi stjórn nýtur óskoraðs vantrausts alls almennings, en kannske er þó mest vantraust ráðherranna hvers á öðrum.

Herra forseti, góðir hlustendur, tíminn er á enda, þökk þeim er hlýddu. — Verið þið sæl.

Emil Jónsson: Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm., Karl Guðjónsson, skýrði frá því hér í kvöld, að við lausn efnahagsmálanna hefðu verið uppi í ríkisstj. tvær stefnur: annars vegar verðstöðvunarstefna, sem Alþb. hefði fylgt, og hins vegar gengislækkunarleið, sem mér skildist á hv. þm. að hinir flokkarnir hefðu viljað fara.

Ég vil aðeins út af þessu gefna tilefni taka fram, að ráðh. Alþfl. í ríkisstj. lögðu ekki fram í ríkisstj. neinar till. eða neinar óskir um, að gengislækkunarleið yrði farin, hvað sem aðrir kunna að hafa hugsað um það mál. Hins vegar áttu ráðh. Alþfl. góðan þátt í því að móta lausnina, sem að lokum fékkst, og var á þann hátt dregið úr þeim áhrifum, sem gengislækkun mundi haft haft, ef farin hefði verið, og hefur það rækilega verið útskýrt hér í umr. í gær, og ég þarf ekki lengra að fara út í það. — Ég vildi aðeins ekki láta hjá líða að taka þetta fram í tilefni af ræðu Karls Guðjónssonar.

Hæstv. félmrh. — og nú í kvöld aftur Karl Guðjónsson — beindi í gær þeirri fyrirspurn til utanrrh., hvort ekki hefði komið til mála af hans hálfu að veita erlendum togurum einhvern veiðirétt innan 12 mílna landhelginnar væntanlegu. Út af þessu skal ég aðeins taka fram, að þessari fsp. svaraði utanrrh. raunar sjálfur í sinni ágætu ræðu hér í gær með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta, sem ég skal leyfa mér að taka upp, — hann sagði:

„Í nokkra daga eftir Kaupmannahafnarfundinn voru fyrirætlanir Íslendinga í landhelgismálinu skýrðar fyrir bandalagsþjóðum okkar, og þeim var tjáð, að ef þær hefðu eitthvað fram að færa innan mjög takmarkaðs tíma, skyldi það lagt fyrir þingflokkana hér heima. Þetta er allt, sem sagt var. Og allt var þetta gert," sagði ráðh., „með samþykki meðráðh. minna í Framsfl. og með vitund ráðh. Alþb."

Engar óskir eða tillögur hafa borizt um þetta efni frá bandalagsþjóðunum, og er þar með fsp. fullsvarað.

Hæstv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, virtist ekki telja þetta nóg, því að hann kom hér aðan og herti nokkuð á. Hann bar málið ekki fram í fyrirspurnarformi, heldur fullyrti hann beinlínis, að bein till. um fríðindi handa erlendum skipum í íslenzkri væntanlegri 12 mílna landhelgi hefði komið fram, þó að hann viti fullvel, að svo er ekki, því að hæstv. utanrrh. hefur látið ríkisstj. fylgjast með gangi málsins í öllum atriðum og annað ekki gerzt að þessu leyti en það, sem ég las upp úr ræðu utanrrh. hér í gærkvöld. En áhugamál hæstv. utanrrh. er og hefur verið að leitast við, að lausn þessa máls fáist, án þess að stofnað sé til ófriðar við nágrannaþjóðir okkar með fruntalegri framkomu. Það er skylda okkar að skýra nágrannaþjóðum okkar frá, hvað við ætlum að gera, og leitast við að fá samþykki þeirra til þess, þó að á engan hátt verði við þær gerðir neinir samningar.

Hv. þm. G-K., Ólafur Thors, lét sig hafa það í gærkvöld að barma sér yfir því, að réttkjörnir þm. Alþfl. samkvæmt íslenzkum lögum hefðu fengið að taka sæti á Alþingi eftir síðustu kosningar. Ég held, að það hafi þó verið hyggilegast að fara ekki að rifja það mál upp aftur. Þó að sóma Sjálfstfl. hafi að nokkru verið bjargað af öðrum fulltrúa hans í landskjörstjórn, þá breytir það ekki þeirri staðreynd, að flokkurinn hugðist þar í pólitísku ávinningsskyni ganga á svig við gildandi lög eða öllu heldur kannske beinlínis að brjóta þau. Er Sjálfstfl. lítill sómi að því máli öllu.

Aðaleinkennið á gagnrýni Sjálfstfl. á hæstv. ríkisstj. í gærkvöld og raunar í kvöld líka og kannske má segja alltaf er það, að þessi gagnrýni er einhliða hlutdræg. Gagnrýni verður að vera heiðarleg og hlutlaus, ef nokkurt mark á að vera á henni takandi. Alla hluti má skoða frá fleiri en einni hlið, og það verður að gera, ef rétta mynd á að gefa af þeim.

Sjálfstfl. gerir þetta ekki. Hann segir aðeins frá því, sem miður fer, en sleppir öllu öðru, segir aðeins hálfan sannleikann og illa það. Tökum t. d. frásögn þeirra af lögunum um útflutningssjóð, efnahagsmálunum, sem mest hefur verið talað um hér við þessar umr. Auðvitað er hægt og meira að segja mjög auðvelt að finna þar hluti, sem mega kallast óæskilegir, og þess vegna líklegt, að þeir muni valda óánægju hjá ýmsum. Út af fyrir sig er ekkert athugavert við að skýra frá þessu. En þá verður einnig að skýra frá fleiru í leiðinni, t. d. því, hvað mundi hafa orðið, ef ekkert væri að gert, eða ef aðrar leiðir væru taldar betri, þá að koma með þær og benda á þær. Öllum er ljóst, hvað mundi hafa gerzt, ef ekkert hefði verið aðhafzt í þessu máli. Annaðhvort hefði framleiðslan stöðvazt eða útflutningssjóður orðið að fá hjá bönkum peninga, sem þó raunverulega voru hvergi til, og hvorugt var hægt.

Eftir úrræðum Sjálfstfl. hefur verið spurt, en ekkert svar fengizt. Ólafur Thors sagði hér í gærkvöld, að flokkur hans væri andvígur gengislækkun. En þó hefur hann oftar en einu sinni gripið til þess ráðs. Og sá fulltrúi flokksins, sem talaði hér síðast, hv. 6. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, fór ekkert í felur með það, hverjar væru hans hugmyndir í því máli. En sem sagt, formaður flokksins lýsti því yfir í gærkvöld, að hann væri þessu andvígur. En ekki treysti hv. þm. sér þó til að fullyrða neitt um það,

hvað Sjálfstfl. mundi hafa gert nú, ef hann hefði ráðið, og allt hans ráð þar algerlega á huldu.

Mér finnst þessi afstaða flokksins tæplega vera honum samboðin. Það þarf enginn að segja mér, að Sjálfstfl. hafi skort upplýsingar um efnahagslíf þjóðarinnar til þess að geta myndað sér skoðun á málinu. Slíkt er algerlega útilokað. Sjálfstfl. hefur upplýsingar um það, sem öðruvísi er í þessu landi.

Ég hélt, að till. hv. þm. A-Húnv., Jóns Pálmasonar, um að fjarlægja hæstv. fjmrh. úr ríkisstj. mundi verða sú eina, sem fram kæmi af þeirra hálfu í þessu máli. En hv. 6. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, kom hér með till. eða úrræði, eins og ég held að hann hafi orðað það, í hvorki meira né minna en 15 liðum. En þegar þessi úrræði eru athuguð, öll þessi 15 atriði, þá er furðu lítið í þeim, sem beinlínis er nothæft til þess að ráða fram úr vandamálum augnabliksins. Það er listi, sem hver sem er getur skrifað upp að væri æskilegur, um það að hagnýta jarðhitann, spara í ríkisrekstrinum og annað þess háttar, — ég man ekki allar till., þær voru svo margar, — en þær voru allar með einu marki brenndar, þær voru frómar óskir um, að framkvæmdir væru hlutir, sem allir vita að miða til bóta, en lausn peningamála augnabliksins var hvergi minnzt á.

Ég held, að það sé ekki það, að Sjálfstfl. skorti upplýsingar í málinu, heldur skortir hann kjark eða kannske öllu frekar hreinskilni — og þykir mér leitt að segja það — til þess að segja frá hlutunum eins og þeir eru og draga ekkert undan í voninni um það að geta fengið einhverja til þess að trúa því, að til séu einhverjar aðrar leiðir og léttbærari, sem Sjálfstfl. lumi á og komi svo með síðar, þegar hann er búinn að hugsa málið nógu lengi. Á það bendir líka það, sem hv. 1. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, sagði hér áðan. Hann sagði eitthvað á þessa leið, — ég þori nú ekki að segja, að það sé alveg orðrétt, — en það var eitthvað í þessa átt: Vandamál efnahagslífsins verða leyst, þegar ríkisstj., sem fólkið ber traust til og segir því hreinskilnislega frá ástandinu, tekur við völdum. — Mér virðist auðsætt, að hér væri átt við stjórn Sjálfstfl., sem þá mundi leysa frá skjóðunni, og efnahagsvandræði augnabliksins og framtíðarinnar þá í einu vetfangi verða leyst, og það sem merkilegra var, að hv. þm. bætti þessu við: „og þá mun þjóðin vera tilbúin að leggja hart að sér“.

Ég veit ekki, hvort þetta ætti að benda til, að einhver ný úrræði, sem krefðust þá kannske eins mikilla fórna af þjóðinni eða meiri heldur en nú er gert, ættu að koma til sögu.

Alþfl. gekk til þessa stjórnarsamstarfs fyrir tæpum 2 árum vegna þess, að hann trúði því þá, að þessum flokkum mundi reynast auðveldara að leysa viðkvæmustu og vandasömustu mál þjóðarinnar, efnahagsvandamálin, heldur en Sjálfstfl. Byggði hann þessa skoðun sína á því, að þau úrræði, sem Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu að á árunum á undan, 1950—56, voru fundin og framkvæmd án samráðs við verkalýðssamtökin í landinu, bæði gengislækkunin mikla 1950 og síðan vaxandi uppbótagreiðslur í mjög stórum stíl síðan. Þessar, — ef ég má nota orð, sem mikið kemur við sögu í öðru stóru máli nú, — þessar einhliða aðgerðir þáv. ríkisstj. kölluðu á gagnráðstafanir af hálfu verkalýðssamtakanna, og þar með var hinu óheppilega kapphlaupi verðlags og launa haldið áfram í fullum gangi. Þetta taldi Alþfl. nauðsynlegt að reyna að koma í veg fyrir, því að efnahagslífið verður ekki heilbrigt, fyrr en þessi víxlverkun verður *með einhverjum hætti* stöðvuð.

Núverandi ríkisstj. gaf út fyrirheit um það, að leitað mundi eftir samvinnu við verkalýðssamtökin og bændur um afgreiðslu þessara mála. Er það grundvallaratriði, að slíkt samkomulag náist, og höfuðnauðsyn, að þessi samtök séu sannfærð um, að þau úrræði sem gripið sé til, séu þau beztu — eða við skulum segja þau skástu, *ef maður vill heldur, sem völ er á,* til þess að þau grípi ekki til gagnráðstafana og skrúfan fari í gang á ný.

Í ræðu sinni í gærkvöld eyddi hv. þm. G-K., Ólafur Thors, allmiklu máli í að fordæma þessa aðferð, kallaði hana svik við lýðræðið o. s. frv., vald, sem Alþ. einu væri gefið, væri flutt til Alþýðusambandsins með þessu móti. Þessa hugsun tel ég alveg fráleita, að ekki sé meira sagt. Alþfl. telur sig fara með umboð þessa fólks á Alþ. og beinlínis skyldu sína að haga málsmeðferð allri þar, þ. e. a. s. á Alþ., í samræmi við það. Hann telur líka, að með því að ná þessari samvinnu sé stærsta sporið stigið til farsællar lausnar málsins. Hitt er svo annað mál, að það er ekki óeðlilegt, að í svo stórum og fjölmennum samtökum eins og Alþýðusambandið er séu skoðanir eitthvað skiptar. Þessi samtök eru ekki nein halelújasamkoma, þar sem allir eru á sama máli eftir valdboði ofan frá. Hver og einn hefur leyfi til að hafa sína skoðun og til að rökstyðja hana, eftir því sem efni standa til. Sumir þessara manna líta ef til vill meira á og leggja meiri áherzlu á stundarhagsmunina, en aðrir á annað, er þeir telja til frambúðar. Þessi mismunandi sjónarmið verður þá að leitast við að samræma og fá samstöðu um þau, því að án samstöðu þessara samtaka og án fylgis þeirra við þær aðgerðir, sem uppi eru hafðar, er engin von um árangur í þessum efnum.

Sjálfstfl.-menn smjatta nú á því, að fullt samkomulag hafi ekki verið í þeim hópi fulltrúa verkalýðssamtakanna, sem um þetta mál fjallaði nú, en það er 19 manna n. svokallaða, sem síðasta Alþýðusambandsþing setti til að fylgjast með efnahagsmálaaðgerðum ríkisstj., og miðstjórn Alþýðusambandsins. Þó var málið þar afgreitt ríkisstj. í vil með meiri hluta atkv., þó að segja megi, að sá meiri hluti hafi verið naumur. Hygg ég, að það hafi ráðið nokkru um, að till. ríkisstj. voru lagðar fullmótaðar fyrir fulltrúana og litlir eða engir möguleikar til breytinga, þegar þangað var komið. Ef það kemur fyrir og þá fyrst, þegar það kemur fyrir, að ríkisstj. njóti ekki lengur trausts verkalýðssamtakanna, og ef þau taka til að gera gagnráðstafanir gegn aðgerðum ríkisstj., er vonlaust um að ná þeim árangri, sem að er stefnt, og sá grund-

völlur ekki fyrir hendi lengur, sem ríkisstj. byggði tilveru sína á.

Í ríkisstj. eins og þessari, sem 3 flokkar standa að með mismunandi sjónarmið og stefnu, er ekki hægt að komast hjá því, að menn líti á mál nokkuð mismunandi augum. En úr því að þeim hefur tekizt að ná samkomulagi í þessu þýðingarmikla máli, og ég tel mig mega fullyrða, að þetta samkomulag sé fyrst og fremst miðað við að ná farsælli lausn fyrir vinnandi stéttir þjóðarinnar til sjávar og sveita til frambúðar, þá vil ég vona, að það fái staðizt.

Í hinu stórmálinu, sem ríkisstj. hefur til meðferðar, sem er þó þýðingarmeira og afdrifaríkara, landhelgismálinu, hefur Alþfl. líka sína fastmótuðu stefnu, sem hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, gerði hér grein fyrir í gærkvöld og ég þarf ekki að rekja. Hann vill leitast við að koma henni í framkvæmd án þess, að beinlínis séu espaðir upp til andstöðu þeir erlendu aðilar, sem hljóta að missa nokkurs í við þessar aðgerðir okkar, reynt verði að ná um þessar aðgerðir fullri samstöðu allra flokka heima fyrir og ekki horft í það, þó að til þess færu nokkrir dagar eða vikur. Hitt er miklu meira virði, að fá samstöðu inn á við og ófriði verði forðað út á við.

Að lausn þessara máls á þeim grundvelli, sem ég hef hér lítillega rakið, mun Alþfl. vinna og láta sér í léttu rúmi liggja, hvað aðrir hafa um þá afstöðu að segja, þangað til hann verður með rökum sannfærður um, að aðrar leiðir séu til heppilegri. En neikvæða gagnrýni og hávaða lætur hann sér í léttu rúmi liggja. — Svo býð ég hlustendum góða nótt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 1. þm. Rang. hélt hér ræðu. Í þessari ræðu vottaði lítið fyrir rökum. Hann var enn að tala um, að hallað væri á landbúnaðinn í þessum efnahagsmálaráðstöfunum, og sagði, að landbúnaðurinn yrði fyrir sérstökum skakkaföllum. Þessu hefur nú raunar verið rækilega svarað, en ég vil bæta einu atriði við, sem eitt út af fyrir sig er alveg nóg svar við þessum áróðri hv. þm. og hans félaga úr Sjálfstfl. Ef það er rétt, að hallað væri á landbúnaðinn í þessum ráðstöfunum, hvers vegna hafa þá ekki þessir þm. flutt neinar till. á þingi um að bæta úr því? En það hafa þeir ekki gert af þeirri einföldu ástæðu, að þetta er allt glórulaust tal af þeirra hendi um, að það sé hallað á landbúnaðinn í þessum ráðstöfunum. Annars er þessi hv. þm. Rang. „frægastur“ í landbúnaðarmálum fyrir það, að hann snerist til fylgis við ofsóknarstefnu Jóns Pálmasonar í garð landbúnaðarins 1944—46, honum líkaði hún svo vel. Hann byrjaði með því að taka fyrirvara um þá stefnu, en snerist síðan til fylgis við hana. Fyrir það er hann „frægur“ í sögu landbúnaðarins.

Sannleikurinn er sá, að síðan framsóknarmenn komu í stjórn 1947, hefur verið rekin þróttmikil framfarastefna í landbúnaðarmálum í stað þeirrar ofsóknar, sem átti sér stað, á meðan hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, réðu þar mestu fyrir innan stokk hjá Sjálfstfl. og í ríkisstj.

Hv. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, hélt ræðu rétt í þessu. Hann endurtók þá firru, að framsóknarmenn hefðu lofað því, að þeir hefðu örugg varanleg úrræði í efnahagsmálum, sem ekki þyrftu að valda neinni kjaraskerðingu, las upp ummæli eftir forsrh., þar sem hann komst þannig að orði, að ekki þyrfti að valda kjaraskerðingu, sem neinu næmi, þ. e. a. s. eftir íslenzkri málvenju ekki verulegri kjaraskerðingu, og það á einmitt við það mál, sem hér liggur fyrir. Hér er gert ráð fyrir úrlausn, sem ekki á að valda neinni verulegri kjaraskerðingu, en verða til þess að forða stórfelldri kjaraskerðingu, sem yrði, ef ekkert væri að gert.

Hv. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, fór að ræða hér nokkuð um Framsfl. og hvað væri örðugt að koma málum við hann, hann væri orðinn sérstakt vandamál í þjóðmálunum vegna þess, að það væri svo erfitt að hafa samvinnu við hann. Heldur stangast þetta illa við staðreyndirnar, því að Framsfl. hefur átt þátt í ríkisstj. í rúmlega 30 ár af 40 árum, sem flokkurinn hefur starfað. Og ég veit ekki betur en Sjálfstfl. hafi sótzt eftir samvinnu við Framsfl.

Í þessu sambandi talaði hann um samvinnufélögin og skattfríðindi, sem þau nytu. Á þessu þingi var sett ný löggjöf, þar sem samvinnufélög eru sett á nákvæmlega sama bekk og önnur félög um skattgreiðslu til ríkisins. En hatur sjálfstæðismanna er svo mikið á samvinnufélögunum, þessum höfuðfélagsskap alþýðunnar í landinu, að þeir vildu ekki fallast á að láta samvinnufélögin njóta jafnréttis í löggjöfinni, heldur vildu viðhalda sérstökum kvöðum á samvinnufélögin, sem hefðu gert það að verkum, að þau hefðu orðið að borga þyngri skatta en nokkrir aðrir, ef þeir hefðu fengið vilja sínum framgengt.

Það kom sem sé í ljós í þessu sambandi, að þeir þola ekki frjálsa samkeppni, en vildu viðhalda sérstökum kvöðum á samvinnufélögunum. Þetta er gott fyrir samvinnumenn um allt land að festa sér í huga um framkomu Sjálfstfl. Og á þessu sjáum við svona hér um bil, hversu mikið er að marka skraf Sjálfstfl. um það, að hann vilji byggja þjóðfélagið upp á frjálsri samkeppni.

Þá kom hv. þm. Gunnar Thoroddsen að kafla í ræðu sinni, sem voru frómar hugleiðingar og ýmsar ekki óskynsamlegar. En hann tók það greinilega fram, að þetta væri hans persónulega skoðun. Það var líka vissara. Það var líka vissara að hafa fyrirvara um, að þetta væri ekki talað fyrir flokkinn, og kom sér vítanlega vel, miðað við þann málflutning, sem við höfum heyrt hér í kvöld í þessu sambandi. Þá talaði hann m. a. um gengismálið á þann hátt, að allir skildu, hvað við var átt.

Þessi hv. þm. var að tala um sparnað í ríkisrekstrinum. Þessi hv. þm. er frægur fyrir óráðsíu í þeim rekstri, sem honum hefur verið falið að standa fyrir, og ætti að moka frá sínum eigin dyrum í því sambandi. En hv. þm. talaði ekkert um skattamál sjómanna, og þótti mörgum það einkennilegt, að hann skyldi ekki tala um það áhugamál Sjálfstfl., sem þó hefur borið mjög á góma í þessum umr. og á þann hátt, að það

hefði verið full ástæða til þess fyrir hann að gera grein fyrir því í áheyrn alþjóðar.

Í þessum umr. hafa talsmenn Alþb. af og til vikið að því, að úrræðin í efnahagsmálunum væru málamiðlun. Það er raunar rétt. Þeir hafa í því sambandi m. a. sagt, að það hafi ekki orðið samkomulag um teljandi niðurfærslur á ríkisútgjöldum. Þetta gefur tilefni til, að menn spyrji, og margir hafa spurt mig, hvaða tillögur um niðurfærslur á ríkisútgjöldum það hafi verið, sem hafi náðst samkomulag um. Ég tel skylt að greina frá þessu í höfuðatriðum.

Frá Alþb. komu till. um nokkra niðurfærslu á ríkisútgjöldum, og voru þessi aðalatriðin:

1. Að lækka framlög til verklegra framkvæmda.
2. Að lækka jarðræktarframlag og framlag til tilrauna í jarðrækt.
3. Að fella niður framlag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.
4. Að draga stórlega úr löggæzlu.

Um þetta varð ekki samkomulag.

Loks komu fram ábendingar um smærri liði, og eru þær í athugun.

Allt ber vitaskuld að gera, sem unnt er, til þess að auka ráðdeild í rekstri ríkisins. Ríkisstj. hefur beitt sér fyrir sérstakri löggjöf á þessu þingi til þess að sporna við útþenslu í embættiskerfinu, og ríkisstj. hefur að minni till. ákveðið að skipa nefnd til þess að endurskoða ríkisútgjöldin, og verður stjórnarandstæðingum gefinn kostur á þátttöku í þeirri nefnd.

Það hefur verið rætt um það talsvert undanfarið, hvort ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum mundu reynast gagnlegar til frambúðar. Með þessu eiga menn vafalaust við, hvort takast muni með þessum ráðstöfunum að skapa jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stöðva verðlag, þegar verðhækkunaráhrif þessara nýju ráðstafana eru komin fram. Um þetta er vitanlega ómögulegt að fullyrða nokkuð. Tekjuöflunin getur reynzt of knöpp, og er meira að segja hætta á því, þar sem byggt er á mjög djarflegri innflutningsáætlun. Og þessi hætta á halla í uppbótakerfinu er ævinlega fyrir hendi, og hún er einmitt mjög alvarlegur galli á fyrirkomulaginu.

Enn fremur ber enn að leggja áherzlu á, að engin leið getur leitt til varanlegs jafnvægis í þjóðarbúskapnum og komið í veg fyrir nýjar og nýjar veltur, nema hætt sé að nota vísitöluna á sama hátt og verið hefur.

Þróunin í þessum málum veltur því mjög á, hvernig stéttasamtökin í landinu halda á kaupgjaldsmálunum á næstunni. Verður skrúfan notuð áfram eða ekki, eins og verið hefur?

En þá mundi ef til vill einhver segja: En var þá ekki bezt að aðhafast ekki neitt og láta öngþveitið koma, sem orðið hefði, ef ekkert hefði verið gert? Er þá nokkurt verulegt gagn að þessum ráðstöfunum?

Í fyrsta lagi tryggja þessar ráðstafanir öfluga framleiðslustarfsemi um næstu framtíð, og það er út af fyrir sig ekki neitt smámál. En það, sem gefur þessum nýju ráðstöfunum í efnahagsmálunum mest gildi og veldur því, að þær eru allt annars eðlis en það, sem staglað hefur verið í uppbótakerfið á síðari árum, er sú staðreynd, að nú hefur verið stigið stórt skref í áttina til samræmis á verðlaginu og stigið í raun og veru hálfa leið út úr uppbótakerfinu með hinu nýja yfirfærslugjaldi, sem gengur út og inn í kerfinu.

Hvað sem framtíðin ber í skauti sínu og þótt menn kjósi yfir sig nýjar veltur á verðbólguhjólinu, þá verður þetta skref til samræmis í þjóðarbúskapnum ekki stigið til baka. Þess vegna hafa þessar ráðstafanir verulegt gildi til frambúðar, hvernig sem fer að öðru leyti. Þess vegna er þetta mál þess vert að leggja mikið á sig fyrir það og þess vert að taka á sig óþægindi og rógburð til þess að koma því í lög.

Þetta munu allir viðurkenna inn á sér, a. m. k. þeir, sem ekki eru haldnir fullkomnu ofstæki, og þessi þáttur er svo sterkur í málinu, og á þessu er svo ríkur skilningur með þjóðinni þrátt fyrir allt moldviðrið, að þegar leit út fyrir það um daginn, að stjórnin færi frá án þess að koma efnahagsmálafrv. fram, varð meginþorri manna mjög áhyggjufullur út af því og það ekkert síður andstæðingar ríkisstj. en hinir. Menn fundu, að það var stórfelldur skaði skeður, ef málið næði ekki fram að ganga, jafnvel þeir, sem hafa látið sér sæma og munu því miður láta sér sæma á næstunni að spilla fyrir því í framkvæmd. Sjálfstæðismenn töluðu þá um frv. líkt og þann, sem þungt er haldinn, en stórfellt tjón að missa.

En einmitt þetta er að verða háskalegur löstur í fari margra, að þeir berjast á móti því, sem þeir í raun og veru eru með, ef þeir halda, að með því geti þeir unnið sér vinsældir hjá einhverjum þeim, sem nauðsynlegar ráðstafanir kunna að valda erfiðleikum hjá í bili. Þessi óheilindi hafa ef til vill aldrei komið betur fram en í sambandi við þetta mál, ekki aðeins á þingi, heldur líka utan þings. Ef þjóðin verðlaunar slík óheilindi og snýst ekki gegn þeim, mun það koma illa í koll, en ef þjóðin refsar fyrir slík óheilindi og venur menn þannig af þeim, þá er henni borgið.

Þetta er ein meginástæðan fyrir því, að það er orðin þjóðarnauðsyn, að menn aðvari Sjálfstfl. á þann hátt, sem forustan skilur, með því að veita honum ekki brautargengi til niðurrifsins og láta hann vita það.

Ástæða er til þess að rifja upp í lokin, hvað fram hefur komið í umræðunum um störf núv. ríkisstj. Aldrei hefur verið öflugri framleiðslustarfsemi á Íslandi en undanfarin tvö ár né stöðugri atvinna. Rekstraraðstaða sjávarútvegsins hefur verið bætt stórkostlega, og nú með síðustu löggjöf hefur togaraútgerðinni verið bjargað úr bráðum háska og bætt aðstaða síldarútvegsins. Kjör fiskimanna hafa verið bætt. Auknar hafa verið útflutningsuppbætur til landbúnaðarins og aðstaða hans að öðru leyti í verðlagsmálum bætt frá því, sem áður var. Ný löggjöf hefur verið sett um ræktun til þess að vinna að stækkun hinna smærri búa og ný löggjöf sett um nýbýlastofnun, sem eykur stuðning við nýbýlamenn, nýrri löggjöf komið á um íbúðalán og skyldusparnað, fengið erlendis óvenju mikið fjármagn til stórframkvæmda í

landinu, en ekki til eyðslu, og með því tryggður framgangur Sogsvirkjunarinnar, sem er ein hinna stærstu framkvæmda, sem Íslendingar hafa ráðizt í. Með því hefur einnig verið tryggð bygging sementsverksmiðjunnar, sem áreiðanlega verður eitt hið mesta þjóðþrifafyrirtæki.

Framkvæmdir úti um land hafa verið stórfelldari en nokkru sinni fyrr, bæði í sveit og við sjó, og efling atvinnulífsins víðs vegar um land orðin slík, að aldrei hefur í seinni tíð orðið minni fólksflutningar til þéttbýlisins við Faxaflóa. Ráðizt hefur verið í óvenjuleg skipakaup og undirbúnar frekari framkvæmdir í þeim málum, komið nýrri skipun á bankamál, sem vonir standa til að verði til að koma meiri festu í meðferð peningamála þjóðarinnar, sett löggjöf um aðhald varðandi kostnað við rekstur ríkisins, sett merk löggjöf um aukin réttindi verkafólks og löggjöf um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem eru eitt hið merkasta mál fyrir sjómannastéttina og vafalaust upphaf að hliðstæðri löggjöf fyrir aðra, sem vinna erfið og þýðingarmikil störf í þágu þjóðarbúsins.

Lögfest hafa verið þýðingarmikil nýmæli í menningarmálum, t. d. með lögum um vísindasjóð. Skattalögunum hefur verið breytt á þann hátt, að vonir standa til að verði lyftistöng fyrir atvinnurekstur og framleiðslu í landinu, þar sem settar hafa verið nýjar reglur um skattgreiðslur félaga, en hinir gífurlega háu stighækkandi skattar á félög, sem lögfestir voru fyrir æði löngu undir fjármálaforustu sjálfstæðismanna og legið hafa eins og mara á öllum atvinnurekstri síðan, hafa þar með verið afnumdir, sett í skattalög ný ákvæði um skattgreiðslur hjóna, sem bæta úr því misrétti, sem þær konur hafa búið við, sem unnið hafa að öflun skattskyldra tekna, og skattfrádráttur fiskimanna stóraukinn. Þá ber að telja hina nýju löggjöf um efnahagsmál, þar sem stigið hefur verið stórt skref út úr því feni ósamræmis í verðlagi, sem hættulegast er heilbrigðu framleiðslustarfi, þegar til lengdar lætur.

Þá hefur ríkisstj. komið sér saman um leið í landhelgismálinu, og mun öll þjóðin fagna því. Útfærsla fiskveiðilandhelginnar er vitanlega eitt hið þýðingarmesta mál, sem íslenzk stjórnarvöld hafa nokkru sinni fjallað um. Viljum við mega vænta þess, að stjórnarandstæðingar, enda þótt þeir hafi ekki enn látið uppi álit sitt á tillögum stjórnarflokkanna í málinu, gangi til heillar samvinnu við stjórnina og stjórnarflokkana um landhelgismálið. Öll þjóðin þarf að standa saman sem einn maður um þetta mál, sem varðar meira en flest annað fyrir framtíð Íslands og velferð þeirra, sem eiga eftir að ala aldur sinn í landinu.

Þjóðin mun fagna því, að fullkomin samstaða myndist um þetta mál, og hún ætlast til þess. Framsfl. hefur miðað öll sín afskipti af landhelgismálinu við að tryggja samstöðu sem allra flestra um fullnægjandi lausn þess.

Hvað sem deilum líður um önnur mál, eiga menn að standa saman um útfærslu fiskveiðilandhelginnar og eyða þeim ágreiningi um aðferðir og einstök atriði, sem ætíð koma að sjálfsögðu til, þegar slík stórmál eru til meðferðar. Fordæmið er stofnun lýðveldisins, þegar allir stóðu saman að lokum, eftir að ágreiningurinn um aðferðir hafði verið jafnaður.

Framsfl. átti mikinn þátt í stofnun umbótabandalagsins og beitti sér mjög fyrir stjórnarsamstarfi því, sem nú hefur staðið frá 1956. Framsóknarmenn álíta, að með því, sem þegar hefur áunnizt í löggjöf og framkvæmd, hafi verið stigin þýðingarmikil spor, sem reynast muni þjóðinni giftudrjúg á margan veg til frambúðar.

Framsóknarmenn álíta varðandi efnahagsmálin, eins og glöggt hefur komið fram í þessum umræðum, að jafnvel þótt sjálfstæðismönnum og öðrum niðurrifsöflum, sem ganga í lið með þeim, kunni að takast að koma í veg fyrir full not löggjafarinnar, mun hún samt skilja eftir þýðingarmikil spor.

Að lokum vil ég segja þetta: Framsfl. hefur nú starfað í liðlega 40 ár. Þetta tímabil er glæsilegasta framfaratímabil í sögu íslenzku þjóðarinnar. Framsfl. hefur átt þátt í ríkisstj. í meira en 30 ár af þessum rúml. 40, mjög oft haft stjórnarforustu og mjög oft ýmsa þýðingarmestu þættina í stjórn landsins. Þeim mun sífellt fjölga, sem sjá, að Framsfl. hefur á margan hátt verið kjölfestan í þjóðmálum landsins á þessari för þjóðarinnar í framfaraátt. Enn fremur mun skilningur vaxandi á því, að aldrei hefur íslenzku þjóðinni verið meiri þörf á slíkum flokki sem Framsfl. er en einmitt nú, öflugum flokki, sem ekki miðar afstöðu sýna við þröngsýn stéttarsjónarmið eða miðar ákvarðanir sínar við pólitíska stundarhag, flokki, sem þorir að segja þjóðinni satt og gera rétt, jafnvel þótt það kosti óþægindi í bili, flokki, sem reyndur er að ábyrgðartilfinngu og ábyrgu starfi, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, því að það hefur verið eitt höfuðeinkenni á Framsfl., að þótt hann hafi verið í stjórnarandstöðu, hefur hann aldrei fallið fyrir þeirri freistingu að rífa einhliða niður.

Það er vitað mál, að þeir, sem til þess eru settir að finna úrlausnir í málefnum landsins, hljóta oft og tíðum að verða að taka vandasamar ákvarðanir, oft ákvarðanir, sem orka tvímælis, og oft ákvarðanir, sem eru ekki að öllu leyti vinsælar. Þegar þetta er haft í huga og þess jafnframt minnzt, að Framsfl. hefur átt þátt í ríkisstj. í meira en 30 ár af þeim liðlega 40, sem hann hefur starfað, þá er sannarlega ástæða að minnast þess með ánægju, að flokkurinn er í vexti og að hann á að fagna sífellt vaxandi skilningi á nauðsyn þess, að hann verði efldur til aukinnar forustu. Þetta eykur einnig þá trú, að það sé hægt að vinna traust með öðru en því að rífa niður og vera á móti og reyna að notfæra sér það, sem miður tekst. Þetta sýnir, að það er einnig hægt að vinna traust og tiltrú með því að taka á sig vandann og ráða fram úr honum, jafnvel þótt það, sem gert er, kunni að valda óþægindum í bili. En það er einmitt trúin á hið jákvæða starf og kjarkurinn til þess að taka þátt í því, sem er grundvöllur þess, að frjálst þjóðskipulag geti staðizt. — Góða nótt.

II. Fríverzlunarmálið.

Á 27. fundi í Sþ., 18. febr., var tekin á dagskrá:
Skýrsla iðnmrh. um fríverzlunarmálið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Umr. þær um stofnun fríverzlunarsvæðis í Evrópu, sem staðið hafa nær óslitið nú í heilt ár, eiga sér langan aðdraganda. Hugmyndin um fríverzlunarsvæði er ávöxtur langrar þróunar í efnahagsmálum Evrópu og skoðana, sem smám saman hafa verið að þróazt með þjóðum álfunnar varðandi alþjóðaviðskipti.

Heimsstyrjöldin síðari gerbreytti viðhorfi manna í efnahagsmálum og alþjóðasamstarfi. Þegar á styrjaldarárunum varð það ljóst, að ekki yrði horfið aftur til sama skipulags um utanríkis- og viðskiptamál og ríkt hafði fyrir styrjöldina. Mönnum var ljós nauðsyn þess, að komið yrði á sterku alþjóðlegu samstarfi til að tryggja jafnvægi í alþjóðaviðskiptum, svo að unnt yrði að koma á frjálsari viðskiptaháttum en ríkt höfðu eftir kreppuna miklu, án þess þó að takmarka frelsi einstakra landa til þess að fylgja eigin stefnu í efnahagsmálum, fjármálum og félagsmálum innanlands eða stofna efnahagslegu öryggi einstakra þjóða í hættu. Í þessum tilgangi voru settar á stofn nýjar alþjóðastofnanir: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn og Alþjóðatollasamtökin. Jafnframt komu fram hugmyndir um það, að innan hins nýja alþjóðakerfis yrði að koma á nánara samstarfi á milli þjóða innan ákveðinna heimshluta. Mönnum var ljóst, að mörg mál yrðu frekar leyst á þeim grundvelli en með samtökum allra þjóða heims, en flest einstök þjóðríki væru efnahagslega of lítlar einingar til þess að geta nýtt á hinn hagkvæmasta hátt auðlindir sínar og framleiðslugetu. Þannig efldist mjög í Evrópu hreyfing þeirra manna, er vildu koma á nánu samstarfi Evrópuríkja eða jafnvel setja á fót Bandaríki Evrópu.

Verulegur skriður komst fyrst á þessi mál með stofnun Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu (OEEC) fyrir tæpum 10 árum, 16. apríl 1948. Hið mikla öngþveiti, sem efnahagsmál Evrópu voru komin í eftir styrjöldina, gerði þetta stamstarf lífsnauðsynlegt. En þó má að verulegu leyti þakka þann árangur, sem náðist, a. m. k. fyrstu árin, hinni miklu efnahagsaðstoð Bandaríkjanna til Evrópu, sem í raun og veru varð grundvöllur að stofnun Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Hér er ekki ástæða til þess að rekja starfsemi þessarar stofnunar, enda er hún flestum vel kunn. Mikill árangur hefur orðið af starfsemi hennar, t. d. stofnun Greiðslubandalags Evrópu og samningum um aukið frjálsræði í viðskiptum, en hvort tveggja hefur orðið til þess að skapa skilyrði til stórkostlega aukinna viðskipta Vestur-Evrópuþjóða.

Langt er samt síðan það kom í ljós, að sterk öfl innan Evrópu vildu koma á miklu nánara samstarfi en gert er ráð fyrir í sáttmála Efnahagssamvinnustofnunarinnar, þar sem hverju einstöku þátttökuríki er veitt neitunarvald í öllum málum. Um raunverulegt afsal sjálfsákvörðunarréttar í hendur Efnahagssamvinnustofnunarinnar er því ekki að ræða, og sú kvöð, sem lögð er á einstök þátttökuríki, er í eðli sínu hin sama og þegar um venjulega milliríkjasamninga er að ræða. Þeir, sem lengra vildu ganga, hafa hins vegar haft það að markmiði, að komið yrði á fót stofnunum, er hefðu úrskurðarvald í ákveðnum málum, úrskurðarvald, sem einstök þátttökuríki yrðu að beygja sig undir.

Þessi stefna hefur átt miklu fylgi að fagna á meginlandi Evrópu, einkum í Frakklandi, Ítalíu, Þýzkalandi og Norðurlöndum, og fyrir mörgum forustumönnum hennar vakir í raun og veru, að fyrr eða síðar verði komið á fót Bandaríkjum Evrópu. Fyrsta skrefið, sem stigið var í átt til slíks samstarfs, var stofnun kola- og stálhrings Evrópu árið 1951. Þá var komið á fót allsherjarstofnun, er hafa skyldi yfirstjórn allra mála, er varða kol- og stálframleiðslu og viðskipti með þessar vörur í þátttökuríkjunum, en þau voru sex: Frakkland, Ítalía, Þýzkaland og Beneluxlöndin þrjú, Belgía Holland og Lúxembúrg. Þessi lönd hafa síðan orðið kjarni þeirrar hreyfingar að koma á nánara efnahagskerfi innan Evrópu, leynt og ljóst, í þeim tilgangi, að það yrði skref í átt til stjórnmálalegrar sameiningar.

Hin ellefu aðildarríki að Efnahagssamvinnustofnuninni hafa hins vegar viljað fara aðra leið, þ. e. a. s., þau hafa viljað auka efnahagslegt samstarf án þess þó að afsala sér nokkru sinni sjálfsákvörðunarrétti í mikilvægum málum til alþjóðastofnananna. Í hópi þessara landa eru fjórar þjóðir, sem gætt hafa hlutleysis í alþjóðamálum: Austurríki, Sviss, Svíþjóð og Írland. Afstaða Breta hefur mjög markazt af því, hve náin tengsl þeir hafa við þjóðir utan Evrópu. Norðurlöndin hafa ekki heldur talið sig geta átt svo náið samstarf í efnahagsmálum og félagsmálum við löndin fyrir sunnan þau á meginlandinu eins og tollabandalagið gerir ráð fyrir. Hins vegar hafa Norðurlöndin nú um nokkurra ára skeið verið að undirbúa stofnun hugsanlegs tollabandalags Norðurlanda, og liggja fyrir ákveðnar tillögur í því efni.

Sexveldin, sem áður eru nefnd, hófu fyrir þrem árum samning um stóraukið efnahagssamstarf sín í milli, og lauk þeim samningum með því, að hinn 25. marz 1957 var undirritaður í Róm samningur um sameiginlegan markað eða tollabandalag sex Evrópuþjóða: Frakklands, Ítalíu, Þýzkalands, Hollands, Belgíu og Lúxembúrgar. Þessi samningur markaði í raun og veru þáttaskil í þessum málum, og er nauðsynlegt, að gerð sé allýtarleg grein fyrir efni hans og tilgangi.

Með Rómarsamningnum er komið á fót samtökum, sem nefnd eru Efnahagsbandalag Evrópu (European Economic Community). Einnig hafa þessi samtök gengið undir nafninu: Hinn sameiginlegi markaður (Common Market). Hér er um að ræða mjög náið samstarf, og verður komið upp mjög sterkum og áhrifaríkum stofnunum til þess að sjá um málefni samtakanna og taka mikilvægar ákvarðanir. Þessar stofnanir eru þær, sem nú skal greina:

1) Ráðherranefnd, sem mun starfa í umboði ríkisstjórna viðkomandi landa. Munu fulltrúarnir hafa jafnan atkvæðisrétt í sumum málum, en í

öðrum munu Frakkland, Þýzkaland og Ítalía hafa fjögur atkvæði hvert, en Belgía og Holland tvö atkvæði hvort og Lúxembúrg eitt atkvæði.

2) Framkvæmdaráð níu embættismanna, sem kosið er af ráðherranefndinni.

3) Þingmannaráð, sem kosið verður til fimm ára af þingum viðkomandi landa.

4) Sjö manna dómstóll, sem sker úr um deiluatriði.

5) Efnahags- og félagsmálaráð, sem verður ráðgefandi.

6) Peningamálaráð, sem mun gefa ráð um samræmda stefnu í peningamálum þátttökuríkjanna.

7) Framkvæmdabanki Evrópu og Uppbyggingarlánasjóður.

Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir því, að stofnað verði algert tollabandalag hinna sex þátttökuríkja. Allir tollar og öll innflutningshöft þeirra á milli skulu afnumin, en gagnvart ríkjum utan sexveldasvæðisins skal gilda sameiginlegur tollur í öllum löndunum, en tolltekjunum verði síðan skipt þeirra á milli í ákveðnum hlutföllum. Ekki er þó tilgangurinn, að þetta gerist allt um leið og samningurinn gengur í gildi, heldur er gert ráð fyrir því, að tollarnir lækki smám saman á 12—15 ára tímabili, unz þeir eru að fullu úr sögunni, og öll höft á innflutningi falli niður á sama tíma. Við þessar tollalækkanir á að ganga út frá þeim tollum, sem í gildi voru í í ársbyrjun 1957. Jafnframt þessu á svo smám saman að taka upp sameiginlega tolla gagnvart aðilum utan svæðisins, og eiga þessir tollar að byggjast að verulegu leyti á meðaltali tolla þátttökuríkjanna í upphafi.

Varðandi landbúnaðarafurðir, en með þeim eru taldar fiskafurðir, gilda ýmsar sérreglur. Tolla og höft í viðskiptum með þessar afurðir milli þátttökuríkjanna skal afnema eftir hinum almennu reglum, en jafnframt er gert ráð fyrir, að tekin verði upp sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum, þ. á m. bæði um framleiðslu og sölu afurða. M. a. má setja ákvæði um lágmarksverð, og með tímanum verður að líkindum komið á samræmi í sölu og dreifingu þessara afurða á sexveldasvæðinu. Enn þá er mjög óljóst, hvað felast muni í framkvæmd þessarar svokölluðu sameiginlegu stefnu í landbúnaðarmálum, en búast má við víðtækri skipulagningu og eftirliti. Úr þessu verður skorið, eins og svo mörgu öðru, af stofnunum sexveldasvæðisins í framtíðinni. Loks gerir sexveldasamningurinn ráð fyrir mjög nánu samstarfi og samræmingu á sviði félagsmála og fjármála, svo og sérstökum aðgerðum, er miði að því að aðlaga efnahagsstarfsemi þátttökuríkjanna nýjum aðstæðum. Munu hinar tvær lánastofnanir samtakanna, Framkvæmdabanki Evrópu og Uppbyggingarlánasjóðurinn, annast það verkefni.

Sexveldasamningurinn var á s. l. sumri og hausti staðfestur af löggjafarsamkomum þátttökuríkjanna, og gekk hann í gildi 1. jan. s. l. Á því ári, sem nú er að líða, verður þó ekkert aðhafzt annað en undirbúa starfsemi bandalagsins. Komið verður á fót stofnunum þess og ákvarðanir teknar um ýmis atriði, sem ekki eru skýr ákvæði um í samningnum. Raunveruleg framkvæmd samningsins hefst hins vegar ekki fyrr en 1. jan. 1959, og þá munu fyrstu tollalækkanirnar ganga í gildi.

Hjá því gat ekki farið, að fyrirætlanir sexveldanna um að koma á sameiginlegum markaði vektu ekki aðeins athygli, heldur einnig nokkurn kvíða hjá öðrum aðildarríkjum Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Frá beinu hagsmunasjónarmiði hlutu þátttökuríkin utan sexveldasvæðisins að óttast þau áhrif, sem tollabandalag sexveldanna mundi hafa á viðskipti þeirra. Með tollabandalaginu mundi samkeppnisaðstaða framleiðenda á samningssvæðinu batna stórlega, en samkeppnisaðstaða þeirra, er utan við stæðu, versna að sama skapi. Þannig sáu Bretar fram á það, að samkeppnisaðstaða þeirra við sölu iðnaðarvöru, t. d. til Hollands og Belgíu, í samkeppni við iðnað Þýzkalands og Frakklands mundi versna stórlega, þeir yrðu að yfirstíga háa tollmúra, þar sem þýzkir og franskir framleiðendur gætu selt tollfrjálst. Sömu afstöðu hlutu aðrar þjóðir að hafa, t. d. Danir, varðandi sölu landbúnaðarvara í Þýzkalandi, og svo mætti lengi telja.

Af þessum sjónarmiðum spruttu brátt hugmyndir um það, að komið yrði á fót samstarfi fleiri þjóða um fríverzlun í því skyni að koma í veg fyrir hin óhagstæðu áhrif sameiginlega markaðsins á ríki utan hans og til þess að skapa aðstæður fyrir aukin og hagkvæmari viðskipti meðal þátttökuríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Áttu Bretar meginþátt í því að móta þessar fríverzlunarhugmyndir í upphafi, og á ráðherrafundi stofnunarinnar í febr. 1957 var ákveðið, að reynt skyldi að koma á fót fríverzlunarsvæði, er næði til allra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Síðan hefur verið stöðugt unnið að málinu innan hennar, enda þótt enn sé alllangt í land, áður en vænta má að fyrir liggi frumvarp að fríverzlunarsamningi.

Hið fyrirhugaða fríverzlunarsvæði er í ýmsum mikilvægum atriðum frábrugðið tollabandalagi sexveldanna. Ekki er gert ráð fyrir því, að komið verði á raunverulegu tollabandalagi milli ríkja fríverzlunarsvæðisins. Tollar í viðskiptum á milli þátttökuríkjanna verða að vísu afnumdir, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að þátttökuríkjunum sé frjálst að ákveða, hverja tolla þau taka af vörum, sem koma frá löndum utan fríverzlunarsvæðisins. Skiptir þetta verulegu máli, t. d. fyrir lönd eins og Bretland, sem hefur mjög mikil viðskipti utan efnahagssamvinnulandanna. — Gengið hefur verið út frá því, að reynt yrði að samræma ákvæði fríverzlunarsvæðisins og sexveldasamningsins varðandi tollalækkanir eins mikið og unnt er. Þess vegna hefur verið lagt til, að tollalækkanir sexveldasamningsins gildi í aðalatriðum á fríverzlunarsvæðinu, svo að 12—15 ár muni líða, þangað til fríverzlunin er komin algerlega til framkvæmda, frá þeim tíma, er samningurinn gengur í gildi.

Grundvallarmunur er á þeim sjónarmiðum, sem fríverzlunartillögurnar grundvallast á, og þeim tilgangi, er lýsir sér í sexveldasamningnum. Fríverzlunarsvæðið er eingöngu hugsað sem samningur um viðskiptaleg málefni, og það vakir alls ekki fyrir forvígismönnum hans, að hann sé skref í átt til pólitískrar sameiningar Evrópu.

Einnig virðast flest ríkin ófús til þess að afsala sér ákvörðunarrétti í hendur stofnana fríverzlunarsvæðisins, og er lagt til, að innan þess gildi svipaðar reglur um ákvarðanir og í Efnahagssamvinnustofnuninni, þ. e. a. s., að allar meiri háttar ákvarðanir þurfi að samþykkjast einróma.

Það er að sjálfsögðu augljóst, að fríverzlun mun gera nauðsynlegt að samræma frekar en gert hefur verið stefnu þátttökuríkjanna í efnahagsmálum til þess að koma í veg fyrir misræmi og jafnvægisleysi. Hins vegar gera fríverzlunartillögurnar ekki ráð fyrir nærri því eins nánu samstarfi um þessi mál né um félagsmál og skattamál eins og sexveldasamningurinn.

Í hinum upphaflegu fríverzlunartill. var lagt til, að fríverzlunin tæki ekki til landbúnaðarafurða, að fiskafurðum meðtöldum, og áttu Bretar meginþátt í þeirri tillögu. Hefur þetta atriði orðið eitt af helztu deiluefnunum varðandi efni fríverzlunarsamningsins.

Loks var það viðurkennt í upphafi, að sum þátttökuríkja mundu ekki vera fær um að taka á sig í upphafi skuldbindingar fríverzlunarsamningsins, og var því talið líklegt, að veita yrði þessum ríkjum einhverja sérstöðu og jafnvel aðstoð fyrst í stað.

Rétt er að rekja í höfuðdráttum þær samningsviðræður, sem fram hafa farið um fríverzlunarmálið. Fyrsta stig umræðnanna var, að málinu var vísað til 3 nefnda, 21. nefndarinnar, er kanna skyldi meginatriði fríverzlunarhugmyndarinnar og samræmingu við sexveldasamninginn, 22. nefndarinnar, er fjalla skyldi um, til hvaða afurða samningurinn skyldi ná, þ. e. a. s., hvort landbúnaðarafurðir skyldu vera með eða ekki, og loks 23. nefndarinnar svokölluðu, er fjallar um vandamál þeirra landa, er talin voru of skammt á veg komin í efnahagsmálum til þess að taka á sig allar skuldbindingar fríverzlunarsamningsins. Allar þessar nefndir störfuðu fram á s. l. haust og skiluðu merkilegu starfi, enda þótt í ljós kæmi, að mikill ágreiningur væri um ýmis atriði.

Í 22. nefndinni tókst ekki að ná neinu samkomulagi um meðferð landbúnaðar- og fiskafurða, en margar þjóðir héldu því fram, að fríverzlunin ætti að ná til þessara afurða ekki síður en iðnaðarvöru og hráefna. 23. nefndin hefur hins vegar fyrst og fremst starfað að því að safna upplýsingum og kanna vandamál þeirra þjóða, sem skemmra eru á veg komnar efnahagslega, og hafa mál fjögurra ríkja verið til athugunar hjá nefndinni, en öll hafa þessi ríki talið sig þurfa undanþágu eða sérstöðu innan fríverzlunarsvæðisins. Þessi ríki eru Grikkland, Tyrkland, Írland og Ísland.

S. l. október var haldinn fundur í ráðherranefnd Efnahagssamvinnustofnunarinnar og litið yfir farinn veg. Gáfu þá Bretar í skyn, að þeir væru fúsir til málamiðlunar varðandi meðferð landbúnaðarafurða innan fríverzlunarsvæðisins, og yfirleitt kom fram sterkur vilji til að koma á fót fríverzlunarsvæði. Var þá ákveðið að vísa málinu til sérstakrar nefndar, er vinna skyldi að undirbúningi að samningsuppkasti, og skyldu í henni eiga sæti þeir ráðherrar aðildarríkjanna, sem fara með málefni Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Hefur ráðherranefnd þessi komið saman á þrjá fundi síðan og fjallað um flest helztu vandamálin varðandi fríverzlunarsamninginn. Skal hér drepið á þau, sem mestum ágreiningi hafa valdið:

1) Enn þá er mikill ágreiningur ríkjandi milli sexveldanna annars vegar og hinna þátttökuríkjanna ellefu um meginskipulag fríverzlunarsvæðisins. Vilja sexveldin, að það verði sniðið í veigamiklum atriðum eftir sexveldasamningnum, t. d. varðandi tolla gagnvart ríkjum utan svæðisins.

2) Enn þá er langt í land, áður en samkomulag næst um meðferð landbúnaðarafurða. Þær tilslakanir, sem Bretar hafa gert hingað til, virðast ekki nægilegar til þess að samkomulag geti orðið, t. d. milli þeirra og Dana. Þar að auki er mjög erfitt að samræma ákvæði fríverzlunarsamningsins ákvæðum Rómarsamningsins á þessu sviði, þar sem sexveldin hafa ekki enn þá tekið ákvarðanir varðandi mikilvæg framkvæmdaatriði. Allt útlit er fyrir, að það takist að leysa þau vandamál, er fríverzlunarsamningurinn mun hafa í för með sér fyrir þau lönd, sem skemmra eru á veg komin efnahagslega, annars vegar með undanþágum frá ákvæðum samningsins og hins vegar með aðstoð við útvegun fjármagns til að efla efnahagsþróun þessara landa. Hins vegar er enn þá mikill ágreiningur um það, hvort koma eigi upp innan fríverzlunarsvæðisins fjárfestingarlánastofnun eða framkvæmdabanka, er hafi það hlutverk að örva uppbyggingu atvinnulífsins og flýta fyrir þeim breytingum á framleiðsluháttum, sem fríverzlunin hlýtur að hafa í för með sér.

Tollabandalag sexveldanna er þegar staðreynd, og mun það taka til starfa í byrjun næsta árs. Eins og ég gat um áðan, er að vísu enn ósamið um ýmis atriði, jafnvel ýmis grundvallaratriði, að því er snertir verzlun með landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. Hvað sjávarafurðum viðvíkur er þó full ástæða til þess að gera ráð fyrir, að skilyrði landa utan tollabandalagsins til sölu á sjávarafurðum á tollabandalagssvæðinu verði að einhverju leyti verri en aðstaða aðila í tollabandalagslöndunum sjálfum. Þess vegna er rétt að fara nokkrum orðum um það, hvaða áhrif líklegt er að stofnun þessa tollabandalags hafi á útflutning íslenzkra sjávarafurða.

Eftir síðustu heimsstyrjöld hefur ekki verið um að ræða útflutning verkaðs saltfisks til tollabandalagslandanna né annarra efnahagssamvinnulanda. Spánn og Brazilía hafa verið aðalmarkaðirnir fyrir þessa vöru, og eru viðskiptin við bæði þau lönd á jafnkeypisgrundvelli. Tollabandalagið mun því ekki hafa nein bein áhrif á útflutning þessarar vöru. Hins vegar er um þriðjungur óverkaðs saltfisks seldur til tollabandalagslanda, þ. e. til Ítalíu. Tvö af löndum tollabandalagsins, þ. e. a. s. Frakkland og í seinni tíð einnig Þýzkaland, eru keppinautar okkar á ítalska markaðinum. Framleiðsla Frakka er að vísu yfirleitt lélegri en okkar vara, en verð hennar hefur hins vegar verið miklu lægra en verð á íslenzkum fiski. Hins vegar eru gæði þýzku framleiðslunnar svipuð gæðum íslenzka fisksins. Saltfiskveiðar togara frá Þýzkalandi hafa farið vaxandi undanfarið. Þýzku togararnir afla við

Grænland og selja því ekki ósvipaða vöru og við. Þá hafa Þjóðverjar einnig selt söltuð þorskflök til Ítalíu. Aðstaða Frakka og Þjóðverja á ítalska markaðnum verður því mun betri en okkar Íslendinga, þar sem búast má við því, að tekinn verði upp nokkur tollur á saltfiski frá löndum utan tollabandalagssvæðisins.

Þá selja Íslendingar og allmikið af skreið til Ítalíu, en Þýzkaland og Holland kaupa eingöngu til endurútflutnings. Auk Íslands er Noregur eina landið í Evrópu, sem framleiðir skreið, svo að ekki yrði um að ræða samkeppni á þessu sviði frá löndum innan tollabandalagsins.

Að því er snertir freðfisk og freðsíld er ástand hins vegar gerólíkt. Meira en tveir þriðju hlutar útflutnings þessara vörutegunda eru seldir til jafnkeypislanda, að langmestu leyti til landanna í Austur-Evrópu. Á þessu sviði hafa tollabandalagslöndin mjög litla þýðingu. Meginástæður þess, hversu lítill freðfiskur er seldur til tollabandalagslandanna, eru þær, að dreifingarkerfi fyrir freðfisk er þar víða mjög ófullkomið og því um að ræða harða samkeppni frá nýjum fiski, þ. e. a. s. ísfiski. Auk þess eru tollar á freðfiski í sumum þessara landa, svo sem Frakklandi, mjög háir. Hins vegar er enginn vafi á því, að allt stefnir í þá átt, að komið verði upp geymslu- og dreifingarkerfi fyrir fryst matvæli í þessum löndum, og munu þá verða þar skilyrði til stóraukinnar sölu freðfisks. Af tollabandalagslöndunum eru Þjóðverjar helztu keppinautar okkar í freðfiskframleiðslu. Mundu þeir að sjálfsögðu standa miklu betur að vígi um sölu á freðfiski á tollabandalagssvæðinu og sennilega gera alla sölu á íslenzkum fiski þar ómögulega.

Að því er ísvarinn fisk snertir, er Þýzkaland eina tollabandalagslandið, sem Íslendingar selja þá vöru til. Árið 1956 var tollur af slíkum fiski afnuminn á aðalsölutímanum, en hann hafði þá verið 5—10%. Hefur þetta greitt talsvert fyrir sölu ísfisks til Þýzkalands. En ef nú á ný verður lagður tollur á innflutning þessarar vöru frá löndum utan tollabandalagsins, torveldast sala hennar þangað aftur. Þess ber þó að geta, að önnur tollabandalagslönd keppa ekki sem stendur við íslenzka fiskinn á þessum markaði.

Um saltsíldina gildir yfirleitt hið sama og um freðfiskinn. Yfirgnæfandi hluti hennar er seldur til jafnkeypislanda, meira en helmingur til Austur-Evrópu.

Um fiskimjöl, lýsi og aðrar sjávarafurðir er það að segja, að auðvelt er að selja þær fyrir frjálsan gjaldeyri, enda langsamlega mestur hluti þeirra fluttur til efnahagssamvinnulanda eða dollaralanda. Stofnun tollabandalagsins mun því ekki torvelda Íslendingum útflutning þessara vörutegunda.

Meginniðurstaða þessa er því sú, að stofnun tollabandalagsins mun torvelda Íslendingum útflutning óverkaðs saltfisks og skreiðar til Ítalíu, ísfisks til Þýzkalands og freðfisks til Frakklands. Þetta á við þann útflutning, sem nú á sér stað. En í þessu er þó ekki fólginn kjarni málsins. Hann er sá, að erfitt mundi vera fyrir Íslendinga að auka markað sinn fyrir þessar vörur eða aðrar sjávarafurðir í tollabandalagslöndunum, þar eð í þeim eru framleiðendur flestra þessara vara og mundu þeir standa betur að vígi til sölu á þessum stóra markaði en Íslendingar. Þetta er auðvitað alvarlegast að því er freðfiskinn snertir. Á því getur enginn vafi leikið, að í Evrópu verður innan tíðar komið upp geymslu- og dreifingarkerfi fyrir fryst matvæli, hliðstæðu því, sem nú er t. d. í Bandaríkjunum. Ef viðskipti með freðfisk væru frjáls, ættu Íslendingar auðvitað að hafa mikil söluskilyrði á Evrópumarkaðinum, en tollabandalagið setur þá eins og alla framleiðendur utan þess skör lægra en framleiðendur innan þess, svo að mjög hætt er við því, að Íslendingar hefðu ekki skilyrði til aukinnar sölu á þeim nýja markaði, sem þarna myndaðist.

Af þessum ástæðum er það augljóst hagsmunamál Íslendinga, að ekki verði látið sitja við stofnun tollabandalagsins eins. Að vísu er það enn miklu brýnna hagsmunamál margra annarra, svo sem Breta og Dana. Stofnun tollabandalagsins hefur stóralvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir Breta vegna þess, hversu mjög það rýrir samkeppnisaðstöðu brezks iðnaðar í tollabandalagslöndunum gagnvart iðnaði þeirra sjálfra, og Danir mundu missa mjög mikilvæga markaði fyrir landbúnaðarafurðir sínar. En þótt Íslendingar eigi ekki nálægt því eins mikið á hættu og t. d. þessar þjóðir, mundi aðstaða þeirra í heimsverzluninni rýrna við tilkomu tollabandalagsins, og þess vegna er enginn hlutur sjálfsagðari en sá, að þeir fylgist af áhuga með þeirri viðleitni, sem uppi hefur verið í þá átt að stækka efnahagssamvinnusvæðið og gera það þannig úr garði, að viðskiptin torveldist ekki frá því, sem verið hefur, heldur geti þvert á móti aukizt.

Sem heild eru efnahagssamvinnulöndin stærsti viðskiptaaðili Íslendinga. Árið 1956 nam útflutningur til þeirra 46% af heildarútflutningnum, útflutningur til dollaralanda nam 13%, til Austur-Evrópu 30% og til annarra jafnkeypislanda 11%. Innflutningur frá efnahagssamvinnulöndunum nam 42%, frá dollaralöndum 21%, frá Austur-Evrópulöndum 26% og frá öðrum jafnkeypislöndum 11% heildarinnflutningsins. Viðskiptin við efnahagssamvinnulöndin hafa þó farið hlutfallslega minnkandi undanfarin ár. Útflutningur til þeirra nam 57% heildarútflutningsins 1952, en minnkaði ofan í 47% 1953 og hefur haldizt hlutfallslega svipaður síðan.

Til efnahagssamvinnulandanna og sambandsríkja þeirra er fluttur nær allur óverkaður saltfiskur, sem Íslendingar framleiða, en hann nam 1956 13% heildarútflutningsins. Þangað er flutt nær öll skreiðarframleiðsla þjóðarinnar, en hún nam 1956 11% útflutningsins. Þangað er flutt 90% ísfiskframleiðslunnar, 84% lýsisframleiðslunnar, 75% fiskimjölsframleiðslunnar og 20% saltsíldarinnar. Aftur á móti er markaður okkar fyrir freðfisk og freðsíld, saltsíld, verkaðan saltfisk og niðursuðuvörur fyrst og fremst í jafnkeypislöndunum, þótt bandarískt freðfiskmarkaðurinn sé að sjálfsögðu mjög mikilvægur.

Í þessu sambandi verðum við að minnast þess, að allar útflutningsvörur okkar eru framleiddar

í löndum, sem rætt hefur verið um að yrðu aðilar að fríverzlunarsvæðinu. Ef fríverzlunarsvæðið yrði stofnað og fríverzlunin tæki ekki til sjávarafurða, kæmi ekki til greina, að Íslendingar gerðust aðilar að því. Þeir gætu ekki opnað land sitt fyrir iðnaðarvörum frá Vestur-Evrópu án þess að fá í staðinn frjálsan aðgang að fiskmarkaðinum þar. En ef fríverzlunarsvæðið yrði stofnað og fríverzlunin tæki til sjávarafurða beint eða óbeint, þá mundu Íslendingar með því að gerast aðilar að því losna við þá nýju erfiðleika á sölu saltfisks, skreiðar, freðfisks, nýs fisks til Ítalíu Frakklands og Þýzkalands, sem búast má við, ef látið verður sitja við stofnun tollabandalagsins, og hafa skilyrði til haftalausrar og tollfrjálsrar sölu sjávarafurða sinna á hinum stóra markaði fríverzlunarsvæðisins. Þess ber þó að geta, að ekki er líklegt, að niðurstaðan verði sú, ef fríverzlunarsvæðið verður stofnað, að fríverzlunin verði látin taka annaðhvort til alls fisks eða þá alls ekki til fisks. Ýmislegt bendir til, að farinn yrði einhver millivegur, t. d. að aðalreglur fríverzlunarinnar tækju til sumra sjávarafurða, en sérreglur giltu um verzlun með aðrar, t. d. hliðstæðar þeim, sem látnar yrðu gilda um einhverjar landbúnaðarvörur. Þá er þess og að geta, að ekki er víst, að hið endanlega val verði milli þess að gerast fullgildur þátttakandi í fríverzluninni og hins að taka alls engan þátt í henni. Það er viðurkennt innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar, að sérstaða ýmissa aðildarríkja sé svo mikil og þess eðlis, að gert hefur verið ráð fyrir ákvæðum um ýmsar undantekningar frá skuldbindingum í væntanlegum fríverzlunarsamningi. En búast má þó auðvitað við, að réttindi verði takmörkuð að sama skapi.

Ef Íslendingar stæðu utan fríverzlunarsvæðisins, en aðalkeppinautar okkar í fiskverzluninni meðal efnahagssamvinnulandanna, Norðmenn, væru aðilar að því, mundu þeir bæta aðstöðu sína til útflutnings saltfisks og skreiðar til fríverzlunarlandanna miðað við okkur. Eins og ég gat um áðan, er langmestur hluti fiskimjöls og lýsis fluttur til efnahagssamvinnulanda eða dollaralanda. Ef fríverzlunarsvæði yrði stofnað og fríverzlun tæki til þessara vörutegunda, gæti það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir íslenzkan útflutning þeirra þangað, ef Íslendingar yrðu ekki aðilar að fríverzlunarsvæðinu. Hvað ísfiskinn snertir er Íslendingum það auðvitað hagsmunamál að eiga frjálsan aðgang að ísfiskmarkaði í Bretlandi og því æskilegt að vera aðili að fríverzlunarsvæðinu, ef fríverzlunin á að taka til ísfisks.

Að því er freðfisksútflutninginn varðar má segja, að eins og nú er skiptir það ekki miklu máli, hvort til stofnunar fríverzlunarsvæðis kemur og hvort Íslendingar verða aðilar eða ekki, þar eð fríverzlunarlöndin hafa litla þýðingu fyrir freðfisksútflutninginn. En í þessu sambandi má, eins og ég gat um áðan, ekki festa hugann við ástandið eins og það er í dag. Enn þá er lítill markaður fyrir freðfisk í efnahagssamvinnulöndunum. En þetta mun áreiðanlega breytast. Ef fríverzlunarsvæði verður stofnað og Íslendingar eru þar ekki aðilar, munu þeir ekki sitja við sama borð og keppinautar innan fríverzlunarsvæðisins hvað það snertir að fá hlutdeild í þeim nýja markaði fyrir freðfisk, sem án efa skapast í Evrópu á næstu árum. Nokkuð svipað gildir um saltsíldina. Þó er rétt að geta þess, að skilyrði til sölu saltsíldar utan jafnkeypislandanna verða líklega takmörkuð. Nokkur saltsíld er þó seld til Svíþjóðar, en þar keppa Íslendingar við Norðmenn og Færeyinga. Á þeim markaði gæti aðstaða okkar því versnað eða orðið erfið, ef við stæðum utan fríverzlunarsvæðisins.

Áhrif þess, ef fríverzlunarsvæði verður stofnað og Íslendingar verða ekki aðilar að því, yrðu því að ýmsu leyti svipuð áhrifum þess, að tollabandalagið hefur þegar verið stofnað, nema hvað erfiðleikarnir fyrir íslenzka útflutningsframleiðslu yrðu muni meiri. Það hefur aldrei komið til greina og getur ekki komið til greina, að Íslendingar verði aðilar að tollabandalaginu. En það er orðin staðreynd og mun færa Íslendingum nokkra erfiðleika, ef ekkert meira kemur til. Hins vegar geta Íslendingar gerzt aðilar að fríverzlunarsvæðinu, ef það verður stofnað. Komi til þess, taki fríverzlunin til sjávarafurða og stæðu Íslendingar utan svæðisins, hefði það í för með sér gífurlega erfiðleika fyrir íslenzka útflutningsatvinnuvegi, eins og ég hef þegar gert grein fyrir og raunar er augljóst af þeirri staðreynd, að keppinautar okkar við sölu afurða, sem nema 40—50% af heildarútflutningi okkar, mundu fá betri aðstöðu en við í samkeppninni. Hagurinn af því að gerast aðili að fríverzluninni yrði í fyrstu lotu einkum óbeinn, þ. e. a. s. í því fólginn að koma í veg fyrir versnandi samkeppnisaðstöðu. Hins vegar getur hagurinn, þegar fram í sækir og e. t. v. innan skamms tíma, orðið mjög mikill, ef markaður skapast í Evrópu fyrir aðalútflutningsvöru okkar, freðfiskinn. Þá er það auðvitað lífsspursmál fyrir okkur að sitja þar við sama borð og aðrir. Enn fremur geta skapast hér skilyrði til nýrrar hagnýtingar á auðlindum þjóðarinnar, bæði sjávarins og landsins, og fyrirtæki blómgazt, er selji afurðir sínar á hinum nýja og stóra markaði fríverzlunarsvæðisins. Hér getur verið um að ræða stórkostlega möguleika, ef við erum aðilar að friverzlunarsvæðinu, en þeir skapast ekki, ef við stöndum utan þess.

Mönnum getur að sjálfsögðu sýnzt nokkuð sitt hverjum um gildi þess hags, sem við kunnum að hafa af því að gerast aðilar að fríverzlunarkerfinu. Það er ekki óeðlilegt, að menn séu misjafnlega bjartsýnir á það, hvaða skilyrði séu til öflunar nýrra markaða í Evrópu fyrir sjávarafurðir okkar, svo sem freðfiskinn, og menn geta líka verið misjafnlega bjartsýnir á getu okkar til þess að byggja upp stóriðnað, er selji afurðir sínar til Evrópulanda. En um hitt getur ekki verið ágreiningur, að verði fríverzlunarsvæðið stofnað, hefur það mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenzka utanríkisverzlun að standa utan þess, ef fríverzlunin tekur til sjávarafurða. Þess vegna þarf að athuga mjög vandlega, hvaða afleiðingar það hefði fyrir Íslendinga að gerast aðilar að því, þ. e. a. s. að taka á sig þær skuldbindingar, sem aðild að

friverzlunarkerfinu hefur í för með sér. Skal ég nú ræða það atriði nánar.

Ég ætla fyrst að fara fáeinum orðum um landbúnaðinn. Enn þá er alls ekkert um það vitað, hvaða reglur kunna að verða látnar gilda um viðskipti með landbúnaðarvörur, ef af stofnun friverzlunarsvæðisins verður. Þó virðist eindregið mega gera ráð fyrir því, að verzlun með landbúnaðarvörur verði ekki gefin frjáls með sama hætti og verzlun með iðnaðarvörur. Verndarþörf landbúnaðarins í hinum ýmsu efnahagssamvinnulöndum er svo rík, að óhugsandi virðist, að þau muni geta sætt sig við frjálsa verzlun með þessar vörur. Má því hiklaust gera ráð fyrir því, að einhvers konar sérreglur muni gilda um viðskipti með landbúnaðarvörur, á sumum sviðum e. t. v. nokkuð frjálslegar, en á öðrum sviðum háðar ýmiss konar hömlum og takmörkunum.

Að því er aðstöðu íslenzks landbúnaðar snertir ber að geta þess, að langhagstæðast er nú að framleiða í landinu tvær tegundir landbúnaðarafurða, kindakjöt og neyzlumjólk. Þótt heimilaður yrði tollfrjáls innflutningur þessara vörutegunda, kæmi varla til greina, að þær yrðu fluttar til landsins, en þær eru aðalafurðir landbúnaðarins. Framleiðsla kindakjöts er nú meiri en svarar til neyzluþarfarinnar innanlands, og ber brýna nauðsyn til þess að finna markað erlendis fyrir íslenzkt kindakjöt. Reglur um frjálsa verzlun með kjöt innan efnahagssamvinnulandanna mundi án efa greiða fyrir sölu dilkakjöts erlendis. Á hinn bóginn er þess að geta, að íslenzkur landbúnaður gæti ekki keppt á innlendum markaði við erlent smjör, osta, nautakjöt, svínakjöt og hænsnakjöt. Og grænmetisframleiðendur mundu varla þola samkeppni við erlent grænmeti, a. m. k. ekki á sumrin. Algerlega frjáls verzlun með landbúnaðarvörur mundi því hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir íslenzkan landbúnað. Þess má þó geta, að við höfum nú frjálsan og mjög tolllágan innflutning á ýmsum mikilvægum landbúnaðarvörum, svo sem kornvörum og sykri. En svo sem ég gat um áðan, eru litlar líkur á því, að tekin verði upp algerlega frjáls viðskipti með allar landbúnaðarvörur, þótt af stofnun friverzlunarsvæðisins verði. Meðan ekkert er um það vitað, hvers konar skipan er líklegust til þess að verða ofan á, er of snemmt að segja nokkuð um það, hver afstaða Íslendinga ætti að vera hvað viðskipti með landbúnaðarafurðir snertir.

Eitt helzta vandamálið í sambandi við hugsanlega aðild Íslands að friverzlunarsvæði í Evrópu er fólgið í því, að ýmsar iðngreinar, sem smám saman hafa vaxið upp hér á landi, einkum á s. l. aldarfjórðungi, mundu vegna þeirra tollalækkana, sem nauðsynlegar mundu verða á næstu 12—15 árum, og vegna afnáms hvers konar innflutningshafta missa þá vernd, sem þær hafa notið. Í þessu sambandi verður að taka skýrt fram, að í landinu starfa margar iðngreinar, sem njóta lítillar eða alls engrar tollverndar. Er þar fyrst og fremst að nefna þann iðnað, sem byggir á vinnslu fiskafurða. Þá er hér starfræktur ýmiss konar annar iðnaður, sem nýtur eðlilegrar verndar, svo sem byggingariðnaður, járniðnaður og margvíslegur þjónustuiðnaður. Enn fremur er hér rekinn mjög mikilvægur iðnaður í þágu útflutningsframleiðslunnar, án þess að hann njóti nokkurrar verndar, hvorki af innflutningstakmörkunum né tollum, svo sem veiðarfæragerðir, kassagerð, dósagerð o. s. frv. Allar þessar iðngreinar mundu í raun og veru hafa hag af því, að viðskipti yrðu sem frjálsust og tollar lækkaðir. Að hinu leytinu eru svo mikilvægar iðngreinar, sem nú njóta verndar, ýmist af innflutningstakmörkunum eða tollum eða hvoru tveggja, og má þar fyrst og fremst nefna ýmsan vefnaðarvöruiðnað og skógerðir.

Athugun hefur verið gerð á því, hversu miklu nemi tollar af innfluttum vörum, sem jafnframt eru framleiddar innanlands. Af tolltekjunum 1956, sem reyndust 255 millj. kr., reyndust 36.8% tollar af vörum, sem jafnframt eru framleiddar í landinu sjálfu. Ekki eru þetta þó raunverulegir verndartollar, og mun óhætt að fullyrða, að þeir séu ekki mikið yfir 25% af heildartolltekjunum. Innflutningsverðmæti þeirra vörutegunda, sem telja má að ýmist þyrftu vernd eða æskilegt væri að fá vernd fyrir um skeið, nam 1956 133.5 millj. kr. eða um 9.1% innflutningsins. Þetta er lægri tala en ég geri ráð fyrir að margir, ef ekki flestir, hafi búizt við. Innflutningsverðmæti hinna vörutegundanna, sem jafnframt eru framleiddar innanlands, en ýmist þurfa ekki vernd eða eru þýðingarlitlar, svo að ekki er ástæða til að tryggja þeim vernd eða verndarþörfin er lítil, nam hins vegar 175.5 millj. kr.

Verið er að vinna að athugun á því, hversu margt fólk starfi við þann iðnað, sem telja má verndarþurfi, og hversu framleiðsluverðmæti hans sé mikið. Þegar niðurstöður þeirra rannsókna liggja fyrir, verður ljóst, hversu mikill vandi okkur er á höndum að því er iðnaðinn snertir, ef við gerðumst aðilar að friverzlunarsvæðinu. En þess verður að geta, að fyrirhuguð tollalækkun á ekki að koma til framkvæmda nema á 12—15 ára tímabili, og væri á þeim tíma hægt að afskrifa fjármagn, sem bundið er í vélum, og breyta framleiðsluháttum með hliðsjón af nýjum aðstæðum. Vegna þess, hve innlendi markaðurinn er lítill, og hins, að eðlilegt er, að smáþjóðir vilji á ýmsum sviðum gjarnan búa að sínu, virðist samt sanngirni mæla með því, að Íslendingar fái að halda nokkurri vernd við vissar greinar innlends iðnaðar og þeir fengju, ef til kæmi, eitthvað lengri tíma en aðrar þjóðir til þess að afnema þá vernd, sem nú á sér stað. A. m. k. þyrfti tíminn að vera jafnlangur og það tekur með eðlilegum hætti að byggja upp annan iðnað, sem flutt gæti afurðir sínar á hinn stóra markað friverzlunarsvæðisins.

Þá er það eitt helzta vandamálið varðandi hugsanlega aðild Íslands að friverzlunarsvæðinu, hvernig hægt sé að tryggja áframhald jafnkeypisviðskiptanna. En 1956 var 41% heildarútflutningsins selt samkvæmt jafnkeypissamningum, en 37% innflutningsins var flutt inn samkv. slíkum samningum. Jafnvirðiskaup eru að sjálfsögðu algerlega andstæð grundvallar-

atriðum fríverzlunarhugmyndarinnar. En þeir markaðir, sem við höfum nú jafnkeypissamninga við, eru Íslendingum svo mikilvægir, að aðild að fríverzluninni er óhugsandi, ef hún ætti að hafa í för með sér missi þessara markaða. Vandi Íslendinga er í rauninni fólginn í því, að það er jafnóhugsandi að gerast aðili að fríverzluninni, ef það hefur í för með sér missi markaða í jafnkeypislöndunum, og það er að standa utan fríverzlunarsvæðisins, ef fríverzlunin tekur til allra fiskafurða. Jafnkeypisviðskiptin byggjast að talsverðu leyti á ívilnun um innflutning frá jafnkeypislöndum, en hún er veitt í staðinn fyrir hagkvæma sölu á afurðum okkar til þessara landa. Fyrirkomulagið er, svo sem kunnugt er, það, að til þess að hagnýta andvirði þeirra afurða, sem seldar eru til vöruskiptalandanna, er innkaupum vissra vörutegunda beint þangað og innflutningsleyfakerfið notað til þess að tryggja þessum vörum innlenda markaðinn, ef hætta er talin á, að innflutningur frá öðrum löndum mundi draga úr nauðsynlegum innflutningi frá jafnkeypislöndunum.

Þau lönd, sem Íslendingar hafa jafnkeypissamninga við, eru Brazilía, Spánn, Finnland, Ísrael, Pólland, Tékkóslóvakía, Sovétríkin, Ungverjaland, Austurríki og Rúmenía. Þær vörur, sem einkum eru seldar til jafnkeypislandanna, eru þurrkaður saltfiskur, saltsíld, freðsíld og freðfiskur. Af þurrkuðum saltfiski seljum við 85% útflutningsins til jafnkeypislandanna, af saltsíld 79%, af freðsíld 96% og af freðfiski 70%, miðað við útflutninginn 1956. Ýmislegt bendir að vísu til þess, að önnur jafnkeypislönd en Austur-Evrópulöndin muni, ef af stofnun fríverzlunarsvæðisins verður, hverfa frá jafnkeypisstefnunni í viðskiptum sínum. Á það við t. d. um Finnland, sem nokkuð hefur verið rætt um að gerðist aðili að Efnahagssamvinnustofnuninni og fríverzluninni, Brazilíu og Spán. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því, að Austur-Evrópulöndin muni áfram kjósa jafnkeypisfyrirkomulag í viðskiptum sínum við Ísland. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir því, að Íslendingar geti haldið áfram að selja til þessara landa jafnmikið magn og á jafnhagstæðu verði og að undanförnu, nema því aðeins að hægt verði að kaupa frá löndum þessum framleiðsluvörur þeirra fyrir sömu upphæð.

Ef við getum áfram tryggt vörum frá þessum löndum markað hér innanlands, er ekki ástæða til annars en að ætla, að við munum geta haldið áfram að selja afurðir okkar í þessum löndum. Ef Íslendingar eiga að geta gerzt aðilar að fríverzlunarsvæði Evrópu, virðist því nauðsynlegt, að gerðar séu tvenns konar ráðstafanir til þess, að við getum haldið viðskiptum okkar við jafnkeypislöndin. Í fyrsta lagi þarf að láta þær tollalækkanir, sem leiðir af þátttöku í fríverzluninni, einnig ná til alls innflutnings frá löndum utan fríverzlunarsvæðisins. Í öðru lagi verður Ísland þegar í upphafi að fá undanþágu frá því að gera frjálsan innflutning á þeim vörum, sem mestu máli skipta fyrir viðskipti við jafnkeypislöndin og þá fyrst og fremst Austur-Evrópulöndin.

Um fyrra atriðið er það að segja, að verði sú tollalækkun, sem sigla mun í kjölfar aðildar að fríverzluninni, einnig látin ná til innflutnings frá viðskiptalöndunum í Austur-Evrópu, mun aðstaða þeirra til sölu varnings síns á íslenzkum markaði vegna tollalækkunarinnar einnar saman ekki breytast neitt þrátt fyrir aðild Íslendinga að fríverzlunarsvæðinu, a. m. k. ekki í samanburði við erlenda keppinauta. Frekar kynni að vera hægt að segja, að hún — eins og aðstaða ýmissa erlendra framleiðenda yfirleitt — batnaði á kostnað innlendra framleiðenda. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því, að nauðsyn Íslendinga á því að láta tollahækkanir sínar ná til landa utan fríverzlunarsvæðisins einmitt vegna vöruskiptasamninganna veldur því, að tollar á sömu vörum frá t. d. Bandaríkjunum mundu einnig lækka. Mér er ekki kunnugt um, að aðstæður nokkurs annars lands, sem rætt hefur verið um að yrði aðili að fríverzlunarsvæðinu, séu slíkar, að tollalækkanir þær, sem þau takast á hendur að framkvæma gagnvart hinum fríverzlunarlöndunum, yrðu í rauninni að gilda gagnvart öllum öðrum löndum, eins og á sér stað hér hjá okkur vegna hinna miklu viðskipta okkar við jafnkeypislöndin. Að þessu leyti er aðild að fríverzluninni stærra spor fyrir okkur en hinar efnahagssamvinnuþjóðirnar.

Hvað síðara atriðið snertir kæmi til mála að fá undanþágu frá afnámi innflutningshafta á ýmsum vörum, sem mestu máli skipta í viðskiptunum við jafnkeypislöndin, í því formi, að saminn yrði sérstakur vörulisti, og mætti binda innflutning á vörum á þeim lista við lönd, sem við hefðum jafnkeypissamninga við, en stærstu jafnkeypislöndin eru Sovétríkin, Tékkóslóvakía og Austur-Þýzkaland. Frá sumum þessara landa flytjum við fáa og stóra voruflokka, og yrði framkvæmd þessarar hugmyndar gagnvart þeim varla erfiðleikum bundin. En frá öðrum jafnkeypislöndum kaupum við margar og margbreytilegar vörutegundir og yrði framkvæmdin að líkindum meiri erfiðleikum bundin að því er þau snertir.

Þá er rétt að fara nokkrum orðum um áhrif aðildar að fríverzlunarsvæðinu á fjármál ríkisins. Svo sem kunnugt er, eru tolltekjur nú megintekjustofn ríkisins. En það er einmitt kjarni fríverzlunarhugmyndarinnar, að á 12—15 árum skuli létta verndartollum af innflutningi frá ríkjum fríverzlunarsvæðisins. Ég gat þess áðan, að vegna jafnvirðiskaupaviðskiptanna yrðu Íslendingar að láta þær tollalækkanir, sem nauðsynlegar eru gagnvart fríverzlunarlöndunum, einnig gilda gagnvart öllum öðrum löndum. En undirstrika verður í þessu sambandi, að það eru einvörðungu verndartollar, sem fella verður niður á umræddu árabili. Ekkert virðist því til fyrirstöðu, að hægt verði að halda fjáröflunartollum eða söluskatti á innfluttum vörum, ef sams konar tollur eða gjald er innheimt af framleiðslu sömu vöru innanlands. Ég gat þess áðan, að um 25% af tolltekjum ársins 1956 hefðu mátt teljast verndartollar, en 75% fjáröflunartollar. Í stað þessara verndartolla yrði að koma önnur tekjuöflun, annaðhvort hækkun fjáröfl-

unartollanna eða nýir söluskattar eða aðrir skattar. Virðist slík endurskipulagning á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs engan veginn óframkvæmanleg.

Ég gat þess áðan, að meginhagur okkar af því að gerast aðilar að fríverzlunarsvæðinu, ef fríverzlunin tæki til sjávarafurða, væri fólginn í því, að þá mundum við eiga aðgang að fiskmarkaðinum í fríverzlunarlöndunum. Ég gat þess einnig, að söluskilyrði okkar á þessum markaði þyrftu að vaxa, til þess að við gætum gert innflutning iðnaðarvöru frá fríverzlunarlöndum frjálsari en nú á sér stað, eða þá að við þyrftum að geta byggt upp hér á landi stóriðnað, sem gæti flutt afurðir sínar til fríverzlunarlandanna. Er rétt að fara um þessi atriði fáeinum orðum.

Íslendingar eru fimmta mesta fiskframleiðsluþjóðin í Vestur-Evrópu. Ef miðað er við fiskframleiðsluna 1955, framleiddu Norðmenn mest eða 1868 þús. tonn. Bretar næstmest eða 1100 þús. tonn, þá komu Þjóðverjar með 777 þús. tonn og Frakkar með 523 þús. tonn, en síðan Íslendingar með 480 þús. tonn. Þýðing fiskveiðanna er hins vegar hlutfallslega meiri fyrir Íslendinga en nokkra hinna þjóðanna, þar eð söluverðmæti fiskframleiðslunnar er um 25% þjóðarframleiðslunnar og meira en 90% útflutningsins. En fiskur og sjávarafurðir eru hins vegar t. d. ekki nema um 20% af heildarútflutningi Norðmanna. Fiskneyzla hefur á síðari árum aukizt mjög lítið í Vestur-Evrópu eða nokkurn veginn samsvarandi fólksfjölguninni. Neyzla á mann hefur verið nokkuð stöðug eða 15—16 kg á ári. En mikill munur er á fiskneyzlunni í einstökum löndum. Hún er t. d. um 3½ kg í Tyrklandi, en 47 kg í Svíþjóð og hér á landi er hún ef til vill ekki fjarri 100 kg. Ýmsar ástæður liggja til hinnar lágu fiskneyzlu í hinum ýmsu löndum Vestur-Evrópu. Víða hefta tollar og viðskiptahömlur innflutning á fiski, dreifingarkerfi er ófullkomið eða jafnvel ekki til í ýmsum löndum, og mikið af fiskinum, sem verzlað er með, er slæm vara. Ég hef séð áætlanir um, að um það bil helmingur þess fisks, sem boðinn er sem nýr fiskur, sé meira en tveggja vikna gamall þegar hann kemst í hendur neytandans. Þjónustu dreifendanna, einkum smásalanna, er mjög ábótavant. Af fiski þeim, sem landað var í 10 Vestur-Evrópulöndum 1953, var 40% nýr fiskur, 26% saltaður fiskur, þurrkaður og reyktur, 22% mjöl og lýsi, en aðeins 6% frystur fiskur og 4% niðursoðinn fiskur. Af þessu sést, að frystur fiskur er enn lítið þekkt vara í Vestur-Evrópu. Hins vegar er 35—40% af útflutningi Íslands frystur fiskur og um 10% af útflutningi Noregs. Í Vestur-Evrópu ætti því að vera mikill framtíðarmarkaður fyrir frystan fisk. Íslendingar framleiða mest Evrópuþjóða af frystum fiskflökum, en framleiðsla Breta og Norðmanna er ört vaxandi.

Freðfiskframleiðsla, sem er tiltölulega ný, hefur vaxið mjög á síðustu árum. Neyzla freðfisks hefur hins vegar ekki vaxið ört í Vestur-Evrópu. Áætlað hefur verið, að hún hafi árið 1955 verið um 100 þús. tonn eða tæplega 0.4 kg á mann, en í Norður-Ameríku nam hún hins vegar á sama ári meira en 300 þús. tonnum eða 1.7 kg á mann. Ein af skýringunum á því, að neyzla freðfisks í Vestur-Evrópu skuli ekki vera meiri en raun ber vitni um, er sú, að tollar á freðfiski eru yfirleitt háir og hærri en á öðrum fiskafurðum. Í Frakklandi er t. d. 35% innflutningstollur á frystum fiski, og í viðbót við það koma síðan ýmis önnur gjöld, sem jafngilda tollum, og geta aðflutningsgjöldin þannig komizt upp í rúmlega 45%. Tollurinn er 18% í Ítalíu, 17% í Svíþjóð og 15% í Þýzkalandi. Þetta hefur valdið því, að freðfiskur hefur orðið dýr óhófsvara í ýmsum löndum. Þá er geymslu- og dreifingarkerfi fyrir frosinn fisk mjög ófullkomið eða jafnvel alls ekki til. Talið er, að tala ísskápa í smásöluverzlunum sé ekki hærri en 70 þús., þ. e., að einn skápur komi á meira en 4000 manns. Til samanburðar má geta þess, að í Bandaríkjunum kemur einn skápur á hverja 400 menn. Í fáeinum löndum aðeins, þ. e. a. s. í Noregi, Svíþjóð, Sviss og sumpart í Bretlandi, má segja að til séu svo fullkomin frystikerfi, að meiri hluti neytendanna eigi kost á því að kaupa frystan fisk. Í öllum hinum löndunum, þar sem búa meira en ¾ hlutar íbúanna, eiga neytendurnir yfirleitt ekki kost á því að kaupa þessa vöru. Hins vegar eru að verða miklar framfarir í þessum efnum, t. d. í Þýzkalandi, Danmörk og Hollandi, en í öðrum löndum, svo sem Frakklandi og Ítalíu, gerist enn lítið á þessu sviði.

Af þessum sökum hefur það gerzt, að verzlun innan efnahagssamvinnulandanna með frosinn fisk hefur að því er virðist ekki aukizt á síðustu árum. Hún virðist ekki hafa verið meiri 1955 en hún var 1951. Útflutningur aðalframleiðsluþjóðanna, Norðmanna og Íslendinga, til hinna efnahagssamvinnulandanna hefur beinlínis minnkað. Öll viðbótarframleiðsla þessara þjóða hefur verið seld til annarra landa, einkum Austur-Evrópu.

Ýmislegt bendir þó til þess, að markaður fyrir freðfisk í Vestur-Evrópu vaxi á næstu árum. Skilningur er hvarvetna í efnahagssamvinnulöndunum að vaxa á því, að ástandi fiskverzlunarinnar sé mjög ábótavant og að skynsamlegasta leiðin til þess að tryggja Vestur-Evrópu gott fiskmeti sé að koma upp geymslu- og dreifingarkerfi fyrir freðfisk og stórauka þannig freðfiskmarkaðinn í Evrópu. Það er aðgangur að þessum markaði, sem Íslendingar væru að tryggja sér, ef þeir gerðust aðilar að fríverzlunarsvæðinu. Það tiltölulega litla magn af freðfiski, sem við höfum undanfarið selt til efnahagssamvinnulandanna, hefur fyrst og fremst farið til Bretlands, Frakklands, Hollands og Svíþjóðar, en fleiri lönd munu vafalaust verða hugsanleg markaðslönd, svo sem Vestur-Þýzkaland, Sviss, Danmörk og fleiri lönd.

Rétt er þó að vara við hugmyndum um, að skyndilega muni skapast mikill markaður fyrir freðfisk í þessum löndum, þótt öll verzlun með hann yrði gefin frjáls, enda er það ekki aðalatriði fyrir Íslendinga, heldur hitt, að skynsamleg ástæða er til þess að ætla, að Evrópa yfirleitt verði í framtíðinni, ef til vill í mjög náinni framtíð, stór og traustur markaður fyrir freðfisk.

Jafnframt því, sem unnið yrði að því að bæta markaðsskilyrði okkar fyrir fiskafurðir og þá einkum freðfisk í efnahagssamvinnulöndunum, þyrfti að skapa hér á landi skilyrði til uppbyggingar stóriðnaðar til útflutnings, ef Íslendingum á að vera kleift að opna land sitt fyrir iðnaðarvörum frá friverzlunarsvæðinu. En til þess þarf að sjálfsögðu fjármagn, og það yrði að vera erlent að langmestu leyti. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna raforkuframleiðsluna, en raforkan er enn og verður eflaust í náinni framtíð ein aðalundirstaða iðnvæðingar. Raforkuframleiðslan er okkur Íslendingum sérstaklega nauðsynleg, þar eð við höfum hvorki kol né olíu í landi okkar, en við höfum góð skilyrði til þeirrar framleiðslu vegna vatnsorkunnar.

Þá ber einnig að nefna jarðhitann, sem Ísland er auðugt af, bæði í mynd heits vatns og gufu. Hagnýtingarskilyrði jarðhitans eru margvísleg auk þeirra nota, sem við nú höfum af honum, til hitunar húsa og gróðurhúsaræktunar. Verið getur, að hægt sé að hagnýta jarðhitann til framleiðslu á þungu vatni og til saltframleiðslu. Er hér um að ræða stórkostleg verkefni, sem án efa verður auðveldara að vinna að og sinna, ef Ísland er aðili að stóru markaðssvæði.

Þá er og rétt að geta þess, að aðild að friverzlunarsvæðinu þýðir að sjálfsögðu, að við verðum að ná jafnvægi í greiðslum við útlönd og takast að halda því. Þetta þýðir, að við verðum að samræma verðlag innanlands verðlaginu í helztu viðskiptalöndum okkar innan friverzlunarsvæðisins. Það verður að taka skýrt fram og undirstrika sérstaklega, að með aðild að friverzlunarsvæðinu mundu Íslendingar afsala sér skilyrðum til þess að bæta gjaldeyrisaðstöðuna í bráð með tollum eða innflutningshöftum frá löndum friverzlunarsvæðisins, nema um sé að ræða bráðabirgðaástand, en þá er gert ráð fyrir, að höft verði leyfð um tíma. Til þess að halda jafnvægi í viðskiptum út á við, yrði því fyrst og fremst að beita ráðstöfunum á sviði fjármála og peningamála. Ef um er að ræða jafnvægisleysi innanlands, þ. e. að heildareftirspurn innanlands sé meiri en heildarframboð á vörum og þjónustu, þá yrði m. ö. o. hvorki hægt að beita beinum viðskiptahömlum né innflutningstakmörkunum né heldur tollum til þess að reyna að koma á jöfnuði við útlönd, heldur yrði að bæta úr jafnvægisleysinu innanlands með ráðstöfunum á sviði fjármála og peningamála.

Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir tollabandalagi sexveldanna og hugmyndunum, sem uppi hafa verið um stofnun friverzlunarsvæðis milli efnahagssamvinnulandanna, og kostum þeim og göllum, sem því mundu fylgja eða gætu fylgt fyrir Íslendinga að gerast aðilar að slíku svæði. Málið er ekki enn komið á það stig, að þurft hafi að skuldbinda Ísland á einn eða annan hátt. Málið er enn á umræðu- og athugunarstigi, og hef ég talið sjálfsagt að fylgjast eins rækilega með öllu, sem gerzt hefur í þessu sambandi, og kostur hefur verið.

Þegar eftir að Bretar settu fram hugmynd sína um stofnun friverzlunarsvæðis efnahagssamvinnulandanna, skipaði ég nefnd sérfræðinga til þess að vera mér og ríkisstj. til ráðuneytis um þessi mál. Eiga í henni sæti ráðuneytisstjórarnir Þórhallur Ásgeirsson og Sigtryggur Klemenzson og hagfræðingarnir dr. Jóhannes Nordal og dr. Benjamín Eiríksson, og hef ég að sjálfsögðu stöðugt starfað með nefndinni.

Í október s. l. voru þeir ráðherrar efnahagssamvinnulandanna, sem fara með málefni Efnahagssamvinnustofnunarinnar, boðaðir til Parísar til þess m. a. að ræða friverzlunarhugmyndina í ráði eða stjórn Efnahagssamvinnustofnunarinnar, og var þá ákveðið að stofna ráðherranefndina, sem ég hef þegar getið um. Ég sótti þennan fund ásamt dr. Jóhannesi Nordal, en hann og Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri höfðu áður kynnt sér undirbúning málsins í París. Auk okkar sátu Hans G. Andersen ambassador og Níels P. Sigurðsson sendiráðsritari fundinn.

Þessi ráðherranefnd hefur síðan haldið þrjá fundi. Hef ég ekki getað komið því við að sækja nema einn þeirra, en héðan að heiman hefur dr. Jóhannes Nordal sótt þá alla, auk þess sem þeir ambassadorarnir Hans G. Andersen og Agnar Klemenz Jónsson og Níels P. Sigurðsson hafa setið fundina. Ég sótti síðasta fund ráðherranefndarinnar, sem haldinn var í janúar, enda hafði verið boðað, að viðskipti með landbúnaðarvörur, að fiski meðtöldum, mundu þá verða til umræðu. Ég hef áður gert opinberlega grein fyrir niðurstöðum þess fundar og skal ekki endurtaka það hér. Þó vil ég geta þess, að þar var okkur íslenzku og norsku fulltrúunum til mikillar ánægju ákveðið að greina umr. og ákvarðanir um sjávarafurðir frá umræðum og ákvörðunum um landbúnaðarafurðir og jafnframt fallizt á að skipa sérfræðinganefnd til þess að athuga nánar öll vandamál varðandi verzlun með sjávarafurðir, áður en þau mál verða rædd sérstaklega í ráðherranefndinni. Var því heitið, að við Íslendingar og Norðmenn skyldum fá fulltrúa í þessari nefnd. Geri ég ráð fyrir, að formlega verði gengið frá skipun hennar á næstunni. Þessi ákvæði um aðgreiningu sjávarafurða frá landbúnaðarafurðum eru Íslendingum og Norðmönnum mikilvæg, vegna þess að búast má við, að viðskipti með landbúnaðarvörur verði áfram háð margvíslegum hömlum, jafnvel þótt af stofnun friverzlunarsvæðisins verði. En fyrst fallizt hefur verið á að greina umr. og ákvarðanir um sjávarafurðirnar frá umræðum og ákvörðunum um landbúnaðarvörurnar, gefur það vonandi vísbendingu um, að skipulag viðskiptanna með sjávarafurðir geti orðið sem frjálsast.

Í gær og í dag er enn fundur í ráðherranefndinni, og sækir dr. Jóhannes Nordal hann auk Hans G. Andersens og Níels P. Sigurðssonar.

Ég endurtek: Á þeim fundum, sem þegar hafa verið haldnir, hafa engar bindandi ákvarðanir verið teknar. Rætt hefur verið um einstök atriði. Það hefur verið rætt um skilyrði þess almennt, að efnahagssamvinnulöndin geri með sér friverzlunarsamning, og um einstök atriði vænt-

anlegs samnings. Einstök ríki hafa sett fram sjónarmið sín varðandi málið í heild og einstök atriði. En þegar frv. að fríverzlunarsamningi liggur fyrir, er sérhverju ríki jafnfrjálst að gerast aðili að honum og að neita því.

Þó að hvorki ég né aðrir fulltrúar Íslands, sem tekið hafa þátt í umræðum um fríverzlunarmálið, hafi gefið neinar bindandi yfirlýsingar varðandi afstöðu Íslands, höfum við þó að sjálfsögðu þurft að láta í ljós viðhorf okkar til málsins í heild og ýmissa einstakra atriða. Við höfum þó jafnan haft skýran fyrirvara um endanlega afstöðu Íslendinga og raunar ekkert sagt annað en ég tel geta skoðazt sjálfsagða lýsingu á *augljósum hagsmunum Íslendinga*. Íslendingar eru aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Þess vegna liggur í hlutarins eðli, að þeir taki þátt í umræðum innan þeirrar stofnunar um mál, sem augljóslega hefur jafnstórkostlega þýðingu fyrir íslenzka hagsmuni og stofnun fríverzlunarsvæðisins mundi hafa, ef úr henni yrði. Það, sem enn hefur gerzt, er það eitt, að bent hefur verið við öll tækifæri, sem gefizt hafa, á hagsmuni Íslendinga og áhugamál þeirra varðandi bætt skilyrði til útflutnings sjávarafurða.

Ég skal nú að síðustu gera grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem ég og aðrir fulltrúar Íslands hafa lýst í þeim umræðum, sem hingað til hafa farið fram.

Tekið hefur verið skýrt fram, að Ísland geti ekki gerzt aðili að fríverzlunarsvæðinu, nema tvö meginskilyrði væru uppfyllt: Í fyrsta lagi, að markaður fyrir íslenzkan fisk í fríverzlunarlöndunum ykist nægilega, og í öðru lagi, að ráð fyndust til þess að byggja upp nýja útflutningsatvinnuvegi og auka þá, sem fyrir eru. Tekið hefur verið fram, að það væri mjög mikilsvert fyrir Íslendinga, að fríverzlunin tæki til alls fisks og allra fiskafurða.

Við höfum tekið fram, að hugmynd, sem Norðmenn hafa sett fram um, að fríverzlunin tæki til svokallaðs iðnaðarfisks, þ. e. freðfisks, síldarmjöls, síldarolíu og niðursoðins fisks, væri Íslendingum ekki fullnægjandi, ef verzlun með saltfisk, skreið, saltsíld og ísfisk yrði undanskilin. Bent hefur verið á, að tollabandalag sexveldanna mundi hafa alvarleg áhrif á útflutning Íslendinga, ef fríverzlunin yrði ekki látin taka til sjávarafurða.

Bent hefur verið á, að jafnvel þótt tollar og *innflutningshömlur á sjávarafurðum* yrðu algerlega afnumdar, mundu verða ýmsir erfiðleikar á því að auka fljótlega sölu á íslenzkum sjávarafurðum í fríverzlunarlöndunum, eigi það í fyrsta lagi rót sína að rekja til hins ófullkomna geymslu- og dreifingarkerfis, og í öðru lagi til neyzluvenju neytendanna í þessum löndum. Hefur í þessu sambandi verið lögð sérstök áherzla á nauðsyn þess að bæta eða koma upp fullkomnu geymslu- og dreifingarkerfi fyrir hraðfrystan fisk í löndum fríverzlunarsvæðisins. Þar eð slíkt geymslu- og dreifingarkerfi vantar bæði á heildsölu- og smásölustiginu, mundi bygging þess kosta verulega fjármuni, sem ekki er við að búast að íslenzkir seljendur hafi til ráðstöfunar. Þess vegna hefur verið lögð áherzla á nauðsyn þess, að um sameiginlegt átak verði að ræða, og bent á, að Efnahagssamvinnustofnunin geti haft mikilvægu hlutverki að gegna í þessu sambandi.

Varðandi landbúnaðinn hefur verið tekið fram, að ekkert sé að sjálfsögðu hægt að segja um nauðsyn sérstakra ráðstafana vegna íslenzks landbúnaðar, meðan alls ekkert sé um það vitað, hvaða reglur komi til með að gilda um viðskipti með landbúnaðarvörur á fríverzlunarsvæðinu. Bent hefur verið á, að verulegur hluti íslenzkrar landbúnaðarframleiðslu njóti mikillar verndar, þ. e. mjólkurafurðir og egg, og frjáls innflutningur á slíkum vörum mundi verða *íslenzkum landbúnaði alvarlegt áfall*. *Hins vegar* hefur verið á það bent, að aðrar landbúnaðarvörur séu nú fluttar út í allverulegum mæli, þ. e. kindakjöt, ull og gærur, og mjög nauðsynlegt sé að tryggja markað erlendis fyrir þessar vörur. Að síðustu hefur verið tekið fram, að innflutningur mjög margra mikilvægra landbúnaðarvara sé nú frjáls og lágtollaður, þ. e. korns og sykurs.

Varðandi stöðu íslenzks iðnaðar hefur verið tekið fram, að aðild að fríverzlunarsvæðinu mundi hafa í för með sér erfiðleika fyrir nokkurn hluta þess iðnaðar, sem framleiðir neyzluvörur fyrir innanlandsmarkaðinn. Á þessu sviði mundu þurfa að verða talsverðar breytingar í atvinnulífinu, og væri nýtt erlent fjármagn mjög nauðsynlegt til þess að auðvelda þær. Bent hefur verið á, að þær framkvæmdir, sem helzt skorti fé til á Íslandi, séu einkum þessar: Bygging fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og hafna, bætt skilyrði til þess að auka fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslunni, framkvæmdir til þess að hagnýta orku fallvatna og jarðhita, stofnun nýrra iðnfyrirtækja til framleiðslu á útflutningsvörum og öflun nýrra samgöngutækja, bæði skipa og flugvéla. Tekið hefur verið skýrt fram, að Íslendingar muni ekki geta skuldbundið sig til þess að lækka tolla á iðnaðarvörum frá fríverzlunarlöndunum hraðar en tekst að auka fiskútflutning til þessara landa eða byggja upp nýjar iðngreinar, sem þýðingu hafa fyrir greiðslujöfnuðinn, með aðstoð erlends fjármagns.

Þá hefur verið lögð sérstök áherzla á þýðingu *jafnkeypissamninganna*, sem við nú höfum við ýmis helztu viðskiptalönd okkar. Tekið hefur verið fram, að Íslendingar muni telja nauðsynlegt að láta þær tollalækkanir, sem leiðir af aðild að fríverzlunarsvæðinu, einnig ná til innflutnings frá öllum öðrum þjóðum. Hefur í þessu sambandi verið bent á, að óvíst sé, að þetta eigi við nokkurt annað land, sem rætt hefur verið um að gerist aðili að fríverzlunarsvæðinu, og bent sérstaklega á þetta sem rök fyrir því, að ekki sé hægt að ætlast til þess, að Íslendingar lækki tolla sína jafnhratt og hinar þjóðirnar, — þar eð Íslendingar selja nú um 45% útflutningsins til jafnkeypislanda, geti þeir ekki gerzt aðilar að fríverzlunarsvæðinu, nema því aðeins að þeir geti jafnframt gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að geta haldið mörkuðum sínum í þessum löndum, en það er ekki hægt nema með því að tryggja þeim skilyrði til innflutnings jafnmikils vöruverðmætis

til Íslands eins og þeir kaupa frá Íslandi. Þess vegna hefur verið tekið fram, að Íslendingar verði að fá að halda sérstökum reglum varðandi innflutning mikilvægra vöruflokka, sem fluttir eru frá vöruskiptalöndunum, vegna útflutnings Íslendinga þangað. Bent hefur verið á, að mikill hluti innflutningsins frá þessum löndum sé án efa samkeppnishæfur án sérstakra ráðstafana, en þær séu þó nauðsynlegar vegna nokkurs hluta innflutningsins.

Sagt hefur verið, svo sem ég gat um áðan, að halda verði verndartollum vegna sumra greina innlenda iðnaðarins, þangað til tekizt hafi að efla þær og aðhæfa hinum nýju aðstæðum eða byggja upp nýjar atvinnugreinar í stað þeirra. Þá hefur verið tekið fram, að við gerðum okkur að sjálfsögðu ljóst, að aðild Íslendinga að fríverzlunarsvæðinu væri óhugsandi, nema verðlag á Íslandi yrði samræmt verðlagi helztu viðskiptalanda innan fríverzlunarsvæðisins.

Þetta eru þau sjónarmið, sem ég og aðrir fulltrúar Íslands höfum látið í ljós í þeim umræðum og viðræðum, sem fram hafa farið um fríverzlunarmálið. Hér er fyrst og fremst um að ræða staðreyndir, sem ég tel að ekki eigi að þurfa að verða ágreiningur um. Enn verður ekkert um það sagt, hvernig endanlegt frv. að fríverzlunarsamningi kann að verða. Enn verður ekkert um það vitað, hvaða ákvæði þar kunni að verða um það atriði, sem okkur skiptir mestu máli, þ. e. viðskiptin með sjávarafurðirnar. Ekkert verður heldur um það vitað, hvort við eigum kost á þeim undantekningum frá væntanlegum grundvallarreglum samningsins, sem mundu gera okkur kleift að viðhalda jafnkeypisviðskiptunum og veita innlendum landbúnaði og innlendum iðnaði nauðsynlega vernd a. m. k. þann tíma, sem við teljum þessar atvinnugreinar þurfa á að halda til þess að halda aðstöðu sinni.

Þegar allt þetta liggur fyrir, kemur tími til þess fyrir okkur Íslendinga að segja við því já eða nei, hvort við viljum gerast aðilar að fríverzlunarsvæði í Evrópu. Þangað til er það hlutverk okkar að fylgjast rækilega með öllu, sem gerist varðandi þetta mál, og safna sem gleggstum gögnum um hag og aðstöðu okkar sjálfra til þess að vera sem bezt undir það búnir að geta tekið skynsamlega og rökstudda ákvörðun, þegar ákvörðunarstundin kemur, Jafnframt þurfum við að vinna að því, að í frv. um fríverzlunarsamninginn verði tekið fullt tillit til sérstakrar aðstöðu og sérstakra vandamála Íslands. Við hljótum að sjálfsögðu að óska þess, að samningsfrv. verði okkur eins hagstætt og unnt er. Þegar það liggur fyrir, verður svo að meta, hvort niðurstaðan sé slík, að við megi una.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þá glöggu skýrslu, sem hann hefur flutt hér um fríverzlunarmálið. Vafalaust er þetta eitt hinna stærstu mála, sem við höfum nú til íhugunar og úrlausnar. Það er mjög fjölþætt og þörf á því, að það fái sem allra vandlegasta athugun.

Hvað vinnst fyrir Íslendinga með þátttöku í fríverzlunarsamtökunum, ef þau komast á fót, og hvernig er hins vegar aðstaða okkar, ef við verðum utan við samtökin? Þetta þarf að vega og meta, áður en ákvörðun er tekin. Það þarf m. a. að gera sér ljóst, á hvern hátt þetta snertir helztu atvinnuvegi okkar, landbúnað, sjávarútveg og iðnað, og hæstv. ráðh. ræddi allmikið um það í sinni skýrslu. Ég vil þó leyfa mér að fara um það atriði örfáum orðum til viðbótar.

Ég vil fyrst nefna okkar elzta bjargræðisveg, landbúnaðinn. Það eru miklu færri landsmenn tiltölulega, sem hafa sitt lífsframfæri af landbúnaði, heldur en áður var. Þrátt fyrir það hefur framleiðslan hjá landbúnaðinum aukizt mjög mikið, og stafar það af mjög aukinni ræktun og mikilli vélanotkun við landbúnaðinn nú síðustu áratugina. Það munu vera nálægt því 6000 byggðar jarðir hér á landi, en bændurnir eru nokkru fleiri, vegna þess að á sumum jörðum eru tveir eða fleiri bændur. Hér er því um margt fólk að ræða, sem enn stundar þennan atvinnuveg, og þannig mun það verða framvegis. Á það er líka að líta, að það eru fleiri en bændur og fjölskyldur þeirra, sem hafa framfæri sitt af landbúnaði að meira eða minna leyti. Það er mikil vinna við ýmsar vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarvörur og dreifingu þeirra vara, og það eru margir, sem hafa atvinnu við þessi störf.

Helztu framleiðsluvörur landbúnaðarins eru kjöt og aðrar sauðfjárafurðir og mjólk. Framleiðsla kindakjöts er nú meiri en þörf er fyrir til innanlandsneyzlu, og hefur verið undanfarið flutt út töluvert af dilkakjöti. Íslenzka dilkakjötið er viðurkennd gæðavara hjá þeim, sem keypt hafa, og m. a. þess vegna vonir um, að hægt sé að hafa markað framvegis fyrir þá vöru utanlands og auka hann. Það er nú töluverður tollur á kindakjöti í ýmsum viðskiptalöndunum, t. d. í Svíþjóð mun tollur á kindakjöti vera rúmlega ein króna sænsk á kg, og í ýmsum öðrum löndum, sem eru á hinu fyrirhugaða fríverzlunarsvæði, er verulegur tollur á þessari vöru. Það mundi að sjálfsögðu bæta mjög skilyrði til útflutnings á kindakjöti héðan, ef tollarnir yrðu felldir niður. Hins vegar þarf tæplega að gera ráð fyrir innflutningi kindakjöts hingað til lands, þó að frjálst væri að flytja þá vöru inn í landið, en öðru máli gegnir með aðrar kjöttegundir, svo sem nautakjöt, a. m. k. meðan Íslendingar fást ekki við nautaeldi til kjötframleiðslu.

Um mjólkurframleiðslu er það að segja, að vegna fjarlægðar frá öðrum löndum mun ekki verða flutt hingað neyzlumjólk. Bændurnir hér munu því sitja einir að þeim markaði. En öðru máli gegnir með aðrar mjólkurvörur eða vörur unnar úr mjólk, svo sem smjör og osta. Þar stendur landbúnaður okkar mjög höllum fæti í samkeppni við aðrar þjóðir.

Þó að sauðfjár- og nautgriparæktin sé yfirgnæfandi í landbúnaðinum hjá okkur, þá er þar um fleira að ræða, og þarf því að athuga aðstöðu hinna smærri búgreina í sambandi við hugsanlega þátttöku í fríverzlunarsamtökunum. Þar má nefna t. d. garðræktina: Á því sviði má búast við erfiðleikum, nema að því leyti sem sú

sérstaða, er jarðhitinn veitir, gæti að gagni komið enn frekar en nú er orðið.

Það, virðist því liggja í augum uppi, að ef af þátttöku verður í þessum samtökum, þarf undanþágu viðkomandi ýmsum landbúnaðarvörum, svo að ekki valdi hér skjótri og mikilli röskun. En eins og hæstv. ráðh. gat um, þá er útlit fyrir, að fleiri væntanleg þátttökuríki muni fara fram á slíkt. Það er t. d. kunnugt, að Bretar leggja á það áherzlu vegna viðskipta við samveldislöndin, að einhverjar sérreglur gildi um vissar landbúnaðarvörur. Og fleiri þjóðir af þeim, sem þarna koma til greina, hafa tolla og innflutningshömlur á landbúnaðarvörum. Ætti því að vera auðveldara en ella fyrir Íslendinga að fá viðurkennda sérstöðu varðandi einstakar framleiðsluvörur landbúnaðarins, a. m. k. fyrst um sinn, þar til bændur gætu komið sér fyrir með framleiðslu á nýjum vörum, þar sem samkeppnisaðstaðan væri betri. Það er mál, sem bændum er vel ljóst, að þess er þörf að gera framleiðsluna fjölbreyttari en hún nú er, og hefur það verið til meðferðar í félögum þeirra og mun verða einnig hér eftir.

Um sjávarútveginn er það að segja, að hann á að hafa góða aðstöðu til að keppa á frjálsum markaði, og það er vitanlega ákaflega þýðingarmikið fyrir hann að hafa sem frjálsastan gang að mörkuðum fyrir íslenzkan fisk og fiskafurðir í væntanlegum þátttökulöndum. En eins og á hefur verið bent, þá vantar þar skilyrði til geymslu og dreifingar á frystum fiski í ýmsum þeim löndum. Markaðurinn fyrir fisk utan þess svæðis, bæði í Bandaríkjunum og Austur-Evrópulöndunum, er okkur nú einnig mjög mikils virði, og þarf að vera unnt að halda áfram viðskiptum við vöruskiptalöndin, þegar þar er hagkvæmur markaður fyrir íslenzkar afurðir og góð viðskiptaskilyrði að öðru leyti.

Framleiðsla iðnaðarvarnings hefur farið mjög vaxandi hér síðustu áratugina, og alltaf fjölgar fólki, sem hefur framfæri sitt af störfum við þann atvinnuveg. Það þarf því vel að athuga aðstöðu iðnaðarins. En samkeppnisaðstaða hinna ýmsu iðngreina er mjög misjöfn. Sá iðnaður, sem vinnur útflutningsvörur úr innlendum hráefnum, svo sem fiskiðnaðurinn, ætti að geta þrifizt áfram án sérstakra ráðstafana, og það eru mjög margir, sem hafa atvinnu við þá framleiðslu. Er þar vitanlega mjög þýðingarmikið að tryggja markað í sem flestum viðskiptalöndum.

Fyrsta stóra iðnaðarfyrirtækið, sem hér hefur verið sett á fót, áburðarverksmiðjan, hefur bráðum starfað í fjögur ár, og reynslan af rekstri þess fyrirtækis er góð. Það hefur sýnt sig, að framleiðsla hennar er vel samkeppnisfær. Verksmiðjan hefur getað selt áburðinn fyrir verð, sem er sambærilegt við verð á innfluttum áburði, og er þó enginn tollur á þeirri vöru. Og verksmiðjan hefur ekki notið neinna opinberra styrkja til framleiðslunnar, en það er fátítt um framleiðslu nú hér hjá okkur.

Nú er langt komið byggingu annars stórfyrirtækis, sementsverksmiðjunnar. Það er of snemmt að spá um árangur af því fyrirtæki, en menn vænta vitanlega góðs í því efni. Það er almennur áhugi fyrir stofnun fleiri stórfyrirtækja hér á landi til hagnýtingar á auðæfum landsins, eftir því sem rannsóknir sýna að hagkvæmt geti verið.

Í sambandi við umræður um fríverzlunina hefur m. a. verið rætt um stofnun, er veitt gæti þátttökuríkjunum fjárhagslega fyrirgreiðslu við uppbyggingu nýrra framleiðslufyrirtækja, og gætu þar skapazt möguleikar fyrir okkur.

Ýmiss konar iðnaðarstarfsemi önnur en sú, sem hér hefur verið nefnd, er þannig, að hún á ekki að þurfa að óttast útlenda samkeppni, þó að höft væru afnumin. Sem dæmi má nefna viðgerðarstarfsemi ýmiss konar, svo sem vélaviðgerðir, en það er ört vaxandi atvinna við slíkt hér vegna mjög aukinnar vélanotkunar á mörgum sviðum. Og sama máli gegnir eða svipuðu um ýmiss konar aðra þjónustu, sem alltaf hlýtur að verða hér og staðbundin hér. Svo er aftur á móti veruleg iðnaðarframleiðsla, sem nú nýtur verndar bæði í formi innflutningstakmarkana og verndartolla, og sú framleiðsla mundi ekki standast, ef verndin væri afnumin. Þarf að rannsaka, eins og þegar er byrjað á, þýðingu þess iðnaðar, hvað mörgum hann veitir atvinnu og annað því við komandi. Það virðist liggja í augum uppi, að það gildir sama um ýmsar iðngreinar og nokkuð af landbúnaðarframleiðslunni, að þar þurfum við að fá undanþágur, a. m. k. fyrst um sinn, á meðan verið er að byggja upp nýja framleiðslu í stað þeirrar, sem ekki getur staðizt í frjálsri samkeppni.

Utanríkisviðskipti okkar eru og hafa lengi verið tiltölulega mikil. Og hér er mikil framleiðsla miðað við fólksfjölda. Það er þýðingarmikið fyrir okkur að hafa sem frjálsasta markaði fyrir þessar framleiðsluvörur annars staðar. En vegna fámennis hér hjá okkur er ekki mikill neyzluvörumarkaður hér, sem aðrar þjóðir hafa hag af að selja vörur til, og ætti það nokkuð að bæta aðstöðu okkar í þessum efnum.

Eins og málið liggur nú fyrir, sýnist margt mæla með þátttöku Íslendinga í þessum væntanlegu samtökum. En þó þurfa viss skilyrði að vera fyrir hendi vegna sérstöðu okkar að ýmsu leyti. Málið mun skýrast betur og þarf að skýrast betur, áður en hægt er að taka fullnaðarákvörðun um það, hvort Íslendingar verða þar með eða ekki. En ég tel það gott og mikilsvert, að hæstv. ríkisstj. hefur gert sér far um að fylgjast sem bezt með málinu, og væntanlega verður þannig áfram haldið.

Umræður um þessa fríverzlun eru vitanlega sprottnar af því, að menn líta svo á, að með slíkum ráðstöfunum sé hægt að bæta efnahagslega afkomu viðkomandi þjóða. Það, sem þarna liggur til grundvallar, er það, að hvert land framleiði þær vörur, sem þar er hentugast að framleiða, og síðan verði sem frjálsust viðskipti milli þjóðanna með framleiðsluvörurnar. Þetta ætti, ef vel tekst til, að geta bætt lífskjörin í heild, og það er því allrar athygli vert fyrir okkur sem aðra. Það er sjálfsagt að hafa opin augu fyrir öllu því, sem getur orðið til að auka framleiðslutekjurnar, en jafnframt þarf að skipta þeim sem sanngjarnlegast milli landsmanna. Og það er einnig þýðingarmikið, að

menn geti fengið lífsþörfum sínum fullnægt á sem hagfelldastan hátt. Að þessu virðist stefnt með hinum fyrirhuguðu samtökum.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 19. febr., var umr. fram haldið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur flutt hér mjög ýtarlega skýrslu um fríverzlunarsvæðið og þau vandamál, sem í sambandi við það standa, og enn fremur um það tollabandalag, sem sex Vestur-Evrópuríki nú hafa sett á hjá sér. Ég álít mjög nauðsynlegt að við ræðum þetta mál ýtarlega, ekki máske vegna þess, að þetta sé svo ákaflega brýnt. Tollabandalagið er að vísu staðreynd nú þegar, en við vitum enn þá ekki hvort fríverzlunarsvæðið kemst á né hvernig það verður, ef það skyldi komast á. Hins vegar er hér um það mikið vandamál að ræða fyrir Ísland, alla okkar atvinnuvegi og allt okkar þjóðlíf, að það er nauðsynlegt fyrir okkur frá upphafi þess, að þetta mál kemur á dagskrá, að reyna að hugsa það sem bezt, brjóta þetta vandamál til mergjar og freista þess að móta sameiginlega okkar skoðun og þar með okkar afstöðu til þessa máls.

Ég vil fyrir mitt leyti setja fram minar hugleiðingar um þetta mál, eins og það horfir við nú, eftir þeirri þó takmörkuðu þekkingu, sem ég hef á því, og láta í ljós þá kosti og galla, sem mér finnst á þessu vera.

Ég vil þá í fyrsta lagi ræða um tollabandalagið. Hæstv. menntmrh. ræddi formlega hlið þess máls annars vegar og síðan um þau beinu áhrif, sem stofnun þess kynni að hafa á næstu árum á okkar atvinnu og sérstaklega verzlunarlíf, ef þróun þess yrði svipuð og ýmsir forsvarsmenn þess gera nú ráð fyrir. Í því sambandi verðum við alltaf hins vegar að muna, að sjálft tollabandalag þessara sex þjóða er ekki á sett með algeru samkomulagi allra þessara þjóða, heldur eftir allýtarlega baráttu innan þessara þjóða, þar sem jafnvel ýmsir af stærstu stjórnmálaflokkum þessara þjóða eru algerlega andvígir þessu bandalagi og mundu, ef þeirra áhrif vaxa í framtíðinni eða pólitískar aðstæður breytast í þessum löndum, vafalaust breyta þessu tollabandalagi, þannig að þarna er um bandalag að ræða, sem er pólitískt engan veginn í föstum skorðum og þar fyrir utan á fyrir sér til þess að komast í þær skorður, sem núverandi forsvarsmenn þess hugsa sér, að þróast í ein 10—12 ár eða máske lengur. Við skulum hins vegar jafnframt þeim hugleiðingum, sem fram hafa þegar komið um þá formlegu og þá verzlunarlegu hlið þess máls, líka gera okkur nokkra grein fyrir öðrum atriðum í því sambandi.

Eðli tollabandalagsins hvað þjóðfélagsleg áhrif snertir verður að mínu áliti það, að vesturþýzka auðmagnið verður ráðandi í þessum löndum. Við skulum muna eftir, að þau lönd, sem þarna er um að ræða, eru mörg af mest þróuðu iðnaðarlöndum Evrópu. Á milli tveggja af þessum löndum, stærstu og ríkustu og voldugustu landanna, Vestur-Þýzkalands og Frakklands, hefur löngum verið mjög mikil deila, og ákaflega hörð deila á milli auðmannastéttanna í þessum löndum, sem m. a., eins og við vitum öll, hefur leitt til styrjalda á milli þeirra. Ég held, að það sé óhætt að ganga út frá því, að þetta ástand sé nú að allmiklu leyti breytt. Vestur-Evrópa er nú svo minnkandi þáttur í pólitík og viðskiptum veraldarinnar, að franska og þýzka auðmannastéttin eru ekki lengur þær miklu stærðir, sem þessar stéttir hafa verið undanfarna öld, og ég álít þess vegna mjög lítið til fyrirstöðu, að það náist nú samkomulag á milli þessara stétta, sem oft hefur að vísu verið reynt á undanförnum áratugum, en venjulega misheppnazt, — ég álít það engan veginn óhugsandi, að það takist nú. Hins vegar er nokkurn veginn auðséð, að í slíku samstarfi verður það vestur-þýzka auðvaldið, sem verður hið ráðandi, vegna þess að Frakkland stendur nú, eins og sakir standa, í þeirri erfiðu aðstöðu að vera hnignandi nýlenduveldi, sem er að missa sínar nýlendur, verður að heyja harðvítug, löng og dýr nýlendustríð til þess að reyna að lafa í vonlausri aðstöðu, og þessi stríð, bæði í Indó-Kína og nú Alsír, lama þannig franska auðmagnið, að þess aðstaða verður miklu lakari en oft hefur verið á undanförnum árum og sérstaklega en var t. d. eftir styrjöldina 1914—18. Vestur-þýzka auðvaldið hins vegar er nú laust við allar sínar nýlendur, en hefur fengið aðstöðu vegna þess, hve litlu það hefur þurft að eyða í herkostnað, til þess að skapa sér gífurlegan auð. Með þeim alkunna dugnaði, sem þýzkir hugvitsmenn og vísindamenn hafa til að bera, og með þeirri mjög svo fullkomnu hringaskipulagningu, sem vestur-þýzkt auðvald alltaf hefur haft fram yfir margar auðmannastéttir Evrópu, er nokkurn veginn gefið, að vestur-þýzka auðhringavaldið nær alveg yfirtökunum yfir því franska og þar með algerlega forustuaðstöðunni meðal þessara sex ríkja, sem mynda tollabandalagið. Og þetta er náttúrlega aðstaða, sem við þurfum að muna eftir, þegar við ræðum þessi mál, vegna þess að þarna er ekki bara um almennt lögfræðilegt form að ræða í þessu tollabandalagi, heldur verðum við að gera okkur alveg skýra hugmynd um, hvers konar þjóðfélagsleg öfl eru þarna að verki, og þar af leiðandi m. a., hvers konar keppinautum, viðsemjendum eða öðru slíku við komum til með að mæta, ef við ættum eftir að komast í nánari kynningu við þetta, að vísu máske ekki í tollabandalaginu, eins og enginn mun vafalaust leggja til, en á svæði fríverzlunarinnar.

Við skulum svo í öðru lagi gera okkur ljóst, hver muni verða þróunin um lífskjör og þá fyrst og fremst lífskjör almennings í þessu tollabandalagi. Þegar ég ræði hér um tollabandalagið fyrst, þá er það líka m. a. vegna þess, að margt um þá stefnu, sem ofan á verður í tollabandalaginu, býst ég við að endurtaki sig hvað fríverzlunarsvæðið snertir, ef það skyldi komast á.

Lífskjörin innan þessara landa, sem tollabandalagið mynda, eru allmismunandi, og það fyrsta, sem við verðum að átta okkur á fyllilega, Íslendingar, það er, hve þessi lífskjör

eru miklu lakari hjá mörgum, m. a. af stærstu þjóðunum þarna, heldur en hjá okkar þjóð. Ef auðvaldssamkeppnin fær óhindrað að eiga sér stað, eins og meiningin mun vera, innan þessa tollabandalags, þá þýðir það, að sterkustu, bezt skipulögðu og tæknilega bezt útbúnu auðsamsteypurnar hafa bezta aðstöðu til þess að verða þarna voldugastar, og það þýðir um leið, að þær, eins og alltaf gerist í einu auðvaldsskipulagi, nota sér þá aðstöðu, sem fyrir er, til þess að reyna að skapa sér sem mestan gróða með því m. a. að reyna að koma kaupgjaldi með samkeppni á milli þess verkalýðs, sem er í þessum löndum, niður á það stig, að það gefi þeim sem mestan arð.

Í Frakklandi er ástandið þannig, að lífskjör verkamanna þar munu vera rúml. 50% — máske nú nokkru meira — af því, sem þau voru fyrir stríð, en a. m. k. mjög miklu lélegri en þau voru á atvinnuleysisárunum og kreppuárunum fyrir styrjöldina síðustu. Það hefur orðið þveröfug þróun þar við það, sem orðið hefur hér hjá okkur, þar sem almenningur hefur átt við miklu betri lífskjör að búa en við áttum á tímabilinu fyrir síðustu styrjöld. Í Ítalíu, sem tilheyrir þessu svæði líka, er atvinnuleysið það landlægt, að þar eru stöðugt atvinnulausir milli 1 og 2 millj. manna. Og í öllum þessum löndum er meira eða minna atvinnuleysi. Í Vestur-Þýzkalandi hefur auðvaldinu þar tekizt að halda allmikið niðri launum, þó að harðvítug barátta hafi verið háð fyrir að bæta þau.

Það er litlum efa bundið, að það auðvald, sem hugsar sér að fá þessi sex lönd sem sinn sameiginlega markað, það hugsar sér um leið að láta lögmál markaðsins, hins frjálsa framboðs og eftirspurnar, gilda vægðarlaust á þessu sviði. Það hugsar sér að láta atvinnuleysið, sem er lífsskilyrði þess, að auðmagn geti drottnað í einu þjóðfélagi, að nota atvinnuleysið, sem er landlægt í stórum hluta þessa bandalags, til þess að þrýsta niður lífskjörunum á það stig, sem þau eru lægst í þessari samsteypu. Ég varð líka var við það, þegar rætt var um þetta tollabandalag í Norðurlandaráðinu í Helsingfors síðast, að það kom greinilega fram sá ótti, ekki sízt hjá ýmsum af forsvarsmönnum sósíaldemókratisku flokkanna á Norðurlöndum, að afleiðingar af svona bandalagi mundu verða þær, að tilhneiging yrði, t. d. ef eitthvert Norðurlanda tæki þátt í svona tollabandalagi, til að þrýsta lífskjörunum niður á það stig, sem þarna væri lægst, og allir vitum við, að lífskjör á Norðurlöndum eru allmiklu hærri en þau eru í þessum löndum, sem þátt taka nú í tollabandalaginu. Og sömuleiðis varð maður var við það í einkaviðtölum við ýmsa hægri menn í stjórnmálaflokkum Norðurlanda, að þeir sögðu allhvatskeytlega, að sósíaldemókratar væru auðsjáanlega að hugsa um það, að tryggingakerfið þeirra og svoleiðis nokkuð geti haldizt. Það væri nú ekki alveg víst, að það væri hægt að flika öllu slíku, ef menn væru komnir inn í svona bandalög.

Ég held það sé engum efa bundið, að stóru auðfélögin í þessum tollabandalagslöndum, og sum þeirra, ekki sízt í Svíþjóð, sem hafa nú orðið voldugust og helzt fær um að keppa á erlendum vettvangi, mundu hugsa sér gott til glóðarinnar að knýja niður lífskjörin með vægðarlausri samkeppni og með atvinnuleysissvipunni, sem verkamennirnir í þessum löndum ættu þá alltaf yfir höfði sér. Við verðum þess vegna að gera okkur ljóst, að hættan á þróuninni um lífskjör í þessum löndum er sú, að þau þróist til hins lakara, að þau fari niður á við og að þær auðhringasamsteypur, sem ráðandi yrðu í þessum löndum, mundu af eðlilegum ástæðum beita sér fyrir slíku.

Ég held, að okkur sé ákaflega nauðsynlegt í sambandi við allar okkar umræður um Vestur-Evrópu og það tollabandalag þessara Vestur-Evrópuríkja, sem þarna er um að ræða, að gera okkur grein fyrir þeirri gífurlegu breytingu, sem orðið hefur í veröldinni á síðustu áratugum. Þegar við lærðum okkar mannkynssögu í skóla eða jafnvel okkar landafræði, þá hætti okkur alltaf við að líta á Vestur-Evrópu í raun og veru sem heiminn. England, Frakkland, Þýzkaland, þetta voru iðnaðarveldi veraldarinnar, þetta voru brautryðjendalöndin, og þetta voru löndin, sem næstum því höfðu skipt á milli sín veröldinni. Vesturlönd, það voru þau lönd, sem svo að segja réðu heiminum í krafti þess, að þau höfðu orðið þau fyrstu til að skapa stóriðjuna, skapa þar með hærri lífsstandard og stórkostlegri framleiðslu en öll önnur lönd í veröldinni. Við skulum gera okkur ljóst, að þessi stóriðjueinokun Vestur-Evrópu er horfin og kemur aldrei aftur. En mörgum af forgöngumönnum í Vestur-Evrópu hættir enn þá við að halda, að Vestur-Evrópa sé eins konar, — ja, einblína á naflann sinn og halda að þetta sé miðpunktur heimsins. Það er ekki svo. Vestur-Evrópa er í hnignun. Vestur-Evrópa er að missa þau tök, sem hún hefur haft á heiminum, og það eru að rísa upp aðrar þjóðir utan Vestur-Evrópu, eru að skapa sér stóriðju í stórum stíl og munu skapa hana í enn þá stærri á næstu áratugum. Einokun Vestur-Evrópu er farin veg allrar veraldar. Við sjáum aðeins þróunina hvað iðnaðarframleiðsluna snertir, þar sem Vestur-Evrópa 1913 hafði helminginn af öllum iðnaði heimsins. Þróunin er sú t. d. frá því 1913 til 1952 hvað snertir hlutfallið í iðnaði veraldarinnar, að Ameríka hefur farið úr 36% upp í 41%, Sovétríkin hafa farið úr 4% upp í 16% og Vestur-Evrópa hefur minnkað úr 52% niður í 33% og á það auðsjáanlega fyrir höndum að minnka stórkostlega enn þá. Það, sem raunverulega er að gerast núna hvað snertir Asíu og Afríku og Suður-Ameríkulöndin, sem Evrópumönnum hættir við að líta á sem eins konar hráefnalindir og markaði fyrir sig, það er, að það fer fram samkeppni í veröldinni á milli sósíalistísku landanna annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar um að skapa stóriðju í öllum þessum löndum.

Þetta þurfum við að gera okkur ljóst, þegar við metum það vald og þau áhrif, sem tollabandalag í Vestur-Evrópu hefur annars vegar fyrir heiminn og hins vegar gagnvart okkur, og svo verðum við að taka tillit til, hvernig þessu tollabandalagi verður háttað hvað þjóðfélags-

fyrirkomulag snertir, að við göngum út frá því, að þar verði engar stórar þjóðfélagslegar breytingar á næstunni.

Í tollabandalagi Vestur-Evrópu megum við búast við kreppum og atvinnuleysi, eins og er hið eðlilega hlutskipti auðvaldslanda. Við höfðum nokkra reynslu af, hvað fyrir okkur þýddi slík kreppa og slíkt atvinnuleysi þar á árabilinu 1930—40. Við fengum ofur lítinn smjörþef af því aftur 1950—52 og við sáum þá, hve valt var að byggja okkar verzlun og viðskipti á þessum löndum, þó að við hefðum um langan tíma haft við þau mikil viðskipti, og hve fjarri því var, að við gætum treyst á þau ein.

Allt þetta verðum við að muna: þjóðfélagslegt eðli þessara landa, þróunina, sem þar er um lífskjör, hætturnar, sem þar eru af þeim kreppum og því atvinnuleysi, sem með vissu millibili mun þar geisa og við mundum þá jafnt verða hluttakendur að, ef við værum bundnir slíku bandalagi, sem þetta núverandi tollabandalag, sem myndað hefur verið, væri aðalþátturinn í.

Þetta eru almennar hugleiðingar viðvíkjandi eðli þessa bandalags og þess vegna líka þess þjóðfélagslegu áhrifum á okkur. Við skulum svo hins vegar athuga þau beinu áhrif, sem það mundi hafa nú, ef þetta tollabandalag væri komið til framkvæmda, og það, sem hæstv. menntmrh. benti á í því sambandi.

Þegar við reiknum út, hvaða vörur það eru af okkar útflutningsvörum, sem þetta tollabandalag að einhverju leyti hefði áhrif á, þá þurfum við að muna, að um vissa hluti af okkar útflutningsframleiðslu erum við ekki háðir því nokkurn skapaðan hlut, þó að við flytjum ýmislegt af henni til þessara landa nú. Um þorskalýsi, fiskimjöl og annað slíkt, sem margt af þessum löndum kaupir af okkur, erum við ekki háðir þeim með nokkurn skapaðan hlut. Það eru vörur, sem þeir sækjast eftir og allur heimurinn sækist eftir, þannig að sá hundraðshluti af okkar útflutningsframleiðslu, sem fer til þessara landa í formi þessara útflutningsvara, gerir okkur ekki að neinu leyti háða þessu tollabandalagi eða skapar neinar hættur fyrir okkur af því. Það, sem hins vegar skapar þarna hættu, er fyrst og fremst nokkuð af óverkaða saltfiskinum og skreiðinni. Og varðandi óverkaða saltfiskinn, þá er það, eins og hæstv. menntmrh. ræddi um, fyrst og fremst Ítalía. 1957 höfum við flutt út til Ítalíu óverkaðan saltfisk fyrir 19 millj. kr. Við skulum ekkert fullyrða um það, að sá markaður mundi tapast, þó að tollabandalagið væri myndað. Ef Vestur-Þýzkaland færi að koma sér upp allmikilli saltfisksframleiðslu til þess að geta tekið þann markað af okkur, þá er það hugsanlegt, að þessi markaður mundi tapast. Út af fyrir sig er það slæmt. En það er engin hætta, sem getur haft áhrif á þjóðarbúskap Íslendinga, í því fólgin, þó að markaður tapaðist fyrir 19 millj. kr., þó að þetta sé vitanlega góður markaður, sem við vildum gjarnan halda. Með okkar fiskútflutningi upp á 800—900 millj. er okkur enginn vandi að bæta okkur þetta upp og meira til. Við höfum nú á síðustu áratugum unnið meira þrekvirki en að breyta okkar fiskverkun þannig, þó að þau gömlu Suðurlönd, sem áður voru svo að segja okkar úrslitamarkaðir í þessu, brygðust okkur. Í heimskreppunni síðustu höfum við sýnt, að við höfum verið færir um að margfalda okkar fiskframleiðslu og verka fiskinn meira og hagnýta. Það er því engin hætta fyrir okkur af þessu, þó að það séu viss óþægindi.

Þá er viðvíkjandi skreiðinni. Ítalía kaupir nú fyrir um 7 millj. af þeirri útflutningsframleiðslu upp á 93 millj. á s. l. ári. Vestur-Þýzkaland kaupir rúma eina milljón, og það má vel vera, að þeir fari að taka upp líka skreiðarframleiðslu í þessum löndum, — hingað til höfum við haft það einir, Norðmenn og Íslendingar, — þá gætu þeir tekið þennan markað af okkur. Það er ekki sérstaklega líklegt, en það er hugsanlegt. Og það eru ekki heldur hundrað í hættunni, þó að svo færi, að þessi ítalski markaður kynni að glatast, sem ekki er nú að mínu áliti sérstaklega líklegt. En ég skal þó fyllilega reikna með því, að það sé til í málinu, sérstaklega að Vestur-Þýzkaland mundi reyna að leggja þessa markaði undir sig.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að okkar hluti í heimsverzluninni mundi rýrna við tilkomu tollabandalagsins. Það er rétt að því leyti, að það mundi falla máske í burtu þarna ofur lítil prósenttala af þeim útflutningi, sem við höfum haft til ákveðinna landa. En það liggur ekki fyrir, að það sé nokkur vandi fyrir okkur Íslendinga að vinna það tap upp hjá öðrum þjóðum, því að það er vitanlegt, að við erum í vandræðum með að framleiða nægan fisk til þess að geta sinnt þeirri eftirspurn, sem er eftir okkar fiski, þannig að þarna er ekki um það að ræða, að við þurfum neitt að óttast af þessu tollabandalagi. Við yrðum þarna fyrir ofur litlum óþægindum, sem við með því að hugsa fyrir þessu í tíma gætum alveg afstýrt, þannig að það kæmi aldrei við okkur.

Þá talaði hæstv. menntmrh. um, að við mundum hafa von um freðfiskmarkað í Frakklandi og fleiri löndum, af því að ætla mætti, að þarna kæmi upp í framtíðinni mikið kerfi ísskápa í verzlunum, þannig að hægt væri að selja okkar freðfisk á þann hátt.

Ég býst við, að við séum nú allir sammála um, að ekki viljum við selja neina vissu, sem við höfum um að selja okkar freðfisk nú, fyrir von um markað í framtíðinni í Frakklandi eða öðrum slíkum löndum. Og það er rétt að athuga annað. Ef svo skyldi fara, að Vestur-Þýzkaland og sá mikli togarahringur, sem þar er að verki og er nú að auka í sífellu sína framleiðslu, ef það yrði aðalkeppinauturinn fyrir okkur og hugsaði til þess að fara að reyna að keppa á þessum mörkuðum, sem ekki væri ólíklegt, ekki aðeins á saltfisks- og skreiðarmörkuðum innan tollabandalagsins, heldur líka gera mögulega sölu á freðfiski, þá er það ekki ólíklegt, því að við vitum, að hér er um mjög voldugan og sterkan auðhring að ræða, að þegar þeir færu að vinna að slíku, mundu þeir koma sér upp all-margþættu kerfi, þar sem fælist í mikill kæliútbúnaður: kæliflutningalestir, kæliskápar eða ísskápar í verzlunum og öðrum lagerplássum, og að mjög mikið af slíku mundi

vera í eigu slíks hrings, og við þekkjum það, að á þeim stöðum, þar sem samkeppnis- eða auðvaldsskipulag fær að viðgangast tiltölulega skefjalaust, þar reyna hringarnir í krafti síns mikla fjármagns að einoka slík tæki fyrir sig til þess að tryggja sér og framleiðslu sinni þar með sölumöguleikana, einoka fyrir sig markaðinn, og það er hætta á, að innan svona tollabandalags, ef t. d. þýzku fiskframleiðsluhringarnir fara inn á það að berjast þarna og ætla sér þessa markaði, að þeir reyni að einoka þá með slíkum tækjum í krafti síns fjármagns, og þá mundi hvort sem er af slíkum ástæðum verða mjög erfitt fyrir okkur sem litla aðila að eiga að fara að keppa að, eins og líka hæstv. menntmrh. kom inn á, þegar hann ræddi um, að ekki mundum við geta sett upp neitt ísskápakerfi í þessum löndum til þess að vinna þar upp markað fyrir freðfisk. Hins vegar er ég nú ekki alveg viss í, að þessi verði einu sinni þróunin, við skulum segja t. d. í Frakklandi. Mér sýnist með þeirri pólitík, sem Frakkland nú rekur, að þar komi lífskjörin til með að hrörna, enda franska þjóðin í slíkri sífelldri kreppu og vandræðum, að þeir menn, sem þar ráða, virðast ekkert sjá út úr því. Ég er hræddur um, eigi sú pólitík, sem nú er þar rekin, að halda áfram, að þar sé frekar útlit fyrir lækkandi lífskjör og minnkandi möguleika á markaði fyrir eins góða vöru og freðfiskinn. Hins vegar ef þetta breytist, ef sú stefnubreyting verður í Frakklandi, að hætt verði við stríð eins og Alsírstríðið og þessar nýlendur í Afríku endanlega gefnar upp, þá verður það ekki gert nema af svo mikilli þjóðfélagslegri breytingu í Frakklandi, að það þýðir um leið að raska þessu tollabandalagi.

Þess vegna höfum við viðvíkjandi tollabandalaginu engu að kvíða. Það er rétt fyrir okkur að gera í tíma ráðstafanir til þess, að ef við kynnum að tapa þessum markaði fyrir 20—30 millj. kr. í óverkuðum saltfiski og skreið, sem þar kann að vera, þá verðum við aldrei í neinum vandræðum út af þessu tollabandalagi.

Þá er fríverzlunarsvæðið. Það er miklu stærra og alvarlegra mál. En um það mál er rétt að segja það strax, að þar erum við raunverulega að ræða um teoríu, þar erum við að ræða um hugmynd, ekki um staðreynd, eins og tollabandalagið er, byrjandi staðreynd, hún er á frumstigi enn þá.

Hvað fríverzlunarsvæðið snertir er allt enn þá í óvissu, hvort þetta fríverzlunarsvæði verður nokkurn tíma til, eða ef það verður til, hvernig það verður, og það held ég að sé rétt að við gerum okkur alveg greinilega ljóst, þegar við erum að ræða þetta núna. Þar fyrir álít ég alveg rétt, að við ræðum þetta ýtarlega núna og að hvað það snertir sé þess vegna ræða og skýrsla hæstv. menntmrh. orð í tíma töluð, það sé alveg nauðsynlegt, að við skiptumst á skoðunum um þetta mál og reynum að gera okkur sem raunhæfasta mynd af, hvað þessi hugmynd um fríverzlunarsvæðið mundi þýða, ef hún yrði framkvæmd og ef hún yrði eitthvað í líkingu við þá mynd, sem ýmsir af hennar forsvarsmönnum vilja gera sér um það svæði nú. Og eitt vil ég segja strax viðvíkjandi því. Eitt finnst mér a. m. k. víst um þessa hugmynd, og það er, að við Íslendingar getum aldrei annað en tapað á henni, ef hún kemst í framkvæmd. Við höfum ekkert á neinu sviði við hana að vinna, en nokkru að tapa, ef hún kemst í framkvæmd, þannig að ef það ætti að standa í okkar valdi að ráða því, hvort þetta kæmist í framkvæmd, sem ég veit nú að vísu að ekki verður, þá álít ég, að við ættum að gera allt, sem í okkar valdi stendur til þess að hindra að sú hugmynd yrði nokkurn tíma að veruleika. En með þeim forsendum, sem eru þær sömu og hæstv. menntmrh. hafði, ef þessi hugmynd skyldi komast í framkvæmd og ef hún skyldi verða í einhverju svipuðu formi og ýmsir forsvarsmenn hennar gera sér nú ljóst, því að þeir gera sér ekki allir sömu hugmyndirnar um það, þá er rétt fyrir okkur frá upphafi að hugleiða þetta, því að því ýtarlegar sem við hugleiðum það og betur, fordómalausar, því meiri möguleikar ættu að vera á því fyrir okkur að skapa þá aðstöðu hjá Íslendingum gagnvart því, sem heillavænlegust yrði.

Hæstv. menntmrh. skýrði frá því, að það mundi raunverulega einkenna þetta fríverzlunarsvæði, ef það kæmist á, að innan fríverzlunarsvæðisins yrðu tollar afnumdir milli landanna, sem í því væru, en hins vegar mundi hvert ríki um sig innan fríverzlunarsvæðisins sjálft ráða því, hvaða tolla það hefði annars staðar, og hæstv. ráðh. dró þá ályktun út af þessu, að við mundum verða að afnema tolla gagnvart þeim ríkjum, sem væru á fríverzlunarsvæðinu.

Hins vegar út frá okkar miklu viðskiptum bæði við sósíalistísku löndin og við Bandaríki Norður-Ameríku mundi það vera óhugsandi ástand fyrir okkur að ætla að mismuna Vestur-Evrópulöndunum annars vegar og svo Bandaríkjunum eða Sovétríkjunum og öðrum löndum kannske í Austur-Evrópu hins vegar. Við mundum þess vegna, ef við yrðum í fríverzlunsvæðinu, ekki aðeins verða að afnema tollana gagnvart samstarfslöndum okkar í fríverzlunarsvæðinu, heldur líka gagnvart öllum öðrum viðskiptalöndum okkar, m. ö. o.: við yrðum að vera líklega eina tollfrjálsa landið í veröldinni, og mikið væri okkur þá farið undarlega fram, ef við gætum það.

Enn fremur tók hann greinilega fram, að við yrðum að afsala okkur öllum mögulegum innflutningshömlum, það yrði eingöngu að gera fjármálalegar ráðstafanir, ef við ætluðum að beita einhverjum áhrifum hins opinbera á innflutning, verðlag og annað slíkt, eða m. ö. o. gengisbreytingar.

Við skulum ofur lítið athuga þetta. Í fyrsta lagi, þegar hæstv. menntmrh. talar um að afnema tollana og gerði svo nokkurn greinarmun á verndartollum annars vegar og fjáröflunartollum hins vegar, þá held ég við þurfum nú frá upphafi, þegar við byrjum að ræða þetta, a. m. k. okkar á milli alveg hreinskilnislega að gera okkur ljóst, hvað það er, sem við tölum um. Ég held, að við höfum sett mjög lítið af okkar

tollum á á Íslandi í því skyni, að þeir væru verndartollar. Að vísu höfum við kannske gert það með einstaka þeirra, en flesta þeirra höfum við sett á til þess að afla okkur fjár, og síðan hafa á eftir kannske innlendar iðngreinar sprottið upp í skjóli þessara fjáröflunartolla. Og ég vil segja það hér: Er það okkar meining, að þó að við værum í fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu og skuldbyndum okkur til að afnema verndartolla, að þá hefðum við eftir sem áður rétt til að setja á hvers konar fjáröflunartolla, sem við viljum, hvers konar söluskatt á innfluttar vörur, sem við viljum, hvers konar innflutningsgjald á innfluttar vörur, sem við viljum, og hvers konar önnur ný heiti, sem við með okkar hugviti kunnum að finna upp í framtíðinni til þess að leggja á ýmsar vörur til þess að afla okkur fjár í ríkissjóðinn og til þess að hafa ýmis áhrif á okkar þjóðarbúskap? Má það bara ekki heita verndartollar? Er það m. ö. o. klauflaxinn og sú pólitík, sem við eigum að fara inn á, eða er meiningin, að við eigum að vera heiðarlega með í svona fríverzlunarsvæði, að við eigum ekki að leggja á neina tolla í neinni mynd á þá vöru, sem inn kemur, hvort sem þeir kæmu til með að heita fjáröflunartollar, söluskattur eða annað slíkt, innflutningsgjöld, útflutningsgjald eða hvað sem það annars heitir?

Þetta held ég að við verðum að gera okkur ljóst frá upphafi. Það getur máske verið allt í lagi, að við segjum: Jú, við ætlum að vera með, ef við fáum að plata náungann, ef við fáum að snúa á þá þarna alla saman hina og kalla þetta klauflax, þegar þar að kemur. — En við skulum gera okkur það ljóst sjálfir, hvort við ætlum að gera þetta, hvort við viljum gera þetta, hvort við viljum vera með upp á slíkar spýtur eða hvort við göngum út frá því, að við fengjum ekki einu sinni að vera með upp á slíkar spýtur, heldur yrðum við að vera heiðarlega með.

Hæstv. menntmrh. kom svo hins vegar inn á það, að við yrðum að afsala okkur öllum innflutningshömlum. Það þýðir, að við verðum að samræma okkar verðlag við það verðlag, sem væri í þessum fríverzlunarlöndum, og við yrðum að gera þetta með fjármálaráðstöfunum.

Við skulum gera okkur ljóst, hvað þetta mundi þýða og hvað það er, sem við eigum við, þegar við tölum um þetta svona, að við ætlum að gera okkar land að eina tollfrjálsa landinu í heiminum, þar sem allir mættu flytja inn allar vörur og þar sem engir tollar yrðu lagðir í neinu formi á neina vöru, sem inn væri flutt, og við yrðum síðan að samræma allt verðlag hér innanlands. Og þegar við tölum um verðlag, þá er það ekki aðeins, hvað mjólk eða kjöt á að kosta, heldur líka, hvað vinnuaflið á að kosta, það þýðir verðlag og kaupgjald á öllu slíku. Það þýðir sem sé að samlaga verðlag á vinnuafli verkamanna, bænda og sjómanna því verðlagi, sem gildir á þessu fríverzlunarsvæði. En þó erum við þar berskjaldaðri en allir aðrir. Við mundum, eins og hæstv. menntmrh. kom inn á, verða að ganga lengra en allir aðrir í því að opna landið fyrir öllum með tollaleysi og afnámi innflutningshamla, fyrir öllum löndum, ekki aðeins Vestur-Evrópu, heldur líka þeim í Ameríku og Austur-Evrópu, sem kærðu sig um að flytja hingað eða hafa við okkur viðskipti. Og við skulum alveg gera okkur ljóst, að þetta þýðir að gera íslenzka verkamenn og bændur og aðra vinnandi menn á Íslandi fátækari og skapa þeim lélegri lífskjör og setja verðlagið á þeirra vinnu og þeirra afurðum langt niður fyrir það, sem það er nú, samræma þetta niður á við, vegna þess að okkur hefur með okkar stefnu hér á Íslandi yfirleitt tekizt að skapa hærri og betri lífskjör fyrir þetta fólk en eru á mestöllu þessu svæði, sem mundi tilheyra fríverzluninni, og það mun ég nú á eftir koma nánar inn á.

En viðvíkjandi þessu tollaspursmáli, þá vil ég aftur taka það fram, að ef við erum að ræða þetta í alvöru, þá álít ég, að það sé ekki hægt að fara þannig að, ef við ætlum að vera í fríverzlunarsvæðinu, að við endursköpuðum tollana undir nýjum nöfnum. Það mundi okkur ekki haldast uppi, og við yrðum þess vegna að reikna þetta dæmi út frá því, að við værum að afnema alla tolla. Og hvaða afleiðingu mundi það hafa? Hvaða áhrif mundi það hafa á okkar núverandi atvinnuvegi?

Við skulum taka landbúnaðinn, eins og hv. þm. V-Húnv. var að tala um sem okkar elzta atvinnuveg. Það er rétt hjá honum, að mjólkurframleiðslan fyrir neyzlumjólk mundi haldast. Og þá neyzlumjólk, sem við þurfum, getur örlítill partur af þeim bændum, sem nú starfa á Íslandi, framleitt. Það er rétt, að íslenzkt dilkakjöt er að mörgu leyti betra en margt útlent kjöt og við sérstaklega vanari við það. En það er ekki víst, að það yrði afgerandi, þegar miklu fátækara fólk á Íslandi en nú er hér ætti að fara að kaupa ódýrar vörur í búðum hér og hefði til samkeppni helmingi eða þrefalt ódýrara argentískt kjöt eða annað slíkt, að menn hefðu efni á að kaupa það dilkakjöt. Hvað snertir ost og smjör og annað slíkt er greinilegt, hvernig fara mundi. Þetta mundi þýða að koma landbúnaðarframleiðslunni niður í það að vera framleiðsla á neyzlumjólk og minnka bændastéttina sem því svaraði. Ef til vill tækist okkur að halda einhverjum sauðfjárbúskap við, en hann væri a. m. k. allur í hættu. Og við mun lélegri kjör mundu þeir bændur þá lifa en þeir þó lifa nú.

Ég er hræddur um, að okkar landbúnaður, sem hvað mest hefur nú verið verndaður af öllu hér, mundi standa mjög erfiðlega að vígi í slíku fríverzlunarvæði og að það rót mundi verða á íslenzkri bændastétt, íslenzkri bændamenningu og öllum íslenzkum landbúnaði, það skjótt og það mikið, að ekki bara okkar atvinnulíf, heldur sérstaklega okkar þjóðlíf mundi ekki bíða þess bætur.

Hvað okkar iðnað snertir, sem er sú grein, sem flestir lifa hér af og margt má um segja, ýmislegt af honum er vissulega skapað í skjóli hárra tolla, hvað sem þeir nú kunna að heita, en annað allgott og sérstaklega sjávarútvegsiðnaðurinn. Hræddur er ég samt um, að það yrði ekki sérstaklega mikið af þeim iðnaði, sem

stæðist, ef allt væri opnað hér. Það er eðli iðnaðarþróunar, að þeir stóru bylta burt þeim smáu, og allur íslenzkur iðnaður er smár samanborið við það, ef einhverjir útlendir stóriðjuhringar hefðu áhuga fyrir því að koma hér upp stóriðnaði í einhverri mynd. Þannig er hætta á, að iðnaðurinn hér á Íslandi mundi kollvarpast, meginið af honum.

Sjávarútvegurinn er tvímælalaust það, sem mundi standast skást, og færi það þó eftir atriðum, sem hæstv. menntmrh. benti réttilega á að erfitt væri að gera sér grein fyrir nú, hvernig okkur gengi að halda þeim mörkuðum, sem við höfum bæði í Austur-Evrópu og Bandaríkjunum, ef við værum þátttakendur í svona fríverzlunarsvæði. Það mundi skapa nokkra möguleika, ef við opnuðum tollamúrana eða afnæmum tollana gagnvart Bandaríkjunum og ríkjum Vestur-Evrópu, en þá væri það alveg undir hælinn lagt, hvernig færi með samkeppnina frá þeim löndum um iðnaðarvörurnar, sem þeir seldu hingað, og vörurnar frá Vestur-Evrópu, vegna þess að þegar ætti að fara að selja frjálst hér, — við skulum bara taka dæmi um það, sem við kaupum nú fyrst og fremst frá Sovétríkjunum, eins og olíuna, — ef amerískir hringar eru að selja hér olíu eða vestur-evrópsku hringarnir eru að selja hér olíu og ef Sovétríkin og þeir ríkishringar, sem þar eru, selja hér olíu og allir þessir aðilar eru að keppa hér um þetta, þá er það alveg undir hælinn lagt, hve mikið það er, sem seljast kann af olíu t. d. frá Sovétríkjunum, og þess vegna, hve mikið það er, sem við gætum í staðinn selt þangað af fiski. Nú ráðum við þessu með okkar viti. Þá eigum við það undir tilviljunum, sem við höfum ekki hugmynd um.

Þess vegna gæti eins svo farið, þegar svona væri opnað, að við misstum meira eða minna af þeim mörkuðum, sem við höfum. Það gæti gengið vel þetta árið og illa hitt. Við höfum aldrei hugmynd um, hvað út úr því kæmi. Og okkar fiskframleiðendur, sem núna geta verið öruggir og við getum núna sagt við: Framleiðið eins og þið getið. Við seljum allt. Við höfum öruggan markað fyrir allt saman. Og ef þið getið framleitt enn þá meira en þið gerðuð s. l. ár, þá gerið það, — við gætum aldrei sagt neitt slíkt við þá. Bankarnir mundu meira að segja verða dauðhræddir að lána þeim fé, lána þeim út á birgðir, vegna þess að þeir hefðu ekki hugmynd um, hvort þessar birgðir mundu seljast. Þeir mundu muna gamla tíma, þegar keyra varð birgðirnar í sjóinn að lokum, af því að hvergi fengust neinir til að kaupa þær, eða þá að hætta hins vegar við að framleiða, af því að enginn markaður var öruggur.

Þetta er það, sem við verðum að horfast í augu við, ef til þess kæmi, að við opnuðum þetta allt saman.

Fyrsta afleiðingin af slíku hér á Íslandi mundi vera gífurlegt atvinnuleysi og veruleg uppflosnun í sveitunum og stórkostleg lækkun á kaupi og rýrnun á lífskjörum. Þetta væri óhjákvæmilega höfuðafleiðingin af því, að við yrðum að opna landið með afnámi allra okkar tolla og innflutningshamla fyrir öllum þeim aðilum, sem við hefðum von um að vildu kaupa af okkur fisk og selja hér vörur. Við leiddum með því þá algeru óvissu yfir allt okkar athafnalíf, sem einkenndi okkur á tímabilinu eftir 1930 og við vorum að reyna að brjótast út úr þá.

Ég held, að þetta verðum við að horfast í augu við, vegna þess að þetta er það raunhæfa innihald, ef þetta fríverzlunarsvæði yrði myndað og ef þetta kæmist á í einhverju svipuðu formi og við höfum þarna verið að gera okkur hugmynd um. Þetta yrði innihaldið í því.

Það er gefið, að í fríverzlunarsvæðinu mundi verða sú eðlilega tilhneiging að samræma verðlag. Það þýðir um leið að samræma lífskjör, — það verðum við að gera okkur ljóst, — og það þýðir að samræma lífskjör t. d. íslenzkra verkamanna og íslenzkra bænda þeim lífskjörum, sem yfirleitt eru með þeim lélegustu á þessu svæði, vegna þess að þeir hringar, sem drottna fyrst og fremst í atvinnulífinu á svona fríverzlunarsvæði, hafa gróðann einan að sínum tilgangi, hagnýta þær aðstæður, sem þar eru fyrir hendi, samkeppnina um vinnuaflið, atvinnuleysið, sem þar er til, og það þýðir alltaf, að þeir þrýsta hjá þeim vinnandi fjölda lífskjörunum niður á við, niður í það, sem lélegast er. Þetta er hættan, sem þarna er fram undan. Og þetta er sú hættan, sem ég varð líka alveg greinilega var við, eins og ég gat um áðan, að þeir menn á Norðurlöndum ýmsir, sem mest hugsa um þetta frá báðum hliðum, gera sér nokkuð ljósa grein fyrir margir hverjir.

Það er nefnilega svo, að við erum oft að skammast út í alla þessa tolla og allar þessar innflutningshömlur og allt þetta eftirlit með innflutningi og allt saman slíkt og oft ekki að ástæðulausu, bæði af því að okkur þykja múrarnir háir og af því að okkur fer þetta, eins og eðlilegt er, misjafnlega úr hendi. En við gáum ekki að því um leið, þegar við förum að tala um máske að afnema þetta allt saman, að þetta eru samt sem áður múrar, sem vernda okkur gegn ýmsum holskeflum, sem færu máske nokkuð illa með okkur, ef þær fengju að dynja óbrotnar hér yfir. En að því skal ég koma nánar.

Hæstv. viðskmrh. talaði um, að ef við værum með í fríverzlunarsvæðinu, þá mundum við losna við erfiðleika, sem búast má við. Það er rétt út af fyrir sig að vera alltaf við erfiðleikum búinn. En við höfum sem stendur ekki erfiðleika um markaði fyrir okkar vörur, og við höfum fyrirsjáanlega ekki erfiðleika með þá. Við, sem munum kreppuna 1930 og þar á eftir, vitum, hvað það þýðir að vera lausir við þann ótta, að slíkt kunni að koma yfir. Ég sé satt að segja ekki þá erfiðleika, sem við þurfum að búast við á þessu sviði. Þá örlitlu erfiðleika, sem ég sé í sambandi við tollabandalagið, er auðvelt að losna við, og eins og ég skal koma inn á nú á eftir, þá held ég, að við getum líka yfirunnið þá erfiðleika, sem mundu vera á fríverzlunar-

svæðinu, þó að það væri myndað án okkar þátttöku.

Hæstv. menntmrh. talaði um, að ef við værum utan við fríverzlunarsvæðið og Norðmenn væri innan þess, þá mundu af því hljótast allmiklir erfiðleikar fyrir okkur. Jú, vissulega nokkrir. Aðstaðan er þannig nú milli okkar og Norðmanna, að okkur vantar fisk til þess að geta selt, til þess að geta selt meira en við framleiðum. Norðmenn eru sem stendur í vandræðum með að selja þann fisk, sem þeir framleiða. Við getum áfram selt okkar fisk og getum skapað okkur stórkostlega markaði fyrir hann. Ég mundi satt að segja unna frændum okkar, Norðmönnum, þess vel, ef þeir gætu búið að þessu fríverzlunarsvæði og bætt ofur lítið sína erfiðu aðstöðu í fisksölumálunum. Þeir hafa verið í nokkrum vandræðum með að bjarga sér á þessu sviði, en við höfum ekki verið í neinum vandræðum með að bjarga okkur.

Hæstv. menntmrh. talaði um, að ef við værum utan við fríverzlunarsvæðið, þá mundi það þýða gífurlega erfiðleika fyrir íslenzka útflutningsatvinnuvegi, og talaði hins vegar um, að hagurinn gæti orðið mjög mikill, ef við værum með. Við skulum ofur lítið athuga þetta.

Í fyrsta lagi hvað snertir þá, sem væru með okkur á þessu fríverzlunarsvæði, en þetta fríverzlunarsvæði yrði fyrst og fremst tollabandalagslöndin og jafnvel þó að það yrði meginið af þeim löndum Vestur- og Norður-Evrópu, sem hann talaði um, þá skulum við muna eitt hvað fiskinn snertir og fiskframleiðslu og fisksölu, að innan þessa svæðis eru einmitt mörg af mestu fiskframleiðslulöndum Evrópu og heimsins, þannig að innan þessa svæðis mundum við hvort sem er vera í harðvítugri samkeppni við Norðmenn og aðrar fiskframleiðsluþjóðir, eins og Englendinga, Dani og Vestur-Þjóðverja, þannig að þarna mundu alls staðar vera okkar keppinautar að verki, — keppinautar, sem á þessu svæði stæðu að ýmsu leyti vegna þess, hve þeir eru stórir og ríkir, eins og t. d. Vestur-Þjóðverjar og Englendingar, betur að vígi en við vegna síns auðmagns. Og af því að við ættum að keppa á þessu svæði við þá, stæðum við sem litlir og fjárvana oft erfiðlega að vígi í þeirri keppni og hætta á, að við yrðum oft troðnir niður, og það er sú reynsla, sem við höfum, þegar við höfum ætlað að takmarka okkur við þetta svæði. Ég býst satt að segja við, að einmitt þeir, sem höfðu mesta reynsluna af því, hvað það þýddi að vera takmarkaðir við t. d. Suður-Evrópulöndin, þó að það reyndust þrátt fyrir erfiðleikana í kreppunni að mörgu leyti okkar föstustu markaðir, og þeir, sem höfðu reynsluna að að vera upp á Bretann komnir á millistríðsárunum, þeir líta flestir svo á, að það væri ekki gott fyrir okkur Íslendinga að vera einvörðungu upp á þessa aðila komnir aftur. Hvað snertir hins vegar ef við færum meira að skapa hér hjá okkur stóriðju, eins og okkur dreymir um í framtíðinni, og við ættum jafnframt sjávarútveginum sem útflutningsafurð að lifa af stóriðjuframleiðslunni til útflutnings, þá skulum við líka muna, að þarna eru margar mestu stóriðjuþjóðir heimsins, sem við þá einmitt yrðum þar að keppa við. Við erum því síður en svo öruggir um nokkurn skapaðan hlut, þó að við séum innan þessa svæðis, vegna þess, hve stórir þessir aðilar eru á sömu sviðum og við tölum um, enda sagði hæstv. menntmrh. nýlega: Hagurinn getur orðið mikill, en hins vegar talaði hann ekki um, að það væri víst, að hann yrði það. Við höfum aðeins möguleikana, mikla möguleika til þess að fá að keppa, en að mínu áliti frekar lítla möguleika til þess að standast í þeirri samkeppni.

Þá skulum við hins vegar athuga, ef við yrðum utan við, hverju við töpuðum. Ítalíu hef ég rætt um og þarf ekki að endurtaka það. Og þá er það viðvíkjandi hinum löndunum. Portúgal er vissulega eitt af þeim löndum, sem yrði tilfinnanlegast fyrir okkur, ef það yrði þarna í, með 41 millj. kr., sem við seljum þangað af óverkuðum saltfiski. En þegar við athugum viðvíkjandi fríverzlunarsvæðinu aðstöðuna fyrir okkar útflutning, þá skulum við nú sjá, hvaða mynd kemur út, því að við verðum að muna það, að við megum ekki bara reikna þetta í hundraðshlutum af okkar núverandi útflutningi til þessara landa. Hvað snertir freðfisk, síld, lýsi, hvers konar lýsi sem er, fiskimjöl, og allt þetta flytjum við núna fyrst og fremst — að undanteknum freðfiskinum og síldinni — til þessara Vestur-Evrópulanda, fiskmjölið og lýsið sérstaklega, þá erum við hvað þessar vörur allar snertir alveg óháðir frvíverzlunarsvæðinu, við erum ekkert upp á það komnir. Það er fríverzlunarsvæðið eða þau lönd, sem nú eru á því, sem biðja okkur um þessar vörur. Fiskimjöl er eftirsótt alls staðar í veröldinni, lýsið er eftirsótt alls staðar í veröldinni, við erum ekkert upp á friverzlunarsvæðið komin með þetta. Síldin er eftirsótt alls staðar í veröldinni, og því miður gengur okkur bara alltaf of erfiðlega að fá hana, — hún veit ekki, hvað hún er velkomin, — og freðfiskinn erum við heldur ekki í neinum vandræðum með að selja. Hvað ísfiskinn snertir, þá vildi ég helzt sem minnst um hann tala. Við þyrftum að losna við að vera að flytja hann út, þannig að við skulum ekki reikna með þeirri hundraðstölu, sem Vestur-Þýzkaland og England hafa hvað það snertir. Ef við notum alla okkar togara til framleiðslunnar hér heima, þá er það bezt fyrir okkur. Við getum lofað okkar sjómönnum að fara í frí erlendis, þó að það sé ekki á togurum, þegar þeir gera það, ef þá langar til að komast í útlendar borgir og m. a. kaupa inn og annað slíkt, þannig að við þurfum ekki endilega að stunda ísfiskframleiðslu með tapi fyrir þjóðarbúið, ef þeir vilja endilega útiloka okkur frá henni. Annars munum við, að það hefur verið reynt að útiloka okkur frá ísfiskframleiðslu, og þá voru það ekki við, sem vorum upp á þá komnir, Englendingana, þegar þeir voru með hafnbannið. Það voru þeir, sem urðu að biðja okkur um að koma með ísfiskinn til sín aftur, af því að fólkið hjá þeim heimtaði það. Ég held því, að við séum ekkert háðir þessum löndum hvað þetta snertir. Útflutningur freðfisks er orðinn yfir 325 millj., um 110—120 millj. af síld síðasta árið, af lýsi og fiskimjöli og slíku líklega um 140, og ég býst

við, að af þessum vörum einum sé útflutningurinn um 600 millj., sem við erum ekkert sérstaklega háðir því hugsanlega fríverzlunarsvæði með.

Það verður þá fyrst og fremst, sem það kæmi við okkur, ef fríverzlunarsvæðið yrði þannig, að það útilokaði okkur á þessum sviðum, ef við hugsum okkur það versta, — það er skreiðin og saltfiskurinn, þurrkaður og óverkaður eða mikill partur af honum. Skreiðin er nú síðasta ár, útflutningur af henni, 93 millj. kr. Þurrkaði saltfiskurinn er 41 millj., saltfiskurinn óverkaði 100 millj., hann er 140 millj., saltfiskurinn óverkaður og þurrkaður, og 93 millj. skreiðin, það þýðir 230 millj. Þetta er það, sem við yrðum raunverulega háðastir þessu hugsanlega fríverzlunarsvæði með.

Nú eru hins vegar ekki öll þessi lönd á þessu fríverzlunarsvæði. Spánn, sem er þarna allmikilvægur aðili og hefur alltaf verið fyrir okkur með um 11 millj. kr. markað, það er engan veginn öruggt, að hann yrði innan fríverzlunarsvæðisins, það er vel hugsanlegt, að hann verði þar utan við. Brazilía, sem er með 21 millj. eða 22 millj., verður — held ég — nokkurn veginn örugglega algerlega utan við þetta svæði, og ég veit ekki betur en einmitt Brazilíumenn hafi algerlega mótmælt þessari myndun fríverzlunar, eða þessum fyrirhuguðu hugmyndum um fríverzlunarsvæði, sennilegt, að þeir séu þar frekar í andstöðu við. Það er engan veginn óhugsandi, ef við gætum okkar í tíma, að við getum jafnvel við þá Brazilíumenn reynt að undirbúa að efla okkar viðskipti sem allra mest við þá, svo framarlega sem svo kynni að fara, að þeir t. d. kysu heldur að vera utan þessa svæðis og einbeita sér á þann markað, sem þar væri, því að það er ekki ólíklegt, að þau lönd, sem utan þess yrðu, mundu líka svara með ýmsum aðgerðum. Þá skulum við enn fremur aðgæta það, að brezku nýlendurnar í Afríku eru með um 70 millj. kr. markað af skreiðinni. 70 millj. af 93 millj. kr., sem við flytjum skreið út fyrir, koma frá brezku nýlendunum í Afríku, og við skulum ekki reikna með því, að það verði lengi nýlendur Breta. Það er nokkurn veginn gefið, að hvorki Bretar né aðrir ráða við þá þróun, sem er að verða í þessum löndum. Við sjáum þróunina, sem nú á sér stað í þessum Afríkulöndum, og þessi lönd, sem hafa verið nú í svona gífurlega vaxandi mæli að verða okkar markaðir, ættu vissulega að geta verið það áfram, ef Vestur-Evrópa kýs að einangra sig og mynda eins konar svæði á móti öllu öðru mannkyni.

Ég held þess vegna, að það ættu að vera fyllilega möguleikar á því, ef við höfum allan vara á í tíma, að við ættum að geta unnið upp markaði fyrir skreiðina í þeim gífurlega mörgu löndum, sem vafalaust mundu kunna að meta okkar vöru. Við höfum séð, hvernig þessi lönd hafa gleypt við henni, sem þegar hafa kynnzt henni, og það bendir okkur til, hvernig þar muni vera mögulegt að halda áfram. Saltfiskurinn verður erfiðari, það er alveg gefið mál, og það getur farið svo, að hans hlutfall í íslenzkri fiskvinnslu, sem einu sinni var næstum því 100%, eigi jafnvel eftir að falla enn þá meira og við eigum eftir að fara meir og meir inn á freðfisksframleiðslu annars vegar og skreiðarframleiðslu hins vegar, eins og tilhneigingin hefur verið í þróuninni síðustu áratugina. Ég held þess vegna, þó að þetta fríverzlunarsvæði kæmist á og þó að það sé fyrst og fremst skreiðin og saltfiskurinn, sem það kæmi þarna við okkur, og þó að það snerti, eins og pappírarnir liggja fyrir núna, vöruútflutning upp á um 200 millj., eða upp undir það, — ef Brazilía er reiknuð frá, þá minnkar þetta mjög mikið, hún er um 20 millj. þarna af, — þá mundi vera hægt fyrir okkur sumpart að vinna upp nýja markaði fyrir saltfiskinn, en þó alveg sérstaklega að margfalda skreiðarútflutninginn til annarra landa, bæði í hitabeltinu og annars staðar, sem við erum ekki farnir að selja til enn þá, m. a. vegna þess, að við höfum ekki getað framleitt eins mikinn fisk og við höfum getað selt.

Ég held þess vegna, að ef þetta fríverzlunarsvæði kæmist á og ef það yrði eitthvað í þá líkingu, sem við höfum mesta ástæðu til að óttast, og ef það kynni og kysi að hafa þá aðferð að reyna að fara að útiloka okkur og ef þau lönd í því, sem núna hafa verið mikil viðskiptalönd okkar, kysu að beita okkur harðræði með tollum, þá mundum við samt geta bjargað okkur. En ég á eftir að sjá, að öll þessi „ef“ eigi eftir að verða að veruleika. Ég held, að það eigi mjög langt í land, þannig að ég efast ekki um, og það var nú einmitt eitt af því, sem mér fannst sérstaklega jákvætt hjá hæstv. menntmrh., ég held, að við höfum alveg ótakmarkaða aðstöðu til þess að skapa okkur sérstöðu í þessum fríverzlunarlöndum, ef við erum utan við þetta allt saman og hagnýtum okkar aðstöðu til þess, vegna þess hvað það er, sem við höfum að bjóða, hvað okkar fiskur er eftirsóttur í þessum löndum og hann er vel unninn og hvað við, ef við tökum okkur á í tíma og starfrækjum vel okkar sambönd við öll þau lönd, sem við getum haft markaði í, getum verið búnir að vinna okkur þarna vel inn. En svo skulum við alveg sérstaklega hafa það í huganum, — það hefði einhvern tíma þótt skrýtið, að við hér í Norðurhöfum færum að hugsa til þess að flytja sérstaklega mikið út til Afríkulanda, en þetta er orðinn einn af okkar stóru mörkuðum, markaður, sem fer sívaxandi og getur vaxið enn þá meira, — og við skulum gera okkur ljóst, að þessi lönd, sem í dag heita nýlendur í hagskýrslum okkar, eiga eftir að verða frjáls og það innan skamms og gera sína sjálfstæðu viðskiptasamninga við okkur. Og við höfum sýnt það nú þegar, þegar eitt af þessum löndum hefur orðið frjálst, að við höfum viljað vera skjótir um að ná þar samböndum og viðurkenna það og skilið sjálfstæðislöngun þessara þjóða, og við skulum halda því áfram með því að skapa okkur sem allra bezt tengsl.

Hvað snertir þau lönd, sem nú eru ekki nýlendur, löndin í Suður-Ameríku, löndin í Afríku og Asíu, þá er engum efa bundið, að þarna eru alveg ótæmandi markaðir fyrir okkur. Í flestum þessara landa fara lífskjörin að batna, þau hafa

verið ákaflega langt niðri. Þau eru öll að ganga í gegnum meiri eða minni iðnaðarþróun, sem lyftir þeim upp á hærri stig. Þau eru öll að dragast meir og meir inn í verzlunarviðskiptalíf veraldarinnar, og við höfum sýnt það, enda sést það bezt á hverju verzlunarskýrsluyfirliti, sem frá okkur kemur, hvað við Íslendingar erum duglegir í því að reyna að ná samböndum við sem allra flest lönd veraldarinnar.

Ég held þess vegna að við þurfum ekkert að óttast, þó að við yrðum utan við þetta friverzlunarsvæði landanna í Vestur-Evrópu, ef við bara í tíma undirbúum okkur undir það. Hins vegar óttast ég, að afleiðingin af því að vera í því og bundinn við það, innlimast í það, sé dauði fyrir okkur, vegna þess að þá samkeppni, sem í því er við þá voldugu, vel skipulögðu, tillitslausu hringa, sem þar mundu drottna, hana stöndumst við ekki, í þeirri glímu föllum við, okkar atvinnulíf. Það er „teoretískt" rétt hjá hæstv. menntmrh., að það getur verið hagur að því að vera innan svona sambands, ef það væri ekki hins vegar, — það er mín viðbót, — sú vægðarlausa samkeppni ráðandi innan þess svæðis, þar sem þeir smáu eru troðkaðir undir og þar sem þeir stóru verða æ stærri og voldugri.

Hæstv. menntmrh. talaði um, að aðild að friverzlunarsvæðinu væri óhugsandi fyrir okkur, ef við misstum okkar viðskipti við jafnvirðiskaupalöndin. Það er rétt hjá honum. Ég held, að það sé hins vegar óhugsandi að halda hvoru tveggja, vegna þess að það er óhugsandi, að Ísland geti orðið raunverulega eina tollfrjálsa landið í veröldinni, þegar öll lönd önnur girða sig af. Það er þess vegna rétt hjá honum, að það er óhugsandi fyrir okkur að vera þarna meðlimir, ef við eigum að missa þessi viðskipti, og við hlytum að missa þau, því að það er engin aðstaða til þess að geta haldið þeim með því að opna Ísland fyrir öllum heiminum.

Hins vegar sagði hæstv. menntmrh., að það væri jafnóhugsandi fyrir okkur að vera utan við friverzlunarsvæðið. Það er ekki rétt. Það er ekki jafnóhugsandi, enda hefði afleiðingin af þessum röksemdum hans orðið sú, að við gætum hvorki lifað né dáið. Ég held þvert á móti, að við getum lifað án þess að vera innan þessa friverzlunarsvæðis. Við mundum reyna að verzla við öll þessi lönd, eins og við höfum reynt hingað til, alveg eins og við gætum, og ég efast satt að segja ekki um, að okkur mundi takast það. En við gætum ekki lifað með því að vera inni í því og bundnir við það. Ég hef enga trú á, að við yrðum nokkurn tíma útilokaðir frá því öllu saman. Við yrðum að setja okkur það að reyna að hafa þau viðskipti við það, sem við gætum, en efla að öðru leyti okkar viðskipti við allan heiminn, við jafnt Suður- og Norður-Ameríku sem Austur-Evrópu, við jafnt Afríku sem Asíu, og það má þá undarlega til ganga í Vestur-Evrópu, ef okkur tekst ekki alllengi, hvernig sem friverzlunarsvæðið þróaðist, að halda þar okkar tökum að meira eða minna leyti, jafnvel þó að þau kynnu að minnka.

Nú get ég búizt við því eftir allar þessar bollaleggingar mínar, að hæstv. menntmrh. vildi spyrja mig, þegar ég finn svona margt til foráttu þessu friverzlunarsvæði og því að innlimast í það, hvað ég vilji og hvaða kerfi ég hugsi mér fyrir Ísland og hverjar séu mínar skoðanir jákvætt á þessum málum og hvað ég vilji gera meira en bara gagnrýna í sambandi við það. Og ég skal gjarnan segja mína skoðun á því, hvaða afstöðu við Íslendingar eigum að hafa í þessu efni, m. a. vegna þess, að ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt, að við gerum okkur það ljóst, hvað við viljum, hvers konar kerfi við viljum skapa hér á Íslandi. Okkar lega er nú þannig, jafnvel þó að samgöngur hafi gert allar fjarlægðir minni, að við erum nú samt sem áður alltaf einbúi hér í Atlantshafi. Með því að vera slíkur einbúi, þá höfum við hins vegar þá aðstöðu, að við sjáum svo að segja um heim allan. Og við þurfum engan veginn að einblína á Vestur-Evrópu eina sér. Við höfum lönd til beggja handa og lönd hinum megin á hnettinum og við höfum sýnt það, að við getum ákaflega vel með allri okkar tækni, öllum okkar siglingum í lofti og legi haft samband við öll þessi lönd og með okkar dugnaði og okkar hugviti brotið okkur leið til viðskipta við öll þessi lönd. Það má vel vera, að einhver vilji segja: Ja, getum við Íslendingar það, sem engar aðrar þjóðir geta, ef aðrar þjóðir eru að sameinast í ákveðin kerfi? Ég vil a. m. k. ekki fyrir fram útiloka það, að við Íslendingar getum það, sem aðrar þjóðir geta ekki. Forfeður okkar gátu það a. m. k. Þeir vissu betur en þjóðirnar á meginlandi Evrópu. Þeir vissu, að jörðin var hnöttótt, þegar þær héldu, að hún væri flöt, þar á meginlandi Evrópu. Þeir fundu Ameríku, meðan þeir á meginlandi Evrópu héldu, að við mundum detta út af heimskringlunni, ef við héldum áfram að sigla þangað. Og ég held, að okkur nútíma Íslendingum væri engin skotaskuld úr að byggja okkar land upp þannig fjárhagslega og atvinnulega, að við réðum við þá hluti í verzlunarviðskiptum heimins, sem aðrar þjóðir réðu ekki við, ef við aðeins hefðum skipulag til þess að geta beitt okkar viti til fullnustu og okkar stjórnsemi á þessum hlutum.

Við höfum sýnt það á þessum áratugum, sem við höfum verið sjálfstæð þjóð, að við höfum getað skjótar en margar aðrar þjóðir tileinkað okkur nútímatæki og nútímaaðferðir í viðskiptum og þjóðfélagsháttum og rutt okkur braut til viðskipta við flestar þjóðir heims, þó að við höfum fyrir daga okkar feðra verið bundnir við örfáar. Ég held, að við getum framleitt áfram mat fyrir hálfan heiminn, meira að segja þótt Vestur-Evrópa kynni að útiloka okkur, og við skulum muna eftir því, að enn þá er ástandið svo, að helmingurinn af mannkyninu sveltur og vantar mat, og sá hluti mannkynsins er í sífellu að afla sér betri skilyrða til þess að geta borgað sinn mat, þ. e. a. s. batnandi lífskjara, þannig að sé rétt haldið á málum í veröldinni, þá á ekki að þurfa að skorta markað fyrir mat.

Ég held, að við eigum ekki að innlimast í neitt kerfi í heiminum. Ég held, að við eigum ekki að opna okkar land fyrir þeirri flóðbylgju, sem hér mundi dynja yfir okkur, flóðbylgju atvinnuleysis, flóðbylgju kreppu, viðskiptakreppu, flóðbylgju erlendra auðhringa, sem yrði, ef við opn-

uðum okkar land fyrir t. d. svæði eins og hugsanlegu friverzlunarsvæði Vestur-Evrópu. Við skulum alveg gera okkur ljóst, að slík flóðbylgja mundi skola burt okkar gömlu þjóðlegu atvinnuvegum, þeir mundu ekki standast, og það mundi skapa slíkt rót í okkar þjóðlífi, að með því skolaðist burt allt það, sem hefur einkennt okkar þjóðlíf fram að þessu og gert okkur að eins sérstæðri þjóð í veröldinni og við höfum verið. Við skulum ekki gleyma því, að það er sérstakt atvinnulíf, sem hefur skapað þessa sérstöðu, og þó að ég þyki byltingagjarn, þá vil ég segja, að mér finnst ganga meir en nógu fljótt að skola burt því, sem hefur einkennt og verið hið sérstæða í okkar þjóðlífi fram að þessu, og ég sé alveg fyrir mér, hvernig því yrði sópað burt með innlimun í stóriðjukerfi Vestur-Evrópu og friverzlunarsvæði þess, ekki bara atvinnugreinunum, heldur þjóðlífinu þar með. Hafi menn talað um flótta úr sveitum og uppflosnun fram að þessu, þá skyldu menn sjá, hvað yrði þegar þannig væri komið. Það yrði ekki sérstaklega mikið eftir þar nema á einu litlu svæði, í Árnes- og Rangárvallasýslum, og menningin, sú þjóðmenning, sem við höfum með réttu verið stoltir af og ekki aðeins við höfum ástæðu til að vera stoltir af, heldur allur heimurinn, ef hann bara þekkti hana eins og hún er, hún mundi fara með því. Það er ekki allt unnið með auði og peningum, heldur er þvert á móti verið að granda þeim dýrmætustu verðmætum, sem hafa haldið okkar þjóð og þjóðerni uppi og hafa skilið okkur frá flestöllum þjóðum veraldar. En með því að opna á svona hátt erum við að opna fyrir þeim flóðbylgjum auðs og peninga, sem að vísu margir mundu grípa við, ef þeir fengju eitthvað af því, en raunveruleikinn mundi verða, að flestir yrðu troðnir undir í þeirri vægðarlausu samkeppni, sem þannig skapast, og flestir mundu hljóta þau rýrnandi lífskjör, sem yrðu afleiðing af slíku, og samferða þessum rýrnandi lífskjörum og slíkri undirtroðslu í samkeppninni yrði það merkilegasta í okkar þjóðmenningu.

Ég álít, að við eigum að byggja um þetta land brimgarð, sem verndi okkar þjóð og hennar lífskjör gegn allri slíkri flóðbylgju atvinnuleysis og erlends auðmagns, kreppu og viðskiptasveifla. Ég álít, að við verðum að byggja nógu háan brimgarð til þess, að það standist allar slíkar flóðbylgjur, og slíkur brimgarður getur aðeins verið stjórn okkar Íslendinga sjálfra á okkar utanríkisverzlun og ráð okkar einna og ákvörðun okkar einna á því, hvað sá brimgarður sé hár og sterkur. Og satt að segja hefur það verið svo, að í hvert skipti, sem við höfum rökrætt þessi mál, hugsað um þau frammi fyrir vandamálunum á þessum áratugum, sem við höfum verið sjálfstæð þjóð, þá höfum við komizt að þessari niðurstöðu, að við eigum hér á Íslandi að skapa svona brimgarð með algeru eftirliti og yfirstjórn okkar Íslendinga sjálfra á okkar utanríkisverzlun, slíkan múr í kringum okkar land. Hver var niðurstaðan, þegar við stóðum frammi fyrir erfiðustu málunum, þegar við stóðum frammi fyrir heimskreppunni eftir 1930, þegar atvinnuleysið varð landlægt og neyðin svarf hvað mest að okkur, þegar fátæktin hjá bændunum var hvað tilfinnanlegust, skuldasöfnunin ægilegust og spurningin stóð um, hvort við gætum tórt af með því að hafa rétt í sig og geta borgað vexti og afborganir af skuldum, — hver var niðurstaðan, þegar menn fóru að rannsaka þessi mál þá? Niðurstaðan var í þeirri skipulagsnefnd atvinnumála, sem þá var sett, að við ættum einmitt að girða okkar land með múr á slíkan hátt, koma hér á áætlunarbúskap með utanríkisverzlunina í höndum landsins, og einmitt af hálfu Alþfl., sem hafði forgönguna um þessi mál, var ekki aðeins stofnuð Rauðka, sem þá var, og hennar álit samið, heldur líka flutt þau frv. um þessi mál einmitt af núverandi hæstv. forseta Sþ. um okkar utanríkisverzlun, um okkar verzlunarmálaráðuneyti og um þann seðlabanka, sem ætti að vera eins konar miðstöð fyrir okkar áætlunarbúskap ásamt viðskiptamálaráðuneytinu, flutt hér á Alþ. 1937. Þetta var niðurstaðan, sem þeir komust að, þegar okkar stjórnmálamenn þá voru að athuga og rannsaka með hliðsjón af reynslunni þau viðfangsefni, sem þá blöstu við okkur.

Hvað gerist svo aftur, strax og stríðinu lýkur 1944? Þá komum við aftur niður á það, að það, sem við verðum að gera hér, það sé, að sjálf ríkisstj. og ráð, sem hún skipi, taki í sínar hendur stjórnina á því, hvernig atvinnumálum Íslendinga skuli hagað. Það er algert kontról á utanríkisverzluninni, og það er tekin í hendur ríkisstj. og hennar ráðs, nýbyggingarráðs, alger stjórn á, hvernig byggja skuli upp atvinnuvegina í landinu. Það er niðurstaða, sem við þá komumst að, og á þeim aðgerðum, sem þá voru gerðar til þess að framkvæma að nokkru leyti þá stefnu, byggjum við enn í dag. Og þegar farið er að ræða um þetta 1947, þegar fjárhagsráð er sett, þá er því slegið föstu í þeim lögum, að slíkir hættir skuli á hafðir, þó að hins vegar væri síðan horfið frá því í praksis af annarlegum ástæðum.

Alltaf höfum við komizt að sömu niðurstöðunni um þetta. Alltaf höfum við raunverulega komizt að þeirri niðurstöðu, að utanríkisverzlunina yrðum við alla að kontrolera, við yrðum að stjórna henni sjálfir. Möguleikarnir eru að mínu áliti óþrjótandi í öllum álfum heims fyrir okkar markaði, en við hagnýtum aldrei þessa markaði öðruvísi en við ráðum hér sjálfir yfir, hvert við beinum okkar viðskiptum, okkar innflutningi og okkar útflutningi. M. ö. o.: við þurfum að skapa okkur þennan brimgarð, sem við höfum myndað meira eða minna brotgjarnan á undanförnum árum, — við þurfum að gera hann sterkari og betri. En innan þessa brimgarðs þurfum við svo að sjá um, að það sé stjórnað af viturleik og réttsýni, af atorku og framsýni, þannig að það sé stjórn mannanna sjálfra, ef maður mætti nota það gamla orð, að að beztu manna yfirsýn högum við þannig stjórninni á þessu, að það sé vit, mannlegt vit og hugsun, sem þar ræður, en landið verði ekki vettvangur fyrir hvers konar sveiflur og hvirfilvinda á viðskiptasviðinu, sem geta feykt okkar litla atvinnulífi og veika um koll.

Með þeim takmörkuðu aðferðum, sem við höf-

um notað fram að þessu á þessum undangengnu áratugum, og með þeirri brotalöm, sem verið hefur í þessu hjá okkur, — þrátt fyrir góðan vilja, skulum við segja, — þá höfum við nú samt sem áður komizt það langt, að við höfum skapað með beztu lífskjörum í veröldinni, og við höfum skapað þó það ástand hér, að þegar menn meira að segja frá Norðurlöndum, sem hafa svipuð lífskjör og við, eru að flýja burt út til annarra heimsálfa, af því að mönnum finnst ekki pláss fyrir þá þar, þá erum við að flytja inn fólk. Við þurfum á fólki að halda í okkar atvinnuvegi. Og þegar lönd eins og Kanada hafa jafnvel verið að ímynda sér, að þau gætu tekið á móti fólki, og jafnvel hefur verið boðað hér á Íslandi, að þangað væri gott fyrir Íslendinga að fara, þá sýnir það sig, að þar skellur atvinnuleysið með öllum þess afleiðingum, neyð og fátækt yfir, á sama tíma sem okkur tekst þó að skapa okkar fólki hér öryggi.

Þótt ófullkomið sé okkar kerfi í þessum efnum og okkar brimgarður ekki öruggur, þá erum við þó komnir það langt, að okkur vantar fiskinn til þess að geta selt hann. Við höfum markaði fyrir hann, þegar aðra vantar markaði.

Ég held, að við eigum að setja okkur að hafa Ísland þannig, að það geti verið í sambandi við öll þau kerfi, sem kunna að myndast í heiminum, hvort þau heita sósíalistísk eða kapítalistísk eða hvort það er kerfi, sem nýlenduþjóðir, sem verið hafa og nú eru að verða eða eru orðnar frjálsar, eru að skapa sér sjálfar.

Við eigum frá okkar útsýni hér sem einbúi í Atlantshafinu að geta séð um allan heim til þess að geta hagnýtt þær aðstæður, sem til kunna að vera, hvar sem er, til þess að búa þessari þjóð slíka aðstöðu um hennar efnahagslíf, að hún geti búið við ekki lakara öryggi en það, sem hún þó hefur búið við undanfarið, þótt því hafi verið ábótavant, þannig að við þó ekki rífum niður þann brimgarð, sem verndað hefur okkur fram að þessu, heldur gerum hann það sterkan og beitum um leið það mikilli stjórnsemi, atorku og víðsýni í okkar viðskiptum við allar þjóðir heims, að okkur takist að vernda þau lífskjör, sem við höfum skapað með viturlegum og framsýnum stjórnarráðstöfunum oft á undanförnum áratugum, þótt stundum hafi brostið þar á, og bæta þau lífskjör, strax og við getum. Ég skal viðurkenna, að það hefur gengið með ýmsum rykkjum og kippum hjá okkur, eins og eðlilegt er, um þetta. Það hafa verið átök um þessi mál og menn verið sinn á hverri skoðun. Okkur hefur ekki tekizt að skapa sameiginlegt álit um það, hvað okkur Íslendingum væri fyrir beztu. Það hefur verið og var sérstaklega hér á árunum 1944—47 skapaður sá hæsti lífsstandard, þau beztu lífskjör, sem verið hafa á Íslandi, og jafnvel einhver þau beztu, sem til hafa verið í veröldinni. Og þó að þau hafi nokkuð rýrnað síðan, þá efast ég ekki um, að við getum náð þeim aftur. Við verðum þess vegna að gera ráðstafanir til þess ekki að lækka þennan lífsstandard, heldur að geta í framtíðinni jafnað lífskjörin hér og bætt þau sem heild.

Ég veit, að menn munu segja: Er ekki mikið af okkar smáiðnaði og mikið af okkar landbúnaði óþarft? Er ekki bezt að losna við það? Og má færa ýmis efnahagsleg rök fyrir því. En við skulum gá að öðru. Við höfum fest fé í þessum hlutum. Við höfum vinnuafl í þessum hlutum, og það byggjast viss þjóðleg verðmæti, sem ekki verða til peninga metin, á því, að menn eru að vinna einmitt í þessum hlutum. Það yrði ekki eins harðgerð kynslóð, sem yxi upp á Íslandi, ef hún yxi öll upp á því svæði, sem markast annars vegar af skulum við segja Eyjafjalla- og Mýrdalsjökli og hins vegar af Hvítá í Borgarfirði. Þjóðin gæti öll búið þar, og það væri hægt tæknilega að hafa framleiðslu hennar betri og hafa svo nokkrar verstöðvar á öðrum stöðum á landinu. En það yrði önnur þjóð en sú íslenzka þjóð, sem lifað hefur í landinu fram að þessu. Við höfum þess vegna mörg tillit að taka, áður en við tökum þær ákvarðanir að útsetja okkar þjóð fyrir öllum þeim sveiflum, sem það tillitslausa stóriðjuvald Vestur-Evrópu mundi skapa. Að svo miklu leyti sem við álítum nauðsynlegt að breyta til á þessum sviðum, draga kannske úr landbúnaði á vissum svæðum, draga kannske úr einhverju af stóriðnaði, þá verðum við að gera þetta vitandi vits, með okkar skipulagslegu ráðstöfunum, en ekki láta þetta gerast af hvirfilvindum, sem blása inn yfir okkur, án þess að við ráðum nokkurn skapaðan hlut við. Við höfum fest fé í þessum hlutum, og við þurfum að hagnýta okkur allt, sem við höfum fest fé í. Við erum það fátækir, við höfum það lítið fjármagn, að við megum ekki við því, að með þeirri voldugu samkeppni, sem ríkir hjá stóriðjuhöldum, sé fjármagnið, sem maður setur í lítil fyrirtæki og máske ópraktísk, gert einskis virði undireins af þeim miklu framförum, sem stóriðjan flytur.

Ég veit ósköp vel, að það er þægilegt og það er hægt að skapa stórkostlegar byltingar í atvinnumálum með því að hleypa stóriðju inn. En við skulum heldur hafa stjórn á þeim byltingum, sem við ætlum að gera í okkar landi, heldur en láta þær gerast án þess, að við ráðum nokkurn skapaðan hlut við þær og hvað upp úr þeim sprettur. Við skulum gera okkur ljóst, að það, sem er að gerast í Vestur-Evrópu, ef forvígismenn þess fá að fara sínu fram, þá væri verið að mynda ekki aðeins tollabandalag á ákveðnu svæði og máske síðar fríverzlunarbandalag á öðru svæði, það er verið að mynda raunverulegt sameiginlegt markaðsbandalag, þar sem þeir, sem stærstir eru, bera sigur úr býtum, og þar sem þeir smáu eru troðkaðir undir. Og við verðum alltaf í hópi þeirra smáu.

Það stórauðvald, sem mundi drottna í slíku fríverzlunarsvæði, yrði okkur engin trygging fyrir neinu af því, sem við höfum nokkra tryggingu fyrir nú, með þeim brimgarði, sem við höfum skapað okkur á móti slíku stórauðvaldi. Það auðvald og þátttakan í fríverzlunarsvæði yrði okkur engin trygging fyrir góðri lífsafkomu, þvert á móti trygging fyrir atvinnuleysi. Það yrði okkur engin trygging að taka þátt í slíku fyrir góðu kaupi, þvert á

móti trygging fyrir kauplækkunum. Það yrði okkur engin trygging, svo að ég noti það slagorð, sem mikið er notað hérna í þinginu núna, fyrir jafnvægi í byggð landsins. Það er eitt af því, sem fyrst yrði þurrkað burt. Það yrði hlutur, sem ekki yrði tekið tillit til frekar en ég veit ekki hvað, þegar stórauðvaldið færi að leggja slíka hluti í þróun. Öll hugsunin um jafnvægi í byggð landsins og annað slíkt, það er hugsun, sem grundvallast á því, að við, mennirnir sjálfir, séum að ráðstafa atvinnutækjum á þeim stöðum, þar sem við álítum eðlilegt, að okkar land sé byggt. En hömlulaus stóriðjuþróun og annað slíkt og hömlulaust friverzlunarsvæði tekur ekki tillit til þess háttar hluta.

Ég álít, að sú stefna, sem ég hef verið að lýsa, eða þær hugmyndir, sem ég hef í þessum efnum, um Ísland þannig, með okkar eigin kerfi, án þess að vera innlimaður í nokkurt annað, ég álít, að baráttan fyrir því að halda þeirri sérstöðu, sem við höfum, auka hana og bæta og nota hana betur og af meira viti, það sé baráttan fyrir valdi okkar Íslendinga sjálfra yfir okkar atvinnulífi og yfir þess þróun. Ég álít, að við eigum að úthugsa þróunina, sem við viljum láta verða í atvinnumálum á Íslandi, og skapa hana í samræmi við þá hugsun, sem við höfum. Ég álít, að við eigum að ræða og grundvalla, hver slík þróun eigi að vera, og síðan móta hana, þannig að sú þróun sé gerð að beztu manna yfirsýn, að vandlega athuguðu máli, út frá hagsmunum okkar þjóðar, út frá sögu okkar þjóðar og öllu okkar þjóðlífi, en að þróunin, sem hér verði á Íslandi, megi ekki verða nein tilviljunarþróun út frá hagsmunum erlendra auðhringa, út frá sveiflum á erlendum mörkuðum, út frá máske vonum erlendra auðhringa um gróða hér, m. ö. o.: að í staðinn fyrir, að við köstum þessu öllu saman frá okkur með því að innlimast í eitt stórt svæði og vitum ekkert, hvað út úr því kemur, vitum bara að við verðum að berjast og höfum möguleika á að verða undir, þá eigum við að ráða þróuninni, sem verður á Íslandi, skapa hana vitandi vits, að vel yfirlögðu ráði, og reyna sem allra mest að koma okkur saman um, hver sú þróun eigi að verða og hvernig hún eigi að ganga fyrir sig. Og ég álít það ekki aðeins lífsskilyrði fyrir því, að við getum viðhaldið þeim lífskjörum, sem nú eru, og að þau geti batnað, heldur líka lífsskilyrði fyrir okkar menningu og okkar sjálfstæði.

Og að síðustu, hæstv. menntmrh. kom inn á í sambandi við þessi mál, auk spurningarinnar um sjávarútveginn, hans markað og annað slíkt, þá kom hann inn á stóriðjuspurninguna, spurninguna um okkar framtíð, um hagnýtinguna á þeim miklu auðlindum, sem við eigum í okkar fossum og okkar jarðhita, og hvernig við ættum að hagnýta hana, og að það mundu vera miklir möguleikar — og það undirstrikaði hv. þm. V-Húnv. líka — að geta hagnýtt þessa miklu möguleika Íslands viðvíkjandi stóriðjunni, þannig að ef við værum í friverzlunarsvæði Vestur-Evrópu, þá mundi verða, eins og hv. þm. V-Húnv. komst að orði, möguleiki á fjárhagslegri fyrirgreiðslu við uppkomu stóriðju, og eins og hæstv. menntmrh. komst að orði, það mundi verða auðveldara að sinna því, þ. e. að koma stóriðju upp, ef Íslendingar væru þarna aðilar að.

Þetta spursmál, sem er spursmál um framtíð Íslands og hagnýtingu okkar auðlinda, sem beztar eru, við hliðina á okkar fiskimiðum, það er stórvægilegt mál og mál, sem við þurfum að fara að ræða miklu ýtarlegar en við höfum gert. Ég hef að vísu gert till. um það mál og rætt það mál allýtarlega hér í þinginu fyrir 10 árum, þegar ég lagði fram alveg ýtarlegar og greinilegar till. hér í maí 1947 um þróun stóriðju á næstu 10 árum þar á eftir, 1947—57, og um allan undirbúninginn að því að koma þeirri stóriðju upp. Því var lítt sinnt þá út af því, hvernig á stóð um þróunina, sem þá var að verða hér. En það er mál, sem — þótt því hafi verið frestað, — blasir við okkur nú.

Ég vil taka það fram um mína skoðun á uppkomu stóriðju, að við Íslendingar eigum að ráða því sjálfir, hvaða stóriðja kemur hér upp, hvort stóriðja kemur hér upp og með hvaða móti. Ég álít, að eitt eigum við frá upphafi að útiloka, og það er, að gróðasjónarmið útlendra auðhringa geti ráðið því, að stóriðja komi hér upp eða hvaða stóriðja kemur hér upp, þannig að ef við yrðum hluti af friverzlunarsvæði, þá mætti það aldrei verða til þess, að útlendir auðhringar gætu sett hér upp stóriðju og átt hér stór atvinnufyrirtæki. Ég álít, að sú stóriðja, sem við sköpum hér í framtíðinni, þurfi að vera í eign Íslendinga sjálfra, að það sé skilyrði fyrir því, að stóriðja verði okkur til nokkurrar blessunar. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil heldur, að það bíði og okkar fallvötn falli áfram ónotuð til sjávar, heldur en þau séu virkjuð af erlendum auðhringum, sem eignist þau eða þær verksmiðjur, sem reistar yrðu við þau, og þeirra afl. Ég álít, að þjóðin þurfi að eiga þessa stóriðju, ýmist þjóðin sem slík, hennar þjóðfélag, eða Íslendingar sem einstaklingar eða félög, okkar hugmynd um stóriðju, sem hér á að komast upp í framtíðinni og þarf að komast upp, eigi að vera íslenzk stóriðja í þjónustu okkar þjóðar, en ekki útlend stóriðja, þar sem við fáum að láta auðlindirnar í té og fáum að þræla við hana, en ráðum engu um hana. Ég álít, að við eigum að byggja upp okkar stóriðju sjálfir. Hitt er rétt, að við getum það ekki nema með útlendu auðmagni, útlendu fjármagni. Það þýðir: við verðum að fá að láni útlent fjármagn til þess að byggja það upp. Okkar ríki á að taka þetta að láni erlendis, og við eigum síðan að byggja þetta sjálfir, eiga þetta sjálfir, ýmist þjóðin sem slík eða einstaklingar eftir því, hvað okkur þykir praktískt, eða blanda því saman, eins og við höfum gert með okkar atvinnuvegi fram að þessu. Ég efast ekki um, að á sama hátt og okkar verzlunarviðskipti eru möguleg við allan heim, ef við hagnýtum okkar aðstöðu og erum sjálfir okkar eigið kerfi, en ekki innlimaðir í neitt annað, þá höfum við sömu möguleikana á lánsviðskiptum alls staðar í heiminum, og okkar ríki getur tekið slík lán og byggt upp slíka

stóriðju. Við þurfum að vanda það vel, gæta þess vel að standast vel þær sveiflur, sem eru að verða í tækni og uppfinningum á þessum sviðum, reyna að vera þar sem öruggastir, og ég vil benda þar t. d. á það fordæmi Norðmanna, að þeir hafa í eigu ríkisins, norska ríkisins, byggt upp t. d. alúmíníumverksmiðju, þar sem þeir taka sjálfir að láni fé, meira að segja, held ég nú, hjá kanadíska alúmíníumhringnum, þeim volduga auðhring, eiga hins vegar sjálfir verksmiðjuna og orkuverin og tryggja sér síðan að geta borgað þessum auðhring í afurðum, í alúmíníum, þannig að hluti af þeirra alúmíníumframleiðslu fer til þess að borga vexti og afborganir af þessum lánum, sem þeir hafa fengið. Slíkt kerfi álít ég að við getum vel skapað okkur hér á Íslandi og byggt upp okkar stóriðju þannig, að við eigum hana sjálfir, þjóðin sjálf og dugandi og áhugasamir einstaklingar hennar, en hleypum aldrei útlendu auðmagni inn í landið sjálft öðruvísi en á þennan hátt, þ. e. a. s. ríkið, okkar ríki, tekur sem lán erlent fjármagn og notar það á þennan hátt í þjónustu þjóðarinnar. Og ég vil taka það fram, að ég álít, að það komi aldrei til mála að opna landið fyrir útlendu auðmagni á þann hátt, að útlendir auðhringar fái sjálfir að eiga hér stórverksmiðjur og reka þær. Ég álít, að það mundi þýða, að þeir útlendu auðhringar, sem slíkar verksmiðjur eignuðust, — og við skulum gera okkur ljóst, að það yrðu engar smáverksmiðjur, ef útlendur alúmíníumhringur kemur t. d. upp verksmiðju við eina af okkar stórám, hvort það væri Þjórsá, Jökulsá eða önnur slík, og ef þar ættu að vinna tvö, þrjú, fjögur, fimm þús. manns, — jafnvel þótt byggja ætti slíka verksmiðju einhvers staðar á Húsavík eða Seyðisfirði eða hér suður frá, þá mundi það þýða að þurrka burt sveitirnar að miklu leyti, sem þarna væru, en það mundi þýða að skapa því auðvaldi, sem þessa verksmiðju ætti, þá aðstöðu á Íslandi, að það yrði voldugasti aðilinn, sem á Íslandi væri til, sá sem hefði tök á öllu okkar atvinnulífi, — og það er það, sem við þurfum að forðast. Og ég segi þetta ekki bara sem sósialisti. Ég segi þetta sem Íslendingur, sem vill forða sínu landi frá því, að útlent auðvald komi inn í það, frá því sama sjónarmiði, sem kom fram, þegar fyrst var verið að ræða hagnýtingu fossanna hér á Íslandi, og bæði Stephan G. og Þorsteinn Erlingsson settu þá fram, en þeir, skáldin okkar, voru ekki einir um. Við getum munað eftir, hvað sagt var hér á Alþingi af mönnum eins og t. d. Jóni Þorlákssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, þegar hann ræddi fossanefndarálitið og það menn um að láta heldur fossana okkar bíða ónotaða en láta fara eins og þá var hættan á, að þeir lentu í — eins og þeir voru þá að sumu leyti lentir í — eigu útlendra auðhringa og yrðu síðan notaðir til þess að skapa hér útlend stóriðjufyrirtæki í landinu. Við skulum muna það, að það voru sjálfir pólitísku brautryðjendurnir í íslenzkri borgarastétt eins og Jón Þorláksson, sem höfðu vit fyrir ýmsum öðrum þá, sem voru skammsýnir í þessum efnum, og hindruðu 1923 hagnýtingu fossanna á Íslandi til stóriðju, til þess að þetta fengi að bíða til þess tíma, að Íslendingar gætu notað þetta sjálfir í sína þágu, í sína þjónustu, en yrði hvorki Títan né neinir útlendingar, sem klófestu okkar miklu auðlindir. Og það væri þá illa farið, ef þeir menn, sem á árunum 1915—23, meðan fossamálin voru rædd og ákveðin hér á Alþingi, ef þeir menn, sem forðuðu okkur þá frá því, að við lentum í klóm útlends auðvalds, sem klófesti okkar fossa, þeirra afl og þá stóriðju, sem risi upp við þá, ef við ættum núna í miklu ríkara Íslandi en þá var að verða til þess að glopra því úr höndunum á okkur í helgreipar á útlendu auðvaldi.

Við skulum muna, að þá byrjun, sem við höfum gert á stóriðju, þótt ekki sé sérstaklega mikil, þá höfum við þó gert hana samkvæmt þessari stefnu, að þjóðin eigi að eiga þetta. Það hefur gengið seint með sementsverksmiðjuna. En við vitum m. a., að það hafa verið allíhaldssamar stjórnir, sem hafa setið að völdum hér á Íslandi, á meðan mest hefur verið deilt um sementsverksmiðjuna, meira að segja um tíma bara Sjálfstfl. og Framsfl. í stjórn, og við vitum ósköp vel, að það hefur allan þann tíma verið reynt að fá þessa flokka til þess að láta sementsverksmiðjuna verða einkafyrirtæki og taka hana úr ríkiseign. Og þeir hafa staðið á móti því. Þeir hafa ekki látið undan þeim mikla þrýstingi, sem var allan tímann frá Ameríkumönnum um að gera sementsverksmiðjuna að einkaeign, sem hins vegar var pínulítið látið undan í sambandi við áburðarverksmiðjuna, þó að ég voni nú, að það komi aldrei til með að verða til bölvunar, af því að við getum alltaf, hvenær sem Alþingi vill, afturkallað þann hlut. Sementsverksmiðjan og áburðarverksmiðjan, þessi byrjun á stóriðju hér heima, eru raunverulega hvorar tveggja í eigu þjóðarinnar. Og hvað sem okkur kann að finnast, að okkur gangi seint um þetta á vissum sviðum, þá skulum við halda áfram þessari stefnu um stóriðju á Íslandi. Við skulum skapa hana sjálfir. Við skulum eiga hana sjálfir, ýmist eiga hana þannig, eins og þjóðin á nú áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna, eða gefa Íslendingum, sem vilja vinna saman að þessu, hvort heldur í formi samvinnufélaga, hlutafélaga eða annars slíks, eða einstaklingar, möguleika á því að eiga slíkt. Við skulum koma upp þeirri stóriðju, sem hér á að koma upp, eingöngu sem eign Íslendinga sjálfra, ýmist íslenzka ríkisins eða einstakra Íslendinga, sem eiga þetta út af fyrir sig eða slá sér saman um það. Við þurfum erlent fjármagn, en við verðum að pína það fram, að það erlent fjármagn fáist aðeins inn í landið með því, að ríkið tekur það að láni, en ekki beint með því, að það geti ráðið sjálft í íslenzku atvinnulífi. Og þetta erlenda fjármagn, sem við þurfum, verðum við að reyna að pína fram með sem allra beztum kjörum. Á sama hátt og við reynum með því að reyna að velja úr öllum löndum heims nú um okkar markaði að tryggja okkur sem bezt verð og sem viðtækasta markaði fyrir okkar vörur, eins eigum við viðvíkjandi fjármagninu í heiminum að reyna að tryggja okkur með því sem víðast

að geta fengið slíkt lán og sem bezt kjör á því,

Svo að ég ljúki mínu máli: Ég vil, í stað þess að við Íslendingar verðum innlimaðir í eitt eða annað kerfi í framtíðinni, að við byggjum upp vitandi vits gott þjóðfélag á Íslandi, afkastamikið þjóðfélag, eins og hæfir okkar dugandi þjóð. Það þýðir m. a. þjóðfélag, þar sem atvinnuleysi getur ekki verið til, þjóðfélag, sem er vel skipulagt, þannig að það sé vit okkar sjálfra, eins og það getur orðið bezt á hverjum tíma, sem ræður því, hvers konar skipulag er á þjóðfélaginu hjá okkur, en ekki blind lögmál framboðs og eftirspurnar á einhverju stóru svæði, þar sem við erum eins og lítill leiksoppur á úthafi. Ég vil, að við byggjum upp þjóðfélag, þar sem við getum sjálfir ráðið við það, að hér sé afkomuöryggi fyrir menn, en ekki hætta á atvinnuleysi og kreppu, þjóðfélag, þar sem við búum við góð og batnandi lífskjör með meiri jöfnuði og meira réttlæti en við höfum nú, en ekki þjóðfélag þannig, að við værum innlimaðir í stórt kerfi, þar sem lífskjörin fara rýrnandi. Ég vil, að við sköpum okkur vitandi vits slíkt þjóðfélag, og við höfum ofur lítið verið að reyna að miða í þá áttina með ýmsum þeim ráðstöfunum, sem við höfum gert, en ekki og aldrei að ofurselja okkar þjóðfélag flóðbylgjum erlends auðmagns, hvirfilvindum kreppnanna og þeim skelfingum, sem atvinnuleysi og kauplækkanir mundu leiða yfir okkar land.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég mun verða mjög fáorður, enda ætla ég mér ekki að blanda mér neitt í þær stórpólitísku umræður, sem hér fara fram.

Ég held, að ég hafi séð það í landsins ágætasta blaði, Morgunblaðinu, í morgun, að heimskunnur ameríkskur blaðamaður hafi tekið sig til og stytt dálítið bréfið sem Bulganin forsætisráðherra hefur verið að skrifa út um allan heim, og jafnframt hafði hann svarað efnislega fyrir hönd Eisenhowers þeim bréfum, sem þeim virðulega forseta höfðu borizt. Út af þessum löngu ræðum, sem hér hafa verið fluttar af hæstv. menntmrh. og hv. 3. þm. Reykv. (EOl), datt mér í hug, hvað þessi bandaríski blaðamaður mundi hafa sagt, ef hann hefði átt að stytta þær. Ég geri ráð fyrir, að hann hefði sagt f. h. hæstv. ráðh.: Kæri forseti Nd. Ég tel nú, að það sé a. m. k. mjög líklegt, að friverzlunarsvæðið komist á. Ég er alveg ráðinn í því, að ef það kemst á, þá ber okkur Íslendingum að verða þátttakendur, enda sérðu það, kæri samherji, að ef við ekki verðum það, þá komumst við aldrei út úr eyðimörkinni, sem okkar hæstv. forsrh. tók að sér að leiða bæði mig og þig og þjóðina alla út úr, þegar hann tók við völdum fyrir hálfu öðru ári eða rúmlega það. Ég skal hins vegar gera það fyrir þig, góði, að ég skal ekki segja annað en þetta opinberlega um mitt hugarfar, meðan við erum samherjar og vinir.

Og svo mundi forseti Nd. segja: Kæri félmrh. Ég skal líka vera hógvær, og ég skal leyna mínum innra manni. Hitt vil ég segja í bróðerni, að það er ekkert annað en rugl, að þessi þjóð sé á einhverri eyðimörk. Lífskjör hennar hafa aldrei verið jafnglæsileg og nú, aldrei. Við búum við betri kjör en nokkur önnur þjóð í heiminum, eftir stjórn Ólafs Thors einkum, og þú skalt ekki vera neitt að vitna í Hermann Jónasson, það er ekkert að marka hann, varaðu þig á honum. Ég skal sem sagt þrátt fyrir þetta og vegna okkar góðu vináttu og kannske af dálitlu öðru ekki fara lengra út í það, sem fyrir mér vakir.

Svona held ég, að þessi ameríski blaðamaður hefði gert dæmið upp.

Ég sagðist ekki vilja blanda mér í þessar stórpólitísku umræður. Ég veit, að allir hv. alþm. hafa vel skilið, alveg eins og ég, hvað hér er á ferðinni. Hæstv. menntmrh. flytur þessa ýtarlegu skýrslu, og í henni stendur: Það er mín skoðun eftir að hafa ráðfært mig við mína stéttarbræður í vestrænni samvinnu og eftir að hafa notið aðstoðar hinna hæfustu Íslendinga á þessu sviði, að ef þetta bandalag verður myndað, þá ber okkur að vera í því, að vísu með vissum skilyrðum, en ég hef líka miklar vonir um, að þeim skilyrðum fáist fullnægt. — Þetta er það, sem hann meinti. Hinn alþm. (EOl) segir hins vegar: Við okkur blasa dyr sjálfs vítis. Það er dauðinn, segir hann, það er dauðinn, sem tekur við okkur, ef við göngum inn um þessar dyr. Það er hinn eilífi dauði. Við afsölum okkur allri gamalli menningu, allri velmegun, allt verður jafnað niður á við og allt fer hér fjandans til þrátt fyrir nýsköpun Ólafs Thors og mína og ágæta stjórn mína, frá því að hans lauk. — Þetta er það, sem þeim ber á milli, en þeir segja hvorugur, af hverju þeir tala svona. Það er af því, að hæstv. menntmrh. blæs að vestan og hæstv. forseti Nd. blæs að austan. Það er það, sem er að ske.

Hæstv. menntmrh. reyndi að breiða yfir þá staðreynd eins og hann gat, að hér eru á ferðinni frumdrög að sameinaðri Evrópu. Hann sagði að vísu alveg skýrt og greinilega, að tollabandalagið, sem nú er komið á, sé beinlínis stofnað í þeim tilgangi. Fyrir hinum þjóðunum, sem ætla að taka þátt í friverzlunarsvæðinu, vakir það sama. Eftir því sem mér hefur skilizt af öllu, sem ég hef um þetta lesið og af þessu fregnað frá mönnum, sem eru því alveg eins kunnugir og hæstv. menntmrh., þá er hér á döfinni tilraun til stofnunar þriðja veraldarríkisins, ríkis, sem ef ég veit rétt ræður yfir meira afli á tæknilega sviðinu og á miklu stærri orkulindir en hin tvö stóru veraldarríkin. Þetta vill Evrópa áreiðanlega í stórum dráttum að komist á. Sjálfur hef ég haft þá ánægju að hlusta á ræðu, sem Sir Winston Churchill hélt um þessi efni, þar sem þessi hugsun alveg lá á borðinu, það var svo langt aftur í tímann sem 1947, sem hann hélt þessa ræðu. Þetta er hugsunin, sem er nú að fá byr undir báða vængi hjá mjög mörgum ráðamönnum Evrópu, þó að ýmsir treysti sér ekki enn þá af ýmsum og mismunandi ástæðum að kveða skýrt upp úr um þetta.

Gegn þessu stendur meitlaður vilji Sovétríkjanna. Það er sá vilji, sem hér blés að austan í ræðu mannsins, sem stóð á undan mér í þessum ræðustól. Það er þess vegna, sem hann

ákallaði alla Íslendinga og það þá að loka dyrum þessa vítis, sem fram undan blasa við, og skoraði á alla Íslendinga og aðra menn, sem þeir hefðu sambönd við, að hjálpa til að loka þessum dyrum að fullu og öllu. Það er þess vegna, sem hann ákallaði landvætti Íslands og æðri öfl sér til aðstoðar um, að úr bandalagi yrði aldrei. Það er þess vegna, sem hann reyndi einnig að magna hvern draug gegn þeirri hugsjón, sem ég var að útskýra og áreiðanlega á sér miklu dýpri rætur í huga og hjarta hæstv. menntmrh. en hann vildi láta í skína í sinni ræðu.

Auðvitað þótti mér mjög gaman að sjá þessa hesta leidda hvorn gegn öðrum. Það er engum vafa undirorpið, að hæstv. menntmrh. sagði við sjálfan sig, þegar hann var að semja þessa skýrslu, að svo miklu leyti sem hann hefur samið hana sjálfur: Vefðu allt í ull, sem gæti komið illa við þína nýju vini, bæði hæstv. félmrh., sem á sínum tíma var rekinn fyrir hans tilstilli úr þeim flokki, sem hann sjálfur er nú í, og hina nýju vinina, sem nú gildir svo mikið um að fæla ekki frá sér. — Það er auðvitað ákaflega gaman, segi ég, að hlusta á þetta. En það er ekkert nýtt í þessu að því leyti til, að maður les aldrei nokkurt dagblað núna af stjórnarblöðunum þannig, að það sé ekki einmitt þessi sama regla, svart — hvítt. Það nýjasta er í dag, að hæstv. sjútvmrh. hefur tilkynnt, að hann sé að kaupa 15 togara. Hæstv. menntmrh. og utanrrh. segja: Hvaða mont er þetta? Í fyrsta lagi ert þú engan að kaupa, í öðru lagi ætlum við ekki að kaupa nema 8. — Og til þess að jafna metin eða sætta þessa ágætu háseta tekur hæstv. forsrh. sig til og segir: Ég gef hér með út yfirlýsingu fyrir hönd ykkar, svo að þið séuð ekki að rífast, það á ekki að kaupa 15, það á ekki að kaupa 8, það á að kaupa eitthvað af togurum fyrir þá peninga, sem við fáum lánaða. — Svo er bara eftir að vita, hvað þeir eru miklir, enn þá hefur enginn getað fengið neitt, ekki fyrir doríu, hvað þá heldur skútu og hvað þá heldur 15 togurum. Ég meina þetta er tónninn, sem maður á að venjast, og manni þykir auðvitað ákaflega gaman að heyra þessa bráðmælsku menn leiða hér sama hesta sína og mega skemmta sér við að hlusta á þá. En efni málsins er þetta, eins og ég áðan sagði, að Sovétríkin standa með öllum sínum mætti og þ. á m. öllum sínum hermönnum, líka hermönnum úr forsetastól eða ráðherrastól, hvar sem þeir kunna að sitja, gegn því, að þetta tollabandalag útvíkkist yfir fríverzlunarbandalagið, líka af því, að þeir vita, að hér er í uppsiglingu hið volduga þriðja ríki, sem þeir kæra sig ekki um.

Ég vil svo að öðru leyti um skýrslu hæstv. menntmrh. segja það, að hún kom ekki vonum fyrr. Ég hafði sjálfur leyft mér fyrir mánuðum að hvetja hann til þess að láta Alþ. fylgjast með þessum málum. En vegna þessa dráttar, sem á hefur orðið, er það að segja um hina almennu hlið málsins, að hún kemur engum á óvart. Ég býst við, að allir þeir þingmenn, sem eitthvað fylgjast með í erlendum tímaritum eða blöðum, hljóti að meginefni til að hafa þekkt allan þann kafla skýrslunnar, sem fjallaði um almennu hliðina, einfaldlega vegna þess, að öll stærri blöð hins vestræna heims eru löngu búin að segja frá þessu, fyrir mörgum mánuðum, og ráðh., sem sitja í virðulegu tilsvarandi sæti og hæstv. menntmrh., hafa fyrir löngu gefið sínum þingum svona skýrslur og sumir fullkomnari en hann gerði. Ég þakka hins vegar fyrir, að skýrslan þó kom, og varðandi þá hliðina, sem að Íslandi sérstaklega veit, þá gætti þar mikils fróðleiks, mjög mikils. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi látið sína embættismenn draga þann fróðleik saman, bæði þá menn, sem hann sjálfur sagði frá að hefðu unnið að málinu fyrir sig allan tímann, þ. e. a. s. hagfræðing Landsbankans, Jóhannes Nordal, ambassador Hans Andersen og sendiráðsritara Níels Sigurðsson, ásamt sjálfsagt með öðrum íslenzkum sérfræðingum. Efast ég þó ekki um, að hann hefur lagt þar hönd á plóginn sjálfur, eftir því sem hann hefur haft tíma til og þótt tilefni til.

Ég segi það, að ég tel þessa skýrslu varðandi íslenzku hliðina mjög uppbyggilega. Ég hefði álitið það skynsamlegri vinnubrögð að útbýta þessari skýrslugerð meðal þm. og svo flytja um málið stuttan útdrátt á þingi, þegar okkur hefði gefizt kostur á að lesa skýrsluna, þannig að menn gætu þá haft tækifæri til að rökræða málið, ef þeim þætti ástæða til. Mér fannst skýrslan sannast sagna þannig, að hún gæfi ekki tilefni til stórra rökræðna nema einmitt svona, að hér yrði háð pólitískt einvígi milli austurs og vesturs. Það er önnur hlið á málinu.

Ég tel fyrir mitt leyti, að það sé sjálfsagt að vinna að málinu áfram, gaumgæfilega og samvizkusamlega, og ég mundi skora á hæstv. ráðh. að gefa öllum þingflokkum tækifæri til þess að fylgjast jafnóðum með öllu, sem gerist í málinu, þannig að við getum, þegar á örlagastundina kemur, verið reiðubúnir — og helzt fyrr — til að kveða upp úr um okkar dóm í málinu.

Ræða og skýrsla hæstv. ráðh. og einnig skýrsla hv. 3. þm. Reykv. sýndu það mjög ljóslega og óþarfi fyrir mig að vera að endurtaka það, að hér getur orðið úr vöndu að ráða, þó að annar teldi, eins og ég segi, það svart, sem hinn taldi hvítt í ýmsum efnum, og væru þó báðir að láta minna bera á ágreiningnum en undir niðri býr.

Ég hygg, þar sem málið er ekki heldur komið á það stig, að þar sem okkur sjálfstæðismönnum hefur ekki gefizt kostur á að kynnast því fyrr en í gær, þá sé ástæðulaust fyrir mig að vera að kveða upp úr á þessu stigi um okkar álit og jafnvel mitt eigið og get heldur ekki sagt um skoðun minna flokksbræðra, þar sem enginn flokksfundur hefur verið haldinn, eftir að ráðherrann flutti skýrsluna.

Ég er honum alveg sammála um það, hæstv. ráðh., að ef slíkt bandalag verður stofnað, þá er það enginn leikur, þó að maður alveg sleppi nú öllum vestangusti eða austanstormi, alveg sleppi því, þá er það enginn leikur fyrir Íslendinga að ætla sér að standa utan við, og ég sé sannast sagna ekki, hvernig við yndum

okkur fram úr því. Ég er ekki reiðubúinn að benda á úrræði um það. En því vandasamara sem málið er, því meiri ástæða er fyrir hæstv. ráðh. að hafa alla — einnig stjórnarandstöðuna — í fullu samráði um málið og veita mönnum alla þá vitneskju, sem berst, jafnóðum og hún berst.

Mönnum þykir það kannske vanþakklæti, að ég skuli einmitt nota tækifærið, þegar loksins ráðh. hefur gefið skýrsluna, til þess að deila á hann fyrir það, að hún kom ekki fyrr. En ég get ekki firrt mig þeirri hugsun, að bæði er skýrslan ný, að því er varðar upplýsingarnar í hinum sérstaka íslenzka kafla hennar, en auk þess stend ég við það, að mér þykir leiðinlegt að þurfa að læra það af norskum, dönskum eða enskum ráðherrum, sem við viljum gjarnan heldur læra af okkar eigin ráðherra um þessi mál, fyrir nú utan að svo að segja flettir maður ekki upp blaði, ensku eða skandinavísku, án þess að það séu svo að kalla aðalfregnir, hvað í þessu mikla máli gerist.

Ég segi svo að lokum aðeins þetta, að ég tel alveg sjálfsagt að fylgjast áfram gaumgæfilega með öllu, sem þarna skeður, m. a. til þess að fækka þeim efum, sem hæstv. ráðh. lét tíðrætt um í gær. Þar með á ég að sjálfsögðu við: m. a. til þess, að okkur gefist sem bezt færi á að skýra þá sérstöðu, sem við í ýmsum efnum höfum, og sýna okkar vestrænu vinum fram á, að um leið og það getur orðið okkar dauði að verða utan við þetta, þá geti það einnig verið þröngur kostur fyrir okkur að ganga inn í það. En ég skildi það vel á hæstv. ráðh., að hann gerði sér miklar vonir um, að þeir annmarkar, sem væru fyrir okkur í þessum efnum, mundu verða minni og minni, eftir því sem málstaður okkar skýrðist. Þetta eru einmitt þær hugmyndir, sem ég hafði gert mér um það líka, og ég fagna því, að hæstv. ráðh. tilkynnir okkur þetta.

Um þetta sé ég svo ekki ástæðu til að segja meira á þessu stigi, en endurtek, að ég óska, að við fáum að fylgjast með því, sem þarna gerist, um leið og ég geng auðvitað út frá því sem gefnu, að þessi langa skýrsla verði látin flokkunum og helzt öllum þingmönnum í té.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. G-K. spurðist fyrir um það, hvers vegna ég hefði ekki fyrr gefið skýrslu um þetta mál á hinu háa Alþingi, eða öllu heldur lét í ljós nokkra undrun yfir því, að þessi dráttur hefði orðið á því, að málið bærist hér inn milli veggja Alþingis. Skýringin á því er sú, að til skamms tíma hefur ekki borið á góma í umræðunum um stofnun fríverzlunarsvæðisins vandamál Íslands, vandamál varðandi fiskútflutning Íslendinga alveg sérstaklega. Það var ekki fyrr en á ráðherranefndarfundinum í janúar, sem vandamál, er beinlínis snerti hagsmuni Íslendinga, kom á dagskrá eða til úrskurðar. Það var, þegar fallizt var á það í ráðherranefndinni, eins og ég gat um í skýrslu minni, að greina umræður og ákvarðanir um sjávarafurðir frá hinum almennu umræðum og ákvörðunum um landbúnaðarvörur að sjávarafurðum meðtöldum. Þá var á það fallizt að skipa nefnd sérfræðinga til þess að fjalla sérstaklega um vandamál sjávarafurðanna. Sú nefnd hefur ekki verið skipuð enn, en eins og ég gat um, standa vonir til þess, að frá skipun hennar verði gengið á næstunni. Ég taldi rétt, þegar málið er komið á þetta stig, að brýnustu hagsmunamál Íslands í þessum efnum koma til umræðu á vettvangi sérstakrar sérfræðinganefndar, þar sem Ísland mun eiga fulltrúa, að þá væri tími til þess kominn að gefa Alþingi heildarskýrslu um málið, um þær umræður, sem fram hafa farið hingað til, og það var það, sem ég gerði eða ætlaðist til að mér tækist að gera í skýrslu þeirri, sem ég flutti í gær.

Varðandi ósk hans um það, að Alþingi fái framvegis að fylgjast með þessu máli, vildi ég segja þetta:

Þeir, sem setið hafa fundi erlendis um þetta mál, hafa jafnan gefið þjóðinni stutta skýrslu um þá fundi í ríkisútvarpinu, og þær skýrslur hafa einnig venjulega verið birtar í blöðum. Um báða þá fundi, sem ég hef setið, gildir þetta, að ég hef strax eftir heimkomuna gefið skýrslu um það helzta, sem á þeim fundum hafi gerzt, til þess að þjóðin gæti vitað í megindráttum, hvað þarna væri á ferðinni. Sama máli gegnir um þá fundi, sem dr. Jóhannes Nordal hefur setið héðan að heiman, að hann hefur einnig gefið um þá opinbera skýrslu eftir heimkomu sína. Þessum hætti mun að sjálfsögðu verða haldið áfram.

Ef nýir atburðir gerast í málinu, sem ég tel miklu skipta fyrir þjóðina og Alþingi að fylgjast með, áður en þessu Alþingi slítur, mun ég að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess, að Alþingi fái um þá atburði eða þær viðræður nákvæma skýrslu. Sitji Alþingi ekki, verður látið við það sitja, á sama hátt og hingað til hefur verið á hafður, að þeir, sem taka þátt í þessum viðræðum erlendis, muni gefa um það skýrslu, þegar eftir að þeim viðræðufundum er lokið.

Þá eru fáein atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem ég vildi víkja að. Það var meginatriðið í ræðu hans, að okkur Íslendingum væri í raun og veru ekki mikill vandi á höndum, þótt fríverzlunarsvæði yrði stofnað og þótt það tæki til sjávarafurða, en Íslendingar stæðu utan svæðisins. Rök hans fyrir þessu voru þau, að það væri hægur vandi fyrir okkur Íslendinga að bæta okkur upp þann markaðsmissi í fríverzlunarlöndunum, sem það að standa utan fríverzlunarsvæðisins mundi hafa í för með sér, á öðrum stöðum, það væri nógur markaður fyrir íslenzkan fisk í veröldinni yfirleitt og þess vegna væri hér engin hætta á ferðum, þótt það, að við stæðum utan við fríverzlunarsvæðið, hefði í för með sér, að við misstum markaði, sem við nú seljum til fyrir 200—300 millj. kr., það væri auðvelt að bæta það upp annars staðar.

Það kann vel að vera, sem betur fer, að markaður fyrir fisk í heiminum öllum sé nú svo góður, að auðvelt væri að finna markað fyrir mjög verulega aukna fiskframleiðslu Íslendinga og fyrir jafnmikið fiskmagn og við nú seljum til fríverzlunarlandanna. En með þessu er ekki nema hálfsögð sagan. Vandi okkar eða þýðing viðskiptatengsla okkar Íslendinga við

þau lönd, sem væntanlega yrðu aðilar að fríverzlunarsvæðinu, er ekki einungis fólgin í því, að við seljum þangað nú vörur fyrir 100 millj. kr., heldur einnig og ekki síður í hinu, að við kaupum frá þeim vörur fyrir mörg hundruð millj. kr., vörur, sem eru þess eðlis, að það verður ekki haldið hér uppi á Íslandi sams konar menningarþjóðfélagi og við höldum hér uppi í dag, ef við missum skilyrði til þess að kaupa þessa vöru. Þetta er mergurinn málsins. Það kann vel að vera, að hægt sé að fá í Austur-Evrópu og Afríku markað fyrir jafnmikið fiskmagn í heild og við nú seljum til fríverzlunarlandanna, en staðreyndin er sú, að við getum ekki fengið í Austur-Evrópu eða í Afríku þær vörur, sem við nú flytjum inn frá löndum fríverzlunarsvæðisins.

Það er staðreynd, að við erum Vestur-Evrópuþjóð. Þess gætir í neyzluvenjum okkar og þjóðlífi að ótalmörgu leyti. Það er ekki aðeins staðreynd, að við erum Vestur-Evrópuþjóð, heldur einnig, að Íslendingar vilja vera Vestur-Evrópuþjóð, halda þeim neyzluvenjum, sem við höfum og eigum sameiginlegar með Vestur-Evrópulöndum, og þeim þjóðlífseinkennum, sem við eigum sameiginleg með þeim. Meðan það er staðreynd, að við getum ekki fengið frá löndum utan þessa svæðis, hvorki í Evrópu né Afríku eða Asíu, vörur, sem gætu bætt okkur upp þær vörur, sem við nú fáum frá fríverzlunarlöndunum, þá er málið ekki eins einfalt og hv. 3. þm. Reykv. vildi vera láta.

Þá og því aðeins að við hefðum skilyrði til þess að selja aukið vörumagn til Austur-Evrópulanda eða til Afríku fyrir frjálsan gjaldeyri, þá mætti segja, að missir markaðsskilyrðanna í fríverzlunarlöndunum þyrfti ekki að hafa þýðingu fyrir íslenzkt viðskiptalíf, íslenzkt menningarlíf og íslenzkt þjóðlíf yfir höfuð að tala. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að þeir ágætu markaðir, sem við nú höfum í Austur-Evrópu og Afríku, sérstaklega í Austur-Evrópu, skila okkur ekki frjálsum gjaldeyri, sem geri okkur kleift að gera viðskipti fyrir andvirðið utan þess viðskiptasvæðis.

Það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að við eigum að sjálfsögðu að hafa okkar viðskiptasambönd við sem flest lönd, við öll þau viðskiptasvæði og þau efnahagskerfi, sem nú skipta mestu máli í veröldinni. Það er að því aukin trygging fyrir íslenzkt atvinnulíf að eiga góða markaði sem víðast. En eins og ég gat um í skýrslu minni í gær, þá tel ég aðild að fríverzlunarsvæðinu, ef það tekur til fisks, engan veginn útiloka, hvað þá skerða skilyrði okkar til þess að halda hinum góðu viðskiptasamböndum okkar í Austur-Evrópu. Ég tel það einnig vera misskilning hjá hv. 3. þm. Reykv., að aðild að fríverzlunarsvæðinu mundi gera ókleift að stunda hér á Íslandi áætlunarbúskap. Ég skal ekki lengja þessar umr. með því að færa rök að þessu. Ég tel, að eftir sem áður mundu íslenzk stjórnarvöld geta fylgt þeirri meginstefnu í efnahagsmálum innanlands, sem almennt yrði talin áætlunarbúskapur. Sömu skoðunar eru t. d. núv. stjórnarvöld í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Það er einmitt þetta, sem fyrst og fremst hefur valdið nokkrum skoðanamun milli hinna hugsanlegu aðildarríkja að fríverzlunarsvæðinu, þ. e. fulltrúa sexveldanna annars vegar og hinna 11 aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar hins vegar, eins og ég raunar gat um í skýrslunni.

Það er ekki tilætlunin að hafa efnahagssamstarfið innan fríverzlunarsvæðisins svo náið, að það geri hinum einstöku aðildarríkjum ekki kleift að fylgja ólíkri stefnu innanlands í efnahagsmálum og félagsmálum. Það er einmitt tilgangurinn að haga efnahagssamstarfinu í heild þannig, að eftir sem áður verði rúm fyrir hvort tveggja, frjálslynda eða „líberalistíska“ efnahagsstefnu og áætlunarbúskap eða „planökónómíska“ efnahagsstefnu. Sömu rök liggja til þess, að ekki þarf að óttast það, að aðild að fríverzlunarsvæðinu verði til þess að brýsta kaupgjaldi eða lífskjörum hinna einstöku aðildarríkja niður á eitthvert meðaltal launakjara eða lífskjara í fríverzlunarríkjunum öllum, einmitt af þessari ástæðu, að skipulagið verður þannig, að eftir sem áður verður svigrúm fyrir hin einstöku ríki til þess í grundvallaratriðum að fylgja sinni eigin stefnu í efnahagsmálum og félagsmálum.

Hinum venjulega fundartíma er nú lokið, og ég hef raunar ekki fleiri athugasemdir að gera við það, sem fram hefur komið, og get því látið máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 21. febr., var umr. enn fram haldið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. G-K. (ÓTh) sagði nokkur orð út af þeirri ræðu, sem ég hélt um þessi mál. Mér þykir leitt, að hann skuli ekki vera mættur á fundinum, en verð samt að svara nokkrum orðum því, sem hann sagði.

Það er raunverulega spurningin um, hvernig menn eigi að ræða mál, þegar þau eru tekin á þann hátt, sem hv. þm. G-K. gerði. Það má vel vera, að þetta fríverzlunarsvæðismál verði aldrei annað en hugmynd og að menn þess vegna eigi ekki að ræða það öðruvísi heldur en sem grín og slá bara úr einu í annað og koma hvergi nærri umræðuefninu, eins og hv. þm. G-K. gerði. Það má vel vera, að þetta mál verði kannske ekki meira virði. En þegar mál er lagt fyrir í alvöru á Alþingi með þeim tilgangi, að menn reyni að mynda sér skoðanir um, hvaða þýðingu það mál hafi, þá eiga menn þó ekki að venja sig á að ræða mál svona.

Hv. þm. G-K. sagði, að það hefðu talað hér tveir menn, hæstv. menntmrh. og 3. þm. Reykv., og annar hefði talað úr austri og hinn hefði talað úr vestri — og þar með væri málið útrætt, svo þyrfti maður ekki að tala meira. Ég vil segja, að það hefur að vísu komið fyrir, að menn hafi tekið tillögum svona, þegar þær hafa komið fram og þótt eitthvað nýstárlegar og menn kannske átt erfitt með að átta sig á þeim. Ég man vel eftir t. d. hér á árunum, þegar ég flutti hér till. viðvíkjandi því, sem kallað hefur verið nýsköpun atvinnulífsins, þá sögðu viss blöð, m. a.

blöð úr Sjálfstfl., eins og Vísir, að þessar till., sem þarna væri verið að flytja fram, væru ekkert annað en ráð kommúnista til þess að eyðileggja þjóðfélagið, það væru launráð og Lokaráð og þar með þyrfti ekki að tala meira um þetta, það væri úr sögunni. Hv. þm. G-K. tók ekki þannig á þessum málum þá. Hann leit ekki þannig á, að það væri bara hægt að segja, að einn hefði talað í austur og annar hefði talað í vestur eða einn talað frá austri og annar frá vestri og svo væri þetta búið og maður þyrfti ekki að hugsa meira um það. Hann tók þetta mjög alvarlega þá, og mér þykir ákaflega leiðinlegt, að honum skuli hafa hrakað svo, að hann geti ekki rætt mál eins og það, sem hér er lagt fyrir, af fullri alvöru. Hins vegar, þegar lengra kom fram í hans ræðu, þá kom allt annar hlutur fram, sem ég veit heldur ekki hvort á að taka í alvöru. En ef ætti að taka hann í alvöru, þá væri hann vissulega þess virði að ræða hann.

Hvað þm. G-K. sagði, að þetta friverzlunarsvæði, það væri raunverulega, mér fannst það liggja í orðunum, svo sjálfsagður hlutur, að það þyrfti ekki mikið um það að tala, — það, sem stefnt væri að með þessu, væri eitt ríki í allri Vestur-Evrópu og í því ríki ættum við að vera, og hann vildi kalla það „þriðja ríkið". Það er frekar óheppilegt orðatiltæki, en ég býst ekki við, að hann hafi meint það, sem felst nú í því orði, en hitt þó, að hann aðeins vildi telja, að Vestur-Evrópa ætti að vera eitt ríki, og það væri takmarkið, sem þarna væri stefnt að. Þá er það allalvarlegur hlutur, það alvarlegur hlutur, að það út af fyrir sig ætti a. m. k. ekki að setjast fram í gríni hér á Alþingi, því að það, að við ættum ekki lengur að vera ríki, heldur einn hreppur í ríki Vestur-Evrópu, er vissulega með meiri háttar breytingartillögum eða hugmyndum, sem fram hafa komið um lýðveldið Ísland. Og þegar hann út frá því vildi segja, að ég væri að magna alls konar drauga á móti svona ágætri hugmynd, þá vil ég spyrja: Er farið að líta á sjálfstæði Íslendinga sem draug? Er farið að líta á lýðveldið Ísland sem draug? Er farið að líta á menningu Íslendinga sem draug? Er farið að líta á þau lífskjör, sem við búum við á Íslandi, sem draug og það sé verið að reyna að vekja þetta allt saman upp á móti vísdómslegum till. um „þriðja ríki", um Vestur-Evrópuríki?

Ég held, að við verðum að gera okkur dálítið betri grein fyrir hlutunum, sem við erum að ræða um. Að mínu áliti er raunverulega baráttan, sem fram kemur í sambandi við tollabandalagið, sú viðleitni auðvaldsins í Vestur-Þýzkalandi og Frakklandi að ná saman og verða ráðandi í þeim sex löndum, sem þar eru, eðlileg viðleitni út frá þróun auðvaldsskipulagsins yfirleitt og hins vegar friverzlunarsvæðið raunverulega svar enska auðvaldsins við þessum tilraunum þess þýzk-franska til þess að leggja undir sig Vestur-Evrópu. Það eru tröllauknir kraftar á atvinnu- og fjármálasviðinu, sem þarna takast á. En í mínum augum eru þessi átök fyrst og fremst fjörbrot feigs skipulags. Þessir auðhringar, sem nú ráða á þessum sviðum og nú reyna að þurrka burt takmörk þjóðlandanna þarna, eru fyrirbrigði, sem ekki eiga sér langan aldur í sögu mannkynsins. Þau koma til með að víkja, áður en margir áratugir líða, fyrir samvinnu og sameign mannanna í staðinn fyrir einræðisdrottnun örfárra auðmanna yfir atvinnulífi þjóðanna. Og mín afstaða er þess vegna sú gagnvart þessum málum, eins og ég reyndi að lýsa seinast, að meðan þessi umbrot fara fram og á meðan þessir risavöxnu hringar takast þarna á og reyna að móta þessi gömlu þjóðlönd á nýjan hátt, þá sé okkur bezt að standa þarna utan við og varðveita það, sem sérstakt er við okkar þjóðlíf, bæði hvað snertir þess lífskjör, menningu og sjálfstæði.

Ég veit, að það er talað um það af alvöru, meiri alvöru en hv. þm. G-K. sýndi í sinni ræðu, af vissum mönnum í veröldinni, að það sé mjög erfitt fyrir lítil ríki að vera sjálfstæð í heiminum, efnahagslega sjálfstæð, það sé raunverulega þannig, að maður geti aðeins lifað efnahagslega séð, ef maður sé í stærri heild. Þetta eru vissulega rök, sem rétt er að mæta. Ég setti fram mínar skoðanir á því, hvernig við ættum að mæta slíku, hvernig ég álít, að við hefðum okkar möguleika á því að hafa sambönd við öll lönd veraldar, sem við vildum, öll svæði, sem kynnu að myndast, og reyna að varðveita þannig það, sem sérstakt er við okkar þjóð, bæði hvað snertir hennar lífskjör, hennar menningu og hennar pólitíska og efnahagslega sjálfstæði.

Ég held, að þessi hugmynd um, að það sé ekki hægt fyrir lítil ríki og litlar þjóðir að lifa sjálfstæðu lífi, eins og var yfirleitt draumur slíkra þjóða á nítjándu öld, — ég held, að þessi kenning um, að þessar smáu þjóðir þurfi að ganga upp í, innlimast í stóra „ökónómiska" heild, sé aðeins fyrirbrigði, sem stendur í sambandi við, að eftir að frjáls samkeppni nítjándu aldarinnar féll í valinn fyrir auðhringasamsteypum tuttugustu aldarinnar, þá séu auðhringasamsteypurnar, af því að þær taka ekki tillit til þeirra gömlu þjóðatakmarka, að reyna með þessari hugmynd um hinar stóru pólitísku heildir að skapa sér pólitíska vettvanga á sviði þjóðanna, sem samsvari þeirra efnahagslegu hagsmunum, m. ö. o.: kenningarnar um þessar stóru samsteypur séu aðeins fyrirbrigði, sem standi, á meðan þessir auðhringar séu drottnandi í atvinnulífi þessara landa og hafi þess vegna áhuga fyrir því og hagsmuni af því að brjóta niður tollatakmarkanir á milli þjóðanna til þess að fá frjálst spil fyrir sitt volduga auðmagn og fyrir sína yfirburði í tækni og skipulagi.

Við vitum það af sögu stóriðjunnar og auðvaldsins í heiminum, að þau ríki, sem voru fyrst til að mynda sér stóriðju, ruddu þar brautina í veröldinni, eins og England eða önnur slík, þau höfðu auðvitað alltaf hagsmuni af því, að öll önnur lönd væru opin fyrir ensku vörunum. Viðleitnin hjá hverri þeirri þjóð, sem reis upp á eftir til þess að skapa sér iðnað, koma sínum lífskjörum þar með á hærra stig, var fyrst og fremst sú að útiloka sig frá áhrifum þess enska innflutnings. Það er engin tilviljun, að þegar franska borgarastéttin tekur völdin

með byltingunni miklu 1789 og Napóleon verður eins konar keisari kapítalismans á meginlandi Evrópu, þá er það eitt fyrsta verkið að reyna að loka Evrópu fyrir ensku vörunum til þess að skapa í Evrópu og þá fyrst og fremst Frakklandi og Rínarhéruðunum þann iðnað, sem gæti staðið Englandi, sem þá hafði raunverulega heimseinokun í iðnaðinum, á sporði. Og þannig hefur það alltaf gengið. Hver sú ung þjóð, sem hefur verið að sækja fram til þess að reyna að skapa sér sinn iðnað, byggja upp á grundvelli iðnaðarþjóðfélags góð lífskjör í sínu landi, hver ung þjóð, sem þannig sækir fram, hefur alltaf orðið að útiloka sig, vernda sinn unga, veika vísi að iðnaði fyrir stormunum frá þeim gömlu, sterku stóriðjuríkjum, til þess að þeirra iðnaður væri ekki drepinn í fæðingunni. Slík vernd hefur þess vegna alltaf verið einkenni allra ungra ríkja, hvort sem þau voru stór eða smá, til þess að verjast þeim gömlu, voldugu og sterku, sem höfðu haft aðstöðu í veröldinni til þess að ná styrkleika, sem var nægur til þess að brjóta hin löndin niður og iðnaðinn í þeim, ef þessi gömlu lönd fengu tækifæri til þess að ryðjast inn í þau ungu. Þess vegna var líka um leið tollastefnan hjá þeim iðnaðarlöndum, sem verða á eftir Englandi, Þýzkalandi og öðrum slíkum, eðlileg viðleitni borgarastéttarinnar í þessum löndum til þess að verja sig á móti því gamla enska „monopoly“ á iðnaðinum.

Spurningin fyrir okkur er þess vegna sú nú: Er þetta aðeins takmarkað fyrirbrigði í sögunni, þessi auðhringadrottnun, t. d. hér í Vestur-Evrópu nú, sem nú þegar er að reyna að sameina þarna sex þjóðlönd á meginlandinu í eitt tollabandalag, til þess að þessir hringar öðlist þar sem mest frelsi til að geta þar barizt og rutt sínum vörum til rúms, er þetta aðeins takmarkað, tímabundið fyrirbrigði, eða kemur það til með að vara lengur? Ég held, að þetta sé aðeins takmarkað og tímabundið fyrirbrigði. Ég held, að það skipulag, sem á eftir að vaxa upp hjá okkur í þessum efnum, muni alveg ótvírætt gefa hinum einstöku þjóðum þann möguleika til efnahagslegs þroska, sem þeim mörgum hverjum finnst þegar eins og vanti núna, þegar þær verða harðast fyrir barðinu á samkeppni þessara auðhringa.

Ég sé a. m. k. þá þróun fram undan, hvað snertir tæknilega þróun á framleiðslutækjum og nýtingu orkulinda, sem er undirstaðan að þessu öllu saman, atvinnu- og verzlunarlífi, — ég sé þá þróun fram undan, að orkumál, orkuútvegun verði ekki lengur neitt vandamál, fyrir mannkynið. Við höfum einmitt nú þessa dagana lifað það, að samtímis því sem við á undanförnum áratugum höfum séð hin stóru ríki í heiminum vera að berjast og lenda í styrjöldum út af yfirráðum yfir orkulindum og mörkuðum, þá höfum við nú lifað það, að vísindamenn nútímans eru byrjaðir að beizla þá orku, sem ótæmandi er, — ég á við vetnisorkuna, — þannig að við þurfum ekki að hugsa nema svona 20—30 ár fram í tímann til þess að sjá fram á það vegna tæknilegra framfara, að spurningin um orku og þar með um kraftinn til framleiðslu sé ekki lengur neitt vandamál fyrir mannkynið, ekki a. m. k. lengur neitt tæknilegt vandamál, ekki lengur neitt náttúrlegt vandamál, þannig að það sé þá orðið aðeins þjóðfélagslegt vandamál um, hvort mannkynið beri gæfu til þess að kunna að hagnýta slíka orku þannig, að mönnunum sem heild líði sem bezt, — sem sé: við sjáum fram á eftir máske 20, 30, 40 ár, að mennirnir eiga ekki að vera í neinum vandræðum með að skapa allsnægtir á þessari jörð, framleiða allsnægtir, þannig að fátækt, neyð og ég tala nú ekki um hungur, eins og mannkynið hefur búið við fram að þessu, verði jafnóþekkt fyrirbrigði og mannát eða annað slíkt er orðið í þeim siðmenntaða heimi. Ég efast ekki um, að slík tækni geri það að nokkurn veginn sjálfsögðum hlut, þegar allsnægtir eru skapaðar hjá mönnunum, að mennirnir þurfi ekki að vera að slást um þær innbyrðis lengur og skiptast í stéttir, sem berjast hver við aðra um slíkt, og að á slíkum allsnægtum verði slík sameign mannanna, að allir geti notið þeirra, og þessi tími, sem við erum að lifa núna, þessi 20—30 ár, verði eins og ljótur draumur fyrir mennina, eins og martröð. Og ég býst við, að menn hugsi þá allundarlega til okkar, til þessara ára, þegar menn jafnvel hafa verið hræddir við það, að þessi uppfinning mannanna, sem ætti að geta gefið þeim allsnægtir, yrði til þess að eyða mannkyninu á jörðinni, vegna þess að mennirnir kynnu ekki að nota þessa orku.

Það er um leið alveg gefið, að strax og tækni er komin á þetta þróunarstig, þá er það ekkert vandamál lengur fyrir neina þjóð, hve lítil sem hún er, að tryggja sér algert efnahagslegt sjálfstæði. Spurningin, sem við nú síðustu áratugi og aldir höfum verið að brjóta heilann um, eins og markaðir og annað slíkt, í þeim skilningi, sem það er, markaðir fyrir vörur, — öll slík vandamál eru upphafin með slíkri þróun. Og við skulum gera okkur ljóst, að þeir menn, sem í dag láta sig dreyma um að komast til stjarnanna og annað slíkt, þeir menn ættu sannarlega ekki að verða í vandræðum með að finna þjóðfélagsleg ráð til þess að notfæra sér þá ótakmörkuðu orku, sem þeir sjá nú þegar fram á að geta beizlað. Og við Íslendingar á eyju mitt í einu af heimshöfunum, með nægilegt af vetninu allt í kring, ættum ekki að vera í vandræðum, þegar við kunnum að hagnýta það.

Spurningin, sem fyrir okkur stendur í dag að mínu áliti, er bara sú, hvort við þessi 20, 30, 40 ár, eða hvað sem kann að líða, þangað til svona skýjaborgir rætast, að við ekki verðum trampaðir niður sem þjóð og eyðilögð og rifin upp með rótum, kastað út í hafrótið, þannig að þegar að þessum tíma kemur, sem ekki er langt þangað til, þá verði ekki lengur eftir nein íslenzk þjóð, eins og við skiljum hana í dag, með þeim sögulegu tengslum við sína fortíð og við sitt land, sem þjóðin enn þá hefur. Spurningin er um það, að við verðum ekki slitnir upp með rótum af aðgerðum þessara auðjötna, sem takast á þar úti í Evrópu, svo að þegar þeir tímar kæmu, sem gerðu okkur auðvelt að leysa þessi vandamál, þá lægjum við eins og rótar-

slitinn, ógæfusamur einstaklingur hér og gætum ekki aftur skapað tengslin við okkar fortíð.

Ég held þess vegna, að við eigum að fara okkur mjög hægt í þessum málum, eins og ég lagði aðaláherzlu á. Við eigum að sjá fótum okkar forráð. Við eigum að ráða sjálfir, hver þróunin verður, en ekki eiga neina hættu á, að einhverjar tilviljanir kunni að feykja okkur út í eitthvað og eitthvað, þannig að meira að segja þeir menn, sem hefðu haft forgöngu um okkar þátttöku í svona fríverzlunarsvæði, þeir segðu kannske eftir á, þegar þeir sæju, hvað út úr því kæmi: Ja, þetta datt mér nú aldrei í hug. — Þá er það bara of seint. Það kann að þykja íhaldssemi hjá mér, en ég held, að það sé íhaldssemi, sem við höfum gott af. Það var a. m. k. einu sinni, að hv. þm. G-K. sagði það um eina till., sem fram kom, að menn hefðu álitið, að með henni ætti að fara að stjórna því gamla Íslandi frá einu nýju landi hér vestur frá, og þess vegna hefði þjóðin risið upp á móti því. Og ég er hræddur um, að ef fríverzlunarsvæði yrði að veruleika, — og ég set mörg „ef" við það, — þá væri ég hræddur um, að afleiðingin yrði sú, að okkar gamla Íslandi yrði að vísu máske ekki stjórnað frá einhverri ákveðinni höfuðborg í Vestur-Evrópu nú, en léti stjórnast, léti berast, hrekjast fyrir öldunum, sem frá meginlandinu kæmu, án þess að hafa hugmynd um, hvert við lentum.

Við skulum muna það, að í því mikla umróti, sem átt hefur sér stað, — og það hefur einkennt auðvaldsskipulagið þessar síðustu 3—4 aldir, sem það hefur lifað, að umrót sögunnar hefur verið meira en nokkru sinni fyrr í hinni löngu sögu mannkynsins, og það eru margar þjóðir, sem hafa ýmist dáið út í því umróti, verið útrýmt eða hafa misst sín þjóðlegu einkenni, verið slitnar úr tengslum við sína sögu og þjóðarerfð, — ég held, fyrst við höfum verið svo gæfusamir að lifa sem þjóð með okkar þjóðareinkennum, í eins ríkum mæli og þau eru og eins sérkennileg og okkar þjóð er, að við ættum að gæta okkar vel þann tíma, sem auðvaldsskipulagið á eftir að lifa enn þá, að láta ekki rykkja okkur upp og róta okkur burt. Og ég held, að það sé skylda okkar, sem þjóðin hefur kosið til þess að stjórna sér, að sjá um, að hún lifi af í slíku umróti, að hún haldi tengslunum við sína þjóðarerfð og að hún spillist hvorki né eyðileggist og að þeim kostum, sem við stundum nefnum íslenzka eðliskosti, verði ekki kastað á glæ í því gífurlega efnahagslega og þar með þjóðhags- og þjóðfélagslega umróti, sem einkennir þessa öld framar öllum öðrum.

Þetta vildi ég segja út af því, sem hv. þm. G-K. var að segja, og því, hve gáleysislega mér fannst hann fara með hugtök eins og það, hvort Ísland ætti jafnvel að innlimast í eitt ríki Vestur-Evrópu, „þriðja ríkið", eins og hann orðaði það.

Hæstv. menntmrh. ræddi hins vegar þetta mál af raunsæi og setti fram sín rök í því máli. Mér fannst að vísu á hans ræðu, að hann sjálfur féllist óbeint á allmargt af því, sem ég sagði viðvíkjandi möguleikum á okkar fiskútflutningi, að við mundum geta bætt okkur það upp í ýmsum löndum og svæðum veraldarinnar, þó að nokkuð kynni að verða erfiðara um markaði í Vestur-Evrópu. En hins vegar vildi hann leggja höfuðáherzluna á, að við værum háðir því að fá vörur frá Vestur-Evrópu, okkar lífsvenjur hér væru svo mikið við það miðaðar, okkar heimilishættir, okkar klæðnaður og allt mögulegt annað slíkt væri svo mikið við það miðað, að við gætum fengið slíkar vörur þaðan.

Í því er margt rétt, en þó ýmislegt við það að athuga. Það er rétt, að við höfum yfirleitt flutt inn ákaflega mikið frá Vestur-Evrópu og okkar lífsvenjur hafa markazt mjög mikið af þeim vörum. En við skulum gá að einu. Ég held, að það verði ekkert ríki í veröldinni, sem hefur jafnmikla hagsmuni af að selja sínar vörur eins og þetta Vestur-Evrópuríki, ef það skyldi komast á. Það er það iðnaðarlega þroskað ríki, með framleiðslu í svo stórum stíl, að þetta ríki framar öllum öðrum treystir á markaði alls staðar í heiminum, líka hjá okkur. Við skulum þess vegna aðgæta, að þó að við séum á vissan hátt dálítið háðir Vestur-Evrópu um að fá þaðan ýmsar vörur, þá er Vestur-Evrópu miklu háðari okkur um að selja okkur og öllum öðrum þjóðum heims. Það er engin þjóðasamsteypa, sem á eins mikið undir því og þessi þjóðasamsteypa í Vestur-Evrópu að geta flutt inn hráefni og að geta selt vörur, eins og einmitt hún. Þess vegna held ég, að þessi Vestur-Evrópa, hvað langt sem hún gengi í því að verða eitt ríki, mundi byggja allra mest á því að geta selt sem mest út fyrir sín vébönd, þannig að ég væri ekkert hræddur um þá samninga, sem við þyrftum að gera, hvort heldur við tollabandalag eða fríverzlunarsvæði Evrópu, í slíku sambandi. Sannleikurinn er sá, að það eru fá lönd í veröldinni, sem mundu eiga eins erfitt með það og þessi Vestur-Evrópulönd að vera sjálfum sér nóg. Það er bókstaflega óhugsandi fyrir þau, og engin þeirra dreymir um það. Þvert á móti dreymir þau um að verða sterkari í heimskeppninni, verða sterkari á heimsmarkaðinum, bæði í samkeppninni við þá voldugu amerísku hringi og þau uppvaxandi stóriðjuveldi austur frá.

Ég held þess vegna, að okkar afstaða sé ekkert lakari gagnvart hvort heldur væri tollabandalagi eða fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu heldur en þeirra gagnvart okkur. En þó verðum við að gá að öðru. Þó að við nokkra undanfarna áratugi höfum sérstaklega miðað við vörur frá Vestur-Evrópu, þá hefur þróunin orðið sú síðustu 15 árin hér á Íslandi, að raunverulega höfum við hvað snertir þær vörur og tæki, sem marka ýmislegt í okkar heimilisháttum, orðið miklu háðari amerísku markaðinum, amerísku vörunum heldur en þeim vestur-evrópsku. Ég býst við, að ef við ættum að spyrja t. d. kvenfólkið viðvíkjandi slíku, að þá mundi það jafnvel hugsa meira um New York en París, og ég er hræddur um, að eftirspurnin, sem oft er hvað erfiðast að fullnægja nú í sambandi við heimilistækin og annað slíkt, sýni okkur, að það er venjulega miklu meira Ameríka en Vestur-Evrópa, sem við erum háðir. Og þetta Vestur-Evrópuríki eða fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu eða tollabandalag 6 landanna, allt saman

þetta breytir ekkert okkar afstöðu til Ameríku. Okkar möguleikar viðvíkjandi að verzla áfram eins og við höfum gert við Ameríku, að reyna að auka okkar verzlun þar, ekki aðeins í Bandaríkjunum, heldur líka í löndum eins og Braziliu og öðrum slíkum, — allt saman þetta þýðir, að við eigum, ef við högum okkar verzlun hér skynsamlega, að geta fullnægt þeirri eftirspurn okkar fólks eftir vörum, sem brýnust er, einmitt þaðan. Til þess þurfum við hins vegar að hafa stjórn á innflutningnum, þ. e. að við flytjum þá ekki inn frá Bandaríkjunum þær vörur, sem við getum fengið nóg af annars staðar frá og eru ýmis hráefni, matvörur eða annað slíkt, heldur þvert á móti vörur, sem við kannske eingöngu getum fengið þaðan, vegna þess að þær séu ekki framleiddar annars staðar.

Ég held þess vegna, að þessi rök um, að við séum svo háðir vöruinnflutningnum frá Vestur-Evrópu, sem nokkuð er til í, séu ekki það sterk, að þau út af fyrir sig helgi það, að við gerðumst aðilar að fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu, ef það kæmist upp. Ég held í fyrsta lagi, að við getum haft viðskipti við þetta fríverzlunarsvæði og það í ríkum mæli, og í öðru lagi, að við getum alveg bætt okkur það upp, sem okkur kynni að vanta þar, með vörum frá Bandaríkjunum og annars staðar. Svo skulum við líka gera okkur ljóst, að það, að Vestur-Evrópuríkin, þessi gömlu, grónu iðnaðarríki heimsins, hafa verið langt á undan öðrum þjóðum og haft sem sé alveg einokun raunverulega á allmörgum áratugum á iðnaðarframleiðslu heimsins, það hefur gefið þeim forhlaup í þessum efnum, sem önnur iðnaðarríki hins vegar eru að ná. Við verðum t. d. alveg greinilega varir við það í verzluninni hér, að ýmislegt af þeim vörum, sem við ella gjarnan vildum kaupa frá sumum Vestur-Evrópuríkjunum, getum við líka fengið t. d. frá Tékkóslóvakíu eða Austur-Þýzkalandi. Og það mun vafalaust sýna sig með vaxandi framleiðslu í þessum löndum og þegar þau sníða sinn smekk á sinni iðnaðarvöru jafnvel enn þá meira að vestrænum hætti, eins og mikil tilhneiging virðist vera til, að þá mundi okkur ekki heldur verða skotaskuld úr að fá slíkar vörur frá þessum löndum, sem við höfum svona mikla vöruskiptaverzlun við núna.

Ég held þess vegna, að við þyrftum ekki að fara að taka þátt í fríverzlunarsvæðinu, ef við annars værum hræddir við ýmsar afleiðingar af því, bara vegna þess, að okkur væri svo nauðsynlegt vegna okkar lífsvenja að fá vörur þaðan. Hitt aftur á móti fannst mér liggja í orðum hæstv. menntmrh., að honum fyndist einhvern veginn, að ef við værum ekki með í fríverzlunarsvæðinu, þá værum við að útilokast eiginlega frá lífsvenjum og menningu Vestur-Evrópu. Það er ég ekki minnstu vitund hræddur um. Ég held, að leið okkar stúdenta mundi eftir sem áður liggja alveg sérstaklega til þessara landa. Okkar miklu rótgrónu menningartengsl við þau haldast áfram alveg óskert. Og svo skulum við muna það, að þrátt fyrir allt það mikla og ágæta, sem við höfum af þeim miklu þjóðum lært, þá hefur okkar menning náð hæst, þegar hún var í algerri andstöðu við allt, sem gerðist á meginlandi Evrópu, skar sig úr og menn þorðu hér að gera hluti og viðhalda þjóðfélagi, sem öll Evrópa, allt meginlandið var búið að glata.

Ég held þess vegna, að við þurfum ekkert að óttast um okkar lífsvenjur, það háa stig, sem einkennt hefur Vestur-Evrópu í sögu þjóðanna á síðustu öldum. Ég held meira að segja þvert á móti, að við Íslendingar höfum sýnt með okkar stjórn á okkar landi, að við höfum verið færir um að hækka slíkt stig og halda því, meðan þessar gömlu og rótgrónu Vestur-Evrópuþjóðir og jafnvel þær, sem hvað mest hafa rutt brautina, eins og Frakkar, voru að glata því.

Ég held þess vegna, að við þurfum engu að kvíða í þessum efnum, þó að fríverzlunarsvæði kæmist upp og þó að við yrðum utan við, hvorki hvað snertir þær vörur, sem við þaðan þurfum að fá, né þær vörur, sem við þurfum að selja, né okkar lífsvenjur né okkar menningu né öll okkar sambönd við þessar þjóðir, sem við vissulega allir höfum áhuga fyrir að viðhalda, engu síður en við þurftum að kvíða því, þegar við stofnuðum okkar lýðveldi, að við værum að slíta böndin við Norðurlönd, eins og sumir hér þá vildu halda fram, að okkur jafnvel bæri að gera. Þvert á móti. Okkar Alþingi gaf þá yfirlýsingu um, að einmitt þegar Ísland væri orðið algerlega frjálst og sjálfstætt lýðveldi, þá mundum við óska eftir því, að okkar menningarlegu og þjóðfélagslegu tengsl við Norðurlönd yrðu nánari en áður, og það hafa þau líka orðið.

Ég held, að við þyrftum ekki að óttast það, þó að við stæðum utan við fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu, að þau eðlilegu bönd, sem við eigum við þessar þjóðir, svo skyldar okkur í menningu og sögu sem þær eru og svo mikið sem við eigum þeim upp að unna — við þyrftum ekki að óttast, að þau bönd slitnuðu.

Þá ræddi hæstv. menntmrh. um þá mótbáru mína gegn þátttöku í fríverzlunarsvæðinu, að við mundum ekki geta viðhaldið þeirri sérstöðu Íslands og mótað þann áætlunarbúskap, sem ég álít að væri óhjákvæmilegur fyrir íslenzkt atvinnulíf og verzlunarlíf. Hann svaraði þeirri röksemd með því, að hann áliti, að það væri ekki ókleift að stunda áætlunarbúskap, þó að við værum á fríverzlunarsvæðinu.

Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég skal viðurkenna, að það mundi vera hægt fyrir ríki, sem hefði hverfandi litla utanríkisverzlun og það í ýmsum vörutegundum, þannig að útflutningur á hverri þeirra um sig hefði lítið að segja í þjóðarbúi viðkomandi þjóðfélags. Ég skal ekki neita, að áætlunarbúskapur mundi geta staðizt hjá slíkri þjóð. Við gætum máske reiknað það þannig, að þó að hún flytti út við skulum segja vefnaðarvöru og járn og stál og annað slíkt, þá væri þetta aldrei nema kannske 5% eða 10% af viðkomandi vörum, sem væru háðar öðrum mörkuðum, en fyrst og fremst væri hún sjálf það stór, að hún hefði markaði innan sinna vébanda fyrir slíkt. Það mundi kannske vera hægt að vera á fríverzlunarsvæði, og er ég þó hræddur um, að það yrði nokkuð erfitt fyrir slíka þjóð. En anzi er ég samt hræddur um, að það yrðu að vera margar einkennilegar sögu-

legar forsendur fyrir slíku. Hræddur er ég um, að hún yrði að eiga nokkuð gamlan, sterkan og rótgróinn iðnað til að keppa við þann, sem inn kæmi. Hræddur er ég um, að hennar lífskjör mundu þá verða að vera í nokkuð nánu samræmi við lífskjörin í þeim löndum, sem hún væri að keppa við. En ég skal sem sagt ekki útiloka þennan fræðilega möguleika, ef viðkomandi þjóð væri yfirleitt hverfandi lítið háð utanríkisverzlun. En hvernig hagar til hér á Íslandi, þegar verið er að ræða um, hvort Ísland gæti stundað áætlunarbúskap sem sitt höfuðskipulag, og einn aðalþátturinn í honum er venjulega sá, að það sé algert eftirlit með utanríkisverzluninni, eins og Ísland hefur meira eða minna haft síðustu 24—25 árin? Hvernig lítur þetta út hér, því að hér er það þannig, að ein af okkar framleiðslugreinum, sem sé sjávarútvegurinn, flytur út yfir 90% af öllu, sem hann framleiðir. Og fyrir þennan útflutning sjávarútvegsins, fyrir fiskútflutninginn kaupum við öll hráefni í allan iðnað landsins að undanteknum sjávarútvegs- og landbúnaðariðnaðinum. Allur hinn iðnaðurinn og þá alveg sérstaklega iðnaðurinn hér í Reykjavík og á Akureyri byggist algerlega á hráefni, sem flutt er inn, með þessum undantekningum, sem ég hér nefndi, þannig að án þessa sjávarútvegs og án þessa fiskútflutnings getur hvorki okkar iðnaður né okkar verzlun, slík sem nú er, verið til, eins og okkur er öllum ljóst. Fiskútflutningurinn er undirstaða alls okkar atvinnulífs.

Áætlunarbúskapur fyrir Ísland hlýtur þess vegna fyrst af öllu að þýða tryggingu á sölu fisksins, tryggingu á því, að við getum framleitt þessa vöru og selt hana, öryggi fyrir því, þ. e. a. s. að eiga það ekki undir neinum markaðssveiflum eða neinu slíku, að okkur takist að selja þessar vörur. Á því byggist ekki aðeins afkoma sjávarútvegs. Á því byggist öll afkoma iðnaðarins í landinu, og á því byggist öll afkoma landbúnaðarins í landinu, vegna þess að landbúnaðurinn byggir á þeim heimamarkaði hér, sem grundvallast á því, að fólkið við sjávarsíðuna hafi næga vinnu við að framleiða sjávarafurðir.

Þess vegna hlýtur áætlunarbúskapur á Íslandi fyrst og fremst af öllu að felast í því að tryggja fyrir Ísland söluna á fiskinum, meðan okkar stjórnarfélagshættir eru eins og þeir eru. Öryggið um það þýðir um leið fulla atvinnu á Íslandi. Slíkt öryggi getum við ekki fengið með þátttöku í fríverzlunarsvæði Evrópu. Hæstv. menntmrh. lýsti því einmitt alveg rétt, að við hefðum þar að vísu von um að geta unnið okkur markaði og jafnvel markaði fyrir freðfisk, þegar búið væri að koma upp ísskápakerfi og öðru slíku í löndum eins og Frakklandi og öðrum slíkum. Hvað höfum við nú? Við höfum tryggingu nú. Við höfum öryggi nú fyrir sölu á öllum okkar fiskafurðum. Við höfum sums staðar þegar aflað okkur markaða, þar sem við stöndum mjög föstum fótum, markaða, þar sem við að vísu verðum að keppa, en þar sem við samt sem áður erum búnir að kynna okkar góðu vöru það vel, að við stöndum þar föstum fótum, bæði í Ameríku og Evrópu, og við höfum líka beinlínis með skipulagi, með samningum til margra ára, eins og t. d. þeim þriggja ára samningum, sem við höfum gert við Sovétríkin um sölu á allt að helmingnum af öllum okkar freðfiski, tryggt okkur fyrir fram sem lið svo að segja í hugsanlegum áætlunarbúskap hjá okkur slíka markaði. Og mér er kunnugt um, að við getum tryggt okkur fyrir fram. Ég veit um lönd eins og t. d. Austur-Þýzkaland, iðnaðarland, sem alltaf vantar fisk. Það væri vafalaust hægt að tryggja sér, þótt maður vildi til 10—15 ára, markaði, sem eru meiri jafnvel í því litla landi heldur en nokkru öðru landi, sem við seljum til núna, bara ef við hefðum nógan fisk.

M. ö. o.: með þeirri yfirstjórn á okkar framleiðslu og útflutningi, þótt ófullkomin sé hjá okkur, því að eins og við erum báðir sammála um, þá er enginn áætlunarbúskapur hjá okkur þannig enn þá, þó að ýmsir þættir, sem einkenna hann, hafi verið framkvæmdir í okkar stjórnskipulagi, þá er engum efa bundið, að við getum skapað okkur algert öryggi fyrir því að geta selt allt, sem við getum framleitt af þessum vörum. Og einmitt slíkir samningar eru í löndum áætlunarbúskapar venjulega tryggingin fyrir því að geta skapað viðkomandi þjóð fulla atvinnu og fullt afkomuöryggi. Og næði það þá yfirleitt nokkurri átt hjá okkur að farga þessari vissu, sem við höfum nú, þessari sérstöðu, sem við höfum nú fram yfir lönd, sem eru keppinautar okkar, eins og Noregur, og eiga í vandræðum með að selja sinn fisk nema kannske rétt þegar það mislukkast alveg sérstaklega með fiskveiðina? Næði það nokkurri átt að farga þessari vissu og farga þessu öryggi með þátttöku í fríverzlunarsvæði í von um markaði þar, sem geta reynzt tálvonir, von, sem aðeins yrði að staðreynd fyrir mjög harðvítuga baráttu okkar við mjög volduga auðhringi, eins og þá hringi, sem ráða nú sem stendur fiskframleiðslu Vestur-Þýzkalands og Englands og við höfum ekki sérstaklega góða reynslu af viðureigninni við? Við höfum sannarlega verið vanir því í viðureigninni við þá herra, að við höfum fengið á stríðsárum að flytja inn fiskinn og verið sparkað í burtu á eftir og það jafnvel þó að þeir kölluðu það að hafa efnahagssamvinnu við okkur.

Ég held, að þeirri vissu, sem við höfum nú um markaði fyrir okkar framleiðslu, kæmi aldrei til mála að fórna fyrir þá mjög svo óvissu von, sem ég er næstum viss um að yrði tálvon, að geta unnið sér upp markað í samkeppninni við þessa stóru hringi á fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu.

Ég held, að áætlunarbúskapur og fríverzlun sé óhugsandi saman. Ég held, að munurinn á þátttöku Íslands í fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu og á áætlunarbúskap okkar Íslendinga sé svo mikill, að það sé raunverulega líkast því, ef við færum inn í fríverzlunarsvæði Evrópu, ef það kemst nokkurn tíma á, þá væri það líkast því að vera stjórnlaust flak, sem hrektist á öldum úthafsins, þar sem við hins vegar með áætlunarbúskap okkar og þeirri aðstöðu, sem ég reyndi að lýsa í síðustu ræðu minni, værum þó að stýra okkar fleyi eftir því, sem við sjálfir

vildum, á þessu úthafi, réðum því sjálfir, gætum vitandi vits markað okkur stefnu, hagnýtt okkur öll sambönd, hvar sem er í veröldinni, í staðinn fyrir að láta skola okkur á þeim kröppu öldum, sem nú rísa í samkeppninni í Vestur-Evrópu, og máske sökkva í þeim boðaföllum, sem þar koma til með að einkenna efnahagslífið á næstunni. Það er engin tilviljun, að menn herða nú umræðurnar um fríverzlunarsvæðið, þegar kreppa virðist vera að brjótast út einmitt í þessum löndum, og við höfum það erfiða reynslu af, hvað kreppa þýðir fyrir okkar land, að við ættum sízt af öllu að láta okkur detta í hug að fara að taka þátt í slíku, ef það skyldi komast upp, þegar þannig lítur út, að hættulegri og erfiðari verði viðskiptin þar heldur en þau hafa verið nokkru sinni síðan á krepputímunum hjá okkur.

Ég veit, að hæstv. menntmrh. mun standa við það, sem hann lýsti yfir, að Alþ. fái að fylgjast með þessum málum á næstunni, og mér þykir vænt um, að hann hefur komið með þetta mál inn. Ég álít, að það sé einmitt rétt að farið, og vildi aðeins leggja mitt orð í belg, ef það mætti verða til þess, að menn hugsuðu um þetta mál frá fleiri sjónarmiðum, og skal ég um leið taka fram, að því fer auðvitað fjarri, að ég hafi enn getað grandskoðað þetta mál. Því síður er hægt að mynda sér endanlega skoðun á því og afstöðu til þess, meðan ekki einu sinni forsvarsmenn þess vita, hvað út úr því muni koma. En mitt hugboð er á þá leið, sem ég nú hef skýrt.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan byrja mál með því að þakka hæstv. menntmrh. þá ýtarlegu og að mínu áliti í meginatriðum greinagóðu skýrslu, sem hann hefur flutt þinginu um það mál, sem hér liggur fyrir. Samt sem áður finnst mér, að í ræðu hæstv. ráðh. hafi svo lauslega verið rætt um ýmis vandamál, sem hlytu að fylgja þátttöku okkar í væntanlegu fríverzlunarbandalagi, að ég er ekki viss um, að menn hafi fengið af þeirri ræðu og þeim ræðum, sem síðan hafa verið haldnar, rétta heildarmynd af þessu máli, og sé því ástæðu til þess að bæta við það, sem hér hefur komið fram í umr., nokkrum orðum.

Það er að vísu ekki vitað, hvort af því muni verða, að til þessa fríverzlunarbandalags verði stofnað, og þá auðvitað ekki víst, í hvaða mynd það muni verða. Telja verður þó, að líkurnar á því, að til slíkra samtaka verði stofnað í einhverri mynd, séu það miklar, að fullkomlega tímabært sé fyrir okkur Íslendinga að gera okkur grein fyrir því, hvort við mundum óska að taka þátt í slíkum samtökum, og tel ég því, að umr. um þetta mál í heild séu fullkomlega tímabærar nú.

En þó að auðvitað sé ekki endanlega um það vitað, í hvaða mynd þau efnahagssamtök, sem hér er um að ræða, mundu verða, þá virðist það þó liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, að hér er um það að ræða, að þau lönd, sem aðilar yrðu að samtökum þessum, mundu skuldbinda sig til þess að leggja ekki hindranir í veginn fyrir vöruskipti milli þessara landa með verndartollum eða innflutningshöftum. Það er ekki enn þá vitað, til hve margra vörutegunda þetta samkomulag mundi taka, en gert mun þó ráð fyrir því, að það verði allverulegur hluti þeirra viðskipta, sem um er að ræða, sem toll- og haftafrelsið mundi taka til. Með þessu er auðvitað ekki sagt, að óheimilt mundi vera að leggja á tolla, en slíkir tollar yrðu þá eingöngu fjáröflunartollar, eins og það hefur verið kallað, en með því er átt við það, að leggja yrði þá innlent framleiðslugjald á viðkomandi vörur, sem næmi tollinum, þannig að innlendum framleiðendum yrði ekki ívilnað á kostnað annarra framleiðenda innan þessa svæðis. Þetta er það, sem um er að ræða.

Að mínu áliti er ekki nokkur vafi á því, að kostirnir, sem því mundu fylgja fyrir okkur Íslendinga að verða aðilar að slíkum samtökum, eru margir. Það má í fyrsta lagi á það benda, að hér er um að ræða þær þjóðir, sem okkur eru einna skyldastar að menningu og þjóðfélagsháttum, og þegar af því leiðir, að þær hafa í ríkara mæli en aðrar fjarlægari og óskyldari þjóðir einmitt á boðstólum þær vörur, sem okkur vanhagar um. Í öðru lagi má benda á þá staðreynd, að þetta eru þau lönd, sem okkur eru landfræðilega næst, þannig að af því leiðir, að flutningskostnaður á vörum þaðan og þangað verður minni en til annarra fjarlægari landa, og það atriði út af fyrir sig gerir viðskipti við þær að öðru jöfnu hagkvæmari. Það ætti ekki að þurfa nánari skýringar við. Í þriðja lagi má á það benda, að vegna þess að við verðum að svo miklu leyti einmitt að framleiða fyrir innlendan markað, en innlendi markaðurinn er tiltölulega lítill, þá getum við í mörgum þeim tilfellum, sem þannig háttar um, ekki hagnýtt okkur hina hagkvæmustu tækni. Stærri markaður eða það, að framleitt sé fyrir stærri markað, er skilyrði fyrir slíku, en þessu skilyrði ætti einmitt í ríkara mæli að verða fullnægt, ef við verðum aðilar að stærri efnahagslegri heild. Þetta eru atriði auk þeirra, sem á hefur verið minnzt í þeim umr., sem hér hafa farið fram, sem mæla með því, að við verðum aðilar að þessum samtökum.

Hins vegar verður því ekki neitað, að vandamálin í sambandi við slíka aðild eru mörg og stór. Í þeim umr., sem hingað til hafa farið fram um þá hlið málsins, eru það einkum tvö atriði, sem á hefur verið bent, enda er það auðvitað augljósast, að slík vandamál hljóta að koma upp, ef til þessarar aðildar kemur. En þau vandamál, sem hér er um að ræða, eru í fyrsta lagi vandamál innlenda iðnaðarins og í öðru lagi tekjuöflunarvandamál ríkissjóðs. Hæstv. ráðh. gerði þessi tvö atriði allýtarlega að umræðuefni í sinni framsöguræðu, og er ég honum sammála um það, að þó að ekki beri að vanmeta þann vanda, sem hér er um að ræða, þá ætti hann engan veginn að vera óleysanlegur.

Hvað iðnaðinn snertir, þá ber þess að gæta, að það er ekki nema nokkur hluti iðnaðarins, sem mundi eiga við aukin vandkvæði að etja, ef til aðildar að fríverzlunarsvæðinu kæmi, og þó að vandamál hans beri engan veginn að vanmeta, þá ætti með tilliti til þess, að gert er

ráð fyrir, að það taki alllangan tíma að koma þessu í kring, að verða möguleiki á því að breyta okkar framleiðsluháttum þannig, að við gætum lagað okkur eftir því.

Hvað snertir fjárhagsvandamál ríkissjóðs, þá er það auðvitað staðreynd, að ríkissjóður aflar sér fyrst og fremst tekna með tollum. Hæstv. ráðh. gaf hér nokkrar upplýsingar um það, hve miklu tekjutapi mætti ætla að ríkissjóður yrði fyrir, ef til þess kæmi, að fella yrði niður alla svokallaða verndartolla. Ég býst í rauninni við því, að það sé mjög erfitt að gera sér fyrir þessu nákvæma grein, sem m. a. stafar af því, að eiginlegir fjáröflunartollar í þeirri merkingu, sem ég minntist á, þannig að sama framleiðslugjald sé á innlendri framleiðslu og tollinum nemur, eru hér í rauninni ekki til. Raunverulega má hins vegar líta þannig á, að jafnvel mest af þeim tollum, sem við höfum, sé fjáröflunartollar, af því að það kemur af tæknilegum og öðrum ástæðum ekki til greina, að þessar vörur verði framleiddar hér. En þær heimildir, sem hæstv. ráðh. byggði á, byggðust á því, að reiknaður var út sérstaklega tollur á þeim vörum, sem framleiddar eru hér innanlands. Ég tel þetta að vísu ekki einhlítt, ef skipta á tollunum í fjáröflunartolla og verndartolla, en sjálfsagt eru ekki aðrar betri heimildir fyrir hendi. En það, sem skiptir þó ef til vill mestu máli í sambandi við þetta, er það, að hvort sem verndartollarnir nema meira eða minna af heildartekjum ríkissjóðs, þá má auðvitað á það benda, að séu þessir tollar afnumdir, þá mundi geta borgaranna til þess að greiða aðra skatta aukast, þannig að það ætti ekki að vera mjög miklum vandkvæðum bundið að flytja skattana þannig til. Og í öðru lagi má á það benda, að ef af þátttöku Íslands í þessu friverzlunarsvæði yrði, þá hlyti tekjuþörf ríkissjóðs að minnka mjög verulega frá því, sem nú er, af því að sá mikli tekjutilflutningur, sem stendur í sambandi við hafta- og uppbótakerfið, yrði þá óþarfur, þannig að tekjuþörfin mundi að verulegu leyti minnka.

Þessi vandamál ættu þannig ekki að vera óleysanleg. En fyrir hinu má ekki loka augunum, að þessi atriði, sem nú hafa verið nefnd, eru engan veginn stærstu efnahagsvandamálin í sambandi við væntanlega þátttöku Íslendinga í friverzlunarbandalaginu. Hæstv. ráðh. drap raunar á það í sinni ræðu, að ef af þátttöku Íslendinga ætti að verða í friverzlunarbandalaginu, þá yrði nauðsynlegt, eins og hann orðaði það, að samræma innlent og erlent verðlag, það væri ekki framar hægt að skapa jafnvægi í greiðsluviðskiptum við önnur þátttökuríki með innflutningshöftum og uppbótum, heldur yrði að fara aðrar leiðir. Ég er ekki alveg viss um, að allir hafi gert sér fullkomlega ljóst, hvað í þessu fólst í rauninni. Út af fyrir sig lítur það meinleysislega út, að það þurfi að samræma innlent og erlent verðlag, og kannske flestir sammála um, að slíkt sé réttmætt og nauðsynlegt. Flestir eru og sammála um það, að innflutningshaftakerfinu fylgi margvísleg óþægindi, svo að það væri ekki sérstakur skaði skeður með því, að það væri afnumið og farnar einhverjar aðrar leiðir í þessu efni. En það er meira, sem í þessu felst. Hvað er nú það, sem um er að ræða, þegar talað er um misræmi á innlendu og erlendu verðlagi? Það er þetta, að hvort sem við gerum þann samanburð á þann hátt að umreikna verðlag erlendis í íslenzkar krónur eftir skráðu gengi eða umreikna erlent verðlag í íslenzkar krónur eftir skráðu gengi, þá verður niðurstaðan sú sama, að verðlagið hér á landi verður til mikilla muna hærra en í nágrannalöndunum. Af því leiðir aftur, að ef um tollfrjáls og haftalaus viðskipti við þessi lönd væri að ræða að öllu öðru óbreyttu, þá hljóta Íslendingar sem búa við hið háa verðlag hér, að verða alveg ósamkeppnisfærir á hinum erlendu mörkuðum, en á sama hátt verða innlendir framleiðendur, sem framleiða fyrir innlenda markaðinn, ósamkeppnisfærir við hina erlendu aðila, sem framleiða á hinu lægra verðlagi. Það er einmitt með innflutningshöftunum og uppbótunum, sem atvinnuvegunum hefur verið haldið gangandi þrátt fyrir það misræmi, sem er á milli erlenda og innlenda verðlagsins og gerð hefur verið grein fyrir.

Með aðild að friverzlunarsvæðinu væri útilokað að fara þessa leið lengur. Þá verður, eins og hæstv. ráðh. raunar réttilega tók fram, að samræma innlenda og erlenda verðlagið. En hvað þýðir það? Þar verður ekki nema um tvær leiðir að ræða. Það er hægt að framkvæma samræmingu á þann hátt að hækka verðlagið hér innanlands eða verðlagið á erlendum vörum, sem hingað eru fluttar inn, til samræmis við hið innlenda verðlag með því að lækka gengi krónunnar eða gera hliðstæðar ráðstafanir. Það er hægt að kalla slíkar ráðstafanir einhverju öðru nafni en gengislækkun, en efnislega verður um það að ræða. Það væri líka hægt að fara aðra leið, þá að færa innlenda verðlagið niður til samræmis við hið útlenda, hina svokölluðu verðhjöðnunar- eða niðurfærsluleið, eins og það hefur verið orðað. Aðrir möguleikar eru ekki fyrir hendi.

Það verður því að horfast í augu við það í sambandi við umræður um friverzlunarvandamálið, að þær kosta ráðstafanir í efnahagsmálum í þá átt, sem um hefur verið talað. Hitt þarf ekki að skýra nánar fyrir hv. þingmönnum, hvaða erfiðleika, bæði stjórnmálalega og efnahagslega, það mundi hafa í för með sér að framkvæma þessar aðgerðir. Það er því hlutur, sem verður að meta, þegar að því kemur að taka afstöðu í þessu máli, hvort kostirnir við þátttöku okkar í friverzlunarkerfinu eru það miklir, að við viljum taka á okkur óþægindi af þeim nauðsynlegu ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem gera yrði, til þess að slík þátttaka yrði möguleg.

Málið liggur ekki svo ljóst fyrir enn þá, að það sé tímabært að taka til þess afstöðu. Hins vegar tel ég mjög mikilvægt, að ef ræða á þetta mál í alvöru, þá sé þetta atriði gert ljóst. Það er fullkomið samræmi í þeim skoðunum, sem haldið var fram af hv. 3. þm. Reykv. hér áðan, er hann andmælti mjög þátttöku Íslendinga í þessu friverzlunarbandalagi og var þá um leið andvígur þeim ráðstöfunum, sem gera þyrfti til

þess að gera slíka þátttöku mögulega. Hvort sem menn eru með þeim skoðunum eða móti, þá eru þær sjálfum sér samkvæmar. Það er líka sjálfu sér samkvæmt að styðja aðild að þessu bandalagi og þá auðvitað um leið þær ráðstafanir, sem gera yrði, til þess að það væri mögulegt. Hitt eru ekki raunhæf sjónarmið, þó að þau kunni að vera þau vinsælustu í bili, að fylgja að vísu aðild að þessu bandalagi, en *vilja ekki gera þær ráðstafanir í efnahagsmálum*, sem nú hefur verið drepið á og eru skilyrði fyrir því, að um slíka aðild geti verið að ræða. Þetta vildi ég gjarnan benda á.

Eitt atriði vildi ég þó minnast á að lokum, en það eru jafnkeypisviðskiptin. Í rauninni er það nú þannig, að undirrót þeirra vandamála, sem við er að etja í sambandi við væntanlega þátttöku Íslendinga í friverzlunarbandalaginu, er misræmið milli hins innlenda og erlenda verðlags. Öll önnur vandamál, sem rædd hafa verið í því sambandi, eru í rauninni afleiðing af því.

Það er þetta misræmi, sem hefur gert nauðsynlegt haftafyrirkomulagið. Haftafyrirkomulagið hefur aftur leitt til uppbyggingar atvinnulífsins, til að efla iðnað og aðra framleiðslustarfsemi, sem ekki mundi verða samkeppnisfær, ef um frjálsa verzlun væri að ræða. Uppbæturnar til útvegsins eru einnig afleiðing af þessu, en af þeim leiðir aftur hina miklu tolltekjuþörf ríkissjóðs. Og að síðustu má nefna, að einmitt það, að jafnkeypisviðskiptin eru slíkur þáttur í okkar heildarviðskiptum við útlönd, er einnig bein afleiðing af þessu. Um hin svokölluðu clearing-lönd eða þau lönd, sem við höfum jafnkeypisviðskipti við, háttar einmitt þannig, að aðstæður eru þar að því leyti svipaðar og hjá okkur, að verðlagið, umreiknað eftir gengi, er hærra þar en í öðrum löndum, þar sem meira jafnvægi ríkir í efnahagsmálum. Það að skipta í ríkara mæli við þessi jafnkeypislönd hefur að nokkru leyti losað okkur við þá miklu tekjuyfirfærslu, sem annars var nauðsynleg til þess að halda útflutningsframleiðslunni gangandi, þannig að viðskiptin við jafnkeypislöndin hafa þannig í rauninni verið eins konar dulbúin gengislækkun. Það leiðir nú í rauninni af því, sem sagt hefur verið, að ef til aðildar að friverzlunarbandalaginu kæmi, þá ætti ekki að vera sama þörf á jafnkeypisviðskiptunum og áður var.

En það er annað atriði í sambandi við þetta, sem ég get ekki stillt mig um að gera nokkra athugasemd við og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. Hann talaði um það sem skilyrði fyrir því, að Íslendingar gætu orðið aðilar að friverzlunarsvæðinu, að við yrðum eftir sem áður að reyna að halda þeim mörkuðum, sem við höfum í jafnkeypislöndunum, og setja það í einhverri mynd *að skilyrði fyrir aðild okkar* að þessu bandalagi. Hann nefndi í því sambandi, að við yrðum þá að gefa tollfrjálsan innflutning frá þessum löndum á sama hátt og um aðildarríki að friverzlunarsvæðinu væri að ræða. En ég sé satt að segja ekki, að slíkt mundi einu sinni leysa það vandamál, sem þarna er um að ræða. Verðlagið í þessum jafnkeypislöndum er hærra en *verðlagið í væntanlegum aðildarríkjum friverzlunarbandalagsins*, þannig að jafnvel þó að þessi lönd nytu sömu tollkjara og aðildarríkin að friverzlunarbandalaginu, þá hlytu þau samt á flestum sviðum að verða ósamkeppnisfær á íslenzkum markaði. Það er ekki víst, að það yrði hvað allar vörutegundir snertir, en sé aðstaðan að öðru leyti jöfn, þá getur varla verið um að ræða innflutning frá þeim, jafnvel þó að þau *njóti sömu tollkjara og aðildarríkin*. Ástæðan til þess, að keypt er frá vöruskiptalöndunum, þrátt fyrir það þó að verðlagið sé hærra þar, er eins og nú er sú, að það eru ekki veitt innflutningsleyfi frá öðrum löndum, og ættum við að halda þessum viðskiptum, þá yrði að fara sömu leið. Þetta mundi þá þýða það, að við yrðum að hafa heimild til þess að takmarka innflutninginn frá aðildarríkjunum til þess að geta keypt vörur í jafnkeypislöndunum, sem eru dýrari en þar. En ég sé ekki vel, hvernig það getur samrýmzt þeim sjónarmiðum, sem að öðru leyti hefur verið látið í veðri vaka að lægju að baki þeim væntanlegu samtökum, sem hér er um að ræða. Þetta vildi ég aðeins leyfa mér að benda á.

Ég vildi svo aðeins minna á eitt að lokum. Hv. 3. þm. Reykv. hefur í tveim ræðum gefið okkur lexíur í marxisma, sem að mínu áliti er margt að athuga við. Ég mun þó ekki fara út í það, m. a. með tilliti til þess, að hv. þm. mun eiga lítinn ræðutíma eftir. En eitt er þó það atriði, sem ég get ekki stillt mig um að benda á. Það er þetta: Hv. 3. þm. Reykv. virtist vera mjög andvígur hringum og hafa mikinn ótta af starfsemi þeirra. Margir munu vera honum sammála um þetta, einnig úr hópi þeirra, sem ekki eru sósíalistar. Hitt var mér aftur á móti miður skiljanlegt, að hann virtist líta svo á, að einmitt það að gera verzlunina frjálsari eða stækka viðskiptaheildirnar mundi skapa hringunum betri skilyrði en áður. Almennt hefur nú verið litið þannig á meðal hagfræðinga, að eftir því sem markaðurinn væri þrengri, eftir því mundi vera auðveldara að mynda einokunarsamtök og halda uppi einokunarverði, hin erlenda samkeppni hljóti að halda slíku í skefjum. Mér er ekki fyllilega ljóst, á hverju hið gagnstæða sjónarmið getur byggzt. Ég býst einnig við, að það komi ýmsum, sem kunnir eru kaupsýslu og viðskiptum, einkennilega fyrir sjónir, það sem virtist vera skoðun hv. þm., að eftir því sem atvinnuleysið væri meira og kaupgeta verkamanna og launþega minni, eftir því mundu vera meiri gróðamöguleikar fyrir auðhringa og atvinnurekendur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni, í ræðum þeim, sem fluttar hafa verið, síðan ég talaði síðast.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 9. landsk. þm., fór nokkrum orðum um jafnkeypisviðskiptin og kvaðst vilja benda á, að sú tollalækkun, sem ég hefði gert að umtalsefni að nauðsynleg væri gagnvart innflutningi frá jafnkeypislöndunum og yrði að vera jöfn þeirri tollalækkun, sem við framkvæmdum gagnvart friverzlunarsvæðinu, ef af

stofnun þess yrði, mundi ekki duga til þess að varðveita skilyrði okkar til þess að halda jafnkeypisviðskiptunum áfram. Þetta er auðvitað alveg rétt. En þetta tók ég einnig skýrt fram í skýrslu minni, að tollalækkunin ein dugir auðvitað ekki. Hún er að vísu sjálfsögð, til þess að aðild að fríverzlunarsvæðinu verði ekki til að torvelda jafnkeypislöndunum að selja hingað sínar vörur í skiptum fyrir útflutning okkar þangað frá því, sem verið hefði. Aðild okkar að fríverzlunarsvæðinu má ekki þýða það, að jafnkeypislöndin verði verr sett en nú á sér stað til sölu á varningi sínum á íslenzkum markaði, en það mundu þau auðvitað verða, ef við lækkuðum tolla okkar eingöngu gagnvart fríverzlunarsvæðislöndunum, en létum núgildandi tolla haldast gagnvart öðrum viðskiptalöndum. Hér verður auðvitað að vera samræmi á vegna mikilvægis markaða okkar í jafnkeypislöndunum.

Hitt tók ég skýrt fram í skýrslu minni og undirstrikaði alveg sérstaklega, að þetta dygði ekki til þess að varðveita markaði okkar í jafnkeypislöndunum. Það yrði jafnframt að vinna að því, að Íslendingar fengju undanþágu frá því grundvallaratriði fríverzlunarsvæðisins að afnema stjórn á innflutningi, þ. e. a. s. afnema innflutningshöft. Jafnkeypisviðskiptin væru okkur svo mikilvæg, að við yrðum að fá að láta jafnkeypislöndin sitja að íslenzkum markaði í jafnríkum mæli og okkur er nauðsyn á markaði í þeim löndum, og það er ekki hægt með öðru móti en því — það hefur reynslan sýnt — en að hafa innflutningsleyfakerfi, sem tryggi jafnkeypislöndunum íslenzka markaðinn á vissum sviðum fyrir vissar vörutegundir. Þess vegna setti ég í skýrslunni fram þá hugmynd, að leitað yrði eftir að hafa eitt af frumskilyrðum fyrir hugsanlegri aðild okkar að fríverzlunarsvæðinu, að við fengjum viðurkenningu á þeirri sérstöðu, að við yrðum að hafa verndarvörulista yfir vissar vörutegundir, sem við þyrftum að kaupa frá jafnkeypislöndunum vegna sölu á afurðum okkar þangað.

Ég vildi aðeins segja þetta aftur hér og undirstrika þetta, af því að þetta er að sjálfsögðu eitt af grundvallaratriðunum í sambandi við getu okkar til þess að verða aðilar að fríverzlunarsvæðinu. Ég skil ekki í, að neinum detti í hug, að við í raun og veru getum gerzt aðilar að fríverzlunarsvæðinu, ef það ætti að þýða samtímis missi markaða okkar í jafnkeypislöndunum, svo mikilvægir sem þeir eru íslenzkum útflutningsatvinnuvegum.

Hitt atriðið var í ræðu hv. 3. þm. Reykv., grundvallaratriðið í hans ræðu í raun og veru. Það var sú hugmynd hans, sú staðhæfing hans, að aðild okkar Íslendinga að fríverzlunarsvæðinu mundi hafa í för með sér rýrnandi lífskjör íslenzku þjóðarinnar, rýrnandi lífskjör á Íslandi. Hann rökstuddi það með því fyrst og fremst, að aðild að slíkum viðskiptasamtökum mundi stofna hinum gömlu þjóðlegu atvinnuvegum okkar, landbúnaði og vissum hluta iðnaðarins, í bráða hættu, en ef slíkar atvinnugreinar yrðu lagðar í rúst og við um leið ofurseldir samkeppni stórfyrirtækja í Vestur-Evrópu, mundum við verða undir í þeirri samkeppni á svo mörgum sviðum, að það mundi rýra lífskjör manna hér stórlega. Ég held, að þessi skoðun sé á algerum misskilningi byggð, og ég vil ekki láta þessum umr. ljúka án þess, að ég fyrir mitt leyti andmæli henni, og skal nú færa fram fyrir því nokkur rök.

Í fyrsta lagi staðhæfi ég, að það sé á misskilningi byggt, að lífskjör þjóðanna innan fríverzlunarsvæðisins, ef stofnað yrði, hlytu að jafnast út, að lífskjör allra aðildarríkja svæðisins mundu verða þau sömu. Það er kunnugt, að lífskjör á einstökum svæðum, jafnvel lítilla ríkja, geta verið mjög ólík eftir aðstæðum, hvað þá stórra ríkja. Og þegar slíkt getur gerzt á ákveðnum ríkjasvæðum, er auðvitað engin ástæða til þess að halda, að ekki þó fastari efnahagssamtök en hér verður um að ræða muni hafa í för með sér, að það hljóti að verða allsherjarjöfnun á lífskjörum þeirra aðildarríkja, sem ættu hlut að máli. Eftir sem áður munu þau öfl verða að verki og hafa úrslitaáhrif, sem nú valda því, að lífskjör í hinum ýmsu Vestur-Evrópuríkjum eða þeim ríkjum, sem hugsanlegt hefur verið um að gerist aðilar að fríverzlunarsvæðinu, eru mjög ólík. Þau öfl munu eftir sem áður vera að verki og hafa sömu áhrif og þau hafa nú.

Hver er undirstaða þeirra lífskjara, sem við njótum hér á Íslandi nú? Lífskjörin hér eru betri en í mörgum þeirra ríkja, sem hugsanlegt er að yrðu aðilar að fríverzlunarsvæðinu, en lífskjör í ýmsum öðrum ríkjum eru mun betri en þau eru hér á Íslandi. Ég þori ekki að skipa Íslandi á neinn ákveðinn stað í þá röð hinna 17 aðildarríkja, sem rætt hefur verið um, ef reynt yrði að flokka þau eftir hæð lífskjaranna. En ég hygg þó, að óhætt sé að segja, að Ísland mundi verða í efri flokknum. Ef það væri rétt, að lífskjörin á heildarsvæðinu mundu jafnast út og engar framfarir í heild leiddi af þessu samstarfi, þá mundu lífskjör þjóðarinnar rýrna. En ég skal nú benda á þau rök, sem ég tel liggja til þess, að slíkt þurfi alls ekki að eiga sér stað, og þetta er mjög mikilvægt atriði í sambandi við málið allt.

Hver er undirstaða þeirra lífskjara, sem við njótum hér? Hún er fyrst og fremst nálægð við mjög auðug fiskimið, ein auðugustu fiskimið veraldar. Hún er í öðru lagi dugnaður og sérþekking fólksins, sem það býr yfir, þess fólks sem starfar að öflun og meðferð sjávaraflans. Hún er í þriðja lagi þau nýtízku tæki, sem þjóðinni hefur tekizt að afla sér til þess að fá sjávarafla og verka hann og selja. Hún er í fjórða lagi þær orkulindir, sem landið er auðugt af, bæði í mynd fossa og jarðhita, og eru nú þegar undirstaða iðnaðar, en hugsanleg undirstaða miklu meiri iðnaðar en nú er stundaður í landinu. Þessi atriði eru meginundirstaða þeirra góðu lífskjara, sem við nú njótum á Íslandi. Ekkert af þessu missum við vegna aðildar að fríverzlunarsvæðinu. Fiskimiðin fjarlægjast ekki landið þrátt fyrir það. Dugnaður og sérþekking fólksins minnkar vissulega ekki. Tækin flytjast ekki í burtu. Skilyrði okkar til að afla enn nýrra tækja minnka ekki, heldur þvert á móti batna, og orkulindirnar þorna

sannarlega ekki vegna aðildar okkar að fríverzlunarsvæðinu. Nei, öll þessi meginundirstaða lífskjaranna hér á Íslandi nú helzt auðvitað, og þau öfl, sem bætt hafa lífskjörin jafnmikið og átt hefur sér stað undanfarna áratugi hér, verða áfram að verki. Til hins finnst mér þvert á móti liggja miklu sterkari rök, að þessi öfl muni fá að njóta sín betur, ef við komumst í tengsl við stóra efnahagsheild, vegna þess að þá er líklegt, að við fáum aðstöðu til þess að njóta alveg sérstaklega þess, sem við höfum bezta aðstöðu til að leggja af mörkum í alþjóðlegu samstarfi. M. ö. o.: starf okkar Íslendinga mundi þá geta einbeinzt enn frekar en nú á sér stað að þeirri framleiðslu, sem þjóðin stendur bezt að vígi að stunda, betur en allar hinar þjóðirnar.

Eins og ég gat um, hef getið um áður og lagt áherzlu á, er höfuðkosturinn fyrir okkur að gerast aðilar að slíku efnahagssamstarfi sá, að við það mundi opnast nýr stór markaður, sem við mundum nota okkar nálægð við fiskimið okkar og okkar miklu tæki og okkar sérhæfða vinnukraft til þess að selja góða og mikið unna vöru á, og jafnframt kynni aðild okkar að fríverzlunarsvæðinu einmitt að skapa okkur skilyrði til þess að nota orkulindir okkar, fossaflið og jarðhitann, í miklu ríkara mæli en við höfum hingað til átt kost á vegna smæðar markaðsins hér heima og vegna þeirra viðskiptahamla, sem mótað hafa viðskiptalífið í Evrópu og heiminum öllum raunar í allt of ríkum mæli.

Ég hef áður tekið það fram og skal nú endurtaka það að síðustu, að ég tel okkur Íslendinga ekki geta gerzt aðilar að slíku fríverzlunarsamstarfi, nema því aðeins að það hafi í för með sér aukinn markað fyrir sjávarafurðir okkar á fríverzlunarsvæðinu og við höfum jafnframt skilyrði til þess að byggja upp stóriðnað til útflutnings, sem leyst geti þann iðnað af hólmi, sem hér yrði smám saman að leggjast niður vegna aðildar okkar að þessu efnahagssamstarfi. En ef þessum skilyrðum er fullnægt, felst einmitt í því, að skilyrði okkar til þess að hagnýta þá framleiðsluaðstöðu, sem við höfum umfram aðrar þjóðir, munu batna mjög verulega, og í kjölfar þess mundu auðvitað sigla bætt lífskjör á Íslandi, en ekki rýrnuð lífskjör þjóðarinnar.

III. Landhelgismálið.

Á 54. fundi í Nd., 20. febr., utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég hef leyft mér að biðja um orðið utan dagskrár vegna blaðaárása út af landhelgismálinu, sem fram hafa komið í blaði hæstv. utanrrh., bæði í dag og einu sinni áður, og eru þessi blaðaskrif, sem eru árásir á hv. formann þingflokks Sjálfstfl., Bjarna Benediktsson, og mig, skrifaðar undir nafni af einum af þingmönnum Alþfl., hv. 5. landsk. þm., Benedikt Gröndal.

Ég vil nú leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að vitna í greinina í Alþýðublaðinu í dag, hina hef ég því miður ekki við höndina, enda hygg ég, að það skipti ekki aðalmáli, af því að í greininni í dag sé flest það endurtekið, sem máli skiptir, og raunar nokkru bætt við fyrri greinina. Þessi grein hv. þm. hefst með þessum orðum:

„Það hefur verið einróma álit ríkisstj. marga undanfarna mánuði, að nauðsynlegt væri að varðveita þjóðareiningu í landhelgismálinu, þar sem fyrir dyrum er næsta stórskrefið í því máli. Þetta er orsök þess, að lítið hefur verið ritað eða rætt um málið opinberlega af hálfu stjórnarflokkanna eða ráðherranna sjálfra, en því meira unnið að málinu í kyrrþey."

Það er nú lagleg byrjun á þessu snilldarverki þessa unga þingmanns, að hann gefur yfirlýsingu um það, að um þetta alþjóðarmál, sem er eitt hið mesta velferðarmál þjóðarinnar, hafi ríkt þögn, af því að þögnin sé nauðsyn. Þetta boðorð uppfyllir hann svo sjálfur með því að skrifa tvær stórar árásargreinar á stærsta flokk landsins um þetta mál og alveg án tilefnis af hendi Sjálfstfl.

Þá segir næst og í beinu áframhaldi í þessari grein:

„Nú hefur farið svo, að Þjóðviljinn hefur ekki getað neitað sér um að nota þetta viðkvæma mál til árásar á utanríkisráðherra og tala um „andstöðu" hans við víkkun landhelginnar. Slík skrif geta aðeins gert málstað þjóðarinnar ógagn. Svo sem vænta mátti, greip Morgunblaðið þetta hálmstrá og bergmálaði firru Þjóðviljans á forsíðunni með kröfu um skýringar. Þó er sjálfstæðismönnum fullkunnugt um allan gang þessa máls, og þeir vita mætavel, að það gerir ekki málstað íslenzku þjóðarinnar gagn, að stærsta blað landsins skuli, rétt áður en hin mikilvæga ráðstefna um landhelgismálið hefst í Genf, bera gróusögur um ágreining stjórnarflokkanna í þessu máli."

Hv. þm. talar um þessa firru Þjóðviljans, — ég vek athygli á orðunum „firru Þjóðviljans". Hv. þm. segir, að Morgunblaðið hafi borið út „gróusögur" um ágreining stjórnarflokkanna um þetta. Nú spyr ég: Kalla menn þetta firru, að það hafi verið ágreiningur innan stjórnarinnar? Kalla menn það gróusögu að segja frá þessum ágreiningi, eftir að blað þess ráðherra, sem er einvaldur í þessu máli, hefur skýrt frá þessum ágreiningi og ásakað utanrrh. hörðum orðum fyrir að hafa tafið framkvæmd málsins? Og einkum og sérstaklega vil ég spyrja þennan hv. unga þingmann, Benedikt Gröndal, hvað hann sjálfur álítur um þetta. Hann segir nefnilega nokkrum línum neðar í þessari sömu grein frá því, að form. þingflokks Sjálfstfl. og form. flokksins, Bjarni Benediktsson og ég, höfum verið kvaddir á fund ríkisstj. snemma í október og þar hafi okkur verið skýrt frá málinu, en við höfum hins vegar óskað eftir skriflegri grg. og við höfum fengið hana, segir hann. Svo segir hann sjálfur, orðrétt:

„Í hinni skriflegu grg. var sjálfstæðismönnum gerð grein fyrir öllu því, sem gerzt hafði í málinu, síðan þeir fóru úr ráðherrastólunum. Vildi sjútvmrh. þá færa út strax, en utanrrh. bíða eftir niðurstöðum Genfarráðstefnunnar."

Er það þá firra, að það sé ágreiningur á milli þessara manna, og er það gróusaga að segja frá því, sem hæstv. atvmrh. áður er búinn að segja um það? Ég spyr þennan þingmann. Vill hann standa við þau orð, að það sé gróusaga að segja frá þessu, og vill hann standa við þau orð, að það sé firra, að það sé ágreiningur, úr því að hæstv. atvmrh. segir, að hæstv. utanrrh. hafi tafið málið, og úr því að hv. þm. sjálfur skýrir frá því í þessari sömu grein, að þessi ágreiningur hafi verið svo grómtækur, að annar hafi viljað færa út landhelgina strax, en hinn neitað öllum aðgerðum þar til eftir Genfarráðstefnuna? Ég skal á þessu stigi málsins a. m. k. engan dóm kveða upp úr um það, hvor stefnan hafi verið réttari. En það er ómögulegt að komast undan því, að hér er djúpsettur ágreiningur, og það veit enginn betur en þessi hv. þingmaður, úr því að hann sjálfur getur skýrt frá því á prenti, þó að honum láist að skilja það, að maður, sem ræðst á bátinn til slíkra þrifaverka sem hér er um að ræða, þarf að gæta sín að láta ekki hver ummælin stangast við hin.

Næst segir svo hv. þm., nokkrum línum enn neðar, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig stóð málið, þegar stjórnin sneri sér til sjálfstæðismanna með ósk um samvinnu. Ólafur Thors svaraði og kvað sjálfstæðismenn skilja málið svo, að stjórnin væri búin að taka ákvörðun, og taldi það mistök að hafa ekki talað við sjálfstæðismenn fyrr. Þessu var svarað af stjórnarinnar hálfu með mótmælum og á það bent, að ákvörðun hefði ekki verið tekin, en æskilegt væri að heyra till. sjálfstæðismanna í málinu. Sjálfstæðismenn fengust ekki til að segja orð um málið og neituðu meira að segja að tala við Hans Andersen, þegar hann kom heim frá París samkvæmt beinni ósk þeirra sjálfra. Varð afstaða þeirra ekki skilin á annan hátt en að þeir vildu ekkert samstarf við stjórnina hafa um málið, enda kom það á daginn, að þeir töldu sér hentugra að hafa frjálsar hendur og ráðast á stjórnina, þótt það gæti skaðað málstað landsins.“

Hér er um tvær veigamiklar fullyrðingar að ræða. Annars vegar vilja menn fá úr því skorið, hvort það sé satt eða ósatt, að stjórnin hafi verið búin að taka ákvarðanir.

Hv. þm. fullyrðir í umboði stjórnarinnar, að það sé ósatt, hún hafi ekki verið búin að taka neinar ákvarðanir. Ég skal af þessu tilefni leyfa mér að skýra frá því, að samkvæmt okkar ósk var okkur send skýrsla um málið, dags. 15. okt., undirrituð af hæstv. atvmrh., Lúðvík Jósefssyni. En eins og hv. þm. segir, mun það vera rétt, að í byrjun októbermánaðar höfum við komið á þennan fund.

Ég skal nú sleppa á þessu stigi málsins að fara ýtarlega út í þá skýrslu og alveg stilla mig um að ræða ýmsar hliðar í henni, sem gefa okkur tilefni til árása á stjórnina. Það er ekki aðalatriði málsins á þessu stigi, því að um þetta mál vil ég og við sem minnstar deilur, þó að við teljum okkur nauðsynlegt að gera hreint fyrir okkar dyrum og sýna fram á óheilindi andstæðinganna í málinu. Ég ætla, eins og ég segi, að spyrja þessarar spurningar: Var stjórnin búin að taka ákvörðun?

Í áðurnefndri skýrslu ríkisstj., undirritaðri af Lúðvík Jósefssyni, stendur um þetta atriði það, sem ég nú skal leyfa mér að lesa upp:

„Sjútvmrh. hafði gert ákveðnar tillögur um, að stækkun landhelginnar yrði látin koma til framkvæmda 1. okt. þ. á. Utanrrh. taldi hins vegar ekki rétt að ráðast í stækkunina fyrr en eftir Genfarfundinn.“

Þetta segir í skýrslunni og staðfestir þá, að þessi hv. þm. fer rétt með þann ágreining. Enn fremur segir um þetta í þessari sömu skýrslu:

„Nú er ríkisstj. það ljóst, að mjög miklu máli skiptir um farsæla lausn þessa máls, að allir stjórnmálaflokkar landsins geti staðið saman um það, sem gert er í málinu.“

Og loks kemur svo niðurstaðan af þessum skoðunum, og hún hljóðar þannig:

„Sjútvmrn. mun fallast á að ákveða framkvæmdartímann strax að Genfarfundinum loknum, ef það er nauðsynlegt til að skapa samstöðu allra flokkanna um málið.“

Þarf frekar vitnanna við? Hvað stendur í þessu? Í þessu stendur, að hæstv. atvmrh. vill hefja framkvæmdir 1. okt. í ár. Það stendur enn fremur: Utanrrh. neitar því. — Og það stendur loks: Ég undirritaður, Lúðvík Jósefsson, heimta samstöðu allra, og þar sem ég ekki get fengið hæstv. utanrrh. og þá væntanlega hans flokk um þessa samstöðu, þá gefst ég upp og fellst á að fresta aðgerðum fram yfir Genfarfundinn.

Hér er ákvörðun tekin, og þegar á okkur er kallað, þá er búið að taka þessa ákvörðun. Hvað átti þá að spyrja okkur um? Við skulum segja, að við hefðum sagt: Við viljum framkvæmdir strax. Það er að sönnu sagt, að hæstv. utanrrh. sé einlægur vinur minn og mér mjög hliðhollur, þó að við keppum í kjördæmi. En ég held samt ekki, að hann hefði fallið frá sínum einbeitta mótþróa mín vegna. Þess vegna var það fyrir fram útilokað að skapa samstöðuna, og einmitt af því að hæstv. atvmrh. vildi umfram allt þessa samstöðu, þá féllst hann á að fresta framkvæmdunum þar til eftir Genfarráðstefnuna. Það er þess vegna staðreynd, að við erum í raun og veru ekki kallaðir til neinna aðgerða annarra en þeirra að fallast á það, sem stjórnin er búin að gera, þ. e. a. s. að ákveða að fresta öllum aðgerðum í málinu fram yfir Genfarráðstefnuna.

Ég slæ því þess vegna föstu: Ákvörðunin var tekin, þegar á okkur var kallað, og það er þess vegna ranghermi hjá hv. þm., sem hann gagnstætt þessu fullyrðir í þeim ummælum, sem ég las upp. Og til vitnis um, að hæstv. atvmrh., Lúðvík Jósefsson, var búinn að gefast upp í málinu fyrir hæstv. utanrrh., bendi ég aðeins á það, að samkvæmt gildandi lögum þarf hæstv. atvmrh. engan um þetta að spyrja nema sína eigin samvizku og sitt eigið hyggjuvit. Hann hefur fullan rétt til að færa út friðunarlínuna samkv. gildandi lögum, hvort sem hans ástfólgna einkavini, Guðmundi Í. Guðmundssyni, líkar betur eða verr. Hann gafst upp, og upp-

gjöfin hafði gerzt áður en við vorum til kallaðir.

Hin veigamikla spurningin er sú, hvort við sjálfstæðismenn höfum neitað samstarfi um málið, eins og þessi ummæli hv. þm. ótvírætt segja. Það er að vísu að bera í bakkafullan lækinn, en ég ætla þó að lesa þau upp aftur, þau eru örstutt, herra forseti: „Sjálfstæðismenn fengust ekki til þess að segja orð um málið og neituðu meira að segja að tala við Hans Andersen, þegar hann kom heim frá París samkvæmt beinni ósk þeirra sjálfra. Varð afstaða þeirra ekki skilin á annan hátt en að þeir vildu ekkert samstarf við stjórnina hafa um málið, enda kom það á daginn“ o. s. frv.

Ég vil af þessu tilefni leyfa mér að lesa upp þau bréfaviðskipti, sem fóru á milli hæstv. atvmrh., Lúðvíks Jósefssonar, og Sjálfstfl. um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta. Eftir að við höfðum fengið þessa skýrslu, sem ég gat um, dags. 15. okt., þá var málið rætt á tveimur flokksfundum hjá okkur, svo að allir gætu fengið tækifæri til þess að kynnast skýrslunni og þeim fróðleik, sem í henni felst. Eftir það var svo hljóðandi bréf skrifað með samþykki sjálfstæðisþingmanna — bréfið er dags. 31/10:

„Út af greinargerð, dags. 15. þ. m., varðandi bollaleggingar innan ríkisstj. um landhelgismálin, sem sjútvmrh. sendi Sjálfstæðisflokknum til athugunar, lætur flokkurinn þetta uppi:

Í greinargerðinni segir: „Ríkisstj. leggur áherzlu á, að heyra álit stjórnarandstöðunnar um framkvæmdartíma, því að hún telur, að ákveða beri hann þannig, að allir flokkar geti staðið saman um málið.“ Þegar þess er gætt, að í grg. er jafnframt skýrt frá því, að utanrrh. hafi ekki talið rétt að ráðast í stækkunina fyrr en eftir Genfarfundinn, og enn fremur, að „sjútvmrn. mun fallast á að ákveða framkvæmdartímann strax að Genfarfundinum loknum“, er auðsætt, að hið eina, sem gert hefur verið í málinu, er það, að stjórnin hefur ákveðið að hafast ekki að fyrr en eftir Genfarfundinn. Telur Sjálfstfl. miður farið, að ríkisstj. skuli ekki hafa ráðfært sig við flokkinn, fyrr en búið var að taka þessa ákvörðun.

Þrátt fyrir þessi mistök lýsir flokkurinn sig fúsan til samvinnu um málið gegn því, að hann fái jafnóðum að fylgjast með öllu, sem í því gerist héðan í frá, þ. á m. að tilnefna til jafns við stjórnarflokkana fulltrúa, er fari með málið af Íslands hálfu á alþjóðavettvangi. Það skal tekið fram, að einstakir þingmenn Sjálfstfl. hafa áskilið sér rétt til að hreyfa málinu, eftir því sem þeir telja rétt.

F. h. Sjálfstæðisflokksins,
Ólafur Thors.“

Þessu bréfi er svo svarað sex dögum síðar af hæstv. ráðh. með svo hljóðandi bréfi:

„Í tilefni af bréfi yðar 31/10 þykir mér rétt að taka þetta fram:

Það er misskilningur, sem fram kemur í bréfi yðar, að ríkisstj. hafi ákveðið að hafast ekki að í landhelgismálinu fyrr en eftir Genfarfundinn í febr. næsta ár. Ríkisstj. hefur enga slíka ákvörðun tekið. Á viðtalsfundi þeim, sem form. Sjálfstfl. og form. þingflokks Sjálfstfl. áttu með ríkisstj. varðandi þetta mál kom þetta skýrt fram. Í bréfi mínu frá 15. okt. s. l. er þetta einnig skýrt fram tekið. Þar stendur eftirfarandi um afstöðu sjútvmrn.: „Sjávarútvegsmálaráðuneytið mun fallast á að ákveða framkvæmdartímann strax að Genfarfundinum loknum, ef það er nauðsynlegt til þess að skapa samstöðu allra flokka um málið, því að það er álit þess, að ekki sé rétt að standa þannig að málinu, að deilur þurfi að vera hér heima um einstök atriði málsins, sé nokkur kostur annars.“ Þér hafið áður fengið upplýsingar um, að sjútvmrn. hefur lagt til, að stækkun yrði framkvæmd fyrr en þetta, og það er enn þá þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að allir flokkar gætu sameinazt um það. Eins og skýrt kemur fram í bréfi ráðuneytisins frá 15. okt., var megintilgangur þess að leita eftir vilja Sjálfstfl. um samkomulag í málinu og þá alveg sérstaklega um val á framkvæmdartíma.

Ég ítreka því hér með fsp. mína um það, hvaða till. Sjálfstfl. hefur um framkvæmdartíma þessa máls.“

Þegar við lásum þetta bréf, urðum við alveg undrandi, gersamlega undrandi. Við höfðum skýrsluna, sem ég áðan vitnaði í, og nú segir hæstv. ráðh. í bréfinu, að það var enga ákvörðun búið að taka, og hinn ungi þingmaður hefur látið afvegaleiða sig með þessum ummælum ráðherrans. Ég ráðlegg honum að lesa þessa skýrslu. Hann hlýtur að eiga aðgang að henni. Ráðherrann segir í öðru orðinu það ósatt, sem hann segir í hinu orðinu satt. Ráðherrann hefur sjálfur sagt, eins og ég áðan gat um, í fyrsta lagi: Ég vildi hefja strax aðgerðir, — í öðru lagi: Utanrrh. vildi það ekki, — í þriðja lagi: Ég heimta samstöðu allra, — í fjórða lagi: Af því að ég gat ekki fengið hana, þar sem utanrrh. neitaði að verða mér sammála, þá gefst ég upp og sætti mig við að bíða þar til eftir Genfarfundinn. — Þetta segir ráðherrann í skýrslunni, sem er dags. 15. okt. og samin sjálfsagt eitthvað fyrr. En 6. nóv., þremur vikum seinna, segir hann, að hann hafi ekkert verið búinn að ákveða um þetta. Ja, það getur verið, að menn séu ekkert hissa á þessu núna, en fyrir tveimur árum hefði ég látið segja mér tvisvar sinnum, að svona málsmeðferð teldi þessi hv. ráðh. sér sæmandi í þessu stóra máli.

Loks kemur svo svar Sjálfstfl. við þessu bréfi og það er dags. 5 dögum seinna eða 11/11:

„Út af bréfi ráðuneytisins, dags. 6. þ. m., vísast til bréfs Sjálfstfl. til sjútvmrn., dags 31. f. m., þar sem flokkurinn býður samstarf í landhelgismálum gegn vissum skilyrðum. Augljóst er, að ríkisstj. hefur ekki samstöðu í málinu, og telur flokkurinn frekari bréfaskriftir tilgangslausar, en óskar, að ríkisstj. segi til um, hvort hún fellst á skilyrði Sjálfstfl. fyrir samstarfi.“

Ég segi: Hvað þurfa menn frekar vitnanna við í þessu máli? Sjálfstfl. er óánægður með málsmeðferðina og lætur það í ljós með hóflegum orðum. Hann býður samt samstarf vegna mikilvægis málsins. Hann fær annað bréf, sem er hreinn útúrsnúningur, þar sem ráðh. segir

allt annað en í skýrslunni og engan veginn varðandi staðreyndirnar um þetta fær staðizt. Sjálfstfl. svarar með fullri kurteisi og segir: Við skulum ekki vera að karpa um þetta, við skulum bara fá að vita, hvort ríkisstj. vill samstarf við okkur um málið eða hvort hún vill það ekki. — Ég spyr enn: Hvað þarf vitnanna frekar við um þessa hlið málsins?

Ég vil nú leyfa mér að vekja athygli allra hv. þdm. á þeim höfuðatriðum, að það liggur ljóst fyrir, að við sjálfstæðismenn buðum samstarf, ef við ekki sögðum, að við óskuðum eftir því, og settum fyrir því engin óaðgengileg skilyrði. Og hvernig var svo þessu tekið? Því var þannig tekið, að stjórnin hunzaði okkur. Hún virti okkur ekki einu sinni svars. Aldrei. Það erum þess vegna við, en ekki ríkisstj. hæstv., sem réttum fram hönd í þessum málum. Og það er þess vegna hæstv. ríkisstj., en ekki við, sem sló á hina útréttu hönd. Þetta vil ég biðja hv. þm., sem hefur farið öfugt með þetta eins og fleira í málinu, að leggja sér á minni eða hrekja. Á þessu sést líka, að það erum ekki við, sem berum út gróusögur um ríkisstj. í þessu máli. Það er hv. þm., sem ber út gróusögur um okkur í málinu. Mér þykir líka rétt að segja frá því, að nýverið barst Sjálfstfl. enn á ný bréf frá hæstv. atvmrh., Lúðvík Jósefssyni, um þetta mál. Það er dags. 13. febr. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til þess að samræma sjónarmið stjórnarflokkanna um útfærslu landhelginnar, sérstaklega hvernig hin nýja friðunarlína skuli ákveðin, og vill hér með gefa Sjálfstfl. kost á að tilnefna einn mann í þessa n., sem skipuð verður einum manni frá hverjum hinna þingflokkanna. Jafnframt eruð þér, herra formaður, beðinn að láta ráðuneytinu í té hið allra fyrsta afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls."

Þetta var rætt á fundi Sjálfstfl. í gær og svarað þá þegar svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til svars bréfi landbrn." — það er skrifað frá landbrn. — „dags. 13. þ. m., þar sem Sjálfstfl. er gefinn kostur á að tilnefna einn mann í n., sem ráðuneytið hafði ákveðið að skipa til þess að samræma sjónarmið stjórnarflokkanna um útfærslu landhelginnar, er ráðuneytinu hér með tjáð, að flokkurinn hefur tilnefnt Sigurð Bjarnason alþm. í umrædda nefnd."

Hvað sannar nú þetta? Það sannar í fyrsta lagi, að þrátt fyrir mjög ókurteisa framkomu hæstv. ríkisstj. í garð okkar í málinu setjum við ævinlega málið ofar öllu öðru. Þess vegna útnefnum við þegar í stað mann í þessa n., sem okkur er boðið að taka sæti í. Ég minni á það, að það eru umliðnir rúmir þrír mánuðir, frá því að við skrifuðum okkar seinasta bréf, og höfðum verið virtir að vettugi fullkomlega. En um leið og ríkisstj. opnar gáttina og segir: Viljið þið vera með í alvöru að ræða um málið? Já, með ánægju, segjum við. Við erum ekki að karpa um það, að okkur hafi verið sýndur dónaskapur. Nei, við segjum: Þetta mikla mál viljum við ræða, af því að við vitum, að við erum eins færir um það og hinir, og er það ekkert ofsagt.

En í öðru lagi vek ég athygli á því, að nú er það erindið að reyna að fá samstöðu um, hvernig hin nýja friðunarlína skuli vera. Í fyrri skýrslunni er sagt, að um það sé í rauninni varla nokkur ágreiningur, það sé bara ágreiningur um það, hvenær þetta eigi að koma til framkvæmda, um leið og okkur að sönnu í þeirri skýrslu voru sendar átta mismunandi teikningar af hugsanlegum friðunarlínum og rætt um þrjár mismunandi leiðir og seinna talað um, að tvær þeirra komi fyrst og fremst til greina. En þær eru raunar gerólíkar, þessar tvær leiðir, sem hæstv. ráðh. telur að komi fyrst og fremst til greina, og telur þó þá eiginlega engan ágreining vera um þessa hlið málsins. En þetta síðasta bréf sýnir, að þegar á hólminn er komið, þegar ráðstefnan er hafin, þá veit hæstv. ríkisstj. ekki sitt rjúkandi ráð, heldur ekki í þessum efnum. Hann veit ekkert, hvernig ríkisstj. ætlar að hafa sínar kröfur, og kallar okkur nú á elleftu stundu til samstarfs, sem við með ánægju erum reiðubúnir til, þó að öll málsmeðferðin sé mjög óviðfelldin og raunar vítaverð.

Myndin, sem við höfum af hæstv. ríkisstj. í þessu, er sú, að ofan á það að taka ákvörðun um frestun málsins fram yfir Genfarráðstefnuna án þess að spyrja okkur og ofan á það að virða okkur ekki svars og hafna þannig öllu samstarfi bætist nú það, að þegar Genfarfundurinn er hafinn, þá veit ríkisstj. ekki sitt rjúkandi ráð um, hvað hún eiginlega ætlar að gera, því að ef hún veit það, af hverju er hún þá að kalla okkur til samstarfs um þetta? Ég segi: Hverju er hægt að bæta við svona framkomu? Ja, það væri þá helzt það að senda ungan þingmann, sem lítið þekkir til málsins, út af örkinni til þess að bera út gróusögur um stærsta flokk landsins í málinu, eins og hann hefur gert.

Sjálfstfl. harmar þessa meðferð hins mikla velferðarmáls og neyðist til að víta hana opinberlega, úr því að málið á annað borð er dregið inn á þennan vettvang.

Ég vil svo að lokum geta þess, að það er enn fremur ósatt, sem hv. þm. Benedikt Gröndal segir í sinni grein, ekki einu sinni, heldur tvisvar, held ég, að Sjálfstfl. sé fullkunnugt um allan gang þessa máls. Já, hann orðar það svo, að sjálfstæðismönnum sé fullkunnugt um allan gang þessa máls, og raunar á öðrum stað í greininni held ég að það sé enn þá sterkar að kveðið og sagt: „alveg frá því", að við fórum úr stjórn.

Sannleikurinn í málinu er sá, að okkur hefur ekkert um þetta mál verið sagt annað en það, sem stendur í skýrslu þeirri, sem ég gat um og er eiginlega frekar skýrsla um, að það sé fullkomið ósamkomulag innan stjórnarinnar, og ekki aðeins það, heldur sé hreinn persónuklofningur hjá hæstv. atvmrh. í málinu. Hann segir að vísu: Ég gerði tillögur. — En hann sendir teikningar af átta tillögum eða kort, þar sem koma fram átta mismunandi leiðir, talar sjálfur alvarlega um þrjár, en þó langalvarlegast um tvær, sem eru gerólíkar hvor annarri, eins og ég gat

um. Þessi skýrsla segir þess vegna: Það er alger klofningur innan stjórnarinnar og persónuklofningur hjá mér, sjálfum atvmrh., sem öllu ræð, sem lýsir sér í því, að ég týni minni eigin persónu og skýt henni inn í persónu utanrrh. og fer eftir því, sem hann segir mér. Þetta er það, sem stendur í þessu, sem við höfum fengið um málið. Öllu öðru hefur verið haldið leyndu fyrir okkur.

Og ég vil segja hinum unga þm. að lokum það, að maður, sem býður sig fram í kjördæmi Péturs Ottesens, á ekki að láta etja sér á foraðið í landhelgismálinu, hann á ekki að vera að vekja um það óþarfar umræður, og hann á ekki að gerast beinn ósannindamaður í þeim umræðum og verða þannig sjálfum sér til lítils sóma og málinu til einskis gagns, svo að ég orði það ekki sterkara.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. þm. G-K. sagði snemma í ræðu sinni, að ég hefði skrifað í Alþýðublaðið grein um viðhorf sjálfstæðismanna til landhelgismálsins án tilefnis, og hann ítrekaði það síðar í ræðu sinni, að hér væri um að ræða óþarfar umræður. Ég verð að segja, að sjaldan hafa menn heyrt formann Sjálfstfl. gera eins lítið úr Morgunblaðinu, því að það er einmitt samkv. beinni kröfu í svörtum ramma á forsíðu Morgunblaðsins, að þetta mál er upplýst. Hann virðist ætlast til þess, að landsmál séu rædd þannig, að Morgunblaðið slái upp því, sem því sýnist, en svo eigum við hinir að þegja. Tilefnið er ekki ómerkilegra en þetta, svo að hann getur þakkað sjálfum sér eða sínum ágæta „lautinant", ritstjóra Morgunblaðsins, ef eftirleikurinn er ekki nákvæmlega eins og hann vill hafa hann.

Allur málflutningur þm. G-K. í þessu máli byggist á einni reginvitleysu. Honum er boðið eða flokki hans að kynnast þessu máli og ræða það með ríkisstj. á því stigi, þegar málið er á umræðugrundvelli í ríkisstj. Og vegna þess að honum er sýndur sá trúnaður að segja honum frá nokkrum mismunandi skoðunum, sem fram hafa komið, þá hrópar hann: Ríkisstjórnin er klofin, ríkisstjórnin er klofin, ríkisstjórnin er klofin.

Þetta er þakkirnar, sem stjórnin fær fyrir að leita trúnaðar þessa fyrrv. ráðherra í málinu, á meðan það var enn þá á umræðustigi. Ég veit ekki, hvort hann hefur búizt við, að mál verði til í ríkisstjórnum eins og Pallas Abena, sem stökk altygjuð út úr höfði Seifs, að það séu ekki umræður og geti ekki verið mismunandi skoðanir, áður en stjórnin tekur sínar endanlegu ákvarðanir. Og það er einmitt þetta, sem gerist hér. Sjálfstfl. er sýnd sú mikla kurteisi, að honum er boðin þátttaka í málinu, meðan það er enn þá á umræðustigi, en hann fer þannig að, að hann túlkar þetta á þá lund að auglýsa á forsíðu Morgunblaðsins og þar með fyrir öllum umheimi, að það sé skoðanamunur eða klofningur innan stjórnarinnar, sem alls ekki er fyrir hendi.

Hins vegar var það athyglisvert, að Sjálfstfl. tók aldrei því boði að láta í ljós skoðun í málinu, og formaður Sjálfstfl., stærsta stjórnmálaflokks landsins, segir það enn þá hér, nokkrum dögum áður en Genfarráðstefnan hefst, að hann vilji ekkert segja, hvaða stefna sé réttust. Sjálfstfl. hefur enga stefnu í þessu stóra máli þjóðarinnar. Hann hefur enga stefnu aðra en þá að reyna að rægja ríkisstj. og það, sem hún er að gera í málinu.

Það, sem ríkisstj. hefur gert í þessu út á við, sýnir fullkomna einingu. Það, sem gerzt hefur með áburði Morgunblaðsins og þm. G-K. í ræðu hans hér, er ekkert annað en það, að enn einu sinni hefur sézt, hvernig Sjálfstfl. bregzt við, þegar reynt er að fá hann til heiðarlegs samstarfs um mikilvæg málefni.

Ég skal ekki rekja einstök atvik þessa máls, þar hafa aðrir enn þá betri aðstöðu, en ég tel mig hafa haft fullkomlega nægilegar upplýsingar til þess að standa við allt það, sem ég hef sagt á prenti. Formaður Sjálfstfl. las raunar sjálfur upp úr svarbréfi sjútvmrh. við hinu fyrsta og hortugasta bréfi Sjálfstfl., þar sem sjútvmrh. ítrekar það, að ríkisstj. hafi enga ákvörðun tekið um málið. Svo er það sagt honum til lasts og látið bera vott um einhvern tviskinnung, að hann skuli láta í ljós, að hann muni verða til viðræðu um að reyna að finna sameiginlegan málstað. Ég veit ekki, hvort vinnubrögðin í Sjálfstfl. eru þannig, að það sé talið manni til lasts, að hann sé fús til þess að slá eitthvað af sinni skoðun til þess að ná þjóðareiningu eða einingu allra flokkanna í mikilvægum utanríkismálum. Ég hefði ekki talið, að það væri atriði til þess að lasta mann fyrir.

Sannleikurinn er sá, að það eru ekki sjálfstæðismenn, sem buðu samstarf, heldur stjórnarflokkarnir, sem buðu þeim það. Það voru Ólafur Thors, hv. þm. G-K., og Bjarni Benediktsson, hv. 1. þm. Reykv., sem mættu á fundi hjá ríkisstj. til að ræða þetta samstarf. Þar settu þeir tvö skilyrði: Það fyrra, að þeir fengju ýtarlega skýrslu um málið. Og þeir fengu hana. Hún meira að segja var hérna í þessari pontu rétt áðan. Þar var rakið, hvað gerzt hafði í málinu í tíð núverandi stjórnar, allt frá því að sjálfstæðismenn fóru úr ráðherrastólunum. Og í öðru lagi óskuðu þeir eftir, að Hans G. Andersen ambassador í París, sem er talinn fremsti sérfræðingur íslenzka ríkisins í þessu máli, væri kallaður heim, svo að þeir Bjarni og Ólafur gætu við hann talað. Hans G. Andersen kom alla leið frá París, gekk á eftir þessum mönnum í marga daga, en þeir vildu ekkert við hann tala. Er þetta samstarfsvilji? Og það var ítrekað í bréfi sjútvmrh. 6. nóv., að ríkisstj. legði á það áherzlu að fá að heyra, hvaða tillögur stærsti stjórnmálaflokkur landsins hefði um eitt höfuðatriði þessa máls. En það hefur aldrei komið fram, og sjálfur formaður þessa flokks viðurkennir hér á Alþingi í dag, að flokkurinn hafi enn þá enga stefnu í þessu máli.

Mér sýnist málstaður hv. sjálfstæðismanna ekki svo sterkur, að hann gefi tilefni til að vera að ráðast hvorki á unga þingmenn né gamla, ráðherra eða aðra. Þeir hefðu átt að taka því boði, sem þeim var gert í upphafi, og vinna heiðarlega að samstöðu íslenzku þjóðarinnar í þessu máli, sem skiptir miklu fyrir hana, í

stað þess að halda þannig á málinu frá byrjun að reyna að skapa sér tilefni til þess að ráðast á einstaka ráðherra og stjórnina alla í málinu. Það er tilgangur, sem kemur berlega í ljós, og hann mælir ekki með stærsta stjórnmálaflokki landsins eða forustumönnum hans.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það þarf ekki að deila um þá staðreynd, hún liggur svo augljóslega fyrir, að þegar hæstv. ríkisstj. þóttist leita samstarfs við okkur sjálfstæðismenn um þetta mál, þá var búið að ákveða að aðhafast ekkert í málinu fyrr en eftir Genfarfundinn. Og það var einungis til þess að láta okkur sjálfstæðismenn taka ábyrgð á því aðgerðaleysi með hæstv. sjútvmrh. og ríkisstj. í heild, sem sá skrípaleikur var hafinn að leita samstarfs við okkur um mál, sem ríkisstj. hafði þá þegar ákveðið.

Við bentum á þessa staðreynd í okkar svarbréfi, en buðum engu að síður fram fullt samstarf um málið, þó að við teldum ekki ástæðu til að blanda okkur inn í þær ákvarðanir, sem þegar var búið að taka.

Nú segir hv. þm., sem hér talaði, að Morgunblaðið hafi notað þetta mál til árása á ríkisstj. Ég vil af því tilefni taka fram, að við sjálfstæðismenn höfum aldrei einu orði vikið að þessum bréfaskiptum eða neinu því, sem þar var sagt, fyrr en stjórnarliðar sjálfir nú taka málið upp og hefja umr. um þessi trúnaðarbréf. Því fer svo fjarri að við höfum nokkru sinni haft uppi ásakanir á hæstv. ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi hennar í málinu, að það eina, sem við höfum gert, er að spyrjast fyrir um, þegar Þjóðviljinn hvað eftir annað hefur borið sakir á Guðmund Í. Guðmundsson utanrrh. eða ríkisstj. í heild, við hvað væri átt. Morgunblaðið hefur aldrei tekið þetta mál upp án beins gefins tilefnis í sjálfu málgagni sjútvmrh. Það eru því alger og ég vil segja vísvitandi ósannindi, þegar þessi hv. þm. nú heldur því fram, að við sjálfstæðismenn séum að hefja deilur um þetta mál. Við höfum manna bezt skilning á því, að þetta mál hentar ekki til innanlandstogstreitu. Þess vegna höfum við ekki hafið umr. um málið né fundið að því, þó að þessi dráttur yrði.

Hv. þm. bendir á fsp. í Morgunblaðinu. En það er rétt, sem Tíminn sagði í gær, að það, sem þarna er gert í Morgunblaðinu, er, að það er klippt út úr það, sem stendur í málgagni sjútvmrh., — og ætlast þessir menn til, þegar ráðherrarnir skjótast á skeytum, ekki lengur innan sjálfs stjórnarráðsins eða hér í baksölum Alþingis, heldur í sínum eigin málgögnum, að þá tökum við sjálfstæðismenn þátt í því þagnarsamsæri, sem þessi hv. þm. og sumir aðrir eru að reyna að koma á um raunverulegt framferði núverandi hæstv. ríkisstj.? Hv. þm. hefði verið maður að meiri, ef hann hefði haft manndóm í sér til þess að víta Þjóðviljann og hæstv. sjútvmrh. fyrir þeirra framkomu í málinu og fullkominn ódrengskap gagnvart hæstv. utanrrh. Hv. þm. skortir mannlund til þess að gera þetta, en hann er að reyna að breiða yfir þessa þjóðarskömm, hvernig þessir menn koma sér saman, þegar þeir vinna að höfuðmálum, að breiða yfir með því að ætla að telja mönnum trú um, að við sjálfstæðismenn séum að taka upp mál, sem stjórnarblöðin hafa hvað eftir annað skipzt á skeytum um innbyrðis og sérstaklega Þjóðviljinn nú frá áramótum æ ofan í æ.

Þetta vita allir þm., og það er að vísu skiljanlegt, að Alþfl. telji sig, sem að sögn Dags á Akureyri er á hröðu undanhaldi og niðurleið, að sá flokkur telji sig þurfa nokkurrar viðhressingar við. Og það er rétt hjá hv. þm., að hann sýnir dugnað í því að reyna nú að hlaupa fram fyrir skjöldu og hressa upp á flokk sinn, það verður að meta. En það er bezt fyrir hann sjálfan að átta sig nú þegar á því, að flokkurinn verður því aðeins hresstur við, að haldið sé við staðreyndirnar og ásökunum beint gegn þeim, sem ásakanir eiga skilið.

Hv. þm. segir í grein, sem hann skrifaði á sunnudaginn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur gert heiðarlegar tilraunir til að bjóða stjórnarandstöðunni eðlileg samráð um utanríkismál löngu áður en þau komu opinberlega á dagskrá, en þeir Bjarni og Ólafur hafa slegið á útrétta hönd. Þeir vilja heldur hafa frjálsar hendur til rógs og skemmdarstarfsemi í utanríkismálum en taka upp ábyrga samvinnu um mál, þar sem slík samvinna mundi gera þjóðinni mikið gagn.“

Ja, ef þetta mál, sem hér er til umr., er dæmi um það, að við höfum slegið á útrétta hönd ríkisstj., þá sjá menn, hvers virði þessi ásökun hv. þm. er.

Að öðru leyti vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstj.: Hafa þeir, ráðh., í nokkru máli, sem þeir hafa leitað til sjálfstæðismanna um, mætt því, að við höfum svarað þeirra útréttu hönd með rógi og á þann veg, sem hv. þm. segir? Ég kannast að vísu ekki við, að eitt einasta mál hafi verið undir okkur sjálfstæðismenn borið af hæstv. utanrrh., ekki eitt einasta mál. Hins vegar man ég aðeins eftir einu máli, sem má telja til utanríkismála og hv. menntmrh. bar undir mig, og ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því: Er hann heimildarmaður að þeim sakaráburði, sem hv. 5. landsk. þm. ber nú fram? Hef ég tekið þannig undir það mál eða notað það til slíkra árása á hæstv. ráðh., að það gefi efni til þessarar ásökunar? Eða er hæstv. ríkisstj. kunnugt um, að samstarfs hafi verið leitað, ef á að kalla það því nafni, í öðru málum en þessum tveimur, sem sagt því, sem hér er til umr., og svo handritamálinu, sem hæstv. menntmrh. leitaði viðræðna við mig um?

Sjútvmrh (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég kom því miður aðeins of seint hér á þingfund og hv. þm. G-K. (ÓTh) hafði hér hafið umræður utan dagskrár um þetta mál, og missti ég því nokkuð af því, sem hann sagði. En mér skilst nú samt, að það hafi ekki mikið niður fallið efnislega, því að hann mun hafa endurtekið það flest aftur, sem hann var búinn að segja, áður en ég kom hér í þingsalinn.

Hv. þm. G-K. var um það leyti, sem ég gekk í salinn, að fullyrða, að þegar ríkisstj. leitaði

samstarfs við þingflokk sjálfstæðismanna og hélt sameiginlegan fund með honum og 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktssyni, í byrjuðum októbermánuði, þá hefði hún verið þegar búin að taka ákvörðun um, að ekkert yrði aðhafzt um breytingar í landhelgismálinu, breytingar á friðunarlínunni, fyrr en að landhelgismálafundinum afstöðnum í Genf. Litlu síðar í ræðu sinni var þessi hv. þm. þó að lesa það hér upp úr bréfi, að hann hefði fengið það millilíðalaust eða beint frá ríkisstj. sjálfri rétt um þessa sömu daga, að þetta væri á algerum misskilningi byggt hjá honum, engin ákvörðun hefði verið tekin. Þetta kom enda mjög skýrt fram á þeim fundi, sem þessir tveir hv. þm. höfðu með ríkisstj., að þó að þeir reyndu að svara þeirri spurningu, sem þá var fyrir þá lögð, á þessa leið, að þá var það þegar á þessum fundi upplýst við þá, að þetta væri á misskilningi byggt, engin ákvörðun hefði verið tekin um framkvæmdartíma. En sú spurning, sem fyrir þá var lögð á þessum fundi, var um það, hvort þeir og Sjálfstfl. vildu standa að því með stjórnarflokkunum að ákveða framkvæmdartíma í þessu máli, velja þann tíma, sem allir flokkarnir vildu standa að. Því var þá á þessum fundi lýst fyrir þessum tveimur hv. þm., að upp hefði komið í ríkisstj. og einnig hjá þeim mönnum, sem um málið hefðu fjallað, mismunandi skoðanir á þessu efni, hvað hagstæðast væri fyrir okkar málstað að gera í þessum efnum. Ég hafði lýst því, að ég teldi ekki nauðsynlegt að bíða fram yfir landhelgismálafundinn, sem halda átti nú í febrúarmánuði í Genf, ég teldi fyllilega hægt að ráðast í þá stækkun, sem lengi hefur verið fyrirhuguð, nú þegar og hefði helzt kosið þá leið. Hins vegar var því lýst fyrir þessum hv. þingmönnum, að einn aðalráðunautur ríkisstj., sem verið hefur á undanförnum árum, Hans G. Andersen, hefði hins vegar talið æskilegt og langæskilegast að bíða fram yfir þennan landhelgismálafund með framkvæmdir í málinu. Og utanrrh. lýsti því einnig yfir, að það væri hans skoðun, að rétt væri að bíða. Þar sem málin stóðu nú þannig, en ég hins vegar lýsti því yfir, að ég legði á það höfuðáherzlu að reyna að leita að sameiginlegum tíma, sem allir flokkarnir gætu staðið að, og því jafnt lýst yfir af utanrrh. á þessum fundi sem öðrum, að þeir legðu einnig höfuðáherzlu á það, að samkomulag gæti tekizt með öllum flokkunum um að velja framkvæmdartíma, þá var Sjálfstfl. spurður að því, hvort hann vildi standa að einhverju slíku samkomulagi. En þá var samstarfsvilji frá hálfu Sjálfstfl. sá, sem hann hefur lýst hér síðan og greinilegast kom þó fram af öllu í þeirri ræðu, sem formaður flokksins hélt hér, sem sagt þessi, að vilja ekki gefa neitt svar, snúa út úr og reyna á þann hátt að trufla eðlilega samstöðu í málinu.

Þetta er sem sagt alveg augljóst mál, einnig af bréfaskiptunum, að það er gagnslaust fyrir forsprakka Sjálfstfl. að halda því fram, að á þessu stigi málsins hafi verið búið að ákveða um framkvæmdartíma. Það var ekki, það var þeim tilkynnt. En þrátt fyrir það vildu þeir ekki láta í ljós, hver væri þeirra skoðun. Ástæðan var einfaldlega sú, að þeir voru á þeirri skoðun, sem þeir höfðu verið lengi áður, og er í rauninni ekkert um það að sakast, að þeir töldu rétt að bíða fram yfir þennan landhelgismálafund. Það er enginn vafi á því. Þannig höfðu þeir haldið á þessu máli áður, að þeir töldu rétt að fylgja málinu eftir á hinum alþjóðlegu ráðstefnum, og höfðu hagað öllum undirbúningi málsins á þá lund, að þannig yrði áfram haldið. En þó að þeir væru á þessari skoðun, sem ég efast ekkert um að þeir hafa verið, þá kusu þeir að færast undan að segja frá þessari skoðun, en kjósa sér þá stöðu að geta skammað mig og ríkisstj. fyrir það að aðhafast ekkert í málinu, þó að þetta væri þeirra skoðun.

Þetta er í rauninni kjarni málsins. Ég hins vegar hef sagt það allan tímann og segi það enn, að ég tel, að það skipti svo miklu máli að reyna að fá fullkomna samstöðu allra flokkanna hér á Alþ. um þann tíma, sem valinn er í þessu efni, og um öll aðalatriði málsins, að ég tel fjarstæðu að vera að benda á það sí og æ, eins og form. Sjálfstfl. gerði hér í umr., að atvmrh. hefði samkv. lögum einn og óbundinn rétt til þess að ákveða stækkun landhelginnar og þyrfti þar engan um að spyrja, og það væri því engan um að saka nema hann einan, að ekki væri búið að stækka landhelgina. Það sjá allir menn, að þó að stjórnskipulega séð kunni einn ráðh. að hafa vald í þessum efnum, þá er það óhyggilegt fyrir málið sjálft og alla aðila að standa þannig að því að eiga á hættu, að heilir þingflokkar rísi jafnvel upp öndverðir út af ágreiningi um það, hvaða tíma átti að velja eða hvernig átti að standa að framgangi málsins. Hitt er vitanlega miklu farsælla, að reyna eins og kostur er að fá fram samstöðu um málið.

Þó að ég fyrir mitt leyti líti svo á, að það hefði verið þýðingarmikið á alla lund að fá fram stækkun landhelginnar þegar snemma á árinu 1957 eða um vorið 1957, þá lít ég ekki svo á málið, að ég geti ekki vel fallizt á að draga það um hálft ár eða jafnvel allt upp í heilt ár að velja framkvæmdartíma, ef á þann hátt má skapa öruggari og fastari samstöðu með öllum hér heima í sambandi við framkvæmdina heldur en hefði orðið í hinu fyrra tilfellinu. Þetta var mín afstaða, og þetta er mín afstaða enn.

En þeir þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hafa verið að leggja áherzlu á það og einkum og sérstaklega form. Sjálfstfl., hve mikinn samstarfsvilja Sjálfstfl. hafi sýnt í þessu máli, en hve dónalegir stjórnarflokkarnir hafi verið við Sjálfstfl. í allri meðferð málsins. Bréfin, sem hér voru lesin, segja nokkuð til um það. Sem sagt, þegar Sjálfstfl. er fyrst spurður um það, eftir að aðrir aðilar eru búnir að lýsa því yfir, hver sé þeirra afstaða til þess að velja framkvæmdartíma, þá neitar hann að segja nokkuð til um það, en kýs sér þá afstöðu að fara að búa til kenningu sjálfur um það, hvað ríkisstj. sé búin að ákveða í málinu, og ætlar að fara að þræta í bréfaskiptum um það, hvað ríkisstj. sé búin að ákveða, og neita því, sem ríkisstj. segir sjálf. Þessi fyrstu viðbrögð eru vitanlega ekki í þá átt, að það sýni samstarfsvilja, síður en svo.

En Sjálfstfl. óskaði einnig eftir því að fá frekari upplýsingar um það, hvað gerzt hefði í málinu. Hann fékk allar þær upplýsingar, sem máli gátu skipt á þessu stigi málsins, hann fékk þær sendar sem trúnaðarmál. En þrátt fyrir það reynir hann að halda því fram jöfnum höndum, að það hafi ekkert verið gert til undirbúnings í málinu og hann hafi ekki verið látinn fylgjast með því, sem gert hafi verið, en þetta tel ég ekki heldur sýna neinn samstarfsvilja frá hálfu þessara manna. Og það er líka mikill misskilningur hjá 1. þm. Reykv., þegar hann segir nú, að Sjálfstfl. hafi ekki haldið uppi, hvorki í blöðum né annars staðar, neinum ásökunum á ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi í þessu máli. Hér á Alþ. hafa nokkrir fulltrúar Sjálfstfl. haldið uppi heiftarlegum árásum bæði á mig og ríkisstj. sem heild fyrir aðgerðaleysi í málinu, þó að þeim hafi án efa verið kunnugt, að þannig stóð á málinu, eins og nú hefur verið lýst, að það var verið að leita eftir fullkominni samstöðu um það, hvenær ætti að velja framkvæmdartímann, og mér kemur ekki til hugar, þó að mín skoðun hafi verið sú, að rétt hefði verið eða fullkomlega fært að hefja framkvæmdir fyrr en gert hefur verið, að amast neitt við því, þó að bæði Sjálfstfl. og sumir aðrir hafi verið á þeirri skoðun, að rétt hafi verið að bíða með framkvæmdir í málinu fram yfir þennan landhelgismálafund. Það voru aðeins misjafnar skoðanir manna á því, hvenær rétt væri að hefja framkvæmdir.

Ég verð að segja það, að ég hygg, að flestir eða allir, sem hlýtt hafa nú á ræðu formanns Sjálfstfl. hér um þetta mál, hljóti eins og ég að draga mjög í efa, að það megi takast eðlilegt samstarf við hann um framkvæmdir í þessu máli. Mér fannst túlkun hans öll vera á þá lund, að það blési ekki byrlega í þeim efnum.

Þegar ég hafði m. a. skrifað Sjálfstfl. bréf nú fyrir nokkrum dögum og óskað eftir því, að hann vildi tilnefna mann af sinni hálfu ásamt með mönnum frá stjórnarfl. til þess að samræma á milli flokkanna afstöðuna til þess, hvernig hin nýja friðunarlína yrði dregin í kringum landið í einstökum tilfellum út frá þeim gögnum, sem fyrir liggja, þá virðist formaður Sjálfstfl. í rauninni vera alveg undrandi á því, að slíkt bréf sem þetta skuli vera sent, og hann leggur það þannig út, að þetta sýni það, að raunverulega hafi ríkisstj. ekkert gert til þess að undirbúa þetta mál. Hann veit þó miklu betur, því að hann veit, að það hefur í fyrsta lagi verið leitað eftir öllum þeim helztu sjónarmiðum, sem uppi eru í hinum ýmsu landshlutum og hjá hinum ýmsu aðilum, sem hér eiga hlut að máli, hvers þeir óska í sambandi við hina nýju línu, og hann veit enn fremur, að það hafa verið lagðar fram fleiri en ein till. um það, hvernig komi til mála að haga línunni. En eigi að síður vitum við, að um einstök smærri atriði er þannig háttað, að full ástæða er til þess að reyna að leita þar eftir samkomulagi á milli flokka, betur en þegar hefur verið gert, og virðist vera fyllilega nægilegur tími, eins og málin standa nú, að efna til þess á þessu stigi.

Ég sé því ekki, að skipun þessarar n. ætti að gefa tilefni til tortryggni, eins og virtist koma fram hjá formanni Sjálfstfl., heldur miklu frekar hitt, að enn er leitazt við það af hálfu ríkisstj. að fá samstöðu og samstarf við Sjálfstfl., þó að tilraunir hingað til í þessu máli hafi verið á þá lund, að ekki væri beint líklegt, að takast mætti ljúflegt samstarf við flokkinn, eins og hann hefur haldið á málunum.

Ég vildi aðeins víkja að lokum að því atriði, að það hafa verið mismunandi skoðanir innan ríkisstj. á því og meðal þeirra sérfræðinga, sem unnið hafa að málinu, hvaða framkvæmdartími væri heppilegastur. Þetta er ekkert til að gera sér mat úr á nokkurn hátt fyrir stjórnarandstöðuna. Það er alveg þýðingarlaust að ætla að gera þetta að einhverju aðalatriði. Þetta er fullkomlega eðlilegur hlutur og heilbrigt, að einn kann að vilja bíða eftir því, að ákveðin ráðstefna ljúki störfum, og ég fyrir mitt leyti segi það, að mín skoðun er sú enn, að það sé engin nauðsyn að bíða eftir henni, síður en svo, en hins vegar aðkallandi að fá landhelgina stækkaða. Hins vegar mun ég ekki gera það að neinu úrslitaatriði, og það held ég að Sjálfstfl. hefði ekki átt að gera heldur. Ég held, að hann hefði átt í upphafi að segja það, sem rétt er, að hann var einnig á þeirri skoðun, að rétt væri að bíða fram yfir þessa landhelgismálaráðstefnu, þó að hann þyrfti að segja nokkrum þm. sínum og kjósendum það, m. a. hv. þm. N-Ísf., sem hér hefur áður verið að skamma mig í sambandi við framkvæmdaleysi í málinu, að hann væri því fullkomlega sammála, Sjálfstfl., að enn væri beðið með framkvæmdir í málinu, því að það er hið sanna um afstöðu Sjálfstfl.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn að tefja umr. hér á þingi. Ummæli hæstv. forseta um, að umr. yrðu stuttar, bjóst ég þess vegna við að ættu við hina, en ekki mig, einnig af því að ég veit, að honum þykir mjög gaman að hlýða á mitt mál og mér á hans. Það er alveg gagnkvæmt. Hins vegar er málið svo stórt, að það er kannske ekki goðgá, þó að það taki nokkurn tíma. Ég skal nú að öðru leyti laga mig eftir óskum hæstv. forseta, eins og ég mögulega get, og vona, að ég þurfi ekki að ofreyna hans þolinmæði.

Ég verð nú að segja það um ræðu hv. þm. Benedikts Gröndals, 5. landsk., að í sjálfu sér var hún ekki veigameiri en það, að þegar við aumleika þeirrar ræðu bætist ósk hæstv. forseta um, að ég stytti mál mitt, þá er náttúrlega eðlilegast, að ég gangi fram hjá honum. Ég harma þó, að í viðbót við barnaskap, sem þessi hv. þm. hafði sýnt í meðferð málsins í þeim greinum, sem hann hafði skrifað, bættist svo líka, að hann sýndi, að hann er alveg forhertur. Þetta er enginn auli, það er langt því frá eftir því litla, sem ég þekki hann, en hann er algerlega forhertur. Þegar ég er búinn að hamra ofan í hann með rökum, sem ég vonaði að hann hefði ekki þekkt áður, að einn og tveir séu þrír, þá segir hann: Þetta er tóm vitleysa, það er bara einn, — og stendur á því fastar en fótunum. Hv. þm. hristir höfuðið. Hann má ekki hrista á sér hausinn of mikið. Það getur vel verið, að

af honum detti þá þrír hausar, hver með sínu viti.

Aðalkjarni í hans vörn átti að vera sá, að Morgunblaðið hefði verið hinn seki í þessu atriði. Hv. 1. þm. Reykv. gerði svo glögg skil þeirri hlið málsins, að það er að bera í bakkafullan lækinn að endurtaka það. Ég minni aðeins á það, að Morgunblaðið prentaði upp úr stærsta stjórnarblaðinu þau ummæli, sem þar voru um hæstv. utanrrh. höfð í sambandi við þetta mál, og óskaði skýringa. Þær skýringar veitti þessi hv. þm., sem er stuðningsmaður, — ja, maður veit að vísu ekki með vissu, hvers stuðningsmaður hann er, en ég hélt, að hann væri fyrst og fremst stuðningsmaður hæstv. utanrrh. Hann leiddi það alveg hjá sér, þótt Þjóðviljinn réðist á hann, en reyndi hins vegar að ásaka Morgunblaðið, sem ekkert hafði til saka unnið annað en breiða svolítið út það, sem Þjóðviljinn hafði um málið sagt, af því að það er víðlesnara.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki nema eðlilegt, að það væri skoðanaágreiningur innan ríkisstj. um slíkt mál. Það er alveg rétt. Það er eðlilegt, að menn hafi mismunandi skoðanir, að svo miklu leyti sem menn hafa skoðanir. En ég veit náttúrlega ekki um þennan mann, hverjar hans skoðanir eru, eins og ég tæplega veit, hvort hann er heldur í Framsfl. eða Alþfl., því að kosinn er hann með atkv. beggja, og sannfæringuna gegnumlýsir maður ekki jafnauðveldlega og þá staðreynd.

Það er staðreynd, sem fullkomlega er hér upplýst, hvað sem hv. þm. segir og hvað sem hæstv. atvmrh. segir, að um þetta mál ríkti fullkominn ágreiningur innan stjórnarinnar, eins og ég sannaði með skriflegum gögnum mér sendum og í hendur lögðum af hæstv. ráðh.

Þessi hæstv. ráðh. endaði með því að segja: Ég stend við allt, sem ég hef sagt um málið. — Ég óska honum til lukku. Honum er ekki kligjugjarnt.

Það var aðeins eitt í ræðunni um málið, sem mér þykir ástæða til að víkja að. Þessi þm. spurði: Hvernig stóð á því, að þeir tveir þm. Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors, ræddu ekkert við Hans Andersen um þetta mál, sem þó var þeirra trúnaðarmaður í málinu?

Það stendur þannig á því, að þegar við erum búnir að skrifa ríkisstj. með ósk um það, að okkar samstarf í málinu verði virt, og setja fyrir því engin ósanngjörn skilyrði, eins og ég áðan sagði, og við erum ekki virtir svars við þessu bréfi, þá teljum við enga ástæðu til að vera að yfirheyra okkar einkavin og fyrri trúnaðarmann og nána samstarfsmann í þessu máli, yfirheyra hann í einkaviðræðum um það. Það gat verið honum til óþæginda og okkur að því leyti ekki samboðið, eftir að ríkisstj. hafði virt okkur alveg að vettugi með því að neita um samstarf og slá á útrétta hönd.

Ég kalla einnig hæstv. ráðh., svo að ég víki nokkrum orðum að honum, kjarkmikinn, þegar hann staðhæfir hér æ ofan í æ, að engin ákvörðun hafi verið tekin í þessu máli, þegar hv. 1. þm. Reykv. og ég komum á ríkisstjórnarfund snemma í október. Hann skrifar mér þó sjálfur, að hann hafi viljað hefjast handa 1. okt., það hafi verið hans krafa að hefjast handa 1. okt., þ. e. a. s. áður en við vorum kvaddir á hans fund, en hann hafi hætt við það vegna andstöðu hæstv. utanrrh.

Ágreiningur er þess vegna eins ljós, þegar af þessari ástæðu, eins og hann yfirleitt getur verið, en auk þess minni ég á hin fyrri ummæli, er ég áður las upp úr bréfum hans, þar sem hann segir, eins og ég áðan skýrði frá: Ég vildi gera þetta, þ. e. a. s. hefjast strax handa, utanrrh. sagði nei, og ég gafst upp og beygði mig. Þetta liggur líka fyrir, áður en við komum á fundinn.

Hann segist hafa verið að spyrja okkur um, hvort við vildum ekki standa að framkvæmdum með stj., og sagði enn fremur orðrétt: „velja þann tíma, sem allir flokkarnir vildu fallast á". Hvaða tími var það? Hvaða tími var það, sem allir flokkarnir vildu fallast á? Það var eftir Genfarráðstefnuna. Við erum þess vegna kallaðir eingöngu til að skrifa upp á uppgjafarvíxil þessa hæstv. ráðh. Við erum kallaðir til þess, að hann utan yfir skrúða utanrrh., sem hann klæddi sig í, þegar hann gafst upp, geti fengið okkar skikkju til að punta sig með. Ráðherrann gafst upp, og við treystum okkur ekki til að endurreisa fallinn bróður. Hann var ekki þesslegur þá og er það raunar ekki heldur nú.

Það stendur þess vegna sem óbifanleg staðreynd, að við erum kallaðir upp í stjórnarráð, þegar búið er að taka ákvörðun og til þess eins að reyna að fá okkur til að fallast á þá ákvörðun, til að reyna að fá okkur til að samþykkja það, sem búið er að gera. En ráðherrann kunni svo sem ráð við þessu. Hann var ekki hræddur við að reyna að opna gildruna, sem hann er kominn inn í. Hann opnaði hana og ætlaði að ganga út. Jú, hann sagði öllum í þinginu frá því, að á þessum fundi hefði utanrrh. alveg fullkomlega látið liggja að því, að hann væri til umræðu um að falla frá sínu, — alveg fullkomlega. Það hefði þess vegna allt verið okkur að kenna, að ekki tókst allsherjareining. Ja, ráðherrann nikkar. Hann má nikka mikið. Á ég að segja honum af hverju? Það var af því, að utanrrh. var ekki á fundinum. Hann var ytra. Ja, það þýðir nú ekki að neita þeirri staðreynd. Það er bezt, að hann spyrji hv. sessunaut sinn, hæstv. menntmrh. Hann er nefnilega ekki orðinn einn af þeim mönnum, sem er sama, hvort hann segir satt eða ósatt. En ég hygg, að hæstv. menntmrh. muni vel, að hæstv. utanrrh. var alls ekki á þessum fundi. Hann var utanlands. Já, hann nikkar. Ég átti líka von á því. Nei, hann kærir sig ekki um að bera ljúgvitni gegn náunga sínum, hæstv. menntmrh., en náunginn er nú að vísu aðallega sá, sem situr við hliðina á honum, en ég er líka náungi, og hann segir sannleikann. Já, ég sé, að hæstv. atvmrh. bregður, aldrei þessu vant. Ég hélt, að hann væri búinn að segja svo oft ósatt, að hann þyrfti ekki að roðna eins og ung stúlka, þó að honum yrði þetta á. Það er ekkert feimnismál, þó að atvmrh. sé svolítið ósannsögull.

Nei, þetta kom vel á vondan. Hann lagði með

þessum mikla ánægjusvip út af því, hvað allt væri þessum ótugtar sjálfstæðiskörlum að kenna, því að jafnvel hinn elskulegi utanrrh., hans einkavinur, hefði verið alveg að því kominn að bogna, þegar hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og ég hertum hann upp. Ja, það er von. Ég vildi nú í sporum þessa hæstv. ráðh. vinna mikið til að komast út úr þessu. Það er hægt, ef ég má nota óþinglegt orðbragð, að ljúga sig frá einkaviðtölum, en þar sem svona mörg vitni eru eins og hér, þingsalur fullskipaður og jafnvel pallarnir líka, þá er erfitt að komast út úr þessu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri órétt hjá mér, — og þó sagði hann það nú ekki skýrlega, — að atvmrh. réði. Hann játaði, að lagabókstafurinn segði það, en það væri óhyggilegt að nota vald sitt. Það liggur ekkert fyrir okkur í málinu, — okkur, sem hann segir að vitum allt í þessu máli, — annað en það, að hæstv. ráðh. læzt hafa viljað hefjast handa 1. okt., en staðhæfir, að hæstv. utanrrh. hafi ekki viljað það. Liggur það í hlutarins eðli, að hæstv. utanrrh. sé svo miklu meiri vitmaður en hæstv. atvmrh., að á þeim sviðum, sem atvmrh. að lögum hefur valdið, beri honum að beygja sig í duftið, ef hann veit bara, hvað utanrrh. vill? Ef þessa tvo ráðh. greinir á, þá mundi ég hiklaust segja: Ja, ef ekki öll ríkisstj. er á móti mér, þá fer ég mínu fram, og jafnvel þótt ríkisstj. sé á móti mér, þá fer ég mínu líka fram, ef ég hef valdið, og þangað til ég segi af mér eða hæstv. forsrh. biðst lausnar fyrir mig.

Ég minni svo á, að hæstv. ráðh. sagði áðan, að við sjálfstæðismenn hefðum eiginlega sýnt okkar innræti með því, að við hefðum viljað fara í bréflegar stælur og fara að þræta um þetta mál.

Ég las hér áðan upp þrjú bréf. Fyrsta bréfið er svar okkar við skýrslu ráðh., og í því segir, að við teljum, að stjórnin hafi verið búin að binda sig. Ég sé, að hæstv. félmrh. (HV) hvíslar einhverju að ráðherra. Þetta er nú þriðji ráðherrann, sem kemur að hvísla að þessum þarna í ráðherrastólnum, og ég held, að það væri nærri betra að taka hann út og semja fyrir hann ræðu. En „sárt ertu nú leikinn, Sámur fóstri“, þegar félmrh. þarf nú að fara að hjálpa. (**Félmrh.**: Menn þurfa nú kannske ekki að leita leyfis til formanns Sjálfstfl., þó að menn tali saman.) Ja, það er nú svona á takmörkum, á meðan ég er að tala. (Forseti hringir.) Mér fannst hæstv. forseti hafa sínar meiningar um það.

Hann sagði, að við hefðum ætlað að fara að rífast um málið. Fyrsta bréfið var svona, eins og ég sagði. Annað bréfið hans neitar staðreyndum. Við svörum og segjum: Við skulum ekki eyða tímanum í neinar þrætur og stælur. Við viljum vinna með ykkur. Viljið þið vinna með okkur, segja okkur til, hvort þið viljið fullnægja okkar skilyrðum? — Svo kemur þessi ráðh. og segir, að við höfum viljað fara í ritdeilur og stælur um þetta. Við segjum: Að gefnu tilefni viljum við samvinnuna. Við setjum skilyrði, sem enginn þorir að segja að séu ósanngjörn, og okkar óskir eru virtar að vettugi, og við fáum ekkert svar. Það vorum þess vegna ekki við, sem vildum stæla eða þræta. Það erum við, sem vildum samvinnuna. Það er líka í samræmi við fortíð okkar í landhelgismálinu og það eitt.

Hæstv. ráðh. segir, að ríkisstj. hafi látið hendur standa fram úr ermum, síðan okkar bréfaskriftir fóru fram. Ég segi: Ef verið er að leita nú til okkar á elleftu stundu, af hverju vorum við þá ekki látnir fylgjast með því? Og hvað hefur ríkisstj. yfirleitt gert í þessu síðan? Er það ekki staðreyndin í málinu, að þessi hæstv. ráðh., sem þóttist kunna öll ráð í þessu máli, áður en hann fékk völd í landinu, missti alveg eða týndi öllum þessum ráðum, þegar hann settist í ráðherrastólinn? Og ráðlaus kallaði hann svo saman ráðstefnu til að fá ráð, og þegar hann fékk ráðin, þá gleymdi hann, hvað honum var ráðlagt, og framkvæmdi ekkert af þeim. Þegar hann fékk ráðin, missti hann ákvörðunarhæfileikann. Er það ekki staðreyndin?

Og ég spyr svo loksins, ef það skiptir svo miklu máli að kveðja okkur til samstarfs: Um hvað á að ræða? Var það ekki, eins og segir í skýrslu ráðh., eingöngu til að ræða um framkvæmdartímann. Ef við vorum kvaddir til þess að ræða um það og það eitt, var það þá ekki aðalatriði í huga ráðh., og hvers vegna guggnaði hann þá, sem valdið hafði? Hvers vegna gerði hann það? Mig langar, að hann svari því, úr því að hann taldi það þá aðalatriðið.

Er þá ekki sannleikur málsins sá, að þessi ráðh. hefur aldrei haft neinn áhuga fyrir þessari hlið málsins? Og hann var eiginlega núna að reyna að klæða það í þann búning. Öll hans framkoma hefur þess vegna miðazt við það: Ég vil geta prýtt mig með því að hafa viljað hefjast handa 1. okt. Ég vil ná í einhvern, sem ég get skammað fyrir það að hafa ekki viljað það, og það er nú fyrst og fremst utanrrh. Forsrh. getur ekkert unnið í þessu máli. Og nú er mér ekki nóg að skamma utanrrh., þess vegna reyndi ég að ná í Sjálfstfl., til þess að ég gæti skammað hann líka.

Þetta er skrípaleikurinn, sem verið er að leika. En því verður aldrei með rökum mótmælt í þessu máli, að allar þessar ákvarðanir var búið að taka, þegar við vorum kvaddir til ráða. — Svo þakka ég hæstv. forseta.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það er nú í rauninni aðeins eitt atriði, sem er þess virði, að rétt sé að svara því, af því, sem nú kom fram hjá hv. þm., en það er það, að hann vildi gera hér mikið úr því, að ég hefði farið með ósatt mál um afstöðu utanrrh. í sambandi við það, sem gerðist á þessum fundi. (**ÓTh**: Má ég taka fram í fyrir þessum hv. þm.? Ég minnti á, að hæstv. ráðh. sagði orðrétt: Hæstv. utanrrh. sagði þetta og sagði hitt.) Já, ég ætlaði að byrja að skýra frá þessu núna og mun nú gera það, jafnvel þó að hv. þm. sé orðinn hálfóstyrkur, eftir að hann er kominn í sæti sitt, og hann veit, að hægt er að upplýsa það sanna.

Ég hef vitanlega ekki látið neitt orð falla um það, að Guðmundur Í. Guðmundsson hafi verið staddur á þessum fundi. Á þessum fundi var eigi

að síður utanrrh., Gylfi Þ. Gíslason, mættur, sem lýsti þar afstöðu utanrrh. og sagði þar mjög greinilega, — og efast ég ekkert um, að hann er reiðubúinn hér að staðfesta það, sem Guðmundur Í. Guðmundsson hefur líka látið uppi æ ofan í æ, — að afstaða utanrrh. væri sú, að öllu skipti í þessu máli að fá samstöðu flokkanna um afgreiðslu málsins.

Þetta var upplýst á þessum fundi, eins og ég sagði, sem skoðun utanrrh., og hv. þm. G-K. þarf ekki að halda, að hann sleppi fram hjá þessum sannindum með því að hrópa eitthvað út um það, að utanrrh. hafi ekki verið staddur á þessum fundi. Skoðanir utanrrh. lágu því alveg skýrt fyrir og voru undirstrikaðar á þessum fundi af þeim ráðh., sem fór með utanríkismálin.

En hitt er líka jafnaugljóst mál af því, sem nú hefur komið fram í þessum umræðum, að þegar þessir tveir þingmenn Sjálfstfl. voru kallaðir til viðtals við ríkisstj. og spurðir þessarar ákveðnu spurningar, sem hér hefur verið minnzt á, um framkvæmdartímann, þá var þetta mál á umræðugrundvelli. Þeir voru upplýstir um það, að misjafnar skoðanir væru uppi um það, hvaða tími væri heppilegastur. Þannig er þessu í rauninni alltaf farið, þegar er verið að ræða um það, hvernig hentugast sé að standa að framgangi eins máls. Málið lá alls ekki þann veg fyrir sem form. Sjálfstfl. vill vera láta, að einn ráðherrann hafi sagt: Það skal ekki verða gert, ég fellst aldrei á það. — Þetta var undirstrikað á fundinum og í bréfi ríkisstj. til Sjálfstfl., að málið lá ekki þannig fyrir, heldur aðeins sagt hreinlega frá því, að bæði ráðunautar ríkisstj. og einstakir ráðherrar höfðu talið einn tíma heppilegri en annan og aðrir höfðu aftur álitið annan tíma heppilegri. En svo er nú ekki að spyrja að ráðleggingum hv. þm. G-K. í þessum efnum, þegar hann lýsir því, að hann hefði haft það þannig, að ef hann hefði haft valdið til þess að ákveða, hvað ætti að gera í málinu, þá hefði hann knúið það fram og sagt, að sá ráðherra í ríkisstj., sem ekki vildi fallast á það, það yrði þá að biðja um lausn fyrir hann og hann yrði að víkja. Þannig hugsar hann sér að vinna að því að fá samkomulag á milli flokka um framkvæmd á jafnmikilsverðu máli og því, sem hér er rætt um. Mín leið aftur var hin — og okkar í ríkisstj., að segja alveg hreinlega til um það, hvað við álitum að væri heppilegast hver um sig, og óskuðum eftir því við fjórða flokkinn, hvort hann vildi ekki segja um sitt álit, því að við teldum, að það skipti öllu máli að fá samstöðu. En Sjálfstfl. kaus þá leið að segja ekki neitt, að færast alveg undan.

En í þessu efni væri nógu gaman að mega spyrja um það nú í dag og vænta þess, að form. Sjálfstfl. vilji gefa um það svar nú: Hver er afstaða Sjálfstfl. nú í dag til þessa máls? Vill hann, að við færum út landhelgislínuna nú strax? Vill hann svara? Ég vænti þess, að það komi alveg skýrt fram, hvort afstaða Sjálfstfl. er sú, að rétt sé að standa að framkvæmdum nú þegar, eða hvort hann heldur því fram, að það sé rétt að bíða fram yfir þann landhelgismálafund, sem nú á að fara að hefjast, þó að það hljóti eðlilega að skjóta málinu nokkuð á frest. Ja, það er gaman að heyra það, hver er afstaða flokksins. Vill hann enn þá fara í þrætur um það, hvort það sé búið að ákveða eitthvað eða ekki, eða vill hann segja, hver er afstaða flokksins?

Túlkanir hv. þm. G-K. um það, hvernig þessi mál hafi gengið fyrir sig í ríkisstj. á þeim tíma, sem hann hafði engar upplýsingar um það, eru auðvitað alveg út í hött. Utanrrh. hefur aldrei sagt neitt um það í ríkisstj., að hann segði nei við því, að ný útfærslulína yrði ákveðin. Hann gerði sér ljóst, að það var ekki á hans valdi að segja neitt slíkt, og ég hef gert mér það ljóst allan tímann, að ég hefði getað gefið út reglugerð án þess að spyrja hann eða aðra um það, sem þyddi stækkun á landhelginni. En hann hafði aðeins látið uppi sína skoðun eins og þeir ráðunautar, sem unnu með stjórninni að þessu máli, hvað hann teldi heppilegast, og ég hafði látið uppi mína skoðun, en skýrt hins vegar frá því, að ég vildi ná samkomulagi við alla flokkana. En þegar mér varð líka ljóst, að afstaða Sjálfstfl. var raunverulega sú, að hann vildi ekki á neinn hátt leggja því lið að standa að útfærslunni fyrr, hann vildi gjarnan bíða fram yfir landhelgismálaráðstefnuna, þá freistaði ég þess að ná samkomulagi á þeim grundvelli og standa þannig að málinu, þó að það þyddi nokkurn drátt. En maður gæti haldið, að einnig á móti því ætlaði Sjálfstfl. að snúast, þegar honum þykir það henta. Og svo kemur þetta venjulega: Af hverju guggnaði ráðherrann, af hverju guggnaði atvmrh.? Af hverju fór hann ekki sínu fram, jafnvel þótt hann ætti það á hættu að fá stjórnarandstöðuna og fleiri aðila í landinu til þess að gagnrýna þann tíma, sem valinn yrði?

Nei, það er eins og hver annar áróður frá hv. þm., að mín afstaða hafi eitthvað breytzt í þessu máli frá því, sem var, áður en ég tók við ráðherrastörfum. Mín skoðun var sú þá, að við þyrftum ekki að bíða, eins og gert var, eftir erlendum ráðstefnum varðandi þessi mál, og það er mín skoðun enn, að við hefðum að eðlilegum hætti getað staðið að útfærslunni miklu fyrr en raun hefur orðið á. En nú ætla ég, að það megi telja alveg tryggt, að það geti ekki leikið á mörgum mánuðum, þangað til útfærslan verður ákveðin. Og verði það á þann hátt, sem ég vona, þrátt fyrir þann gust, sem nú er frá forustuliði Sjálfstfl. í þessu máli, að Sjálfstfl. sem heild muni einnig standa að málinu þá, þá skiptir það vitanlega höfuðmáli að fá fullkomna þjóðareiningu um það, sem gert er, þegar útfærslan verður endanlega ákveðin.

Ég hygg nú, að þessar umræður hafi leitt það í ljós miklu betur en áður, hvernig málið hefur gengið hér á milli flokka. En þó að freistandi væri á ýmsan hátt að lýsa hér miklu frekar ýmsu því, sem fram hefur komið í þessu máli og varðandi undirbúning þess, þá mun ég ekki gera það, því að á meðan málið er á því stigi, sem það er nú, og verður farið að taka það upp á alþjóðaráðstefnu innan nokkurra daga, þá tel ég ekki hagkvæmt fyrir málið, að það sé farið

að ræða það í einstökum atriðum. En afstaða manna og flokka til þess, hversu fljótt ætti að vinna að málinu, hefur nú komið alveg greinilega fram.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að hæstv. menntmrh. hefur ekki svarað þeirri fsp., sem ég bar hér fram til hans, og skoða ég það svo, að hann fallist á, að ég hafi sagt rétt frá skiptum okkar út af handritamálinu, og ég kannast ekki við, að hæstv. ríkisstj. hafi í nokkrum öðrum málum en þessum tveimur leitað samráðs við sjálfstæðismenn um meðferð utanríkismála, og eru því dylgjur hv. 5. landsk. um annað þar með afsannaðar, þær er hann bar fram í sunnudagsblaði Alþýðublaðsins.

Annars verð ég að segja það, að ég fæ aukið álit á hyggindum og ef svo má segja: herkænsku hv. þm. við að hlusta á þessar umr., því að ég sé, að hann hefur auðsjáanlega tekið málið upp í þeirri vissu vitund, að leikar mundu fara eins og raun hefur orðið á hér í þinginu í dag, að hið sanna samhengi málsins mundi koma í ljós. Hann hefur sem stuðningsmaður hæstv. sjútvmrh. ekki viljað gera á hann beina árás, þó að Þjóðviljinn geri beina árás á hæstv. utanrrh., en heldur þannig á málinu, að það var óhjákvæmilegt, að við sjálfstæðismenn rækjum málið og sýndum fram á, hvernig í því liggur, og þar með stendur hæstv. sjútvmrh. rétt enn einu sinni afhjúpaður sem sá maður sem hann er. Þetta sá hv. þm. auðvitað fyrir og hefur náð þeim tilgangi.

Hæstv. sjútvmrh. sagði, að það væri ekki vinningur fyrir stjórnarandstöðuna að hreyfa því, að ekkert hefði verið aðhafzt í þessu máli fyrr en nú, það væri eðlilegt, að um það hefði verið ágreiningur, og í raun og veru ekkert um það að segja. Ég skal ekki segja, hvað kann að vera um stjórnarandstöðuna og hennar ávinning. En það er víst, að hans eigin flokkur og hans eigið málgagn hefur talið sér ávinning að því að ráðast á ríkisstj. í heild og sérstaklega hæstv. utanrrh. fyrir hans hlut að þessu máli. Ég skal aðeins því til sönnunar vitna í þrjú gögn af óteljandi.

Það er föstudaginn 3. jan. Þá er tekin fram í sérstakri rammagrein í Þjóðviljanum athyglisverð yfirlýsing forsrh.: „Tekin ákvörðun um stækkun landhelginnar innan stundar.“ Það er vitnað í orð Hermanns Jónassonar á gamlárskvöld um þetta, og síðan segir:

„Eins og Þjóðviljinn hefur áður skýrt frá, hefur Lúðvík Jósefsson sjútvmrh. fyrir löngu gengið frá ýtarlegum till. um stækkun landhelginnar, en þær hafa allt til þessa ekki fengizt afgreiddar innan ríkisstj. Er ánægjuefni, að forsrh. skuli nú lýsa yfir því, að komið sé að því, að teknar verði ákvarðanir.“

Þarna er sagt, að ríkisstj. sé svo slöpp í sínum störfum, að svo mikilsvert mál sem landhelgismálið hafi ekki einu sinni fengizt afgreitt innan ríkisstj. þrátt fyrir ýtarlegar till. hæstv. sjútvmrh. Nú upplýsir að vísu ráðherrann, að hann einn hefur ákvörðunarvaldið í málinu, og hann segir meira að segja, að hæstv. utanrrh. hafi alls ekki verið á móti því, að þetta væri gert þegar í haust. Ja, á hverju hefur þá strandað? Er það bara afgreiðsluleysi hæstv. ríkisstj., dugleysi hæstv. forsrh. að halda fund um málið, sem gerir það að verkum, að ekkert hefur verið gert?

Þá er þess að geta, að þegar Þjóðviljinn var að velta fyrir sér, hvernig stæði á hinum mikla ósigri stjórnarflokkanna í bæjarstjórnarkosningunum, þá segir þar hinn 29. jan. s. l., að það sé engu lagi líkt, að stjórnarandstæðingar, svo kemur orðrétt: „skuli fá aðstöðu til þess að drótta því að stjórninni, að hún efni ekki fyrirheit sín í landhelgismálinu“. Þetta eru orð málgagns hæstv. sjútvmrh. Þetta er ekki ásökun okkar sjálfstæðismanna, heldur það, sem málgagn sjútvmrh. segir sem eina af höfuðskýringum á þeirri fordæmingu, sem ríkisstj. hefur nú fengið hjá kjósendum. Og loksins s. l. sunnudag segir enn í forustugrein, sem heitir: „Íhaldinu gefin vopn“ — að það sé óafsakanlegt, að stjórnarandstæðingar skuli „hafa fengið aðstöðu til þess að gagnrýna núv. stjórn fyrir það, að of lengi dragist að stækka landhelgina, vegna andstöðu Guðmundar Í. Guðmundssonar við málið innan ríkisstj.“

Þetta eru orðrétt ummæli málgagns hæstv. sjútvmrh. Hver er það, sem hér er með sakir á hæstv. ríkisstj.? Hver er það, sem hér ber hæstv. utanrrh. brigzlyrðum, en hefur svo heilindi til þess að koma hingað upp og segja, að utanrrh. hafi aldrei verið á móti þessu, þetta hafi allt verið álitamál, í raun og veru sé allt í lagi að gera ekki neitt? Ja, dómur hans eigin málgagns er nokkur annar. Hæstv. sjútvmrh. hefur enn þá einu sinni verið staðinn að því að tala með takmörkuðu umboði, að halda alveg þveröfugu fram eftir því, hvar hann er staddur. Af hinu öfunda ég svo ekki vesalings hæstv. utanrrh., að fara með þennan fylgisvein suður til Genfar og eiga undir heilindum hans þar, hvernig til tekst um réttargæzlu fyrir hönd Íslands.

Það er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að segja meira um þetta mál. Hæstv. sjútvmrh. segir: Ja, hver er tillaga sjálfstæðismanna? Hæstv. ráðh. hefur sjálfur staðið fyrir því hér í vetur, að hindrað hefur verið, að till. hv. þm. Borgf., Péturs Ottesens, um þetta mál kæmi á dagskrá. Hann hefur sjálfur staðið fyrir því. Það er vegna þess, að hann hefur ekki viljað, að almennar umræður væru teknar upp um málið. Hann hefur viljað hafa áfram færi til þess að skjóta að félögum sínum úr skúmaskotunum, eins og honum er lagnast, og svo jafnframt að dreifa því út um landið, að málið hafi strandað á sjálfstæðismönnum, þegar það er hans eigið ákvörðunarleysi, sem veldur því, að drátturinn hefur orðið. Og ég legg enn áherzlu á það, að við sjálfstæðismenn gerumst ekki upphafsmenn þessara umræðna nú, heldur er það málgagn hæstv. sjútvmrh., sem knýr það fram, að gert sé hreint fyrir dyrum í þessu efni og í ljós komi, hver afstaða hvers og eins hefur verið.

En það verður að spyrja hæstv. ráðh.: Ef hann og úr því að hann hefur fallizt á að bíða eftir

þessari ráðstefnu, ætlar hann þá að haga ákvörðunum sínum að einhverju leyti eftir því, sem fram kemur á ráðstefnunni, eða er hann búinn fyrir fram að ákveða að ráðast í framkvæmdir, hvað sem gert verður á ráðstefnunni, og sérstaklega að ráðast í framkvæmdir, ef ráðstefnan gefur ekki þá lausn, sem við Íslendingar teljum aðgengilega? Og ef hann er ráðinn í því að fara sínu fram, hvað sem ráðstefnunni líður, hvaða ástæða hefur þá verið til þess af hans hálfu að bíða eftir ráðstefnunni? En nú kemur á daginn, að gagnstætt því, sem Þjóðviljinn fullyrti í sínu fyrsta janúarblaði, og gagnstætt því, sem ráðherrann fullyrti í bréfaskriftum sínum við okkur sjálfstæðismenn í haust, þá er efnislega alls ekki búið að ákveða, hvað eigi að gera í málinu, því að nú fyrst á að fara að skipa nefndina til þess að komast að niðurstöðu um það, og í þeirri nefnd eigum við sjálfstæðismenn fulltrúa, sem áreiðanlega verður maður til þess að gera þar grein fyrir afstöðu sinni og okkar sjálfstæðismanna, og þarf ekki frekar um það að ræða.

Loksins get ég ekki komizt hjá því að minnast á hinn kátlega kattarþvott hæstv. ráðh., þegar hann var að reyna að skjóta sér undan ósannindunum, sem hann hafði eftir hæstv. utanrrh. á fundi, þar sem hann hafði alls ekki komið, og sagði, að það hefði verið utanrrh., Gylfi Þ. Gíslason, sem talaði á fundinum. En undir hvaða titli gekk þá Guðmundur Í. Guðmundsson? Og var hann ekki einmitt annars staðar við að gegna utanríkisráðherraembætti sínu?

Forseti (HÁ): Það verður að virða forseta það til vorkunnar, þó að hann hafi langað til að höggva eitthvað inn á þessa myndarlegu dagskrá, sem við höfum hér, og ég hef þess vegna verið að þreyta hv. þingheim með því að biðja menn að stytta ræður sínar. Annars fer nú að verða svo lítið eftir, að það skiptir minnstu, hvort við ljúkum tímanum, sem við höfum til umráða, með því að hafa eingöngu þetta mál til meðferðar, og læt ég því kyrrt liggja, þó að umr. haldi áfram, enda nokkrir á mælendaskrá.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hef ekki blandað mér í þessar umr., enda geri ég því miður ráð fyrir, að þær verði því máli, sem verið er að ræða um, til lítils gagns, og kunni það að eiga eftir að koma fram, þó að maður vilji vona hið gagnstæða. En vegna þess að hv. 1. þm. Reykv. (BBen) minntist á störf mín í þessu sambandi viðkomandi þessu máli, vildi ég segja um það örfá orð, en blanda mér þó sem allra minnst inn í þær deilur, sem hér hafa átt sér stað.

Ég lýsti því yfir í ávarpi, sem ég flutti um áramótin, að ákvörðun yrði tekin um útfærslu landhelgislínunnar innan stundar. Það var byggt á því, að málið hafði verið afgreitt í ríkisstj. eftir ýtarlegar umræður þar. Þess vegna er því atriði fullsvarað, og skal ég ekki ræða um það frekar.

En það, sem mig undrar í þessum umr., er annað. Það er gert mikið úr því, að í landhelgismálinu hafi menn lýst mismunandi skoðunum, þegar það var á umræðugrundvelli. Ég býst við, að við minnumst þess báðir, hv. þm. G-K. (ÓTh) og ég, að þegar mál er á umræðugrundvelli í ríkisstjórn, sem er samsett af fleiri en einum flokki eða studd af fleiri en einum flokki, þá er það ekkert annað en hið algenga, að ráðherrar lýsa skoðunum sínum á fyrsta stigi málsins, þegar það er rætt, og ég vil minna hv. þm. G-K. á það, að þegar ég sat með honum í ríkisstj., þá var það orðtak hans: Þetta er skoðun mín á málinu, en ég áskil mér rétt til að skipta um skoðun, eftir að umræðurnar hafa farið fram. — Hann vitanlega gerir sér það ljóst, þegar hann er í ríkisstj., að hann getur ekki einn haft skoðanir, sem öllu ráða, og þannig er með alla ráðherra. Ég skal ábyrgjast, að þær skipta tugum, þessar yfirlýsingar. Þess vegna er það alveg furðulegt, þegar mál er á umræðugrundvelli, að menn skuli undrast, að það komi fram mismunandi skoðanir. Og ég ætla nú — án þess að fara að rekja það nánar — að minna á það stærsta mál, sem hefur verið afgreitt hér á Alþingi, okkar sjálfstæðismál. Ég býst við, að hv. þm. G-K. minnist þess, að ríkisstj. hafði jafnvel tekið ákvörðun um tíma í málinu, hvenær það skyldi afgreitt, og að við gengum þá tveir milli stjórnarandstöðunnar og þeirra flokka, sem voru í ríkisstj., til þess að koma okkur saman um tíma. Er þetta ekki rétt? Menn settu fram þar skoðanir sínar, og datt engum í hug að telja það ákvarðanir. Það var samið hér í þinghúsinu og reynt að koma sér niður á sameiginlegan tíma, og það tókst. Þannig er þetta í þeim stærstu og minnstu málum. Það þarf að leita að sameiginlegum skoðunum, eftir að menn hafa lýst afgreiðslu, sem þeir helzt kjósa að hafa á málinu.

Ég ætla ekki að fara að lýsa hér heldur landhelgismálinu, þegar það var afgr. á sínum tíma, en ég býst við, að hv. þm. G-K. muni eftir því, að það var gert eftir ýtarlegar umr., þar sem komu fram margar skoðanir á sumum atriðum. En við reyndum að rannsaka okkar eigin skoðanir, hvað væri heppilegast fyrir niðurstöðu málsins, leita álits sérfræðinga, og tókum síðan ákvörðun eftir vandlega athugað mál.

Þess vegna er það, að deilur á einn ráðh., sem fer með stórmál, að hann taki ekki af skarið, eru ekki á rökum reistar. Og ég get vel úr flokki talað, því að ég minnist þess, að á frambjóðendafundi í Strandasýslu kom fram á Drangsnesi ákafleg óánægja út af því, að ekki væri búið að breyta línunni í Húnaflóa, sem ekki er óeðlilegt, og við höfum oft rætt um, hvort væri hægt að lagfæra hana, og var m. a. rætt um það í sambandi við landhelgismálið á sínum tíma. Ég náttúrlega hefði kosið það, en sá, að það var ekki eðlilegt, eftir að málið var rætt, að fara að breyta því, sem hafði verið gert, að mig minnir 1952. Það kom fram ákaflega hörð ádeila þá á hv. þm. G-K. sem ráðh. í þessum málum, að hann gerði ekki neitt. Og mér datt vitanlega ekki í hug, — og er það nú ekki venjulegt, satt að segja — annað en að verja málstað ráðh. **(ÓTh:** Gerirðu það ekki venjulega?) Nei, ég verð nú að vera svo hreinskilinn, að ég geri það ákaflega sjaldan, vegna þess að það er svo erfitt að gera það.

Þetta var auðvitað vegna þess, sem ég skýrði þar á fundinum, að það þarf að hafa samráð um það, hvenær þetta er gert, og einn maður getur ekki tekið ákvörðun um það. Það er það sanna um þetta mál, um landhelgismálið, og það getur hv. stjórnarandstaða ekki vefengt, það er alls ekki sæmandi. Þegar við köllum þá á fund til þess að fá samvinnu um málið, þá kemur það greinilega fram, að málið er á umræðugrundvelli, þar sem menn hafa lýst sínum skoðunum, og þeim er lýst fyrir þeim mönnum, sem við viljum hafa samráð og samstarf við. Þetta er höfuðatriði málsins. Það var á þeim umræðugrundvelli, sem tugir mála eru á fyrsta stigi, þegar menn hafa lýst skoðunum sínum, og síðan er reynt að ná samkomulagi, og það var það, sem við reyndum í þessu tilfelli við Sjálfstfl.

En hv. stjórnarandstaða segir: Sjútvmrh. var búinn að lýsa skoðun sinni á málinu, utanrrh. var búinn að lýsa skoðun sinni, og skoðun sjútvmrh., sem hann hafði lýst, tafði ákvörðun. — Hvers vegna ekki eins skoðun hins ráðh.? Því er beinlínis lýst, að þarna séu mismunandi skoðanir, og við vitum það, að þær hafa verið bæði utan þings og innan, í ríkisstj. og utan ríkisstj. Það, sem er mergurinn málsins, er þetta, og það kom greinilega fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., því að hann sagði: Það, sem stjórnin ætlaði að gera, var að draga okkur inn í ábyrgð og láta okkur lýsa því yfir, hver væri skoðun Sjálfstfl. í málinu — og bætti svo við: eftir að þeir höfðu tekið ákvörðun, — sem ekki var rétt. Þeir bera þetta fyrir sig, að það hafi verið tekin ákvörðun, til þess að geta sagt, að þeir taki ekki afstöðu til málsins, sem við báðum þá um til samstarfs, og til þess að hafa frjálsar hendur og geta eftir á ráðizt á ríkisstj. fyrir þá afstöðu, sem hún tekur, hver sem skoðun þeirra er í málinu. Og þið takið eftir því, sem er eitt af því undarlegasta fyrirbrigði, sem hefur komið fram í umr. um stórmál, að sjálfstæðismenn, — það heyra allir í þessari hv. þingdeild, sem hlusta hér á mál manna, — þeir forðast að nefna það einu orði, hver sé skoðun þeirra í málinu. Ef þeir eru þeirrar skoðunar, að það hafi verið rangt að taka þá ákvörðun að láta þetta bíða, þangað til landhelgismálaráðstefnunni er lokið, hvers vegna þá ekki að segja, að það sé rangt og þeir séu annarrar skoðunar, og ráðast á ríkisstj. fyrir það? Nei, þeir gera það ekki, þeir lýsa ekki skoðun sinni. Þeir vita ekki enn þá, hvernig landhelgismálið kann að fara, og ætla að hafa frjálsar hendur til þess að geta ráðizt á ríkisstj., ef ekki tekst allt saman eins vel og við óskum. Það er þessi þokkalega afstaða. En ef þeir eru þeirrar skoðunar, að átt hefði að gera það, áður en landhelgismálaráðstefnan er haldin, hvers vegna ekki að lýsa því og segja: Það var rangt að bíða?

Það er vitanlegt, að ríkisstj. hafði lýst því, að málið væri á umræðugrundvelli, og eftir það hefur Sjálfstfl. ekkert leyfi til að lýsa því yfir, að það sé ekki á umræðugrundvelli. Við lýstum því yfir á fundinum, og það er ekkert annað en útúrsnúningur í þessum bréfum til þess að þurfa ekki að taka afstöðu. Þetta er punkturinn í málinu. Það er vitanlega þakkarvert að vilja núna taka ákvörðun með okkur um það, hvernig hagað verði stækkun landhelginnar, og ég lýsi ánægju minni yfir því. En það hefði verið ánægjulegra, ef þeir hefðu viljað taka þátt í rökræðum um þetta mál á þeim fundi, sem haldinn var, eða á fundum, sem halda mátti eftir þann fund, og taka afstöðu til þess, hvenær ætti að færa út landhelgina. En til þess liggja þær ástæður, sem eru augljósar fyrir alla, sem hafa hlustað á þessar umr. Ég verð að segja, að það er alveg furðulegt, og hvar er það til í víðri veröld, að stjórnarandstaða hafi enga skoðun á máli eins og þessu? En þetta er það, sem við höfum orðið varir við í þessum umr.

Ólafur Thors: Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) hefur nú svarað því, sem gaf mér tilefni til að biðja um orðið, og get ég þess vegna mjög stytt mál mitt.

Ég ætla að víkja aðeins nokkrum orðum að því, sem hæstv. forsrh. sagði. Hann gerði það að meginkjarna síns máls, að þegar við vorum kvaddir til ráða fyrst í október, þá hafi það mál, sem þá var til umr., þ. e. a. s. sú hlið landhelgismálsins, verið á umræðugrundvelli. Það var kjarni hans máls. Þessi hlið málsins, sem þar var um að ræða, var, sem margtekið er fram, hvenær ætti að framkvæma þær ráðstafanir, sem menn á annað borð vildu framkvæma í landhelgismálinu.

Ég hef hér lesið upp úr bréfum hæstv. atvmrh. skýlausar yfirlýsingar, og ég skal enn endurtaka þær, af því að ég sé, að hæstv. forsrh. hefur áreiðanlega verið fjarverandi, þegar ég las þær upp, — ég hef lesið skýlausar yfirlýsingar um, að það var búið að taka ákvörðun um þessa hlið málsins, þegar við vorum kvaddir til ráða. Um það segir í skýrslunni frá hæstv. atvmrh. á þessa leið, enn einu sinni, og þetta er sérstaklega ætlað hæstv. forsrh.:

„Sjútvmrh. hafði gert ákveðnar till. um, að stækkun landhelginnar yrði látin koma til framkvæmda 1. okt. þ. á. Utanrrh. taldi hins vegar ekki rétt að ráðast í stækkunina fyrr en eftir Genfarfundinn."

Hér er ágreiningur. Hvað verður svo um þennan ágreining, áður en við erum kvaddir á fundinn? Það, sem nú skal greina enn á ný. Um þetta segir í skýrslunni:

„Nú er ríkisstj. það ljóst, að mjög miklu máli skiptir um farsæla lausn þessa máls, að allir stjórnmálaflokkar landsins geti staðið saman um það, sem gert er í málinu."

Og enn fremur og sem afleiðing af þessu hugarfari:

„Sjútvmrn. mun fallast á að ákveða framkvæmdartímann strax að Genfarfundinum loknum, ef það er nauðsynlegt til þess að skapa samstöðu allra flokkanna um málið."

M. ö. o.: Innan ríkisstj. er ástandið þannig, að sjútvmrh. segir: Ég vil gera þetta 1. okt. — þ. e. a. s. áður en við erum kvaddir til ráða, — en utanrrh. segir: Ég vil ekki gera það 1. okt. og ekki fyrr en þessi ráðstefna í Genf er um garð gengin. Það verður í aprílmánuði n. k. sennilega. Ég vil ekki gera það fyrr. — Og sem

afleiðing, þá segir sjútvmrh.: Af því að ég heimta, að allir séu sammála, þá fell ég frá mínu og gefst upp, því að fyrir mér er aðeins eitt aðalatriði í málinu, og það er að skapa samstöðu allra. — Það er þess vegna búið að skera úr um innan stjórnarinnar, að það er ekki hægt að skapa samstöðu allra, nema því aðeins að ákvörðun verði frestað, og sú ákvörðun um frestun er tekin. Þetta liggur fyrir, og það má sannarlega ekki fara fram hjá hæstv. forsrh. svo veigamikið atriði, að innan hans eigin ríkisstj. er búið að taka ákvörðun um mikilsvarðandi mál, án þess að hann geri sér það ljóst. Hæstv. ráðh. verður að láta sér skiljast, að það liggja fyrir skrifleg gögn um, að þetta er búið að ákveða, þegar við erum kvaddir til ráða. Þess vegna má segja, að hans ræða var byggð á fullkomnum misskilningi.

Hitt er svo auðvitað alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þegar mál eru á umræðustigi innan ríkisstjórnar, þá segja menn sínar skoðanir: Þetta er mín skoðun í málinu, en ef þú kemur með skynsamleg rök um annað, þá áskil ég mér auðvitað rétt til þess að taka þau rök til greina. — Hver heiðarlegur maður vill hlusta á þá, sem hann er að ræða við, þá, sem hann á að taka ákvörðun með, og taka fullt tillit til þeirra skoðana, eins og til þeirrar hliðar málsins, sem hann sjálfur og hjálparlaust kemst að niðurstöðu um. Ég tel mér þess vegna til sóma, að ég hafi oft lýst því yfir, að ég áskilji mér rétt til þess að skipta um skoðun, ef mínir samstarfsmenn færa fram rök, sem opna mér nýja innsýn í aðalhliðar málsins.

En ég endurtek: Það, sem hér er verið að ræða um, var afgr., og sjálfur forsrh. landsins verður að skilja, að það var afgr. innan hans eigin ríkisstj.

Hitt var gamanyrði, að hæstv. ráðh. sagðist oft hafa átt erfitt með að verja mínar skoðanir, enda hefði hann sjaldan gert það. Ég hef hins vegar oft mannskemmt mig á því að verja hans skoðanir, þegar við höfum verið saman í stjórn og niðurstaða stjórnarinnar hefur verið tekin á þá lund, sem mér hefur fallið miður. Þá hef ég oftast gert stjórnarinnar málstað að *mínum* málstað, og ég hef oft talið mig ábyrgan fyrir því, þegar ég er að tala á opinberum fundum, sem ég hefði sannast sagna kosið að hafa allt öðruvísi. En þannig hegða menn sér nú, a. m. k. sæmilegir menn, í samstarfi, og ég teldi, að núverandi hæstv. atvmrh. hefði gott af að leggja sér það á minnið, ekki síst gagnvart sínum keppinaut í Suður-Múlasýslu, hæstv. fjmrh.

Hæstv. forsrh. sagði að lokum, að það hefðu verið mismunandi skoðanir í þessu máli, utanrrh. hefði verið á öðru máli og þar af leiðandi hefði verið tekin ákvörðun um frestun. Hann sagði, að það væri sanngjarnt í svo stóru máli, að þegar stjórnin næði ekki samstöðu, þá væri tekinn sá kostur að fresta ákvörðunum.

Það er einmitt það, sem ég er að segja, að þessa ákvörðun var búið að taka. Það var búið að taka ákvörðun um að fresta aðgerðum í málinu, þegar við vorum kvaddir á fundinn, og við vorum einvörðungu kallaðir á fundinn til þess að leggja blessun okkar yfir ákvörðun, sem búið var að taka. Þessum staðreyndum verður ekki haggað.

Hæstv. atvmrh. gerðist nú það göfugur allt í einu að segja frá því, að hæstv. utanrrh. hefði í raun og veru aldrei sagt neitt nei í þessu máli, það væru tóm ósannindi, helber ósannindi og óhróður, sem hans eigið blað æ ofan í æ hefur verið að bera á utanrrh., að aðgerðir hefðu stöðvazt vegna hnefans, sem hann hefði látið á borðið. Hæstv. ráðh. kom hér og sagði: Þetta er ósatt. Þjóðviljinn segir ósatt núna, eins og stundum áður. — Ég veit nú alls ekki, hvor er lygnari, ég bið afsökunar, hvor er ósannsögulli, Þjóðviljinn eða hæstv. ráðh., ég veit ekkert um það. En þeir segja a. m. k. nú hvor með sínum hætti frá málinu og alveg gagnstætt, — ráðh. gagnstætt því, sem Þjóðviljinn segir, af því að það hentaði honum nú, að utanrrh. hefði ekkert nei sagt. En ég spyr þá eins og hv. 1. þm. Reykv.: Ef það er satt, að þessi hæstv. ráðh., atvmrh., hafi endilega viljað færa út landhelgina 1. okt., og ef það er rétt, að utanrrh. hafi ekkert nei sagt í þessum efnum, hver var það þá, sem hindraði hann í að gera þetta, því að að lögum hefur hann valdið?

Það eru óþægilegar spurningar, sem þessi hæstv. ráðh. fær. En hann getur ekki heldur búizt við neinu öðru, þegar málstaðurinn er sá, sem hann er, og ekki nein hreinskilni þá til að játa á sig sakirnar.

Hæstv. ráðh. spurði að lokum, hvort við vildum ekki skýra frá, hver væri okkar stefna í þessu máli. Varðandi tímann um að hefja aðgerðir, þá er það náttúrlega liðið hjá, einfaldlega vegna þess, að ef við nú, þegar ráðstefnan er byrjuð og við erum búin að senda okkar fulltrúa og ætlum að borga fararcyri undir tvo ráðh. þangað, sem raunar fara til þess að passa hvor upp á annan, ef eitthvað skyldi takast okkur í vil á ráðstefnunni, — ef við nú, þegar við erum búin að senda fulltrúa á ráðstefnuna, hefjumst handa, þá gerum við okkur hlægilega. 1. okt. gátum við gert það, hefði stjórnin ekki verið búin að taka ákvörðun um, að það skyldi *ekki gert, en í dag verðum við að fiflum, ef* við gerum það.

En varðandi sjálfa efnishlið málsins, hvað við viljum, sjálfstæðismennirnir, í framtíðaraðgerðunum í landhelgismálinu, skal ég að lokum segja það, að í fyrsta lagi er nú búið að skipa nefnd allra flokka til að reyna að ná samstöðu um aðgerðirnar, og það væri þess vegna ekki hyggilegt af hæstv. ríkisstj., sem bæri þá að segja sinn vilja á undan okkur, að vera nú að tjá sig, þegar ráðstefnan er að byrja, sérstaklega ekki af því, að hún mun ekki vera búin að ná samkomulagi í málinu, og ég efast um, að hún hafi gefið sínum umboðsmönnum, sem á fundinn fara, nein fyrirmæli um, hvað þeir þar eigi að gera. Og ef ríkisstj. telur það málinu til miska að kveða upp úr um, hvað hún ætlar að gera, þá á hún ekki heldur að vera að heimta svör af öðrum, meðan svo stendur, enda sagði þessi ráðh. að lokum: Ég tel óheppilegt, að nú sé verið að ræða um þetta af Íslands hálfu. — M. ö. o.: í fyrstu skoraði hann á okkur, stærsta

flokk landsins, að lýsa yfir okkar skoðunum, þegar ráðstefnan er að hefjast, en örfáum mínútum seinna lýsir hann því yfir, að ef við gerum þetta, sem hann er að biðja okkur um, þá séum við að skaða málið.

Þetta mál hefur verið borið fram til sigurs, mikils sigurs, árið 1952, og ég held ekki, að neinn hafi reynt að hafa af okkur sjálfstæðismönnum, að við áttum manna mest þátt í því, að málinu var fast fylgt eftir og árangur náðist. Þá var unninn sigur í málinu, sem er hinn veigamesti og ætti að auðvelda okkur stóra framtíðarsigra. Þá tókst með samstarfi þáverandi ríkisstj. og með heiðarlegum undirtektum annarra flokka eftir á að brjóta á bak aftur hina ensku bibliu, bibliu Englendinga og margra annarra um helgi þriggja mílna landhelginnar, að það væri heilagt boðorð, sem aldrei mætti brjóta. Það tókst að brjóta þessa skoðun á bak aftur. Það er miklu auðveldara, þegar nú er búið að fá viðurkenningu alheims fyrir að þessi regla sé hvorki heilög né algild, að sigla í kjölfarið. Það var með þögninni játað af umheiminum, að lítil þjóð ætti rétt til að lifa, líka Íslendingar. Það var með þögninni játað, að við Íslendingar gætum ekki lifað nema stækka landhelgina. Á grundvelli þessara játninga, að lítil þjóð megi lifa og að lítil þjóð, Íslendingar, geti ekki lifað nema stækka sína landhelgi, á ekki að vera annað eftir en að halda áfram að sanna, að sú friðun, sem við höfum, er of lítil. Að því viljum við sjálfstæðismenn vinna af heilum hug, líka með mönnum, sem við að öðru leyti ekki treystum. Þakka, herra forseti.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. spurði enn einu sinni um það, hver það hefði raunverulega verið, sem hindrað hefði útfærslu landhelgislínunnar 1. okt. s. l., fyrst það hafi ekki verið utanrrh., sem stöðvaði málið.

Það hefur þegar verið upplýst hér, að ástæðan var sú, sem ég tók skýrt fram á þeim sameiginlega fundi, sem ríkisstj. hélt með fulltrúum sjálfstæðismanna, að mín afstaða var sú, að ég vildi freista þess að fá sem víðtækasta samstöðu. Það var ekki hægt að fá neina samstöðu af hálfu sjálfstæðismanna, og það hafði komið fram, bæði meðal ráðunauta ríkisstj. og innan ríkisstj., að skoðanir manna voru ekki á einn veg, og af þessari ástæðu einni saman var það mín ákvörðun auðvitað að bíða með framkvæmdina. Ég vildi ekki eiga á hættu að hefja framkvæmdir um þetta leyti, fyrst ekki var hægt að skapa samstöðu um málið.

En ég vildi spyrja þennan hv. þm.: Hver var það, sem hindraði það, að hann færði út landhelgina, allan þann tíma, sem hann gegndi ráðherrastarfi sjútvmrh.? Hver var það, sem hindraði hann í því, sem notar þau vinnubrögð, að hann spyr hvorki Pétur né Pál um það, sem hann vill gera? Hver var það, sem hindraði hann í því árið áður en hann lét af störfum að færa út landhelgislínuna? Var það kannske það, að hann vildi ekki færa hana út? Var það það? Hvað gat það verið, sem hindraði hann?

Nei, það var, eins og ég hef lýst hér áður yfir í umr., það var vegna þess, að það hefur verið skoðun hans, — ég vil ekki ætla honum þá skoðun, að hann sé á móti því, að landhelgin verði stækkuð, — heldur var það vegna þess, að skoðun hans var sú, eins og hún er í dag, að við ættum að bíða eftir alþjóðaráðstefnunum, og hann var að bíða eftir þeim. Það var ástæðan. En hann hefur ekki haft kjark í sér, a. m. k. síðan hann kom í stjórnarandstöðu, til þess að játa þessa staðreynd. (Gripið fram í.) Já, og hann telur sig þó sjálfan kjarkmann.

En það var aftur athyglisvert, að formaður Sjálfstfl., sem nú hefur haldið uppi deilum um það, hvernig staðið hefur verið að þessu máli, segir nú: Ef við færum að færa út landhelgislínuna nú, þá værum við álitnir fífl. — Það leynir sér þá ekki, að hann er á þeirri skoðun auðvitað, að við eigum að bíða fram yfir þessa landhelgismálaráðstefnu. (ÓTh: Sagði hann nokkuð meira?) Já, hann sagði sitt hvað meira. En sem sagt það, sem hann hefur yfirleitt sagt í þessu máli, eins og flokkur hans, síðan hann komst í stjórnarandstöðu, það er þetta, að hann segir: Þetta er vitlaust gert. Þetta er ómögulegt hjá stjórninni, vitlaus stefna í efnahagsmálunum, ómögulega unnið að landhelgismálunum, en það kemur ekki til mála, að við segjum, hver er stefna Sjálfstfl. Það kemur ekki til mála. Stefnu hefur flokkurinn enga. Hann veit ekkert, hvað hann vill, en hann skal deila á allt, hvað sem fram kemur. (Gripið fram í.) Ja, stefna stjórnarinnar er ákveðin, eins og hér hefur verið lýst, og hún hefur þegar komið sér saman um þann tíma, sem hún mun velja, jafnvel þó að Sjálfstfl. kjósi að reyna að verða þá á móti. Það er búið að freista þess, eins og hægt er, að hafa hann í samstarfi, en það verður þá að taka því, eins og það er, ef hann vill vera einn á móti.

Svo var hv. 1. þm. Reykv. að koma hér fram með fyrirspurn til mín um það, hvort ég vildi gefa hér einhverja yfirlýsingu um, hvernig ríkisstj. ætlaði að taka þeim ákvörðunum, sem kynnu að koma fram á landhelgismálaráðstefnunni, og hvort við ætluðum yfirleitt að fara eftir þeim að einhverju leyti eða engu leyti. Ég vænti nú, að það sjái allir og skilji, sem hugsa eitthvað út í þessi mál, að það væri í mesta máta óeðlilegt að fara að gefa nokkrar yfirlýsingar um afstöðu íslenzku ríkisstj. til ráðstefnunnar þannig fyrir fram. Hitt fer ekkert á milli mála og hefur ekki verið dregin nein dul á, ég hef sagt það sem mína skoðun, skrifað Sjálfstfl. bréf um það og lýst því yfir bæði hér á Alþingi og annars staðar, að mín skoðun hefur verið sú og er sú, að við höfum bæði rétt og aðstöðu til þess að stækka okkar friðunarsvæði í kringum landið, án þess að við þurfum að vera að bíða eftir alþjóðlegum ráðstefnum. En ég set það þó ekki fyrir mig að bíða í nokkra mánuði eftir slíkum ráðstefnum, ef það mætti skapa sterkari aðstöðu um framkvæmd málsins hér heima fyrir.

En það er svo auðvitað málefni út af fyrir sig, sem væri full ástæða til þess að ræða, en ekki rétt að gera það á þessu stigi, málflutningur sjálfstæðismanna, þegar þeir eru alltaf að

tala um, að aðrir menn séu ósannsöglir, og þeir eru að tala um, að aðrir flokkar og menn sýni dónaskap. Ja, þeir geta djarft um talað, þeir, sem hafa haldið þannig á máli sínu eins og sannazt hefur nú í þessu máli. En ég ætla, að það þurfi í rauninni ekki að fara mörgum orðum um það, að í því hafa a. m. k. formaður Sjálfstfl. og 1. þm. Reykv. ekki af miklu að státa í samanburði við aðra.

Ég vil samt, eins og ég hef sagt hér áður, freista þess að hafa fulltrúa frá sjálfstæðismönnum með í ráðum. En það er mikill misskilningur hjá þeim, ef þeir halda, að þessi fjögurra manna nefnd, sem nú hefur verið rætt um að setja niður milli flokkanna, eigi að vinna eitthvert grundvallandi verk í sambandi við ákvörðun landhelgislínunnar. Þar er, eins og er skýrt fram tekið, ætlazt til þess fyrst og fremst að samræma sjónarmið þau, sem sannarlega hafa verið tekin til greina og liggja allskýrt fyrir. Aðalatriðin hafa verið unnin í þessum efnum, en vissulega er rétt að reyna að fá samkomulag og víkja þar nokkuð til hver fyrir öðrum í hinum smærri atriðum. En aðalatriðin hafa verið ákveðin, og ég trúi því varla, fyrr en á hólminn kemur a. m. k., að það geti verið verulegur ágreiningur um útfærsluna í hinum stóru atriðum.

IV. Bréfaskipti forsætisráðherra Sovétríkjanna og Íslands.

Á 40. fundi í Nd., 16. des., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég veit ekki raunar, til hvers af hæstv. ráðherrum ég á að beina þeirri fyrirspurn, sem ég vildi hér flytja. En þar sem ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér inni einn af hæstv. ráðherrum, beini ég máli mínu til hans.

Frá því var sagt í hádegisútvarpi í dag, að Bulganin, forsætisráðherra Rússlands, hefði sent forsrh. Íslands bréf, er afhent hefði verið nú um helgina. Segja má, að þetta bréf hafi ekki komið vonum fyrr, þar sem fyrir nokkrum dögum var búið að tilkynna, að Bulganin mundi skrifa öllum ríkisstj. þjóða, er væru í Sameinuðu þjóðunum, bréf þess efnis, sem manni skilst að þetta bréf til hins íslenzka forsrh. sé.

En nú er sem sagt þetta bréf komið, hvort sem það hefur verið lengur eða skemur á leiðinni, og er þá eðlilegt, að þm. hafi hug á því að kynnast efni þess, og vildi ég þá spyrja hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. að því, hvort bréfið muni verða birt fyrir þingmönnum, hvort bréfið muni verða lagt til athugunar fyrir utanrmn., annaðhvort alla eða ráðgjafarnefndina í utanríkismálum, sem lögboðið er að kjósa skuli, en enn hefur ekki verið kosin. Þá vildi ég einnig spyrja, hvort ríkisstj. muni með einhverjum öðrum hætti hugsa sér að hafa samráð við þingmenn um meðferð málsins, svo sem með því að ræða málið hér á opnum eða lokuðum fundi, eða hvort málið verður alls ekki með neinu móti látið koma til þingsins kasta.

Jafnframt get ég ekki látið vera að finna að því og harma raunar, að hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt), form. utanrmn., skuli ekki vera viðstaddur. Ég get ekki látið vera að finna að því, að utanrmn. skuli ekki enn hafa átt kost á því að kjósa þá ráðgjafarnefnd í utanríkismálum, sem þingsköp beinlínis mæla fyrir um að kosin skuli. Þessi nefnd var aldrei kosin á síðasta þingi.

Að þessu sinni hefur hv. utanrmn. haldið einn fund, og þá var því hreyft af sjálfstæðismönnum, hvort ekki ætti að kjósa þessa nefnd. Form. nefndarinnar kvaðst þá ekki vera reiðubúinn til þess að láta kosningu fram fara. Síðan hygg ég að um mánuður sé liðinn, en nefndin hefur ekki verið kölluð saman aftur.

Ég vildi því spyrja hæstv. forseta að því til leiðbeiningar, hvaða úrræði þingmenn hafa, ef nefndir þannig beinlínis skjóta sér undan því að gegna þeirri skyldu, sem þingsköp leggja þeim á herðar. Er t. d. ætlunin, að það eigi að bera fram áskorun í Sþ. að skora á þingmenn að fara að lögum? Eða mundi heldur eiga við að setja lög um það, að þessi ákveðna þingnefnd skuli fylgja því lagaboði, sem er fyrir hendi? — Spyr sá, sem ekki veit. En upp eru teknir nýir siðir með nýjum herrum, og er eðlilegt, að svars sé leitað við slíkri spurningu sem þessari.

En úr því að utanríkismál ber á góma, vona ég, að hæstv. forseti leyfi mér að ræða ögn meira um þau. Og þá vildi ég vekja athygli á því, hversu mjög ólíkt hefur verið farið að hér á landi um undirbúning Parísarfundarins, sem nú er að hefjast, miðað við það, sem víðast hefur verið gert annars staðar. Fregnir eru um það t. d. frá Bandaríkjunum, að þar kvaddi ríkisstjórnin aðalmann stjórnarandstöðunnar á fund til samráðs um tillögur og afstöðu á þessum Parísarfundi Atlantshafsbandalagsins og meira að segja bauð honum að taka af Bandaríkjanna hálfu þátt í fundinum, þótt hann þekktist það ekki. En Bandaríkjastjórn tók tillit til hans athugasemda og óskaði eftir því, að hann gerði sínar tillögur.

Hér á landi er þvert á móti farið þannig að, að streitzt er á móti því, að réttum lögum sé fylgt, sem veita stjórnarandstöðu, sem til þess hefur nægilegt fylgi, að eiga einn mann af þremur í ráðgjafarnefnd utanrmn., — á móti því að veita þann rétt, sem lög fá svo stórum flokki.

Segja má, að hæstv. ríkisstj. hafi nokkra afsökun í því, ef afsökun skyldi kalla, að greinilegt er, að hún hefur sjálf sem heild enga stefnu í utanríkismálum. Eftir þeim bréfaskiptum, sem fóru fram á milli flokkanna, er styðja hæstv. ríkisstj., og er fyrst að telja bréf Sósfl. frá 1. nóv. og svarbréf hinna flokkanna, sem ekki voru send fyrr en 5. eða 6. des., þá er greinilegt, að hæstv. ríkisstj. er sjálfri sér algerlega sundurþykk í þessum efnum. Stærsti stuðningsflokkur stjórnarinnar, kommúnistaflokkurinn, Alþýðubandalagið eða hverju nafni sem við viljum nefna þann virðulega flokk, leggur til ekki aðeins, að fylgt sé eftir tafarlaust því loforði

stjórnarsamningsins, að varnarliðið verði rekið brott af landinu, heldur vill einnig láta Ísland segja sig úr Atlantshafsbandalaginu. Hinir flokkarnir virðast því andvígir, að við rjúfum sambandið við Atlantshafsríkin. Hins vegar slær Framsfl. úr og í með það, hvort varnarliðið eigi að fara burt, og er svo óviss um það atriði, að hann vill láta skipa sérstaka nefnd til tillögugerðar um það atriði. Flokkur utanrrh. er aftur alveg andvígur því, að liðið fari í bili, og færir fyrir því röksemdir.

Þegar á þetta er litið, er ljóst, að ríkisstj. hefur sjálf enga stefnu í utanríkismálum, er sjálfri sér gersamlega sundurþykk, hefur vanrækt að hafa það samráð við hæstv. Alþ. um stefnuna, sem henni þó ber, — og að svo komnu vil ég spyrja: Fyrir hvern og í hvers umboði tala þeir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. á Parísarfundinum? Þeir tala ekki fyrir sameinaða ríkisstjórn, þar sem ríkisstj. er gersamlega klofin í málinu, og þeir tala ekki fyrir Sþ., vegna þess að hæstv. Alþ. hefur ekki fengið að láta uppi þá skoðun á málunum, sem því þó eftir réttum íslenzkum lögum er veitt heimild til. Þess vegna verð ég að spyrja, og ég skora á hæstv. ríkisstj. að svara afdráttarlaust: Í hvers umboði tala þessir menn á fundi Atlantshafsráðsins?

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það var út af fsp. hv. 1. þm. Reykv. (BBen) í sambandi við bréfið frá forsætisráðherra Sovjetríkjanna til Hermanns Jónassonar, forsrh. Íslands. Hann spurði, hvort þetta bréf mundi verða birt.

Bréfið verður birt og verður sent blöðunum í dag til birtingar og útvarpi.

Hv. þm. spurði, hvernig mundi verða unnið að svari við bréfinu.

Bréfið er til forsrh. Hermanns Jónassonar, og mun hann ákveða, hvernig hann vinnur að svarinu og við hverja hann ráðgast um svarið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Búast mátti við þunnu svari, en þó hygg ég, að þetta sé enn þynnra en nokkur hefði getað látið sér í hug koma, jafnvel frá hæstv. fjmrh., svo léleg sem frammistaða hans á Alþ. hefur verið að undanförnu.

Ég vek athygli á því, að hann svaraði ekki og gefur engar upplýsingar um það, hvort samráð eigi að hafa við Alþ., hvorki í heild né við utanrmn., við ráðgjafarnefndina í utanríkismálum né við flokka þingsins.

En ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh. að því: Ætlar ríkisstj. um þetta að hafa samráð sín á milli? Verður það borið undir alla ríkisstj., og er undir ákvörðun hennar í heild komið, hvernig þessu bréfi verður svarað?

Á 49. fundi í Nd., 10. febr., utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég hef kvatt mér hljóðs, er sú, að nú hefur verið birt bréf forsrh. Íslands, Hermanns Jónassonar, til forsrh. Sovétríkjanna, Bulganins.

Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða, a. m. k. ekki neitt verulega, efnishlið málsins. Um formshliðina vil ég fyrst segja það, að mér fellur miður, að í bréfinu skuli gæta nokkurrar eða jafnvel allmikillar kerskni, líkt og þegar menn í blaðadeilum eru að reyna að knésetja hvor annan. Ég álít, að það sé mjög auðvelt að svara með fullri einurð og fullri kurteisi og að það eitt eigi við í slíkum umræðum.

Í 16. gr. þingskapanna segir m. a.:

„Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd kýs úr sínum hópi með hlutfallskosningu þrjá menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma."

Þessi undirnefnd utanrmn. hefur ekki verið kosin þrátt fyrir tilmæli sjálfstæðismanna í utanrmn. Það er út af fyrir sig vítavert, og ég víti það. Úr því að ekki var búið að kjósa hana áður, þá bar að kjósa hana nú, áður en bréfi forsrh. Sovétríkjanna var svarað, og bera undir hana það svar. En ef menn vildu áfram vanrækja þá skyldu, þá bar að leita annarra samráða við allt Alþingi á lokuðum fundi, og ef ég tala fyrir sjálfstæðismenn sérstaklega, þá tel ég vanrækslu mikla, að málið hefur ekki verið borið undir okkur.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja, úr því að svo hefur verið á málinu haldið, í hvers nafni hæstv. forsrh. Íslands tali í bréfi sínu. Hann gefur sjálfur í skyn, að hann tali þar fyrir hönd þjóðarinnar. Slíkt væri vitaskuld mjög æskilegt í svo stóru máli, að forsrh. þjóðarinnar talaði fyrir hönd sinnar þjóðar eða gæti gert það. Og undir öllum kringumstæðum bar honum að leitast við að fá þá aðstöðu með því að hafa samráð við þingflokkana alla. Þetta hefur, eins og ég áðan sagði, ekki verið gert. Við sjálfstæðismenn, sem við nýafstaðnar kosningar til bæjar- og sveitarstjórna fengum meira en helming greiddra atkvæða, höfum alls ekki verið um þetta mál spurðir. Blað hæstv. forsrh. segir um þetta:

„Í Morgunblaðinu er í gær kvartað undan því, að bréfið hafi ekki verið lagt fyrir Alþingi eða þingnefnd, eins og sums staðar hefur verið gert í svipuðu tilfelli, t. d. í Noregi og Danmörku. Þessa gerðist ekki þörf hér, því að vegna bréfa Bulganins þurfti ekki að taka afstöðu til atriða, sem Alþingi hafði ekki áður tekið ákveðna afstöðu til, t. d. varðandi Atlantshafsbandalagið, hlutleysi, að hér séu aðeins vopn til varnar o. s. frv."

Þetta segir blað hæstv. forsrh. En ég mætti nú kannske leyfa mér að minna hæstv. forsrh. á það, að þegar við sjálfstæðismenn knúðum fram á Alþingi samþykkt Alþingis fyrir aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu, þá var hann sjálfur svarnastur fjandmaður þess, að þetta samþykki yrði gefið, og í hans eigin hjarta, ef dæma má eftir orðum af hans eigin vörum, þá ríkti meira vantraust á þessum samtökum en með nokkrum öðrum manni jafnvel. Nú aftur á móti byggir hæstv. forsrh. allt sitt traust á Atlantshafsbandalaginu. Um það segir hann nú í bréfinu til forsrh. Sovétríkjanna, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Hafa Íslendingar komizt að þeirri niðurstöðu, að öryggi Íslands verði að óbreyttum aðstæðum bezt tryggt með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, enda séu þau samtök helzta trygging þess, að friður haldist, meðan ekki næst samkomulag um bætta sambúð stórþjóðanna og verulega afvopnun.“

Þetta er álit hæstv. forsrh. í dag, mannsins, sem mestu vantrausti lýsti á Atlantshafsbandalagið, þegar Íslendingar tóku ákvörðun um sína þátttöku í því. Og ég leyfi mér nú að spyrja hæstv. forsrh., úr því að hans eigin afstaða til NATO hefur algerlega snúizt við og er nú í engu samræmi við fortíð hans í því máli, hvernig getur hann þá treyst því, að dómur okkar sjálfstæðismanna um gagnsemi NATO sé eiliflega óumbreytanlegur, en á því byggir hann?

Ég vil biðja menn að skilja, og ég legg áherzlu á það, að ég er ekki að gefa í skyn nokkurn skapaðan hlut um breytt álit okkar sjálfstæðismanna á NATO, heldur er ég aðeins að spyrja þann, sem sjálfur hefur snúizt algerlega gegn sinni fortíð í þessu máli, hvers vegna hann þykist mega treysta fastheldni okkar sjálfstæðismanna við fyrri afstöðu okkar án þess að spyrja okkur. Það er þetta, sem ég er að spyrja um.

Ég vil að öðru leyti slá því föstu, þó að óþarft ætti að vera, í eitt skipti fyrir öll, að Hermann Jónasson forsrh. hefur ekkert umboð til að flytja einum né neinum skilaboð í nafni Sjálfstfl., hvorki í þessu máli né neinu öðru, án þess áður að hafa leitað leyfis okkar til þess og fengið það. Og hvað segir svo hans eigið blað um vald hans til að tala í nafni þjóðarinnar í þessum efnum? Hvað segir Tíminn um það? Hann segir í þessu sama blaði eða eintaki, sem ég áðan vitnaði í, með leyfi hæstv. forseta, — það er Tíminn frá í gær, — hann segir:

„Morgunblaðið spyr um það, hvort bréfið túlki stefnu allrar ríkisstjórnarinnar. Svarið við þeirri spurningu veit þó blaðið vel, þar sem kunnugt er um, að einn stjórnarflokkurinn, Alþýðubandalagið, er andvígur þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, og hefur þátttaka hans í stjórninni ekki breytt þeirri afstöðu hans.“

Þetta segir stjórnarblaðið um þá hlið á málinu. En nú þætti mér gaman að vita, — og ykkur þykir það sjálfsagt öllum, — hvað blað hæstv. utanrrh. segir um þetta sama mál. Forsætisráðherrans blað fullyrðir, að Alþb. hafi hreinar hendur og sé andvígt Atlantshafsbandalaginu, en blað utanrrh. segir hins vegar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðviljinn virðist ekki vera alls kostar ánægður með svarbréf Hermanns og lýsir yfir, að bréfið hafi ekki verið borið undir ríkisstj. alla og lýsi því aðeins einkaskoðunum forsætisráðherra. Þetta er furðulegt.“ Og svo heldur blaðið áfram: „Stjórnarsamningurinn, sem Lúðvík Jósefsson og Hannibal Valdimarsson undirrituðu, er sannarlega ekki einkaskoðun forsætisráðherra.“

Hér segir blað utanrrh., að ráðherrar Alþb. séu algerlega sammála, þeir séu bundnir af sínum samningum, en blað forsrh. segir, að þeir séu alveg óbundnir og algerlega ósammála. Hvorum á að trúa? Forsrh. og utanrrh. eru að talast við eða blöð þeirra um eitt þýðingarmesta utanríkismál þjóðarinnar, og annar segir það svart, sem hinn segir hvítt, alveg ófeimnir og alveg augljóslega. En auðvitað er skoðun Alþýðublaðsins, blaðs utanrrh. hæstv., í þessu máli alveg laukrétt. Hlífð hæstv. forsrh. við ráðherra kommúnistanna raskar auðvitað ekki því, að meðan kommúnistar sitja í stjórn hans, þá talar hann í þeirra umboði. Þetta er laukrétt hjá hæstv. utanrrh. og hans blaði.

Ég vil enn fremur leyfa mér að gefa blaði stærsta stjórnarflokksins orðið, gefa orðið sjálfu fórnardýrinu, sem verið er að slátra eða gefa blóðinngjöf til skiptis. Þetta blað stærsta stjórnarflokksins fer einnig í gær nokkrum orðum um forsrh. hæstv. og bréf hans. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bréf Hermanns er ákaflega neikvætt og þarflaust plagg. Það einkennist af því í einu og öllu, að það er ekki hugsað af íslenzkum sjónarhóli, ekki miðað við hagsmuni og viðhorf Íslendinga, heldur þræðir það algerlega viðhorf bandarískra valdamanna og fer meira að segja aldrei út fyrir stefnu Dullesar hins alræmda.“ Og svo kemur kórónan. Það er ekki nóg með, að hann hlýði algerlega Dulles, heldur er hann svo ósvífinn að dómi Þjóðviljans, með leyfi hæstv. forseta: „Bréf Hermanns gæti eins vel verið samið af Guðmundi Í. Guðmundssyni utanríkisráðherra.“ Ja, lengra verður nú víst ekki komizt í forsmáninni, býst ég við. Það gæti bara verið samið af sjálfum utanríkisráðherranum, þessum skaðræðismanni, sem þeir eru í samstarfi við í ríkisstj. og alveg réttilega segir, að hann sjálfur og forsrh. geti talað fyrir hönd Þjóðviljans í þessum efnum. Svo er talað um yfirlæti hæstv. forsrh., sem ég kannast alls ekkert við, og það er talað um siðlausan orðaleik hans, og svo segir enn fremur: „Ekkert af þessu kemur þó á óvart“ — hvorki yfirlætinu né siðlausa orðaleiknum. „Þessi sjónarmið eru í samræmi við þjónshlutverk þau, sem ýmsir forustumenn Framsóknar og Alþfl. hafa tekið sér að undanförnu, að því er virðist af frjálsum vilja. En það kemur á óvart, hversu langt Hermann Jónasson virðist reiðubúinn að ganga.“

Ja, svo bregðast krosstré sem önnur tré. Það kemur ekkert á óvart, að vinirnir og samherjarnir í ríkisstj. skuli vera að leika þjónshlutverk af frjálsum vilja, en það kemur á óvart, að Hermann Jónasson virðist reiðubúinn að ganga svona langt, þ. e. a. s. lengra en Dulles og jafnlangt og Guðmundur Í. Guðmundsson. Þetta kemur á óvart. Enn fremur segir Þjóðviljinn:

„Og það er siðlaust athæfi, að hæstv. forsrh. skuli leyfa sér að afgreiða með marklausu orðahjómi mál, sem er í nánustu tengslum við sjálfa tilveru þjóðarinnar, ef illa fer. Og um það má svo eflaust deila, hvort hér er að verki þekkingarleysi í alþjóðamálum eða eitthvað enn lakara.“

Ja, þetta er engin smáskammtalækning, sem hæstv. forsrh. fær. Í bezta tilfelli alveg þekkingarlaus í utanríkismálum, en sennilega eitthvað miklu verra. Þetta mundi nú bara vera kallaður sjúklingur á banabeð í forsætisráðherra-

stól, sem fær svona kveðju frá stærsta stjórnarflokknum. Og þó er þessu ekki lokið, því að enn segir Þjóðviljinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og skýrt var frá í blaðinu í gær, bar Hermann Jónasson ekki bréf sitt undir ríkisstjórnina. Varla hefur Hermann þó þvílíkt álit á sjálfum sér, að hann haldi, að Sovétstjórnin hafi skrifað honum einkabréf og biði þess síðan í ofvæni að heyra, hvað einstaklingurinn Hermann Jónasson hafi að segja um alþjóðamál. Bréfið er auðvitað sent íslenzku ríkisstjórninni og stílað á Hermann af þeirri ástæðu einni, að svo hittist á, að hann er forsætisráðherra um þessar mundir. Enginn gat samið formlegt svar nema ríkisstjórn Íslands, og því er einkabréf Hermanns af þeirri ástæðu einni hlálegt og marklaust plagg. Þetta hlýtur Hermann að skilja. En hverjar eru þá hvatir hans? Sízt eru þessi vinnubrögð í samræmi við hvatningarorðin, sem sézt hafa í málgagni forsrh. að undanförnu um nauðsyn þess, að vinstri flokkarnir vinni nú saman af einlægni og drengskap.“

Þetta eru orð Þjóðviljans, og það eru mörg fleiri fróðleg, en ég læt þetta nægja. Það er náttúrlega málefni út af fyrir sig, að blað stærsta stjórnarflokksins skuli brigzla forsrh. um siðleysi, grunnhyggni og oflátungsháttt og telja bréf hans hlálegt og marklaust plagg, um leið og þetta blað bregður forsrh. í raun og veru um fals og ódrenglyndi. Þetta eru allt saman innanhússmál á stjórnarheimilinu. Það er mat þeirra, sem til þykjast þekkja, á sjálfum forsrh. landsins. Kjarni málsins er hins vegar sá, að sóðaorðbragð Þjóðviljans í garð hæstv. forsrh. raskar engu um meðábyrgð kommúnistanna á hryggbroti Bulganins, meðan þeir eiga sæti í stjórn landsins, sem hryggbraut Bulganin. Þess vegna eru svívirðingarnar um hæstv. forsrh. engu síður dómur Þjóðviljans um ráðherrana, sem flokkur Þjóðviljans hefur lagt til í stjórn hæstv. forsrh. Og það veit hver einasti maður, sem nokkuð þekkir til íslenzkra stjórnmála, að hæstv. forsrh. hefur borið bréfið undir bæði hæstv. atvmrh. og hæstv. félmrh., hvað svo sem hver segir. Það vita allir.

Ég tel framkomu hæstv. forsrh. ámælisverða og tel, að hún beri vott um nokkurt fyrirhyggjuleysi og nokkurn ofmetnað og einræðishneigð. Og það eykur ekkert sóma Íslands út á við, að forsrh., sem nýverið hefur fengið herfilegt vantraust við þjóðaratkvæði, telur sig bæran um að gefa yfirlýsingar fyrir hönd þjóðarinnar um margþætt og margvísleg viðkvæm vandamál, sem út á við vita, alveg án þess að hafa nokkurt samráð við þá menn og þann flokk, sem við þessar sömu kosningar hlaut hreinan meiri hluta þjóðarinnar.

Ég vil svo aðeins að lokum geta þess, að ástæðan til þess, að við sjálfstæðismenn höfum farið með löndum fram að þessu, er sú, að enda þótt þjóðin hafi vísað stjórninni út úr stjórnarráðshúsinu við kosningarnar til bæjar- og sveitarstjórna, þá teljum við nauðsynlegt, að stjórninni gefist kostur áður að leggja fram varanlegu úrræðin til lausnar efnahagsmálanna, úrræðin, sem hún er mynduð til þess að leggja fram og bera fram til sigurs, úrræðin, sem hæstv. forsrh. tjáði þjóðinni að mundu gerbreyta öllu í efnahagsmálum þjóðarinnar, án þess að nokkur þyrfti í raun og veru nokkra fórn að færa. Við viljum, eins og ég segi, að þjóðin fái að sjá framan í þessi vinstri úrræði. Hún hefur beðið eftir því núna í meira en 18 mánuði, og það er ekki lengra síðan en þrír eða fjórir dagar, að hæstv. forsrh. lofaði hér á Alþingi, að nú skyldu menn ekki lengi þurfa að bíða þessa. Og þó að ég hafi nokkra ástæðu til að taka orðum hans með varfærni og þó að stærsti stuðningsflokkur hans telji hann siðlausan, yfirlætisfullan og annað því um líkt, þá vil ég nú mega treysta því, þar til ég reyni annað, að við þetta, sem hann þá lofaði, standi hann, og eftir því bíðum við, að sjá framan í þá mynd.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. þm. G-K. talaði hér um tvö mál. Hann talaði um bréfið, sem skrifað hefur verið til forsrh. Sovétríkjanna, og um dýrtíðarmálin og að ósamkomulag mundi vera um þau, og hann var ákaflega hneykslaður yfir þessu hörmulega ósamkomulagi, sem hann lýsti að væri til staðar í stjórnarflokkunum um þessi mál.

Áður en ég vík að öðrum ummælum heldur en þessum, ætla ég að leyfa mér að minna hann á, einmitt vegna þess að hann talaði um þessi tvö mál, að meira eymdarástand, meiri fjandskapur, meiri ringulreið hefur aldrei verið, svo að ég viti til, í þessum málum heldur en meðan hann var í ríkisstj. sællar minningar, meðan verið var að eyða nýsköpunarfénu, og er skemmst á það að minnast, að það hefur ekki hingað til komið fyrir í neinni ríkisstj., að það gekk svo langt, án þess að ég ætli að fara að greina ummæli, sem þar fóru á undan, að einn ráðherra úr ríkisstj., núv. hv. þm. Siglf., bar einn fram frv., gaf fyrirskipun um að flytja frv. hér á Alþingi um ríkisábyrgð og lausn dýrtíðarmálanna, sem er raunverulega upphaf alls þess, sem hefur gerzt síðan, — ríkisábyrgð, án þess að væri séð fyrir tekjum til þess að borga það, sem borga þurfti. Þannig var samkomulagið í þeim málum, áður en þingnefnd tók svo málið til meðferðar og réð fram úr því á sinn hátt.

Viðkomandi þeim ummælum, sem hann var svo leiður yfir og bar mig svo mikið fyrir brjósti yfir, að þau skyldu hafa birzt í Þjóðviljanum, vil ég spyrja hann um það: Hver réð í utanríkismálum, þegar hann var í þeirri sömu stjórn sem ég minntist á áðan? Var samkomulag um utanríkismálin?

Það er ekkert launungarmál, áður en ég vík að því nánar, að í öllum stjórnum, sem eru samsteypustjórnir, er ósamkomulag meira og minna um mál. Það hefur að sjálfsögðu í öllum stjórnum, sem jafnaðarmenn og Alþýðubandalag hafa verið í, verið ósamkomulag um það, hvernig eigi að reka þjóðarbúið, grundvallarósamkomulag um þjóðnýtingu eða ekki þjóðnýtingu. En það dettur engum í hug í sambræðslustjórnum, að það komi til mála, að minnihlutaflokkar fái að ráða því, að komið verði á þjóðnýtingu á Íslandi, þó að það sé stefna flokka, sem eru í ríkisstj. og eru þar í minni hluta og

minni hluta með þjóðinni. Svo er um mörg mál. Slíkar stjórnir hafa setið í mörgum löndum og verið ósamkomulag um ýmislegt, sem minnihlutaflokkarnir hafa orðið að sætta sig við að hreyfa ekki. Þannig mætti nefna stjórnir, sem nú sitja hér í nálægum löndum, og ég vík aftur að utanríkismálunum.

Ég ætla ekki að fara á þessu stigi, þó að raunverulega hafi gefizt nægilegt tilefni til þess, að lýsa samkomulaginu í ríkisstj. Ólafs Thors og milli flokkanna, sem ég horfði á út um þessar dyr, við dyrnar á Sjálfstæðishúsinu. Það er a. m. k., hv. þm. G-K., enn ekki komið svo langt. (Gripið fram í.) Ja, ég veit ekki, hvort má minna hv. þm. á það, þegar hann komst á flótta hér út í gegnum dyrnar og skreið inn í bíl við bakdyr á landssímahúsinu. Það var samkomulagið í ríkisstj. þá. Þannig var samkomulagið milli flokksmanna, sem sátu í ríkisstj., og hans.

Það er ekki furða, þó að þessi maður rísi hér upp og lesi upp úr blöðum og þykist vera hneykslaður, — hugsið ykkur það, — með þetta samkomulag, sem var hjá honum í dýrtíðarmálunum og utanríkismálunum. Ég veit ekki, hvort það er rétt, að það var þá tekin ákvörðun, að sagt var, í ríkisstj., án þess að sumir ráðherrarnir vissu um það, um þann samning, sem deilan reis um. Ég skal ekki fullyrða það, en það er a. m. k. fullyrt af þeim, sem þar stóðu að. Ég skal ekkert fullyrða um, hvort svo hefur verið. Og það var nýtt mál, sem var verið að taka ákvörðun um. Nei, það er ekki furða, þótt þessi hv. þingmaður reisi sig hér í stólnum út af ósamkomulaginu í ríkisstjórn Hermanns Jónassonar, með þá sögu, sem hann hefur að baki sér.

Viðkomandi utanríkismálunum núna, þá er það auðvitað mál, að um það eru flokkarnir ekki sammála, og um það liggur fyrir greinileg samþykkt frá Alþingi, m. a. liggur hún fyrir frá 28. marz, þegar var farið fram á það af Alþb., að atkvgr. væri skipt, til þess að þeir gætu komið því við að greiða atkvæði gegn nokkrum hluta till. frá 28. marz, þ. e. a. s. um áframhaldandi veru í Atlantshafsbandalaginu og samstarf við Atlantshafsbandalagið. Það er því alveg augljóst, að hér hafa verið uppi þrjár stefnur í utanríkismálum, sem Alþingi hefur greinilega gengið frá eða atkvgr. á Alþingi hefur greinilega sýnt, og það er stefna Sjálfstfl., sem vildi ekki láta herinn fara, þó að friðarhorfurnar hefðu breytzt til batnaðar 28. marz, stefna Framsfl. og Alþfl., sem vilja láta herinn fara, undireins og fært þykir, og stefna Alþb., sem vill láta herinn fara undir öllum kringumstæðum og óskar meira að segja eftir, að við höfum ekki samstarf við Atlantshafsbandalagið, eins og kom fram við þessa atkvgr.

Þetta liggur alveg ljóst fyrir og hefur komið fram hvað eftir annað. Og þegar svarað er bréfi eins og því, sem lá fyrir að svara, lá það í hlutarins eðli, að það þurfti ekki að bera það undir Alþingi eða aðra aðila, sem hefur greinilega verið markað hvað eftir annað af meiri hluta þjóðarinnar og meiri hluta Alþingis. Og ég vil gjarnan fá að heyra það frá hv. þm., hvar það atriði er í bréfinu, þar sem vikið er frá þessum höfuðlínum.

Það hefur verið sagt frá því, að ýmsir aðrir, eins og t. d. Danir, hafi borið þetta undir utanríkismálanefnd. Þar stendur að verulegu leyti öðruvísi á. Þeir eru þar að ræða um alveg nýja stefnu, sem þeir hafa ekki tekið ákvarðanir um áður, hlutlausa beltið eða beltið í miðri Evrópu, sem ekki hafi atómvopn. Það er þess vegna, þegar spurt er um, í hvers nafni sé svarað, þá er svarað í samræmi við þá stefnu, sem Alþingi og þjóðin hefur tekið, og það er það, sem er meginefni bréfsins.

Ég heyrði, að það var á það minnzt, að ég væri meðal þeirra, sem ekki hefðu greitt atkv. með því að ganga í Atlantshafsbandalagið. Það er alveg rétt. Ég vildi láta setja það í samning, að jafnhliða og við gengjum í Atlantshafsbandalagið, settum við það að skilyrði fyrir atkvgr. með því að ganga í Atlantshafsbandalagið, ef ég man rétt, að ákveðið væri, að herinn skyldi fara héðan, hvenær sem við álitum, Íslendingar sjálfir, að svo ætti að vera. Það fékkst ekki tekið upp í neinn sérsamning, var þá ekki talið hægt, og það voru ástæðurnar fyrir því, að ég taldi mér ekki fært að greiða atkvæði með, heldur sat hjá við atkvgr. af þessum ástæðum. En ég vil segja það, að hvernig sem atkvgr. mín hefði verið við inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið og ákvörðun Alþ., þá kemur vitanlega ekki til mála annað en hver þm. beygi sig fyrir þeim ákvörðunum, sem yfirgnæfandi meiri hl. Alþ. hefur samþ. og er samningur milli þjóða.

Ég og hv. þm. G-K., ef ég man rétt, skrifuðum að gefnu tilefni grein í Nýtt Helgafell vegna fyrirspurnar, sem það gerði til formanna flokkanna um það, hver væri afstaða þeirra flokka til ýmislegs að því er snertir utanríkismálin, og ég svaraði því þannig, — efnislega er það sama og kemur fram í bréfinu og allt efnislega það sama viðvíkjandi Atlantshafsbandalaginu, — að að sjálfsögðu stæðum við við okkar samninga, sem við hefðum gert, því að ég áliti, að þjóðinni væri það í blóð borið að halda samninga og hún vildi halda sína samninga, enn fremur áliti ég það hið óskynsamlegasta, sem nokkur smáþjóð gæti gert, að bregðast sínum samningum. Það er vitað mál, að okkar sjálfstæði byggist á því, að samningar og lög séu haldin, og við megum þess vegna auðvitað síðastir verða til þess, enda höfum við ekki tilhneigingu til þess að brjóta samninga. Það væri því sama að mínu áliti, hvernig ég hefði greitt atkv., eftir að samningurinn er gerður, verður að standa við þann samning, sem gerður hefur verið.

Ég get því ekki betur séð en þessi vinnubrögð séu á allan hátt eðlileg, og ég endurtek það, að svarið er í samræmi við þær pólitísku línur, sem hér hafa verið lagðar á Alþ. með yfirgnæfandi meiri hl.

Viðkomandi samkomulaginu við Alþb. um þessi mál hef ég sagt það, sem segja þarf. Það er vitað, að flokkarnir eru ósammála um þau mál, og þar er stefna minnihlutaflokks, sem ekki getur búizt við því að koma sinni stefnu

fram frekar en viðkomandi þjóðnýtingu eða öðru, fyrr en þeir hafa unnið þann meiri hl. með þjóðinni.

Ólafur Thors: Út af ræðu hæstv. forsrh. dettur mér í hug: „Vreiður vas þá Vingþór, es hann vaknaði, ok síns hamars of saknaði.“ Ég held, að þessi „sterki maður“ hafi fundið, að hann hefur stundum getað barið fastara en hann gerði að þessu sinni. Hann hefur týnt hamrinum einhvers staðar. Vesælari vörn held ég að hafi ekki verið færð fyrir allsterkri árás en hann gerði núna. Getur þó verið, að hann bæti úr þessu, þegar hann kemur aftur í ræðustólinn, því að hann hóf mál sitt með því, að hann ætlaði að svara tvíþættri gagnrýni minni, annars vegar varðandi utanríkismálin og hins vegar varðandi efnahagsmálin. Það var ekki mikil ástæða til að fara að svara miklu varðandi efnahagsmálin, enda gleymdi hæstv. forsrh. því alveg. „Þetta var annars ágæt vísa, einkum seinni parturinn“, þ. e. a. s. það, sem hann gleymdi.

Hæstv. ráðh. var að minna mig á, að það hefði aldrei verið önnur eins og eymd og sundurþykkja í neinni stjórn eins og nýsköpunarstjórninni. Ég hef átt sæti í nokkrum stjórnum með honum og okkur komið mætavel saman oft og einatt, enda hæstv. forsrh. sízt alls varnað. En aldrei hefur samkomulagið verið eins ánægjulegt í neinni ríkisstjórn, sem ég hef verið í, eins og í nýsköpunarstjórninni, enda hefur það heldur skyggt á ástir t. d. hæstv. fjmrh. og mín, öfund hans og afbrýðissemi í garð kommúnista út af því, hvað mér þó var vel við þá, meðan ég var að vinna með þeim. Hitt er svo annað mál, að síðan sú stjórn sat að völdum, hafa allir heimsatburðir og öll aðstaðan út á við gerbreytzt. Ég vann með ánægju með þessum mönnum, sem ég ber hlýjan hug til eins og flestra annarra manna, sem ég hef þurft að vinna með hér á Alþ., og þá var afstaðan í veröldinni sú, að forustumenn lýðræðisþjóða töldu vonir liggja til, að hægt væri að starfa með þeim eins og öðrum flokkum. Þær vonir hafa mjög dofnað og voru víst taldar kulnaðar, þegar hæstv. forsrh. fann eldinn í hjarta sínu og hlýjuna frá kommúnistum og situr nú við arininn og þylur sínar vísur með þeim.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að svo bölvuð hefði samvinnan verið, að jafnvel einn núverandi þm., sem þá var ráðh., hefði borið fram frv. einn. Ég veit ekki betur en að þess séu nokkuð mörg dæmi, að ráðherrar beri fram sín frv., ef þeir vilja, einir. Ég er auk þess ekki viss um nema þáverandi atvmrh. hæstv. hafi haft einhver samráð um það, það getur legið á milli hluta, svo að við ekki drögum um of athyglina frá því, sem hér er verið að ræða um.

Hæstv. forsrh. hugðist mundu knésetja mig með því að spyrja, hvort ég myndi ekki eftir því, að það hefði verið ósamkomulag í ríkisstj. um utanríkismálin. Jú, ég man sannarlega eftir því, að því meira sem leið á starfstíma nýsköpunarstjórnarinnar, því meira varð þess vart, að kommúnistar vildu hafa hönd í bagga með utanríkismálunum, og ég skildi vel, að eins og komið var í veröldinni, var ekki hægt að sameina eld og ís, og þess vegna klofnaði ríkisstj. Hún klofnaði einmitt þess vegna.

Nú er alveg það sama, sem fyrir liggur, og við erum að ræða hér í dag. Blað hæstv. utanrrh. segir frá því og segir áreiðanlega satt, að kommúnistar vegna setu sinnar í ríkisstj. séu ábyrgir fyrir orðum hæstv. forsrh. Sjálfur lýsir forsrh. því yfir, að utanrrh. og hans málgagn séu ósannindamenn hvað þetta áhrærir.

En hvað sem öðru líður, er greinilegt, að í þessum stóru málum ríkir fullkomið ósamkomulag innan stjórnarinnar og svo mikið siðleysi, svo að ég noti nú orðin, sem blað stærsta stjórnarflokksins notar um hæstv. forsrh., — svo mikið siðleysi, að fyrir opnum tjöldum koma þessir menn og lýsa hver annan ósannindamann. Ég sannaði það í minni fyrri ræðu með orðréttum tilvitnunum, eins og ég sannaði, að það er rétt, sem utanrrh. segir, að hæstv. forsrh. talar í nafni kommúnistanna. Meðan þeir eru geirnegldir við ráðherrastólana, þá eru þeir líka geirnegldir á svör forsrh. í þessum efnum. Þetta er óumdeilanlegt. Og ég vil gjarnan, að hæstv. forsrh. skýri frá því hér að viðstöddum hæstv. utanrrh., hvort utanrrh. og blað hans segja það beinlínis ósatt, eins og hæstv. forsrh. var að lýsa yfir, sem ég áðan las upp úr leiðara blaðsins í gær, — beinlínis ósatt, að forsrh. tali fyrir hönd ríkisstj. allrar. En um það segir Alþbl. í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðviljinn virðist ekki vera alls kostar ánægður með svarbréf Hermanns og lýsir yfir, að bréfið hafi ekki verið borið undir ríkisstj. alla og lýsi því aðeins einkaskoðunum forsrh. Þetta er furðulegt, því að bréfið byggist efnislega á þeirri stefnu í utanríkismálum, sem ráðherrar Alþb. undirrituðu í stjórnarsamningnum og fylgt hefur verið síðan. Stjórnarsamningurinn, sem Lúðvík Jósefsson og Hannibal Valdimarsson undirrituðu, er sannarlega ekki einkaskoðun forsrh.“

Er þetta satt, eða er það ósatt? Er utanrrh. og hans blað ómerkilegir ósannindamenn, eða er hæstv. forsrh. að reyna að hlífa kommúnistum, jafnvel þó að hann gangi á sannleikann og virðingu og mannorð síns utanrrh.? Þetta viljum við gjarnan vita, og það dugir ekkert slúður um fortíðina til þess að skyggja á þessa staðreynd, sem blasir við mönnum og menn vilja fá beinar skýringar á.

Hæstv. ráðh. sagði, að það, sem einu sinni hefði verið borið undir Alþingi, það stæði. Skoðanaskipti þekkti hann ekki, hvorki þingflokka né þingmanna. Þetta segir maðurinn, sem var mestur fjandmaður þess, að við gengjum í Atlantshafsbandalagið, þó að nú sé hann að reyna að fela sig á bak við það, að andstaða hans hafi eingöngu stafað af því, að hann hafi viljað láta það verða ljóst, að herinn færi úr landinu, þegar Íslendingar óskuðu.

Ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. ræður yfirleitt nokkrum sköpuðum hlut núna. Það getur vel verið, að hann sætti sig við að heita forsrh. og ráði engu. En ég man, að í þá daga réð hann talsverðu og var þó ekki í ráðherrastól, og a. m. k. réð hann svo litlum hlut sem þeim, að ef þetta hefði staðið á milli, þá gat hann margfaldlega með því að lyfta litla puttanum

ráðið. Hann þurfti ekki annað en að segja: Vinir mínir, ég hætti minni andstöðu, ef þið viljið ganga inn á þessa kommubreytingu, ef nokkurn tíma nokkra kommubreytingu þurfti til þess. — Svona ódýru verði kaupa menn sig ekki frá leðinlegri fortíð í svona mikilsvarðandi efnum, enda sagði hæstv. ráðh.: „Ef ég man rétt, þá var það um þetta.“ Það skyldi nú aldrei vera, að hann myndi ekki rétt?

Ég er að sönnu ekki ánægður með þau svör, sem hæstv. ráðh. hefur gefið, af því að þau eru engin svör. Það eina, sem kannske sættir mig við þau, er það, að jafnvanur rökræðumaður eins og hæstv. forsrh. hefur ekki annað fram að bera en þetta. Það sýnir, hversu herfilega aumur hans málstaður er. En þó langar mig nú til að biðja hann, ef hann vildi gera það af gamalli persónulegri vináttu til mín, að segja mér, hvor það er, sem segir ósatt, hæstv. utanrrh. og hans blað eða hæstv. forsrh., sem segir, að ekkert sé að marka það, sem hæstv. utanrrh. og blað hans segir.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er nú ekki ýkja margt, sem ég þarf að minnast á, en hv. þm. sagði, að það hefði verið álitið á þeim tíma, sem hv. þm. vann með kommúnistum, 1944—46, að þá væru þeir að breyta þannig um stefnu, að það væri eðlilegt, en svo hefði það komið í ljós í utanríkispólitíkinni, að þetta hefði ekki verið hægt, — þá átti hann við ósamkomulagið, sem ég var að lýsa litils háttar og skal ekki endurtaka. En þetta kemur nú ekki alveg heim við staðreyndirnar, því að um haustið, eftir ósamkomulagið við Sjálfstæðishúsið, þá er það nú upplýst mál, að hv. þm. G-K. gekk eftir kommúnistum að koma þá aftur í ríkisstj. og reyndi að koma stjórninni saman að nýju og gerði þá meira að segja tilboð hæstv. núverandi forseta hér í þessari hv. d., sem ekki hafa verið gerð honum sennilega betri, til þess að fá hann í samstarf aftur. Og það er vitað mál, að þegar er verið að tala um þetta samstarf milli flokka, þá er viljinn öðruvísi og hefur komið öðruvísi fram á bak við tjöldin heldur en talið er, án þess að ég fari að teygja umr. út á þann breiða grundvöll.

Hann svaraði ekki verulega þeirri fullyrðingu minni, að það væri eðlilegt, að hver og einn, hvernig sem hann hefði greitt atkvæði um samninga milli ríkja, stæði að þeim samningum á eftir. Ég man nú ekki betur, og ég hygg, að við séum báðir það fróðir, hv. þm. G-K. og ég, að radikalir í Danmörku — mig misminnir það áreiðanlega ekki — voru á móti því að ganga í Atlantshafsbandalagið. En þeir starfa vitanlega, eftir að gengið hefur verið í Atlantshafsbandalagið, með núverandi stjórn að því að vinna áframhaldandi að því samstarfi af þeirri einföldu ástæðu, að það er samningur milli ríkja, alveg eins og samningur okkar, og þeir standa þess vegna að því.

Ég óskaði eftir því áðan, að það kæmi fram, ef því væri til að dreifa, hvar vikið væri frá þeirri stefnu, sem mikill meiri hl. Alþingis með þjóðina að baki sér hefur tekið í utanríkismálum, og ég hef ekki heyrt bent á það atriði enn. Viðkomandi því, að samstarfsflokkar beri ábyrgð á því, sem gert er í einni ríkisstj. af einum ráðh., þá vitum við ósköp vel, hver sú venja hefur verið á Íslandi. Vegna þess að flokkar, sem eru ósammála um mál, eru oft saman í ríkisstj., þá hefur það verið þannig og er þannig og verður áreiðanlega þannig með aðrar sambræðslustjórnir, að flokkarnir ganga til samstarfs við þá flokka, sem þeir telja að þeir komist lengst með að framfylgja sínum áhugamálum, þó að þeir verði að leggja önnur stefnumál til hliðar, eins og ég benti á áðan að tíðkast bæði hér og annars staðar.

Að sjálfsögðu gerir Alþb. sér ljóst, þegar það gengur í ríkisstj., að það verður fylgt þeim ákvörðunum, sem teknar voru 28. marz, með þeim skýringum á breyttu ástandi, sem þeir flokkar, sem fyrst og fremst stóðu að þessari samþykkt, telja að séu til staðar. En ég geri ráð fyrir, að það sé gert með það fyrir augum, að þeir telja, að þó að þeir slitu samstarfi um mörg mál, sem þeir geta komið fram í ríkisstj., þá mundu þeir ekki fá samstarf um utanríkismálin, sem þeim væri frekar að geði, við aðra flokka og þeim mundi ekki verða stjórnað frekar þeim að geði, þó að aðrir flokkar tækju við.

Meira held ég að það hafi ekki verið, sem kom fram, sem ég þarf að svara.

Ólafur Thors: Herra forseti. Þessari hólmgöngu er nú að verða lokið. — Hæstv. ráðh. sagði, að um haustið 1946 hefði það verið vitað, að ég hefði gengið á eftir kommúnistunum til að fá að endurreisa stjórnina. Ég hafði fengið mitt fram í deilunni við þá, og ég get vel skilið það, að menn, sem höfðu unnið með mér alveg heiðarlega, væru reiðir við mig að vissu leyti út af því, hvernig ég hélt á málum og hve fast ég hélt við þá stefnu, sem þeir voru algerlega andvígir. Og mér fannst, að það minnsta, sem ég gæti sýnt þessum mönnum eftir ánægjulegt samstarf, væri leita hófanna um það, hvort okkar samstarf gæti tekizt áfram, þannig að þeir sættu sig við, að ég fengi að ráða utanríkisstefnu, en ég var þá bæði forsrh. og utanrrh. Þegar mér varð ljóst, að þess arna varð ekki auðið, þá stóð ég upp og tilkynnti þeim, að samstarfinu væri slitið. Þetta skeði þannig, að stjórnarflokkarnir allir voru á fundi uppi í stjórnarráði til samninga um hugsanlega slíka möguleika, og ég held, að ég segi það með góðri samvizku, að ég hafði ekki neitt umboð frá neinum til þess að lýsa því yfir, að nú væri þessu lokið, þegar ég stóð upp úr herbergi því, sem kommúnistarnir höfðu þá til umráða, gekk niður og talaði við sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn, kallaði síðan alla flokkana saman á fund þá þegar og lýsti yfir, að mínum tilraunum væri lokið, því að mér væri ljóst, að þau skilyrði, sem ég gerði að aðalatriði, að Sjálfstfl. réði stefnunni í utanríkismálunum, mundu ekki blessast, a. m. k. ekki til langframa. Þetta er það, sem skeði. (**Forsrh.:** Þetta hefur verið geysilega tilkomumikil stund.) Já, hún var það, enda allir þeir, sem áttu hlut að máli, hefðarmenn og enginn saknaði núverandi hæstv.

forsrh. (Fjmrh.: Spursmálið var, hvort þetta var fyrir eða eftir hárreytinguna.) Ég veit það nú ekki. En ég sé, að það hefur líka minnkað hárið á mínum elskulega fjmrh., og er hann þó yngri en ég, og ef hann vill snúa að mér bakinu, þá sé ég, að það hefur bara verið reytt talsvert upp á síðkastið, og þau hafa gránað líka og gleraugun eru með á myndinni og öll ellimerki, sem ég hef. — Ég hef verið að spyrja hæstv. forsrh. um, í hvers umboði hann talaði. Utanrrh. og hans blað segja: Hann talar í umboði allrar stjórnarinnar. — Stærsta stjórnarblaðið segir: Þetta er ósatt. — Og forsrh. af hlíf við kommúnista og gegn betri vitund staðfestir það. Það vita líka allir, að Hermann Jónasson er sá fyrirhyggjumaður, að hann hefur haft samráð við ráðh. kommúnistanna um svarið við þessu bréfi.

Þá sagði hæstv. forsrh. að lokum: Hvar er vikið frá yfirlýstri stefnu Íslendinga í mínu svari? — Ég segi: Væri þá ekki hyggilegra að spyrja Alþingi fyrst og svara svo? Hér er alveg sama fyrirhyggjan á ferðinni eins og þegar samþykkt var 28. marz 1956, að þrátt fyrir gefið loforð til NATO-ríkjanna um að taka ekki ákvörðun um að senda varnarlið úr landi án þess að hafa áður borið sig saman við þau, þá skyldi samt sem áður tafarlaust og án þess að hafa haft samráð við NATO-ríkin tekin ákvörðun um að senda varnarliðið úr landi. Því var að vísu bætt við, að svo mætti vel spyrja hina á eftir, hvað ætti að gera. Ég hef áður lýst yfir, að þetta voru viðlíka hyggindi eins og dómari dæmdi mann fyrst til dauða og léti hengja hann, en ákvæði svo á eftir að láta rannsaka, hvort hann hafi verið sekur.

Ég vil að lokum segja hæstv. forsrh., að þó að hann geti ekki mikið af mér lært vegna hans yfirburða vitsmuna á öllum sviðum, þá vildi ég nú samt kenna honum það að spyrja fyrst til ráða og svara síðan eftir að hafa fengið ráðin. Það mundi ekki hafa sakað hann, hvorki í þessu né ýmsu öðru.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. spurði hér hvað eftir annað um það, í hverju væri vikið frá fyrri stefnu Íslendinga í utanríkismálum í því bréfi, sem hann hefur nú sent forsrh. Sovétríkjanna, og vill byggja á því, að þar sem hvergi sé vikið frá því, sem áður hafi verið gert, hafi verið óþarft að leita ráða Alþ., utanrmn. eða samráðs við stjórnarandstöðuna um svarið, og hyggur sig á þessum grundvelli geta talað fyrir alla íslenzku þjóðina, eða a. m. k. meiri hluta hennar, eins og fram kemur bæði í hans ræðum hér í dag og í bréfinu sjálfu. Hann heldur því fram og styður mál sitt með því, að hér horfi töluvert öðruvísi við en í Danmörku, þar sem Danir þurfa að taka afstöðu til þess, sem þeir áður hafi ekki haft til ákvörðunar, hvort ætti að vera eins konar friðlýst belti, a. m. k. laust við atómvopn, í Mið-Evrópu, er tæki einnig til Danmerkur.

Hv. þm. G-K. (ÓTh) sagði alveg réttilega, að áður en svarað var, þá hefði verið skynsamlegt af hæstv. forsrh. að spyrja, og vel væri hugsanlegt, eins og hann sjálfur verður að viðurkenna mjög breytta afstöðu sjálfs hans í utanríkismálum frá því, er áður var, að aðrir breyttu einnig um sína stefnu. En látum það vera. Ekkert slíkt liggur fyrir varðandi okkur sjálfstæðismenn. En þess er hér að gæta, að það, sem fyrst og fremst er tekin afstaða til í bréfi hæstv. forsrh., er atriði, sem aldrei fyrr hefur þurft að taka afstöðu til af íslenzkum stjórnarvöldum. Það er algerlega nýtt mál fyrir Íslendinga, sem ekki hefur verið rætt á Alþ., í utanrmn., milli flokka og þá hvergi, nema ef hæstv. ríkisstj. hefur rætt það, sem mjög fer tvennum sögum af. Sú staðreynd, sem hér liggur fyrir og er alveg ný og við komumst ekki hjá að gera okkur grein fyrir, sú staðreynd, sem kann að hafa mikla þýðingu eða litla þýðingu, er, að eitt af stórveldum heimsins, það, sem sennilega í dag er voldugasta herveldi í heiminum og voldugasta herveldi, sem nokkurn tíma hefur verið til í þessum heimi, Sovétríkin, hefur sent íslenzku ríkisstj. tilboð um það, sem kallað er í bréfi forsrh. Sovétríkjanna „tryggt hlutleysi Íslands".

Við gætum verið með eða á móti þessu tilboði. Við gætum talið, að tilboðið kunni að vera af undirhyggju gert eða að það sé af heilum hug mælt. En fram hjá þeim sannleika komumst við ekki, að með þessu er okkur Íslendingum boðin trygging á hlutleysi, sem aldrei áður hefur verið fram boðin. Það hlutleysi svokallaða, sem var eftir sambandslögunum 1918, var aldrei viðurkennt af neinum öðrum, nema ef vera skyldi hinu mikla herveldi Danmörku. Það var nánast þýðingarlaus yfirlýsing okkar Íslendinga sjálfra. Það hlutleysi er fyrir löngu úr sögunni fyrir atburðanna rás. En það er algerlega nýtt í okkar sögu, að nokkur, hvað þá mesta herveldi heimsins, snúi sér til íslenzku stjórnarinnar og segi: Ég býð fram tryggingu á hlutleysi landsins.

Ég skal ekki í dag ræða efnishlið þess tilboðs. Jafnskjótt og það kom fram, ritaði ég grein, þar sem ég tók fram, með leyfi hæstv. forseta, — það er hinn 18. des., þá rita ég grein, þar sem stendur:

„Íslendingar verða eins og aðrir að fylgjast með öllum veðrabrigðum í heiminum. Af reynslunni er rétt að læra, en gamlir fordómar mega ekki verða mönnum fjötur um fót. Sjálfsagt er, að íslenzk stjórnarvöld verða af fullri alúð að kynna sér og meta tilboð sovétstjórnarinnar um ábyrgð og öryggi Íslands." Og ég bætti við: „Þess vegna hlýtur það að vekja ugg, að ríkisstj. skyldi ekki nota það tækifæri, er henni gafst við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar á Alþ. í fyrradag, og lýsa tafarlaust yfir því, að samráð yrði haft við Alþ. um svar Bulganinbréfsins."

Það var ekki ástæðulaust, að þarna var sagt, að þessi afstaða stjórnarinnar hlyti að vekja ugg, vegna þess að nú er komið á daginn, að stjórnin hefur talið sér fært að taka ákvörðun um þetta mjög þýðingarmikla atriði án þess svo mikið sem virða stjórnarandstöðuna viðtals um þetta mál, þrátt fyrir það þó að jafnskjótt kæmi fram á Alþ. ósk frá okkur um það, að

samráð yrði við okkur haft, og þrátt fyrir það að upplýst er nú, að stjórnarflokkarnir eru gersamlega ósammála um það svar, sem gefið hefur verið. — Þó að þeir séu ósammála, þá haggar það ekki því, að hæstv. sjútvmrh. og félmrh. bera í einu og öllu ábyrgð á því svari, sem gefið hefur verið, eftir þingræðislegum reglum og stjórnlögum Íslands. Það má vel vera, að þeir hafi, og er alveg eftir hæstv. sjútvmrh. t. d. að hafa samþ. það við hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., að svarið væri sent, eins og það var gert, þó að hann áskildi sér rétt til þess að láta Þjóðviljann skamma þá fyrir það. Það er eftir þeirra vinnubrögðum. En það liggur fyrir, hvað sem hinni stjórnskipulegu ábyrgð þessara manna líður, að stjórnarflokkarnir eru gersamlega klofnir í málinu og að ekki hefur verið haft samráð við Sjálfstfl. um málið, þann flokk, sem er langsamlega stærstur samkvæmt úrslitum síðustu alþingiskosninga og hefur nú við nýafstaðnar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar unnið meiri kosningasigur en þekkzt hefur í innanlandsmálum á Íslandi nokkru sinni fyrr. Svo leyfa sér þessir tveir flokkar, sem aldrei hafa haft, frá því er Alþ. nú kom saman eftir síðustu alþingiskosningar, nema réttan þriðjung þjóðarinnar á bak við sig, — svo leyfa þeir sér að taka afstöðu til slíks tilboðs sem hér liggur fyrir algerlega upp á eigin spýtur og berja sér svo á brjóst og þykjast bæði hér innan þingsalanna og gagnvart umheiminum tala í nafni meiri hluta íslenzku þjóðarinnar.

Það má vel vera, að niðurstaða að lokum leiði til þess, að Bulganin-tilboðinu eigi að hafna vegna íslenzkra hagsmuna. Fyrir fram þykir mér það mjög sennilegt. En það er atriði, sem þó vissulega er þess vert, að um það sé rætt, og það þýðir ekki að koma hér og segja, að menn einhvern tíma áður fyrr hafi tekið ákvörðun um mál, sem feli það í sér, að slíku tilboði eigi að neita. Hvenær hefur slíkt tilboð áður legið fyrir?

Og því miður verður að segja, að það er fleira en þetta eitt, sem leiðir til þess, að alvarlega verður að gagnrýna, hvernig þessu bréfi hefur verið svarað. Það hefur ekki enn þá gefizt kostur á að skoða það nema að litlu leyti og þarfnast auðvitað rækilegrar íhugunar við, en það eru þó í því augljós ósannindi, sem ekki er rétt að ganga fram hjá strax við þetta fyrsta tækifæri án þess að benda á. Ja, ég segi augljós ósannindi, ef miða má og marka nokkuð orð hæstv. forsrh. Þegar hann verður gersamlega tvísaga, þá veit ég ekki, hvort hann hefur áður sagt ósatt eða segir nú ósatt. En í þessu bréfi segir hæstv. forsrh. varðandi það, sem gerðist í utanríkismálunum í nóv. og des. 1956, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna óvæntra og hörmulegra atburða, sem gerðust haustið 1956, óx uggur og óvissa í alþjóðamálum svo að nýju, að sjaldan hafa horfur verið uggvænlegri, og voru því tilmælin um endurskoðun samningsins afturkölluð.“

Ég spyr: Hvenær hefur Íslendingum fyrr verið sagt frá því, að íslenzk stjórnarvöld hafi afturkallað tilmælin um endurskoðun varnarsamningsins í nóv. eða des. 1956. Ég hef a. m. k. hér eitt vitni, sem sagði þá allt annað í þessum sama þingsal, það var hæstv. forsrh., og ég hef hér Tímann fyrir framan mig, gefinn út föstudaginn 7. des. 1956, þar sem með heilsíðufyrirsögn er sagt: „Ákveðið að fresta viðræðum um brottför varnarliðsins.“ Samkvæmt því var alls ekki verið að afturkalla óskina, heldur var aðeins viðræðunum frestað. Það er sú mynd, sem Íslendingum var gefin af þessum atburðum, þegar þetta skeði, og daginn eftir, hinn 8. des. 1956, voru birt í Tímanum nokkur atriði úr ræðu Hermanns Jónassonar forsrh. við lok umr. Alþ. og mikið látið yfir, hvað hann hafi staðið sig þar vel, eins og líklegt var, og það er m. a. eftir honum haft: „Langur eða skammur frestur. — Forsrh. vék nokkrum orðum að ræðum manna um það, hvort frestun sú, sem nú hefur verið gerð, verði langvinn eða skammvinn — —“. Þarna er einungis talað um frestun, en alls ekki það, að niður sé fallin sú ósk eða afturköllun, sem fram hafi verið borin. Og öll munum við það, að þegar hv. þm. Siglf. seinna í fyrravetur hélt því fram, að ályktunin frá 28. marz 1956 væri úr gildi fallin, þá var því mjög eindregið mótmælt í Þjóðviljanum, og Tíminn tók undir það, að það væri ekki réttur skilningur, að ályktunin væri úr gildi fallin. Að vísu heyrum við það svo nú, að það sé verið að framkvæma ályktunina. Hæstv. forsrh. hélt því fram áðan, blygðaðist sín ekki fyrir það. Það var bara með þeim breytta skilningi, sem stjórnarflokkarnir höfðu lagt í ályktunina. Það var sem sagt að gera hana að engu.

Nei, hér er varðandi mjög mikilvægt atriði alveg ný mynd, sem kemur fram fyrir íslenzku þjóðina, en er sennilega ekki ný mynd hjá þeim, sem áreiðanlega hafa lagt til alveg að ólöstuðu frumdrögin að þessu svari, Atlantshafsráðinu. Þetta er það, sem því hefur verið tilkynnt, og það hefur verið látið vita, að það væri búið að afturkalla ályktunina, og það er vitað mál, að frumdrögin að því svari, sem hæstv. forsrh. sendir nú Bulganin, eru komin frá höfuðbækistöðvum Atlantshafsráðsins, svo að það er eðlilegt, að þessi okkur nokkuð annarlegi vísdómur komi þarna fram og einmitt við þetta tækifæri.

Hitt er svo enn annað, að ekki hefur verið haft fullkomið samræmi varðandi þær kenningar, sem í Atlantshafsráðinu að öðru leyti er haldið fram um heimsástandið, við það, sem hæstv. forsrh. er látinn halda fram í sínu bréfi. Honum er sem sagt ætlað að flytja fjarstæðari kenningar en forsvarsmenn þessara samtaka vilja sjálfir taka sér í munn.

Í þessu bréfi tekur hæstv. forsrh. það upp eftir Bulganin, að vegna hins alvarlega ástands, sem nú ríkir, og vaxandi ófriðarhættu sé ekki hægt að láta varnarliðið fara burt héðan að svo stöddu. Og þessi setning er gripin úr bréfi Bulganins til þess að sýna fram á, að hann geti ekki vonazt eftir því, að Íslendingar láti herinn hverfa héðan á braut.

En er það nú rétt, sem þarna kemur fram? Er það í samræmi við það, sem hinir fróðustu menn telja, þegar þeir tala áróðurslaust, að það

sé vaxandi ófriðarhætta í heiminum? Ja, um það leyfi ég mér að vitna til orða Spaaks, framkvæmdastjóra Atlantshafsráðsins, sem sagði í ræðu, er hann hélt 14. sept. s. l., á þessa leið m. a., með leyfi hæstv. forseta.

„Að þessu leyti er það mitt einkasjónarmið, og það er sjónarmið, sem ég hef öðlazt síðan ég varð framkvæmdastjóri NATO, að ég held ekki, að á komandi árum, og með því meina ég svo langt fram, sem maður getur séð stjórnmálaviðburði, muni ganga yfir okkur þriðja heimsstríðið. Ég hygg, að mér beri að skýra bjartsýni mína um þetta."

Þetta er orðrétt tekið eftir honum. Síðan gerði hann rækilega grein fyrir, á hverju hann byggði skoðun sína um, að þriðja heimsstyrjöldin muni ekki verða. Og hann lauk þeim skýringum með þessu, orðrétt á þessa leið:

„Að því áskildu, að við höldum áfram að vera sterkir, er enginn efi á, að þriðja heimsstríðið verður umflúið."

Þetta eru orð Spaaks. Þarna kemur fram hjá honum, að hann telur enga bráða hættu á heimsstyrjöld, en hann byggir þá bjartsýni sína á því, að hvergi verði slakað til á vörnum Atlantshafsbandalagsins. Á þennan boðskap Spaaks hefur hvað eftir annað verið bent nú í haust af okkur sjálfstæðismönnum, en stjórnarliðið hefur aldrei fengizt til þess að ræða það, þeir sem þar eru í forsvari um utanríkismálastefnu stjórnarinnar. Það er vegna þess, að ef tekin eru orð Spaaks, eins og þau eru töluð og liggja fyrir, þá er það óvefengjanlegur vitnisburður um, að ef ætlunin er á annað borð að láta varnarliðið, herinn hverfa frá Íslandi í fyrirsjáanlegri framtíð, þá er ekki eftir neinu að bíða. Það eru ekki líkur til þess, að það verði friðvænlegra um langt bil, svo langt sem við sjáum, heldur en er einmitt í dag. En það fylgir með, að Spaak segir: Mín bjartsýni hvílir einungis á því, að ekki sé slakað á vörnunum. — Þar af leiðir, að Íslendingar verða að gera sér grein fyrir, að sú ákvörðun að láta varnarliðið hverfa á braut kann að breyta heimsástandinu á þann veg, að þriðja heimsstyrjöldin geti færzt nær.

Það eru þessi meginsjónarmið, sem menn verða að hafa kjark til að skýra fyrir Íslendingum: að segja þeim eins og er, að það er rangt, sem segir í bréfi Bulganins og Hermann Jónasson gerir að sínum orðum, að þriðja heimsstyrjöldin hafi verið að færast nær okkur undanfarið, að ófriðarhættan hafi verið að vaxa. Ófriðarhættan er ekki meiri nú en allar líkur eru til, að hún verði um ófyrirsjáanlegan tíma, og menn verða að gera upp við sig: Vilja menn leggja það á sig til þess að halda ófriðarhættunni burtu að okkar leyti að leggja það af mörkum að láta þetta lið vera hér eða ekki? Þetta er mál, sem núverandi stjórnarflokkar reyna að skjóta fram af sér, reyna að dylja kjarnann í fyrir almenningi vegna þess, hvernig þeirra völd eru til komin. En þetta er meginkjarni þessa máls, eins og það nú liggur fyrir. Og ég tel, að það sé ekki aðeins rangt, heldur stórlega vítavert, þegar hæstv. forsrh. tekur með þeim hætti, sem hann gerir, setningar út úr bréfi Bulganins til þess að rökstyðja á þann veg, að ófriðarhættan sé að aukast, þegar einmitt þeir menn, sem að öðru leyti hafa leiðbeint honum mest um samningu þessa bréfs, segja hiklaust: Þessi hætta er ekki fyrir hendi og hefur ekki farið vaxandi að undanförnu, heldur fer rénandi, að því áskildu, að við höldum allir saman og leggjum okkar fram.

Það er því miður svo í þessu máli eins og mörgum öðrum, að hæstv. ríkisstj. vill forðast málefnalegar umr. Hún reynir að breiða yfir brestina í sínu eigin ósamkomulagi með því að dylja sannleikann fyrir almenningi og sínum fylgismönnum, og það er ekki það, að stjórnin hafi viljað vera svo trygg fyrri utanríkisstefnu, að hún hafi talið þess vegna óþarft að leita samráðs við stjórnarandstöðuna. Það er annars vegar, að það er gengið fram hjá Alþ., utanrmn. og stjórnarandstöðu vegna þess, að það á að gera hlutskipti kommúnistanna ívið mildara, að þeim er sagt: Ja, þið fyrirgefið, þó að við höfum ykkar orð í blöðunum að engu, við virðum okkar andstæðinga ekki meira heldur, það er ekki við þá talað, þó að lög bjóði, að svo skuli gert. — Þetta er önnur ástæðan, sem allur þingheimur veit að er fyrir því, að ekki hefur fengizt kosin undirnefndin í utanrmn. Til viðbótar þessu kemur svo hitt, að stjórnin hefur tekið við völdum með blekkingum í utanríkismálunum. Þeim blekkingarhjúp var svipt í sundur með atburðunum, sem gerðust haustið 1956. Stjórnin hefur ekki kjark í sér til þess að taka upp ærlegar og hreinar umr. frammi fyrir alþjóð um hið raunverulega ástand í utanríkismálum nú, vegna þess að hún metur meira að lafa við völd eitthvað lengur heldur en að segja satt til um það, hvernig stendur í hinum þýðingarmestu málefnum þjóðarinnar.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er alveg óhætt að gefa hv. 1. þm. Reykv. þau meðmæli, sem hann hefur almenna viðurkenningu fyrir hjá sínum andstæðingum, að honum er lagið að finna atriði, hvort sem þau eru í bréfum eða greinum, til þess að snúa út úr þeim og er líklega einhver fremsti maður á Íslandi í útúrsnúningum. Raunverulega þarf ég ekki öðru að svara en því, að það er ekki um auðugan garð að gresja í bréfinu, sem hér liggur fyrir til umr., þegar hv. 1. þm. Reykv. finnur ekki annað en það, sem hann benti á og ég ætla nú að undirstrika hvað er lítilfjörlegt. Það er það eina, sem hann finnur.

Hann endaði ræðu sína á því, að við vildum ekki ræða um utanríkismálin, vegna þess að við vildum dylja ósamkomulagið í utanríkismálunum. Hverjum dettur í hug, að hægt sé að dylja ósamkomulag í utanríkismálum? Það leynir sér ekki og hefur aldrei leynt sér, ekki við atkvgr. 28. marz og aldrei svo að segja fyrr, þegar atkvgr. hefur átt sér stað um utanríkismál hér í þinginu, og aldrei síðar og aldrei í blöðum. Það er vitað mál, að það hefur komið fram, að Sjálfstfl. vill hafa hér her og herstöðvar, jafnvel þó að það líti nokkuð friðsamlega út, metur það öðruvísi en Framsfl., eins og kom fram í atkvgr. 28. marz. Framsfl. vill

standa við sína samninga, sem hann gerði ásamt öðrum, þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið, að hér sé her á friðartímum. Og þriðja stefnan er sú, sem er hjá Alþb., að það vill alls ekki hafa herinn hér undir neinum kringumstæðum og vill ekki hafa samstarf við NATO samkvæmt atkvgr. 28. marz. Þetta liggur ljóst fyrir. Þetta eru stefnurnar. Það er vitað mál, að þær eru ríkjandi í flokkunum, og er ekki verið nokkurn skapaðan hlut að fela.

Hann sagði, að ég hefði breytt um stefnu, frá því að ég greiddi atkv. um Atlantshafsbandalagið. Ég sagði frá því, af hvaða ástæðum það var, og það mun ekki leyna sér í þingskjölum, af hvaða ástæðum ég sat hjá við þá atkvgr. Það hefur verið tryggt með samningum eða milliríkjanótum, að herinn fer héðan, hvenær sem Íslendingar óska þess, og ég er ekki í neinum vafa um það, að við það verður staðið, hvenær sem Íslendingar sjá sér fært vegna ástandsins í alþjóðamálum að krefjast þess.

Þá gerði hann að umræðuefni tryggt hlutleysi Íslands. *Ég held nú, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir,* — hann sagði, að þessu hefði ekki verið svarað áður, — að við höfum ekki sjaldnar en þrisvar sinnum tekið afstöðu til þess, að við erum ekki hlutlausir. Hann sagði, að það væri hlutleysi í annarri merkingu en venjulega hefði verið talað um. En það fylgdi nú tilboðinu um þetta hlutleysi, að herinn átti að fara héðan og leggja niður stöðvarnar að öllu leyti og væntanlega þá að rjúfa samninga við NATO, því að við erum bundnir þar enn, að því er a. m. k. flestir munu álíta, um tiltekinn árafjölda samkvæmt samningum, sem Alþ. hefur gert. Ég bjóst nú satt að segja ekki við því, að þessi stefna væri uppi, og skal játa, að hún kemur mér algerlega á óvart. Og ég vil spyrja hv. 1. þm. Reykv.: Vill hann leggja það til, að við segjum okkur úr NATO, vísum hernum úr landi og leggjum niður stöðvarnar og tökum upp umr. við Rússland og fleiri um verndað hlutleysi? Það er svo mikið víst, að það hefur verið tekin afstaða til þess gagnstæða með því að ganga í hernaðarbandalag, þó að *varnarbandalag sé, alveg tvímælalaus, og* þess vegna er búið að taka afstöðu til þessa hér áður. Það er þá breytt viðhorf, sem er náttúrlega hverjum og einum í sjálfsvald sett að koma fram með.

Hv. 1. þm. Reykv. getur vitanlega lagt hér fram tillögu og heimtað umræður um það, að við teljum okkur geta sagt upp samningum okkar við NATO, þó að það séu aðrar skoðanir uppi um það, hvað við séum þar bundin, og ég hef a. m. k. heyrt þær af hans eigin vörum áður, hvað samningurinn gilti til langs tíma að hans áliti, og yfirleitt sé ekki verulegur ágreiningur um það nú, og leggja þá þetta til, sem hann kom hér fram með. Það er aðeins skýrt frá því í bréfinu, að þetta er stefna ríkisstj. fram að þessum tíma. Við höfum tekið þessa afstöðu. Ef hann kemur með þetta í þinginu og fær það samþ., að það sé tekin upp önnur stefna, þá er það hægt hvenær sem er. Það er aðeins sagt, að Alþ. hafi tekið þessa afstöðu.

Enn þá lítilmótlegra verður þó það, sem hann gerði að ákaflega miklu atriði og — eins og oft vill verða — æsti sig upp, og það er furðulegt að geta æst sig upp út af atriði, sem er ekki stærra en þetta. Hann segir, að það standi í bréfinu, að tillagan frá 28. marz hafi verið afturkölluð, en ég hafi sagt, að henni væri frestað, og las svo áfram: „Fresturinn verður stuttur eða langur eftir atvikum, eftir því, hvernig verður ástatt í alþjóðamálum.“ Þetta væri alveg ofboðslegt, að það skyldi ekki vera notað þarna orðið frestur, heldur afturköllun. Að vísu getur verið munur á þýðingu þessara orða, en ég býst við, að flestir sjái, að hann er ekki stór í þessu tilfelli. Að fresta um langan eða stuttan tíma var vitanlega ekki gert nema með samþykki okkar og eftir okkar ósk. Við vorum búin að biðja um annað. Það er því ekki frestað nema af því, að við óskum eftir frestinum, og hvort það er kallað frestur eða afturköllun, einkanlega þegar það er sagt, að fresturinn sé stuttur eða langur eftir því, hvernig ástandið verði í alþjóðamálum, þá sé ég nú satt að segja ekki, að það sé atriði til að gera að umræðuefni og sízt af öllu að æsa sig upp út af því, eins og það væri eitthvert stórt atriði, því að það munu flestir sjá, að svo er ekki.

Þá er um vaxandi ófriðarhættu. Jú, hann segir, að ég hafi notað þessi orð forsætisráðherrans rússneska. En sannleikurinn er sá, að ófriðarhættan er alltaf vaxandi eða minnkandi hjá hv. 1. þm. Reykv., nákvæmlega eftir því, sem hann þarf á að halda í hvert skipti, sem hann talar hér í þinginu. Þegar lítur friðsamlega út, þá er stundum allt logandi undir niðri, ólgandi undir niðri og getur blossað upp eldgosið hvenær sem er, þegar við erum að halda því fram, að það sé friðvænlegt. Aftur á móti ef við höldum því fram, að það sé ófriðvænlegt, þá verður það allt í einu friðvænlegt. Og nú er það þannig, að hann er ekki fyrr búinn að sleppa orðinu um, að það hafi þurft að athuga það, hvort við ættum ekki að losa okkur alveg úr NATO, segja upp samningum, sem kannske er ekki hægt að segja upp, losa okkur við herstöðvarnar og herinn, heldur en hann hefur það eftir Spaak framkvæmdastjóra, að hann segir, að friðarhorfurnar séu góðar og hann trúi ekki á heimsstyrjöld, og hann segir síðan: Vitanlega eru þessar friðarhorfur algerlega komnar undir því, hvort við m. a. viljum leggja það á okkur að hafa hér her og herstöðvar, þ. e. a. s. að hvergi verði slakað á. Þá er það allt í einu komið yfir í þann dúr, tillaga hans um tryggt hlutleysi, að hvergi megi slaka á, og á því byggist það, að friður haldist í heiminum.

Ég sagði í upphafi þessa máls, að hv. 1. þm. Reykv. er áreiðanlega allra manna fundvísastur á það, sem má snúa út úr. Þessi tvö atriði eru einu atriðin, sem hann hefur til þess að fetta fingur út í viðkomandi þessu bréfi, að það sé ekki í samræmi við það, sem er viðvikjandi utanríkispólitík í okkar landi.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég skal leiða hjá mér allt karp við hæstv. forsrh. Hans

málstaður og andlega sjónarsvið lýsir sér í því, að hann getur ekki talað um hin merkustu mál nema með karpi og persónulegum hnotabitum, sem að vísu engan saka, en eiga allra sízt við, þegar rædd eru mál eins og þessi.

Hæstv. ráðh. ber á móti því, að það sé verið að reyna að dylja ósamkomulag innan stjórnarinnar um utanríkismál, og segir: Það er vitað mál, að það er ósamkomulag um þessi mál. — En hvað segir málgagn hæstv. utanrrh. um þetta í gær, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðviljinn virðist ekki vera alls kostar ánægður með svarbréf Hermanns og lýsir yfir, að bréfið hafi ekki verið borið undir ríkisstj. alla og lýsi því aðeins einkaskoðun forsrh. Þetta er furðulegt, því að bréfið byggist efnislega á þeirri stefnu í utanríkismálum, sem ráðh. Alþb. undirrituðu í stjórnarsamningnum og fylgt hefur verið síðan. Stjórnarsamningurinn, sem Lúðvík Jósefsson og Hannibal Valdimarsson undirrituðu, er sannarlega ekki einkaskoðun forsrh."

Þetta stendur orðrétt í málgagni hæstv. utanrrh. um það, að kommúnistar til þess að geta verið í ríkisstj. hafi orðið að fallast á allt aðra skoðun í utanríkismálum en þeir túlka í sínum blöðum. Og þó að ég geti fallizt á það, sem stendur í Þjóðviljanum í gær um siðleysi hæstv. forsrh., þá er það ekki síður siðleysi Þjóðviljans og kommúnista að ráðast þannig að sínum samstarfsmönnum fyrir þann verknað, sem þeir sjálfir bera ábyrgð á. Það hallast sem sagt ekki á hjá stjórnarliðinu, þegar um siðleysið er að ræða.

Hæstv. ráðh. segir, að ég hafi borið hér fram tillögu um það, að við gengjum úr Atlantshafsbandalaginu. Ég vakti einungis athygli á því, að það fær ekki staðizt, sem hæstv. forsrh. heldur fram, og sannast sagt hlýtur maður nú að vorkenna manninum að lenda í slíkum rökþrotum sem hann gerði, þegar hann segir, að hér hafi ekki átt að taka afstöðu til neins nýs, þegar það liggur fyrir, að við höfum aldrei áður haft slíkt tilboð sem þetta, sem nú hefur verið hafnað af hæstv. ráðh.

Ég sagði í minni ræðu, að ég teldi það sennilega rétt ráðið að hafna tilboðinu. Það er mál fyrir sig. En það verður ekki umflúið, að það er alveg nýtt atriði, hvort við eigum að hafna slíku tilboði, vegna þess að það hefur aldrei fyrr komið fram. Það er alger nýjung í okkar stjórnmálum, og ég verð að segja það eins og er, að ég efast mjög um, þó að rétt kunni að vera að hafna tilboðinu og sennilega sé rétt að hafna tilboðinu, að rétt sé að gera það með þeim hætti, sem í þessu bréfi er gert. Það er áreiðanlega rangt að gera það að ekki viðhöfðum öðrum undirbúningi en átt hefur sér stað, þar sem lög hafa verið brotin af hæstv. ríkisstj. við meðferð málsins. En það er ákaflega vafasamt, hvort rétt er að hafna tilboðinu á þann veg, sem gert er, með því að taka einstakar setningar út úr bréfi hins rússneska forsætisráðherra, snúa sannast sagt út úr þeim, eftir því sem bréfsemjendunum þykir hlýða, og með því að segja svo meira og minna ósatt um höfuðatriði íslenzkra stjórnmála, þau sem mesta þýðingu hafa. Slík vinnubrögð verða okkur ekki til gagns né sæmdar gagnvart neinum þjóðum, og aðrir hættir eru vissulega betur lagaðir til þess að auka álit litillar, fámennrar þjóðar heldur en slík vinnubrögð.

Vitanlega var það eina rétta að láta hafa samráð við utanrmn. um málið eða a. m. k. ræða það á lokuðum fundi Alþ. og knýja alþm. þannig til þess að taka afstöðu til málsins, gefa þeim færi á að bera ráð sín saman, hvort einhver ný atvik kynnu að gera það ráðlegt að íhuga málið nánar eða neita tilboðinu þegar í stað, eins og gert hefur verið. Það er algerlega rangt, að þó að málið hefði verið þannig tekið upp til þeirrar efnisathugunar, sem lög áskilja og velsæmi krefst, að ríkisstj. sýni, að af því hefði þurft að leiða, að við hefðum farið að brjóta samninga á Atlantshafsbandalaginu og annað slíkt. Það, sem til stendur með þeim fundi, sem nú á að fara að halda, hinna æðstu manna, er að semja um öll þessi mál á milli stórveldanna og allra aðila. Það er vegna þess, að það eru fyrirhugaðar breytingar á því valdafyrirkomulagi, sem verið hefur, og samningum, sem menn eru að tala um, að hinir æðstu menn þurfi að hittast, og vitanlega losum við okkur ekki við okkar skuldbindingar einhliða. En ef menn á annað borð telja, að slík hlutleysisyfirlýsing með tryggingu stórvelda komi til greina, þá var hún sjálfsagt umræðuefni í slíkum samningum.

En aðalatriðið er það, að ég gerist ekki talsmaður þess, að gengið sé að þessu tilboði, eins og ég veit að hæstv. forsrh. lætur nú fara að skrökva upp, heldur vek ég athygli á því, að hér er um algerlega nýtt atriði að ræða, og þess vegna, jafnvel miðað við rökstuðning hæstv. ráðh. sjálfs hér á Alþ. í dag og í Tímanum í gær, var sjálfsagt að bera málið undir utanrmn. og Alþingi, en það var vanrækt.

Varðandi hitt, hvort það skipti litlu máli, hvort viðræðum um endurskoðun varnarsamninganna hafi einungis verið frestað, eins og hæstv. ráðh. sagði í fyrra, eða beiðnin um endurskoðun hafi verið afturkölluð, eins og hann segir nú, þá spyr ég: Af hverju var þá lögð svo mikil áherzla á það í ræðu hans í fyrra og í frásögn Tímans, að það væri um frestun að ræða, en ekki afturköllun, ef það skipti engu máli? Var það ekki til þess að gera afturköllunarpilluna dálitið sætari, að þessu með frestunina var þá vafið utan um sem eins konar sykri? Og þá brugðust menn reiðir við, þegar ég og aðrir héldum því fram, að með þessu væri ályktunin frá 28. marz 1956 í raun og veru úr sögunni og efnislega afturkölluð. Þá var ráðizt á okkur fyrir að halda þessu fram. Nú er sagt, að hér sé bara um meinlausan orðaleik að ræða, sem enga þýðingu hafi. Nú er þetta orðaleikur, af því að það er búið að tryggja, að kommúnistar ætla að halda áfram að styðja hæstv. ráðherra, þennan siðlausa og fáfróða samningsrofa, sem þeir lýsa í blaði sínu í gær, hvað sem öllum ágreiningi í utanríkismálum líður. En þá vil ég leyfa mér að spyrja: Er enn búið að skipa þessa nefnd, var það ekki háttsettra manna, sem boðuð var í tilkynningunum í fyrra, og hverjir eru í þeirri n. og hversu

marga fundi hefur sú n. haldið til þess að athuga heimsástandið síðan? Þá var okkur sagt, að hún ætti að vera vakandi, eins konar þriðja auga í þessum málum, sem ætti að tryggja hagsmuni Íslands. Það er þess vegna ekki alveg ófróðlegt að heyra, hverjir fengu þennan háttsetta stimpil á sig, hversu marga fundi þeir hafa haldið og önnur atriði varðandi það efni. Og það skyldi þó aldrei vera rétt, sem sagt er, að sá hernaðarsérfræðingur, sem Framsfl. hafi tilnefnt í n., sé Þórarinn Þórarinsson ritstjóri?

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það hefur vissulega margt komið fram í þessum umræðum, sem vekja mun athygli, og þarf ég að vísu lítið að taka fram í sambandi við það. En þó er eitt veigamikið atriði, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., ekki einu sinni, heldur oftar, sem ég vil leyfa mér að gera nokkuð að umtalsefni, og það er í sambandi við dvöl varnarliðsins hér í landinu. Hæstv. forsrh. segir, að það hafi verið tryggt með milliríkjanótum, eins og hann komst að orði, að herinn eða varnarliðið hér muni fara, þegar Íslendingar óska þess. Það virðist svo sem af þessu megi skilja, að einhverjir samningar hafi átt sér stað í tíð núv. ríkisstj. um það að tryggja betur en áður var aðstöðu og rétt Íslendinga til þess að varnarliðið færi úr landinu. Þar sem þessi ummæli eru viðhöfð af hæstv. forsrh., þá vildi ég leyfa mér að minna á það, að í 7. gr. varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna var það í öndverðu tryggt, að Íslendingar gætu ráðið því, þegar þeir óskuðu þess, að herinn eða varnarliðið færi af landi brott, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvor ríkisstj. getur hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstj., farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri till. til beggja ríkisstj. um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitun um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstj. verði ásáttar innan sex mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstj. hvenær sem er eftir það sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar."

Frá upphafi vega var það sem sagt tryggt í þessum samningi, að Íslendingar gætu ráðið því, þegar þeim sýndist, að slíta eða binda enda á dvöl varnarliðsins hér í landi. Þess vegna er það, að þegar gerð var ályktunin 28. marz 1956 um, að Alþingi lýsti því yfir að óska þá, að varnarliðið hyrfi héðan úr landi, þá gat sú yfirlýsing ekki haft neina þýðingu aðra en það, að í henni fælist viljayfirlýsing Alþingis þá um að framkvæma rétt Íslendinga samkvæmt 7. gr. Það er áreiðanlegt, að menn bjuggust við því, að það vekti þá fyrir þeim mönnum, sem stóðu að þessari ályktun. Hún fól ekki í sér neinn nýjan rétt til handa Íslendingum, en hins vegar viljayfirlýsingu þeirra, sem að henni stóðu, um það að hagnýta þann rétt, sem við áttum samkvæmt 7. gr. Hitt er svo nú fram komið, að þessi vilji hefur af þessum sömu mönnum verið afturkallaður, eins og fram hefur komið hér í umræðunum, eða a. m. k. frestað. En þetta er það veigamikið atriði, að það er nokkuð undarlegt, að hæstv. forsrh. skuli flíka því hér í þessum umr., að það hafi tekizt að tryggja það með einhvers konar milliríkjanótum, að við Íslendingar ættum þennan rétt, sem við höfum alltaf haft frá öndverðu. — Mér þótti rétt, að þetta kæmi fram í umræðunum og væri ekki ómótmælt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að taka þátt í þeim almennu umræðum, sem hér hafa farið fram, enda var ég því miður ekki mættur í upphafi fundarins og missti af fyrstu ræðunum, sem hér voru fluttar. Út af fyrirspurn, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi hér til mín um skipun nefndar samkvæmt ákvæði í samningnum, sem gerður var á milli ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna í des. 1956 um endurskoðun varnarmálanna, vil ég hins vegar segja nokkur orð.

Þessi nefnd hefur þegar verið skipuð. Var gengið frá skipun hennar í nóvember-desember s. l. Á s. l. ári og til þessa hefur verið unnið að undirbúningi þeirra starfa, sem hún á að fjalla um, m. a. undirbúningi þess, með hverjum hætti og hvernig því verði bezt fyrir komið, að Íslendingar taki sjálfir í sínar hendur mest af þeim borgaralegu störfum, sem eru nú í höndum Bandaríkjamanna.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það skal vel vanda, er lengi skal standa, má segja um nefnd hinna háttsettu manna, því að það hefur sem sagt samkvæmt þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hér gaf, tekið ár að undirbúa það, að gengið væri frá því, að hún yrði skipuð, en mér skildist þó að hún hefði verið skipuð í nóv.-des. s. l. Þá vil ég spyrja: Er nokkur ástæða, nokkurt hernaðarleyndarmál eða þjóðhættulegt, að þingheimi sé nú í dag skýrt frá því, hverjir þessir þrír háttsettu menn eru, sem skipaðir hafa verið?

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fyrst hv. 1. þm. Reykv. langar svo mjög að heyra nöfn þeirra Íslendinga, sem skipaðir hafa verið í þessa nefnd, sé ég enga ástæðu til þess að amast við að svara þeirri spurningu. Þessir þrír Íslendingar eru Emil Jónsson og Þórarinn Þórarinsson auk mín.

V. Minnzt byltingartilraunar í Ungverjalandi.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Herra forseti. Í dag er eitt ár liðið, frá því að Ungverjar undir forustu stúdenta og verkamanna risu upp gegn einræði og erlendri ánauð og kröfðust frelsis. Engum efa er bundið, að ef Ungverjar hefðu verið látnir einir um mál sín, þá hefði þjóðin öðlazt

vestrænt frelsi. Hitt er kunnara en frá þurfi að segja, að á frumstigi byltingarinnar var þessi hetjuþjóð brotin á bak aftur af ofurefli erlends hervalds, sem síðan hefur fótum troðið frelsi hennar og hagnýtt til hægðarauka nokkra ungverska kvislinga.

Hetjudáðir Ungverja munu lifa um aldaraðir. Barátta þeirra og blóðfórnir munu fyrr eða síðar færa þeim frelsið.

Ég leyfi mér að biðja hv. alþingismenn að votta þessari hugumstóru hetjuþjóð djúpa virðingu og hjartanlega samúð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

VI. Sparifjármyndun.

Á 4. fundi í Sþ., 17. okt., utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hafði ætlað hér utan dagskrár, af því að mér fannst ástæða til, að beina einni fyrirspurn til hæstv. félmrh. En ég sé nú, að hann er ekki við, en ég tel, að það komi ekki að sök, því að aðrir hæstv. ráðherrar eru við. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. geti auðveldlega leyst úr þessari spurningu, en ekki þýðingarlaust einmitt að fá það fram á þessum vettvangi.

Mig langar til þess að spyrja um, á hvaða heimildum séu byggðar þær upplýsingar hæstv. ráðh., — og ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. sé kunnugt um þær heimildir, — að sparifjármyndunin í landinu hafi verið 141 millj. kr., það sem af er eða fyrstu sjö mánuði þessa árs, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. hér í þinginu í gær og prentað er á forsíðu Þjóðviljans í dag. Ég spyr að þessu vegna þess, að þær heimildir, sem mér er kunnugt um og gefa til kynna tölur eins og þessar, eru ekki í samræmi við þessar upplýsingar. Hagskýrslurnar birta mánaðarlega yfirlit yfir sparifjáraukninguna, og samkvæmt hagskýrslunum er sparifjáraukningin fyrstu 6—7 mánuði ársins 1956 í bönkunum einum 98 millj., en ráðherra segir, að í bönkum og sparisjóðum hafi þær þetta ár verið 98.9, en aftur á móti er til viðbótar, ef sparisjóðirnir eru teknir, þetta ár 38 millj., eða samtals 136 millj. En fyrstu 7 mánuði þessa árs segja hagskýrslurnar að sparifjáraukningin í bönkunum hafi verið 60 millj. og 607 þús. og 39.9 millj í sparisjóðunum, eða 100 millj. kr.

Ef hagskýrslurnar eru rangar í þessu tilliti, þá er hér um svo veigamikið atriði að ræða, að það þarf að gera gangskör að því að fá þær leiðréttar, eða ef heimildir þær, sem ríkisstj. byggir þessar upplýsingar á, eru rangar, þá er jafnnauðsynlegt að leiðrétta þær. Og ég teldi langbezt, að þessar upplýsingar kæmu fram hér í þingsölunum, svo að ekki þyrfti nú að taka upp deilur og endalaust karp um það í dagblöðunum, hvort eitt eða annað í þessu sambandi sé rétt eða ekki, því að hér eru atriði, sem í raun og veru ætti ekki að þurfa að deila um. Þetta er í sambandi við það, að menn hafa haft nokkrar áhyggjur af því, að sparifjáraukningin er ekki sú sama upp á síðkastið og verið hefur; og menn verða að minnast þess, að á s. l. ári minnkaði sparifé frá júlílokum og til desemberloka um 23 millj. kr., svo að frá júlí 1956 til júlí 1957 er í bönkunum ekki nema um 36 millj. kr. sparifjáraukningu að ræða, en frá júlí 1955 til júlí 1956 var hins vegar um 104.4 millj. kr. sparifjáraukningu að ræða. — Mér þætti mjög æskilegt, ef hægt væri að gefa þessar upplýsingar, svo að það sanna gæti komið í ljós.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Ég vil aðeins í tilefni af þessari fsp. benda á það, að mér þykir eiginlega mjög ótrúlegt, að hv. fyrirspyrjandi viti ekki betur en hann lét hér í skína í þessum efnum, því að ég ætla, að hann hafi allar þær tölur fyrir sér eða eigi auðvelt með að fá þær, sem upplýsa allt um þetta efni. Hitt er svo aftur augljóst mál, að þær tölur, sem hann er með, eru eingöngu bundnar við aðra hliðina á þeirri sparifjársöfnun, sem á sér jafnan stað í bönkum og sparisjóðum, það er sem sagt það fé, sem er lagt inn á sparisjóð. En hins vegar er sýnilegt, að hann sleppir þeim tölum, sem ná yfir hlaupareikningsinnistæður á hverjum tíma, en Landsbankinn hefur alltaf í skýrslum sínum tekið saman og gefið út heildartölur um hvort tveggja, enda er mjög augljóst mál, að náið samband er hér á milli í sambandi við þá sparifjársöfnun, sem á sér stað á hverjum tíma.

Samkvæmt skýrslum, sem ég fékk í viðskmrn. nú 14. okt., liggur það ljóst fyrir, að fyrstu 7 mánuði ársins 1956 hefur, eins og segir í þessari skýrslu, innistæðuaukning banka og sparisjóða verið 98.9 millj. árið 1956, en á sama tíma árið 1957 141 millj. kr. Þessar tölur eru því byggðar á skýrslu, sem tekin er upp í viðskmrn. samkvæmt tölum, sem þangað berast mánaðarlega frá bönkum og sparisjóðum, og hér er því um algerlega hliðstæðan samanburð að ræða. En hér er rætt um alla innistæðuaukningu í bönkum og sparisjóðum, en ekki aðeins tekin sú innistæðuaukning, sem er á sparisjóðsreikningum, en hinni sleppt. En þannig hefur sem sagt samanburðurinn alltaf verið, og þannig er eðlilegt að taka innistæðuaukninguna sem heild, en ekki sleppa öðrum þættinum.

Ég vænti svo, að þetta megi upplýsa hv. þm., sem hér spurði, ef hann hefur skort raunverulega vitneskju um þetta.

Jóhann Hafstein: Ég leyfi mér að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið, og ég tel mikilsvert, að það skuli þegar koma í ljós, að það er ekki sparifjármyndunin í landinu, sem hefur orðið slík sem hæstv. félmrh. lét í veðri vaka í gær, og það er náttúrlega ótrúlega mikið ábyrgðarleysi að ætla fólki að skilja það svo, að sparifjármyndunin í landinu sé svo og svo mikil, en gera þá ekki grein fyrir því, að það er ekki átt við sparifjármyndunina, heldur sparifjármyndunina að viðbættum hlaupareikningsinnistæðum, sem enginn hefur í þessu sambandi innifalið í

því, þegar talað er um fjármunamyndun sem sparifé meðal landsmanna.

En þetta er þá sem sagt upplýst, að í staðinn fyrir sparifjármyndun í landinu, eins og kom orðrétt fram í ræðu hæstv. félmrh. og eins og með stórum stöfum stendur skrifað á forsíðu Þjóðviljans í dag, að sparifjármyndunin sé 141 millj. kr., þá er ekki um það að ræða, heldur er hér byggt á skýrslu, sem viðskmrn. hefur látið hæstv. ráðh. í té, þar sem átt er við sparisjóðsinnlögin og hlaupareikningsinnistæðurnar.

Það stendur sem sagt enn óhaggað, að sjálf sparifjármyndunin er því miður miklu minni en hún hefur verið undanfarið, eins og þær tölur gáfu til kynna, sem ég upplýsti áðan, og það er í sjálfu sér gleðilegt, að aukning hefur orðið fyrri hluta þessa árs allveruleg, þó ekki eins mikil og áður. En samkvæmt reynslu s. l. árs, þá má búast við því, að síðari hluti ársins verði auðvitað ekki eins hagstæður í þessu efni.

Ég sem sagt endurtek þakklæti mitt til hæstv. viðskmrh. fyrir að hafa upplýst þetta, svo að menn þurfi þá ekki lengur að fara í grafgötur um það, við hvað er átt í þessu sambandi.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Ég vil aðeins til frekari áréttingar benda á það, að þegar rætt hefur verið um innistæðuaukningu í bönkum og sparisjóðum og Landsbankinn hefur gert um það skýrslur til samanburðar á milli ára, þá hefur hann ævinlega í öllum sínum skýrslum tekið báða þessa þætti saman, enda er það vitanlega eini rétti samanburðurinn á þessu. Hitt er aðeins útúrsnúningur, að ætla að gera einhvern mun á því, þó að aukningin fari í einn tíma eitthvað meira fram í gegnum hlaupareikningsinnistæður, en í annan tíma eitthvað meira í gegnum sparisjóðsbækur. Ég hygg sem sagt, að það sýni þetta langgleggst, hvernig Landsbankinn hefur stillt þessu upp hverju sinni í sínum opinberu skýrslum, og sé eðlilegast vitanlega að halda sér við það form. Það hefur líka komið mjög glögglega í ljós við nánari athugun á því, að hér er alveg beint samband á milli, að það er svo beint samband á milli, að þegar nokkrir mánuðir eru bornir saman, þá hefur það komið fyrir, að sparisjóðsaukningin hefur þotið upp um 30 millj. kr., á sama tíma sem hlaupareikningsinnlögin lækkuðu um sömu tölu. Aðalatriði þessa máls eru því rétt, eins og hæstv. félmrh. skýrði frá þeim hér í útvarpsumræðum. Ég veitti því að vísu athygli, að hann hafði viðhaft þau orð, að bankainnistæður hefðu hækkað um svona mikið á árinu 1956, en svo aftur í seinni hluta setningarinnar, að sparifjárinnlögin á árinu 1957 hefðu aftur á móti hækkað svona mikið nú. En nákvæmara orðalag hefði að sjálfsögðu verið að segja bankainnistæðurnar eða innistæðuaukningin og nota sama orð í báðum tilfellum yfir nákvæmlega sambærilegan hlut í báðum tilfellum.

En auk þess liggur það svo ljóst fyrir, að þó að sparifjárinnlögin sjálf séu tekin til samanburðar, þá eru þau miklum mun hærri á þessu ári en á árinu í fyrra. En munurinn er þó einnig mjög verulegur einmitt í sambandi við hlaupareikningsinnistæður, svo að ég tel, að það liggi mjög ljóst fyrir, að sá samanburður, sem hæstv. félmrh. hafði í útvarpsumræðum hér í gærkvöld, er réttur til þess að sýna það, hvernig er ástatt með aukningu á spöruðu fé á milli þessara tveggja ára.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af þessu. Ég vil benda á, að það er hægt að gefa yfirlit um aukningu á innistæðum með ýmsu móti, bæði sundurliðað og ósundurliðað. Það er auðvitað stundum hægt að gefa upplýsingar um það, að innlög á sparisjóðsreikninga hafi aukizt svona og svona mikið og innlög á hlaupareikninga svona og svona mikið. Ég stóð bara upp til þess að segja, að þegar ég hef á undanförnum árum verið að reyna að gefa yfirlit um heildarsparnaðinn, þá hef ég ævinlega tekið þetta í einu lagi og það margoft hér á hv. Alþingi, þegar rætt hefur verið um, hvað heildarsparnaðurinn á einhverju tímabili hafi aukizt. Þá hef ég tekið þetta í einu lagi og hef álitið það algerlega eðlilegt og sjálfsagt. Hitt er svo auðvitað hægt að gera, að sundurliða nánar, og þá er greint, hvað aukningin er á hvorum fyrir sig, sparisjóðsreikningi og hlaupareikningi. Ég vil taka fram, að ég man ekki eftir því, að það hafi nokkurn tíma verið gerð athugasemd við, að þessu hafi verið stillt upp í einu lagi sem heildarsparnaði.

Jóhann Hafstein: Mér finnst, hæstv. forseti, alveg furðulegt, að hæstv. fjmrh. skuli koma hér og lýsa því yfir, að hann hafi aldrei og geri ekki neinn mun á því, hvort um sparifjármyndun á sparisjóðsinnistæðum er að ræða eða hlaupareikningsviðskiptum í bönkunum, og hafi alltaf blandað þessu saman, þegar hann hafi gert samanburð í þessu efni. En látum það liggja á milli hluta, hversu heilbrigð þessi skoðun hæstv. fjmrh. er. Aðalatriðið er það, að ef menn ætla að sýna eitthvað og segja þjóðinni eitthvað, þá eiga þeir að segja henni satt um það, hvað þeir eru að sýna. Og þegar menn tala um sparifjármyndun í landinu, þá hefur hvorki fyrr né síðar og ekki af þessum mönnum fyrr en þá nú verið einnig átt við innlög, vaxandi eða minnkandi innlög á hlaupareikningum.

En ég vil svo leiðrétta það, sem kom fram núna hjá hæstv. viðskmrh., að hann sagði, að enda þótt miðað væri við sparifjárinnlögin ein, þá væru þau miklum mun hærri í ár en í fyrra. Þetta segir ráðherrann núna. Þó liggur það fyrir, að sparifjárinnlögin eru í fyrra á fyrstu sjö mánuðum ársins 98 millj. 165 þús. kr. í bönkunum og í ár 60 millj. 607 þús. kr. í bönkunum, eða nærri 40 millj. kr. minni. En ef sparisjóðirnir eru teknir með, þá eru þeir nokkurn veginn jafnir, því að sparifjáraukningin er í sparisjóðunum á árinu 1956 fram til júlíloka 38 millj. kr. og á árinu 1957 fram til júlíloka 39.9 millj. kr. Það er þess vegna næstum því 40 millj. kr. minni sparifjáraukning á þessu ári. En samt segir hæstv. viðskmrh. nú hér rétt áðan, að ef væri bara miðað við

sparifjárinnlögin ein, þá væru þau samt sem áður hærri í ár en í fyrra.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú búizt við því, að ekki væri þörf á því að deila um það hér, hvort það væri rétt, sem í hagskýrslunum segir, en þeir hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, virðast vera á allt öðru máli. Ég hygg, að hagstofan heyri undir hæstv. fjmrh., og ætti hann þá ekki að fresta því lengi að láta fara fram gagngerða endurskoðun á starfsemi hagstofunnar.

Það er svo, að fram að þessu hefur verið alltaf rætt um sparifjármyndun í því formi, að það væri það, sem næmi verðmætaaukningunni í landinu. Og hagstofan virðist hafa samið sínar skýrslur að þessu sinni eins og áður. Nú ætla hæstv. ráðh. að snúa dæminu við og segja: Sparifjáraukning er líka sú hækkun, sem verður á hlaupareikningi eða hlaupareikningum ýmissa fyrirtækja, en eins og kunnugt er, þá eru það verzlanir, sem hafa stærstu hlaupareikningsviðskipti við bankana.

Nú undanfarnar vikur og undanfarna mánuði hafa innflytjendurnir beðið eftir að fá yfirfært. Þess vegna hafa innistæður þeirra á hlaupareikningi hækkað nokkuð, af því að þeir hafa ekki fengið leyfi til þess að nota það fé, sem þeir áttu á hlaupareikningnum, til yfirfærslu.

Þetta er ekki verðmætaaukning í landinu, því að í staðinn fyrir vörur á innflytjandinn nokkra peninga í bönkunum, og hagstofan og hagfræðingar hafa aldrei leyft sér að halda því fram, að þetta væri verðmætaaukning, sem hér væri um að ræða. En hæstv. ráðherrar ætla að reyna að snúa staðreyndunum við til þess að rétta sinn hlut að einhverju leyti.

En er það nú skynsamlegt að halda því fram og segja það frammi fyrir alþjóð, að sparifjáraukningin sé meiri nú en áður, þegar öllum eða flestum, sem þurfa á fjármagni að halda, er neitað um lán, vegna þess að bankar og sparisjóðir hafa ekki fé? Ætli það séu ekki slíkar staðreyndir, sem allur almenningur trúir betur en orðagjálfri hæstv. ráðherra hér í þinginu. Og ég er dálítið undrandi á því og hef átt á ýmsu von eftir reynslu undanfarinna mánaða af þessum hæstv. ráðh., að þeir skuli koma hér og ætla sér að segja það hvítt, sem er svart, og þótt hagstofan haldi þessu fram, þá ætla þeir að halda öðru fram, og þeir ætla að segja það svo oft, að það verði tekið fyrir góða og gilda vöru.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Mér kom það einkennilega fyrir sjónir eins og sjálfsagt mörgum öðrum, þegar hæstv. félmrh. nefndi í umræðunum í gærkvöld þessa háu tölu um myndun sparifjár í landinu s. l. 7 mánuði. Ég furðaði mig mjög á því, hvernig þessi tala var fengin, og þess vegna fagna ég því, að hæstv. viðskmrh. skuli nú hafa upplýst það, að talan er fengin á þann hátt að bæta við aukningu sparifjárinnstæðna, eins og sú tala hefur hingað til að jafnaði verið gerð upp, annarri tölu, sem ekkert hefur með sparifjárinnstæður að gera, nefnilega aukningu hlaupareikningsinnstæðna á sama tímabili. Það þarf nú e. t. v. ekki að koma á óvart, þó að hæstv. ráðh. nefni þannig í útvarpsumræðum tölur, sem eru hreinar blekkingar. Hitt hefur komið mér dálítið meira á óvart í sambandi við þær umræður, sem hér hafa farið fram, og tel ég fulla ástæðu til þess að leiðrétta það, að það er vitnað í Landsbankaskýrslurnar þessu til stuðnings. Það mátti skilja jafnvel báða þá hæstv. ráðh., sem hér töluðu, þannig, að Landsbankinn væri nú farinn að gera þetta þannig upp, að það væri ekki gerður neinn munur á sparifjárinnstæðum og aukningu hlaupareikningsinnstæðna. Þetta er þá alger nýjung í skýrslugerð Landsbankans, ef þessu er svona varið, því að í þeim Landsbankaskýrslum, sem ég hef séð um þessi efni, hefur hingað til verið svo, að það hefur verið gerður mjög skýr munur á spariinnlánum, eins og það er kallað, annars vegar og veltiinnlánum hins vegar, enda er það augljóst mál, að þetta tvennt er alveg óskylt. Það er munur á því, hvort menn leggja peninga inn á sparisjóðsbækur til skemmri eða lengri tíma og fá af þeim sparifjárvexti, þar sem um fé er að ræða, sem gera má ráð fyrir að standi þar inni a. m. k. nokkurn tíma og í mörgum tilfellum tryggt, að það sé til alllangs tíma, eða þá hins vegar veltiinnlánum, sem aðallega eru þannig til komin, að það eru fyrirtæki, sem til bráðabirgða leggja peninga inn á reikninga sína í bönkunum, og oft er það þannig, eins og hv. 1. þm. Rang. hefur raunar þegar tekið fram, að aukning veltiinnlána stendur t. d. í sambandi við vandkvæði á því að yfirfæra gjaldeyri og þess háttar.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það er nú séð, að það hefur eitthvað komið illa við sjálfstæðismenn, að það skyldi verða upplýst, að innistæðuaukning hefur orðið í bönkum og sparisjóðum. Ákaflega á eitthvað illa við þá að heyra þetta. En það er alveg furðulegt, þegar reynt er nú að halda því fram, að hér sé einhver skilmunur þannig á peningum, sem aðilar eiga inni á hlaupareikningum og í sparisjóðum, hvað viðkemur verðmætaaukningu. Ef maður á peninga inni á hlaupareikningi, þá segir fyrrverandi viðskmrh., að það sé ekki verðmætaaukning, slíkir peningar, en ef þessir sömu peningar hefðu verið lagðir inn á sparisjóð, þá er það verðmætaaukning. Einkennilegir eru þessir peningar. Nei, hið sanna er það, að Landsbankinn, sem hefur nú um nokkurt skeið gefið út skýrslur um þessi efni, hefur að sjálfsögðu gert mun á því í sínu yfirliti, hvað eru bein spariinnlög og hvað eru veltiinnlög. En síðan hefur þessi sami Landsbanki tekið saman þessar tvær tölur og birt þær undir einu, sem hann kallar heildarinnlán, og það er þessi tala, sem nú var gerð upp á venjulegan hátt, að innistæðuaukningin sem heild sýndi það á 7 fyrstu mánuðum þessa árs, að hún var 141 millj. á móti 98 í fyrra. Undan þessu verður vitanlega ekki komizt, jafnvel þó að menn ætli sér nú þá dul að reyna að vinna þetta mál á þann hátt, sem hv. 1. þm. Rang. sagði hér, að sig varðaði ekkert um það, hvað hagstofan og aðrar slíkar stofnanir segðu, hann ætlaði

sér að segja þetta svo oft, að því skyldi verða trúað.

Það er auðvitað karlmannlega mælt að segja þetta, og maður þekkir þessi vinnubrögð, að reyna að endurtaka ósannindin svo oft, að einhverjir a. m. k. fari að trúa þeim. En það breytir engu um það, að innistæðuaukningin í bönkum landsins og sparisjóðum hefur orðið þessi, gerð nú upp á nákvæmlega sama hátt og gert hefur verið á undanförnum árum. En það er rétt, að að þessu sinni er það svo, að aukningin á hlaupareikningum er talsvert miklu meiri á þessu ári en hún var t. d. í fyrra. Það er nú eini munurinn.

Svo koma þessar einkennilegu skýringar, að hér geti verið um það að ræða, að verzlunarmenn og aðrir slíkir eigi peninga inni á hlaupareikningum, vegna þess að þeir fái ekki yfirfærslu fyrir vöruinnkaupum. En það stangast við þær tölur, sem þessum sömu mönnum hefur gengið heldur illa að glíma við, að á meðan svona hefur staðið á á hlaupareikningunum, þá hafa tölur sýnt það og sannað, að það hefur verið látinn að hendi meiri gjaldeyrir til vörukaupa en á sama tíma árið á undan. Menn kannske ætla sér að endurtaka það nógu oft, að þessar tölur séu ekki réttar, þó að allar opinberar skýrslur sýni annað.

En þegar þetta er athugað, þá vitanlega geta menn ekki heldur bjargað sér út úr þessu á þennan hátt. Hér er aðeins um það að ræða, að ýmsir aðilar og sumir mjög stórir aðilar hafa sparað fé á þennan hátt, og þarna hafa orðið, eins og ég sagði hér áður, stórfelldar millifærslur á milli mánaða, þannig að sparifé hefur vaxið, um leið og hitt hefur aftur minnkað, en slíkt hefur líka gerzt stundum áður.

Nei, það eru engar þannig skýringar á þessu, að hér séu raunverulega peningar geymdir aðeins um stundarsakir í staðinn fyrir vöruinnkaup, því að vöruinnkaupin hafa verið með mjög svipuðum hætti fram eftir öllu ári, svo að það er engu líku til að dreifa.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, sem ég sagði, að hér var gerður samanburður á þann hátt, sem gert hefur verið á undanförnum árum, alveg á sama hátt, og tölurnar líta svona út, hvort sem einstökum mönnum líkar það út af fyrir sig betur eða verr.

Ingólfur Jónsson: Það er nú ekki þörf á því að fara mörgum orðum um það, sem hér er á dagskrá, frekar, því að ég held, að flestum sé alveg ljóst, að hæstv. ráðherrar geta ekki varið þann málstað eða þær tölur, sem þeir eru með. Og það er alveg tilgangslaust fyrir hæstv. viðskmrh. að vera að reyna að heimfæra þau orð til mín, að ég hafi talið, að það þyrfti að endurtaka það nógu oft, sem ég hélt fram, til þess að því yrði trúað, vegna þess að það, sem ég sagði, er byggt á staðreyndum, en það, sem hæstv. ráðh. segja, er á móti staðreyndunum og allt annað en það, sem hagstofan heldur fram, og að þeir leyfa sér að gera þetta, hlýtur að vera vegna þess, að þeir hafa trú á því að endurtaka ósannindin nógu oft, þá verði því trúað. Hitt er svo mikill misskilningur hjá hæstv. viðskmrh., að við sjálfstæðismenn getum ekki fagnað því, að nokkur sparifjáraukning er í landinu, að nokkur verðmætamyndun er í landinu. En það er ekki hægt að láta því ómótmælt, þegar hæstv. ráðh. ætla að fara að rugla saman og halda því fram, að innlög á hlaupareikningi, sem eru til orðin vegna þess, að gengið hefur verið á vörubirgðirnar, sem til eru í landinu, — ætla þá að halda því fram, að þessi innlög séu raunveruleg verðmætaaukning í þjóðarbúinu.

Það er kunnugt, að vörubirgðir, erlendar vörur, sem liggja í landinu nú, eru mun minni en á sama tíma í fyrra og að vörubirgðir hjá innflytjendum og öðrum verzlunum eru að krónutali mun minni en þær voru áður. Það er þess vegna, sem nokkur innstæða hefur aukizt á hlaupareikningi þessara sömu fyrirtækja, sem hafa verið að selja upp gömlu birgðirnar, en ekki fengið að endurnýja þær. Og að ætla sér svo að reyna að halda því fram, að það sé verðmætaaukning í landinu, fjármagnsmyndun, að innflytjendurnir og þessar verzlanir geyma á hlaupareikningi nokkra innstæðu, af því að vörubirgðirnar hafa rýrnað, það er mikil fávizka, og það er tilgangslaust fyrir hæstv. ráðh. að reyna að telja fólki trú um það, að þetta sé raunveruleg fjármagnsmyndun. Eins og ég sagði áðan, er það ljóst, að sparifjármyndunin í landinu er það lítil, að hún stendur ekki undir nauðsynlegri uppbyggingu í þjóðfélaginu, og af þeim ástæðum er núv. hæstv. ríkisstj. alls staðar að leita að lánum, á meðan fyrrverandi ríkisstj. gat notað það innlenda fjármagn, sem skapaðist í landinu, til þess að standa undir öllum þeim framkvæmdum, sem þá var að unnið. Ég ætla, að þegar menn, sem eru að byggja og ráðast í aðrar nauðsynlegar framkvæmdir, fá hvergi lán, vegna þess að bankastjórarnir svara því til, að það séu engir peningar fyrir hendi, þá verði þær staðreyndir teknar miklu gildari en það fleipur, — ég leyfi mér að nota það orð, — sem hæstv. viðskmrh. var með hér áðan.

VII. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 31. fundi í Ed., 3. des., mælti

forseti (BSt): Það hafa ekki ýkja mörg mál að vísu verið lögð fyrir þessa hv. d. eða borin þar fram, en nokkur eru þau þó, mál, sem eru til meðferðar í nefndum deildarinnar, og væri að sjálfsögðu þörf á því, að nefndir færu að afgreiða þau mál, sem til þeirra hefur verið vísað.

Á 59. fundi í Nd., 3. marz, utan dagskrár, mælti

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Þann 10. des. s. l. var útbýtt hér í hv. deild frv. til l. um breyt. á lögum frá 1954, um tekjuskatt og

eignarskatt, þskj. 131, 80. mál. Að flutningi frv. stóðu hv. 2. þm. Reykv., hv. þm. Ísaf. og ég. 11. des. var frv. tekið til 1. umr. og að henni lokinni vísað til hv. fjhn. og til 2. umr.

Ég hef ekki alls fyrir löngu rætt við hv. form. fjhn., hv. þm. V-Húnv., um frv. og afgreiðslu þess frá nefndinni. Virtist mér á ummælum hans, að hann hefði ekki sérstakan áhuga fyrir afgreiðslu þess, en ræddi hins vegar um, að *bráðlega væri von á frv. frá hæstv.* ríkisstj. um breyt. á lögum frá 1954, um tekjuskatt og eignarskatt. Taldi hv. þm., að í frv. mundi verða ákvæði um skattfríðindi til handa sjómönnum á íslenzkum fiskiskipum.

Þetta frv. hefur nú verið lagt fram hér í d. á þskj. 261, og hafa hv. alþm. haft tækifæri til að kynna sér það. Í 4. gr. þess eru ákvæði um skattfríðindi fyrir sjómenn á íslenzkum fiskiskipum. Geri ég ráð fyrir, að hv. alþm. geti orðið mér sammála um það, að þau smávægilegu skattfríðindi fyrir sjómenn, sem 4. gr. frv. gerir ráð fyrir, verði engan veginn til þess fallin að bæta það vandræðaástand, sem skapazt hefur á undanförnum árum í sambandi við að sjá sjávarútveginum fyrir nægilegum sjómönnum á fiskiskipin. Hefur sigið meir og meir á ógæfuhlið í þessum efnum síðustu árin og fer stöðugt versnandi.

Svo alvarlegt er þetta ástand nú, að þrátt fyrir þann mikla fjölda færeyskra sjómanna, sem enn eru ráðnir á íslenzku fiskiskipin, eru á yfirstandandi vetrarvertíð sjö ágæt fiskiskip á landi í einni verstöð við Faxaflóa vegna skorts á sjómönnum. Þessi sjö skip voru þó gerð út allt árið 1957.

Þrátt fyrir það, að íslenzku þjóðinni fjölgar töluvert á *ári hverju, fækkar þeim mönnum*, sem leggja vilja stund á aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn. Allri þjóðinni mætti vera það ljóst og þá ekki síst hv. alþm., hvaða afleiðingar þessi óheillaþróun hlýtur að hafa í för með sér fyrir þjóðarbúið hvað efnahagslega og raunar einnig menningarlega afkomu snertir.

Um alllangt tímabil hafa afurðir sjávarútvegsins numið 90—95% þess gjaldeyris, sem þjóðin aflar með sölu íslenzkra afurða á erlenda markaði. Þennan útflutning mætti enn auka að stórum mun, þar sem mikil eftirspurn er erlendis eftir þeim afurðum, sem sjávarútvegurinn getur látið í té. Er því áríðandi fyrir þjóðina að gera sér glögga grein fyrir þeim mikilvægu skilyrðum, sem Íslendingar hafa á þessu sviði, og þeim yfirburðum, sem íslenzkur sjávarútvegur getur haft, borið saman við möguleika annarra þjóða til þessarar framleiðslu.

Í grg. með frv. á þskj. 131 færðum við flm. fram rök fyrir þeirri nauðsyn, að gerðar verði markverðar ráðstafanir af hendi Alþingis til að fyrirbyggja þá öfugþróun, sem nú ríkir, að með hverju ári sem líður fækki þeim mönnum, sem leggja vilja stund á sjómennsku. Eins og segir í lok grg., teljum við flm., að þó að felldur verði niður tekjuskattur sjómanna af þeim tekjum, sem þeir afla yfir þann tíma, sem þeir eru lögskráðir á íslenzk fiskiskip á skattárinu, sé þar aðeins um einn lið að ræða í þeim aðgerðum, sem óhjákvæmilega verður að gera af hendi Alþingis og ríkisstj. til að hvetja menn til að leggja stund á aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn. Að sjálfsögðu verður að leita ýmissa annarra ráða til að tryggja sjávarútveginum nægilegt vinnuafl, svo að hægt sé að reka hann með eðlilegum hætti, alþjóð til efnahagslegs öryggis.

Það er í sjálfu sér ekkert aðalatriði, hvort *frv. okkar á þskj. 131 verður samþykkt hér* í hv. d., eins og það liggur fyrir, eða hvort hv. fjhn. getur orðið sammála um að flytja brtt. við 4. gr. frv. hæstv. ríkisstj., samhljóða því, sem frv. okkar kveður á um. Ef samkomulag næst ekki um þá afgreiðslu, eru það vinsamleg tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að frv. okkar á þskj. 131 verði bráðlega tekið til 2. umr. hér í hv. deild, svo að *úr því fáist skorið, hver sé afstaða hv. alþm.* til þessa aðkallandi nauðsynjamáls.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Snæf. *hefur vakið hér athygli á óhæfilegum seinagangi* á afgreiðslu tiltekins máls hjá hv. fjhn.

Ég vil í því sambandi bera fram sérstaka umkvörtun yfir því, að frv., sem ég hef flutt ásamt þremur öðrum hv. þm., um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og vísað var til fjhn. 29. okt., hefur ekki enn nú í byrjun marz verið afgreitt úr nefnd.

Það er að sjálfsögðu óviðunandi seinagangur á afgreiðslu mála. Þetta mál hefur áður legið hér fyrir Alþingi nokkrum sinnum, var síðast í fyrra vísað til hæstv. ríkisstj. með því fororði, að hún hefði í undirbúningi löggjöf um þetta efni. Það hefur ekkert bólað á slíkri löggjöf, og enn þá er legið á afgreiðslu þessa máls, og virðist því harla lítill áhugi á að hrinda áleiðis því merkilega viðfangsefni, sem þar er um að ræða, hvað sem mönnum kann að *sýnast um einstök atriði* þess frv. En sannast sagna virðist vera harla lítill áhugi hjá nefndum hv. þd. að skila málum frá sér, því að mér telst svo til, að hér séu flutt af nefndum eða af þm. í deildinni 45 frv. og aðeins fjögur þeirra hafi hlotið meðferð í nefnd. Eru þó mörg þessara frv. flutt í október og nóvembermánuði, og virðist því hafa verið harla nægur tími til þess að athuga þessi mál, ekki sízt með hliðsjón af því, að störf Alþingis hafa ekki verið það tímafrek til þessa, að ekki hefði átt að gefast kostur á að athuga þessi mál í þingnefndum, og vildi ég mjög eindregið beina því til hæstv. forseta, að nefndir yrðu hvattar til þess að skila frá sér þeim frumvörpum, sem hjá þeim liggja.

Björn Ólafsson: Snemma á þessu þingi lagði *ég fram frv. um veltuútsvör*. Þessu frv. var vísað til fjhn., eins og vera bar. En það hefur ekki borið neitt á því, að hv. n. hafi tekið þetta frv. til athugunar eða afgreiðslu, þó að nú séu liðnir nokkrir mánuðir, síðan frv. var lagt fram. Ég mun gera kröfu til þess, að forseti taki málið á dagskrá mjög bráðlega, ef n. ætlar ekki bráðlega að sinna frv. á einn hátt eða annan.

Forseti (EOl): Ég vil að gefnu tilefni beina því til hv. nefnda deildarinnar að láta mál, sem til þeirra koma, fá þinglega afgreiðslu.

Á 33. fundi í Sþ., 12. marz, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Úr því að hér er farið að tala um nefndir, sem ókosið er í, en lagaskylda er til að kjósa, þá þykir mér hlýða að benda hæstv. forseta á, að utanrmn. hefur ekki enn þá kosið undirnefndina til að hafa til ráðuneytis hæstv. ríkisstj. um utanríkismál. Utanrmn. hefur aðeins haldið einn fund til meðferðar máli, síðan hefur málum verið vísað til hennar og enginn fundur haldinn, og hið fyrsta var ekki afgreitt.

Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann teldi sig ekki hafa rétt til þess, að nefndin gerðist athafnasamari en hún hefur verið, þannig að fullnægt væri lagaskyldu, því að heldur er óviðfelldið að flytja brtt. við þingsköp um það, að nefndin skuli gegna skyldu sinni, en vera kann, að það verði eina úrræðið, ef ekki fæst við gert.

Forseti (EmJ): Út af þessu vil ég aðeins segja, að það er náttúrlega ekki beint á valdi forseta að hafa áhrif á það, hvernig nefndir starfa, því að kosning þessarar undirnefndar í utanrmn. er aðeins eitt af störfum n. En ég skal gjarnan inna formann n. eftir því, hvort þessu geti ekki orðið lokið bráðlega.

Á 76. fundi í Ed., 11. apríl, mælti

forseti (BSt): Ég tel líklegt, að það fari að líða að þinglokum og að það verði, eins og vant er að vera, allmikið annríki síðustu daga þingsins. Þess vegna væri mjög æskilegt að ljúka málum, sem fyrir deildinni liggja, mjög bráðlega, áður en til meira annríkis kemur. Það eru nokkur mál, sem liggja í nefndum deildarinnar, og vildi ég mælast til þess, að þau yrðu afgreidd sem fyrst.

Fjhn. hefur afgreitt öll mál, sem til hennar hefur verið vísað, nema eitt, en það er samkvæmt samkomulagi við flm. þess máls, að afgreiðsla þess bíður um sinn.

Allshn. hefur til athugunar frv. um sölu áfengis og tóbaks til erlendra flugfélaga, 164. mál, í öðru lagi frv. um sveitarstjórnarkosningar, 134. mál. Væri mjög æskilegt, að hv. nefnd gæti skilað áliti um þessi mál.

Heilbr.- og félmn. hefur til meðferðar frv. um húsnæðismálastofnun o. fl., það er 136. mál.

Menntmn. hefur frv. um skipan prestakalla, það er 90. mál.

Samgmn. hefur í fyrsta lagi frv. um breyt. á vegalögum, sem lagt var fram snemma á þinginu. Ef til vill lítur hv. n. svo á, að það mál sé afgreitt með þáltill., sem samþykkt var í Sþ. fyrir nokkru, og er þá ekki meira um það að segja. Þá eru í öðru lagi póstlög, það er 32. mál, og í þriðja lagi veitingasala o. fl., 49. mál.

Sjútvn. hefur tvö mál, sem ekki hefur verið skilað nál. um, fyrst frv. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, það er 125. mál, og í öðru lagi siglingalög, það er 126. mál.

Vildi ég yfirleitt mælast til þess, að hv. nefndir d. skiluðu áliti um þessi mál hið allra bráðasta, en get þó fallizt á, ef hv. samgmn. lítur svo á, að frv. um verðlagabreytingu hafi verið afgr. með vissum hætti nú þegar, að taka það gilt.

Á 39. fundi í Sþ., 16. apríl, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það eru nokkrar þáltill., sem ég hef borið fram, sem eru hjá þingnefndum, og ég vildi beina því til hæstv. forseta, að hann hlutaðist til um, að nefndirnar afgreiddu þau mál, sem til þeirra hefur verið vísað og hafa verið þar svo lengi, að líklegt má þykja, að nægur tími hafi unnizt til að sinna þeim. Ég hef ekki við höndina skrá yfir þessi mál, en ég get komið henni til hæstv. forseta, annaðhvort utan fundar eða á næsta fundi, ef hann telur, að það muni greiða fyrir eðlilegum starfsháttum.

En aðalerindi mitt var þó að benda á, þar sem nú mun líða að þinglokum, eftir því sem fregnir segja, að hv. utanrmn. hefur ekki enn kosið þá undirnefnd, sem henni ber að kjósa samkvæmt ótvíræðum ákvæðum þingskapa. Meðan Alþingi situr, má segja, að þetta komi að minni sök en ella, vegna þess að hæstv. ríkisstj. gæti þá, ef hún vildi, leitað til annaðhvort allrar utanrmn. eða Alþingis í heild og loksins þingflokka, sem eru við höndina. En þegar Alþingi situr ekki á fundum, þá er það a. m. k. hugsanlegt, að ríkisstj. kynni að detta í hug að fara að lögum og leita samráðs við þann aðila, sem skylt er að leita samráðs við, og mér virðist það því vera mjög illa gert við illa stadda ríkisstj. að ætla henni ekki þá samhjálp, sem lög hafa fyrirskipað, og vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann kunni ráð til þess, að úr því verði bætt, annaðhvort með hans íhlutun eða hann vilji leiðbeina mér og öðrum þingmönnum, til hvaða úrræða eigi að grípa, til þess að lögum verði framfylgt að þessu leyti.

Forseti (EmJ): Ég vil í þessu tilefni beina því til formanna nefnda, að þeir leitist við, eftir því sem föng eru á, að greiða fyrir afgreiðslu mála í nefndum, og gildir það þá vitaskuld um það, sem hér hefur verið nefnt, og annað, sem nefndirnar kunna að eiga óafgreitt.

Á 82. fundi í Nd., 22. apríl, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Snemma á þingi flutti ég þrjú frv., sem mun hafa verið vísað til n., en ekki hafa komið þaðan aftur.

Það fyrsta er frv. til l. um breyt. lögum nr. 34 1946, um fræðslu barna. Þetta er 58. mál Nd., og hinn 17. des. 1957 skilar minni hl. menntmn. svo hljóðandi áliti:

„Frv. þetta, sem flutt er nú í þriðja sinn af 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktssyni, fjallar um stuðning ríkisins við einkaskóla.

Í hittiðfyrra felldu vinstri flokkarnir frv. þetta, og í fyrra afgreiddu fulltrúar þeirra í menntmn. Nd. málið ekki þrátt fyrir ítrekuð tilmæli Sjálfstfl. Málið var samt oft rætt í nefndinni.

Á þinginu nú í vetur hefur málið enn legið fyrir, en meiri hl. ófáanlegur til að afgreiða það.

Minni hl. finnst hins vegar engin ástæða til að draga afgreiðsluna úr hömlu og telur:

1. að einkaskólana beri að styðja vegna þeirrar fjölbreytni, sem þeir eru líklegir til að skapa í fræðslumálunum;
2. að engin ástæða sé til að gera fólki, sem heyrir til söfnuðum utan þjóðkirkjunnar, fjárhagslega erfiðara fyrir en öðru fólki að senda börn sín í þá löggiltu einkaskóla, sem söfnuðirnir reka;
3. ef skólahald þetta hættir vegna fjárskorts, mundu börnin, sem annars stunda nám í einkaskólum, fara í almenna barnaskóla, og yrði þá að fjölga þar kennurum, sem launaðir eru af hinu opinbera.

Þess vegna er sanngjarnt að fara fram á, að laun fastra kennara verði greidd úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eins og kennarar barnaskóla."

Þetta segja þau Ragnhildur Helgadóttir og Kjartan J. Jóhannsson hinn 17. des., og þá hefur sem sagt þar komið fram, að meiri hl. menntmn. er ófáanlegur til að afgreiða málið.

Nú skil ég það að vísu, að menn geti verið ósammála um þetta mál eins og öll önnur. En hitt er mér óskiljanlegt, að meiri hl. n. reynist með öllu ófáanlegur til að afgreiða mál, sem sent er honum til athugunar. Jafnvel þó að hann hafi þurft einhvern lengri tíma en var fyrir hendi til 17. des., þá er nú komið fram yfir 20. apríl, og Alþ. hefur lengst af setið síðan, — látum nú vera, hversu störfin hafa verið mikil, — en menn hafa a. m. k. verið viðloðandi og á launum af ríkisfé allan þennan tíma. Það sýnist því alls ekki til of mikils ætlazt, að meiri hl. þessarar hv. n. fáist til þess að skila einhverju áliti um málið, annaðhvort með eða á móti, svo að hæstv. forseti sjái sér fært að taka málið á dagskrá.

Svipuðu máli sýnist vera að gegna um tvö önnur frv., sem þó eru náskyld hvort öðru, þ. e. frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 5. júní 1957, um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, sem er 81. mál, og frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, sem er 82. mál. Efni þessara tveggja frv. er það að láta greiða fé í menningarsjóð af ágóða áfengisverzlunarinnar, sem eins og kunnugt er hefur farið milljónatugi fram úr áætlun á undanförnum árum, en hverfa frá þeirri ófremd, sem tekin var upp á s. l. ári, að leggja skatt á hvern einasta kvikmyndamiða á venjulegum sýningum í þessu skyni, og má því segja, að þar sé nánast um nefskatt að ræða á mjög holla almenningsskemmtun, gagnstætt því, sem verða mundi, ef tekjurnar væru teknar af umframgróða áfengisverzlunar ríkisins.

Ég veit að vísu, að hæstv. fjmrh. hefur mjög beitt sér á móti þessari réttarbót og ber manna mest ásamt hæstv. menntmrh. ábyrgð á því, að þessi óheppilegu ákvæði voru sett í lög á sínum tíma. Mér er því ljóst, að það eru sterk öfl hér á Alþingi, sem standa í vegi fyrir því, að þessi réttarbót nái fram að ganga. En það er ekki lægt að þola, að þeir hindri þinglegar umræður um málið. Það minnsta er, að þeir hafi þá kjark til þess að standa fyrir máli sínu hér í hv. d. og færa rök fyrir sinni villu, ef þeir hafa nokkur rök, og komist ekki upp með það ofbeldi og rangindi að hindra, að málið sé tekið hér til umræðu.

Ég vil af þessum sökum mjög eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann nú, helzt fyrir næstu mánaðamót, hlutist til um það, að þessi mál verði tekin á dagskrá. Mér finnst það ekki skammlaust, að enn sé látin líða ein mánaðamót, án þess að hv. d. eigi þess kost að bæta um það, sem áður hefur misfarið í þessum efnum. Það má vera, að ýmsir þm. hafi nú séð sig um hönd og vilji breyta til frá því, sem þeir áður létu hafa sig til. En hvort sem málið hefur stuðning eða stuðning ekki, þá er það þinglegur réttur að fá úr því skorið, hvort málin hafa fylgi eða ekki.

Forseti (EOl): Ósk hv. þingmanns mun tekin til athugunar.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég hygg, að það hafi verið á síðasta fundi í Sþ., að ég hreyfði því, að nokkur mál, sem ég hefði borið fram, hefðu ekki fengið afgreiðslu í n. Hæstv. forseti tók þá, eins og hans var von og vísa, af alkunnri réttsýni vel í það að hlutast til um, að á þessu yrði ráðin bót, og þykir mér því rétt að vekja athygli hans á því nú, að ekki hefur um skipazt í þessum efnum. Vildi ég geta um þær till., sem hér skipta máli.

Það er í fyrsta lagi till. um að reisa myndastyttu af Ingólfi Arnarsyni í Noregi, sem var flutt af mér og ýmsum öðrum þm. Í öðru lagi skýrsla um Ungverjalandsmálið, sem er flutt af mér. Í þriðja lagi till. um menntaskólasetur í Skálholti, að kannað verði, hvort hagkvæmt muni að koma því þar upp, till. flutt af hv. 2. þm. Árn. og mér. Og loks till. um setningu löggjafar fyrir stjórnarráð Íslands, sem er flutt af mér.

Tvær af þessum till., þær er ég nefndi fyrst, liggja fyrir utanrmn. og hefur verið vísað þangað fyrir alllöngu. Báðar voru fluttar snemma á þinginu. Hin síðari fékk að vísu ekki meðferð hér í Sþ. fyrr en eftir áramót, að því er ég hygg, en þó hafa nokkrir mánuðir liðið, síðan málinu var vísað til utanrmn. Till. um Skálholt mun vera hjá allshn. og till. um stjórnarráðið í fjvn.

Ég vildi mjög eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann hlutaðist til um, að nefndir skiluðu áliti um þessar till., svo að þingheimi gæfist kostur á að ræða þær og taka afstöðu með þeim eða á móti. Mér er það vitanlega ljóst, að hæstv. forseti hefur ekki í hendi sér að hlutast til um, hvort menn verða með

málinu eða á móti, en þm. eiga rétt á því, að mál þeirra fái þinglega afgreiðslu og verði hér tekin til ákvörðunar.

Í þessu sambandi þykir mér svo enn rétt að vekja athygli hæstv. forseta á því, að utanrmn. hefur ekki kosið þá undirnefnd til ráðuneytis hæstv. ríkisstj. í utanríkismálum, sem lagaskylda er til.

Forseti (EmJ): Ég tel sjálfsagt að koma áleiðis til nefndarformanna tilmælum hv. 1. þm. Reykv. um, að þau 4 og þó öllu heldur 5 mál, sem hann nefndi, verði afgreidd.

Á 83. fundi í Nd., 23. apríl, utan dagskrár mælti

Magnús Jónsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi flutti ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. frv. um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Þessu frv. var snemma á þinginu vísað til fjhn. þessarar deildar, en hins vegar hefur enn ekki neitt nál. komið frá þeirri hv. n. Þetta frv. hefur áður verið hér til meðferðar í Alþingi, þannig að það er hv. n. vel kunnugt að efni til, þannig að það getur naumast þurft að taka mjög langan tíma að átta sig á málinu.

Ég verð að láta í ljós óánægju yfir því, að svo mjög hefur dregizt, að málið væri afgreitt úr n., þar sem þegar eru nú margir mánuðir liðnir síðan því var þangað vísað, og vil ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann hefði ekki tök á því að ýta á eftir, að málinu yrði skilað úr nefnd.

Þá er jafnframt annað mál, það er um eflingu iðnlánasjóðs. Þar eru tvö frv., annars vegar um breyt. á lögum um iðnlánasjóð og hins vegar um breyt. á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Það er einnig orðið langt síðan þessum frv. var vísað til nefndar, og hefur eigi heldur borizt nál. um þau.

Ég vildi jafnframt beina því til hæstv. forseta, hvort ekki mundu tök á að ýta á eftir því, að nefndin skilaði áliti um þessi mál. Það hefur nú dregizt það lengi þingtími, að það hefðu átt að vera tök á því, bæði fyrir þessa nefnd og aðrar, að skila þeim málum, sem hjá þeim liggja. Það eru einnig ýmis önnur frv., sem ég er meðflm. að, en geri ekki hér sérstaklega að umtalsefni, þar sem það eru aðrir hv. þm., sem þar eru 1. flm., en ég verð að láta í ljós óánægju yfir því, að ekki skuli fást afgreiðsla á þessum málum. Það er að sjálfsögðu ekkert við því að segja, ef nefndirnar ekki treysta sér til að mæla með þeim, en það er eðlilegt og ekki annað en þinglegur réttur hvers þingmanns að fá málið til afgreiðslu inn í þingið á þann veg, að hægt sé að fá niðurstöðu um það hér, hver afstaða manna er til málanna.

Það mætti ætla, að færi að draga að þinglokum, þannig að ástæða virðist vera til þess að reyna að ýta á eftir því, að þessi mál komi til afgreiðslu. Ég vil því vinsamlegast fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann beiti sínum áhrifum til þess, að svo megi verða, því að mér er kunnugt um, að hann hefur sjálfur áhuga á því, að mál fái afgreiðslu hér í deildinni.

Forseti (EOl): Ég vil að gefnu tilefni óska þess, að nefndir deildarinnar sjái um, að mál, sem til þeirra er vísað, fái þinglega afgreiðslu.

Á 43. fundi í Sþ., 7. maí, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi vekja athygli á því, að enn hefur ekki verið skilað nál. varðandi 4 þáltill., sem ég hef flutt, ýmist einn eða ásamt öðrum. Það eru till. um myndastyttu af Ingólfi Arnarsyni og skýrsla um Ungverjalandsmálið, sem voru sendar til hv. utanrmn., og till. um athugun á menntaskólahaldi í Skálholti, sem var send til allshn., og till. um stjórnarráð Íslands, sem var send til fjvn.

Ég hef hreyft þessum málum hér áður, en án árangurs. Það má segja, að nokkuð ólíkt standi á um þau, vegna þess að kunnugt er, að það eru þó haldnir fundir í allshn. og fjvn., þannig að minni hl. þar hefur í hendi sér að gefa út minnihlutaálit, þegar þrautreynt er, að meiri hl. fáist ekki til þess að afgreiða málið. Ég vil beina því til minni hl., að hann a. m. k. athugi það sem neyðarúrræði, þó að æskilegt væri, að nefndirnar í heild fengjust til að taka málið til afgreiðslu.

En þetta úrræði er ekki fyrir hendi varðandi utanrmn. og þær till., sem þar liggja fyrir, því að í henni fæst alls ekki fundur haldinn. Ég vildi spyrja hæstv. forseta þeirrar ákveðnu spurningar, hvort hann telur fært fyrir minni hl. að kljúfa sig út úr nefndinni, ef ekki fæst haldinn lögmætur fundur í n. yfirleitt, eða hvort hægt er að safna mönnum saman á nefndarfund án atbeina formanns, annaðhvort meiri hl. eða minni hl., þannig að einhverju nál. verði komið út.

Þetta er mikilsvert, að þm. fái leiðbeiningu um. Efnislega má þó segja, og ég vil segja það hér berum orðum, að það væri ákaflega óviðfelldið, ef það þyrfti að gefa út minnihlutaálit, sérstaklega ef það væri með vafasamri formlegri heimild, að minni hl. skæri sig frá meiri hluta, — þá væri það ákaflega varasamt og leitt, ef það þyrfti að gefa út minnihlutaálit um till. varðandi myndastyttu af Ingólfi Arnarsyni. Ég stend í þeirri meiningu, og menn úr öllum flokkum hafa tjáð mér, að það sé meiri hl. á Alþingi fyrir samþykkt þessarar till. og það hafi ekki orðið vart neins ágreinings um afgreiðslu málsins, eftir að upplýst er, að kostnaður við þessa framkvæmd verður síður en svo talinn óviðráðanlegur.

Þegar þannig stendur á, þá er það með öllu óviðunandi, að málið skuli ekki fást tekið fyrir í nefnd, og það er einnig með öllu óviðunandi, að einstakir nefndarmenn verði neyddir til þess að gefa út sérálit um slíkt mál, þannig að það líti út fyrir, að þingið sé klofið um mál, sem ég hef fulla ástæðu til að ætla, að þingheimur sé sammála um, og mál, sem ekki veit fyrst og fremst að okkur inn á við, heldur gagnvart okkar nánustu frænd- og vinaþjóð, Norðmönnum. Hér er því um gersamlega óviðunandi ástand að ræða, og ég vil beina því til hæstv. forseta og ríkisstj., allra þeirra, sem þessu ráða, að úr þessu verði bætt, þannig að málið fáist fyrir tekið og ekki verði úr því leiðindamál, öllum þingheimi til skammar.

Varðandi skýrsluna um Ungverjalandsmálið má segja, að öðruvísi standi á. Mér þykir ekki ósennilegt, að það kunni að vera deilumál. Það er skiljanlegt, að sumir valdamiklir menn hér á Alþingi séu því andstæðir, að skýrsla um Ungverjalandsmálið verði gefin út á Íslandi, svo að það sjáist, hversu áberandi margt er líkt um stjórnarhætti í Ungverjalandi og Íslandi nú, þó að það sé aðeins lítill skuggi á Íslandi, sem er orðið mara í Ungverjalandi. Skiljanlegt er, að um þetta geti verið málefnalegur ágreiningur. En hitt er óskiljanlegt með öllu, að það skuli staðið á móti og hindruð þingleg meðferð máls eins og styttunnar af Ingólfi Arnarsyni, máls, sem er flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum, að því er ég bezt veit, eftir að þeir voru búnir að hafa samráð við sína þingflokka, og þegar flm. fullyrða, að það sé engin andstaða enn í þingflokkunum á móti málinu.

Þegar litið er til þeirra mála, sem eru fyrir hv. utanrmn., þá er mjög torskilið, af hverju nefndin fæst ekki kölluð saman. Einhver hefur látið sér detta í hug, að það kynni að vera vegna þess, að koma ætti í veg fyrir kosningu undirnefndarinnar, sem á að vera til ráðuneytis hæstv. ríkisstj. í utanríkismálum. En ég sé ekki, af hverju meiri hl. utanrmn. getur ekki alveg eins fellt að kjósa undirnefndina, þó að hann brjóti með því lög, eins og lög eru brotin með því að kalla ekki saman utanrmn. til þess að hún geti kosið þessa lögskipuðu nefnd. Og ég skil ekki, af hverju form. utanrmn. einn er látinn taka á sig ábyrgð af þessu lögbroti, sem er óhugsandi að honum héldist uppi, nema hann hefði þinglegt fylgi til þess á bak við sig.

Og jafnvel þó að undirnefndin væri kosin, þá sé ég ekki, ef hæstv. ríkisstj. vill fram halda í sínum lögbrotum, af hverju hún getur ekki neitað að kveðja þriggja manna nefndina til, eins og hún hefur skotið sér undan að bera nokkurt mál undir utanrmn. Það hefur heyrzt sú skýring á þessu, að það væri fyrirsjáanlegt, að ef undirnefndin yrði kosin, þá yrði í hana óhjákvæmilega kosinn einn af Alþýðubandalagsmönnum eða kommúnistum, hverju nafni sem við viljum nú nefna þann mjög virðulega flokk, og það væri talið mikilsvert út á við, að það kæmi fram, að menn úr þeim flokki væru ekki kvaddir til meðferðar utanríkismála. En ef mennirnir hafa þinglegan styrk til þess að vera í þessari nefnd, þá er ekki hægt með þessu móti að hindra þá í að verða þar kjörna. Þá þarf að breyta lögum til þess að svipta þá þeim möguleika.

Auk þess er það fullkomin blekking, ef með þessu móti á að gefa í skyn og vekja þá fölsku von hjá okkur vinveittum þjóðum, að kommúnistar hafi ekki afskipti af og full ráð í utanríkismálum á við aðra stjórnarflokka. Vitanlega lætur sá flokkur ekki bjóða sér að sitja í ríkisstj. árum saman án þess að fylgjast með öllum þeim utanríkismálum, sem hann lætur sig nokkru skipta.

Það er þannig fyrir löngu orðið ljóst, að áframhaldandi dvöl varnarliðsins hér á landi er samþykkt jafnberlega og ótvírætt af Alþb. og Sósfl. og kommúnistum eða hvað þeir nú kalla sig eins og öðrum stjórnarflokkum.

Ef þeir hefðu nokkurn áhuga fyrir því að láta varnarliðið hverfa burt, þá hefðu þeir að sjálfsögðu beitt sínu afli innan ríkisstj., í fyrsta lagi til þess að fá málið tekið fyrir á stjórnarfundi og í öðru lagi til þess að knýja fram framkvæmd á stjórnarsamningnum um þetta efni, en málgagn hæstv. utanrrh. hefur skýrt frá því, að ráðherrar Alþb. hafi ekki hreyft málinu í ríkisstj. allan tímann, frá því að ríkisstj. var mynduð.

Það er líka opinbert mál hér í þinginu nú, að dráttur er nú orðinn á afgreiðslu mikilvægra mála vegna tortryggni stjórnarflokkanna innbyrðis varðandi viðkvæm mál, sem mjög snerta utanríkisaðgerðir.

Með þeim drætti, sem þannig er á orðinn, þá er sannað svo berlega, að ekki þarf um það að þræta, að hver stjórnarflokkur hefur í hendi sér að stöðva framgang allra mála, þangað til hann hefur tryggingu varðandi afgreiðslu annarra mála á þann veg, sem hann telur sér henta. Þetta liggur í augum uppi og hefur alltaf verið vitað, en er að sannast áþreifanlega fyrir þingheimi þessa dagana.

Ég vil því af öllum þessum ástæðum mjög eindregið fara þess á leit, að það verði hætt þessum skollaleik, sem engan svíkur lengur, — að utanrmn. verði kölluð saman, að hún fái að afgreiða þau mál, sem til hennar hefur verið skotið. Stjórnarflokkarnir svo um það, hvort þeir kjósa þriggja manna nefndina. Þeir geta beitt þar meirihlutavaldi sínu, ef þeir vilja, og stjórnin getur haft nefndina að engu, ef henni sýnist. En það minnsta er þó, að formlega sé farið að bókstaf laganna, og það allra minnsta, að ekki sé trufluð meðferð annarra mála og þjóðin gerð að viðundri út á við, eins og lítur út fyrir að eigi að gera gersamlega að þarflausu varðandi till. um gjöfina til Norðmanna.

Forseti (EmJ): Án þess að fara að ræða bollaleggingar hv. 1. þm. Reykv. almennt, þá skal ég þó taka fram, að ég er ekkert síður en hann óánægður með þann drátt, sem orðið hefur á afgreiðslu nokkurra mála, bæði í þessari nefnd, sem hann nefndi, og öðrum. Það er ekki einasta, að þessar 4 þáltill., sem hann minntist á, liggi óafgreiddar hjá nefndum, heldur ýmsar aðrar, bæði sem ég sjálfur er flm. að og aðrir fleiri. Og það væri mjög æskilegt, að þeir, sem um nefndarstöfin eiga að sjá, sæju nú til þess, að till. gætu verið afgreiddar á einn veg eða annan, aðeins að afgreiðsla fari fram, svo að hv. alþm. gætu fengið þær hér til endanlegrar afgreiðslu. *(Gripið fram í.)* Já, ég ætlaði að segja um það nokkur orð líka, en ef ekki kemur neitt nál. um þau mál, sem ég tel alveg nauðsynlegt að afgreiðslu fái, þá mun ég taka til athugunar, hvort ekki verður nauðsynlegt að taka málin á dagskrá án nál. eða koma þeim á annan hátt inn í þingið aftur.

VIII. Minning látinna manna.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., mælti

forseti (EmJ): Síðastliðna nótt lézt í sjúkrahúsi hér í bænum Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, fyrrverandi skrifstofustjóri Alþingis, 71 árs að aldri. Vil ég leyfa mér að minnast hans nokkrum orðum.

Jón Sigurðsson fæddist á Kirkjubæjarklaustri á Síðu 18. febrúar 1886, sonur Sigurðar sýslumanns Ólafssonar og konu hans, Sigríðar Jónsdóttur umboðsmanns í Vík Jónssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík árið 1906, stundaði síðan nám í norrænum fræðum við háskólann í Kaupmannahöfn, en hvarf brátt að öðrum störfum, var ritari í skrifstofu stjórnarráðs Íslands í Kaupmannahöfn 1909—1912 og fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu 1912—1915. Á árinu 1916 gerðist hann starfsmaður í skrifstofu Alþingis og vann þar um 40 ára skeið, var skrifstofustjóri frá 1921, en lét af þeim störfum sökum aldurs á miðju ári 1956.

Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi var góður starfsmaður. Hann var prúðmenni í framgöngu og rækti störf sín af frábærri vandvirkni. Eiga þingmenn honum margt að þakka, og ég ætla, að dómar starfsmanna þingsins um verkstjórn hans og samstarf séu mjög á einn veg. Hann var skáldmæltur vel, unni íslenzku máli, ritaði það af glöggri þekkingu og næmri fegurðartilfinningu og gat sér orð fyrir ágætar þýðingar erlendra skáldrita.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 21. fundi í Sþ., 19. des., mælti

forseti (EmJ): Áður en gengið er til dagskrár, vil ég leyfa mér að minnast nokkrum orðum látins fyrrv. alþm., Guðmundar Eggerz fyrrum sýslumanns, er andaðist á heimili sínu hér í bæ s. l. mánudag, 16. desember, 84 ára að aldri.

Guðmundur Eggerz fæddist á Borðeyri 30. september 1873, sonur Péturs Eggerz verzlunarstjóra þar og konu hans, Sigríðar Guðmundsdóttur bónda á Kollsá í Hrútafirði Einarssonar. Hann brautskráðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1894 og lauk lögfræðiprófi við Kaupmannahafnarháskóla 1902. Að námi loknu var hann um skeið fulltrúi í embættisskrifstofum í Danmörku. Árið 1905 var hann settur málaflutningsmaður við landsyfirréttinn, settur sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um hríð á árinu 1906, settur sýslumaður í sömu sýslum í annað sinn 1908 og skipaður sýslumaður þar á sama ári. 1911—1919 var hann sýslumaður í Suður-Múlasýslu, varð sýslumaður í Árnessýslu 1917, en fékk lausn frá því embætti sökum heilsubrests síðla árs 1920. Síðan var hann um 5 ára skeið starfsmaður Áfengisverzlunar ríkisins í Reykjavík, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum 1927—1931, fulltrúi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslum og bæjarfógetans á Ísafirði 1932—1934, varð 1934 fulltrúi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri og gegndi því starfi fram um 1950, er hann lét af störfum sökum aldurs. Hann var þm. Sunnmýlinga 1913—1915, sat á þremur þingum.

Á þingmannsárum Guðmundar Eggerz var róstusamt á þingi og skipun manna í landsmálaflokka að riðlast. Hann lét þar að sér kveða og tók mikinn þátt í umræðum. Hann átti sæti í mþn. í vatnamálum, svonefndri „fossanefnd", á árunum 1917—1919 og stóð að minnihlutaáliti ásamt Sveini Ólafssyni í Firði, þótt þá greindi á um sum atriði.

Guðmundur Eggerz ólst upp á höfðingssetri og var settur ungur til mennta. Hann átti sér langan starfsaldur og kynntist mönnum og málefnum í öllum fjórðungum landsins. Hann kunni frá mörgu að segja og var gæddur góðri frásagnargáfu, eins og fram kemur í minningabók þeirri, er hann samdi, eftir að hann lét af opinberum störfum.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast hins látna fyrrv. alþm., Guðmundar Eggerz, með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 24. fundi í Sþ., 4. febr., mælti

forseti (EmJ): Síðastliðinn föstudag, 31. janúar, andaðist Páll Hermannsson fyrrverandi alþingismaður, 77 ára að aldri. Verður hans minnzt hér með nokkrum orðum.

Páll Hermannsson fæddist 29. apríl 1880 á Þorgerðarstöðum í Fljótsdal. Foreldrar hans voru Hermann bóndi þar og síðar á Krossi í Fellum Jónsson og fyrri kona hans, Soffía Guðbrandsdóttir smiðs úr Kelduhverfi Gunnarssonar. Páll missti móður sína nokkrum dögum eftir fæðingu og ólst upp hjá föður sínum og stjúpmóður. Á fjórtánda ári missti hann einnig föður sinn og dvaldist eftir það í Fljótsdal, unz hann gekk í Möðruvallaskóla og brautskráðist þaðan vorið 1903. Eftir það dvaldist hann enn um skeið í Fljótsdal, var á sumrum verkstjóri við brúargerð á Lagarfljóti. Á árunum 1905—1909 var hann húsmaður í Bót í Hróarstungu, 1909—1923 bóndi á Vífilsstöðum í sömu sveit, en gerðist árið 1923 bústjóri skólabúsins á Eiðum. Eftir nokkur ár keypti hann skólabúið og rak það til ársins 1946, er hann brá búi og fluttist til Reyðarfjarðar og tók þar að sér umsjónarstörf fyrir Kaupfélag Héraðsbúa. Átti hann síðan heimili á Reyðarfirði til dauðadags.

Jafnframt bústörfum á Eiðum gegndi Páll Hermannsson um hríð kennslustörfum við Eiðaskóla, og um langt skeið var hann valinn til forustu í ýmsum málum sveitar sinnar og héraðs. Hann var mörg ár hreppsnefndaroddviti og sýslunefndarmaður, átti lengi sæti í stjórn Búnaðarsambands Austurlands og Kaupfélags Héraðsbúa og var formaður í þeim samtökum. Á árunum 1928—1946 var hann fulltrúi Norðmýlinga á Alþingi, sat á 25 þingum alls. Í landsbankanefnd átti hann sæti 1936—1947.

Páll Hermannsson var atgervismaður, mikill að vallarsýn, gáfaður og minnugur. Í stuttri skólavist sýndi hann skarpa námshæfileika, og síðan aflaði hann sér af sjálfsdáðum staðgóðrar menntunar og víðtæks fróðleiks um sögu lands og

þjóðar. Hann var ágætlega máli farinn, rökvís og orðfimur, talaði og ritaði vandað og fagurt mál. Hann var málafylgjumaður, en þó jafnan drenglundaður og hygginn og gat sér því gott orð bæði andstæðinga og samherja.

Ég vil biðja hv. alþm. að votta minningu hins látna sæmdarmanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 38. fundi í Sþ., 10. apríl, mælti

forseti (EmJ): Í dag er gerð útför Magnúsar Jónssonar fyrrum prófessors og alþingismanns, er lézt í sjúkrahúsi hér í bæ miðvikudaginn 2. apríl eftir nokkurra mánaða vanheilsu, sjötugur að aldri.

Magnús Jónsson fæddist að Hvammi í Norðurárdal 26. nóvember 1887, sonur Jóns Ólafs prests þar Magnússonar og konu hans, Steinunnar Guðrúnar Þorsteinsdóttur bónda í Úthlíð í Biskupstungum Þorsteinssonar. Hann fluttist barnungur með foreldrum sínum norður til Skagafjarðar og ólst þar upp á Mælifelli og síðar á Ríp. Ungur var hann settur til mennta, lauk stúdentsprófi 1907 og guðfræðiprófi við prestaskólann 1911. Hann þjónaði Tjaldbúðarsöfnuði í Winnipeg síðari hluta árs 1911, var prestur Garða- og Þingvallasafnaða í Norður-Dakota í Bandaríkjunum 1912—1915, en fluttist þá heim til Íslands og var prestur á Ísafirði 1915—1917. Árið 1917 var hann skipaður dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands, varð prófessor í guðfræðideild 1928, var atvinnumálaráðherra um átta mánaða skeið á árinu 1942, en gegndi síðan kennslustörfum við guðfræðideildina á ný til ársins 1947, er hann var skipaður formaður fjárhagsráðs, sem þá var sett á stofn. Gegndi hann þeim störfum til ársins 1953, er fjárhagsráð var lagt niður, en lausn frá prófessorsembætti hafði hann fengið á árinu 1952. Síðustu ár ævinnar fékkst hann við ritstörf og sinnti öðrum hugðarefnum sínum.

Hér hefur verið rakinn embættisferill Magnúsar Jónssonar, en jafnframt embætti sínu gegndi hann einatt fjölþættum störfum á öðrum sviðum. Hann var bæjarfulltrúi á Ísafirði 1915—1917, þingmaður Reykvíkinga 1921—1946, sat á 32 þingum alls, var yfirskoðunarmaður landsreikninga 1923—1925 og 1932—1937. Hann átti sæti í Grænlandsnefnd 1925, í milliþinganefnd í bankamálum 1925—1926, í alþingishátíðarnefnd 1926—1930, í bankaráði Landsbankans 1927—1928 og 1930—1957, var formaður þess 1946—1957. Í dansk-íslenzkri ráðgjafarnefnd átti hann sæti frá 1935 og þar til hún var lögð niður, í milliþinganefnd í skattamálum árin 1938—1939, í orðunefnd 1939—1942, í útvarpsráði 1942—1956, formaður þess 1945—1946 og 1953—1956. Hann átti sæti í skólanefnd barnaskóla á Ísafirði og í Reykjavík, var í skólaráði verzlunarskólans og tónlistarskólans. Í félagsmálum vann hann mikið starf, var í stjórn Prestafélags Íslands, Sögufélagsins, Listvinafélags Íslands og Skagfirðingafélagsins og átti lengi sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Hann var ritstjóri Eimreiðarinnar 1918—1923, Iðunnar 1923—1926, Stefnis 1929—1934 og Kirkjuritsins 1940—1948 og 1954—1955. Hann var kjörinn heiðursdoktor í guðfræði við háskólann í Tartu í Eistlandi árið 1932.

Ráða má af því, sem hér hefur verið sagt, að Magnús Jónsson hafi verið með afbrigðum fjölhæfur og afkastamikill maður. En þó er ekki allt talið. Hann var mikill áhugamaður um tónlist og málaralist og stundaði listmálun í tómstundum með góðum árangri. Hann kunni góð skil á sögu kristninnar og sögu Íslendinga og samdi og gaf út fjölmörg rit um guðfræði, íslenzk fræði og stjórnmál. Á Alþingi munu kirkjumál og menntamál hafa staðið hug hans næst, en hann sinnti auk þess mikið fjármálum. Má geta þess til dæmis um víðtæka þekkingu hans og afskipti af margvíslegum málum, að á Alþingi átti hann eitt sinn sæti í þeim nefndum, er fjölluðu um fjármál, sjávarútvegsmál, iðnaðarmál, menntamál og utanríkismál.

Magnús Jónsson var aðsópsmikill og skörulegur í ræðustóli, baráttumaður í stjórnmálum, mælskur vel og blandaði mál sitt oft góðlátlegri kímni. Hann þótti góður kennimaður og kennari, og naut sín þar vel þekking hans og frásagnargáfa. Hann var snjall rithöfundur og eyddi síðustu starfskröftum sínum í að semja mikið rit um sögu Íslendinga á landshöfðingjatímabilinu.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu hins fjölhæfa gáfumanns, Magnúsar Jónssonar, virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

IX. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 16. fundi í Sþ., 4. nóv., mælti

forseti (HÁ): Mér hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Með því að ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður, Eðvarð Sigurðsson, ritari verkamannafélagsins Dagsbrúnar, taki sæti á Alþingi, meðan ég verð fjarverandi.

Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.

Til forseta neðri deildar."

Eðvarð Sigurðsson hefur áður undirritað drengskaparheit alþingismanna og kjörbréf hans athugað, og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til starfa.

Á 10. fundi í Sþ., s. d., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EmJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta neðri deildar:

„Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Einari Olgeirssyni, formanni þingflokks Alþb., fyrir hönd Hannibals Valdimarssonar, 7. þm. Reykv.:

„Með því að ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður, Adda Bára Sigfús-

dóttir veðurfræðingur, taki sæti á Alþingi, á meðan ég verð fjarverandi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.“

Kjörbréfið liggur hér fyrir. Ég tel sjálfsagt, að þetta bréf fari, eins og venja er, til kjörbréfanefndar og hún taki það til athugunar. Það hefur borizt ósk um það frá Sjálfstfl., vegna þess að hann er allur fjarverandi og getur ekki tekið þátt í störfum fundarins í dag, að fundinum verði að öðru leyti frestað til morguns og málið afgreitt þá. Málinu verður því frestað, kjörbréfinu vísað til nefndarinnar og væntanlega þá afgreitt á morgun.

Meðferð málsins frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 5. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur í dag komið saman til fundar til að athuga kjörbréf frú Öddu Báru Sigfúsdóttur, sem er 2. varaþm. Alþb. í Reykjavík. Ég skal geta þess, að einn nefndarmanna, hv. þm. Siglf., var ekki mættur á fundinum, mun vera veikur.

Nefndin er sammála um að leggja til, að kjörbréfið verði samþykkt, en fram hefur komið í n. tillaga um það, að gerð sé aths. út af tilefni þess, að varamaður er til kallaður. N. varð ekki sammála um þetta atriði, og þess vegna mun einnig annar nm. taka til máls. En n. leggur til, eins og ég sagði áðan, að kjörbréfið sé samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram, að ég er alveg jafnréttkjörinn frsm. n. eins og hv. þm. N-Þ. og á ekki síður en hann að nefnast því nafni, úr því að hæstv. forseti hafði þá nafngjöf um hann. Nefndin klofnaði og kaus sér sinn hvorn frsm. Án þess að það skipti miklu máli, þá er það rétt, sem rétt er.

Út af fyrir sig er nefndin sammála um það, að við það kjörbréf, sem hér liggur fyrir, sé ekkert að athuga, að sá maður, sem þar er sagður kjörinn, sé réttkjörinn sem 2. varaþm. Alþb. fyrir Rvík. Hins vegar töldum við tveir í kjörbréfanefnd, að þetta mál væri svo vaxið, að við vildum láta koma fram athugasemd um tilefni þess, að þessi hv. fulltrúi er kvaddur til þingmennsku. Ég skal ekki fara að rekja hér formleg atriði, sem vissulega skipta þó máli í þessu sambandi, um skyldu þingmanna til að gegna þingstörfum og að þingmenn megi ekki kalla varamenn sína, nema annaðhvort forföll hamli eða þeir hafi fengið leyfi forseta til brottfarar. Um þetta eru ákvæði í kosningalögum og þingsköpum. Hitt er rétt, að það hefur yfirleitt ekki verið fylgzt sérstaklega með því, að því er ég hygg, hingað til, hvorki af forsetum — og þetta mundi einkum heyra undir deildarforseta — né þingheimi, hvort um raunveruleg forföll eða fjarvistarheimildir er að ræða, og ég geri það út af fyrir sig ekki að till. minni í sambandi við þetta mál, að um þetta verði tekinn upp annar háttur en verið hefur. Engu að síður tel ég, að brottför hæstv. félmrh. nú af landi og raunar hæstv. forseta Nd. einnig sé með þeim hætti og af þeim orsökum, að fullkomin vanræksla væri, ef ekki væri bent á það hér á Alþingi Íslendinga, að brottför þeirra er ekki aðeins vanræksla á þeirra þingstörfum, heldur er þar um algert þjóðarhneyksli að ræða, vansæmd fyrir íslenzku þjóðina.

Það er kunnugt, í hvaða erindum þessir menn hafa nú látið frá landi. Þeir fara til þess að taka þátt í 40 ára minningarhátíð kommúnistabyltingarinnar í Rússlandi, hátíð, sem halda á 7. nóv. n. k. Þeir eru boðnir til þessarar hátíðar af rússneskum stjórnvöldum með mismunandi hætti, að því er mönnum skilst. Þeir eru að vísu ekki boðnir þangað sem félmrh. Íslands né forseti Nd. Alþingis, heldur annar sem fulltrúi Alþýðusambandsins og hinn sem fulltrúi Sósíalistaflokksins. Ég tek það skýrt fram, að út af fyrir sig hef ég hér ekkert við það að athuga, þó að þessir menn hefðu farið, ef þeir væru einungis og yrðu skoðaðir sem fulltrúar þessara tveggja stofnana. Það er frelsi ráðandi í okkar landi, menn ráða sjálfir ferðum sínum; einnig félagasamtök, sem hafa þekkzt hið rússneska boð, hafa sjálf fullkomna heimild til þeirrar ákvörðunar. Það er vitað, að a. m. k. um Sósfl. er ekkert eðlilegra en að formaður hans fari til Moskvu og sé staddur við byltingarafmælið. Sósfl. er angi af alþjóðasamtökum kommúnista, og þess vegna er formaðurinn einungis að fara til sinna heimastöðva, þegar hann leitar nú í hlaðvarpann hinn 7. nóv. n. k. Um Alþýðusambandið stendur öðruvísi á. Það er mál, sem vafalaust verður tekið þar upp. Því er raunar lýst, t. d. í Alþýðublaðinu í morgun, að svo muni verða gert, þegar þar að kemur. En það er atriði, sem Alþingi Íslendinga hefur ekki nein ráð yfir, heldur einungis félagar í þeim samtökum, sem Alþýðusambandið mynda.

En þess verður að gæta, að þeir tveir hv. þm., sem hér eiga hlut að máli, eru ekki aðeins meðlimir eða forustumenn annars vegar í Sósfl. og hins vegar í Alþýðusambandi Íslands, heldur er nú annar jafnframt félmrh. Íslands, æðsti maður íslenzku þjóðarinnar á sínum vettvangi, og hinn er forseti neðri deildar Alþingis, þeirrar stofnunar, sem við Íslendingar stærum okkur af að sé elzta löggjafarþing í hinum frjálsa heimi, og hversu fegnir sem þessir menn vildu, — og við skulum vona, að þeir vilji það í þessu tilfelli, — sundurskilja sinn persónuleika, þá lánast það ekki. Þegar þeir koma á þetta mót austur í Moskvu og hvarvetna sem til ferða þeirra spyrst, þá verður fyrst og fremst talið, að þar séu á ferð félmrh. íslenzka ríkisins og forseti neðri deildar Alþingis.

Ég tel, að það sé í fullri óþökk yfirgnæfandi meiri hluta íslenzku þjóðarinnar, að fulltrúar ríkisins og Alþingis fari á þessa samkomu með þeim hætti, sem hér er ráðgert, og ég vil lýsa algerri andstöðu minni og minna flokksmanna við þá ráðstöfun, jafnframt því sem ég verð að játa, að meiri hluti Alþingis — með því að hafast ekki að — hlýtur að taka ábyrgð á sig og gerast samábyrgur um það þjóðarhneyksli, sem hér er að gerast, þjóðarhneyksli, sem í raun og

veru mátti sjá fyrir, að eitthvað slíkt hlyti, ef ekki annað verra, áður en yfir lýkur að bera að höndum, því að einmitt í dag er rétt ár liðið, frá því að þessi sami hæstv. forseti Nd. misnotaði hér í þessum sal forsetavald sitt til þess að hindra þingheim í því að votta ungversku þjóðinni samúð í þeim hörmungum, sem þá höfðu yfir hana gengið daginn áður og enn stóðu, og það er verðugt framhald þess leiks, að nú skuli þessi hæstv. forseti ásamt fylgdarliði haldinn til höfuðstöðvanna, þaðan sem blóðbaðinu var stjórnað.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Ég vil aðeins mótmæla hér þeim ummælum, sem hér hafa verið höfð í frammi af hv. 1. þm. Reykv. í garð fjarstaddra alþm. og þá alveg sérstaklega í garð forseta Nd., sem hér er fjarstaddur, og tel þau ummæli á allan hátt mjög ómakleg og óeðlileg, sem hann hefur hér látið falla um hann. Ég ætla, að það sé almennt dómur þingmanna, að hann hafi rækt störf sín sem forseti í deildinni vel og ekki brotið þar neinar settar reglur, heldur farið að öllu eftir því, sem reglur mæla fyrir um.

Jafnframt vil ég lýsa undrun minni á þeirri ræðu, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur hér haldið um þetta mál. Hér er til umræðu kjörbréf, og afgreiðsla þeirra hefur venjulega farið eftir mjög föstum reglum. Hv. þm. lýsir því yfir, að við kjörbréfið sé ekkert að athuga. Hann lýsir því enn fremur yfir, að hann vilji ekki gera neina aths. út af fyrir sig út af þeim forföllum, sem hér eru boðuð í sambandi við það, að varaþingmaður þarf nú að taka sæti, enda veit hann, að það hefur verið hér föst regla á Alþ. um margra ára skeið, að þegar þm. eru fjarri þingstað, þá hefur það athugasemdalaust verið tekið, þegar óskað hefur verið eftir því, að varamaður tæki sæti þingmanns, en ekki látin fara fram nein sérstök rannsókn á því í hverju tilfelli um sig, vegna hvers þm. hefur talið sig þurfa að víkja af þingstaðnum. Hann lýsti því einnig yfir, að út af fyrir sig, þar sem hér sé fullt ferðafrelsi, þá sé ekkert við það að athuga, að einstakir þm. eða aðrir fari í nafni þeirra fulltrúasamtaka, sem þeir annars kunna að vera í, því að þeir hafi fullt ferðafrelsi. En hvernig stendur þá á hans mótmælum hér, ef hann er ekki að reyna að fika sig í þá áttina að reyna að koma hér á einhverju ferðaófrelsi, að ætla að þvinga menn til þess, að þeir megi ekki fara nema í tiltekin lönd og það á tilteknum tíma?

Vissulega hafa þessir tveir hv. alþm., sem hér eiga hlut að máli, fullt frelsi til þess eins og aðrir að ferðast út fyrir landssteinana og velja það land, sem þeir ferðast til, og rækja þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar af þeim félagasamtökum og flokkum, sem þeir eru í, og er þar vitanlega enginn munur á þessum mönnum og öðrum alþingismönnum.

Ég vil líka benda á, að það er ekkert einstakt fyrirbæri, hvorki í sambandi við alþm. né aðra, að nafntogaðir menn og það úr öllum flokkum fari jöfnum höndum til þessa lands, sem hér er um að ræða, og annarra landa. Ég minnist þess t. d., að ekki er langt síðan einn af nafntoguðustu mönnum á vegum Sjálfstfl. í þessu landi, Magnús Jónsson dósent, hafði verið ráðh. flokksins um nokkurra ára skeið og jafnan gætt einhverra mestu trúnaðarverka á vegum þess flokks, sem hv. 1. þm. Reykv. talar hér fyrir, hann tók sér ferð á hendur austur til hins kommúnistíska Kína og fór þá yfir Sovétríkin líka. Þannig mætti vitanlega nefna fjöldamarga menn úr öllum flokkum, sem hafa jafnt farið til þessa lands og annarra, og hafa þá ekki verið uppi höfð mótmæli á Alþ. eða annars staðar, þó að þeir kysu að fara þangað, enda hygg ég, að það muni líka sanni nær, að þessi hv. þm., sem hér talaði, hafi nokkrum sinnum líklega rennt hýru auga til þess að fá boð um að fá að fara til þessa lands, sem hér er um að ræða, þó að það láti svona í honum að þessu sinni.

Auk þess vil ég svo nota tækifærið til þess að lýsa yfir fullkominni andúð minni á öllum ómaklegum ummælum, sem hér eru látin falla í sambandi við afgreiðslu þessa máls um eina af okkar þýðingarmestu og beztu viðskiptaþjóðum, sem við höfum átt og eigum. Það er vitanlega í hæsta máta óeðlilegt að blanda hér inn í afgreiðslu gersamlega óskyldra mála hnútukasti til þessarar þjóðar og á allan hátt óviðeigandi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta frekar. Hér er vitanlega um það að ræða, að það er þörf nokkurra sjálfstæðismanna til þess að gusa úr skálum reiði sinnar út í það, að tilteknir menn hafa farið til tiltekins lands; það áttu þeir vitanlega að gera á öðrum stað en hér á Alþingi og í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það er síður þeirra manna, sem kunna mannasiði, að afgreiða mál eins og efni standa til, en ekki að taka hér upp umræður um gersamlega óskylda hluti.

Ég legg svo til, að það kjörbréf, sem hér er raunverulega til umræðu, verði afgreitt, og ef hins vegar Sjálfstfl. óskar eftir almennum umræðum hér um gersamlega óskylt mál, þá verður vitanlega tækifæri til þess, en þá á líka að gera það undir öðrum dagskrárlið en þessum.

Frsm. 1. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í þær almennu umræður, sem orðið hafa út af þessu máli. En í gerðabók frá fundi kjörbréfanefndar, sem haldinn var í dag, er það bókað, að fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni leggja til, að gerðar séu aths. út af tilefninu til þess, að varamaður er kallaður, en hins vegar hefur annar hluti nefndarinnar, hv. 1. landsk. og ég, bókað, að við teljum ekki ástæðu til þessa, og vísum í því sambandi til fyrri afgreiðslna í kjörbréfanefnd.

Það hefur verið venjulegt, þegar tekin hafa verið fyrir kjörbréf varamanna og þeir tekið sæti á Alþ., að þá hafa legið fyrir bréf frá þeim alþm., sem forfallaðir eru, um forföllin, og kjörbréfanefnd hefur yfirleitt ekki talið það í sínum verkahring að láta fara fram nánari rannsókn á tilefni forfallanna, hvort sem það eru utanfarir eða annað.

29. apríl þ. á. er t. d. tekið fyrir í kjörbréfanefnd kjörbréf varamanns í tilefni af því, að fyrir liggur bréf, þar sem skýrt er frá, að 7. landsk. þm., Guðmundur Í. Guðmundsson, hæstv.

utanrrh., muni verða erlendis a. m. k. tvær næstu vikur, og þess óskað, að varamaður hans taki sæti *hans á Alþingi. Í tilefni af þessu bréfi er kjör*bréf varamannsins tekið fyrir.

Hér er annað dæmi frá 6. maí þ. á., þar sem tekið er fyrir kjörbréf varamanns í tilefni af því, að skýrt hefur verið frá því í bréfi, að 10. landsk. þm., Pétur Pétursson, sé á förum til Bandaríkjanna og muni dveljast þar næstu 4—5 vikur, og er þess óskað, að varamaður taki sæti.

20. maí þ. á. er tekið fyrir kjörbréf varamanns í tilefni af því, að hv. 9. landsk. þm., Ólafur Björnsson, getur samkvæmt bréfi ekki gegnt þingstörfum til næstu mánaðamóta vegna utanferðar og síðar prófa við Háskóla Íslands, og þess óskað, að varamaður hans taki sæti.

Þannig hefur borið að síðustu málin, sem til meðferðar hafa verið í kjörbréfanefndinni, að það hafa legið fyrir bréf frá forseta hlutaðeigandi deildar til forseta sameinaðs Alþingis, þar sem skýrt er frá því, að hlutaðeigandi þingmaður hafi ritað forseta og tilkynnt honum forföll, og í þessum tilfellum öllum eru forföllin utanfarir. Kjörbréfanefndin hefur ekki talið það í sínum verkahring að láta fram fara nánari rannsókn af þessu tilefni, og við hv. 1. landsk. getum ekki séð, að tilefni sé til frekari rannsóknar eða frekari athugasemda um þetta efni nú.

Frsm. 2. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skil mjög vel, að hæstv. sjútvmrh. uni því illa, að um þetta mál sé rætt. Ég bjóst við því, og það var einungis staðfesting á því, sem lýsti sér í orðum hans. Hitt er alger misskilningur hjá honum, að það sé utan dagskrár nú að ræða þetta efni. Ég gat þess, og unnt er að færa að því glögg rök, að hægt er að benda á ákvæði bæði í þingsköpum og kosningalögum, sem ekki aðeins bendi til þess, heldur segi fyrir um, að kanna beri, hvort um raunveruleg forföll sé að ræða eða ekki. Hitt játaði ég og sagði hér fyrstur, að það hefur ekki verið þingvenja að rekja það mál ýtarlega, heldur hefur verið látið sitja við bréf frá formönnum þingflokka til forseta deilda og það, að því er mér er kunnugt um, verið tekið athugasemdalaust til greina. Það haggar ekki því, að lagastafirnir eru eins og þeir eru og að þeir veita a. m. k. fulla heimild, ef þeir leggja ekki skyldu á herðar, að þessi mál séu rædd í Alþ., þegar sérstök atvik eru fyrir hendi. Og ég fullyrði, að allir Íslendingar játi, að nú séu mjög sérstök atvik fyrir hendi.

Það er mjög athyglisvert, að hæstv. sjútvmrh. forðaðist mjög að kalla þá þm., sem hér er um að ræða, sínum réttu titlum innan Alþingis, hæstv. félmrh. og hæstv. forseta neðri deildar, heldur lét svo sem hér væri einungis um venjulega óbreytta ferðalanga að ræða, sem hefðu farið í eins konar kynnisför til okkar bezta viðskiptalands, og lét meira að segja svo, að ég hefði verið á höttunum eftir heimboði þangað. Hæstv. ráðh. er nú frægastur af því að vera mestur ósannindamaður, sem setið hefur í okkar tíð á *Alþingi Íslendinga.* (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég vil vekja athygli herra forsetans á því, að ég sagði ekki, að ráðherrann væri mesti vísvitandi ósannindamaður, sem setið hefði á Alþingi Íslendinga, en hæstv. forseti hafði ekkert við það að athuga á *dögunum*, þegar það var borið upp á einn þm., að hann hefði farið með vísvitandi ósannindi. En ég þori að fullyrða, að jafnóheimilt eins og það er eftir réttum þingsköpum að kalla mann vísvitandi ósannindamann, þ. e. a. s. lygara, þá er það viðtekin og góð þingregla að segja þann vera ósannindamann, sem er ósannindamaður, eins og hæstv. sjútvmrh., svo að hæstv. forseti hefur einungis sýnt hlutdrægni með sinni hjölluhringingu nú, en ekki röggsemi í fundarstjórn, sem ég annars óska að hann sýni, vegna þess að ég hvorki biðst þess, að mér sé hlíft, ef ég mæli af mér, né mæli ég með því, að öðrum sé hlíft. En í þessu tilfelli notaði ég einungis þinglegt orðbragð og sagði einungis það, sem allir þm. vita að satt er, um hæstv. sjútvmrh.

En svo að ég haldi þar áfram, sem sögu var komið, þá þarf ekki að undrast, þó að hæstv. sjútvmrh. segi nú þetta um mig ofan á allan sinn annan söguburð, og læt ég mig það litlu máli skipta, enda kemur það þessu máli ekkert við. Ég hef aldrei sótzt eftir því að fara til Rússlands, hefði átt kost á að fara þangað með auðveldu móti óboðinn, ef ég hefði óskað, en venjulegar ferðir til Rússlands skipta engu máli í þessu sambandi. Það er í raun og veru svo gerólíkt sem tvennt má verða. Og ég legg höfuðáherzlu á það, að þó að ég út af fyrir sig sé ekki sérstaklega hrifinn af för þeirra MÍR-manna eða fylgdarsveina hæstv. félmrh. frá Alþýðusambandinu né þess, sem fer frá Sósfl. með hæstv. forseta Nd., þá er þar allt öðru máli að gegna heldur en um þessa hæstv. forustumenn þjóðarinnar, hæstv. félmrh. og hæstv. forseta neðri deildar. Það er vegna þess sérstaka trúnaðar, sem þessum mönnum hefur verið falinn umfram aðra Íslendinga, sem ég tel, að það sé verið að óvirða íslenzku þjóðina og Alþingi Íslendinga, þegar þessir menn leggja nú í sína pílagrímsgöngu austur til Moskvu til þess að vera þar viðstaddir hátíðahöldin 7. nóvember.

Það er gamalkunnugt, að vandi fylgir vegsemd hverri. Þessum mönnum hefur verið fengin óvenjuleg vegsemd, annar gerður að einum af sex ráðherrum íslenzku þjóðarinnar, hinn að valdamesta forseta á elzta frjálsa löggjafarþingi í hinum frjálsa heimi, og fram hjá þessum trúnaðarstöðum geta þeir ekki komizt. Þeir geta ekki brugðið sér úr þeim vanda, sem þessi vegsemd leggur þeim á herðar. Og það er vegna þess, að ég tel, að það sé á móti vilja íslenzku þjóðarinnar, að einn af ráðherrum hennar og einn af forsetum Alþingis mæti á þessu byltingarafmæli, það sé á móti vilja íslenzku þjóðarinnar, það sé henni til óvirðingar, henni til smánar í bráð og lengd, sem ég hreyfi þessu máli hér á Alþingi.

Hæstv. sjútvmrh. bregður því fyrir sig, að ég sé að níða eina beztu viðskiptaþjóð Íslendinga. Þarna komum við að einu meginatriði í málflutningi kommúnista. Viðskiptin við Rússland eiga að verða til þess að svipta Íslendinga málfrelsi og skoðanafrelsi. Af ótta við að missa þessi viðskipti eigum við að hætta við að láta uppi

skoðanir okkar hér á Íslandi, jafnt meðal almennings sem á Alþingi þjóðarinnar. Það er þetta, sem hæstv. viðskmrh. vill ná með þeirri eflingu viðskiptanna, sem hann stefnir að. Það eru ekki eðlileg viðskiptatengsl, miðuð við hagsmuni hvors aðila um sig, heldur viðleitnin til að gera Íslendinga þessu ríki svo háða, að við þorum ekki lengur að fara okkar sjálfir fram, heldur verðum eins og múlbundnir þrælar, sem verðum að lúta fyrirskipunum annars staðar að.

Þessi skoðun hefur ekki ríkan hljómgrunn hjá íslenzku þjóðinni, og fulltrúar hennar munu ekki tala í hennar þökk eða þegja í hennar þökk, ef þeir létu þetta eða svipað ráða gerðum sínum. En einkanlega vil ég þó leggja áherzlu á og ljúka máli mínu með því, að þó að sagt sé, að það sé óboðlegt fyrir íslenzkan ráðherra og forseta neðri deildar að fara til að vera viðstaddir byltingarafmælið í Moskvu, þá er ekki verið með því að víta eða gera hlut rússnesku þjóðarinnar lítinn, heldur þvert á móti er verið að standa með rússnesku þjóðinni gegn því harðsvíraðasta einræði og kúgun, sem veraldarsagan kann frá að greina.

Núverandi valdhafar í Rússlandi eru ekki kosnir umboðsmenn sinnar þjóðar. Þeir sitja þar ekki í skjóli þess trúnaðar og trausts, sem þjóðin hefur sýnt þeim, heldur sitja þeir í mætti ofurherveldis og yfirgangs, meiri en nokkurn tíma fyrr fara sögur af, og þess vegna er ekkert fjarlægara eða sönnum anda frelsisins ósamboðnara en að leggja að jöfnu rússnesku þjóðina, þá miklu og göfugu þjóð, og þá blóði drifnu harðstjóra, sem ætla nú að halda gestaboð fyrir félmrh. Íslands og forseta neðri deildar Alþingis.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Adda Bára Sigfúsdóttir, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 13. fundi í Sþ., 13. nóv., mælti

forseti (GJóh): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. nóv. 1957.

Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Eggert Þorsteinssyni, 4. þm. Reykv.:

„Með því að ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu þrjár vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður, Jóhanna Egilsdóttir frú, taki sæti á Alþingi, meðan ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Bernharð Stefánsson, forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf frú Jóhönnu Egilsdóttur liggur hér fyrir, og ég vil leyfa mér að gefa hlé á þingstörfum í fimmtán mínútur, svo að kjörbréfanefnd geti komið saman og tekið kjörbréfið til athugunar. (**BBen:** Herra forseti. Þetta er ekki á dagskrá, og menn hafa ekki áttað sig á, að þetta kæmi hér fyrir.) Það er ekkert óvanalegt, að svona mál hafi verið tekin fyrir utan dagskrár, og það verður tekið fyrir utan dagskrár.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég verð nú fyrst að hreyfa því, að ég tel mjög miður fara, að slíkt atriði skuli ekki vera sett á dagskrá. Sá þm., sem hér á hlut að máli, mun vera farinn úr landi fyrir nokkru, og hefði ekkert verið hægara en að setja þetta á dagskrá, úr því að átti að taka það fyrir. Auk þess skilst mér, að hér sé um nokkuð vandasamt lagalegt atriði að ræða, sem ef til vill þarfnast skoðunar. Ég hef ekki litið á málið, en hélt, að það væri öllum til hags, að komizt yrði hjá deilum um mál með því að veita mönnum einhvern fyrirvara til þess að átta sig á þeim, í stað þess að efna til illdeilna, sem ef til vill geta alveg fallið niður, ef mönnum gefst færi á því að skoða málið.

Ég þori ekki að segja, hvort kortér nægir til þess að átta sig á því, sem hér liggur fyrir, og vildi þess vegna mælast til þess, að það væri eitthvað rýmri tími til að átta sig á málinu og vita, hvort ekki er hægt að koma í veg fyrir, að nokkur ágreiningur verði um það.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil bara taka fram út af því, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. (BBen), að ég tel það alls ekki neitt óeðlilegt, heldur sjálfsagt, að málið sé tekið fyrir á þann hátt, sem forseti ætlast til, utan dagskrár, strax og bréfið kemur fyrir. Það er annað mál, hvernig stendur á því, að bréfið hefur ekki komið, og það stafar einfaldlega af því, að það var ekki búið að útvega það kjörbréf, sem nú liggur fyrir, en það er sem sagt tekið fyrir af hæstv. forseta, um leið og kjörbréfið liggur fyrir.

Hv. 1. þm. Reykv. þarf ekki að segja okkur hér, að hann sé óviðbúinn. Þetta er mál, sem hann var búinn að ræða mjög mikið í fyrra, og það er ekkert nýtt í þessu máli fram yfir það, sem þá kom fram, þannig að það er ekkert atriði í málinu, sem hann þarf að kynna sér og þarf sérstakan tíma til þess.

Ég vil þess vegna eindregið styðja það, að forsetinn fylgi þeim hætti, sem hann hefur hugsað sér, að taka kjörbréfið fyrir núna og veita þá fundarfrest, á meðan kjörbréfanefndin fjallar um það.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hv. þm. Siglf. hefur það fram yfir mig, að hann hefur kynnt sér þetta mál, sem ég hef ekki haft færi til, og stöndum við því ójafnt að vígi í umr. En ég hafði ekki heyrt um, að þetta lægi hér fyrir, fyrr en hæstv. utanrrh. vék því að mér áðan, og ég hygg, að hann hafi auðsjáanlega séð, að mér kom málið þá algerlega á óvart, og hann sagði mér þá einmitt, að málið lægi ekki fyrir í sama formi og í fyrra, vegna þess að nú væri kjörbréfið byggt á þeirri löggjöf, sem sett var í fyrra, nýrri löggjöf, sem mikill ágreiningur var um, hvort réttmæt væri.

Það má vel vera, að sú löggjöf og fordæmið frá því í fyrra geri mögulegt að samþ. þetta alveg athugasemdalaust og án þess að nokkrar

umr. þurfi að verða um það. En ég vil ætlast til þess, að menn fái nokkurt færi á að kynna sér málið og setja sig inn í það, vegna þess að viðhorfið er nýtt og annað en það var í fyrra. Og menn verða bæði að fá að kynna sér það, hvort það hefur áhrif á þeirra afstöðu, og svo bera ráð sín saman, eins og tíðkanlegt er hér á þingi, og það er ekki hægt að ná því hvoru tveggja eða réttara sagt þrennu að kynna sér lagastafinn, að halda nefndarfund og halda flokksfund allt á einu kortéri. Þess vegna, ef ætlunin er að koma málinu hér í gegn, þá verð ég að fara fram á meiri frest en þann kortérsfrest, sem um er að ræða, og það er allt, sem ég fer fram á.

Ég set út af fyrir sig ekkert út á það, að málið sé tekið hér fyrir, en ég vil, vegna þess að hér er um að ræða nýtt viðhorf í máli, sem var mikið deilumál í fyrra, mælast til þess að fá frest, m. a. til að athuga, hvort ekki sé hægt að láta málið ganga alveg deilulaust í gegn nú, og hélt, að það ættu allir að hafa hag af því.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það er vegna þess, að hv. 1. þm. Reykv. (BBen) vitnaði aðeins til mín í sambandi við þetta mál, sem ég hef kvatt mér hljóðs.

Það er rétt, að ég kom til þessa hv. þm. núna rétt áður en fundur var að byrja og skýrði honum frá því, að þetta mál væri á ferðinni, þó að það væri ekki á dagskrá. Ég tók það þá líka fram við hann, sem er rétt, að málið horfir talsvert öðruvísi við nú en þegar þessi kjörbréf hafa verið hér á ferðinni áður, vegna þess að kjörbréfið hefur nú verið gefið út ágreiningslaust af öllum í yfirkjörstjórninni. Þannig hafa kjörbréfin ekki verið áður, þegar þessi ágreiningsmál hafa verið á ferð. Þannig virðist málið miklu auðveldara og einfaldara nú en nokkru sinni fyrr, og fyndist mér því ætti að vera hægt að afgreiða það með samkomulagi og það fljótt og vel.

Hins vegar finnst mér sjálfsagt og vil eindregið taka undir það, að forseti verði við því að veita nokkru lengri frest en eitt kortér til þess að athuga þetta bréf, því að það er trú mín og sannfæring, að það geti orðið samkomulag um að afgreiða þetta ágreiningslaust hér eins og í yfirkjörstjórninni, þegar málið hefur verið athugað, og ég vænti, að hálftími eða þrjú kortér eða eitthvað þess háttar mætti nægja, til þess að hægt væri að átta sig á málinu til fulls, og væri þá hægt að afgreiða bréfið að því loknu.

Forseti (GJóh): Ég skal verða við ósk hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og lengja hléið í einn klukkutíma. (Gripið fram í.) Já, við skulum bara hafa nógu langan tíma. Fundinum er þá frestað um einn klukkutíma. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur setið á fundi og haft til athugunar kjörbréf varaþingmanns Alþfl. í Reykjavík, frú Jóhönnu Egilsdóttur, Lynghaga 10, og liggur fyrir það bréf, útgefið í dag, og er svo hljóðandi:

„Yfirkjörstjórnin í Reykjavík gerir kunnugt: Með því að Haraldur Guðmundsson, fyrrv. ráðh., sem kosinn var aðalmaður fyrir Alþfl. í Reykjavík við alþingiskosningar, sem fram fóru í Reykjavík 24. júní 1956, fyrir yfirstandandi kjörtímabil, hefur sagt af sér þingmennsku og í stað hans hefur tekið sæti á Alþingi Eggert G. Þorsteinsson, Bústaðavegi 71, hér í bæ, þá veitum vér hér með samkvæmt l. nr. 36 frá 13. maí 1957 húsfrú Jóhönnu Egilsdóttur, Lynghaga 10, hér í bænum, kjörbréf þetta sem varaþm. fyrir Alþfl. í Reykjavík fyrir yfirstandandi kjörtímabil.

Yfirkjörstjórnin í Reykjavík, 13. nóv. 1957.
Kristján Kristjánsson, Steinþór Guðmundsson, Hörður Þórðarson."

Kjörbréfanefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að kjörbréf þetta verði samþ. og frú Jóhanna Egilsdóttir verði þannig viðurkennd varaþm. Alþfl. í Reykjavík.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. kjörbréfanefndar, þm. Siglf. (ÁkJ), sagði, að kjörbréfanefnd varð sammála um að mæla með því, að þetta kjörbréf yrði samþ., þó með þeim fyrirvara af hálfu okkar sjálfstæðismanna í n., að við skírskotum til afstöðu okkar á síðasta þingi, þar sem mjög var deilt um bæði lögmæti kjörbréfs Eggerts Þorsteinssonar og eins samræmi þeirra laga, sem nú er vitnað til, við stjórnarskrána. En mál þetta var leitt til lykta á síðasta þingi með atkvæðum meiri hl. hv. þm. og úrskurði hæstv. forseta, og þó að við værum hvorugu samþykkir, þá teljum við, að úr því sem komið er, þá verði ein lög yfir alla að ganga, og meðan þessi lög eru í gildi, þá verði þeim að hlíta, og greiðum við því atkv. með kjörbréfinu.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jóhanna Egilsdóttir, undirritaði því næst drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 29. fundi í Sþ., 21. febr., mælti

forseti (EmJ): Áður en gengið verður til dagskrár, skal ég leyfa mér að lesa bréf, er mér hefur borizt frá hæstv. forseta Nd., svo hljóðandi:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Lúðvík Jósefssyni, 2. þm. S-M.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum ríkisstj. og verð fjarverandi næstu 2—3 vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Helgi Seljan Friðriksson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson, forseti neðri deildar."

Þá hefur mér einnig borizt frá forseta Nd. þetta bréf:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Guðmundi Í. Guðmundssyni, 7. landsk. þm.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum ríkisstj. og verð fjarverandi næstu 2—3 vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Gunnlaugur Þórðarson, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Einar Olgeirsson, forseti neðri deildar.“

Kjörbréf Gunnlaugs Þórðarsonar hefur áður verið samþ. hér á þinginu og þarf því ekki athugunar við, en kjörbréf Helga Seljans Friðrikssonar hefur ekki komið hér áður og verður því að athugast af kjörbréfanefnd. Kjörbréfið sjálft liggur ekki fyrir, heldur símskeyti frá Eskifirði, sem á að koma í þess stað.

Ég vildi þess vegna leyfa mér að gera hlé á fundinum litla stund og biðja hv. kjörbréfanefnd að koma saman og athuga símskeytið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta mál, en tveir hv. þm., sem sæti eiga í kjörbréfanefnd, voru ekki viðstaddir, þeir Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., og Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.

Fyrir n. var lagt símskeyti, þar sem kjörbréfið sjálft liggur ekki fyrir, — það er frá formanni yfirkjörstjórnar Suður-Múlasýslu og er svo hljóðandi:

„Út hefur verið gefið kjörbréf handa Helga Seljan Friðrikssyni sem fyrsta varaalþingismanni af lista Alþýðubandalagsins við alþingiskosningar, sem fram fóru í Suður-Múlasýslukjördæmi hinn 24. júní 1956.

Lúðvík Ingvarsson, formaður yfirkjörstjórnar Suður-Múlasýslu.

Undirskriftina staðfestir Auður Valdimarsdóttir, símastúlka.“

N. var sammála um að mæla með því, að þetta símskeyti yrði tekið gilt sem kjörbréf og kosningin yrði samþykkt og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Helgi Seljan Friðriksson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 63. fundi í Nd., 10. marz, mælti.

forseti (EOl): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Sjálfstfl.:

„Reykjavík, 7. marz 1958.

Hér með er yður tjáð, herra forseti, að Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv., þarf nauðsynlega að fara til útlanda og mun verða fjarverandi a. m. k. um tveggja vikna skeið. Er þess óskað, eftir beiðni hans, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Ásgeir Sigurðsson, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f. h. Sjálfstæðisflokksins,
Magnús Jónsson.

Til forseta neðri deildar Alþingis.“

Kjörbréf hans hefur verið rannsakað, og hann er hér mættur, og ég býð hann velkominn.

Á 87. fundi í Nd., 5. maí, mælti

forseti (EOl): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Með því að ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér, með skír- 1. varaþm. Sjálfstfl. hefur áður átt sæti á þingi.
skotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður, Ásgeir Sigurðsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi, meðan ég er fjarverandi.

Jóhann Hafstein.“

Dagsett í Reykjavík 2. maí 1958.

Varamaður hv. 5. þm. Reykv. hefur áður tekið sæti á þingi og undirskrifað eiðstaf. Tekur hann þá sæti hér.

Á 44. fundi í Sþ., 8. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EmJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Magnúsi Jónssyni, hv. 2. þm. Eyf., fyrir hönd Sjálfstfl.:

„Hér með leyfi ég mér að tjá yður, herra forseti, að Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., verður erlendis um nokkurt skeið, og er þess óskað, að 2. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, Angantýr Guðjónsson, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Verður nú gefið hlé, meðan kjörbréfanefnd athugar kjörbréf Angantýs Guðjónssonar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Angantýs Guðjónssonar, sem er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, og hefur verið gerð svofelld ályktun:

Nefndin samþykkir að mæla með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Angantýr Guðjónsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 45. fundi í Sþ., 14. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EmJ): Frá hæstv. forseta neðri deildar hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Ragnhildi Helgadóttur, 8. þm. Reykv.:

„Með því að ég mun ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, vil ég leyfa mér að óska þess,

að 3. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, Sveinn Guðmundsson forstjóri, taki sæti í minn stað á meðan."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Mér hefur einnig borizt kjörbréf fyrir Svein Guðmundsson, og vil ég leyfa mér að gera hlé á fundinum, á meðan kjörbréfanefnd tekur kjörbréfið til athugunar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sveins Guðmundssonar vélfræðings, sem kosinn var af hálfu Sjálfstfl. sem 3. varaþingmaður hans í Reykjavíkurkjördæmi. Leggur n. einróma til, að kosningin sé tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt til handa Sveini Guðmundssyni vélfræðingi, þannig að hann taki sæti sem 8. þm. Reykv.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Sveinn Guðmundsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

X. Kosningar.

1. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

a. Kosning í Ed.

Á 8., 14. og 15. fundi í Ed., 24. og 31. okt., 1. nóv., var tekin á dagskrá

kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., 5. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Bernharð Stefánsson alþm. (A),
Sigurður Bjarnason alþm. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Páll Zóphóníasson alþm. (A),
Friðjón Þórðarson alþm. (B).

b. Kosning í Nd.

Á 8., 12. og 13. fundi í Nd., 24. og 31. okt., 1. nóv., var tekin á dagskrá

kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 5. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Emil Jónsson alþm. (A),
Bjarni Benediktsson alþm. (B),
Einar Olgeirsson alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. (A),
Magnús Jónsson alþm. (B),
Karl Guðjónsson alþm. (A).

2. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 44. fundi í Ed., 17. des., var tekin á dagskrá **kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1958 til 31. des. 1961, samkv. l. nr. 2 1888.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Aðeins einn maður var tilnefndur, Garðar Jónsson, og hlaut hann 11 atkv., en 2 seðlar voru auðir. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri:
Garðar Jónsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur.

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 21. fundi í Sþ., 19. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1957, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm. (A),
Jón Pálmason alþm. (B),
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi (A).

4. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 21. fundi í Sþ., 19. des., var tekin á dagskrá **kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912, 3. gr.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þorkell Jóhannesson háskólarektor (A),
Matthías Þórðarson fyrrv. þjóðminjavörður (B),
Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari (A).

5. Stjórn landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum og endurskoðendur.

Á 21. fundi í Sþ., 19. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1958 til 31. des. 1961, samkv. 4. og 13. gr. l. nr. 23 6. maí 1955.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu hafnarstjórnarinnar komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Danival Danivalsson kaupmaður (A),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (B),
Bjarni Einarsson skipasmíðameistari (A).

Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Valtýr Guðjónsson forstjóri (A),
Guðmundur Guðmundsson forstjóri (B).

6. Stjórn byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Á 21. fundi í Sþ., 19. des., var tekin á dagskrá **kosning eins manns í stjórn byggingarsjóðs samkv. 8. gr. l. nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og 21.—23. gr. l. nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36 1952 o. fl., fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins frá 1. júní s. l. til 31. maí 1960, í stað Stefáns Jóh. Stefánssonar sendiherra.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Aðeins einn maður, Eggert Þorsteinsson, var tilnefndur. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Eggert Þorsteinsson alþm.

7. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á 23. og 26. fundi í Sþ., 20. des. og 12. febr., var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna nefndar samkv. 15. gr. A. XII. í fjárlögum fyrir árið 1958 til að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.**

Á 28. fundi í Sþ., 19. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Kristján Eldjárn þjóðminjavörður (A),
Þorsteinn Þorsteinsson fyrrv. sýslumaður (B),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (A).

8. Raforkuráð.

Á 21., 22., 26., 28. og 29. fundi í Sþ., 19. og 20. des., 12., 19. og 21. febr., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna í raforkuráð til fjögurra ára, frá 1. jan. 1958 til 31. des. 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 50. gr. raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 12. marz, utan dagskrár, mælti

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli á því, að enn hefur ekki verið kosið í raforkuráð, en samkv. raforkulögunum ber sameinuðu Alþingi að kjósa fimm manna raforkuráð á fjögurra ára fresti. Nú rann það tímabil ráðsins út í árslok s. l., og er því hálfur þriðji mánuður liðinn, sem ekkert raforkuráð hefur starfað, en því ber samkv. raforkulögunum að hafa ýmis verkefni með höndum, og hirði ég ekki að fara að lesa hér upp raforkulögin. En ég vænti þess, að hæstv. forseti telji það óviðeigandi, að raforkulögunum sé ekki fullnægt í þessu efni, og hann hlutist til um það, að raforkuráð verði kosið sem fyrst.

Forseti (EmJ): Ég vil aðeins í tilefni af þessum orðum hv. 1. þm. Rang. taka fram, að kosning raforkuráðs hefur verið sett á dagskrá í Sþ. nokkrum sinnum, en verið tekin út af dagskrá samkv. sérstakri ósk. Ég hef orðið við þeim tilmælum, eins og venja er að gera, ef menn eru ekki viðbúnir að ganga til kosninga, og eru mörg dæmi um það. Hins vegar skal ég lofa hv. þm. því, að ég skal ganga eftir því, að menn verði viðbúnir, að kosningarnar fari fram, og taka þær á dagskrá mjög fljótlega.

Á 38. og 39. fundi í Sþ., 10. og 16. apríl, var kosningin enn tekin á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 23. apríl, utan dagskrár, mælti

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mig langar til þess að spyrjast fyrir um það, hvernig á því stendur, að enn þá hefur ekki verið kosið í raforkuráð. Svo sem kunnugt er, féll niður umboð raforkuráðsmanna um síðustu áramót, og átti þá að kjósa nýtt raforkuráð. Það hefur öðru hverju verið á dagskrá hér að kjósa í raforkuráð. Nú er hins vegar svo komið, að það er hætt að hafa það á dagskrá. Það væri mjög fróðlegt, ef hæstv. forseti gæti upplýst um það, hvernig á því stendur, að þessi kosning fer ekki fram, eins og lög gera ráð fyrir.

Forseti (EmJ): Um kosninguna í raforkuráð er það að segja, að hún hefur nokkrum sinnum verið tekin út af dagskrá samkvæmt ósk. En ég verð að segja, að það er e. t. v. mín sök nú í þetta skiptið, að ég gekk ekki eftir því, hvort þeir, sem ekki voru tilbúnir síðast, væru það í dag. Ég skal taka það á mig. En ég skal lofa því, að það skal verða tekið á dagskrá á næsta fundi.

Á 42. fundi í Sþ., 30. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Daniel Ágústínusson bæjarstjóri (A),
Ingólfur Jónsson alþm. (B),
Einar Olgeirsson alþm. (A),
Axel Kristjánsson forstjóri (A),
Magnús Jónsson alþm. (B).

XI. Starfsmenn þingsins.

Þessir menn voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu.

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Sigríður Valfells (til 20. jan.), Jón Ólafsson (frá 19. maí), Jónas Kristjánsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Guðrún Egilson (til áramóta), Ingunn Jónsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ó. Ásmundsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Sigfríður Bjarnar, Stefanía Einarsdóttir, Hebba Herbertsdóttir, Ólöf Klemenzdóttir, Kirsten Thorberg.

Dyra- og pallagæzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Magnús Guðmundsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Úlfur Hjörvar.

Þingsveinsstörf:
Kristján Guðmundsson (til 23. marz), Baldur Heiðdals (til 2. maí), Gunnar Ingvarsson (til 3. maí), Júlíus Guðmundsson, Þorsteinn Ólafsson (til 16. apríl), Hafliði Albertsson (frá 3. des. til 21. marz), Helgi Þór Magnússon (frá 14. apríl), Óskar Haukur Friðþjófsson (frá 16. apríl til 29. maí), Gunnar Borg (frá 5. maí), Jón G. Friðjónsson (frá 24. maí).

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Ásmundur Guðmundsson.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

XII. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 46. fundi í Ed., 18. des., mælti

forseti (BSt): Þetta verður vafalaust síðasti fundur deildarinnar fyrir jól. Ég vil nota tækifærið til að óska öllum hv. þm. d. gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs. Þeim þingmönnum í deildinni, sem eiga heima utan Rvíkur, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og hingaðkomu aftur á framhaldsþingið. Hittumst heilir.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla, að ég muni mæla fyrir munn allra hv. dm., er ég þakka hæstv. forseta einhuga og réttláta fundarstjórn, það sem af er þessu þingi, eins og vant er. Ég þakka líka hæstv. forseta fyrir góðar jólaóskir og aðrar góðar óskir í garð okkar deildarmanna og vil flytja honum sams konar góðar óskir um gleðileg jól og farsælt nýár og vona að hitta hæstv. forseta heilan á húfi aftur, næst er við mætumst hér eftir nýárið. Ég vil biðja hv. dm. að gefa þessum orðum áherzlu með því að standa upp. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. hlý orð í minn garð og góðar árnaðaróskir, endurtek óskir mínar til hv. þdm. og segi fundi slitið.

Á 46. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Svo fremi að ekkert óvænt komi fyrir, að mál í Ed. þurfi að koma hingað aftur eða annað slíkt, þá verður þetta síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir jólafrí þm., og með því forcrði og skilyrði, að hugsanlegt sé, að fundur verði haldinn, ef eitthvað breytist, þá vil ég leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu við mig, þakka þeim fyrir þeirra umburðarlyndi í minn garð. Ég vil leyfa mér að óska þeim öllum gleðilegra jóla og góðs nýárs og þakka þeim fyrir hið liðna ár. Ég vil sérstaklega óska þeim þm., sem fara nú héðan brott til sinna heimila, góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og að við megum allir hittast heilir aftur að loknu jólafríi, sem að þessu sinni mun verða alllangt, þar sem þing mun líklega ekki verða kvatt saman aftur fyrr en fyrstu daga í febrúar. Ég vil svo leyfa mér að óska öllum hv. þm. gleðilegs nýárs og gleðilegrar hátíðar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir hlýjar óskir í garð þm. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir ánægjulegt samstarf á þessum hluta þingsins, einkanlega það, hversu mikla lipurð og sanngirni hann hefur sýnt í forsetastörfum nú, eftir að meira fór að verða að gera á fundum d. Ég vil óska honum alls góðs nú og síðar. Ég vil óska þess, að hann megi í friði og ánægju dveljast á heimili sínu með sinni fjölskyldu um jólin og hans fjölskylda og fólk megi blessast um þessi jól, svo og óska ég þeim farsæls nýárs. Ég vil biðja hv. dm. um

að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta og hans fjölskyldu. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir góðar óskir og hlý orð í minn garð og þakka hv. þdm. fyrir að taka undir það. Ég vil svo í nafni d. óska öllum starfsmönnum þingsins gleðilegra jóla og góðs nýárs og segi fundi slitið.

Á 23. fundi í Sþ., 20. des., mælti

forseti (EmJ): Þar sem nú hefur verið samþykkt þáltill. um frestun Alþingis fram yfir áramót og lokið er þeim störfum þings, sem talin hafa verið mest aðkallandi, þá verður nú gert hlé á fundarstörfum hér og öðrum störfum Alþingis um nokkurn tíma. Ég vil óska öllum hv. alþm. gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýárs og þakka þeim samveruna og samvinnuna öllum á liðnu ári. Utanbæjarþingmönnum vildi ég mega óska góðrar ferðar heim og heimkomu og að við megum síðan öll hittast hér heil á ný, þegar þingið kemur aftur saman. Starfsfólki þingsins öllu vil ég einnig óska gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýárs og þakka því störfin á liðnu ári.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir og fyrir samvistir og samvinnu á þeim hluta þingsins, sem nú er lokið. Ég vil taka undir árnaðaróskir hans og þakklæti til starfsfólks þingsins. En sérstaklega vil ég bera fram árnaðaróskir okkar þingmanna til hans og hans fjölskyldu og óska þeim gleðilegra jóla og farsæls nýárs og að þeim megi ætíð vel farnast og við hittum hann heilan og hressan, er við komum hér aftur. Bið ég þingmenn um að staðfesta þá ósk með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (EmJ): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir hans vinsamlegu orð í minn garð og hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið undir þau. Fundinum er slitið.

Á 24. fundi í Sþ., 4. febr., mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Hinn 25. jan. 1958 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt till. forsrh., að Alþingi, 77. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 4. febr. 1958, kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 25. jan. 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

Hermann Jónasson."

Þetta var forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda. Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþingismönnum gleðilegs árs með þakklæti fyrir gamla árið.

Forseti (EmJ): Þá er fundur settur í sameinuðu Alþingi. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans til mín og hv. alþm. Enn fremur vil ég óska hv. alþm. góðs árs og þakka þeim fyrir liðið ár og bjóða þá velkomna til Alþingis og starfa áfram.

XIII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 115. fundi í Ed., 2. júní, mælti

forseti (BSt): Ég sé ekki, að það liggi beinlínis fyrir eða séu líkur til, að það sé þörf á að halda fleiri fundi í þessari hv. d. Þó kynni það að verða, og ég vil ekki alveg segja það fyrir víst, að ekki verði fleiri fundir haldnir, ef hv. Nd. kynni að senda hingað eitthvað það, sem nauðsyn væri að ljúka við.

Ég vil biðja um umboð hv. d. til þess að ganga frá síðustu fundargerð, þessari fundargerð, — ég held, að það séu ekki fleiri, sem óundirritaðar eru, — skoða það samþ., ef enginn mælir því í gegn.

Nú, þegar við skiljum eftir þetta langa þinghald, þá vil ég leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. góða samvinnu við mig sem forseta á þessu þingi og góða viðkynningu á allan hátt og óska þeim gæfu og gengis á þeim tíma, sem í hönd fer.

Sérstakar þakkir vil ég færa starfsmönnum d., varaforsetum, sem hafa hlaupið í skarðið fyrir mig, hæstv. fyrri varaforseti nú fyrir skömmu í veikindaforföllum mínum, og svo skrifurum d., sem nú eins og áður hafa sýnt alveg framúrskarandi skyldurækni í sínu starfi sem skrifarar. Árna ég öllum viðstöddum heilla.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla, að ég megi mæla það fyrir munn allra hv. dm., er ég þakka hæstv. forseta fyrir hans góðu árnaðaróskir til okkar dm. Við það vil ég bæta í nafni okkar allra þökkum til hæstv. forseta fyrir virðulega og réttláta fundarstjórn á þessu þingi, og vil ég vona, að við eigum von á því, þegar næst verður safnazt hér saman, að mæta hæstv. forseta d. heilum heilsu, og árna honum á meðan og þangað til við hittumst næst alls góðs fyrir hönd okkar allra deildarmanna. Vil ég mælast til þess við hv. dm., að þeir gefi þessum orðum áherzlu með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. hlý orð, sem hann mælti í minn garð, endurtek árnaðaróskir mínar til dm. og segi fundi slitið.

b. Í neðri deild.

Á 112. fundi í Nd., 3. júní, mælti

forseti (EOl): Þá er dagskrá þessa fundar lokið. Þetta mun verða síðasti fundur þessarar hv. d. að öllu forfallalausu. Ég vil leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir ágætt samstarf og

fyrir það umburðarlyndi, sem þeir hafa sýnt mér. Ég vil um leið leyfa mér að óska þess, að við megum allir sjást heilir aftur í haust. Þeim þm., sem heim fara, vil ég óska góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Skrifurum þingsins vil ég þakka ágætt samstarf og öllu starfsfólki þingsins ágætt samstarf við mig.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka góðar óskir hæstv. forseta í garð okkar þm. Ég þakka honum fyrir ágæta fundarstjórn og gott samstarf. Ég tek undir þakkir hans til bæði skrifara deildarinnar og starfsfólks þingsins. Ég óska honum og hans ástvinum alls velfarnaðar og blessunar og vona, að við megum einnig hitta hann heilan og glaðan og reifan, þegar við komum saman hér næst. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég vil þakka hv. þm. G-K. fyrir góð og hlý orð í minn garð og góðar óskir og hv. þdm. fyrir að taka undir þær.

XIV. Þinglausnir.

Á 54. fundi í Sþ., 4. júní, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 20. des. 1957 og frá 4. febr. til 4. júní 1958, alls 193 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	112
- efri deild	115
- sameinuðu þingi	54
Alls	281 þingfundur.

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. Lögð fyrir neðri deild	16	
b. — — efri deild	16	
c. — — sameinað þing	2	
		34
2. Þingmannafrumvörp:		
a. Borin fram í neðri deild	59	
b. — — - efri deild	27	
		86
		120

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 36 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 31 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	31	
Þingmannafrumvörp	21	
		alls 52 lög.
b. Felld:		
Þingmannafrumvörp		2
c. Afgreidd með rökst. dagskrá:		
Þingmannafrumvörp		6
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		5
e. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	3	
Þingmannafrumvörp	52	
		alls 55
		120

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi		65
b. Borin fram í neðri deild		1
c. — — - efri deild		1
		67
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis	30	
b. Ályktun efri deildar	1	
c. Afgr. með rökstuddri dagskrá	7	
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar	1	
e. Ekki útræddar	28	
		67

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 10, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 8

Allar voru þessar fyrirspurnir ræddar nema 2.

Mál til meðferðar í þinginu alls	195
Tala prentaðra þingskjala alls	624

Síðan mælti

forseti (EmJ): Hv. alþingismenn. Þetta þing er nú á enda. Raddir hafa heyrzt um það, að seta þess væri úr hófi löng, og vinnubrögð þess hafa verið gagnrýnd. Um allt slíkt má deila.

Þingið hefur setið 193 daga, eða 41 degi skemur en síðasta þing, en þá er frá talið þinghlé, er gefið var frá 21. des. til 3. febr. Þetta þing hefur haft til meðferðar mörg gagnmerk mál og þýðingarmikil. Ég skal ekki fara út í að rekja þau hér, en eitt þeirra vildi ég þó mega nefna, þ. e. lögin um útflutningssjóð o. fl. Þó að menn kunni að greina á um lögin, eins og frá þeim hefur nú verið gengið, er hitt, að ég ætla, óumdeilt, að lausn þess vanda, sem þessum lögum er ætlað að leysa, er eitt hið þýðingarmesta og örlagaríkasta vandamál fyrir alla íslenzku þjóðina, sem nú er glímt við, og hefur raunar verið það um alllangt skeið. Veltur því á miklu, að þessu máli verði tekið með skilningi af þeim, sem við það eiga að búa, en það er raunar alþjóð. Ætlunin var, að frá þessu máli yrði gengið fyrr en varð, en vegna margra vandasamra atriða, er leysa þurfti í því sambandi, tókst það ekki fyrr en þetta. Er það kannske m. a. orsök í hinu langa þinghaldi. En það þarf út af fyrir sig ekki að undra, þó að þetta flókna og erfiða mál tæki mikinn tíma.

Ég vil svo þakka hv. þingmönnum öllum fyrir vinsamlegt samstarf, fyrir umburðarlyndi, sem þeir hafa sýnt mér, og fyrir hjálpsemi og fyrirgreiðslu, er ég hef notið af þeirra hálfu. Ég vil þakka skrifurum þingsins og öllu starfsfólki fyrir gott starf og ánægjulega samvinnu.

Utanbæjarþingmönnum vil ég óska góðrar heimferðar og heimkomu og öllum hv. þingmönnum velfarnaðar og blessunar og að við megum allir hittast heilir að hausti, þegar Alþingi tekur til starfa á ný.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd þingmanna að þakka þau fögru orð og góðu óskir, sem hæstv. forseti beindi til okkar. Það er kunnugt mál, að hæstv. forseti sameinaðs þings og ég erum ekki sammála um allt, og virtist mér það nú koma fram í fáum orðum, sem hann sagði um síðasta deilumál Alþingis. En það vona ég, að hæstv. forseti geti verið mér og öllum öðrum þingmönnum sammála um, að hann hefur verið prýðilegur forseti, réttlátur og röggsamur, og fyrir það leyfi ég mér að færa honum þakkir. Ég veit ég mæli fyrir hönd allra þingmanna, þegar ég bið honum og ástvinum hans allrar blessunar og læt í ljós þá ósk og von, að við megum hitta hann heilan hér, þegar við komum saman að nýju. Vil ég leyfa mér að biðja hv. alþm. að rísa úr sætum og staðfesta þar með ummæli mín. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (EmJ): Ég vil þakka hv. þm. G-K. fyrir vinsamleg og hlý orð í minn garð og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þau.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef í dag gefið út bréf, sem svo hljóðar:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 77. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, miðvikudaginn 4. júní 1958.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gert í Reykjavík, 4. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

Hermann Jónasson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi er nú slitið.

Ég vil leyfa mér að biðja háttvirta þingmenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Hermann Jónasson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Lifi Ísland." Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.